



This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

- + *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
- + *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
- + *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
- + *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.


About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at <http://books.google.com/>

NYPL RESEARCH LIBRARIES



3 3433 07582122 7




27

1

James
MIDC

1



•

•

•

•

FORNALDAR SÖGUR

NORDRLANDA.



FORNALDAR SÖGUR NORDRLANDA

EPTIR

GÖMLUM HANDRITUM

UTGEFNAR

AF




C. C. RAFN, P. D.,

Prófessor, Riddara af Danabrógi og Leiðarstjórnunari, Sekretari
hins konungliga norræna fornfræða-félags, Meðlimi konungl.
nefndarinnar til forngrípa varðveislu, hins skandinavíska les-
dómslista-félags, hins íslenska bókmenta-félags, hvar kgl. norræna
vísinda-félags í Þrándheimi, hinnar kgl. svenskú vitarbets-
sagnafræða- og fornfræða-akademíu, hins kgl. skandinavíska
sögufræða-félags í Stokkhólmi, hins kgl. þýzka félags í Kon-
úngsbergi, hins kgl. böhmiska vísinda-félags í Prag, hinnar
kgl. niðrlenzku vísinda-stiptunnar í Amsterdam, jarðarfræða-
félagsins í París, hinnar kolúmbísku vísinda-stiptunnar í Wash-
íngton, hins ameríkanska heimsspekinnar-félags í Philadelphíu,
hinna kgl. vísinda-akademía í Dyffini, Rouen, Bordeaux, Tou-
lon og Aix, ásamt fornfræða- og bókmenta-félaganna í Stettin,
Berlín, Brüssel, Lundúnun, París, Caen o. fl.

ÞRIDJA BINDI.

KAUPMANNAHÖFN, 1830.



PRENTADAR I ENNI POPFSKU PRENTSMIDJU.

F o r m á l i.

Söva þær, er bindi þetta inniheldr, eru að frásögninni ærið óáreiðanligar, en allar eru þær 5 eða 6 hundruð ára gamlar, eru og líka at miklu leiti til á gömlum og góðum skinnbókum, og eru því þess vel verðar, að útgefnar verði í frumriti, bæði málsins vegna, og eigi síðr til merkis um forsoðranna hugmyndir og hugarfar í fornöldinni. Hinn lærdi og nafnrægi franski fræðimaðr *Depping*, sem hér er helzt þekkt af riti því, er hann samið hefir um víkingskáp. Norðmanna, hefir nýliga metið ena dönsku útlekking *Ivegg* fyrstu binda sögusafns þessa í enu stóra franska tímariti *Revue encyclopédique*, Jan. 1830, og farið þarum, meðal annars, svofeldum orðum: „Sérhvað það, er þu margar aldir hefir verið aðalskemtan einhvörrar þjóðar, verðskuldar jafnan allra heimspekínga aðgætni, þó eigi væri annars vegna, enn at kynna sér af því geð þjóðarinnar í fornöld.“ Viðrauki sé, er sögur þessar beinlínis innihalda við ena norrænu sögufræði, er að visu lítillfjörlligr, og má þó í því skyni helzt nefna frásögnina um Starkað, er stendr í Gautreks sögu, er að öllu leiti ber það sjálf með sér, að í henni er sönnu lýsing Norðrlanda þjóða háttalags í forneskju. Aungvu að síðr gefa þó allar sögur þessar mörg og merkilig átríði hverjum djúpsærum sagnaritara í hendr, og má hann, ef við þær styðst, skapa sér ljósa mynd um mentun, geð, hugmyndir og átrúnað manna í þann tíma; hefir hann þá fyrst numið þannu fróðleik, er

VIII

innihalda. Við þá meðferð hennar á líka skinnbók-
arbrotið Nr. 357 í 4blf. (F), er byrjar á Hrólfs sögu,
og nær fram í miðjan 29da kap., vantar þó eitt blað í
fyrra hluta 25ta Kap.; skinnbókabrot þetta er með
fljótaskrift ritað, og er bæði rángt og illa skrifað, og
því lítilsvert, t. d. stendr í upphafi þess „gjæfu röksöðm
at ráða“ fyrir: Gjafa-Refs Reinsyni.

3. SAGAN AF HERRAUDI OK BOSA, bls.
191-234. Saga þessi er einnig útgefin af *Olaf Vere-
lius* með svenskri útlekkingu og útskírandi orðaregistri
á latínu, ásamt öðru yfir norræn nöfn, og nefnist:
*Herrauds och Bosa Saga med en ny uttolkning
jämfpte gamla Götskan. Upsaliæ 1666.* 8blf. Þar
við þessa útgáfu hagnýttu bækur eru:

1. Til grundvallar er lögð skinnbókin Nr. 577
í 4blf. (A), af útliti at ráða frá 15du öld; er
ymislikt færeytiligt í réttritun, t. d. leit fyrir lét,
hæytilið f. honum, þavrði (þ. e. þörði) f. þorði,
töck. (þ. e. tók) f. tók, tačka (taaka) f. taka, Há-
reks f. Hareks, mands f. mauns, kyrti f.
kyrkti, barðdagi f. bardagi, bauðu f. báðu,
hálfth, allth, villth, oppth, egh, f. hálfst,
allt, vilt, opt, ek, fylldi f. fylgði, mykill,
myog f. mikil, mjök, uo f. nú, laukreykja
f. lokrekkja, haofi f. hófi (kap. 8, bls. 210).
Eftir skinnbók þessari er pappírhendritið Nr. 361b
í 4blf. (Aa) skrifað; hefir Arni Magnússon getið þess í
athugasemd á blaði: *ex membrana quam habeo*; er
sú afskrift með settlettri, og greiðiliga og vel skrifuð.

2. Skinnbókin Nr. 343 í 4blf. (B) inniheldr
eigi nema 2 litil brot sögunnar, það fyrra tekr yfir
nokkuð af 1sta kap., en eð síðara frá því í 13da kap.
og frámi síðara hluta 16da kap.; en bók þessari er áður
lýst í förmála 2 Bindis.

3. Skinnbókin Nr. 510 í 4blf. (C), er þaradauki inniheldr aðrar sögur; hún mun vera rituð á miðri 15du öld; er henni áðr lýst við Friðþjófs sögu í 2 Bindu. Við söguna í bók þessari er pappírshandritið Nr. 361a að mestu samhljóða.

4. Pappírshandritið Nr. 340 í 4blf. (D), sem er skrifað eptir B, er þá hefir verið heil, er afskriftin var tekin. Henni er áðr lýst við Ketils sögu længs og Grims sögu Loðinkinna í 2 Bindu.

5. *Verehúsar* útgáfa (V).

Þess má geta, að úr sögunni er hér sleppt, eins og hjá *Verehúsar*, á 3 stöðum greinum, er heldr þóktu klámteingnar til að prentast, þó öll handritin hafa þær, og er þess viðgetið í athugasomduum. Nokkuð frábrugðin meðferð sögunnar enni nú útgefnu er til í pappírshandr. Nr. 576(4), 586 og 591f í 4blf.; er hún bæði með öðrum orðum öll og líka stundum annars efnis.

4. GAUNGU-HROLFS SAGA, bla. 235-364. Saga þessi hefir eigi áðr útgefin verið; en nú eru handrit þessi hagnýtt við útgáfuna.

1. Til grundvallar er lögð stór skinnbók Nr. 152 í arkarf. (A), er líka inniheldr margar aðrar sögur, og þarameðal Hrólfss sögu og Gautreks sögu, sem áðr er getið. Bókin er eigi allvel skrifuð, og má þess hér geta, er helst þykir fábreytiligt í rættitun sögu þessarar, að hœgr skrifast fyrir haugr. Eptir A er pappírshandr. Nr. 338 í 4blf. skrifað.

2. Skinnbókin Nr. 2845 í 4blf. í því eldra Konúngl. handritasafni í Konúngsins stóru bókahirzlu (B), sem lýst er í 1sta Bindu við Norna-Gesta þátt. Í bókinni eru 2 brot sögunnar, og byrjar eð fyrra framan á sögunni, og nær frami 17 kap., en það síðara kemr við í 35 kap., og nær frami fyrra hluta 37 kap.

3. Skinnbókin Nr. 589f. í 4blf. (C) mun skrifuð á ofanverðri 15du öld, er líka má ráða af því að á seinasta blaðinu stendr 1487; hún er með líkri hendi og rêttritun sem B af Þorsteins sögu Víkingssonar í 2 Bindi; eru og á henni Egils saga og Asmundar, Hálfðánar Brönnfóstra og Sturlaugs starfsama sögur.

4. Pappírshandritið Nr. 592e í 4blf. (D) sleppir greinum úr sögunni; við það eiga pappírshandr. Nr. 169c í arkarf., sem nokkuð vantar í, Nr. 552d í 4blf., er eigi inniheldr nema fyrsta hluta sögunnar, og Nr. 587c í 4blf., sem inniheldr nýrra ágríp sögunnar; eru öll þessi handrit lítils verð.

5. SAGAN AF EIGLI EINHENDA OK ASMUNDI BERSERKJABANA, bls. 365-407. Saga þessi er áðr útgefin af *Petri Salan*, og nefnist *Fostbróðernas Eigils och Asmunds Saga af gamla Göthiskan uttolkad och med Anmerkningar förklarad af Petter Salan. Upsala 1693* í 4blf.; en þjóðskáldið *Oehlenschläger* hefir í sorgarspílinu *Fostbróðrene* mjög skáldliga útmálað loforð Asmundar, að láta grafa sig með fóstbróður sínum, og fyrirburði þá er þaræptir urðu.

Þessar bækur hafa nú hagnýttar verið við útgáfuuna:

1. Til grundvallar er lögð skinnbókin Nr. 343 í 4blf. (A), og er pappírshandritið Nr. 340 í 4blf. skrifað eptir henni, en báðum þeim er lýst í 2 Bindi við sögu Ketils hængs. Þeim eru að mestu leiti samhljóða pappírshandritin Nr. 168, líka 169a með hendi Síra *Jóns Erlendssonar*, og 169c, sem nokkuð vantar í, og þá 203 í arkarf., og enu 582 í 4blf.

2. Skinnbókin Nr. 577 í 4blf. (B), er inniheldr nokkuð brot sögunnar, og áðr er getið við *Herrauds* og *Bósa* sögu.

3. Skinnbókin Nr. 589e í 4blf. (C); hennar er og getið við Herrauds og Bósa sögu, en pappírshandritin Nr. 526 og 592h í 4blf. eru henni að mestu leiti samhljóða.

4. *Salans* útgáfa (S); þess má um hana geta, að böndin á orðunum, sem verið munu hafa í handritinu, er hún var prentuð eptir, hafa optast verið rángt lesin, og hefir þaraf leidd margar prentvillur.

6. SÖRLA SAGA STERKA, bls. 408-452. Saga er áor prentuð með svenskri og látinskri útleggingu í *Björners Nordiska Kämpadater*.

Við þessa útgáfu sögunnar eru eptirfylgjandi bækur hagnýttar (A):

1. Til grundvallar er lagt pappírshandritið Nr. 82b í 4blf. í Handrita-Viðbæturum (*Additamentis*) í háskólans bókasafni.

2. *Björners* útgáfa (B); er hún miklu fjölorðari víða hvar, og að nokkru leiti frábrugðin, þó er óvísá önnur meining í frásögninni eða viðraukar við hana, og þat, sem hún hefir umfram A, er því lítilvert.

3. Pappírshandritið Nr. 560d í 4blf. (C) er að öllu samhljóða A.

4. Pappírshandritið Nr. 168 í arkarf. (D) er eigi mjög frábrugðið A, ferr það miðt í milli A og B, og er pappírshandritið Nr. 171 í arkarf. því helzt samhljóða, en sleppir þó greinum á milli, og er nokkuð frábrugðit, er það með fljótaskrift og lítils metanda.

7. SAGA AF HJALMTER OG ÖLVER, bls. 453-518. Saga þessi er áor útgefin með svenskri útleggingu, og nefnist *Hjalmters och Ölvers Saga, handlande om trepne Konungar i Mannahem eller Sverige, Inge, Hjamter och Inge, samt Ölver Jarl och om theras uthresor til Grekeland och Arabien vid pass i the första hundrade åhren efter Christi Födelse, af gamla*

XII

nordiska Språket å nyo på Svensko uttolkad af Johan Frederich Peringskjöld. Stockholm 1720, 4blf.

Þessar bækur hafa nú við útgáfuna hagnýttar verið:

1. Til grundvallar er lagt pappírshandritið Nr. 30 (3) í 4blf. í enu konúngl. handritasafni í Stokkhólmi (A).

2. Pappírshandritið Nr. 63 í arkarf. í tóðu handritasafni (B), og hefir Hra. Yfirkennari ÞORGEIR GUNMUNDSSON góðfáluga samanhörið handrit þessi fyrir útgefaraun, er hann 1827 ferðaðist til Stokkhólms.

3. Pappírshandritið Nr. 109 í 8blf. (C) með hálfsettri hendi og herra ólæssifigt.

4. *Peringskjölds* útgáfa (P), er þvínær samhljóða hianær handritunum.

8. SAGA AF HALFDANI EYSTEINSSYNI, bls. 519-558. Sagan er áðr útgelin með svensksri og látiuskri útleggingu í *Björners Nordiska Kämpader*. Nú eru þessi handrit hagnýtt við útgáfu sögunnar.

1. Til grundvallar er lögð skinnbókin Nr. 343 í 4blf. (A); sem lýst er í 2 Bindi við sögu Ketils hængs, og eru pappírshandritin Nr. 342 og 591c í 4blf. og þá Nr. 109 í 8blf. henni að mestu leiti samhljóða.

2. Skinnbókarbrótið Nr. 586 í 4blf. (C), er byrjar framan á sögunni, og nær framí 7da kap.; það er með sömu hendi og á við B-brótið sem um er getið við Asmundar sögu kappabana í 2ru Bindinu.

3. Pappírshandritið Nr. 340 í 4blf. (D) samhljóða A, og áðr lýst þar sem frá henni er sagt.

4. *Björners* útgáfa (B), er inniheldr frábrugðna meðferð sögunnar, og að því sem virðist, þeirri prentuðu ýngri; er hún bæði öðruvísi orðuð, og segir stundum frá öðrum atburðum enn A, og er þó mest

munn þeirra í upphafi sögunnar, en þeim 2 síðustu kap. í *A* sleppir *B* með öllu. Þessari meðferð sögunnar eru pappírshandritin Nr. 171b í arkarf. og 583 í 4blf. samhljóða, og þá líka Nr. 82b í 4blf. meðal handritanna í Viðbætur Handritasafnsins.

9. HALFDANAR SAGA BRÖNUFOSTRA, bls 559-591. Sagau er áðr prentuð með svenskri og látínskri útlæggingu í *Björners Nordiska Kämpader.*

Nú eru þessar bækur hagnýttar við útgáfuna:

1. Til grundvallar er lögð skinnbókin Nr. 152 í arkarf. (*A*), sem áðr er lýst við Gautreks og Hrólfs og Gaungu-Hrólfs sögur; eptir henni er pappírshandritið Nr. 295 í 4blf. skrifað; en pappírshandritið Nr. 297 í 4blf. þeim samhljóða.

2. Skinnbókin Nr. 571a í 4blf. (*D*); er hún allvel skrifuð og að ágizkun frá 15du öld; henni eru að mestu leiti samhljóða pappírshandritin Nr. 294, 297b, 591e og 568, öll í 4blf., og eru þau öll lítilfjörleg og með fljótaskriftarhendi, er það síðasttalda hálfúit og því vart læsiligt.

3. Skinnbókin Nr. 589e í 4blf. (*C*), er inniheldr mikinn hluta sögunnar; hún er fremr samhljóða *A* enn *D*, og er þó eigi allmikið frábrugðin enni síðari; henni er hér að framan lýst. Samhljóða *C* er pappírshandritið Nr. 296 í 4blf., einnig að miklu leiti Nr. 164h í arkarf.

4. *Björners* útgáfa (*B*) er lakligri enn hin handritin, og ferr þó nærr *D* enn *A* eða *C* að orðatiltæki; en bæði í *B* og *D* vantar einstakar málsgreinir, sem *A* hefir, og þá líka 14 kap.

10. SAGAN AF STURLAUGI STARFSAMA, bls. 592-647. Sagan er áðr útgefin, og nefnist *Sagan af Sturlaugi hinum starfsama* eller *Sturlög then arbetsames Historia, jordom på gammal Gøthi-*

XIV

ska skrifven och nu på Svenska uttålkad af Gudmund Olofz Son. Upsala 1694, 4blf.

Nú eru þessar bækur hagnýttar við útgáfuna:

1. Til grundvallar er lagt pappírshandritið Nr. 173 í arkarf. (*A*) með hendi *Asgeirs Jónssonar*, skrifara þormóðar Torfasonar (Torfæi); samhljóða því eru pappírshandritin Nr. 172 í arkarf. með sömu hendi, líka Nr. 202e í arkarf. og 337 í 4blf. Sumstaðar virðist orðfarið afbakæð og úr lagi fært í *A*, og eru þá orð til leiðréttingar tekin úr *B*.

2. Skinnbókin Nr. 335 í 4blf. (*B*); hún er bezt handritanna, sem brúkuð hafa verið við útgáfu sögunnar, og af réttitun og útliti að ráða frá byrjun 15du aldar, en er víða svo gjörmáð, að með öngvu móti mátti lesa hana alla, varð hún því eigi til grundvallar lögð.

3. Skinnbókin Nr. 589f í 4blf. (*C*), er líka inniheldr nokkrar af áðrtildum sögum; í hana vantar nokkuð af sögunni, að öðru leiti er hún samhljóða *B*; pappírshandritið Nr. 336 í 4blf. er skrifað eptir henni.

4. Utgáfa *Guðmundar Olafssonar* (*G*) ferr meðalveg millum *A* og *B*; þaraðauki eru meðal sögubroti í Nr. 567 í 4blf. 3 opnur úr skinnbók í 12blf. af sögunni, en hvorki vel skrifaðar né gamlar og því einskis verðar.

11. SAGAN AF ILLUGA GRIDARFOSTRA, bls. 648-660. Saga þessi er áðr útgefin, og nefnist þar: *Sagan af Illuga Grýðarfóstra eller Illuge Grydarfostres Historia. Fordom på gammel Gøthiska skrifven, och nu på Svenska uttålkad af Gudmund Olofsson. Upsala 1695. 4blf.*

Við þessa útgáfu eru eptirfylgjandi bækur hagnýttar.

1. Til grundvallar er lögð skinnbókin Nr. 123

í 8blf. (A), af útliti hennar að ráða skrifuð á ofanverðri 15du öld; hún er meðallagi vel skrifuð, og réttiritun hennar þareptir. Samhljóða henni er pappírshandritið Nr. 591g í 4blf.

2. Pappírshandritið Nr. 203 í arkarf. (B) með hendi Síra *Jóns Erlendssonar*; við það ber pappírshandritunum Nr. 298, 363, 582 og 592a í 4blf., sem þó er æði afbakað, öllum saman, líka Nr. 193d í arkarf.

3. *Guðmundar Olafssonar* útgáfa (G), er helzt ber saman við B.

12. SAGA AF EIREKI VIDFÖRLA, bls. 661-674; hún hefir aldregi áðr verið útgefin.

Við útgáfu þessarar sögu eru eptirfylgjandi handrit hagnýtt:

1. Til grundvallar er lögð skinnbókin Nr. 657c í 4blf. (A); er það allgöð skinnbók og vel rituð, og trauflega seinna enn á ofanverðri 14du öld; á heuni er Saga Guðmundar biskups og fleiri sögur; réttiritun í henni er lítt frábrugðin, t. d. Ereker, sackt, akcr, spackligr, tock f. Erekr, sagt, akr, spakligr, tók; drykc f. drykk; rjockjur f. rekkjur; rovksemd f. röksemd; hvogormum f. höggormum; snöri, aneyru f. snéri, snèru; hjöröt f. hørub; gyorði f. gjörði; eygjum f. eyjum; Girkir f. Grikkir; erbiði f. erfiði; hegat f. hingat, ek kennig, að ek gjörag o. s. fr. Henni er að mestu samhljóða pappírshandritið Nr. 179 í arkarf. með hendi Síra *Jóns Erlendssonar*.

2. Flateyjarbók á Konungsins stóra bókasafni (F); saga þessi er þar á 11-14 dálki, og er nokkuð fjölórðari þar enn í A. Af henni eru pappírshand-

XVI

ritin Nr. 193b í arkarf. og Nr. 346 í 4blf., er inniheldr 3 afskriftir af sögunni, sprottin.

3. Skinnbókin Nr. 2845 í 4blf. í enu eldra handritasafni í Konungsins stóru bókahirzlu (*M*); henni er áðr lýst við Norm-Gests sögu í 1sta Bindu; saga þessi er þar mjög samhljóða meðferð hennar í *A*.

Eins og heitið var í 1sta Bindinu fylgir nú ap-
tan við bindi þetta Registr yfir mannanöfn og staða,
og enn eitt yfir hluti þá, er helzt mega gefa þeim,
er líks girnist, hugmynd um fornöld og háttu hennar,
en öll eiga þau að gjöra lesendum brúkun söguflokks-
ins hægari.

KAUFMANNAÖFN þann 28 Janúarí 1830.

S A G A
GAUTREKS KONUNGS,

ER SUMIR KALLA

GJAFAR-REFS SÖGU.



Saga Gautreks konúngs, er sumir kalla
Gjafa-Refs sögu¹.

HER hefjum vèr eina kátliga² frásögn af einum konúngi, þeim er Gauti hét; hann var vitr maðr ok velstiltr, mildr ok máldjarfr. Hann ræð fyrir Vestra-Gautlandi, þat liggir milli Noregs ok Svíþjóðar fyrir austan Kjölu alla, ok skilr Gautelfr milli Upplanda ok Gautlands. Þar eru stórar merkr ok illt yfirferðar, þá er þelalaust er. Þessi konúngr, er fyrr nefndum vèr, fór optliga með hauka sína ok hunda á mörkina, því hann var hinn mesti veiðimaðr, ok þótti honum þat en mesta skemtan. Í þann tíma var víða byggt, þar sem miklir skógar voru umhverfis, þvíat margir menn ruddu mörkina, þar sem fjarlæg var almannabygð; ok gjörðu sér þar alhýsi, sumir þeir sem flýð höfðu af almanna veg fyrir nokkur sín ránglig tiltæki; sumir flýðu fyrir ljóðæsku, eða nokkur æfin-

¹) þannig sjálfstögð yfirskrift; Saga af Hrólfí Gautrekstöyni, höfuðyfirskrift fyrir báðum sögunum í A; frá Gauta konúngi enum málða, með nýari hendi C; af Gautreki ok Hrólfí, V; í endanum Gjafa - Refs Saga, öll. ²) dáfalliga, B, v. í C.

týri, ok þóltust þá síðr spottaðir eðr hæddir verða, ef þeir værisfjærri annarrá manna athlátri, ok lifðu svá út allan sinn aldr, at þeir fundu aungva aðra menn, enn þá sem hjá þeim voru. Þeir höfðu ok margir leitat sér staðar langt frá almanna veg, ok komu því aungvir menn þá heim at sækja, utan þat varð stundum, at viltust á mörkum, at menn hrötuðu² þá til þeirra heimkinna, þótt menn vildu þar gjarna aldrei komit hafa. Þessi konúngr Gauti, er fyrr nefndum vèr, var farinn við sinni hirð, at veiða dýr á mörkinni með sínum enum beztum veiðihundum. Konúngrinn gat at líta einn fagan hjórt, ok þetta sama dýr vildi hann gjarna veiða, ok slær lausum sínum veiðihundum, ok eltir þetta sama dýr með svá miklu kappi, meðan dagrinn vannst til nætr. Hann var nú einn sinna manna, ok var kominn svá langt á mörkina, at hann vissi, at mátti eigi komast til sinna manna sakir náttmyrkris ok lángrar leiðar, er hann hafði farit allan daginn; þat ok með, at hann hafði skotit þetta dýr með spjóti sínu, ok stóð þat fast í sárinu, en konúngr vildi þat með aungu móti láta, ef hann mætti ná, ok þótti skömm, ef hann næði eigi vápni sínu. Hér hafði hann álagt svá mikit kapp, at hann hafði af sér kastat öllum klæðum nema línklæðum; berfætt var hann, ok hafði aungva skúa, ok hafði víða rifit hans leggi ok iljar bæði grjótt

¹) óvixlu, B; óvináttur, F. ²) hörfuðu, F.

ok skógrinn. Ekki náir hann dýrinu, tekr nú at myrkva af nótt, svá at aldrei veit hann, hvört hann stefnir, nemr nú stað ok hlýðir til, ef hann heyrði til nokkurs, ok litla stund hefir hann stað numit, áðr hann heyrir hundsgá, ok þángat gengr hann, sem heyrir hundinn geya, þvíat honum þótti þar helzt manna von. Því næst sèr konúgr húsabæ lftinn; þat sá hann, at maðr stóð úti, ok hélt á viðaröxi. Þegar hann sèr, at konúgr stefnir til bæjar, hleypr hann at, ok drepr hundinn, ok mælti: eigi skaltu optar vísa gestum á garð vorn, þvíat þat sè ek gjörla, at sjá maðr er svá mikill vexti, at hann mun uppeta alla eign bónda, ef hann kemr hér innan veggja, skal þat ok aldrei verða, ef ek má ráða. Konúgr heyrði orð hans, ok brosti at, hugsar hann þat með sèr, at hann var lítt viðbúinn úti at liggja, en þóttu eigi vísar viðtökur, ef hann biði þess, er honum væri innboðit, gengr djarflika at dyrunum. Hinn ferr fyrir dyrnar, ok vill hann eigi inn láta. Konúgr lætr hann kenna aflsmunar, ok gengr or dyrum, þann er fyrir stóð. Konúgr gekk til stofu; þar voru fyrir fjórir karlar ok fjórar konur; ekki var þar heilsat Gauta konúngi; þó sezt hann niðr. Sá tók til orða, er honum sýndist búandligastr, ok mælti: hví læztu þenna mann hér inn koma? Þrællinn svaraði, sá er í dyrunum hafði staðit: þessi maðr var svá stærkr, at ek hafða ekki afl við honum. Ok hvað gjörðir þú, þá er hundrinn gó? Þrællinn svaraði: ek drap hundinn, þvíat ek vildi

eigi, at hann vísaði fleirum slíkum gaurum at garði, sem mér lízt þessi maðr vera. Bóndi mælti: diggr þræll ertu, ok má eigi þér um kenna, þó þessir ófímligleikir hafi orðit, ok er vandlaunat þér þín umsjá, ok vil ek á morgin gefa þér verðkaup, ok skaltu þá með mér fara. Hús voru þar vel búin, ok menn vænir ok hæfiliga miklir. Þat fann konúngr, at þeir óttuðust hann. Bóndi lét setja borð, ok var matr á borinn; ok er konúngr sèr, at honum mun ekki boðinn matr, stígr hann undir borð hjá bónda, tekr til matar ok snæðir djarfliga; ok er bóndi sèr þetta, hættir hann at matast, ok dregr hattinn fyrir augu sèr. Hvorugir tala hér við aðra; ok er konúngr var mettr, lyptir bóndi upp hetti sínum, ok bað bera disk af borði, þvíat nú mun eigi mat at varðveita. Síðan sór fólk at sofa. Konúngr lagðist ok til svefns, ok er hann hafði litla hríð legit, þá kom kona til hans, ok mælti: mun eigi ráðligt, at þú þiggir beina at mér. Konúngr svarar: þetta horfir vænliga, er þú vilt tala við mik, þvíat hér eru dauflig hýbýli. Eigi þarftu þat at undra, þvíat vèr höfum aldrei gest átt á æfi vorri, ok þess get ek, at þú sèr bónda engi aufúsu¹ gestr. Konúngr mælti: vel mætti ek launa bónda fyrir allan þann kostnað, er hann hefir fyrir mér haft, þá er ek kem til míns heimilis. Hún svaraði: til meira [get

¹) ófúsu, C; aufúsu, V.

ek mun um¹ draga, enn vèr fáim sæmd af þèr í móti þessu tilfelli. Konúngr mælti: ek bið, at þú gjörir mér kunnigt, hvörsu fólk yðvart heitir. Hún svaraði: faðir minn heitir Skafnörtúngr², því hefir hann þat nafn, at hann er svá glöggr um kost sinn, at hann má eigi sjá, at þverri hvorki matr nè annat, þat er hann á: móðir mín heitir Tötra; því hefir hún þat nafn, at hún villaldrei önnurklæði hafa, enn þat sem áðr er slitit ok at spjörum orðit, ok þikir henni þat mikil hagspeki. Konúngr spurði: hvat heita bræðr þínir? Hún svaraði: einn heitir Fjölmóði³, annar heitir Imsigull⁴, þriðl Gillíngur. Konúngr mælti: hvat heitir þú eða systur þínar. Hún svarar: ek heiti Snotra, hef ek því þat nafn, at ek þótta vísust allra vor; systur mínar heita Hjötra ok Fjötra. Hér er sá hamar við bæ vorn, er heitir Gillíngshamar, ok þar í hjá er stapi sá, er vèr köllum Ætternisstapa; hann er svá hár, ok þat flug [fyrir ofan⁵ at þat kvikindi hefir ekki líf, er þar gengur fyrir niðr; því heitir þat Ætternisstapi, at þar með fækkum vèr vort ætterni, þegar oss þikir stór kynsl við bera, ok deyja þar allir vorir foreldrar fyrir utan alla sótt, ok fara þá til Óðins; ok þurfu vèr af aungu voru forellri

¹) getu mun, C. ²) þannig leiðrétt eptir því sem A hefir framvegis Skafnartúngr, hér Skafnautúngr; Skafnauurrúngr, C; Skapnartúngr, V hér og framvegis; Skafnartúngr, hin. ³) Fjölmóðr, hin allstaðar. ⁴) Ymsigill, allstaðar, K. ⁵) ofan fyrir, C.

þýngsl at hafa nè þrjósku, þvíat þessi sældarstaðr hefir öllum verit jafnfrjáls vorum ættmönnum, ok þurfum eigi at lifa við fjártjón eða fæðsluleysi, nè engi önnur kynsl eðr býsn, þótt hér beri til handa; nú skaltu þat vita, at föður mínum þikja þetta vera hin mestu undr, er þú hefir komit til húsa vorra, væri þat mikil býsn, þótt ótiginn maðr hefði hér mat etit¹, en þetta eru með öllu undr, at konúngr, kalinn ok klæðalaus, hafi komit til húsa vorra, þvíat til þessa munu engi dæmi finnast; ok því ætlar faðir minn ok móðir á morgin at skipta arfi með oss syskinum, en þau vilja síðan, ok þrællinn með þeim, gánga fyrir Ætternisstapa; ok fara svá til Valhallar; vill faðir minn eigi tæpiligar launa þrælnum þann góðvilja, at hann ætlaði reka þik or dyrum, enn nú njóti hann sælu með honum, þikist hann ok víst vita, at Óðinn mun eigi gánga í mót þrælnum, nema hann sé í hans föruneysi. Konúngmælti: sé ek at þú munt vera hér málfrómust², ok skaltu hafa mína hollustu, þikjumst ek sjá at þú munt mæ'r vera, ok skaltu sofa í hjá mér í nótt. Hún bað konúng því ráða. Um morguninn sem konúngr vaknar, mælti hann: þik kveð ek at þessu Skafnörtúngr³, ek gekk til yðvars bæjar berfættr, því vil ek nú skúa af þær

¹) hér byrjar D, en með öðru orðatiltæki. ²) málfimust, C, V.
³) Skapnartúngr, C.

Þiggja. Hann svarar aungu, ok fær hon-
um skúa, ok dró úr þvengina. Þá kvað kon-
úngr:

Skúa tvá
er mēr Skafnörtúngr¹ gaf²
þvengum er hann þar³ nam,
[ills⁴ manns kveð ek
aldrei verða⁵
grandalausar gjafir.

Síðan bjóst konúngr í braut, ok leiddi Snotra hann á götu. Konúngr mælti: bjóða vil ek þér með mēr at fara, þvíat mēr er grunr á, at nokkut gjörist at okkrum fundi, ok ef þú ferr með sveinbarn, þá láttu Gautrek heita, ok drag svá af nafni mínu, ok rekstri þeim, er ek hefi haft til hýbýla yðvarra. Hún svarar: viss von þiki mēr á því, at þú getir þessu nær, en ekki má ek með þér fara at sinni, þvíat í dag skal skipta með oss arfi syskinum eptir feðr vorn ok móður, þvíat þau ætla at gánga fyrir Ætternisstapa. [Konúngr bað hana vel lifa, ok bað hana koma á sinn fund, svá sem henni þætti tími til. Ferr konúngr, þar til er hann kemr til sinna manna, ok sezt nú um kyrt⁶.

¹) Skafnartúngr, C; Skafnartúnga, D. ²) nískr á, b. v. V.
³) þá, C, V. ⁴) at ills, C. ⁵) sjaldan verða vands manns, D.
⁶) Konúngr dragr þá gullhring af hendi sér, ok gefr henni, ok biðr hana þann bera til jarsteigna, ef hún sýndist hans at vitja; ok eptir þat ferr hún heim apt, D.

10 SAGA GAUTREKS KONUNGS. 2 K.

2. Nú er frá því at segja, þá er Snotra kom heim, sat faðir hennar yfir fê sínu, ok mælti: með oss hafa orðit býsn mikil, er konúngr sjá hefir komit til vorra hýbýla, ok etit upp fyrir oss mikla eigu, ok þat sem oss henti sízt at láta; má ek eigi sjá at vèr megum halda öllu voru hyski fyrir takfæðar sakir, ok því hef ek samanborit alla mína eigu, ok ætla ek at skipta arfi með yðr sonum mínum, en ek ætla mèr ok konu minni ok þræli til Valhallar; má ek eigi þrælnum betr launa sinn trúleika, enn hann fari með mèr: Gillíng^r skal hafa uxa minn hinn góða, ok þau Snotra, systir hans; Fjölmodi skal hafa gullhellur mfnar, ok þau Hjötra, systir hans; Imsigull skal hafa korn allt okakra, ok þau Fjötra, systir hans: en þess bið ek yðr, börn mín, at eigi fjölgið þèr lið yðvart, svá at fyrir þat megi þèr eigi halda arfi mínum. Ok er Skafnörtúngr hafði talat slíkt, er hann vildi, eðr honum líkaði, fóru þau öll saman uppá Gillíngshamar, ok leiddu börnin föður sinn ok móður ofan fyrir Ætternisstapa, ok fóru þau glöð ok kát til Óðins. Nú er þau syskin voru í búí, þikist þau þurfa at hagræða fyrir sèr; þau taka sèr spítur, ok spíta vaðmál at sèr, svá at ekki þeirra kemr við annat bert, þótti þeim þá trúast um unnit, at eigi mundi fólk þeirra fjölgast. Snotra fann þat með sjálfri sèr, at hún fór með

1) Gillíng^r, b. v. D. 2) Skafnartúngr, *allstaðar D.*

barni, þokaði hún þá spítunni í vaðmálinu, svá at ná mátti hendi til. Hún lét sem hún svæfi. En er Gillíngur vaknaði, eða raumskaði af svefni, varp hann hendinni frá sér, ok kom við kinn hennar; ok er hann vaknaði, mælti hann: hér hefir ófímliga tiltekizt, er ek skal hafa grand gjört þér, mēr sýnist sem þú sér miklu digrari, enn verit hefir. Hún svaraði: leyn þú þessu, sem þú mátt. (Hann svarar:) þau endemi mun ek eigi gjöra, þvíat þetta má með augu móti leynast, síðan er fólk okkar fjölgast. Litlu síðar fæddi Snotra eitt fagurt sveinbarn, ok gaf nafn, ok kallaði Gautrek. Gillíngur mælti: stór býsn berr nú við, ok má eigi leyna, ok skal ek fara, at segja bræðrum mínum. Þeir mæltu: allt ráð vort vill nú fyrirfarast fyrir býsnum þessum, sem við berr, ok er þetta mikit lagabrot. Gillíngur kvað:

[Heimsliga ek veik
hendi til¹,
er ek kom við
kinn konu;
lítil líf [kveða
höfð til² líða sona³,
af því var hann⁴
Gautrekr gjörr⁵.

¹) Hendi míni ek glætta heimskliga þá, D. ²) til, v. í C.
³) sonar, C. ⁴) fyrir þat frá [hefir D: þér kveða lýðir
vera, en af því var þó. ⁵) getinn, C.

Þeir kveða hann ekki mega um kunna, er hann yðraðist, ok vildi aldrei at þetta hefði orðit. Hann kveðst gjarnan vilja gánga fyrir Ætternisstapa, ok kvað talin smærri býsn. Þeir báðu hann bíða, hvat við bæri fleira. Fjölmóði sat at fè um daga, ok bar með sèr gullhellur sínar, hvört sem hann fór, ok einn dag sofnaði hann, ok vaknar við þat, at sníglar tveir svartir höfðu skriðit á gullhelli hans. Honum þótti dala eptir, þar sem döknað hafði gullit, ok sýndist honum mikit þorrit hafa. Hann mælir: mikit er at verða fyrir þessu fjártjóni, ok ef svá berr optar til, þá mun eigi gott at fara snauðr til Óðins, ok mun ek gánga fyrir Ætternisstapa, ok verða eigi optar fyrir þessi fjárauðn, þvíat aldrei hef-ir orðit [jafn kolsvart¹ um mitt efni, síðan faðir minn miðlaði mér fè. Hann segir bræðrum sínum þessi býsn, er við hafði borit, ok bað þá skipta arfi. Hann kvað þá:

Stuttir sníglar
 átu steina fyrir mér,
 nú vill oss hvervetna háa²;
 snauðr mun ek snópa,
 þvíat sníglar hafa
 gull mitt allt grafit.

Síðan fór hann ok hans kona á Gillingshamar, ok gengu síðan fyrir Ætternisstapa. Þat

¹) svá mikit, C. ²) hata, C.

var einn dag, at Imsigull gekk um akra súa, sá hann þar fyrir sér þann fugl, er Spör heitir, er á vöxt er sem titlíngr honum leizt hann nú; horfa skaðvænliga, gekk með akrinum, ok sá at fuglinn hafði tekit or axinu eitt kornit. Þá kvað hann:

Þat var spéll
ok¹ spör um þann
á akri Imsigulls
axi var skátt;
or² var korn numit,

[þat mun æ Tötru ætt um trega³.

Síðan fór hann ok hans kona, ok gengu þau glöð fyrir Ætternisstapa, ok vildu eigi fá optar slíkan skaða. Gautrekr var þá úti, er hann sá uxann góða; hann var 7⁴ vetra, honum varð þat fyrir, at hann lagði uxann með spjóti til bana; ok er Gillíngur sá þetta, þá kvað hann:

Úngr sveinn
drap uxa fyrir mér,
(þetta) eru bannvæn býsn;
mun ek aldri eiga⁵
jafn góðligan
grip, þó ek gamall verði.

Hann mælti: nú er eigi viðsæmanda, fór hann síðan á Gillíngshamar, ok gekk þaðan fyrir Ætt-

¹) er, *D, V.* ²) ok, *C.* ³) þ. m. ei Tötru of t., *D;* því slíkt mun ætt vor t., *V.* ⁴) 12, *D.* ⁵) þannig *V;* síðan, *b. v. A og hin.*

14 SAGA GAUTREKS KONUNGS. 2-3 K.

ernisstapa. Nú voru þau tvö eptir, Snotra ok Gautrekr, son hennar. Hún býr sik, ok bæði þau, til brautferðar, fara nú þangat til, er þau finna Gauta konúng; tekr hann vel við syni sínum; fæðist hann þar upp með hirð föður síns, ok var bráðgjörri á allan þroska, ok líða nú svá fram nokkurir vetr, þar til er Gautrekr var mjök fullkominn at þroska; þá bar svá til at Gauti konúngur tók sótt, ok kallaði til sín vini sína. Konúngur mælti: þær hafið verið mæri hlýðnir ok eptirlátir í öllu, en nú þiki mæri mikil von, at þessi sótt, er ek hefi, skill vora vingan, vil ek ríki þetta, er ek hefi átt, gefa Gautreki, syni mínum, ok þarmeð konúngs nafn. Þeim líkaði þetta vel, ok eptir andlát Gauta konúngs var Gautrekr til konúngs tekinn yfir Gautland, ok er hans víða getit í fornum sögum. En nú víkr þessi sögu nokkra stund norðr í Noreg, ok segir frá þeim fylkiskonúngum, er þar voru í þann tíma, ok frá þeirra afkvæmi; þá síðan víkr þessi sögu aprt til Gautlands til Gautreks konúngs ok sona hans; svá hit sama gengr þessi saga um Svíaríki ok víða annarstaðar.

3. Húnþjófr¹ hét konúngur, er ráðit hefir fyrir Hörðalandi², hann var son Friðþjófs ens frækna ok Íngibjargar ennar fögru; hann átti 3 sonu; Herþjófr hét sonr hans, er síðan var konúngur á Hörðalandi, annar hét Geirþjófr

¹) Friðþjófr, C; Hundþjófr, B, V. ²) Hörðaríki, C.

Upplendinga konúngr, þriðl var Friðþjófr Þelamerkr konúngr. Þessir voru allir ríkir konungar ok hermenn miklir, en þó var Herþjófr konúngr fyrir þeim at viti ok ráðagjörð; hann var laungum í hernaði, ok varð hann af því frægr mjök. Í þenna tíma var sá konúngr á Ögðum, er Haraldr hét, ok var ríkr konúngr; hann var kallaðr Haraldr enn¹ Egðski; Vikar hét son hans, hann var þá úngr ok efnligr. Stórvirkr hét maðr, hann var son Starkaðar Áludrengs. Starkaðr var hundvís jötun, [hann hafði 8 hendr². Hann tók úr Álfheimum Álfhildi, dóttur Álfs konúngs. Álfir konúngr hét þá á Þór, at Álfhildr skyldi aptr koma. Þá drap Þór Starkað, en flutti Álfhildi heim til föður síns, ok var hún þá með barni. Hún fæddi son þann, er Stórvirkr hét, er áðr er nefndr, hann var fríðr maðr sýnum, ok þó svartr á hár, meiri ok sterkarí enn aðrir menn; hann var víkíngr mikill, hann kom til hirðar Haralds konúngs á Ögðum, ok gjörðist hans landvarnarmaðr. Haraldr konúngr gaf honum ey, þá er Þruma heitir, [á Ögðum³, ok þar bjó Stórvirkr. Hann var laungum í hernaði, en stundum var hann með Haraldí konúngi. Stórvirkr nam á braut Aní⁴, dóttur Freka jarls af Hálogalandi, ok fór síðan heim til bús síns í Þrumu. Þau áttu son, er Starkaðr hét. Syn-

¹) digri ok enn, C. ²) v. í C, V. ³) v. í C. ⁴) Önnu, B, V. ⁵) konúngs, C.

ir Freka [jarls Fjöri ok Fýri¹, mágar Stórverks², komu á bæ hans um nótt á óvart með her, ok brendu bæinn ok Stórverk inni ok Ani, systur sína, ok alla menn þá er þar voru, þvífat þeir þorðu eigi dyr upp at lúka, ok hræddust, at Stórvirk mundi út komast. Þeir sigldu síðan á braut um nóttina, ok norðr með landi, ok annan dag eptir, er áleið, gjörði at þeim storm, ok sigldu þeir í boða fyrir Staði, ok týndist þar öll skipshöfn þeirra. Starkaðr, sonr Stórvirks, var þá úngr, er faðir hans létzt, ok fékk Haraldr konúngr honum þá fóstur með hirð sinni. Svá segir Starkaðr frá:

Þá var ek úngr,
 er inni brann
 frekna³ fjöld⁴!
 með feðr þjóð,
 [nær vági⁵ fyrir
 Þrumu innan⁶,
 her hrauðtuðr⁷
 Haralds ens Egðska,
 ok mennbrota
 mágar⁸ veltu
 Fjöri ok Fyri,
 freka arftegar,

¹) Fjöri ok Fyrvi, B, V. ²) frá [v. í C. ³) flokkna, B, C. ⁴) ferð, C. ⁵) giskað, nerangi, A. ⁶) menn anná, C. ⁷) tapaðist, C. ⁸) í stað þess frá [: minning fyrir Þrumu manna hendr hersis Haralds Egðska ok mennbrota margir, B.

Unnar bræðr
eiðu minnar¹.

4. Herþjófr Hörðalands konúgr fór með her at Haraldí konúgi um nótt á óvart, ok drap hann í trygðum, en tók í gislíng Vikar, son hans. Herþjófr konúgr lagði undir sik ríki þat allt, er átt hafði Haraldr konúgr, ok tók margra ríkra manna sonu með valdi ok í gislíng, en tók skatta af öllu ríki. Grani hét eina ríkr maðr í liði Herþjófs konúgs; hann var kallaðr Hrosshársgrani. Hann bjó í ey þeirri á Hörðalandi, er Fenhríng hét, at þeim bæ; er á Aski heitir. Hann tók at herfánga Stórkuð Stórvirksson, ok flutti hann í Fenhríng. Þá var Stórkuðr þrèvetr. Hann var 9 vetr í Fenhríng með Hrosshársgrana. Svá segir Stárkaðr:

Þá er Herþjófr
Harald umveldi
sér ójafnan
sveik í trygðum,
Egða drottinn
öndu² rænti,
en hans sonum
haftbönd³ snéri.

Þrèvetran⁴ mik
þaðan af flutti

¹) arfar Unnar bræðir eiðu minnar, B; frá nær ygi v. í V.
²) mǫðru, C. ³) helstund, B; höfuðland, V. ⁴) þrèvetrun, A.

Hrosshársgrani
 til Hörðalandsy
 nam ek á Aski¹⁾
 upp at vaxa,
 [sákat niðja²⁾
 á níu vetrum³⁾.

Herþjófr konungr var hermaðr mikill, ok var laungum í hernaði, ok var þá mjök herskáttr í ríki hans. Hann lét hlaða vita á fjöllum, ok setti menn til at gæta ok skjóta upp vitum, ef ófriðr kæmi. Vikar gætti vitanna á Fenhring við þriðja mann, ok skyldi þaðan vita fyrst upp kinda, ef her væri senn, en síðan hvorn at öðrum. Ek er Vikar hafði skamma stund vitans gætt, gekk hann einu morgin á [ask út⁴⁾, ok fann þar Starkað, fóstbróður sinn, Stórvirksson; hann var furðuliga mikill; hann var hýmaldi⁵⁾ ok kolbíttr, ok lá í fleti við eld; þá var hann 12 vetra gamall. Vikar reisti hann upp or fletinu, ok fékk honum vörn ok klæði, ok mælti⁶⁾ vöxt hans, þvíat honum þótti hann undarliga mikit vaxit hafa, [síðan hann kom á Ask⁷⁾. Fengu þeir Vikar sér skip, ok fóru í braut þaðan. Svá segir Starkaðr:

Afl gat ek ærit,
 uxu tjálgur,
 lángr leggir
 ok ljót höfuð,

1) skipi; C. 2) Stórvirki niðr; B, V. 3) sumran; B, C, V.
 4) veg, C. 5) hrinnaldi, V. 6) undraðist, B, V. 7) v. í C.

en hýmaldi
af hagli¹ sat,
fáast² foryitni
í fleti niðri.

Unz Víkar kom
frá vita innan,
gisl Herþjófs
gekk inn í sal;
hann kendi mik,
hann kvaddi mik
upp at standa
ok andsvara.

Hann mælti mik
mundum ok spönnum
alla arma
til úfliða,
vaxit hári
á höku niðri³.

Hér segir Starkaðr frá því, at hann hafði þá skegg; er hann var 12 vetra. Síðan reis Starkaðr upp, ok fékk Víkar honum vörn ok klæði, ok fóru síðan til skips. Eptir þetta safnaði Víkar liði, ok urðu þeir saman 12. Þeir voru allir kappar ok hólmgangumenn; svá segir Starkaðr:

Þá⁴ safnaði
Sörkvi ok Grettli

¹) eðr hagsi, A, B. ²) v. í hin. ³) vísunar v. í B, F.
⁴) or, b. v. C.

[Haralds arfþegi,
 Hildigrími,
 Erp ok Úlfi,
 Áni² ok Skúmu,³
 [Hróa ok Hrotta,⁴
 Herbrands syni,
 Styr ok Steinfóri
 frá Staði⁵ norðan,
 þar var hinn gamli
 Gunnólfr blési,
 þá voru vèr
 þrettán saman,
 fær varliga
 fríðri, drængi.]

Síðan fór Vikar með lið sitt á fund Herþjófs konungs. En er hann spurði ófrið þeirra, þá lét hann lið sitt tilbúast. Herþjófr konungr átti mikinn húsabæ, [ok var þar gott vígi, svá at þat var nálíga kastali eða borg⁶; þar var fyrir 70 vígra manna, ok ótalíð allr verk- alýðr ok þjónustumenn. En þegar er vík- íngar komu at, gjörðu þeir svá harða atgaungu, at þeir þristu grindur ok hurðir, [ok hjuggu á gættin⁷, svá at frágengu lokur ok slag- brandar, er innan voru fyrir hliðunum, en konungsmenn hrukku frá, ok náðu víkingar inngaungu, tókst þar þá bardagi mikill; svá segir Starkaðr:

¹) Harald ok Hörþegi, C; Harald ok Arfþegi, V. ²) Áni, V.
³) Skúmi, B, K; Skútu, C. ⁴) ok Hróa-Hrotta, C; Hrók ok Hrotta, B, V. ⁵) Stöðum, C. ⁶) gott einvigi, C. ⁷) v. í C.

Svá komu vér
 til konúnga garða,
 hrístum gríndur
 hjuggum gætti;
 brutum borglokur¹,
 brugðum sverðum,
 þar er sjötigi
 seggir stóðu.

[Kostum góðir
 fyrir konungi²,
 þó var umáukit
 öllum þrælum,
 verkalýð ok
 vatndrógum³.

Herþjófr konúnger varðist lengi með liði sínu,
 þvíat hann hafði marga frækna menn, en með
 því at Víkar hafði valit lið með sér ok agæta
 kappá, þá varð rírt fyrir þeim lið Herþjófs
 konúngs. Víkar var jafnan framast sinna manna;
 svá segir Starkaðr:

Var Víkari
 vant at fylgja,
 þvíat fremstr [ok fyrstr⁴
 í flokki stóð,
 hjuggum hjálma
 með höfuð gnýpum⁵
 brynjur sníddum
 ok brutum hjálma⁶.

¹) lokur; C. ²) v. í C. ³) vik. v. í B, F. ⁴) hann, C.
⁵) sneiddum, C. ⁶) skjöldu, C; vñ. b: í B, F.

Starkaðr sótti hart fram með Vikari á hendr Herþjófi konungi, ok þeir veittu honum bana. [Allir kappar Vikars sóttu hart fram¹, fëllu þar margir menn, en sumir voru særðir, svá segir Starkaðr:

Var Vikari
vegs um auðit²
en Herþjófi
herfur³ goldnar,
særðum seggi,
en suma drápum,
stóðkað ek fjarri,
þá er fëll konúgr⁴.

Þar fékk Vikar sigr, en Herþjófr konúgr fëll, svá sem áðr er sagt, ok 30 manna með honum, en margir sárir til ólífis, en engir fëllu af Vikars mönnum. Eptir þat tók Vikar skip þau öll, er Herþjófr konúgr hafði átt, ok allt lið þat er hann fékk; fór síðan austr með landi með allt lið, þat er honum vildi fylgja. Hann kom á Agðir; komu til hans þeir, er verit höfðu vinir föður hans, varð hann þá brátt fjölmennr, var hann þá til konúngs tekinn yfir Agðir allar ok Jaðar, ok hann lagði undir sik Hörðaland ok Harðánger, ok allt ríki þat, er Herþjófr konúgr hafði átt. Vikar konúgr gjörðist brátt ríkr, ok hinn mesti hermaðr. Hann var hvört sumar í hernaði. Vikar konúgr fór með her sinn

¹) v. í C. ²) at bið, C. ³) þannig ágizkað; heitir, C; heiptir, C. ⁴) vís. v. í B, V.

í VÍkaustr, ok gekk á land austan fjörðar, ok herjaði upp á Gautland, ok vann þar mikit hervirki. En er hann kom uppí Veni¹; þá kom þar í mót honum konúgr sá, er Sisar hét; hann var austan or Kænugarði; hann var kappi mikill, ok hafði lið mikit. Þeir Víkar konúgr ok Sisar áttu þar bardaga harðan, ok gekk Sisar hart fram, ok drap mart mennna af liði Víkars konúngs. Þar var Starkaðr þá með Víkari konúngi; hann gekk fram í mót Sisar, ok áttust þeir lengi við vápnaskipti, ok þurfti hvorgi öðrum at fría stórra höggva. Sisar hjó af Starkaði skjöld hans, ok veitti honum tvö sár í höfði mikil með sverði, ok í sundr viðbeinit, Starkaðr fékk ok sár fyrir ofan mjöðmina á síðunni.

[Svá segir Starkaðr:]

Vart þú eigi
með Víkari
austr í Veni
árðag snemma,
þá er sóttu vér
Sisar á velli,
þat var þrekvirki
þózk megnara,

Mik lét sverði hann
sárum höggvinn²
skarpeggiðu
skjöld í gegnum,
hjálms af höfði,

¹) Væni, B, V. ²) ági-kæð; hogg h', A.

en haus skorat
ok kiunkjálka
klofinn í jaxla;
en hit vinstra
viðbein látit¹.

Starkaðr fékk ok holsár á annarri síðunni af at-
geiri þeim, er Sisarvo með. Svá segir Starkaðr:

Ok á síðu
sverði beitti
mér öflugr
fyrir mjöðum ofan,
en í aðra
atgeir lagði
köldum broddi,
svá at á kafi yddi²,
þau sèr þú³ merki.
á mér gróin⁴.

Starkaðr hjó Sisar með sverði, ok sneið svá um
þvera síðu honum, ok veitti honum mikit sár á
fæti fyrir neðan knè, ok at lyktum hjó hann á
honum annan fótinn í ökla, ok þá féll Sisar
konúngr. Svá segir Starkaðr:

Sneidda ek honum
síðu aðra
[brutt með⁵ brandi
um bók þveran,
svá ek af heiptum
hjörfi beittak,

¹) frá [v. í hin. ²) stóð, C. ³) v. í C. ⁴) við. v. í B,
V. ⁵) af, C, B, V. ⁶) bitrum, G.

at alls megin

áðr kostaðik¹.

Í bardaga þeim varð mannfell mikit, ok fékk Vikar konúgr sigr, [en Kæmir lögðu á fíðta, þeir er eptir lifðu². Eptir sigr þenna fór Vikar konúgr heim í ríki sitt.

5. Vikar konúgr spýrt, at Geirþjófr konúgr hafði liðsafnað mikinn á Upplöndum, ok ætlaði með þann her at Vikari konúgi, ok hefna Herþjófs konúgs, bróður hins. Þá bauð Vikar konúgr út almenníngi af ríki sínu, fór með þat lið til Upplanda á mót Geirþjófi konúgi. Þeir áttu mikla orrustu, ok bældust 17³ daga samfast; ok þá féll Geirþjófr konúgr, en Vikar konúgr hafði sigr. Þá vann Vikar konúgr undir sik Upplönd ok Þelamörk, þvíat Friðþjófr Þelamerkr konúgr var eigi heima [í ríki sínu. Þess getr Starkaðr, at sú var hin þriðja orrosta Vikars konúgs, er hann hafði unnit á Upplöndum:

Læt þreksamr

þriðja sinni

Hildar leik

háðan verða,

áðr Upplönd

unnin yrði,

ok Geirþjófr um

gefin helju.

Síðan setti Vikar menn yfir þat ríki, er hann

¹) v. v. í B, F. ²) v. í C. ³) 7, U.

hafði unnit á Upplöndum¹, en hann fór heim á Agðir, ok gjörðist bæði ríkr ok fjölmennr. Hann fékk sér konu, ok átti við henni 2 sonu, hét Haraldr hinn ellri, en hinn yngri hét Neri. Hann var manna ytrastr, ok varð þat allt at ráði, er hann lagði til, en svá var hann sínkr, at hann mátti aungan hlut svá gefa, at honum væri eigi þegar eptirsjárat. [Svá segir Starkaðr:

Átti sér
erfivörðu
tírsamr tvo
tiggja alna,
hét hans son
Haraldr enn ellri,
setti hann þann
at þelamörku.

Var síngjarn
sagðr af gulli,
Neri jarl,
nýtr í ráðum,
Vikars sonr
vanr í sóknum,
sá røð einu
Upplendingum².

Neri jarl var hermaðr mikill, [en svá sínkr, at til hans hefir jafnat verit öllum þeim, er síngastir hafa verit ok sízt hafa öðrum veitt³. En er Friðþjófr frétti fall bræðra sinna, fór hann til

¹) í stað þess frá [: þat var hin þriðja orrostu, er Vikar hafði unnit, hin. ²) frá { v. í hin. ³) v. í C.

Upplánða, ok tók þat ríki undir sik, er Vikar
haffi fyrr unnit. Þá sendi hann Vikari orð, at
hann skyldi skatt gjalda af sínu ríki, eða þola her
hans. [Svá segir Starkaðr:

Ræð Friðþjófr
fyrst at senda
heiptar boð
hoskum jöfri,
hvort Vikar konúgr
vildi gjalda
hilmi skatt,
eða her þola¹:

Er þessi orðsending kom Vikari, þá stefndi hann
þing, ok átti tal við ráðuneyti sitt, at svara
þessu vandmæli. Þeir báru saman rað sín, ok
ræðu lengi um. [Svá segir Starkaðr:

Ræðum um lengi,
urðum við ekki dællir,
þat kaus her,
at konúgr skyldi
ríkr með her
rómu knýa².

[Þau ráð voru send Friðþjófi konúgi, at Vikar
konúgr skyldi verja land sitt³. Fór þá Frið-
þjófr konúgr með her sinn, ok ætlaði at herja
á Vikar konúng. Ólafr hinn skygni hét kon-
úgr í Svíþjóð, [þar sem heitir Nærríki⁴. Hann
var ríkr ok hermaðr mikill, ok bauð út almenn-

¹) frá [v. í hin. ²) frá [v. í hin. ³) v. 2 C. ⁴) þ. 1. h.
Merríki, C; hann varðar ríki, B, V.

ing af sínu ríki, ok fór til liðveizlu við Mikar konúng. Þeir höfðu mikit lið, ok fara með her þann í móti Friðþjófi konúngi, ok svínfylktu liði sínu [til bardaga. Svá segir Starkaðr:

Ræð Ólafr
 austr hinn skygni,
 sældar gramr
 fyrir Svíaríki;
 hann bauð út
 almenníngi,
 mikill var hans
 helmíngr talinn¹.

Þar tókst harðr bardagi, ok gengu menn Vikars konúngs vel fram, þvát þar voru margir kappar í liði með þeim. Þar var hinn fyrsti kappi Starkaðr Stórvirkseon, Úlfr ok Erpr, ok margir aðrir góðir drengir ok miklir kappar. Vikar konúngur gekk hart fram. Starkaðr var brynjulaus, ok gekk í gegnum fylkingar, ok hjó tveim höndum, [sem hann segir:

Gengum fram
 í glam vápna,
 konúngs menn,
 kappa gnægðir,
 þar var Úlfr
 ok Erpr litinn,
 hjó ek brynjulaus
 báðum höndum².

1) frá [v. í hin. 2) frá [v. í hin.

Ok er Vikar konungur dötti hart fram á neð kappanna á hendr Friðþjófi konungi, þá hélt við los á fylking hans. Þá heiddi hann friðar Vikar konung. [Svá segir Starkaðr:

Ræð Friðþjófr

fríðar at biðja,

þvíat Vikar

vægði ekki,

ok Starkaðr

Stórvæls son

almátt fram

allan lagðif.

Þar var enn mesti bardagi ok hin snarpasti, ok féll mikill hluti hös Friðþjófs konungs, en er hann heiddi friðar, stöðvaði Vikar konungur her sinn, gekk þá Friðþjófr konungur tilsetta við Vikar konung. Skyldi þá Ólafr konungur semja sáttmál milli þeirra, ok var sú sattu, at Friðþjófr konungur gaf upp ríki sitt allt á Upplöndum ok Þelamörk, en hann fór or landi. Setta Vikar konungur yfir þessi ríki sonu sína, gaf hann Haraldi konungs nafn yfir Þelamörk, en Neri jarls nafn ok ríki á Upplöndum. Hann vingaðist við Gautrek konung á Gautlandi, ok þat segir í sumum bókum, at Neri héldi ok tókut ríki af Gautreki konungi, þann hluta Gautlands er honum var nálægstr, ok væri hann ok jarl Gautreks konungs, ok í ráðum með honum, þegar þess þyrfti við. Eptir þetta fór Vikar heim í ríki sitt, ok varð frægur mjök

1) í stöð þess frá [: en hann vægði ekki, C; u. i B, P.

af sigri þeim, ok skildu þeir Ólaf konungr með vináttu, ok höldu þat jafnan síðan; fór hann heim austr í Svíaríki.

6. Rennir¹ hét maðr, ok var bóndi einn ríkr, hann hafði atsetr í ey þeirri, er síðan² er Rennisey³ kölluð. Sú ey liggr fyrir Noregi norðr undan Jaðri. Hann hafði vaxit vikingr mikill, áðr hann settist í búnað. Konu átti hann sèr, ok einn son barna; sá hét Refr. Þá er hann var úngr, lagðist hann í eldaskála, ok beit hrís ok bök af trjám; hann var furðuliga mikill vexti; ekki færði hann saur af sèr, ok til einkis rétti hann sínar hendr, svá at öðrum væri til gagns. Faðir hans var fjárorkumaðr mikill, ok líkaði honum illa óþrifnaðr sonar síns. [Refr varð frægr mjök at öngum snotrleik nè frama, heldr at því at hann gjörði sik athlægi annarra sinna hraustra frænda⁴, ok þótti föður hans hann ólíkligr til nokkurs frama, sem öðrum úngum mönnum var þá títt. Rennir bóndi átti einn þann grip, er hann hafði meiri mætr á ein öðrum sínum fjárhlutum; þat var einn uxi; hann var bæði mikill ok skrautligr fyrir horna sakir; ristín voru horn á honum ok rent gulli í stiklana, ok svá af silfri, var festr meðal horna (á) uxanum, ok þar á þeir gullhríngar. Þessi uxi bar langt af öðrum uxum, þeim sem í landinu voru, sakir vaxtar ok alls kostar umbúðar; var Rennir bóndi svá vendlátr

¹) Rennir, B; Refr, C, V. ²) Síða, B, VI ³) u. i B, V; Reimsey, C; ⁴) u. i hin.

um hann, at hann skyldi aldrei geymslulaps vera. Rennir var jafnan í bardögum með Vikari konungi, ok var þeim vingott.

7. Vikar konungr gjörðist hermaðr mikill, ok hafði marga kappi með sér, þá er ágætir voru, en Starkaðr var mest metinn af öllum þeim, ok kærast konungi, þar hann var öndugismaðr hans ok ráðgjafi ok landvarnarmaðr. Hann þá margar gjafir af konungi; Vikar konungr gaf honum gullhring þann, er stóð þrjár merkr, en Starkaðr gaf honum eyna þrumu, þá er Haraldr konungr hafði gefit [Stórverki, föður hans?]. Hann var 12 sumur með Vikari konungi, [sem hann segir:

Mér gaf Vikar
valamálm,
hring enn rauða,
er ek á hendi þer;
mér þrimerkíng,
en ek þrumu honum,
fylgða ek fylki
fimtán sumur¹.

6. Svá er sagt, at þat var einn tíma, at þeir bræðr talast við, spurði Rólfr konúngur, hve líkliga Katli þótti á horfa um ríkisstjórn eða höfðingskap. Ketill lét vel fyrir flestra hluta sakir. Rólfr konúngur svaraði: ok þvíat þú hefir grein í þessu máli, þá ertu skyldr at segja mér, hvørs þér þikir áfátt, þat mér er sjálfrádt. Ketill svarar: vel má ek finna þann hlut, er mér þikir vanta yðra heill¹⁾, þú ert maðr ókvændr, ok mundir þú þikja miklu gildari konúngur, ef þú fengir þá kvánfáng við þitt hæfi. Konúngur mælti: hvar skal ek þess orka? Ketill svaraði: þá mundi yðar sæmd vaxa, ef þér

¹⁾ vegna, C.

6K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 73

bæðilö þeirrar konungsdóttur, er bæði er hygg-in ok forsjál, en mér þikir vís von, hvar sem þú vill atvíkja, at þer mun eigi frávísat. Kon-úngr svarar: ekki býr mér þat í skapi svá búit, er land þetta lítit, ok mun öngum þikja slægr til vors ríkis, eða hvar horfir þú helzt á um þetta mál, frændi! Ketill svaraði: þat hef ek frétt, at Eirekr konúngr í Svíþjóð á sér dóttur væna ok vitra, þá er Þornbjörg heitir, hefi ek svá frétt, at eigi muni fást slíkr kostur hingat á Norðrlönd fyrir allra hluta sakir, þeirra er kvennmaðnn má prýða, en hún hefir suma hluti til jafns við hrausta riddara; þat er burtreið ok at skilmast við skildi ok sverði, þat hefir hún umfram allar konur, þær ek hefi spurn af. Eirekr konúngr, faðir hennar, er ágætr fyrir rík-dóms sakir ok margra hluta annarra, þeirra er frægan konúng má prýða. Hrólfr konúngr svaraði: ekki berum vèr (áræði) til slíkra hluta; er slíkt meir talat af ákefð enn forsjá, sem þik hendir stundum, frændi! er þat flit, at ætla sér á dul, er vonarlaust er, at hann fái risit með, lízt mér svá, þótt ek fara at biðja dóttur Eireks konúngs á Svíþjóð, sem þú vildir, þá þikjumst ek vita, at mér mundi synjat konunnar, ok eigi ólíkligt, at ek fengi nokkur orð hæðilig, ok yrði ek at þola þat allt; með því ek hefði engi föng á at hefna sakir ríkis konung-ins, ok munda ek við svá búit þessu una all-

illa. Ketill kvað ekki svá fara mundu: skortir oss ekki her af Danmörk ok Gautlandi at herja á Eirek konúng, ef hann synjar þer mægðan. Rólfir konúngur mælti: ekki þarf slíkar glósur fyrir mér at gjöra, þvíat ek þikjumst sjá, hvörsu þetta mundi fara, þótt freistat væri. Þetta fór enn sem annat eptir skaplyndi Rólfs konúnga, at hann gaf at þessu aungan gaum, ok lét líða hjá sér sem margt annat, þat sem honum var tjáð, ok eigi vissi at nær, hvat honum bjó í skapi; tók hann þá til þess jafnan síðan, er öðrum var or minni líðit. Líðr svá fram nú um hríð, at þeir fóstbræðr sátu ýmist í Danmörk eða Gautlandi, en herjuðu jafnan á sumrum, ok fengu of fjár, ok voru hinir hraustustu bardagamenn, svá at ekki stóð við þeim, urðu þeir harðla víðfrægir af sínum fremdarverkum, kunnu allir nálíga þeirra nafn. Svá er sagt frá Rólfi konúngi, at hann var allra manna mestr ok sterk-
astr, hann var svá þúngr at aungum hestj mátti hann ríða allan dag út, svá at eigi kafnaði, eðr sprýngi undir honum, ok varð jafnan at skipta við hann. Rólfir konúngur var manna vænstr ok kurteis ok at öllu velskapaðr, hærðr manna bezt, breiðleitr ok mikilleitr, eygðr manna bezt, ok fögur augun ok snör, miðmjór ok herðimikill ok manna bezt á sik kominn, ok at öllu enn hæverskasti, hvörjum manni betr vígr ok at öllum íþróttum búinn umfram hvorn annan, þann er honum var samtíða á

Norðrlöndum; manna var hann vinsælastr. Rólfr konúgr var vitr maðr ok í öllu forsjáll, skinugr ok glöggþekkinn, gjörðist hann brátt víðfrægr af sínum höfðingskap bæði nær ok fjærri. Þat var eitt vor, er Ketill spurði, hvat Rólfr konúgr ætlaði at athafast um sumarit. Hann svaraði: mun eigi ráðligt at fara til Svíþjóðar, ok leita mægða við Eirek konúgr, svá sem þú talaðir fyrr. Ketill mælti: undarligt er yðvart lyndi, þer látið fyrst hjá yðr líða, þat er talat er, ok gefit aungan gaum at þá í stað, þó yðr sè þat í hug, þá minnist þer á þat stóan, ok látið þá sem nýmælt sè, þá er margir vetr líða; er mér samt í hug sem þá, ok er ekki at fræsta. Konúgr mælti: hefir þú nokk-ut frètt af þessari mey? Ketill svarar: með öllu ekki annat, enn þat sem ek hefi þer áðr afsagt. Konúgr mælti: frètt hefi ek at hún er bæði vitr ok væn, ok svá er mér flutt, at svá sè hún stór ok stolt, at hún vill, at engi maðr kvennkenni hana, ok hún sè tekin til konúngs yfir þriðjúng Svíþjóðar, ok hennar atseta sè á Ullarakri, ok haldi þar hirð sem aðrir konúngar; heyrnt hef ek þat ok sagt, at hennar hafi beðit nokkrir konúngar, ok hafi suma látit drepa, suma hafi hún látit klækja á einhvörn hátt, suma blinda, gekda, handhöggva, eðr fóthöggva, en valit öll orð hæðilig með svívirðu; ok vill hún svá afvenja, at þess-

1) hneykja, C; meakja, V.

ara mála sè leitast; sè ek ok at þessi ferð mun hefjast mjök tveim stofnum, því ef vèr fáum þetta ráð fengit, mun oss í aukast frami í ferð þessari, hitt elligar, at vèr munum fá af þessari ferð skömm ok sneipu ok æfínlígt athlægi. Ketill mælti: litlir eruð þèr margir brjósti, þótt þèr sèið gildir samanreknir, ok er yðr þat mikil athlægi, at treystast varla at flytja við einn kvenntmann eyrindí, vænti ek ok þess, því meira dramb sem hún hefir á sik dregit, at því vesallígar falli hennar ofstæki, þegar sá tími er kominn, er þar verðr endir á. Rólfr konúngr mælti: nú með því at þú frír hugar um ferð þessa, þá vil ek senda þik til Danmerkr eptir Íngjaldi, fóstbróður mínum, vil ek at hann fari þessa ferð með mér. Síðan hættu þeir tali sínu; býr Ketill ferð sína til Danmerkr. Íngjaldr bregðr við skjótt, ok ferr á fund Rólfs konúngs. Konúngr fagnar honum vel, ok segir honum sína fyrirætlan. Íngjaldr tekr vel, lézt vænta með konúngs hamíngju, at góðan enda mundi eiga þeirra eyrindi um þat er lyki, þótt nokkut seinkaðist. Rólfr konúngr segir Katli, bróður sínum, at hann skal vera heima ok gæta ríkis. Ketill mælti: þèr munuð ráða, herra! en undra ek at þèr kallið mik þat ómannan, at ek sè eigi hæfr í yðru föruneysi. Konúngr mælti: eigi skaltu svá virða, bróðir! þvíat þá skaltu fara þessa ferð, ef vèr þurfum við nokk-

6-7K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 77

urra harðræða, en vèr munum þessara mála leita fyrst með hógværi ok góðu þoli, ef þess er kostr. Var Ketill eptir enn nauðugasti, ok kvað þeim fyrir þat illa farast mundu. Lyptir Rólfr konúngr ferð sinni, ríðr heiman við 60 manna; var þetta lið mjök valit bæði at mannvirðing ok skartsamligum búnaði klæða ok vopna; ríða síðan sem leið liggr, létta eigi fyrri sinni ferð, enn þeir kvomu til Uppsala.

7. Nú er þar til at taka, sem Eirekr konúngr er; hann átti sèr drottníngu vitra ok væna; hún hendi mikit tal af draumum; hún hét Íngigr rór. Þat var eina nótt, er drottníng vaknaði í sæng sinni; hún talar við Eirek konúng, ok mælti: ek mun hafa illa látit í svefni. Svá er, segir konúngr, eða hvat dreymdi þik? Hún svaraði: úti var ek stödd, ok þóttumst ek lítast um, en því brá við, at sá um alla Svíþjóð, ok miklu víðara; ek sá upp til Gautlands, ok svá gjörla at ek sá þaðan renna vargaflokk mikinn, ok híngrat þótti mèr þeir stefna á Svíþjóð, en fyrir vörgunum fór hit óarga dýr; þat var harðla mikit; þar fór, eptir hvítabjörn, þat var rauðkinnr; bæði þóttu mèr dýrin sléttfjölluð ok kyrlig, ok láta ógrimmliga, en þat þótti mèr með ólíkendum, hvörsu skjótt híngrat þar dýrin, eða hvörsu gjörla ek þóttumst þau sjá, ok eigi þótti mèr færra saman enn 60; ek þóttumst vita, at þau mundu híngrat ætla til Uppsala;

ek þóttist kalla á þik, ok segja þér til, ok í því vaknaða ek. Konúgr mælti: frú! segir hann, fyrir hvörju ætlar þú slíkt vera? Hún svaraði: þarsem sá varga, þat eru manna fylgjur, en þarsem hit óarga dýr fór fyrir, þat er konúgs fylgja, ok mun hann vera formaðr hinna; rann í hjá honum einn hvítabjörn, þar mun þessum konúgi fylgja nokkur kappi eðr konúgsson, þvíat björninn er sterkr, ok merkir hann sterka fylgð, ok þiki mæð mikil væn, at yðr sæki heim nokkur ágætr konúgr; var þetta dýr miklu meira ok sterkara, enn ek hafi spurn af, at svá mætti verða. Konúgr mælti: hvaðan ætlar þú þenna konúg at koma, eða hvörsu skaðvænliga þiki þér þetta vera munu voru ríki. Drottning mælti: skylda ek nokkut um ætla, þá vænti ek, at þessi konúgr fari með aungri stríðu í þetta sinn, þvíat þessi dýr voru hýr, en ef ek skyldi geta til, þá er þat mín ætlan, at þetta hit mikla dýr muni vera fylgja Rólfs konúgs Gautrekssonar af Gautlandi, með því at þaðan runnu þessi dýr at, en hvítabjörninn get ek vera fylgja Íngjalds, fóstbróður hans. Konúgr mælti: hvat mun kappinn Rólfr vilja hín gat á vorn fund? Drottning mælti: or slíku öllu verðr gátu at gjöra svá búit, en með því dýrin voru hýr í viðbragði, get ek at þeir fari með friði ok góðum hug til vor, þætti mæð líkast, at Rólfr konúgr mundi

7-8K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 79

hafa þat eyrindi, sem margir hafa áðr haft, at biðja Þornbjargar, dóttur yðvarrar, er hún nú frægust kvenna hingat í Norðrlönd. Konúgr mælti: ekki kann ek Hrólfi at ætla þessa dul eða öðrum þeim konúgi, er svá litlu ríki stýrir, þarsem áðr hafa beðit hennar þeir konúgar, er haft hafa undir sik aðra skattkonúnga, ok far ekki, frú! með slíka draumóra! Drottning mælti: eigi tekr til þess nema þurfi, hvat ek ætla um þetta. Konúgr mælti: hvörsu skal ek gánga í móti Rólfi konúgi, ef hann kemr hér, eða taka hans máli, ef hann ferr þessara eyrinda? Hún svaraði: vel skulu þer taka Rólfi konúgi, ef hann sækir yðr heim, ok sýna honum ena mestu blíðu, því hann er hinn mesti afreksmaðr um marga luti, ok eigi víst at yðar dóttir fái frægra mann, enn sem mér er hann sagðr. Ok eptir þetta skilja þau sitt tal at sinni; líða nú nokkrir dagar.

8. Nú er sagt Eireki konúgi, at kominn sé í staðinn Rólfr konúgr Gautreksson með 60 manna. Konúgr fékk menn til at bjóða honum til veizlu í höll sína. Sem Rólfi konúgi komu þessi orð, ferr hann á konúngs fund, ok var honum tekit vel ok sæmiliga, en með öngri blíðu eðr ölværð, var honum skipat í öndvegi á enn óæðra bekk; komu þeir síð dags. Voru þá tekin borð ok vist, ok drykk inn borinn; ok er þeir höfðu drukkit um hríð, voru margir vel kátir. Rólfr konúgr var heldr

hljóðr ok fátalaðr. Eirekr konúgr orti orða á hann, ok spurði tíðinda af Gautlandi eða annarstaðar, þarsem hann hafði frèttir. Rólfr konúgr sagði með öllu tíðindalaust af Gautlandi. Eirekr konúgr mælti: en hvör eru eyrindi yðar hínгат til vor Svíanna, er þer ríðið um hávetr með margmenni? Rólfr konúgr svaraði: vèr höfum verit sjálfráðir ferða vorra hér til, hvörsu sem þat berr til hédan af, hvort sem vèr höfum farit á skipum eðr hestum; en þar sem þer spyrið at eyrindi voru, þá höfðu vèr ætlat at bera þau fram í meira tómi; en nú þar sem þú frèttir at, þá ætla ek at vèr þurfum þeim eigi at fresta, þvíat satt er þat mælt, er aptans bíðr ófróm sök; er þat eyrindi mitt hínгат, at ek mæli til mægða við þik, en til samfara við Þornbjörgu, dóttur þína, vildu vèr nú skjótt heyra skír andsvör voru máli. Eirekr konúgr svaraði: kann ek glensyrðum yðrum Gautanna, at þer talið margt kátligt, þá er þer drekkið, ok má þat eigi allt marka, man ek vera nærgætr yðr Gautunum, ok yðru eyrindi. Mèr er sagt, at þar sè hallæri mikit með yðr Gautum, berr þat mjök til, at Gautland er óvitt¹⁾ ok lítt aftektum, en mannfjöldi mikill. Þer fæðið jafnan mikinn her á yðrum kostnaði, ok eruð örlátir ok góðir af yðru, meðan til er; nú þikjumst ek vita, at þer mun þikja mjök atskorpna; ok munu þer því hafa heiman farit,

¹⁾ ónýtt, C.

at yðr mun þikja illt at þola sult ok harðrætti; þat er ok mikil vorkun, at slíkum mönnum sem þér eruð, þiki þat vera mikil vandræði, at vera við þat, ef þú mátt eigi halda þroska þín-um. Var þetta ráð miklu vitrligra, at leita sér hjálpar þángat, sem líkast þótti, heldr enn velta af út í vesöld, vil ek þetta vel fyrir þér virða, þótt þú væntir þér hér nokkurrar hjálpar af oss, vil ek þat skjótt gjöra augljóst fyrir þér, hvörn beina þér fáið í voru ríki. Vèr viljum lofa yðr mánaðar yfirfór um vort ríki, ef þér villð með þökkum taka þessa dvöl, ok ef annar konúngr veitir yðr slíkar hjálpir, þá er mikil von, at þú komir þessu fólki ósoltnu heim, sem með þér ferr, en far ekki með þann hægóma, at þér biðð kvenna, hvorki minnar dóttur né annarra, þvíat þat mun yðr at skjali einu verða, meðan þér eruð svá af yðr komnir af skort ok hallæri, en þá er þessi tími er úti, mun enn nokkut fyrirbrenna, er þér komið heim, ok beri þér fyrir þetta engan hugarekka svá búit.

9. Rólfur konúngr hlýddi vel orðum konúngsins; ok er konúngr lauk sínu máli, mælti Rólfur: herra! eigi er þat satt, at oss skorti mat í voru landi, eða þurfum annarra ölmusa, vorum mönnum til hjálpar, en þóat þetta þrot sækti oss, þá mundum vèr fyrr aðra heimsækja enn yðr; lízt þetta gjört til vor þarfleysu kalls;

ok fundu menn, at Rólfr konúgr reiddist harðla mjök, þó hann hefði fá orð um; ok skildu konúgar í þat sinn, ok fóru menn at sofa. Var þeim Rólfi konúgi fylgt til einnar skemmu at sofa. Eirekr konúgr gekk ok til sængr sinnar, var drottning þar fyrir, ok tóku þau tal með sér. Hún spurði: er Rólfr konúgr kominn á yðvarn fund? Svá er at vísu, segir konúgr. Hún spurði: hvörsu lízt þér á Rólfr konúgr? Eirekr konúgr segir: skjótt er þat at segja, öngvan mann hef ek séð meirá ok sterkligra, ok at öllu vænna ok kurteisara, þat er ek má líta af hans viðbragði, nè at öllu betr skapaðan. Drottning mælti: svá hefir mér flutt verit, eða hefir þú nokkut við hann talat, eða reynt hans vizku. Konúgr segir henni allt þeirra viðrtal, hvörsu farit hafði með þeim: ok þat hygg ek, segir hann, at hann sé langt umfram flesta menn, bæði at viti ok flestum íþróttum ok þolinmæði. Drottning mælti: þá hefir nú illa tiltekizt, er þú skalt svá illa leitast hafa slíks höfðingja, sem Rólfr konúgr er, ok fyrir þetta munu þér eiga, ok yðvart ríki, von af honum stórra ónáða ok lángra, þvíat þat er mín ætlan, þótt yðr þiki hann hafa lítit ríki, at meiravinní hans frami ok hreysti með konúngligu náttúrabragði, enn liðsfjöldi nokkurs konúngs hingat á Norðrlönd; þvíat mér er svá flutt, at hann sé langt umfram aðra konúnga. Konúgr mælti: bæði er, at hann er mikit afbragð annarra

manna, enda finnst þér mikit um konúng þenna, eða hvat er nú til ráðs? Drottning mælti: skjót er mín tillaga, herra! ek vil at þér vægið fyrir Rólfi konúngi í orðum, þvíat með sönnu segi ek þér þat, at þér mun verða þúngt at etja við hann þrái eör kappi, þvíat hann hefir styrk af Danakonúngi, þvíat hann ræðr öllu með Ríngi konúngi, fóstura sínum. Konúnger svaraði: vera má, at oss hafi missýnzt um þetta mál, eða hvörsu skal ek nú svá tala eða gjöra, at honum líki vel? Drottning mælti: þat legg ek til ráðs, at á morgin, er þeir koma í sæti, ok þér hafið drukkit um hríð, þá skaltu kasta gleðiorðum á Rólf konúng, ok spyrja at hans framaverkum, er hann hefir unnit; en ek get, at hann muni vera fár, ok mun eigi úr minni liðit yðvart tal. Síðan skaltu spyrja at eyrindum hans, ok láta svá örvænliga, sem hann hafi aldrei getit sinna eyrinda fyrir þér; en ef hann víkr á, eða talar þar til nokkrum orðum, þá seg þú at þú munir eigi, at þið hafið nokkut viðtalazt nema vel ok vingjarnliga, en ef þat hefir nokkut verit, seg at þat viltu gjarna ómælt hafa, ok ef hann víkr nokkut á bónorðit, þá vilda ek, at þú svaraðir vel til, ok vísir eigi frá, ef hann fengi jáyrði af henni til þessara mála; gjörið yðr blíða ok auðvelda í þessu máli, vænti ek at þá fari vel ykkar í milli, þiki mér þó eigi ráðit, hvörsu auðveldliga gánga

meijarmálin, þótt þér leggið samþykki til. Ok eptir þetta sofa þau af um nóttina. Ok um morguninn, er menn komu undir drykkjuborð, var Eirekr konúgr allkátur, ok orti mjök á um gleði við menn Rólfs konúngs. Sem Rólfr konúgr heyrði þetta, hlýddi hann til, ok var heldr fátalaðr, ok er Eirekr konúgr fann þetta, mælti hann: svá er mál með vexti, at þú, Rólfr! ert kominn í vora höll eptir mínu boði, ok þvíat mér finnst svá, at þér hafið eigi alvöru gleði, svá sem dýrra höfðingja er háttr til at veizlum, viljum vèr gjarna, at þér gjörð oss kunnigt, hvat veldr yðvarri ógleði, svá at vèr megum fullgjöra alla yðra gleði með eptirlæti, svá at yðar konúnglig tign hèlði sinni virðing með eptirlæti þeirra luta, sem vèr megum yðra sæmd auka; þar í mót vildum vèr þiggja af yðr með gleði frásögn þeirra fremdarverka, sem dagliga segjast af yðar snildarverkum ok bardögum; er oss þar áðr allmikil afsagt. Rólfr konúgr mælti: þat mun enn, sem annat, þat sem til mín kemr, at yð Svíum mun þikja lítt umvert. Eirekr konúgr mælti: mikil hefir oss verit sagt af vænleik þínum ok atgjörfi, ok virðist oss svá, at þar meg eigi ofsögum frá segja um allan þinn vænleik, kurteis og hæversku, eða hvörsu gathall maðr ertu, Rólfr? Ek em nú 18 vetra gamall. Konúgr svaraði: afbragðs maðr ertu, eða hvört ætli þér ríða, eða hvat hafi þér at eyrindum,

er þér hafið sétt á vörn fund? Rólf undraði mjök, er konúgr spurði þessa, ok hugði at konúgr mundi vilja endrýfa sín atyrði; hann mælti: eyrindi vort var kunnigt gjört, ok ætla ek eigi or minni fallit oss Gautunum, hvör andsvör vèr fengum af yðr þar í mót. Konúgr mælti: eigi man ek, at þér hafið nokkur eyrindi við oss flutt, byrjar þat eigi vorri konúgligri tign at mæla (nema á góðan hátt) við jafn virðuligan höfðingja sem þú ert, ok ef vèr höfum þat nokkut talat, at yðr mislíki, þá mun þat satt, sem mælt er, at öl er annar maðr; viljum vèr þat allt með skinsemi aptrtaka, ok láta sem ómælt sè, ok þegar ek geymi at mínum orðum, þá vil ek velsvara yðru máli; munu ok þau ein efni á vera. Rólfr konúgr sá, at nú var skipat lyndi Eireks konúngs, ok hefir nú bónorð í annat sinn, flytr nú bæði vel ok skörugliga, ok er hann hætti sínum flutning, mælti Eirekr konúgr: þessu máli viljum vèr vel svara, þvíat þat er mikil von, at oss bjóðist eigi fremri konúgr til mægðar, enn þú ert, en þér munuð spurn af hafa, at dóttir vor er eigi með oss, ok vèr höfum gefit henni þriðjung ríkis vors, ok ræðr hún því svá sem konúgr; hún er rík ok stórráð, ok hefir hirð um sik svá sem konúngar; margir konúngar hafa hennar beðit ok konúnga synir; hefir hún öllum frá vísat með hæðiligum orðum, suma hefir hún látit meða. Nú með því at mèr er hennar þessi

framferð ekki at skapi, þvíat hún gjörir af sér mikit ofbeldi, þvíat engi maðr skal hana þora at kalla öðruvísi enn með konúngs nafni, utan hann þoli af henni nokkut harðrètti; nú ef þú vill sækja þessa konu þer til handa, hvort sem þat er heldr með ráðum eða harðfengi, þá viljum vèr til þess orðlof gefa af vorri álfu, en þar í mót viljum vèr af yðr þiggja ró ok náðir vorum mönnum ok öllu voru ríki, þóttu þurfir með bardaga þessa at freista, viljum vèr ok henni aungan styrk veita yðr í móti ok sitja svá kyrrir hjá öllum ykkrum samskiptum. Rólfur konúngr kvaðst eigi frammar beiðast af konúngs hendi, [ok bundu þetta fastmælum¹ sín í millum, drukku nú glaðir ok kátir; veitti Eirekr konúngr hit skörugligasta. Ok at liðnum þremr dögum býst Rólfur konúngr í braut, ok skildust konúngar með blíðri vináttu, létir hann eigi fyrr sinni ferð, enn hann kemr á Ullarakr með sitt föruneyti, þarsem Þornbjörg ræð fyrir. Þeir komu þar snemma dags, var þeim sagt, at konúngr sitr yfir borðum með allri hirð sinni. Konúngr valdi með sér 12 af sínum mönnum, þá er fræknastir voru, ok bað þá ganga inn í höllina með sér með brugðnum sverðum: enn annat lið vort standi úti með búna hesta vora! Ok enn mælti Rólfur konúngr við menn sína, þá er inn skyldu ganga: vèr skulum svá at háttu, at ek skal ganga fyrstr, ok

¹) hættu nú tali, C.

við Íngjaldr, þá hvorr at öðrum, ok ef svá berr til, at vor verði freistat með nokkurri áleitni, þá verið yör sem bezt, ok gáangi sá fyrstr út, er síðast gekk inn, förum sem djarfligast! Eptir þetta gánga þeir í hallina; ok svá sem (þeir) voru inn komnir, sátu allir menn undir borðum á báða bekki, ok var hallin alskipuð. Engi maðr heilsaði á þá, ok allir urðu hljóðir við þeirra kvomu. Rólfr konúngr gekk innar fyrir há-sætit, sá hann at þar sat harðla voldugr maðr með konúngs skrúða ágætum; þessi maðr var fagur ok frfór. Allir menn, þeir sem inni sátu, undruðust vöxt ok vænleik Rólfs konúngs, en engi maðr kastaði orðum á þá. Rólfr konúngr tók hjálminn af höfði sér, ok hneigði konúnginum, en stakk blóðreflinum í borðit, ok mælti: sitlð heilir, herra! ok í náðum allt yðvart ríki! Sem konúngr heyrði orð hans, ansaði hann aungu orði, ok eigi leit hann af út. Sem Rólfr konúngr sá mikit ofstæki konúngsins, tók hann til orða: ek er svá kominn, herra! á yðvarn fund eptir ráði ok samþykki Eireks konúngs, föður þíns, at leita yör sóma, en mæ framgángs, til þess at binda við yör unaðsamligt eptirlæti, þat sem hvorr okkar má öðrum veita eptir boði náttúrunnar, fyrir utan allt ángr eðr ónáðir. Konúngr leit við honum, ok mælti: þer munuð vera hér til vor komnir svá sem eitt fól, á hvörn hátt sem þer eruð kallaðir, þar sem þer eruð landvanir, þikkjumst ek gjörla

skilja, at þat unaðsamligt eptirlæti, er þer krefið af oss, er matr ok drykk, ok þat viljum vèr við aungan mann spare, þann er þessa er þurfandi, ok af oss vill (þiggja); megi þer vel þessa yðra beiðslu fram hafa við þann, er vèr höfum þat starf fengit, en gefið oss náðir af slíku kallsi, þvíat engis manns bryti eða þjónustumaðr ætla ek at vera, hvarki þinn nè annarra, ok haf þik skjótt í þann stað, ok þínir sveitúngar, er þú mátt slökkva húngr þinn ok þorsta, en lát oss sitja í náðum af yðar kalsi, ok alla vora vildarmenn. Rólfr konúngr mælti: eigi er þat satt, at vèr krefjum af yðr í þetta sinn matar nè drykkjar, þvíat þat höfum vèr áðr í nóg, en með því at vèr vitum, at þú ert heldr dóttir Svía konúngs enn son, þá viljum vèr nú ok með ákveðnum orðum flytja vort eyrindi með stöddu samþykki föður yðvers, ok biðja þín mér til kvanar, til styrktar ok stjórnar voru ríki, til upphalds ok eflingar öllu voru afkvæmi, því sem af okkr lifnar. Sem konúngr Þorbergr heyrði þessi orð Rólfs konúngs, var hann svá óðr ok æfr, at hann vissi trautt, hvat hann skyldi athafast; hann bað alla sína menn vopnast þar í hallinni, ok taka ok binda þetta fól: er oss leitar svá mikillar háðúngar, er svá hyggst at ófrægja sjálfa oss ok skemma, þvíat eigi munu dæmi til finnast, at jafn háðulig orð hafi töluð verit við nokkurn konúng eða kempu, þá er sín vâpn kann bera; skal svá

9-10 K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 89

launa ok afvenja smákonunga at hæða oss eða gabba, svá heldr konúnginn föður vorn. Þessi konúngr hafði alvæpni yfir sèr, ok allir hans menn. Síðan grípr hann fyrstr til vopna, ok svá hvorr at öðrum, er nú brak mikit ok óp í hallinni, er hvorr eggjar annan. Sem Rólfr konúngr sá þessa styrjöld, setti hann hjálm á höfuð sèr, ok bað sína menn útganga, gekk sá nú fyrstr út, sem síðast gekk inn, en hirðin öll, svá sem viðkomst, sótti at Rólfi konúngi með ákafa. Rólfr konúngr hopaði utar eptir hallinni, ok hafði skjöldinn fyrir sèr, en hann hjó með sverðinu, sem hann við komst. Svá er sagt, at hann drap 12 menn á höllinni, ok er þeir komu út, sá hann at engi efni voru til viðtöku sakir liðsfjölda, var þat ráð þeirra, at ríða undan at sinni; skorti þá eigi óp ok eggjan, er staðarmenn geystust eptir þeim, hvorr fram at öðrum. Rólfr konúngr bað sína menn undan ríða, ok skilr með þeim fyrst at sinni, þvíat staðarmenn höfðu eigi hesta í hjá sèr til eptirreiðar; urðu menn Rólfs konúngs flestir fegnir, er í braut komust; er nú ekki sagt af þeirra ferð, fyrr enn þeir komu heim í Gautland, ok undu illa sinni ferð.

10. Svá er sagt, at eptir þessa elting Svía snúa þeir til hallar sinnar, lætr konúngr ræsta höll sína ok bera á braut þá, er fallit höfðu; spyrjast nú þessi tíðindi víða, ok þótti þessi ferð hin hæðiligasta. Sem konúngr var kominn í

sæti við hirð sína í annat sinn, spurði Svíakon-
 úngr, hvört þeir kendi nokkut þenna mann, er
 þá hefði svá gabbat. Þeir svöruðu, ok sögðu at
 hann hét Rólfr, ok var konúngr á Gautlandi:
 er hann auðkendr, sögðu þeir, sakir vaxtar ok
 vænleiks. Konúngr mælti: skjótt kendum vèr
 hann at frásögn manna, ok er slíkt afburðar-
 maðr, ok mun vera vitr maðr ok þolinn, ok
 sýndist maðrinn staðfastligr, ok munda ek ætla
 at væri óbráðreiðr ok þrár á þat, sem hann færir
 fram, ok svá skulu vèr viðbúast, sem þessi maðr
 munni vitja optar á vorn fund Svíanna, skulum
 vèr leita at smiðum, ok láta virki gjöra um
 allan stað vorn¹ harðla styrkt ok rammgjört,
 ok búa síðan með þeirri vèlfimi, at eigi megi
 sækja, hvorki með eldi nè járn, þvíat ek hygg
 at þessi konúngr hyggi á hendr² oss. Sem
 þetta var allt gjört eptir konúngs vilja ok for-
 sögn, lætr Þorbergr konúngr þar í búa með
 vígvælum bæði valslaungur ok skoteld; er þetta
 vígi svá örugt gjört, at flestum þótti ólíkindi
 at vinna mætti, ef vaskir menn væri í virkinu,
 þikist konúngr nú hafa um örugt at sitja, biðr
 nú kátr ok glaðr við sína menn þess er at hönd-
 um kemr; má nú engi á hans fund komast utan
 hans orðlof.

11. Þar er nú til at taka, er Rólfr kon-
 úngr kom heim í Gautland, ok eigi eyrindum
 feginn. Ketill, bróðir hans, gengr í mót honum,

¹) járn, b. v. C. ²) við, ofaukið í A; hefndum við, B, C, V.

11 K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 91

ok spýrr, hvörsu farizt hafi. Rólfr segir honum öll þeirra viðskipti. Ketill mælti: slíkt er mikil skömm, at þola einum kvennmanni, at vera eltr sem mer í stóði eða hundr¹ á stöðli, veit ek víst, ef ek hefði þar verit, at eigi mundi þessi ferð hafa orðit jafnhæðilig, ok fyrri skyldu vèr þar hafa fallit allir, hvorr um þveran annan, enn at láta eltast sem ragar geitr fyrir vargi; ok mun yðr í hug at láta þessa eigi lengi óhefnt, ok munu þèr nú þegar safna liði öllu, því er yðr þikir nokkur fylgð at vera. Rólfr konúngr svarar: ekki hirðum vèr um ákafa þinn ok álitaleysi; mundi vor ferð at öllu verri, ef vèr hefðum farit at rasi² þínu ok ákafa, en víst skaltu þat vita, at ek ætla liði at safna, en ekki því heldr ætla ek til Svíþjóðar sumarlángt. Ketill mælti: þetta er orðit allilla, at Svíar hafa elt or yðr hug allan, svá at þèr þorið eigi at hefna yðar. Konúngr kvaðst ekki hirða um fors hans eðr atköst, kvaðst sínum ráðum mundu framfara. Var konúngr um þetta fátalaðr sem margt annat, hvort sem honum þótti vel eðr illa. Liðr nú vetrinn, ok um vorit býst konúngr or landi, ok er hann er búinn, heldr hann í hernað um sumarit, ok hafði 5 skip, ok öll stór ok vel skipuð; voru þeir báðir með honum, Ketill ok Íngjaldr. Þeir herjuðu víða um Vestrlönd, Hjaltland, Suðreyjar ok Orku-

¹) naut, C. ²) ráði, B, C.

eyjar ok Skotland. Þeim varð þar gott til fjár, ok er áleið sumarit, setluðu þeir heim at fara; ok eitt kvöld lögðu þeir undir ey eina, ok tjölduðu þar yfir skipum sínum. Ok er þeir höfðu umbúizt, gekk Rólfr konúngr við nokkra menn um þvera eyna. Þeir sá ðörumegin undir eyjunni, at skip lágu 9 saman; þeir sá at þat var víkingaskip. Konúngr gekk aptr til skipa sinna. Hann bað Ketil, bróður sinn, skjóta báti, ok forvitnast, hvörr formaðr væri þeirra skipa. Hann gjörði svá, reri til skipanna, ok spurði, hvörr formaðr þeirra væri. Maðr stóð upp í lyptíngu á einu skipi, mikill ok vænligr; hann tók til orða: ef þú spyrst at formanni skipa þessa, þa heitir hann Ásmundr, ok er son Ólafs konúngs af Skotlandi, eðr af hvörjum eruð þér sendir? Ketill svarar: mik sendi á yðvarn fund Rólfr konúngr Gautreksson, at segja yðr at hann mun hér koma á morgin, ok vill hafa fè yðvart ok skip, ok brytja yðr vörgum, nema þér gefið í hans vald allt þat, er þér hafið meðferðar. Ásmundr svarar: vitum vèr at Rólfr konúngr Gautreksson er ágætr at mörgum frama, þeim sem hann hefir í hernaði unnit, en nú, þarsem ek er konúngsson, ok hefi ek nógan liðsfjölda, þá segið svá Rólfi konúngi, at vèr munum eigi uppgefast at óreyndu, skulum vèr ok hafa 5 skip í móti yðrum 5 skipum, ok vinna þetta með aungum

11 K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 93

tröllskap. Eftir þetta ferr Ketill aptr, ok segir þetta Rólfi konúngi, sem háttat var, kvað þetta vera enn vænasta mann ok enn bezta dreng. Um morguninn bjuggust við hvorirtveggju, lét Ásmundr leggja hjá 4 sín skip; tóku þeir síðan at berjast, var þessi bardagi bæði harðr ok lángi ok ákafr, gekk Ásmundr fram af mikilli hreysti, ok eigi þóttist Rólfr hafa átt við hraustari menn; féll margt af hvorumtveggjum; sá Rólfr konúgr at ekki mundi í tveim höndum mega hafa, ok ræðr þá til uppgaugu, ok hans menn, á skip Ásmundar; varð þá mannfall mikit; hét Ásmundr fast á sína menn, ok gekk fram af mikilli hreysti. Þá kom Rólfr konúgr mót honum, féll nú margt af hvorumtveggjum, ok þó fleira af Ásmundi. Nú eiga þeir höggum at skipta, ok gengr hvorttveggi at með öllu afli. Rólfr biðr aungan mann skakka þeirra í millum. Ásmundr varð sár mjök í þeirra viðskiptum, ok er Rólfr konúgr sér hann eigi at sðr berjast með fræknu hjarta, mælti Rólfr: þat vil ek at við talimst við, ok hvílumst. Ásmundr bað hann ráða. Rólfr talaði þá: ek hefi verit nokkur sumur í hernaði, ok fann ek aungan þinn jafningja at hreysti; nú með því at lið þitt er margt sárt ok fallit, þá eru nu 2 kostir af minni hendi: at þú skipa í annat sinn af ósárum mönnum skip þín, ef þú vill lengr berjast, reynum þá til þrautar með oss: hinn

-er ánnar kostur, at vèr setim grið með oss, ok vil ek þá bjóða þér á fóstbræðralag, ok gjörum svá trausta vora vináttu! Ásmundr svarar, ok kveðst þat vilja, ef þér leggið eigi ámælisorð á bak mèr eða liði mínu. Rólfr kvaðst eigi hafa fundit hraustari menn fyrir. Eptir þat bað Rólfr konúgr þá hætta at berjast, var þá brugðit upp friðskildi, leggja þá hvorirtveggju undir eyna, ok bundu sár sín, var þá hroðin 2 skip af Ásmundi, en eitt af Rólfi. Eptir þat sver hvorr öðrum trúnað, ok aldrei at skilja nema með samþykki beggia þeirra. Eptir þat skiptir Ásmundr liði því, sem eptir er, skipar eitt skip harðla vel at mönnum ok vápnum, en annat lið sitt sendir hann til Skotlands. Af honum höfðu fallit 2 skipshafnir, en ein af Rólfi; [en þat lið¹, er Ásmundi þótti bezt fylgð í, ok harðfengast, hefir hann með sér á einu skipi, ok fylgir nú Rólfi konúngi heim í Gautland, virðist Ásmundr hinn vaskasti maðr ok hinn fræknasti, ok gekk næst Rólfi konúngi um allar íþróttir, ok vantaði hann þó mikit. Sitja þeir allir samt þann vetr í Gautlandi í góðum friði ok mikilli gleði. Jafnan minnti Ásmundr Rólf konúng á, nær hann mundi vitja meyjar málanna í Svþjóð, ok var mjök eggjandi þessar ferðar. Konúgr var jafnan fátalaðr um ferð þessa, en hann hafði raun af Katli, bróður sínum, er hann eggjaði á með

¹) Þannig V; með því liði, A, C.

kappi; ok er voraði býst Rólfr konúgr or landi, ok hafði 7 skip, ok öll vel búin, ok hit ágætasta lið. Þá gjörir Rólfr konúgr bert fyrir liði sínu, at hann ætlaði þá til Svíþjóðar, bað konúgr þá Ketil frænda sinn eigi eptir vera, ok fóru þeir allir fóstbræðr í ferð þessa; halda síðan til Svíþjóðar með öllu þessu liði.

12. Ok þá enu sömu nótt, er¹ þeir komu við Svíþjóð, dreymdi Íngigerði drottningu, ok segir hun Eireki konúngi drauminn: ek þóttumst enn úti standa, ok var mér enn víðsýnt; ek sá til sjófar, at hær voru komin skip eigi allfá við land, en af skipunum runnu margir vargar, en fyrir vörgunum fóret óarga dýr, þar með fóru hvítabirnir 2 harðla miklir ok vænligr; fóru þessi dýr öll jafnframt, en öðrumegin fram hjá óargadýrinu hljóp fram göltr einn, hann var ekki svá mikill, sem hann var vígligr, svá at slíkan hef ek öngvan séð, hann rótaði hvörri hæð, ok lét sem hann mundi umsnúa, ok fram horfði hvört hár á honum; hann lét sem hann mundi á allt hlaupa, ok bíta þat er í nánd var. Nú þikjumst ek vita, at þar sem hit óarga dýr er, at þat er fylgja Rólfs konúngs, svá sem ek sá hana fyrr; en þó var hún nú miklu ófrýnligr enn fyrr, ok öll dýrin miklu grimligr, ok runnu þegar á land upp, ok á leið til Uppsala. Eirekr konúgr mælti: en hvat ætlar þú, hvörs fylgja sá enn illiligi

¹) áðr, C.

göltr mun vera, er þú sátt, þvíat sú fylgja var ekki næstum í þeirra ferð, ok eigi var þá meir enn eitt bjarmdýr. Drottningmælti: sagt heyri ek at Hrólfr konúgr eigi bróður, er Ketill heitir, manna minnstr ok skjótligastr, fullr ákefðar ok ofbeldis, ok sè hinn hvatasti til allrar framgöngu; þat er mín ætlan, at þessi göltr sè hans fylgja, þvíat hann var ekki næstum með Rólfi konúngi, bróður sínum. En þar sem 2 voru hvítabirnir, get ek Rólfr konúgr hafi fengit sèr nokkurn ágætan mann til fylgðar, konúng eða konúngsson, ok gjörið nú svá vel, herra! haldið öllu samtali við Rólf konúng, mun hann nú ætla at vitja meyjarmálanna, mundi margr fyrr hafa hefnt slíkrar sneypu, sem honum var gjör, eptir því sem vèr heyrðum, þá er hann íór á Ullarakr, ok svá mikit sem yðr varðaði at gjöra hans vilja næstum, þá mun yðr nú varða miklu meira, þvíat hann er nú allilla beygðr, ef hann náir eigi þessum ráðahag, sem hann hefir tilstofnat. Konúgr kvaðst svá gera mundu. Nú var sagt konúngi, at Rólfr konúgr var við land kominn. Eirekr konúgr býðr honum með hundraði liðs til veizlu virðuligrar, ok þetta þiggr Rólfr konúgr. Eirekr Svíakonúgr gengr í mót honum með mikilli gleði með alla hirð sína; sitja þeir þar í enum mesta þris nokkurar nætr, skorti þá eigi at Eirekr konúgr veittir þeim með enum mesta góðvilja. Ok einn dag, er þeir sátu við

drikk, spurði Eirekr konúgr, hvört Rólfr konúgr ætlaði at vitja meyarmálanna. Hann læzt enn á þat mundu hætta, hvörsu sem til-tækist. Konúgr mælti: nú mun svá fara, sem ek sagða þér fyrr, at við þetta mál muntu þurfa, ef þú skalt nokkru áleiðis koma, bæði ráð ok harðfengi, er oss sagt at konúgr hafi mikinn viðbúnað, hefir hún látit gjöra et sterkasta virki með enum (mesta) hagleik ok margskonar vèlfimi, ætlum vèr þat eigi auðvelt at vinna. Nú vil ek efna þat allt, sem ek hefi yðr heitit, ok unna yðr, Rólfr konúgr! þessa ráðs með því ríki, sem vèr höfum henni í vald gefit, þar til er vèr látum af landstjórn, en síðan skulu þer taka allt þetta ríki eptir vorn dag, ef þer fáid hana unnit. Hrólfr konúgr þakkaði Eireki konúngi herrasamlig ummæli, kvaðst eigi beiðast frammar af hans hendi.

13. Litlu síðar búast þeir í braut, ok létta eigi ferð sinni, fyrr enn þeir koma á Ullaragr. Fyrir allri þeirra ferð hafði gengit hin vissasta njósn, ok hafði Svíakonúgr látit sterkliga byrgja aptr virkit, svá at þar mátti með aungu móti innkomast. Ok er Hrólfr konúgr kom við sínu liði, skorti eigi þys ok vopna-brak í bænum, sá þeir þar mikinn viðbúnað. Hrólfr konúgr bað sína menn setja herbúðir sínar, bað þá svá umbúast, at þeir mundu þar lánga dvöl eiga. Hrólfr konúgr mælti þá við

Ketil, bróður sinn, bað hann nú vinna virkit með áhlaupum ok orðaskrumi. Ketill kvaðst ætla at gánga at eigi ótæpligar enn einhvörr hans manna. Þeir sofa af um nóttina, ok um morguninn beiðir Hrólfr konúgr, ok segir at hann vill tala við konúng þeirra Svíanna, ok biðr hann gánga út á virkisvegginn, svá at hvorr þeirra megi vel heyra annars orð. Þetta er sagt konúngi; hann gengr út á virkit með allri sinni hirð. Sem Hrólfr konúgr leit konúng þeirra, þá mælti hann: ek bið yðr, herra! tilhlýða, ok at geyma þeim orðum, sem vèr viljum við yðr tala; þèr megið muna næstum, er vèr komum á yðvarn fund, hvörra eyrinda vèr fórum, eða hvörja smán ok svívirðu þèr gjörðuð til vor, en ef vèr fáum nú eigi betri andsvör enn fyrr, þá skal ek brenna stað þenna, en drepa hvört mansbarn, er í honum er, eða elligar skal ek deyja hèr at öðrum kosti. Sem konúgr hafði heyrt þessi hans orð, mælti hann: fyrr muntu verða geitahirðir á Gautlandi, enn þú hafir nokkut yfirboð þessa staðar, eða nokkurs þess, er (oss) varðar; far heim með öllu fólki þínu, ok verð því feginn, at þú komist klakklaut á braut. Síðan barði konúgr á skjöld sinn, ok kveðst ekki orð vilja hýra, þat sem Hrólfr konúgr talaði, ok svá gjörðu allir hans menn. Ok er Hrólfr konúgr sér, at aungum flutnúngi kemr á við konúnginn, biðr hann sína menn vopnast ok sækja at með karlmensku.

Þeir gjörðu, sem konúgr bauð, ok hrukku skjótt frá, ok fengu ekki atgjört. Þeir fóru þess aungvan veg at, at eigi kæmi ráð ráði í móti. Þeir báru eld at, ok þá hljóp vatn or þeim stokkum, er settir voru í virkisveggina. Þeir ætluðu at vinna með vopnum ok grafa, en hinir heltu á þá brennanda biki ok vellanda vatni; þermeð voru færðir á þá stórir steinar, svá at allt lamdist, þvíat eigi skorti mannfjölda í virkinu, féllu þar nokkrir menn, en fjöldi meiddist, gengu þeir frá bæði móðir ok sárir. Gjörðist illr kur í þeim Gautum, ok þótti þeim illt við at eiga; en Svíar gengu út á virkit, spottuðu þá, ok hlógu at þeim, ok frfðu þeim hugar. Þeir báru út pell ok silki ok marga dýrgripi, ok tjáðu fyrir þeim, ok báðu þá eptir sækja. Hrólfrkonúgr spurði Ketil, bróður sinn, hvörsu honum þótti at fara. Katli kvaðst heldr þikja erfvitt veita: þiki mæð konúgr Svíanna heldr heitu míga. Konúgr kvað vera mega, at fleira þyrfti við enn orðaskrap eittsaman, sitja þeir þareigi skemrenn hálfan mánuð. Þá talar Ásmundr til Hrólfs: vèr höfum sótt lengi¹⁾ stað þenna, ok höfum hvörn dag haft mikla mæðu, ok er eigi at nær voru eyrindi, höfum vèr látit marga menn, en sumir eru særðir. Nú viljum vèr, herra! at þèr leggið til nokkur ráð, þau er dugi, ella vilja yðrir menn frá hverfa; þvíat vèr höfum gabb ok athlátr fyrir

¹⁾ um, ofaukið, A.

vora mæðu. Hrólfr konúngr svaraði: eigi sjá vèr ráð til þess, at víst sè, at þessi staðr verðr unninn, en þó skulu vèr freista at fara til skógar ok binda oss stórar byrðar, ok gjöra þar af stóra flaka ok hafa þar undir stórviðu. Síðan skulu vèr bera þessa flaka svá hátt, at þar megi menn vel standa undir, ok styðja þá stafi, er undir standa, skal þar til velja allt hit sterkasta fólk vort. Síðan skulu sumir hafa graftól, ok grafa svá rauf á vegginum, ok vita ef vèr komimst við þat í virkit. Þetta sýndist öllum ráð; ok er þeir höfðu þessa umbúð veitta, báru þeir þetta undir virkit, var þetta svá sterkt, at hvorki sakaði þá, er undir voru, grjót nè bik, svá at á skamri stundu höfðu þeir hlið á virkisvegginum. Ok er Þorbergr konúngr skildi þessa vèl, hljóp hann í niðrgáng virkisins, ok allir hans menn, ok svá braut í skóg. En Hrólfr konúngr með allt sitt lið sækir inn í virkit, ok er þeir koma þar, þá eru menn allir í brottu. Þetta þótti þeim undr mikit, er þeir komu í ekki þat herbergi, at þeir fyndi þar nokkurn mann, en matr ok drykk stóð þar búinn í hvörju herbergi, klæði ok dýrgripir voru þar allir til reiðu. Ketill mælti: konúngr þessi hefir verithjartaragr, er hann hefir hlaupit hær frá svá mikilli sælu dýrra gripa, ok þar með búit sínum óvinum vist ok drykk, eru vèr mjök fallnir í fullsælu eptir vort erfiði, skulu vèr hær fyrst ~~drökka ok smæða, en síðan skal~~

13 K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 101

skipta voru herfáangi. Sem Hrólfr konúgr heyrði orð hans, mælti hann: nú geintu yfir þat agn, sem þer var ætlat, at þú skyldir meir gaumgefa at þinni magafylli, enn at handtaka konúnginn. Nú skal hér engi maðr at þessu dveljast, svá at fyrir þat komist konúgrinn undan, heldr skulu vèr ransaka þennan stað, ef vèr finnum nokkut þat jarðhús, at á braut megi komast. Þeir gjöra svásem konúgr bauð; þeir finna þar niðrgángi virkit; ok gengr Hrólfr konúgr þar fyrstrinn, ok þá hvorr at öðrum, gánga þar til er þeir koma at uppgöngu, ok voru þeir þá komnir í skóg. Þar fyrir var Svíakonúgr með alla hirð sína, slær þar í bardaga, gengr Hrólfr konúgr vel fram ok drengiliga, ok allir þeir fóstbræðr. Svíakonúgr berst djarfliga, ok allir hans menn, þvíat þetta fólk var valit at harðfengi, er honum fylgði, hafði hann ok miklu fleira lið; en þá þegar er þeir stóðu jafnt at vígi, þá gengu þeir fóstbræðr hart fram, ok feldu marga menn. Svíakonúgr eggjaði sína menn með miklum ákafa, ok kvað aldrei fylgð at þeim, ef þeir ræki eigi smákonúnga af sèr, barðist Þorbergr konúgr af svá hvössum hug, ok feldi margan mann með sínum köppum, en þó hallast mjök bardaginn á þá Svíana. Hrólfr konúgr talar þá við Ketil, bróður sinn: þat vil ek, at þú ráðist í mót konúngi þeirra Svíanna, ok takir hann, ef þú mátt, en ber eigi vâpn á hann, þvíat þat er hin mesta klæki, at

særa kvennmann með vopnum. Ketill kvaðst svá gjöra mundu, ef hann mætti. Þar næst brast flótti í liði þeirra Svíanna. Ketill var þá svá nær kominn konungi þeirri, at hann sletti flötu sverði um lendar konungi, ok greip hann, ok mælti: frú! segir hann, sva lokkum vèr af yðr lendakláðann, ok kalla ek þetta klámhögg. Konúngr mælti: þetta högg skal þèr eigi til frægðar verða, ok slær Kétill með öxi undir eyrat svá hart, at fótunum kastar fram yfir höfuðit, ok mælti: svá slám vèr jafnan hunda vora, ef oss þikist [ákast geigja¹. Ketill spratt skjótt á fætr, ok bjóst at hefna sín, ok í því kemr at Hrólfr konúngr, ok greip konúnginn, ok mælti: herra! legg vopn þín, þèr eruð nú á voru valdi, vil ek gefa þèr grið ok öllum þínum mönnum, ef þèr villð játa forráði föður þíns. Svíakonúngr mælti: mikil von er nú þess, Hrólfr konúngr! at þú þikist hafa vald á oss ok öllum vorum mönnum, en þat mun yðr verða til lítils metnaðar, þótt þú þraungvir oss til þess, er vèr viljum eigi löstugir játa. Hrólfr konúngr mælti: við, herra! erum nú svá samankomnir, at ek vil yðr í öllu sæmdar leita, ok bið ek orskurð okkar máls í undæmi föður þíns, ok mun þat mælt, ef hann skipar okkar í milli, at þèr halðið fullum veg yðrum með sóma. Svíakonúngr mælti: þú munt vera vitr maðr ok þolinn, þvíat sá mundi margr, ef þeim hluta ætti, hyggja at

¹) áfátt við þá, C.

þraungva oss til þeirra hluta, sem þú vildir at gengi fram, fyrir þessa vora tiltekju. En nú þarsem vèr erum komnir, ok vorir menn, á yðvart vald, þá munu vèr þessu játa ok leysa oss svá fyrst at sinni or þessu fángelsi; viljum vèr nú, Hrólfur konúngr! svá gera sem kurteisir menn eru vanir, ef þeir verða sigraðir ok yfirkomnir, at vèr viljum bjóða yðr við öllu yðru liði til náða ok veizlu vegligrar, ok launa svá yðr, er þèr gefið grið vorum mönnum. En vèr viljum nú í stað ríða til Uppsala við öllum vorum vildarmönnum, þeim sem eptir lifa, ok hitta konúnginn Eirek, föður vörn, til heilla umráða, þvíat þat er vor sómi at halda hans forsjá. Bundu konúngar þetta sín í millum með sterkum trúnaði. Eptir þetta snýr Hrólfur konúngr aptr í staðinn, ok svá sem hann var þar kominn, þiggr hann þar þriggja náttu veizlu, en Svíakonúngr ríðr til Uppsala með öllu sínu föruneysi, ok svá sem hann var þar kominn, gekk hann fyrir Eirek konúng, föður sinn, lagði skjöldinn niðr fyrir fætr sèr, tók hjálminn af höfði sèr, hneigði konúnginum, ok kvaddi hann, ok mælti: minn kæri faðir! ek em orðin farflótta¹⁾ ríkis þess, er þèr gáfuð í mitt vald, ok sökum þess at ek varð yfirstigin af sterkum bardagamönnum, þá bið ek, at þèr gjörið þat ráð fyrir mína hönd, sem yðr er nú mest at skapi. Konúngr mælti: gjarna viljum vèr at þú hættir styrjöld

¹⁾ fólletr, C.

Þessi, ok viljum vèr, attu takir upp kvenn-
ligar atferðir, ok farir í skemmu til móður
þinnar. Síðan viljum vèr gipta þik Hrólfi kon-
úngi Gautrekssyni, þvífat vèr vitum enga hans
jafningja háfagat á Norðrlönd. Konúngs dóttir
mælti: eigi viljum vèr bæði gjöra, at vera kom-
in á yðvarn fund til umráða, enda vilja þá eigi¹
hlýta yðvarri forsjá. Eptir þat gekk hún til
skemmu, en gaf í vald Eireki konúngi vápn
þau, er hún hafði borit; settist hún til sauma
með móður sinni, ok var hún hvörri mey fegri
ok fríðari ok kurteisari, svá at engi fannst jafn
fríð í Norðrhálfu heimsins; hún var vitr ok
vinsæl, málsnjöll ok spakráðug ok rífklynd.

14. Eptir þetta sendir Eirekr konúngr
menn á fund Rólfs konúngs, ok lætr bjóða² hon-
um til veizlu með liði sínu; bregðr hann við
skjótt, ok ferr til Uppsala. Ok er Eirekr kon-
úngr spyr þágangkvomu Rólfs konúngs, gengr
hann í mót honum með alla hirð sína, ok leiðir
hann í háseti hjá sèr í hall³ sinni, skipar þar
útfra hans fóstbræðrum, drekka nú glaðir ok
kátir. Síðan inna þeir til, hvat í þeirra einka-
mál hafði komit, ok samdi þeim þat allt hit
bezta. Eptir þetta lætr Eirekr konúngr kalla
dóttur sína inní hallina. Sem henni komu orð
föður síns, býst hún með enu mesta skarti, gengr
inní hallina með móður sinni ok mörgum öðr-

¹) hér byrjar skinnbókarbrotið *Aa*. ²) hjó, *Aa*; bjóða, *B*,
C, *V*; búa, *A*. ³) þannig *A*, *Aa*.

14-15 K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 105

um kurteisum konum. Sem Eirekr konúgr sá dóttur sína innkoma, stóð hann upp í mót henni, ok leiddi hana til sætis sèr til annarrar handar með drottningu [ok öllum þeim konum, er í þeirra flokki voru¹. Nú svá sem konúgar höfðu drukkit um stund, vegr Hrólfr konúgr bónorðit, svá at júngfrúin² heyrði, ok þarf þat eigi með orðum at lengja, at Rólfr konúgr fastnar júmfrúna; var þá aukin veizlan, ok boðit til múg manna víða um Svíaveldi; varð þessi veizla ágæt, ok stóð hálfan mánuð; ok at lokinni veizlu gefr Eirekr konúgr öllum ríkismönnum ágætar gjafir með glöðum góðvilja, ok ferr þá hverr til síns heimilis [með blíðu samþykki Eireks konúgs³. Hrólfr konúgr sitr eptir í Svíþjóð með húsfreyju⁴ sína, ok takast með þeim góðar ástir. Hrólfr konúgr sendir Ketil, bróður sinn, heim til ríkisstjórnar í Gautland. Íngjaldr ferr til Danmerkr til feðr síns. Rólfr konúgr tekr þat ríki til forráða, er konúgsdóttir hafði fyrirráðit; sitja nú allir saman með náðum, hvörr í þeim stað, sem kominn var.

15. Um vorit eptir koma sendimenn af Danmörk til Rólfs konúgs, ok sögðu Ríngkonúng dauðan, ok þat með at Íngjaldr bað Rólfr konúng koma á sinn fund, ok drekka erfi eptir Ríngkonúng, fóstura sinn. Ok þegar Rólfr

¹) v. í C. ²) júmfrúin, *Ac.* ³) v. í C. ⁴) drottningu, B, C; húsfrau, *V.*

spyr þessi tðindi, býst hann til þessar ferðar, ok Ásmundr, fóstbróðir hans, með honum. Ok er þeir voru búnir, halda þeir til Danmerkr. Þeir höfðu 2^r skip vel búin at mönnum ok vopnum. Ketill kom til móts við þá, ok hafði eitt skip ok velskipat, koma við Sjóland síð dags, ok leggja undir ey eina ok tjalda yfir skipum sínum. Hrólfr konúgr gekk upp á eyna við nokkrum mönnum; þeir sjá skip liggja undir eyinni öðrumegin, 5 skip saman; þat voru lán skip 4, ok dreki hit fimta skip, bæði mikill ok fagur, ok eigi þóttist konúgr sæð hafa vænna skip; svörtum tjöldum var tjaldat yfir þessum skipum. Konúgr mælti: hvörr mun stýra dreka þessum enum dýra, ok eigi hef ek sæð þat skip, er ek vildi heldr eiga enn þetta. Ásmundr svaraði: víst er þetta afburðar skip fyrir allra hluta sakir, ok væri elíkt helzt konúngs gersemi; en þann einn ætla ek stýra drekanum, at þer munuð fult verða til at vinna, áðr þer náid; þikja man þeim svá góðr sem á. Konúgr mælti: veiztu, hvörr drekaná? Ásmundrsvaraði: hannheitir Grímar, ok er Grímólfsson, hann er hinn mesti víkingr, hann liggr á herskipum bæði vetr ok sumar, hann er mikill ok illiligr, en hann er þó verri reyndar; hann bita eigi járn ok engan þeirra 12, er honum fylgja, þeir eta allir hrátt, ok drekka blóð; er þat sannkallat, at

¹⁾ Gimm, B, V.

þeir sè heldr tröll enin menn. Eitt sumar fundumst við við Suðreyjar; hafða ek 10 skip, ok öll vel skipuð, en þeir höfðu 5 skip. Vèr börðumst einn dag, ok skipti skjótt um með oss; féll þar allt lið mitt, en ek hljóp á kaf, ok komst ek svà undan; hefi ek eigi farit verri för enn þá. Konúngr mælti: sýnist yðr nokkur efni (á), at berjast við þá með þat lið, sem vèr höfum? Ásmundr bað konúng fyrir sjá: múnú vèr treysta á yðra hamíngju, ef duga skal. Ketill eggjaði mjök atlögu, kvað þar mundu gott at reyna sik, ok afla fjár ok frægðar. Þá mælti Rólfur konúngr: með því at þeir eru illir ok ágjarnir, en hafa þann grip, er ek vilda gjarna eiga, þá munu vèr búast um, ok hera grjót á skip vor. Nú var svà gjört, sem konúngr bauð, ok bjuggust við eptir faungum. Konúngr lét gánga uppá eyna, ok höggva kylfur stórar. Eptir þat herklæddust þeir; síðan róa þeir at þeim hljóðliga. Svà er sagt, at skip Grímarars láu öll jafnfram, ok láu lánskipin nær eyjunni, en drekinnt utar, ok var hlið mikit í milli skipanna ok eyjarinnar, ok leggja fyrst at lánskipunum, ok vita, ef þau yrði unnin, áðr þeir kæmi við drekanum; þætti mèr þá unnit, ef þeir setti eigi lánskipin til annarrar handar, [þá er þeir legði at drekanum¹. Konúngr bað þá vera sem ákafasta, meðan þeir væri sízt við búnir, [ok vita², at

¹) v. i C. ²) v. i B, C.

sem skjótast skipti um með þeim¹; það þá ekki æpa ok fara sem hljóðast. Þeir gjörðu, sem konúngr mælti; þá var á þoka, ok myrkvi mikill, finna þeir eigi fyrr, er á lángskipunum voru, en tjöldin voru tekin af þeim, en sjálfir þeir barðir bæði með grjóti ok vopnum. Þeir spruttu á fætr allir, ok taka í mót með mikilli hreysti, þvíat þeir láu allir með vopnum sínum; en þó fengu þeir mikinn mannskaða, áðr þeir gæti vel skipat liði sínu til varnar, ok er þeir höfðu litla stund barizt, reðu þeir Rólfr konúngr til uppgöngu; varð þar mannfali svá mikit, at á lítilli stundu ruddu þeir þat skip, sem þeir voru á komnir; féllu sumir, en sumir hljópu á kaf, ok druknuðu, ruddu þeir svá 3 skip, at hvört mansbarn var drepit. Við þetta vaknar Grímar, ok það sína menn at leggja, þá sem á drekanum voru. Þar var óp mikit, ok kall, er hvorr eggjaði annan. Þá mælti Rólfr konúngr til Ketils, bróður síns: nú skaltu leggja at því lángskipi, er eptir er, en við Ásmundr² skulum leggja at drekanum. Ketill læzt svá gjöra mundu. Nú leggr á sitt borð drekanum hvorr, Hrólfr konúngr ok Ásmundr. Þeir höfðu fengit lítit manntjón, ok höfðu því lið fleira, þá stóð Grímar upp á drekanum (ok sagði): hvörir leggja hær at svá vaskliga? Konúngr svaraði: ef þær er á því forvitni, þá heiti ek Rólfr, ok

¹) frá [v. i V. ²) hær sleppr skinnbókarbrotið Aa.

15 K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 109

em Gautreksson, annar heitir Ásmundr, ok er konúngs son af Skotlandi. Grímar mælti: þann mann höfum vèr sèð, ok skildum vèr svà næstum, at honum mætti vera lítil eptir-sjá¹ at vorum fundi, þá er vèr eltum hann sáran á kaf, en drápum af honum hvört mannsbarn, eða mun hann nú ekki til þess muna? Ásmundr mælti: hitt skaltu finna, áðr kveld kemr, at mèr er þat eigi or minni lið-it. Þá tók Grímar til orða: þín heit² munu vèr svà lítt óttast, en vitum vèr at Rólfr kon-úngr er ágætr at hreysti sinni, ok því viljum vèr gjöra honum þann kost, sem öngum öðr-um, þvíat þat er skaði, ef slíkr maðr er drep-inn, bið ek attu, Rólfr konúngr! gángir uppá eyrna við alla þína menn, vopnaða ok vel klædda; en penínga þá, sem þèr hafið, vil ek taka fyrir menn þá, er þèr hafið fyrir mèr drepit, ok er þat þó allt of lítit; hef ek þó öngvum manni gjört jafngóðan kost, síðan ek kom í hernað. Sem Rólfr konúngr heyrði orð hans, mælti hann: þetta mun víst vera vel boðit, en með því at oss er þat eigi sýnt, at vèr seim á þína miskun komþir, at þú eigir nokkurra kosta boð heldr við oss, enn vèr við þik, þá viljum vèr með öngvu móti missa fjár vors. Grímar mælti: sè ek at þú munt eigi vera jafn-vitr maðr, sem vèr hugðum, er þú vill eigi vægja lífi þínu; þvíat sönnu segi ek þèr ena síðustu

¹) eptirjá, C. ²)-hót, C.

Þína lífðaga, ef þú ætlar við mik at þreyta, hafða ek hitt ætlat, at þú skyldir lifat hafa til lengri nytja, með því at mér ertu sagðr hraustr ok vinsæll, hafða ek ætlat at sýna á þér því meira drengskap enn öðrum, þótti mér aukast í því frami, at ek miskunaði yðr utan allra verðleika. Rólfr konúgr mælti: aungva þökk hafi þér af oss fyrir þetta, ok búið yðr skjótt, þvíat vèr viljum á þat hætta, hvorir eiga öðrum kosti at bjóða, áðr kveld komi, höfum vèr ok nokkurt svig unnit á yðrum mönnum, ok er yðr þess mál at hefna. Grímar mælti: nú kaus þú þann kost, er þú skalt aldrei fagna síðan, ok þér mun vera makligr. Ok eptir þetta tekst þar bardagi harðr ok ákafir; voru þeir Grímar bæði sterkir ok harðfengir, ok svá ákafir at konúgs menn máttu ekki annat enn hlífa sér, þeim var ok óhægt til atsóknar at vega upp á drekann, þvíat hann var svá hár sem kastali, en menn sterkir ok kænir til varnar, ok áttu at höggva niðr fyrir sik; en öngvan þeirra 12 beit járn, sem Ásmundr hafði sagt, féllu þá menn Rólfs konúgs bæði móðir ok sárir. Svá er sagt, at Ketill Gautreksson lagði at lángskipinu, því er eptir var. Sá hét Forni, er stýrði skipinu, ok var enn hraustasti maðr, lagði þar hvorr djarfliga til móts við annan, ok varð þeirra fundr harðr, sýndi Ketill þar harða atsókn, ok ræð til uppgöngu við sínu liði. Þar var orrosta ákóf; skiptust þeir Ketill högg-

um við, ok féll Forni fyrir Katli. Síðandrápu þeir hvört mannsbarn á skipinu, fékk Ketill þar góðan orðstýr af sínum mönnum. Eptir þetta lögðu þeir at drekanum, ok fundust þeir bræðr, spurði Ketill, hvörsu gengi. Rólfr konúgr lét lítt yfir, ok sagði at eigi mundi svá buit hlýða, kvað þetta vera fjandr mikla við at eiga. Hann bað Ketil róa at eyjunni, ok flytja út at þeim stótrè, því þar skorti eigi stóra mörk. Ketill gjörði svá, ok var í öllu hinn skjótasti; ok er þeir komu aptr, lét konúgr fella við á borðin drekanum svá stóra ok þunga at hann hallaðist við. Síðan ræðu þeir Rólfr konúgr til uppgaungu, féllu þá menn á drekanum bæði fyrir grjóti ok vápnum, hallaðist þá bardaginn á Grímar, ok hans förunauta. Rólfr konúgr snéri aptr eptir skipinu, ok hafði kylfu eina stóra, ok barði á tvær hendr. Þeir Ásmundr ok Ketill fylgðu honum, féll þá hvorr um þveran annan. Konúgr hafði mannfleira; féll þá lið Grímars, svá at þeir 12 stóðu uppi, Grímar ok kappar hans; var þá gengit at með kappi, ok barðir með kylfum, féllu þá margir; ok er Grímar sá at þeir mundu sigraðir verða, stökk hann fyrir borð ok á kaf. Ásmundr var nær staddr, ok hljóp þegar eptir honum, ok leggst inn eptir honum at eyjunni, ok er þetta sèr Hrólfr konúgr, leggst hann þegat til lands, ok vill duga Ásmundi, svá at þeir eigist eigi tveir við. Ok er Ásmundr kemr at

landi, var Grímar á land kominn, ok er hann sèr Ásmund, þrífir hann upp stein, ok sendir honum. Ásmundr skýtr sèr þá í kaf, ok er hann kemr upp, ætlar Grímar at senda honum annan, ok í því var hann sleginn með kylfu, svá at þegar féll hann. Þar var kominn Rólfr konúgr, ok lét skamt höggva í millum; lét Grímar þar líf sitt. Þá lögðu þeir út til drekans, ok hafði Ketill unnit þar allt til handa þeim; tóku þeir þá ok ruddu drekann, en köstuðu á kaf þeim sem fallit höfðu. Eptir þat fóru þeir til eyjarinnar, ok bundu sár sín, voru þeir bæði móðir ok sárir, en fjöldi fallinn. Þar voru þeir nokkrar nætr. Konúgr var lítt sár, en þeir Ásmundr ok Ketill voru mjök sárir. Eptir þetta bjuggust þeir á braut, tóku þeir drekann Grímarsnaut, ok gátu valla skipat fyrir mannfæð, en létu eptir öll önnur skipin; komu nú við Danmörk. Ok er Íngjaldr fréttir kvomu Rólfs konúgs, býr hann þeim til veizlu þeirrar, er hann hafði stofnað, erfi eptir föður sinn, drukku þeir nú allir samt með miklum veg erfi Ríngs konúgs, var þar ekki jafnmargt hjalat sem um dráp þeirra Grímars, þvíat öllum þótti þat hit mesta hreystiverk. Ok er þessu er lokit, lætr Hrólfr konúgr stefna þíng fjölment; á því þíngi er tekinn Íngjaldr til konúgs eptir feðr sinn yfir Danmörk alla. Sitr hann nú, ok semr ríki sitt á þá lund, sem Rólfr konúgr gaf

ráð til. Eptir þat býst nú í braut Rólfr konúgr af Danmörk með stórgjöfum sæmdir af Íngjaldi konúgi, ferr hann nú leiðar sinnar, þartil er hann kemr til Svíþjóðar með öllu heilu ok höldnu, [en Íngjaldr konúgr sitr um kyrt at ríki sínu í Danmörk, ok skildust með hinni mestu blóðu¹; fór Ketill til Gautlands, ok sitr þar um kyrt. Rólfr konúgr sitr löngum at Uppsölum, ok var þar vinátta góð með venslum. Rólfr konúgr lagði mikinn kost til at búa drekann Grímarsnaut, ok lét allan steina fyrir ofan sjá með ýmsum litum [bæði gulum, rauðum, grænum ok blám, svörtum² ok samblöndnum; gulli lætr hann búa dreka höfuð, ennisþánu³ ok alla svíra ok víða renna gulli í súðina, þar sem bæta þótti; var hann hvörju skipi skrautligri, þótti hann svá bera af hvörju skipi, sem Rólfr konúgr af öðrum konúgum, þeim sem voru í Norðrlöndum, gjörðist hann þá harðla víðfrægr af sinni stjórn ok vizku, sóttu margir ríkir menn á hans fund, ok gjörðust honum handgengnir, ok veittu honum dyggiliga fylgð. Höfum vér þat heyrt, at í þann tíma hafi eigi nokkurt skip verit skipat frægrum köppum enn drekinn Grímarsnautr, þótt vér kunnum þá eigi at nefna eða frá at segja. Sitr Rólfr konúgr nú í Svíþjóð með mikilli gleði ok prís þau missiri;

¹) v. í C. ²) v í C. ³) en í spónu, C; ennisþöng, F.

unni Þornbjörg drottning Rólfi konungi stórmikit, fann konúgr at hún var hvörri konu vitrari ok meiri skörungur fyrir allra hluta sakir. Ásmundr var með konungi vel haldinn, ok reyndist at öllu hraustr ok hinn vaskasti, virði konúgr ok hann mest sinna manna. Rólfr konúgr hafði þriðjung Svíþjóðar til forráða. Hann hafði jafnan á sumrum útgerð fyrir landinu, ok leitaði sér frægðar ok frama. Ok hit næsta sumar eptir bardaga þeirra Grímars hafði Rólfr konúgr verit í hernaði; hann hafði víða herjat um Vestrlönd, ok orðit gott til fjár ok frægðar. Um haustit heldr konúgr til Svíþjóðar, ok sitr þann vetr í kyrðum.

16. Þá ræð konúgr fyrir Garðaríki, er Hálfván hét; hann var vitr konúgr ok vinsæll. Hann á dóttur eina fríða, þá er Áluf¹ hét. Hálfván konúgr unni mikit dóttur sinni; þótti hún enn bezti kostr í öllu Garðaríki, ok þótt víðara væri um leitat. Þórir hét maðr, hann var öndugishöldr Hálfvánar konungs; hann var bæði mikill ok sterkr; hann var kallaðr járnskjöldr; hann hafði lengi verit þar landvarnarmaðr. Með Hálfváni konungi voru 12 berserkir; þeir voru illir ok ódælir, aungvan þeirra beit járn; tveir eru nefndir af þeim, hét ánnar Hrosskell², en ánnar Hesthöfði, þeir voru bræðr; svá er frá þeim sagt, at þeir óðu

1) Oluf, B, C, V. 2) Hrossþjófr, B, C, V.

elda^r [ok gengu sjálfráðir á vǫpn^r, þá er berserkgánger kom á þá. Þeir drápu bæði menn ok fè, ok allt þat er fyrir varð, ok eigi vildi undan þeim láta, ok eyrðu öngvu, meðan sá óhugr var á þeim; en þá þetta rann af þeim, voru þeir svá máttlitlir, at þeir höfðu eigi allnær hálfan styrk sinn, ok var sem þeir væri þá svá veikir, sem þeir menn er í sóttum hefði legit, hélzt þat um dægr eða því nær. Hálfán konúnger hafði mikit traust á þeirra framgöngu, svá at öngvir konúnger treystu við hann at stríða. Konúnger unni mikit dóttur sinni, ok þótt konúnger bæði hennar, þá stukku allir undan við gis ok gabb, er berserkir gjörðu at þeim, þóttust allir hólpnir, er or þessu kallsi komust. Við þetta gjörðist konúngsdóttir kostvönd, ok vildi öngvum játa, þótt hennar bæði; sitja nú um kyrt, því öllum leiddist hennar andsvör.

17. Þat var einn tíma, at Þornbjörg drottning talar við Rólf konúng: hvat ætli þer í sumar at starfa. Konúnger svarar: í hernað ætla ek. Hún spurði: hafi þer nokkut spurt af ferðum Ketils, bróður þíns; hann kveðst þaðan hafa öngva frètt: eða kanntu oss af því at segja? Hún svaraði: þat hef ek frètt, at Ketill fór austr í Garðaríki, at biðja dóttur Hálfánar konúngs sèr til handa. Svá hafa mér frèttir gengit, at hann hafi þángat haldit 2

1) jörð til hnjá, B, V. 2, sjálfráðir, B, V.

skipum, ok hann hafi gengit við tólfta mann inni hall konúngs. Þat hef ek heyrt, at hann bar upp eyrindi sín vel ok skörugliga, ok flutti sitt mál með mörgum snjöllum orðum, en hann fékk þau andsvör af konúngi ok júmfrúnni, at honum þótti sér leitat lítils metnaðar, en berserkir hljópu upp með ópi ok [miklum gnýr, ok ráku þá út úr hallinni, ok eltu þá til skipa með grenjun ok fáheyrdum látum; þeir voru bæði barðir ok særðir, ok þóttust fótum eiga fjör at launa, er þeir komust undan; slíkt höfum vér þar af spurt. Nú er oss svá flutt at Ketill uni öngvu betr fyrir sína hönd eða sinni ferð, enn hann undi við yðra ferð, þá er fóruð fyrsta sinn til vor, ok hefir hans ferð orðit miklu hæðiligri, mun hann brátt koma á yðvarn fund ok biðja yðr (til) þessar ferðar, at reka sinnar svívirðingar. Rólfr konúngr svarar: ekki er hægt at koma ráðum við slíka menn, við ákafa hans ok framgirnri, er nú vel at hann gjaldi einræðis sjálfs síns, þar sem hann vildi ekki með vorri forsjá fara. Hún bað hann eigi slíkt tala, ok kvað þetta vera nauðsynja ferð, at veita bróður sínum fulltíng; ok skilja þau tal sitt at svá mæltu. Litlu síðar kemr Ketill á fund Rólfs konúngs, ok segir honum greiniliga frá allri þeirri sneipu, er hann hafði fengit í Garðaríki. Rólfr konúngr kvað slíks von vera, at svá hefði far-

*) skroll, C.

it, þvíat þú ætlar at vinna allt með ákafa þínum. Ketill bað Rólf konúng nú til ferðar með sér: þvíat ek þikjumst hafa oflítinn styrk til at rétta þá svívirðu, er til mín var gjör. Var Ketill í allillum hug. Konúgr kvað hounum eigi mundu koma fyrir allt áhlaup hans ok orðaskrap: sýnist mér eigi líkligt til hefnda við slúka menn, sem vèr eigum um, þvíat hér mun bæði viðþurfa fjölmenni ok harðræði. Nú skaltu fyrst fara heim í ríki þitt, ok afla þèr skipa ok manna, sentu ok orð Íngjaldi konúngi í Danmörk, at hann gjöri slíkt hit sama, ok komið hér báðir at sumri, ok sjám þá, hvat oss þikir tiltækiligast; ok eptir þetta ferr Ketill heim í ríki sitt, hafa nú allir ætlan ok tilbúnað um þessa ferð.

18. Nú er frá því sagt, þá er sumraði, ok vetrinn var liðinn, at þeir Ketill ok Íngjaldr koma með 40 skipa vel búin at mönnum ok vopnum til Svíþjóðar. Rólfr konúgr hafði búa látit 30 skipa ok dreka sinn umfram; voru þessi öll skip búin með miklum herskap ok velbúnu liði; biðu svá byrjar. Rólfr konúgr spurði drottningu, hvörsu henni segði hugr um þeirra ferð, hvörsu takast mundi. Hún kvaðst vænta, at vel mundi takast, en kvaðst þó svá dreymt hafa, at þeir mundi koma eitthvört sinn í þessari ferð í krappan stað, svá at þeir mundu reyndir verða. Ok er byr kom á, tóku þeir þegar, ok settu upp segl sín, svá

hvörr sem búinn var, ok var heldr veðrlítit í fyrstu. Rólfr konúgr varð síðast búinn, gekk drekinn lítit, því hann þurfti mikinn byr; sigldu svá sem leið liggr til Garðaríkis. En er þeir höfðu siglt um stund, tók veðrit at hvesa, gekk drekinn þá skjótt eptir skipunum, gjörði þá veðr mikit. Konúgr bað þá tengja saman skipin, ok vita ef þeir gæti svá haldizt. Ok er þeir ætluðu svá at gjöra, laust á ofviðri svá miklu, at þegar urðu skipin sundrskila, varð þá at hlaða seglum ok rétta. Eptir þat kom á steinóðr útnyrðingr, mátti þá eigi lengr rétta, ok sigldu þá við eitt rif, gjörðist þá svá veðr mikit, at reiði þeirra slitnaði, svá at bæði gekk í sundr höfuðbendur ok aktaumar, ok gekk mjök sjór á þá, svá at fáir væntu sér lífs, þeir sem þar voru; ok er þessi stormr var sem ákafastr, sleit frá drekann Rólfs konúgs, ok rak at eyju einni, en með því at þar var höfn góð, en skip örugt, ok liðsmenn kænir, komust þeir með heilu ok höldnu at landi. Þat var síð um kvöld, ok föll þá veðr, ok gjörði harðla blítt. Hrólfr konúgr læzt vilja gánga á eyna, ok vita ef hann sæi nokkut til nýlundu. Ásmundr fór með honum, ok 10 menn aðrir, en hann bað annat lið sitt bíða við skip, ok bað þá bíða til nóns [annan dag¹, ef hann gjörði þeim vissu öngvã áðr. Eptir þat gengu þeir upp á eyna; þat var mikit land ok skóg-

¹) aptaus, G.

ótt; ok er þeir höfðu gengit um stund, fundu þeir skála einn á eyjunni, hann var bæði mikill ok rammgjör, ok eigi þóttust þeir séð hafa jafnhátt hús; hurð var (hniginn) aptr; konúgr bað þá upplúka; þeir hljópu á hurðina ýmsir, ok gekk öngvum upp. Konúgr mælti þá: sá mun hafa afl í klóm, er þessari hurðu er vanr at lúka, ok skal ek freista, hvört uppgengr. Konúgr gekk þá til, ok hratt upp með annarri hendi. Þeir gengu síðan inn, ok lituðust um, ok fundu eld, ok brugðu skíði í, ok báru innan um skálann. sá þeir at þar skorti eigi allskins varning. Sæng var þar búin harðla vel; hún var stórliga mikil. Konúgr lagðist niðr í sængina; sá hann þat, þó annar legðist til fóta honum jafnlágr, þá var sængin þó sýnu lengri, þóttust þeir vita at þar mundi eigi smámaðr fyrirráða. Þar var ein súla fyrir framan sængina upp undir ásinn; þar hëkk á sverð eitt harðla mikit, ok var hátt upp komit, svá konúgr gat hvörgi nándtekit til. Þá mælti Rólfr konúgr: hvört skal nokkut hër vera í nótt, ok bíða húsbóndans, þess er hër á fyrir at ráða, ok hætta til, hvörsu hann er heima at hitta, eða vill þer fara til skips, ok hætta ekki til fundar við hann. Þeir báðu hann fyrir sjá, en kváðust ófúsir at bíða. Konúgr mælti: á því em ek meir, at bíða bónda, en þat má vera at honum þiki ver helzt fjölmennir, ok styggist hann við gesta-

fjölda, skal nú skipta liði, skulu 4 menn fara til skips, en við Ásmundr ok aðrir fjórir skulu eptir vera; þær skuluð segja, hvat oss dvelr, ok ef vèr komum eigi til skips fyrir dagmál, þá fari þær ferðar yðvarrar, mun vor þá ekki at bíða; þvíat þat er mín ætlan, at oss tjái ekki fjölmenni við þenna mann, þvíat jafnt mun hann fyrirkoma mörgum sem fám, ef hann er jafngildir sem ek ætla, er mönnum þá nokkuru ljósara, ef þær komizt á braut, ok segið þat, er þær sjáið, hvat orðit er af Rólfi Gautrekssyni ok hans fèlögum; þiki mèt vera mega, at þessi skálabúi hafi nokkru umráðit vora hínгатkvomu, ok vili hann at vorn fund beri saman, [skal nú ok hær bíða náttlángt¹. Eptir þat fóru þær sem konúngr ákvaddi, ok fórst þeim vel til skips, ok sögðu þat, er þær vissu til konúngs. Allir þær voru mjök hræddir, hve honum mundi atfara.

19. Nú er at segja frá þeim Rólfi konúngi, at þær eru í skála um kveldit. Konúngr mælti: Ýst væri mèt á, at fá þetta hit stóra sverð, er uppi hángir. Hvat er þær til ráðs? segir Ásmundr. Konúngr mælti: Þú skalt fara uppá herðar mèt, ok vita ef þú gætir þá ofan tekit sverðit, ef þú stendr á öxlum mèt. Ásmundr mælti: Þat hygg ek, at þetta sverð sè svá þúngt at ek geti eigi valdit. Konúngr mælti: styð þú þik við súluna annarri hendi, en lætt annarri neðan

¹) v. í C.

undir sverðit, ok þegar er þú finnr, at þat er laust uppi, láttu þat sjálf t hlaupa niðr með súlunni, [mun ek þá viðtaka. . Ásmundr gjörir sem konúngr bauð, ok ferr nú á axlir honum, ok tekr neðan undir sverðit, en konúngr í mótt. Líðr nú kveldit¹; heyra þeir út dunur miklar, ok þvínæst kom þar inn maðr, undruðu þeir þá lítt, þótt skálinn væri (hár eða stórkostligr, því at þetta var enn hræðiligasti risi, svá at öngvan höfðu þeir seð fyrri svá) stóran², ekki var hann svá ljótr, at þat væri fádæmi þess er hann var (stórskorinn í andliti³. Vel var hann búinn at klæðum; hann hafði einn grábjörn á baki sér ok einn boga í hendi harðla stóran. Ákaflika var hann móðr, ok þat ætluðu þeir, at hann mundi langt hafa atgengit. Hann gengr at eldinum öðrumegin, ok kastar niðr birninum. Rólfr konúngr heilsaði honum, en hann lét sem hann heyrði eigi. Síðan sundrar hann björninn skjótt ok fimliga, festir síðan ketil

¹) ... at skála.... sama, ef hann sér eigi sverðit Risanaut, b. v. meiningarlaust A; því eitthvað mun þar vanta; hin hafa ekkert tilvarandi. ²) stórskorinn, C; stórkostligran, B, V. ³) frá [hefir A þannig á lausum blöðum, ok hefir líkliga eigi meira orðid lesið af því í skinnbókinni; en það, sem er innan strikanna, er tekið úr B, V, sem þar fura um sömu orðum, en í stað þess frá [hafu B, V þannig: mun ek þá svá tilsjá, at hvorugum okkar verði mein at. Ok sem þeir voru (þetta) at ráðslaga um slíkt ok annat (þvílíkt), heyrðu þeir brak með fyrna brestum, svá at allt skalf, sem á hjóli léki, því þat var svá til at heyra, sem ógnarligar dunur, ok eptir þat gekk þar inn maðr o. s. fr. C hefir því nær sömu orð sem textinn, en sleppir þó nokkru.

upp, ok sýðr. Eptir þat tekr hann borð, breiðir á dúk, ok berr fram vist ok drykk; öllu þótti þeinu hann því vel skipa. Eptir þat tekr hann til matar, etr ok drekk heldr djarfliga. Ok eptir þat hann er mettr, varðveitir hann allt þat er afgekk. Svá er sagt, at hann býr borð í annat sinn miklu kurteisligar, setr fram handlaugar með hreinu handklæði. Eptir þat tekr hann til orða: ekki mun ek yðr þikja boðrífir hær til, en þat er nú ráð, Rólfir konúgr! at gánga til matar við menn þína; em ek eigi svá vesallátr, at mér þiki fyrir at gefa nokkrum mönnum mat um nætrsakir, þótt ótignari menn sé enn þær; eruð þær mjök ágætir af mörgum snildarverkum, er þær hafð unnit umfram aðra konúnga. Konúgr mælti: þetta er vel boðit ok mikilmannliga, sem líkligt er, at þær séið mikillrar náttúru, bæði um þetta ok annat, en mat ok drykk höfðu vèr í nóg, áðr vèr gengim frá skipi, ok þurfu vèr nú eigi þess at sinni, eða hvört er nafn þitt? Hann svaraði: ek heiti Grímur, ok em ek Grímólfsson, ok bróðir Grímars þess, er þú drapt. Þú tókt þar marga gripi, þá er ek þikjumst eiga. Nú er þat satt, at þú ert engis góðs frá mér verðr, ok ekki gott skaltu af mér hafa, ok þótt þú værir hær með öllu liði þínu, skyldir þú aldrei burtkomast, en því bauð ek þær til matar, at ek [ætlaði, at þú skildir lítinn geig þar af fá; en þann hinn mikla storm, sem þær fenguð, hann gjörði ek

at þér ok Ásmundi, ok þeim sem á drekanum voru, unst at drekann sleit frá; þótti mér lítils vert um hin önnur skipin, ok eru þeir komnir þángat, sem þeir vildu; þvíat ek gaf þeim hæg-an byr, en þú ert nú hér kominn með liði þínu heilu ok höldnu, sem með þér er á drekanum, ok skaltu aldregi burtkomast, því hann er hit bezta skipa¹ í yðvarri færð, skal ek ok svá greipiliga hefna bróður míns, þótt ek hafi eigi til öxi eða sverð, þvíat þat er yðr allt ofgott, at falla fyrir vopnum mínum, ok skal ek gefa ykkr Ásmundi grið náttlángt ok hugsa ykkr þá þínu, at sem mest reyni þrek ykkar; en þegar er ek vissa at skilit var með þér ok liði þínu, gaf ek þeim hæg-an byr, ok eru þeir komnir þar sem þeir vildu, þvíat ek hirti ekki at hafa ónáð af fjölmenni þínu². Risinn hafði skotit í eldinn járnteini, ok var klofinn annan enda, svá sem þat væri tveir fleinar; þat færi var geigvænligt.

¹) *tekið úr B, V; í A er þetta enn á lausu blaði með eyðum þannig: . . . líðr lítil . . . nokkurs vert um þína mót . . . öllu liði þínu heilu ok höldnu . . . skildir þú aldrei í braut komast; þik skal ek ok eigi leynd, at veðr þat hit mikla gjörða ek at þér ok at þeim, er á drekann . . . veðrinu, er þér voruð fráskila með drekan; lét ek ok því eigi brjóta hann, at ek ætla mér hann; er hann ok: á öðru lausu blaði í A: vissi at þú mundir ei frama til hafa at neita. C hefir þannig: vissi at þú mundir eigi frama til hafa, ok þótt þú væri hér með öllu liði þínu, skildir þú aldrei burtkomast; þik skal ek eigi því leynd, at veðr þat hit mikla gjörða ek at þér ok þeim er á drekanum voru, ok létu þegar veðrinu, er þér voruð fráskila með drekan; lét ek ok því eigi brjóta hann, at ek ætla mér hann; ok er hann best skip. ²) hér endar lausa blaðið í A.*

Ekki víssa ek, sagði Rólfr konúngr, at ek hefði þér svá nær höggvit, ok er þat satt, sem mælt er, at yfirbætr liggja til alls, ok svá mun um þetta, ok muntu vilja taka bætr eptir bróður þinn? Risinn mælti: hræddr ertu nú, lítill karl! ok er þat at vonum, þvíat nú skal ek sýna þér lítinn þann leik, er ek gjöri við smápilta, er hér koma. Síðan brá hann upp járnteininum, ok rak fleinana í gegnum tvo konúngsmenn, ok kastaði þeim dauðum innar um eldinn. Eptir þat rak hann í gegnum aðra tvo, ok kastaði þeim dauðum til hinna. Síðan skók hann svá teininn, at þeim sýndist 4 oddarnir á fleininum. Hann mælti þá: eigi þarftu, konúngr! at vera svá hræddr, allt skaltu hafa lengri þínu ok meiri, þá er morgin kemr. Rólfr konúngr mælti: frest eru ills bezt, ok þiki mér skemt-iligat at sjá gamanleika þína, slíka ok aðra. Þá mælti risinn: þar liggja dýraskinn í sætinu, því megi þið kasta undir ykk, þar sem þið liggjið í nátt, þvíat ek em svefnstyggr, ok þiki mér illt at heyra gnyð ykkarn yfir mér. Rólfr konúngr mælti: við munum hér umbúast við eldinn, ok kasta ok svá skinnunum undir okkr, þvíat við munum skjótt sofna. Risinn mælti: allt eru þið þá óhræddari, enn mik varir, ef þið sofið. Síðan rak hann hurðina í klofa, ok mælti: nú veit ek víst, at þið komizt eigi á braut or skála vorum. Rólfr konúngr mælti: ekki munu við til þess leita, þikjumst við nú

hafa fengit svá góðan húsbónda, at okkr tjár ekki at gjöra öðruvísa, enn hann biðr. Til þess megi þið ætla, segir risinn, at sá mun ykk beztr, at gjöra mër öngvar ónáðir, ok liggja sem kyrrastir. Þeir kváðust svá gjöra mundu. Leggjast nú hvorirtveggju til svefns. Risinn var orðinn móðr, ok sofnaði hann skjótt. Þá mælti Rólfr konúngr: hvörsu þikist þú kominn, fóstbróðir Ásmundr? Sjaldan verri enn svá, þiki mër þetta tröll illt við at eiga, ok ekki hægt til úrráða. Konúngr mælti: aldrei mun sjá óvinr okkr fyrirkoma, ok mun nokkut annat fyrirliggja. Konúngr tók þá skíð eitt, ok skeldi á þilit hjá sér. Risinn vaknaði við, ok bað þá liggja kyrra: ella slæ ek ykk í hel með hnefa mínum. Eptir þat sofnaði hann. Hrólfr konúngr skeldi þá enn skíðunni. Risinn snérist þá á aðra hlið, ok vaknaði ekki, ok talaði þá ekki um, ok sofnaði fast. Konúngr skeldi hit þriðja sinn miklu skjallast, ok vaknaði þá risinn ekki við. Rólfr konúngr mælti þá: nú skal fara at með ráði, vilda ek fyrst geta náð sverðinu, ok þætti mër líkligt, at þat mundi bíta risann; nú skulu við svá at fara sem í kvöld! Þeir gjöra svá, ok getr Rólfr konúngr náð sverðinu. Hann mælti: nú þiki mër þegar líkara okkar efni, ok skal nú með ráði atfara; þú skalt reka í eldinn járnflein risans, ok gjöra glóanda, ok vilda ek at þú færir þessa 2 fleina í

augu risans, í því er ek legg sverðinu á honum; ok ef svá berr til, forðum okkr sem skjótast innar um sængina! Rólfr konúgr bregðr nú sverðinu. Konúgr þrífir upp kefli eitt, ok gengr at sænginni djarfliga, ok flettir af honum klæðum, ok sýndist harðla tröllsligr. Konúgr legg sverðinu svá fast, at þegar gengr í gegnum hann undir höndina vinstri, ok jafnskjótt færði Ásmundrjárnteininn í augu honum. Eptir þat skunduðu þeir innar um sængina. Hrólfr konúgr kastaði keflinu utar til dyranna, ok kom í skíðahlaðann, ok skall hátt við. Risinn hljóp upp skjótt ok hart ok utar til dyranna, ok fálmaði höndunum, ok ætlaði at grípa þá ok kreista með öngri vægð, en með greipiligum sárum ok miklu umfangi fellr hann út á hurðina, svá at hún brotnaði í smá mola. Þeir gengu þá at, ok börðu risan með stótrjám, þar til er hann var dauðr, ok var honum þó heldr mikit til fjörs. Eptir þat færðu þeir hann út or skálanum, ok urðu þeir at lima hann í sundr, áðr þeir komu honum út. Þá var mjök morgnat, ok bjuggust þeir á braut; ok er þeir voru skamt komnir, sá þeir lið sitt koma í móti sèr með miklu vápnabraki, ok urðu þeir fegnir, er þeir sá konúng heilan; höfðu þeir ætlat til móts við risann, ok hefna herra síns, ef þess þyrfti við, ok þótti þeim eigi betra at lifa eptir konúng sinn. Síðan

báru þeir mikinn fjárhlut or skálanum ok marga ágæta gripi. Konúgr hafði sverðit Rísanaut; þat var svá mikit, at þat var öngum manni vopnhæft nema Rólfi konúgi, ok var honum þó þúngt.

20. Eptir þetta þrekvirki hældu þeir á brott, ok fengu byr góðan, komu við Garðaríki nær konúgs atsetu. Þat var snemma morgins. Þar fyrir kendu þeir sína menn, urðu þar fagnafundir, voru þeir Ketill ok nýkomnir, spurðu þeir þá at um ferðir Rólfs konúgs, en hann segir svá, sem gengit hafði. Þeim þótti honum hafa gæfusamliga tekizt, ok þó mikilmannliga, lofuðu nú allir hans ferð ok frama. Ketill spurði Rólf konúg, bróður sinn, hvört þeir skyldu eigi þegar fara sem hermannligast, ok veita konúgi atgöngu. Konúgr kvaðst eigi þat vilja, mun ek senda menn á konúgs fund, ok segja honum mína kvomu, ok hvört vort eyrindi er; vil ek, Ásmundr! at þú farir þessa ferð; seg svá Hálfðáni konúgi, ef hann vill eigi unna Katli, bróður mínum, mægða við sik, at hann mun ó'riði mæta eiga af oss, viljum vèr biða konúgs hálfan mánuð, ok safni hann liði at sèr ok búist við bardaga, ætlum vèr þó at vinna þessa mey Katli til handa. Ferr Ásmundr nú við nokkra menn, kemr þann tíma til hallarinnar, er konúgr sat yfir drykkjuborðum með hirð sína, var þar gleði mikil. Ásmundr gekk í höllina at óviljuðum dyravörðum;

hann gekk fyrir konúnginn, ok bar fram eyrindi sín vel ok skörluga, eptir því sem Rólfur konúngur ætlaði¹⁾. Hálfðán konúngur svarar: spurt höfum vèr at Rólfur konúngur Gautreksson er ágætr maðr, en með því at vèr höfum áðr synjat at Katli þessa ráðabags, sýnist oss eigi at játa, þótt þèr sæið nú komnir með meira styrk, enn þá var Ketill; munu vèr þenna kost kjósa, at ráða til bardaga, með því at Rólfur konúngur hefir þar vel um talat, at vèr megim safna oss liði. Þá mælti Þórir járnskjöldr, öndugismaðr konúngs: þat er mitt ráð, herra! at þèr stríðit eigi við Rólf konúng, þvíat þat mun yðr verða allt um megn; er dóttir yðar fullsæmiliga gipt, þó Ketill fái hennar, er hann (hinn) hraustasti maðr ok hugfullr, munu þèr þá fá trausta höfuðbendu, þar Rólfur konúngur er, því aungan vitum vèr frægra í Norðrlöndum á allan hvatleik, vit ok hreysti, ok með vísu segi ek yðr satt, at týni þèr virðing yðvarri, ef þèr berizt við hann, ok með því þèr villð eigi hlýða mínu ráði, þá skulu þèr aunga von eiga minnar fylgðar, ok mun ek eigi bera minn skjöld í móti Rólfi konúngi. Þá hljópu upp berserkir konúngs, 12 saman; var Hrossþjófr fyrir þeim; hann mælti til Þóris: þetta er bæði mælt illmannliga, ok þó ragmannliga, at veita eigi konúngi lið eptir megni, ok þora eigi at berjast í móti einum lítilsháttar konúngi, ok óverðr

¹⁾ skipaði, C.

ertu at hafa sæmdir af vorum herra fyrir slík orð, ok þótt konúgr vor hefði eigi fleiri menn enn oss 12 berserki, þá skyldi hann þessa eigi at síðr til heljar færa með öllu liði sínu, ok aldrei heðan mannsbarn komast; ætla ek mér at mægast við Hálfván konúg, en brytja Rólf konúg hröfnum ok erni, en þér sendimenn verðið skjótt á brottu, ef þér villð ómeiddir vera ok óbarðir. Segið svá konúgi yðrum, at fyrr skal hann von eiga at oss snarprar orrostu, enn Hálfván konúgr gipti dóttur sína þeim manni, er vèr vitum mest vesaldar kregð, ok heimskastr er í öllu, ef þreyta skal, ok er þat undarligt, er hann þorði optar þessa mála at leita, þar sem hann var eltr ok barðr sem hundr hjá stú. Ásmundr svaraði: þat sè ek á þér, Hrossþjófr! at þú mælist feigum munni, ok þér allir félagar, þviat eigi óttast Rólfr konúgr yðr, þótt þér væruð menn, en nú hálfu síðr, er þér skrektið sem ragar skógargeitur, munu þér illa ills bíða, ok eggð konúg yðvarn ens mesta óráðs. Snèri Ásmundr út úr hallinni, en berserkir æptu ok grenjuðu á þá. Konúgr bað þá þegja, ok gjöra ekki sukk eða gnauð af sèr, kvað kallmannligt at flytja eyrindi konúgs síns. Ásmundr kom aptr á konúgs fund, ok segir, hvörsu farit hafði, segir þá við bardaga búast eiga. Hálfván konúgr lét liði safna, kom þar saman mikill her á fáum dögum, þjuggust nú

hvorirtveggju eptir; ok þann sama dag, er þeir skyldu berjast, flutti Hálfðán konúgr her sinn í mót Rólfi konúgi. Berserkirnir voru fremstir, ok fara nokkut fráskila öðrum mönnum, þvíat þeir vildu [eínir kenna sik láta af^r öðrum hermönnum sakir ofbeldis ok mikils máttar. Þá mælti Rólfr konúgr, ok bað þá Íngjald ok Ásmund ok Ketil fylkja í mót Hálfðáni konúgi, en hann læzt vilja finna einn berserkina; þeir kölluðu þat óráðligt; konúgr kvaðst ráða vilja, ok gengr einn á móti þeim; ok er þeir fundust, spurði konúgr, hvörlr þeir væri, er svá létu stórliga: ok gángið fram or fylking konúngsins? Hrossþjófr sagði til nafns síns. (Hrólfr mælti): veit ek gjörla ætt þína; Hrosskell, faðir þinn, var mikill vin Gautreks konúngs, föður míns, ok skiptust þeir gjöfum við; en þar sem þú býðst at stríða í móti mér, þá vil ek segja þér einá litla frásögn, ok gjöra þér kunniga ætt þína; þat var á einum tíma, sem opt bar at, at faðir þinn kom við Gautland; faðir minn tók honum vel, ok bauð honum til veizlu, ok þat þá hann, ok var honum veitt hit kapp-samligasta, sat hann þar mjök lengi. Faðir minn átti þá gripi, er ágætir voru, þat voru stóðhross, hestr mikill ok vænligr, apalgrár at lit, ok með 4 mérhryssi, ok at skilnaði gaf Gautrekr konúgr föður þínum marga dýrgripi, er ágætir voru, ok þessi stóðhross gaf hann

¹⁾ láta einkenna sik frá, C.

honum. Föður þínum fannst mikit um gripina ok gjafirnar, ok þó mest um hrossin, ok þakkaði þessa gjöf Gautreki konungi með mörgum fögrum orðum; skildu þeir, ok fór faðir þinn á braut með hrossin ok heim, hann varðveitti þau virkuga¹, ok gekk til hvörn dag; ok eigi liðu langar stundir, áðr þat fundu menn, at föður þínum þótti hestrinn ekki jafngóðr, sem verit hafði; þat fundu menn ok, at honum þótti hrossin slík eðr betri; ok einn dag er hann kom til hrossanna, fann hann hestinn drepinn ok lagðan með spjóti í gegnum; at þessu gaf hann sér ekki; þat undra menn, er honum þótti eigi skaði at um slíkan grip, sem hestrinn var, en því optar gekk hann til meranna, ok þeim fylgði hann því fastara. Eitt var hrossit bleikt á lit, þat þótti honum bezt allra hrossanna, ok um vorit ætluðu menn, at fyl mundi í merinni bleiku, allir þeir er hana sá. Svá er sagt, at stundir liðu, þar til er merin ber; varð þat öðruvísi enn menn ætluðu, þat var sveinbarn, en eigi fyl. Faðir þinn lét taka, ok fæða upp barnit, þat var mikit ok frítt; hann lét þenna svein heita Hrossþjóf, ok kallaði sinn son; ok er eigi² kynligt, at þú ræmbist með³, þar sem þú ert merarson; hafði ok faðir þinn sjálfr drepit hestinn, ok eigi veit ek, hvört hann hefir

¹) varliga, B; vorkunliga, F. ²) v. í C. ³) við, B, F; mikit, C.

fleiri syni átt við þeirri meri, en sagt heyrði ek, at hann ætti þann annan son, er Hesthöfði hét, ok væri ok at honum hrossakyn, en þarsem þær eruð mjök líkir, hvorr öðrum, ok allir illir ok ólíkir öðrum mönnum, þá er þat líkast, at þær seud svá allir getnir. En við orð konungsins hljópu þeir upp með grenjun ok ópi, allir berserkir. Þeir vildu allir semn í móti konunginum. Rólfr brá þá sverðinu Risanaut, ok hjó þann fyrst, erfremstr var, beit þetta sverð svá þeirra búka, sem í vatn brygði, þvíat þeir voru allir hlífjarlausir, þvíat ekki vápn hafði þeim áðr grandat; lýkr þar svá þeirra í millum, at Rólfr konúgr drepr þá alla, ok varð drjúgum¹ ekki sár. Þá sèr hann at samansíga fylkingar þeirra Háldánar konungs ok þeirra fóstbræðra; hafði Háldán konúgr lið miklu fleira. Rólfr konúgr snýr nú í bardaga í móti Háldáni konúgi, var þessi bardagi bæði harðr ok lángr, voru þeir fóstbræðr enir áköfustu; en þarsem Rólfr konúgr gekk fram, veik undan fylking Háldánar konunga, ok féll þar fjöldi. Svá er sagt frá Þóri járnskildi, at hann vildi eigi berjast móti Rólfi konúgi, fyrir þat er Háldán virði ekki hans tillög. Konungsdóttir gekk upp í ena hæðstu turna, ok sá til bardagans, hún sá drepna hrausta menn föður síns; hún gekk þá heim til hallarinnar, ok inn í hallina, hún

¹) nær, C; u. í B, V.

sá at Þórir sat einn samt í öndugi, ok þuldi í gaupnir sér, hann hafði fósturat meyna. Hún gekk fyrir hann, ok mælti: þat er ráð, fóstri! at standa upp ok veita föður mínum, þvíat ek sé at hann þarf yðvars trausts. Þórir leit við henni, ok svaraði öngvu, ok sat sem áðr, en hún gekk á brott; ok er stund leið, gekk hún fyrir hann, ok mælti: hví sætir þat, fóstri! at þú sitr svá fast, ok hjálpar eigi feðr mínum, þarsem hann er svá mjök þurfi, ok er þetta mjök óheyriligt, mun þer þetta ok til mikils ódrengskapar virt, þar sem þú ert hans öndugismaðr, ok þegit af honum margar gjafir, ok ráðit einn með honum öllu því, sem þú vildir. Hann leit þá reiðugliga til hennar, ok svarar aungu, ok sat sem áðr, en mærin gekk í braut, ok þótti fóstri sinn ófrýnligr mjök. Hún gekk þá at sjást um. Þá sá hún at Hálfðán konúngr ok hans fylkingar gengu fyrir, en hún sá Rólf konúng höggva til beggia handa. Hún efast nú í, hvört hún skal optar biðja fóstura sinn, ok verðr enn þat fyrir, at hún snýst at honum djarfliga, ok leggr hendr um háls honum, ok mælti: minn ljúfi fóstri! ek bið þik viðhjálpa feðr mínum, ok mæ'r at verða eigi nauðig gipt, hefir þú ok heitit at veita mæ'r eina bæn, þá er ek vil biðja þik, vil ek nú at þú gangir í þenna bardaga, ok veitir feðr mínum eptir megni, ok veit ek at þú munir vel til duga. Járnskjöldr hratt meyunni á hallargólfrit hart. Hann var

þá svá reiðugligr, at hún þorði eigi við hann at mæla. Hann sprettr þá á fætr. Þat heyrði hún, at hann blès við mjök. Hann grípr vopn sín, ok klæðir sik skjótt ok fimliga. Síðan gekk hann snúðigt til bardagans, skorti þar eigi mikitt mannfall ok snarpa orrostu. Þórir gengr fram svá hart, at allt hrökk undan honum. Ok er stund leið, litaðist Rólfr konúngr um, ok sá mikinn bug á fylking þeirra Íngjalds ok Ketils; snéri konúngr þá þángat, en bað Ásmund berjast undir þeirra merki, þartil er hann kæmi aptr. Ok er þeir fundust bræðr, spurði konúngr, hvörsu atfæri. Ketill kvað þúngt veita: hær er kominn svá mikill óvinr, at ekki stendr við, ok líkari er hann trölfi enn manni. Konúngr mælti: maðr mun vera, ok má vera at hann sè nokkuru vaskari enn aðrir menn. Konúngr hjó þá með Risanaut á báðar hendr, ok mætti öngvum svá fræknum, sterkum nè draumblátum, at eigi fengi skjótt dauðann fyrir lífit. Ketill fylgði fram hraustliga, ok drap margan mann, ok gengu þeir í gegnum fylkingar, ok eptir þat hverfr þórir þaðan, en konúngr rétti aptr fylkingina; ok er þeir höfðu barizt um stund, sá hann at Ásmundr lét [undan buga^r. Þá snéri konúngr þegar aptr, ok undir merki sitt. Rólfr konúngr lét þá frambera merkit, ok fylgði því með mikilli atsókn. Hálfðán konúngr gekk vel fram, ok var hinn fræknasti við

*) siga, C.

bárdaga ok hian kávetasti framgöngumaðr, ok feldi margt manna. Þórir var ok þar kominn, ok gekk fram harðliga með stórum höggum, ok gjörði hann skjótt um við alla, þá honum vikumót; ok þegar hann sèr Hrólf konúng, víkr hann skjótt undan, ok þángat sem þeir Ketill voru fyrir, gengr þar fram með miklu kappi sem fyrr, ok fellir hvorn um þveran annan, svá at ekki stendr við. Hallast nú skjótt bardaginn á þá fóstbræðr. Sèr Ketill, at eigi mun svá búit hlýða, ferr til móts við Rólf konúng, bróður sinn, ok mælti: undarligt þiki mér þat vera, at þú ræðr eigi af meinvætti þessa, er oss gjörir svá mikinn skaða, ok mundu vèr fyrir löngu sigr hafa, ef þetta tröll hefði eigi oss í móti gengit, vèr höfum eigi fundit þat fyrr enn nú, at þú hafir eigi verit vel hugaðr, eða eigi jafnan þar framgengit, sem mest raun hefir at verit, utan nú í dag, brestr þik áráði við spellvirkja þenna, ok sýnist oss svá, sem hvorr ykkar forðist annan. Nú með því at þèr villð eigi fyrirkoma þessum manni, ef mann skal kalla, þá fá þú mér sverðit Rísanaut, ok vita hvort: mér bilar áráði, ef ek komumst í færi. Konúngr svaraði: mikit er um ákafa þinn, ok vel mundi þèr frambæra, ef þú værir eptir því forsjáll, sem þú ert framgjarn; eða hyggstu munu vega með því vâpni, er ek fæ valla borit? Ketill svaraði: gjörle veit ek þat, at mér er ekki vâpn í sverðinu, en eggja verð ek þik með nokk-

uru. Konúgr snýst þá með Katli; skorti eigi, at þar var enn ákafasti bardagi, ok mikil at-sókn. Þórir járnskjöldr var þar fyrir, ok hjó á báðar hendr, ok feldi margan mann til jarðar. Konúgr snýr nú með nokkura menn á móti Þóri, ok var þá hörð svipan. Þat sá konúgr, at eigi mátti svá búit standa, en sá at Þórir vildi þó eigi bera vâpn á hann, ok fór æ undan. Konúgr gekk þá svá nær honum, at hann hjó þann, er fyrir honum stóð, ok annat sinn seildist hann yfir herðar honum með sverði, ok drap þann, at baði honum var. Þá féll maðr fyrir fætr konúngi, ok rasaði hann um þann nær til felle, ok við þat stakk konúgr sverðinu við Þóri, er þá bar saman í rasinu, en Þórir snaraði frá, ok brá at sér klæðunum; ok nokkru síðar sá konúgr hann hvörgi, ok var hann horfinn or bardaganum. Konúgr eggjaði þá lið sitt til framgöngu, en hann sjálfr ykr til móts við Hálfðán konúng; var þá þegar auðsýnt er ágekk í nokkurn stað, flýði þá hvorr at öðrum, þeir sem hlíf þá. Hálfðán konúgr flýði til borgarinnar með því liði, sem undan komst, en fjöldi var fallinn, margt hafði ok fallit af þeim Rólfi konúngi. Konúgr bað sjna menn fara til skipa, þá er sárir voru. Rólfr konúgr bað Ásmund gánga með sér. Þeir gengu til skógar, en annat lið þeirra til skipa. Ásmundr mælti: hvat vill þer forvitnast í skóg þenna. Konúgr mælti, þi er bardaginn var sem harð-

astr, ákeinda ek með sverði mínu þann ena mikla mann, er oss gjörði mesta manntjón, ok hann vilda ek gjarna finna, þvíat ek hygg at hann gengi á þenna skóg. Ásmundr mælti: hygg þú eigi, at hann hafi dáið af þessu sári, en ek veit at þú munt vilja drepa hann. Konúngr mælti: þat er eigi, því vilda ek finna hann, ok gjarna vilda ek græða hann, ef ek mætti, þvíat betri þiki mér hans fylgð einn 10 annarra, þótt gildir eð. Ásmundr mælti: þat er líkast, at tröll þetta sé gengit [inn í hamra, ok finnist eigi¹. Konúngr mælti: eigi mun svá vera, ek skal ek freista, ef hann finnst. Ok er þeir höfðu gengit nokkura stund um skógin, komu þeir í rjóðr eitt, ok undir einni eik, sé þeir menn einn liggja; hjá honum var mjök blóðugt; hann var harðla mjök fölr; vopni hans láu hjá honum. Konúngr gekk at honum, ok mælti: hvörr er þessi maðr, er hér ligg? hann svaraði: gjörla kenni ek þik, Rólfur konúngr Gautreksson! bæði sakir vaxtar ok frföleiks, þikjumst ek ok vita, at því muntu hér kominn, at þú munt vilja drepa mik, má vera at þú kallir til þess nógar sakir, en nafni mínu vil ek eigi leyna þik, menn kalla mik þóri járnskjöld. Konúngr mælti: hefir þú barizt í móti oss í dag, ok felt marga vora menn. Þórir mælti: þat er satt, ok vel mætta ek hafa gjört yðr meira illt, ef ek hefði viljat, en þvíat

¹) í hamra ok drepit sik, C.

ek vissi, at Hálfdrán konúgr mundi fá ósigr fyrir þér, þá var ek tregr í þenna bardaga; þvíat ek þóttumst vita, at annarhvorr okkar mundi fyrir öðrum hníga; fór ek því undan, sem ek máttu, þvíat mér þótti þat óbætiligr skaði ríki þínu, ef þér yrði fyrirkomit, ok því gekk ek eigi af megni í móti þér, varð þat ok ekki at þínum vilja; þótt ek fengi þetta sár. Þá mælti Rólfr konúgr: þú munt vera ágætr maðr í framgöngu, eða viltu þiggja grið at mér? Þórir svarði: þat ætla ek nú litlu skipta. Konúgr mælti: ertu mjök sár. Þórir kvað hlát bragð at því: en þó fekk ek þá skeinu af svefði þínu, at mér er síðan nokkuru stírdara enn áðr, ok get ek, at þó hafi lítt tekit. Konúgr bað hann sýna sér: Hann flétti þá af sér klæðunum, sá konúgr, at ristinn var á honum allr kviðrinn, ok hélt ekki nema lífhinnan². Konúgr mælti: mikit er sár þitt, svá at þú munt valla græðandi; en þarsem eigi liggja iðr þín úti; þá mun ek leita þér lækningar, ok vil ek bjóðast til at græða þik; ef þú vilst gjörast minn maðr, ok veita mér fylgð ok þjónustu. (Þórir mælti): ef ek skal nokkrum manni þjóna, þá kýs ek eigi annan heldr til þess enn þik, en með því vil ek líf þiggja, at þú gefir Hálfdráni konúngi grið ok öllum hans mönnum, því ekki aflar hann því at standa í móti yðr. Konúgr lézt þat gjöra mundu, ef hann fengi vald á konúngi.

²) lífhinnan, B.

Síðan fagir hann sárit, ok eptir þat tekr hann nál með silkiþræði; ok saumar aptr sárit, síðan bar hann á smýrsi öll þau, er honum þóttu gróðrvæuligust¹, bindr um, ok býr um með öllu, svá sem honum þótti líkligast, ok þótti þá allan sviða ok verk or taka, ok máliga þóttist hann fær, hvört er hann vildi. Síðan fóru þeir til skipa, ok voru þar um móttíma. Um morguninn þegar í ár býr Rólfr konúgr lið sítt, ok ferr til borgarinnar; varð þar engi viðtaka, var Hálfðán konúgr handtekinn, ok gaf Rólfr konúgr honum grið fyrir bæna sakir Þóris á þann hátt, at Rólfr konúgr skyldi einn ölla ráða þeirra í millum, játar þá Hálfðán konúgr at gipta Katli dóttur sína. Síðan fær Rólfr konúgr til skipa, ok læstr binda sár sinna manna, en heygja þá, sem fallit höfðu; en Hálfðán konúgr lét búa til veizlu, ok býðr til mörgu stórmenni í ríki sínu; ok at ákveðnum tíma kemr Rólfr konúgr með öllum sínum mönnum til þessárar veizlu; drekka nú allir samt glaðir ok kátir með blíðri vingan ok góðu samþykki; stendr þessi veizla 7 nætr með enum mesta þris, ok at þessi veizlu fær Ketill Ólafar sér til konu [með góðu hennar samþykki, ok svá föður hennar; gefr hann með henni mikit fé í gulli ok silfri ok mörgum dýrgripum. At þessi veizla² gefr Rólfr konúgr bróður sínum allt Gautland ok þar

¹) gróðrarligust, C. ²) með ráði föður hennar, C.

með konungs nafn. Ok at lokinni þessi veizlu heldr konúgr Rólfr braut með öllu sínu föruneysi, sæmðr af Hálfðáni konúgi mörgum dýrum gjöfum; einn af þeim gripum var horn svà ágætt, er hann kallaði Hrínghorna; þat var með þeirri náttúru, at svà hátt gall í því, ef af var drukkit, at heyrði um valska mflu, ef þat boðaði fyrir tíðindi, en ekki náði þá drykk or því heldr enn áðr, ef eigi var rétt afdrukkit; mikill gullhríngur var í stikli hornsins; þetta þótti vera mikil konungs gersemi. Rólfr konúgr vildi ekki annat, enn þórir færi með honum; ok þótti Hálfðáni konúgi hann mest at láta; skildu konúngar nú með mikilli blíðu; þóttist Hálfðán konúgr sjá, at Rólfr konúgr var mikit afbragð annarra konunga; þótti öllum mikils vert um styrk hans ok harðfengi, er hann hafði einn yfirunnit ok fyrirkomit 12 berserkjum; þeim er þeir ætluðu at ekki mundi bella, ok jafnan höfðu áðr mikinn sigr unnit. Eptir þetta halda þeir brott af Garðarski með fengna konu ok marga aðra góðgripi; koma heim til Svíþjóðar, verðr allt fólk þeim fegit, ok drukku þar fagra veizlu með fagnaði. Ok eptir þat fór Íngjaldr heim til Danmerkr, en Ketill til Gautlands, ok setjast í ríki sín, skipuðu ok stjórnðu með miklum vög ok sóma; en Rólfr konúgr sat í Svíþjóð; ok þeir Ásmundr. þann sama vetr andaðist Eirekr konúgr í Svíþjóð; tók þá Rólfr konúgr ríki allt undir sik,

ok gjörðist einvaldskonúgr yfir Svíþjóð, ok öllu því ríki, er Eirekr konúgr hafði stýrt. Rólfr konúgr hafði getit son við drottningu sinni, þann er Gautrekr hét; hann var snemma mikill ok þreskavænlig. Ráða um stund allir þessir konúgar ríkjum sínum með náðum ok góðu samþykki, ok líða svá fram nokkrir vetr.

21. Konúgr ræð fyrir Írlandi, er Rólfr hét; hann var mikill fyrir sér ok ódæll, hann var blótmaðr. Hann átti sér eina dóttur barna; sú heitir Íngibjörg; hún var vitr kona ok væn, ok þótti engi betri kostur á Írlandi. Hennar höfðu beðit margir ágætir konungasynir, ok vildi faðir hennar eigi gipta hana; höfðu þeir þessa leitast bæði með ráðum ok með orrostu; en Rólfr konúgr var svá forspár, at af sinni ilsku ok vondum átrúnaði vissi hann fyrir kvomu þeirra, ok hafði jafnan þá her óvigan, er þeir ætluðu at koma honum á úvert. Hann sjálfr var ok hinn mesti berserkr til framgöngu, svá at hann feldi marga kappu í einvígum, þóat honum biði á hölm, ok fyrir slíkra hluta sakir varð hann frægr, svá at öngvir konúgar fýstust við hann at keppa; hafði hann ok nú lánan tíma svá setit í náðum at engi konúgr hafði strídt á hans ríki, þvíat allir óttuðust hans harðfengi. Einn tíma er þess viðgetit, at Ásmundr kemr at máli við Rólfr konúgr Gaut-

reksson: svá er (mál) með vexti, herra! at ek vildi staðfesta ráð mitt ok kvænast, gjör-
 ist faðir minn mjök aldraðr, ok á ek at taka
 ríki eptir hans dag. Rólfr konúngr svaraði:
 hvar horfir þú, fóstbróðir! á um þetta mál.
 Ásmundr svaraði: Hrólfr heitir konúngr, er
 ræðr fyrir Írlandi, mikilhæfr maðr; hann á
 dóttur væna ok vitra, heitir Íngibjörg; henn-
 ar vilda ek fá, ok hafa þar til yðvarn styrk
 ok harðfengi, at ná þessu ráði mér til handa.
 Rólfr konúngr svaraði: eigi mun þær Hrólfr
 konúngr ókunnigr vera; hann er fullr upp
 galdra ok gjörníngr, ok má honum ekki á
 óvart koma, er ok illt at sækja Írland með
 her útlendum, þar er fjölbyggt, en grunn mik-
 il fyrir landinu, svá at þar við kemst ekki
 nema með smáskipum; ok hefi ek heyrt, at
 nokkurir mikilsháttar menn hafi beðit þessar
 meyjar, ok engi fengit nema skömm ok svi-
 virðing af konúngi þessum. Nú veiztu, fóst-
 bróðir! at oss gánga ekki svá mjök konbænir,
 þarsem vèr verðum at sækja með bardögum
 ok styrjöld ok miklum mannskaða, ok þótt
 konúngarnir sjálfir vill eigi stríða í mót oss,
 þá taka konurnar sjálfar ok halda bardaga
 oss í móti með mörgum vélræðum; nú munu
 við leita oss léttrara, enn gánga í fáng Rólfi
 konúngi; með slíkum hug ætla ek ok vera
 Svía ok Gauta ok Dani, at þeim þiki mál at
 létta þessu sukki ok hernaði, ok hafa eigi

21-22K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 143

svá mikinn kostnað sumar frá sumri. Þat fann Ásmundr, at konúngr fór mjök undan, ok taldi allar latar¹ á um ferð þessa, vissi hann þat ok, at Írakonúngr var illr viðreignar, ok hann hafði skemmiliga leikit þá, er þángat höfðu mægða beðit; læk Ásmundi þó ekki annat í skapi, ok taldi jafnan um fyrir konúngi, ok bað hann fá sér til styrk, þótt hann vildi eigi fara sjálfr, ok leggja ráð til með honum. Konúngr kveðst ætla, at þat mundu til lítils koma, utan mannskaða fengi hann því meira. En er Ásmundr sá, at konúngr var fastr fyrir um þetta mál, ok ótalhlífian um þat, sem hann beiddi, þá biðr Ásmundr drottningu túlka sitt mál, ok segir henni sinn vilja, ok svá segir hann henni viðtal þeirra konunga. Drottning kveðst gjarna vilja gjöra hans vilja í öllu, því er hún orkaði, en til þessarar yðv² arrar beiðslu kann ek sízt at leggja, með því at ek kann eigi þau ráð til gefa, at yðar framá eða sæmd mætti aukast við, þar sem svá er við illan um at eiga, sem Rólfr Írakonúngr er, þvíat hann er harðr konúngr ok illrar náttúru; sér Rólfr konúngr Gautreksson slíkt, þarsem hann er vitr ok forsjáll, ok getr mörgu nær.

22. Ok eitthvört sinn er þess viðgetit, at þau talast við, Rólfr konúngr ok drottning. Hún spyr, hvört hann skyti² undan ferðinni

¹) letur, B. ²) skorast, B, F; skerist, C.

við Ásmund, fóstbróður sinn, til Írlands. Hann kveðst víst þat hafa gjört. Hún mælti: þat gjörir þú illa, þvíat eigi veit ek þann maun, attu settir heldr sæmdar at leita enn honum, hefir hann yör lengi vel fylgt, ok þjónat kurt-eisliga ok verit með yör í margri hreystiferð, ok þolat með yör bæði blítt ok strítt, ok reynzt jafnan hinu vaskasti maðr. Konúngr mælti: ekki gánga oss kvánbænir svá auðveldliga, þótt eigi sé við slíka heljarmenn at eiga, sem er Rólfur Írakonúngr, munu þær létta af um kvánbænir þessar, eða hvört ráð sér þú til, er þú fýsir svá mjök þessar ferðar, þat er vænast sé til framkvæmdar um vort mál. Hún kveðst þar engi ráð kunna til at leggja, kvað þat meir takast mundu eptir auðnu ok tilstilli yöru, herra! ef þær kómið fram ferðinni, er þat mitt ráð, at þær hafið ekki mikit lið til ferðar þessar, vil ek at þeir sití eptir Ketill ok Íngjaldr, ok hafið þær ekki lið af þeirra ríkjum, þvíat þeim mun þrátt' þikja þessi útboð áliggja. Þórir járnskjöldr vil ek at hér sé eptir til landvarnar, meðan þú ert í bruttu. En þið Ásmundr skuluð fara, ok hafa eigi meira enn 10 skip ok hundrat liðs á hvörju, en drekann et ellefta, þikjumst ek þat vita, ef ykkar aptrkvoma seinkast, at þeir Ketill ok Íngjaldr munu þá eigi um kyrt sitja, þiki mér ok líkara at yðvar verði hefnt, ef þess þarf við, ef slíkir menn lifa ept-

1) þúngt, C.

ir, sem þeir eru. Rólfr konúgr mælti þá til Ásmundar: nú með því, fóstbró'ir! at ek fari (með) þèr ferð þessa, slík sem hún verðr, skaltu tilvinna nokkut; mèr er svá flutt, at faðir þinn eigi dóttur fagra, þá er Margrèt heitir, þessa mey skaltu játa í mína forsjá til giptíngar. Ásmundr læzt þat gjarna vilja, kveðst því treystast, at konúgr mundi miklu betr fyrirjá enn hann sjálfr. Eptir þetta hafa þeir tilætlan á um ferð sína, ok at sumarmagni voru þessi skip albúin, ok þat lið sem konúngi skyldi fylgja. Þórir vildi fara ferð þessa, en konúgr vildi þat eigi. Þórir læzt gjöra mundu sína ferð, sem honum líkaði, þegar konúgr væri á brottu, en kveðst eigi skyldu vera í konúngs föruneyti, nema konúgr vildi, ok líkaði honum illa, er hann skyldi eigi ráða ferðum sínum. Konúgr bað hann hafa landráð ok ríkisstjórn. Þórir læzt þat hyggja, at Rólfr konúgr þyrfti meir aðra umsjá, áðr hann kæmi aptr or þessari ferð, ok skildu þeir við nokkura fæð. Rólfr konúgr átti enn annan úngan son við drottningu, þann er Eirekr hèt. Gautrekr, son Rólfs, var þá 11 vetra, er faðir hans fór or landi.

23. Nú er frá því at segja, þegar þeir voru búinir, hældu þeir á brott af Svíþjóð, ok vestr í haf; gaf þeim heldr lítt, fengu veðr stór, ok óhæga byri, þeir höfðu mikla myrkva, tókst

þeim heldr ógreitt, lágu löngum við eyjar ok annes, mættu þar jafnan víkingum, fóru þeirra skipti svá, at Rólfur konúgr hafði jafnan sigr. Svá er sagt at (á) áliðnu sumri komu þeir við England. Þá ræð fyrir Englandi Ella konúgr; hann var ríkr konúgr ok ágætr, ok er hann spyrr komu Rólfs konúgs Gautrekssonar, sendir hann menn á fund hans, ok býðr honum til veizlu með svá mikit lið, sem hann sjálfr vildi. Rólfur konúgr bar þetta boð fyrir sína menn, ok spurði, hvörsu fýsiligt þeim þætti at sækja veizluna. Þeir báðu hann fyrirsjá. Konúgr kveðst mundu tilætla, ok bjóst með hundraðs liði. Svá er sagt, at Ella konúgr átti dýr eitt, þat var svá grimmt ok ólmt, at þat eirði öngu því, sem því var ávísat. Þat var bæði mikit ok sterkt, þat var leo; þetta dýr höfðu þeir svá vanit, at þat grandaði öngvu utan þeim, er konúginum veittu mótgang, ok hann vildi því ávísá, en þat var spakt ok kyrt við alla hirð konúgsins, ok alla þá er konúgrinn vildi at með honum væri í friði ok náðum. Konúgi þótti góðr grípr í dýrinu, þvíat þegar ófriðr var gjör á ríki hans, lét hann slá lausu dýrinu, ok drap þat niðr á lítilli stundu fjölda manns, svá at hundruðum skipti, var þat svá örugt til landvarnar, at aungvir konúgar treystust á England at stríða, síðan þeir vissu athæfi þessa dýrs. Tveir menn eru nefndir með hirð Ella konúgs, hét annar Sigurðr, en annar Bárðr,

þeir voru mikils metnir; þeir geymdu ok varðveittu þetta dýr, var þat hvörsdagliga bundit sterkliga með járnviðjum; þessir bræðr voru ójafnaðarmenn miklir, ok heldr illfúsir; ok er þeir urðu þess varir, at Rólfi konúngi var þángat boðit með sínu föruneyti, mælti Sigurðr: hvört ráð skulu við þat gjöra, at konúngr þessi tapi sæmd sinni, er svá mjök er lofaðr af öllum mönnum, þvíat mér þikirk þat flt at vita, ef hann fær hær nokkurn frama af konúngi vorum. Bárðr svaraði: þat er helzt mitt ráð, at vèr farim á skóg þann, er á leið þeirra er, ok hafim með okkr dýr konúngsins, ok slám því lausu, þá er við sjám ferð þeirra; mun konúngr þessi eigi svá mikilsmáttar, at hann sigri dýrit, heldr mun þat honum verða at skaða, færi þá sem skyldi ok ek vildi. Þeir fara nú með dýrit á skóginn, ok leynast þeir, þar til er þeir sjá ferð Rólfs konúngs. Þeir höfðu áðr dýrit ært með víni ok allskins drykk hinum sterkasta; slógu þeir síðan lausu dýrinu, ok létu hlaupa, en fálu sjálfa sik.

24. Nú er at segja frá Rólfi konúngi, hann gengr upp við hundrat manna, ok ætlar á fund konúngsins, ok er þeir hafa litla hríð gengit, heyra þeir á skóg brak ok ógrlig læti. Ásmundr tók til orða: herra! segir hann, hvaða látum heyrum við? Konúngr biðr þá stað nema, ok hugsa til, hvað látum vera mun, en þat kunn

engi þeirra at skynja, utan þeim þótti mikít ok öskurligt at heyra til þessa. Konúngr mælti: þat hef ek heyrt, at Englakonúngr eigi dýr, þat er sè harðla mikít ok grimmt ok illt við at eiga, má vera at eigi sè allt af trúnaði við oss gjórt, nú vil ek, at þer nemið hér stað, en ek vil, at við Ásmundr gáingim fram, ok forvitnumst, hvat látum þetta mun vera. Þeir gjöra svá; ok er þeir hafa litla hríð gengit, sjá þeir dýrit, at þat leikr sèr í skóginum. Leo sýnir mátt sinn, ok kastar hala sínum í hríng um eikrnar, ok kippir svá upp með rótum. Síðan grípr hann með klónum, ok kastar í lopt upp, sem þá er kótt leikr at fuglum. Ásmundr mælti: hví mun sjá ófagnaðr svá láta? Konúngr mælti: þat munda ek ætla, at því mundi dýrit leikit^r vera, at þat mundi ært vera áðr af drykk. Ásmundr mælti: sè ek þat, at aldrei komumst við fram fyrir þessum óvin. Konúngr mælti: við skulum taka annat ráð, hér útaf veginum stendr einn hár stofn, þar er þraungr skógr fram at götunni, þar skaltu fara uppá stofninn, ok standa þar, ek skal hafa þik at agni við dýrit, en ek skal fela mik þar í hjá, ok þá er dýrit geisist fram at þer, þá skaltu hlaupa út í skóginu, en ek mun vita, at ek fáí nokkut [færi á því; þætti mér vera mega, at þat festi sik í skóginum, þvíat hann er mjök þraungr². Þú skalt hrína, sem þú mátt hæst ok líkast svíni,

¹) leika, C. ²) tilgert, C.

þvíat þat má hann með öngvu móti heyra, ok þat eitt veit ek hann óttast, sú er hans náttúra. Ásmundr gjörði, svá sem konúngr bauð. Nú ferr þetta eptir því, sem konúngr gat til, at þegar er dýrit sá manninn, hleypr þat at með ákefð ok grimmeik, ok þegar fram í millum eikanna. Ásmundr gjörir, sem honum var boðit, hrín sem hann má hæst; ok er dýrit heyrir þessi læti, nemr þat stað, ok bregðr höfðinu milli fóta sér, ok þröngvir með leggjunum at eyrum sér svá fast, at hann vildi eigi svíns hríninn heyra. Rólfr konúngr hljóp þá upp, ok hjó með sverðinu, ok í sundr hrygg dýrsins fyrir framan mjaðmirnar, ok deyr dýrit þegar í stað. Ok er þetta sá þeir bræðr Sigurðr ok Bárðr, hlaupa þeir heim til hallarinnar, sem þeir mega skjótast, ok segja Ellu konúngi þenna enn fáheyrða atburð, hvörsu Rólfr konúngr hafði dýrit unnit, þat er þeir ætluðu at ekki mundi bella. Konúngr spurði, hvörsu þetta hefði atborit, en þeir sögðu allt, sem farit hafði. Konúngr verðr þeim stórliga reiðr fyrir sínar tiltekjur, [ok kvað eigi þeirra færi, at þreyta hamíngju við Rólfr konúng¹, ok lèt taka þá báða ok setja í bönd, en Ella konúngr sjálf ferr í mót Rólfi konúngi með miklu liði, ok kvað líkligt at Rólfr konúngr ætlaði þetta af hans vélræðum vera, er þessir menn höfðu á hendr tekizt. Eptir dráp dýrsins snúa þeir Ásmundr ok Rólfr konúngr aptr til manna sinna,

¹) v. i. C.

ok mælti Rólfr konúgr: vèr skulum fara, sem vèr höfum áðr ætlat, þvíat ek hygg, at þetta sè eigi ráð Ella konúngs, ok þat er mín ætlan, at honum þiki mikill skaði at dýrinu, ok vil ek sjálfr segja honum. Þeir fara nú, þar til er þeir koma fram or skógi, ok geta at líta, at mikit fjölmenni ferr í móti þeim; þat var vel búit at vopnum. Þeir þikjast nú vita, at ófriðr mun vera. Þá mælti Rólfr konúgr: annathvort er nú, at konúgr þessi er fullr upp slærðar ok undirhyggju, ok hefir þetta hugsat þegar í fyrstu, at svíkja oss með nífóingskap, eða elligar er þetta ekki hans ráð, ok hafi nokkrir vondir menn þetta tekizt á hendr, ok gjört þetta til óvinganar vor í milli, ok þat munda ek hvörgi síðr ætla; gjörum oss nú¹ sem traustasta, ok göngum djarfliða í móti þeim, ok látum öngvan bilsbug á oss sjá, hvort sem þeir vilja oss gott eða illt, ok ef þess þarf við, deyum heldr við sæmd, enn lifum við skömm! Þeir herðu þá hugina, ok báðu þann aldrei þrifast, er eigi dygði sem mætti. Þeir fóru með fylktu liði. Rólfr konúgr fór í miðri fylkingu sinni, ok hafði bert sverðit Risanaut, ok létu allvígmanna; ok er þetta sèr Ella konúgr, lætr hann bregða upp friðskildi, ok ríðr sjálfr í mót Rólfi konúngi, ok fagnar honum vel, ok endrýar þá enn boðit við Rólf konúng. Ok er Rólfr kon-

¹) hér byrjar miðbrotið af D.

úngur sér blíðu bragð á Ellu konungi, tekur hann því vel, fara þá allir saman til borgar; er þat fyrirbúinn enn bezt fagnaðr, ok harðla fúgur veizla, talast konungar þá við. Rólfr konungur mælti: ek vil yðr kunnigt gjöra, at vèr munum hafa unnit yðr mikinn skaða, í því at ek drap dýr eitt, þat sem mér er svá flutt, at yðr megi (þikja) svá mikill skaði at vera. En með því at ek þóttumst eiga hendr mínar at verja, þá gjörðum vèr af því þetta, en fyrir utan allan móþróa við yðr, en allt þat sem þèr þikir í þessu misboðit, þá vil ek svá bæta, at yðr megi vel líka. Ella konungur svarar: sýni þèr í þessu, sem mörgu öðru, sanna vizku, at þèr bjóðit bætr fyrir þat, er aðrir setti þèr at bæta; en sakir þess, at þú eignar eigi þetta vorri ódygd, þá vilek þá menn gefa undir yðvarn dóm ok refsing, er þessu eru valdandi. Lèt síðan sækja þá bræðr Sigurð ok Bárð, voru þeir báðir bundnir, leiddir fyrir hann, ok sögðu þeir sjálfir sína ráðagjörð. Eptir þat bað Ella konungur Rólf konung dæma þeirra mál, eða hvörn dauða at hann vildi at þeir hefði. Rólfr konungur svaraði: öll þau lögbrot, sem yðrir menn gjöra, þá eigi þèr, herra! dóm á þeim, en ef þèr vildit nokkut gjöra fyrir minn bænarað, þá vilda ek at þú gæfir þeim líf, ok færi þeir í brott or þínu ríki, ok hefðu þeir þat fyrir sinn ótrúleika. Ella konungur mælti: þat er þó satt at segja, at fárra konunga makí muntu vera á

mildi þína, ok skal þetta gjörast eptir þínum vilja. Lèt konúgr leysa þá, ok fèkk þeim skip ok fè nokkut, ok fóru þeir or landi, ok eru þeir or þessi sögu. Eptir þetta taka konúgar tal með sèr; spyrr Ella konúgr eptir um ferð Rólfs konúgs, en hann segir honum allt eptir því, sem ætlat var. Konúgr kvað þat vera heldr óvænliga ferð, kvað Rólf íra konúgr vera heldr harðan ok illan við at eiga, ok bað Rólf konúgr eigi ætlast til þessarar ferðar á þessu sumri, bað honum við sèr at vera með hundrað manna, en þeir vistaði annat lið hans þar á Englandi nær sèr, ok þetta boð þiggr Rólfr konúgr. Hafði Ella konúgr þar fyrirætlan ok alla tilskipun með kostnaði. Sítr Rólfr konúgr nú á Englandi við öllu liði sínu með mikilli gleði; veitti konúgr þat hitt kappsamligasta. Líðr nú svá fram um hríð.

25. Þess er getit, at þeir Rólfr konúgr ok Ásmundr gengu úti um staðinn einn dag, at skemta sèr, ok er þeir ætluðu heim at gánga til hallarinnar, kom at þeim kerlíng ein. Hún gekk við tvo stafi. Kerlíng setti upp nasirnar, ok mælti: hvörir eru þessir enir tígugligu menn. Þeir sögðu til sín. Kerlíng mælti: er þetta enn agæti konúgr Rólfr Gautreksson, ok vera ek sæl, ef ek hefða hann fundit. Konúgr mælti: hvat vildir þú Rólfi konúngi? Svá lízt mér, sem sagt er, at þú sèr hvörjum konúngi vænni ok kurteisari, ok at öllum hlutum afbragð

annarra konunga, er þat ætlan mín, at af þer hljóti ek nokkut gott ok þínum ráðum. Konúgr spurði, hvörs hún þyrfti við. Hún svaraði: ek á lítit efni, er ek ein í húsi, ok dóttir mín, er unnit hefir fyrir mèr, ok er hún en vænasta kona at sjá, en nú er hún mèr verri enn engin, þvíat maðr venst til at glepja hana; er mèr þat mjök í móti skapi, gáir hún engis fyrir honum; er hann mikill maðr ok sæmiligr at sjá, en þó er mèr ekki um hann, vilda ek, herra! at þer kæmuð ok talaðir við þenna mann; mun hann gjöra fyrir yðar orð ok láta af siflingum við dóttur mína. Rólfr konúgr svaraði þá: ek skal at vísu, kerlíng! koma nokkurn dag, at finna þann. Þá vísaði kerlíng þeim til húsa sinna. Síðan gekk konúgr heim til hallar, ok léða nú nokkurir dagar. Ok einn dag mælti konúgr til Ásmundar, at vel mundi fallit, at vitja kerlíngar. Ásmundr svaraði: þat ætla ek vera illa kerlíngu ok prettvísa, ok er mèr ekki um hana. Konúgr kvað nauðsyn, at sá maðr gjörði henni ekki vandræði. Ásmundr kvaðst eigi hirða, þótt hann hefði [þær báðar]. Ok eptir drykkju um daginn gengu þeir til húsa kerlíngar; þar var lítil stofa; þar sat kona á palli úng ok vænlig; þar sat hjá henni maðr mikill ok frekligr, hann sat með alvepni, ok talaði við konuna. Kerlíng sat í palls horni, ok hafði yfir sèr feld ok hökul

1) henni því lofat, B, V.

illan. Þau fögnuðu vel konungi; ok er kerling varð vör við, at konúgr var kominn, spratt hún upp, ok greip stafi sína báða, ok fór fram á gólfít, ok mælti: ek bið þik, herra minn! at þú rekir minnar skammar, ok drepir þenna enn vonða mann, er mér hefir gjört svá mikla raun, at hann hefir gínt ok gabbat dóttur mína. Konúgr mælti: vertu eigi svá óð, fóstra! má þá vera, at þú hafir þitt mál, þótt við leikum í tómi við. Þat er eigi, sagði kerling, enda hafa þau svá þreytt mik um þetta mál, at ek má eigi lengr svá búit þola, þegar ek veit mér nokkurs trausts vånir; hefir kerling upp hækjuna, ok ætlar at slá þenna mann við eyrat, sá maðr brá upp við höggínu kerlingar skildinum, ok laust hún svá fast á skjöldinn, at í sundr gekk stafr kerlingar. Rólfur konúgr tók kerlingu, ok mælti: því kom ek á þinn fund, at ek skal nú sjá fyrir þínum hlut. Hann setr hana niðr hjá sér. Konúgr spurði: hvörr er þessi maðr, er heldr stríð við kerlingu? Hann svaraði: ek heiti Grímr. Hvat manna ertu? segir konúgr. Þórir heitir faðir minn, hann er bóndi hér skamt í brott í þorpinu. Konúgr mælti: þú ert maðr vænligr, eða hve opt ertu vanr at koma til húsa kerlingar? Hann kvaðst þar jafnan koma. Konúgr mælti: kerling þessi hefir kveinat nokkut um fyrir mér, henni þikir þú gjöra ærit margtalat við dóttur sína, þikist hún afla oflítils á vinnu hennar,

en kvæðr þar við liggja björg þeirra beggja. Nú vil ek biðja þik, attu látir af at gjöra kerlingu þessa skapraun; er þér í þessu lítilræði, en engi framí, at gjöra henni raun í þessu; er mér þökk á, at ek þurfi lítils við umtalit, vil ek bjóðast til at veita þér aðra bæn í móti. Grímr mælti: þat hafða ek ætlat, at gjöra aungva breitni á um ferðir mínar, hvörir sem þar legði orð til, en eptir bæn þinni ok vilja skal ek gjöra, sem þér líkar best; mun ek ok eigi skjótt beðinn af ágætara manni, enn þér eruð, vil ek ok ekki fresta at biðja yðr í móti; þat er mín bæn, at þér takið við mér til hirðvistar, ok fara ek með yðr at sumri, er mér forvitni á at reyna mik, hefi ek aldrei í styrjöld staðit hér til. Konúngr mælti: þetta vil ek sannliga veita þér, lízt mér vel á þik ok gæfusamliga, ok kom til móts við oss at sumri! Ok þegar gekk Grímr út, ok skildu þeir með blíðu. Þá stóð kerling upp, ok þakkaði konúngi sínar tillögur. Hún mælti þá: hvört mun engi konúngr betri bæna enn þú, eða kunni þér nokkut at lyfja² elli, herra minn! Konúngr svarar: ekki kann ek þat, ok eigi veit ek, hvat þat er. Ásmundr mælti: opt er þat í karls húsi, er eigi er í konúngs², ek kann þat, kerling! at lyfja³ þér elli, ef þú vill af mér þiggja. Hún kvæðst þat gjarna vilja, eða hvort gjörir þú þat í hvílu⁴? Hann svar-

¹) þannig A; lifja mér, D; leyfa, C. ²) ranni, b. v. B, C, D, V. ³) lyfja, D. ⁴) eða annarstaðar, b. v. C.

aði: farðu til mín, ek mun fara at, sem mér líkar. Kerling kastaði frá sér hækjunni, ok fór til Ásmundar. Hann hafði viðaröxi eina í hendi sér; hann bað kerlingu lúta at sér¹. Hún gjörði svá, ok hugði at hann mundi vilja tala hljótt við sik; lét þá Ásmundr hlaupa öxina á háls henni, svá at aftók höfuðit. Hann mælti þá: nú lyfjaða² ek þér elli. [Rólfr konúgr hafði ekki geymt at um viðtal þeirra, ok leit hann til, þá at affauk höfuðit³. Rólfr konúgr varð þessu svá reiðr, at hann hélt við, at hann mundi vaða⁴ til Ásmundar, ok kvað þetta svá illt verk orðit ok óheyriligt, at þeir mundu aldrei þót bíða þessa ámælis, ok þeirra skömm mundu uppi vera, at þeir skyldu drepit hafa gamla kerlingu ok fátæka í ókunnu landi. Ásmundr kvað undarligt at verða illa við slíkt; varð þeim þetta mjök atsundrþykki; gánga eptir þat heim til hallarinnar. Ok er menn voru kómnr undir drykkjuborð, fann Ella konúgr, at Rólfr konúgr var ekki með blíðu bragði, ok spurði konúgr þegar, hvat tilkom, en Rólfr konúgr sagði, svá sem orðit var, ok kvað þetta hafa orðit et mesta slis. Ella konúgr bað hann eigi þat mæla, því hún var en versta kerling, ok hin hreimsamasta⁵, ok full upp flærða ok ljóna⁶: ok er miðlu betr, at hún sè afráðin. Ásmundr

1) hér endar miðbrotið af D. 2) leyfðn, C. 3) v. í C.
4) slá, C; hryuda, B, F. 5) heimskasta, F. 6) lyga, B, F.

kveðst aldri sèð hafa Rólf konúng jafnreiðan fyrir lítit efni.

26. Þat er sagt at nokkurir mikilsháttar menn í Englandi urðu til þess at rægja Rólf konúng Gautreksson við Ella konúng, ok sögðu hann búa um svikræði við hann; voru at þessu óráði fyrrmenn^r tveir jarlar ok margir aðrir ríkir menn. Þeir sögðu at Rólfr konúngr ætlaði at komast at ríkinu, hvat sem hann ynni til. Ella konúngr vildi þessu ekki trúa, ok fór svá fram nokkura stund, at þeir kærðu þetta í hljóði fyrir konúnginum. Konúngr hèlt upp teknum hætti við Rólf konúng um alla gleði, ok kvað þetta mundu vera ena mestu lýgi. Hèr kom um síðir, at konúnginn grunaði, því at þeir sönnuðu þetta með mörgum skrókvottum; fundu menn þá brátt, at skipti lyndi konúngsins, ok gjörðist hann fár við Rólf konúng, hjá því sem verit hafði. Rólfr konúngr gaf sèr ekki at, ok liðu svá enn nokkurar stundir. Þat var einn tíma, at jarlar komu at máli við Ellu konúng, ok kærðu fyrir honum þessi svikræði. Konúngr svarar: með því at þèr þikizt finna þenna mann at svikum við oss, þá gef ek yðr orðlof til, at skapið honum fyrir makliga hefnd, en þar sem Rólfr konúngr sitr hèr at voru boði, þá hef ek eigi lund til at veita honum atgöngu, meðan hann verðr eigi ber at svikum við oss, ok vil ek hjá sitja öllum yðrum viðskiptum;

^r) v. í C.

mælti konúgr af því svá, at honum var grannr á, at þeir mundu ljúga. Jarlar kváðust eigi framar beiða af konúgi. Síðan ákváðu þeir stefnu til, nær þeir mundu veita Rólfi konúgi atgöngu, kváðust mundu hann sækja bæði með eldi ok járnum. Konúgr bað þá nú gjöra, sem þeim líkaði; ok þann sama aptan, er jarla var at von, veitti Ella konúgr af miklu kappi, ok gjörði sik enn blíðasta við Rólf konúng, urðu flestir allir mjök drukkni. Rólfr konúgr drakk þá jafnan minnst, er aðrir voru mest drukkni. Rólfr konúgr svaf við sína menn í einni útiskemmu; hann var því vanr at gánga jafnan tímanliga at sofa, ok svá gjörði hann þann aptan. Ella konúgr mælti: þú, Rólfr konúgr! hefir dvalizt í voru ríki um stúndar sakir, höfum vèr jafnan skynjat yðvart athæfi ok yðvarra manna með góðri siðferð ok hæverskligum hvörs dags háttum; nú vil ek sofa í nótt í yðru herbergi, ok skynja athæfi yðvarra manna eigi síðr um nætr enn um daga. Rólfr konúgr [svarar: þat er yðr gjarnan í tæ, ef þèr viljð hafa lítilæti til þess, ok viljum þat með þökkum taka. Ok sem borð voru upptekin, gengr Ella konúgr með Hrólfi konúgi til skemmunnar, ok lögðust til svefns, ok sofnuðu skjótt¹. Ok er þeir höfðu skatuma stund sofit, vaknar Rólfr konúgr við þat, at út er at heyra mikit háreysti, hark ok vápnagný. Þat

¹) tekið úr B, V; eyða í A.

fylgði ok, at eldr var borinn at skemzgunni. Rólfr konúgr það sína menn vaka ok vápna sik: ok er oss orðit þetta mikit slis, er Ella konúgrskal hér hjá oss staddr í þessum háska, því at þessir menn munu þikjast við oss sakir eiga, ok er þat íllt, at svá góðr konúgr ok rétlátr skal gjalda vor. Rólfr konúgr vildi vekja konúnginn, ok gat þat eigi gjört, svaf hann svá fast, at hann varð eigi var við þetta hark. Rólfr konúgr mælti: hér mun verða skjótt til ráða at taka, áðr hús þetta brenni yfir oss, vér skulum rífa setstokka or húsinu, ok færa fram á þilit, svá at undan gáangi. Konúgr skipaði til þá menn, er sterkastir voru, ok lét taka Ellu konúng upp í öllum klæðum ok bera svá út, ok það menn bera hann til sængr sinnar: ok gefið at því beztan gaum, er konúnginum varðar, þvíat þar liggir við sæmd vor. Ok er þeir komu út, sá þeir at þar var komit fjölmenni mikit, tókst þar þegar en snarpasta orrosta; ok er Ella konúgr er út-kominn, kallar hann ok biðr menn eigi berjast lengr. Síðan segir hann Rólfi konúngi svá sem farit hafði, ok kvað þetta at sumu leiti sín ráð verit hafa, ok það Rólf konúng fyrir-gefa sér þetta² tiltæki, en kvað þá skyldu drepa, er þetta róg höfðu kveikt. Rólfr konúgr kvað þá ekki fyrir þetta drepa skyldu; varð hann við þetta stórliga vinsæll af Eng-

²) þenna, B, F.

lands mönnum, tóku konungar nú at halda upp teknum hætti um sína vináttu, veitti Ella konúngr Rólfi konúngi enn betr þaðan af enn áðr, þvíat nú þóttist hann þat hafa reynt, at hann var öngvum líkr at sínum heilleika; líðr nú af vetrinn, ok kom sumarit.

27. Þat var einn morgin snemma, at Rólfr konúngr gekk or sæng sinni einnsamt ok brott frá skemmumni eigi allskamt, hann hafði fátt klæða, en þess gekk hann hvörgi, at hann hefði eigi sverðit Rísanaut, hvorki nótt nè dag. Konúngr litaðist um víða, ok er hann ætlaði til skemmunnar, þá sèr hann, hvar maðr ríðr ákafliga mikit, ok var vel vopnaðr, ok maðr ekki mikill á baki, ok þó hinn kviklátasti; ok er hann sèr, hvar konúngr stendr, þá víkr hann þángat, ok hafði sèð fyrr Rólf konúng, ok stígr af baki, ok kveðr hann sæmiliga. Konúngr tók því vel, ok spurði, hvörr hann væri. Hann kveðst Þórðr heita, ok eiga bú á land upp. Konúngr spurði, hvört hann ætlaði at ríða. Þórðr svaraði: ek ætla nú eigi lengra fram á leið, er ek hefi yðr fundit. Konúngr spyrr, hvört er eyrindi við mik? Hann svaraði: ek er mjök vant um kominn; fyrir þrim vetrum kom til mín maðr sá, er Hárekr heitir, ef mann skal kalla, þvíat eigi er hann ólíkari trölfi; hann er enn mesti berserkr ok ójafnaðarmaðr; ek á systur, er Gyða heitir, ok er enn bezti kostur; þessi maðr vildi taka systur mína frillutaki, en

ek vilda þat eigi, þá skoraði hann mér á hólum, ok játaða ek því. Nú sé ek at þat er ekki mitt færi at berjast við þetta flagð; ek hefi spurt, herra! til hreystiverka yðvarra margra. Nú vil ek biðja yðr, at þér leysið mik af þessum háska, ok ráðið af berserkinn. Konúngr mælti: lít ertu við kominn, ok vil ek víst finna þenna mann, ok mun ek gánga inn ok taka vâpn mín ok klæði. Þórðr mælti: ekki má svá vera, verðið þér nú þegar at fara svá búinir, óttumst ek ok, at berserkinn sé kominn; mun hann hyggja mik svá ragan, at ek þori eigi at biða hans, ok taki hann á brott systur mína; nú stigi þér, herra! uppá þenna hest, ok tak hér þegar vopn ok klæði; hafði hann þar þegar til reiðu, ok var hinn kviklátasti. Þetta verðr konúngi fyrir, at hann stígr á bak, ok ríðr, en Þórðr hleypr fyrir hestinum, var þat eigi allskamt á land upp. Ok er þeir komu til bæjar Þórðar, var Hárekr eigi kominn. Sá konúngr at þat var góðr bær, gánga þeir til stofu; ok er konúngi þar búit háseti. Þar var margt manna, sýndist konúngi Gyða en sæmligasta. Ok er þeir höfðu setit um stund, kom þar Hárekr, ok þeir 12 saman, ok létu þegar hit drjúgligasta, ok spurðu, hvört Þórðr væri búinn til hólmgöngu. Hann svaraði: ek hefi fengit mann fyrir mik, sem skilit var okkar í millum. Hárekr spurði, hvörr svá mun djarfr, at byðist

í mót honum. Þórðr segir honum, at þat var Rólfr konúgr Gautreksson. Hárekr mælti: heyrð hef ek getit Rólfs konúgs, ok eru færri konúgar nú ágætari fyrir hreysti sakir ok íþróttu ok allrar atgjörfi, er þat ok miklu jafnligra, at við reynum með okkr, þiki mér til lítils vera, at gánga í móti þer, ok er þat ráð, Rólfr konúgr! at standa upp, með því at þú vill hætta virðing þinni undir vopn mín. Konúgr kveðst ætla, at honum mundi lítil hættu raun, at gánga í móti honum. Eptir þat gánga þeir út, ok var kastat feldi undir færtr þeim; ok sagði berserkrinn upp hólm-göngu lög. Konúgr hafði ekki fleira vopna enn sverðit Risanaut. Þórðr hélt skildi fyrir konúgi, ok í fyrsta höggi hjó konúgr berserkinn í herðar niðr; fíll hann skjótt dauðr til jarðar. Þórðr þakkaði konúgi þenna sigr, ok gaf Rólfi konúgi ágætar gjafir, þvíat hann var stórauðigr maðr. Konúgr bað hann eigi gipta systur sína, áðr hann kæmi aptr af Írlandi, ef þess yrði auðit, ok því hét Þórðr. Eptir þat fylgði hann konúgi heim. Þá var brak mikit í bænum, hafði Ásmundr veknat litlu stíðar, enn konúgr var í þrottu or bænum, ok hafði þegar leitast hans um allan bæinn, ok var eigi í góðu skapi. Ok er konúgr kom aptr, urðu menn honum stórliga fegnir, spurði Ella konúgr, hvört hann hefði farit. Rólfr konúgr segir honum allt, sem

gengit hafði. Ella konúgr mælti, ok kvað hann hafa unnit mikit happ, sigrat þann berserk, er verstr gekk um England, ok meatan ójafnað sýndi öllum mönnum í kúgan ok ránum, ok bað hann hafa mikla þökk fyrir. Marga aðra óspèll¹ síðaði hann þar um vetrinn, ok fór víða um England með Ellu konúngi; skipaði hann, ok setti þeim málum², er Ella konúgr átti dóm á, þvíat hann var þá gamall mjök; vildu allir svá sitja ok standa, sem Rólfr konúgr vildi, fór hans vinsæld um allt England.

28. Nú er þar til máls at taka, er fyrr var frá horfit, at Þornbjörg drottning sitr í Svíþjóð. Hún fréttir ekki til ferða Rólfs konúngs, voru nú liðnir 12 mánuðir, síðan hann fór or landi; er hún nú mjök hugsjúk um þeirra ferð. Þess er viðgetit einn dag, at Þórir járnskjöldr sat í öndugi í höllinni eptir vanda, ok fátt manna í hjá honum. Drottning gekk þá í höllina, ok hafði í hendi hornit þat et góða. Hún gekk innar fyrir Þóri, ok bað hann drekka, kvað hann mundu þyrsta mjök. Þórir undraði, er hornit var innhorit, þvíat hann hafði ekki sæð þat, síðan Rólfr konúgr fór á braut. Síðan undraði Þórir, er drottning'skeinkti honum, þvíat þat hafði hún aldrei fyrr gjört; en Þórir hafði þat mælt, þá er Hrólfr fór af Svíþjóð, at hann skyldi verða þess manns bani,

¹) óspekt, C. ²) þannig C; mm, A; mála, B, V.

er honum segði lát Rólfs konúnga Gautreks-sonar. Þórir stóð upp í móti drottningu, ok fagnaði henni vel, ok tók við horninu, ok drakk af; ok þá er hann hafði mjök svá afdrukkit, þá gall í horninu svá hátt, sem þá var jafnan vant, er eptir komu mikil tífíndi, eða ella voru þau umliðin; var þetta fyrir stórum orrostum ok lífláti göfugra manna. Þórir járn skjöldr kastar horninu, ok leit reiðugliga til drottningar, ok mælti: segir þú mér líflát Rólfs konúnga Gautreks-sonar? Hún svaraði: eigi gjöri ek þat, heldr heyri ek þat, at hornit segir þér nokkur tífíndi, [hvort sem þau eru komin fram, eða horfir til¹; hefir mik svá dreymt, at Rólfr konúngr muni þurfa liðveizlu, áðr þetta sumar sé allt á brottu. Nú með því, drottning! at þú hefir tjáð mér þína hugsan, er þér segir erfíðliga hugr um Rólfr konúng, ok með því ek á honum svá mikit gott at launa, sem þú veizt, þá skal ek fara brott or ríki þessu, ok eigi aptr koma, fyrr enn ek veit, hvað orðit er af Rólfi konúngi, hvort konúngr er lífs eða dauðr; má ek ok eigi njota matar né drykkjar, meðan ek veit eigi, hvað um hann líðr, ok ek hefi aungva vissu um hans athæfi. Eptir þetta fær hann sér eitt lítit skip, ok þar til fá menn, ferr við þetta brott af Svíþjóðu; ok er hann kemr við England, var Rólfr konúngr þaðan í brottu, ok farinn til Írlands. Þórir dvelzt þar ekki, ok ætlar nú at koma til

¹) v. i. C.

fulltíngs við Rólf konúng, létir eigi fyrr sinni ferð, enn hann kemr við Írland, ok ekki þar [inn at¹, sem Rólfr konúgr kom. Þórir talar við sína menn: þér skuluð mín hær bláa, en ek einn gánga upp á land, mun ek ekki ákveða fyrir yör um mína aprkvomu. Þér skuluð mín at aungvu geta, þótt þér þíkkizt nokkut áræðiligt spyrja til minna ferða, má vera at fara nokkru því fram, at þér megið mín lítt njóta frá landsmönnum. Þér skuluð segjast kaupsvainar, ok láta lítit yfir yör, þar til ek kem apr. Við þetta gengr Þórir um nótt frá skipi sínu svá langt á land upp, at hann gjörir hvörgi við sik vart; hann stefnir þá til konúngs atsetu; ok er honum þíkir engi von, at nokkrir menn ráði í um ferð hans, tekr hann þat til ráðs, at drepa niðr bæði menn ok fè. Þat hyggja allir, þeir sem hann sjá, at þetta muni vera it hraustasta tröll komit í landit, stökkur undan hvörr, er því kemr við, svá at engi uppreist er gjör í móti honum.

29. Nú er at segja frá Rólfi konúngi, þegar er voraði, stefndi hann at sér liði sínu, ok býr ferð sína til Írlands. Ella konúgr býðr honum lið af sínu ríki, svá mikit sem hann vildi hafa. Rólfr konúgr lét þar eptir dreka sinn, ok öll enstærri skip sín, ok tók þarsmærrí skip ok fleiri; höfðu þeir af Englandi 30 skipa, ok öll smá. Grímr kom til móts við konúng,

¹) nærri, C,

sem þeir höfðu ákveðit, skildu konungar með blíðu, ok at búnu liði sínu siglir hann af Englandi, gefr þeim vel byr, ok koma við Írland; þat var síð um kveld, lágu þeir þar um nóttina. Svá er sagt, at Rólfr Íra konúgr hafði vitat komu nafna síns af margkunnandi sinni ok vísdómi, ok hafði hann stefnt at sèr miklu liði. Um morguninn, er þeir fóstbræðr vakna, mælti Rólfr konúgr við Ásmund: mun eigi ráð at vitja meyar málanna, ok heyra svör af Rólfi konúngi. Ásmundr kvaðst þess víst fýsast. Konúgr mælti: vèr skulum fara friðliga ok með aungvu ofbeldi eða hernaði, meðan oss er engi ófriðr boðinn. Þá valdi konúgr með sèr hundrað manna, en það liðit vopnast ok vera búit við öllum hernaði, ef til þyrfti at taka, ok gánga upp frá skipum, ok vera í skógi nær borginni. Nú ferr Rólfr konúgr, þar til er hann kemr nær borginni. Þá sá þeir, at lið ferr í mót þeim, ok búit sem til bardaga. Konúgr það þá gánga. Borgarlýðrinn stefndi til móts við þá, ok er þeir fundust, var þar kominn Íra konúgr með 6 hundruð manna. Þá mælti Rólfr Íra konúgr: gjörla veit ek, Rólfr Gautreksson! hvörr þú ert, ok Ásmundr, fóstbróðir þinn, son Ólafs Skotta konúngs, ok veit ek eyrindi, ok þurfi þèr þat eigi upp at bera; ek skal þèr, Rólfr konúgr! gjöra skjóta kosti, með því at þú ert hvörjum konúngi fríðari ok ágætari, þá skal ek þèr leyfa heim at fara með öllu heilu

ok höldnu liði þínu, ok kom aldrei þessa eyrindis optar, þvíat fremri ok ágætari hafa þeir verit margir, er þessa ráðs hafa leitast, ok fengit eigi utan skömm ok skaða; vill þær eigi þekkjast þetta vort boð, þá skulu þær fara því hæðiligar, sem þær þikist meira verðir enn aðrir menn. At lokinni ræðu Rólf s Íra konungs, svaraði Rólfr konúgr Gautreksson: með því at þú ert svá vitr konúgr ok forspár, at þú veizt óorðna hluti, hug eða ætlan hvørs manns, þá ætla ek at þat mundi forsjáligr, at þiggja þetta boð; en þarsem ek hefi rekizt heiman or Svíþjóð, ok með nokkuru liði, ok heitit Ásmundi, fóstbróður mínum, fylgð ok trygð til þessa máls, þá nenni ek eigi at snúa áptr við svá búit ok reyna ekki frammar yðvarn styrk ok mátt. Íra konúgr kvað hann þat kjósa, er honum gegndi verr ok liði hans. Rólfr konúgr gjörði þá njósn liði sínu, ok bað þá eigi dvelja at duga sér, ætlaði Rólfr konúgr Gautreksson, at Íra konúgr mundi eigi hafa meira lið, enn þat sem þeir sjá, ok þóttist í hendi hafa hans ráð; en Íra konúgr hafði óflýanda her, ok vissu þeir ekki til þess. Íra konúgr vissi ok eigi, at Rólfr konúgr hefði lið í skóginum. Íra konúgr bað nú veita þeim atgöngu. Rólfr konúgr Gautreksson bað sína menn hlífa sér, ok hefjast undan. Litlu síðar dreif at lið Íra konungs, bað hann sína menn víkja aptr til borgarinn-

ar. Þá féllu Írar mjök, áðr þeir kvomuust í borgina; sóttu Rólfs menn eptir með miklum ákafa, ok þegar inn í borgina. Ok er lið Rólfs konúnga var allt inn komit í borgina, þá dreif lið at þeim öllu megin; fylgtu hvorirtveggju; er svá sagt, at eigi var miuni liðsmunr, enn 6 landsmenn voru um einn þeirrá Svíanna; skaut þeim mörgum heldr skelk í bringu, ok þótti þeim mikit ofressi í móti at gánga svá miklum múg manna, tóket þá bardagi bæði harðr ok lángr, sóttu Írar at með miklum ákafa ok mannfjöldá, þvíat þeir sá at höfðingi þeirra var harðla mannskæðr; skaut Íra konúngr svá, at þeim sýndist tvær örvar senn á lopti, ok varð maðr fyrir hvörri. Rólfr konúngr Gautreksson barðist með fræknu hjarta; menn hans fylgðu honum allir vel ok drengiliga, ok féllu með góðum órðstýr, þótt vèr kunnum eigi at ségja frá hvörs þeirra vörn¹ ok framgöngu; sýndist þeim þá, at þeir höfðu margir verit enir mestu garpar; ok meðan þeir voru ómóðir, feldu þeir margan mann til jarðar, ok hopuðu hvörgi á hæl, þótt þeir ættu við mikinn liðsmun. Grímr, er fyrr gátum vèr, gjörðist auðkendr í þessum bardaga, var hann bæði fimr, röskr ok enn djarfasti í framgöngu. Rólfr konúngr Gautreksson gekk fram með mikilli grimd í þessi orrostu, ok hjó til beggja handa með sverðinu Risanaut, hlífði hann sèr hvorki

¹) þannig C; vöxt, A.

með hjálmi nè skildi nè brynju, ok færði margan mann til heljar, ok gekk jafnan í gegnum fylkingar af mikilli hugþrýði. Með slíkum hætti gekk fram Ásmundr, ok hjó margt ok stórt, ok gjörði mikit afhroð í sinni vörn, þá varð bardagi ákafr, ok tókst enn hit mesta mannfali í hvorutveggja liði. Þar fór, sem jafnan kann verða, [at landsherinn verðr drjúgr¹; snèri þá mannfallinu á hendr Rólfi konungi Gautrekssyni ok hans mönnum; ok þegar er frá fundu, at mannfallinu snèri á hendr sínum óvinum, þá gengu þeir at djarfliga; fellu þá menn Rólfs konungs Gautrekssonar hvorum þveran annan. Þá var gengit at öllu megin með ópi ok eggjan. Ok er Rólfr konungr sá, at lið hans féll, svá at fátt var eptir, bað hann þá víkjast út at borgarvegginum, ok láta hann hlífa sér. Þá sögðu menn hans, at þeir mundu flýja, ok vita ef þeir næði til skipa sinna. Konungr kveðst eigi flýja vilja, kveðst heldr þar skyldu falla með öllu liði sínu; varð ok öngvum þat fyrir hans mönnum at flýja, heldr féll hvorr á fætr öðrum, svá gjörsamliga at eigi stóð meir upp enn 12 menn, ok voru þó mjök sárir ok ákaflega móðir. Þá mælti Rólfr konungr til Ásmundar: þat er nú vænna, fóstbróðir! at hljóta at vinna nokkut til mægðanna við frá konung, er þær fýstuzt at fá yðr, þótti ek

¹) at heimaherinn verðr drjúgr, B, V; at ekki má við mörgum, C.

seinn ok tregr ferðar þessar, skal nú ok ekki afspara at veita þér eptir megni, ok heimta út meyar mundinn. Rólfr konúgr Gautreksson spenti þá tveim höndum meðalkaflann, ok hjó á báðar hendr læði margt ok stórt, ok veitti mörgumskjótt líflát. Ásmundr ok Grímr veittu honum góða fylgd. Svá er sagt at þeir hlóðu svá umhverfis sik, at þeir máttu valla vega fyrir, ok féllu þá allir menn Rólfs konúgs utan þeir Ásmundr ok Grímr. Þeir voru þá mjök sárir, en ákafliga móðir, svá at þeir gátu valla staðit uppi. Þá voru bornir at þeim skildir öllu megin, ok áðr þeir næði Rólfi konúgi, drap hann 15 menn fyrir þeim, fór honum þá, sem mælt er, at ekki má við margnum; voru þeir allir handteknir, ok flettið klæðum ok vápnum, höfðu þeir barizt allan daginn ok mikit af nóttinni, féll þar svá gjörsamliga, at engi maðr komst á braut, höfðu þeir ok eigi annat stundat, enn veita konúgi sínum sem bezta fylgd. Lið Íra konúgs hafði svá mjök fallit, at eigi var meir eptir enn 5 hundruð manna; ok þó allir sárir ok móðir. Rólfr Íra konúgr hrósar nú sigri sínum; hann mælti þá við Rólf konúng: nú hefir farit, sem mik varði, at þú ert yfirkominn með öllu liði þínu, væri þér nú betra at hafa tekit þann kost með þökkum, sem þér var boðinn, ok haldit svá heilu liði þínu. Rólfr konúgr Gautreksson svarar: engrar frægðar eru þér af þessu verðir, hafid þér meir

unnit þetta mál með vélum ok prettvísi, enn með drengskap eða hreysti sakir liðafjölda þess, er þér hafid oss í móti, enda má enn vera, at yðr verði þetta launat. Íra konúngr mælti: lengi heldr þú á dul þinni, þvíat þú veizt ógjörla, hvat þú átt fyrir höndum, þvíat engi skal¹ fúlari í staðnum, enn sá er þú skalt í fara. Rólfr konúngr Gautreksson mælti: þér munuð nú at sinni hafa vald á oss félögum, ok er þat hraustra manna dauði, at vera hálshögnir. Íra konúngr mælti: fyrr skal færa yðr í gestaskála minn, ok skulu þér þar svelta í hel. Lét hann leiða þá út í garðinn, þar sá þeir gjörfa eina gröf langt í jörð niðr; þurftu þeir þá margir at at ganga, áðr þeir komu Rólfi konúngi þar niðr². Þar var harðla djúpt, ok ef þeir hefðu konúnginn á höfðinu niðr fært, hefði hann [skjótt látit sitt líf³, en hann kom standandi niðr. Þar var fýla mikil; þar voru undir manna búkar. Þeir Ásmundr ok Grímr voru ok niðrfærðir, tók konúngr þá á lopti, ok setti niðr hjásèr. Síðan var færð yfir hella mikil, svá varla gátu hrært 10 karlar. Fóru íra konúngs menn þá í burt, ok tóku náðir á sik.

30. Þá mælti Rólfr konúngr Gautreksson til Ásmundar: þat ætla ek, fóstbróðir! at

¹) skáli skal, B, C, V. ²) heðan af og söguna út eru B, C, V mikið frábrugðin A, þó áðalesnið sé það sama, og eru þau fjölórðari heðan og fram í 33 kap., en úr því er A lengri að frúögn. ³) hálsbrotnat, C.

nafni minn ætli þér fyrr þessa hvísluna enn hjá Íngibjörgu, dóttur sinni, eða hvörsu þiki þér hér fyrir fyrirbúit? Ásmaundr kveðst þikja stórliga íllt: vilda ek heldr hafa fallit í dag fyrir vopnum vaskra manna, enn at vera í þessum ófagnaði, mun oss hér ætlat at deyja ok svelta til bana. Rólfr konúgr mælti: mælumst vel um, fóstbróðir! er þat, sem mælt er, at býsn skal til batnaðar, mun enn nokkut gott fyrir okkr liggja. Þeir stóðu berum fótum á manna bókum í skirtu ok línbrókum. Dóttir Íra konúngs hafði séð á bardagann um daginn, ok sé, hvörsu hraustliga Rólfr konúgr barðist ok hans menn, ok harmaði mjök svá ágætán konúng, at hann skyldi svá skjótt tína lífinu. Hún átti eina skemmu, ok bygði hana með mörgum meyum. Hún var vitr ok vinsæl ok harðla væn ok kurteis. Hún átti eina skemmumey, er hún trúði betr enn öllum öðrum; hún var ríks manns dóttir á Írlandi, ok hét Sigríðr. Ok er lokit var bardaganum, kallar hún meyna til sín, ok mælti: þú skalt fara til grafarinnar, sem Rólfr konúgr Gautreksson er með sínum mönnum, ok spyr, hvat hann vill helzt, þat er ek má veita honum! Hún ferr, ok kallar at gröfinni, ok spyr, hvört þar lífi nokkur. Konúngr svarar, ok sagði þar lífa 3 menn. Mærin mælti: dóttir Íra konúngs bað mik spyrja yðr, Rólfr konúgr Gautreksson! hvat þér kjósið helzt, þat er hún má veita yðr til hjálpar. Kon-

úngr mælti: þat skal skjótt kjósa, ek vildi helzt, at hún næði sverði mínu, mun þat auðkent í valnum fyrir sakir vaxtar ok mikilleiks; geymda ek ok þat, er ek var tekinn, at ek kastaði því í burt, sem lengst gat ek, í valinu, þar sem þykkvast lá. Mærin rann til skemmunnar, finnr Íngibjörgu, ok sagði henni, sem var, ok kvað þetta vera mundu allheimskan mann, svá illa sem hann var staddr, at hann kaus þat, er honum lá ekki við með öllu. Konúngs dóttir mælti: þat höfum vèr þó heyrt, at Rólfir konúngr væri hvörjum manni vitrari, skaltu nú fara, at leita at sverðinu. Mærin kvaðst víst ekki þora at kanna valinn, fara til ein um nætr, vaða blóð ok gánga á manna búkum, kvað þat ekki kvenna ferðir. Hún bað hana fara, sagði ekki mundi tilsaka, ok við eggjun hennar fór hún, ok fór ódjarfliga, leitar ok finnr ekki sverðit, kemr aptr, ok segir at dauðir menn gengu öllumegin. Konúngs dóttir kvað hana vera hrædda ok heimska, er hún óttaðist dauða menn: skal ek nú fara með þér. Þær gánga nú báðar, ok leita um valinn, feðr konúngs dóttir hit djarfligasta, ok finnr sverðit, dróu þær þat eptir sér til skemmunnar. Konúngs dóttir mælti enn til meyarinnar: farðu til grafarinnar, ok spyr Rólf konúng, hvat hann kys helzt, þat er ek má veita honum. Mærin ferr, ok finnr gröfina, ok

*) hér byrjar seinasta blaðit af D.

spyr, hvörs þeir þurfa helzt, ok sagði þær hefðu náð sverðinu. Konúngr kvað þegar vænt horfa. Mærin mælti: hvat vill þær nú helzt kjósa, ok seg mærl Konúngr svarar: helzt vildum vér þiggja klæði nokkurt undir fætr oss; er hér kalt ok fúlt at standa á dauðra manna bókum, sè ek, at loft er einu megin undir helluna, ok má þar inn koma. Ferr nú mærin, ok segir konúngs dóttur þeirra beiðslu. Íngibjörg svarar: sýnir Rólfir konúngr þat enn, at hann er hvörjum konúngi hraustari ok ágætari; mundu margir bráðlátari til hjálparinnar, ef fá mættu, ok væru svá staddir, sem nú er hann, ok er þat illt, at slíkir hreystimenn skulu svá fljótt enda lífit. Nú tók hún þeim alla luti, er þeim voru nauðsynligir, drykk ok vist, góð smyrsl ok [læknings líf, klæði¹ ok ljós, ok allt þat er þeir þurftu at hafa; ferr hún nú með meyunni, ok færir þeim þessa hluti. Höfðu þær snæri, ok létu síga niðr at þeim. Með sama hætti færðu þær þángat sverð Rólfs konúngs, varð hann því stórliga feginn, ok þakkaði þeim með fögrum orðum. Tekr hann nú sár þeirra Ásmundar ok Gríms, ok hafði hvorgi þeirra bannvænlig sár. Síðan bjuggust þeir um, ok klæddust, síðan átu þeir ok drukku, þikir þeim þegar vænkast um sinn hag, en verða þó at vera samt í vandræði sínu.

¹) lækning' líf, D.

31. Nú er at tala um þat, hvat framferr í Svíþjóð, Danmörk ok Gautlandi. Þórir járnskjöldr hafði landráð í Svíþjóð eptir burtferð Rólfs konúngs, svá sem fyrr var getit. Þeir Íngjaldr ok Ketill undu stórilla, at þeir hefðu eptir ætit. En eptir burtferð Þóris af Svíþjóð sendi Þornbjörg drottning¹ orð Katli ok Íngjaldi, at þeir skyldu safna liða ok leita Rólfs konúngs Gautrekssonar. Þeir brugðu við skjótt, ok buðu út leiðánger af Danmörk ok Gautlandi. Drottning dró ok her saman af Svíþjóð; tók hún þá skjöld ok sverð, ok ræðst til ferðar með Gautreki, syni sínum; hann var þá 12 vetra gamall; hann var hinn vænsti maðr, mikill ok sterkr. Ok í ákveðnum stað fundust þau öll saman með miklu liði, hafði drottning ráð ok skipan fyrir [liði þeirra², var enn sem optar, at Ketill sýndi meir ákafa enn forsjó eðr fyrirleitni, vildi hann at allt yrði senn um hans ferð. Látum þau nú [fara, sem þeim líkar³.

32. Þat varð til tíðinda einn dag á Írlandi, eptir þat Rólfr konúnger Íra hafði dregit saman her sinn allan, ok vissi þar kominn

¹) hér byrjar það elsta og besta skimbókarbrot Ab þannig: drottning gerði þá orð Katli ok Ingjaldi í Danmörk o. s. fr. því nær orðrætt samhljóða A; en hin eru enn nokkuð fjöl-orðari og frábrugðin. D bætur hér inn í því sem komið var um dryllju Þóris í 28 kap. ²) ferð þeirri, Ab. ³) búast fyrst at tómi, C, V; búast með friði, ok hverfum þar frá at síni, D.

Rólf konúng Gautreksson af fjölkýngi sinni, ok heldr því liði saman hálfan mánuð, áðr Rólfur konúgr kæmi, at tröll eitt mikit kom á handit fyrir¹ konúnga atsetunni, svá illt ok grímt at eigi² reisti rönd við, drap niðr menn ok fænað, en brendi byggðir, ok öngvu vætti eyrði þat, drap niðr hvört kvikindi lifandi, ok gjörði hit mesta illvirki, en þat, sem eptir var, flúði á merkr ok skóga. Ok þenna morgun kom þat til borgarinnar eptir orrostu konúnganna; hafði Rólfur Íra konúgr lengi drukkit um nóttina. Síðan sofnar hann ok allir hans menn. Ok um morguninn, er mennætluðu út at ganga, var tröll svá mikit komit í hallarðyrin, at enginn þóttist seð hafa jafnmikit tröll; þat hafði alvæpui ok skjöld svá mikinn afjárni, at huldi³ öll hallarðyrin. Þetta tröll var svá grímt ok ógrligt, at engi þorði til útgöngu at leita, ok svá mikil ógn fylgði þessu kvikindi, at eftók allan vísdóm⁴ af konúnginum með megni ok bragðvísi, svá enginn varð hræddari enn sjálfr hann við þenna atburð, þótti mönnum þetta mikil⁵ fádæmi, ok hin mesta býsn, at þeim skyldi slík fádæmi at hendi bera. Tröllit lét, sem þat mundi þá ok þá inn hlaupa í höllina at þeim. Konúgr bað öngvan svá djarfan vera, at til móts gengi við þetta tröll, sagðist vænta, at þat mundu buðt leita af stundu. Sitja menn þar um dag-

¹) fjarri, *Ab.* ²) vætta, *b. v. Ab.* ³) hér endar *D.* ⁴) ok spakleik Hrólfs Íra-, *b. v. Ab.* ⁵) undr ok, *Ab.*

inn [í þot^r við þetta tröll, ok varð mönnum fátt til gamans.

33. Skemmumey Íngibjargar konungs dóttur hafði gengit þenna dag til hallarinnar, ok er hún kom nærri höllinni, sá hún þetta hitt mikla tröll, hljóp hún þá aptr til skemmunnar með ópi miklu ok gani. Konungs dóttir spyr, því hún lèti svá óvitrliga. Hún segir at tröll eitt² var komit í hallardyrin, svá ekkert mun þvílíkt vera. Konungs dóttir mælti: ætlar þú víst, at tröll væri, heldr enn mikill maðr? Hún svarar: ekkert tröll mun þvílíkt vera, ok svá lætr þat grimmliga, sem þat muni öngvu eyra, því er at þvífæri. Konungs dóttir mælti: eigi mun tröll vera, þó tröllsliga láti, þiki mæ vera mega, at grimt sè í hug, ok þikist hingat eiga at leita til hefnda. Vil ek nú senda þik til hallarinnar; þú skalt hafa með þér mat, ok bjóða tröllinu, má vera at þat [sè þá ekki svá grimt, ok³ linist heldr við menn. Mærin mælti: nú mælir þú ódæmi, at ek lítil meya, mundi gánga at því trölli, sem enginn þorir móti at sjá, þar sem konungriinn, faðir þinn, þorir ekki út at gánga, slíkr kappi sem hann er, ok enginn hans manna, ok munu heldr svelta til dauða; ok muntu vera heilluð af óvætti þessum, er gengr um

¹) b. v. *Ab*; v. í *A*; í þrá, *B*, *C*, *F*. ²) svá hræðiligt, *Ab*.
³) v. í *Ab*.

hásumar ok ljósa daga, er þú vilt gefa þeim mat, er drepa vill konúnginn, föður þinn. Ok þó hún talaði slíkt, þorði hún ekki í móti at gjöra hennar vilja. Hún¹ hafði disk á lófa, en horn mikit í annarri hendi. Ok er hún kom svá nær, hún hugði hann mundi heyra, [kallaði hún: et mat þinn, tröll²! Hann leit til hennar. Hún varð mjök hrædd, hljóp aptr til skemmunnar með ópi miklu³. Hún feldi niðr af diskinum matinn, en sló drykkinn or horninu, ok sagði þetta mikil⁴ undr, at senda hana í trölla hendr: eðr fyrir hvörja sök viltu bana mæ? Konúngs dóttir mælti, ok sagðist ekki vilja, at hún fengi mein eðr bana af sínum ráðum: ok ekkert illt muntu hær af fá; segir mæ svá hugr um, at þetta muni ekki tröll vera, skaltu nú fara í annat sinn. Mærin ferr, þó hún væri treg, ok er hún kom svá nær, at hún sá gjörla tröllit, mælti hún: viltu þiggja mat, hit mikla tröll? Hann leit við henni, ok igldist á hana. Hún hljóp í burt, ok segir konúngs dóttur, at hún hafði nú gjörla sæð tröllkallinn. Konúngs dóttir mælti: hvörsu leizt þær á tröllit, eðr vildi þat nokkut tala til þín? Hún svarar: aldrei hefi ek fyrri tröll sæð, en ekki sýndist mæ þat svá illiligt, sem þat er mikit til, þat er magurligt ok svángt,

¹) ok fór hún, ok, *Ab.* ²) ef hún kallar, þá nam hún staðar, ok mælti: viltu mat, tröll! hún sá at, *Ab.* ³) ok sagði, at tröllit vildi taka hana, *b. v. Ab.* ⁴) údæmi ok, *Ab.*

sem þat mun lengi soltit hafa, undra ek þat etr ekki dauða mennina, er liggja um alla borgina. Má vera, júngrú! at þetta sè blénd-íngur, ok sè ekki [fullkomit tröll^r, ok ekki varð ek nú jafnhædd sem fyrr. Konúngs dóttir mælti: hvörsu er tröllit búit? Hún svarar: loðkápu hefir þat mikla, svá hvorki sèr hendr þess nè fætr, skjöld hefir þat svá mikinn^a af jární, at hylr öll hallardyrin, spjót hefir þat ógrligt, ok leggur því inn með skildinum. Konúngs dóttir mælti: nú mun ek leggja ráð með þér; þú skalt fara, ok bjóða því matinn, ok seg at lifi Rólfr konúngur Gautreksson, ok vit þá, hvat af skipast. Hún ferr nú, ok miklu djarf-ligar enn fyrr, ok er hún kom mjök at hon-um, rætti hún diskinn, ok mælti: et mat þinn, tröll! lifir Hrólfr Gautreksson. Hann leit þá til hennar blíðliga, tók hendinni í mót diskinn, át ok drakk. Hún sá at hann var mjök lystugr til matarins, þótti þó ekki þrællega atfara; ok er hann er mettr, gengr hún í burt, líðr af nóttin, segir hún konúngs dóttur sem var, ok þat með er hann tók móti diskinum: undir kápunni var rauð ermi ok þar á digr gullhríngur. Líðr nú nóttin, kómust þeir ekki úr höllinni, ok urðu allir ráðlausir fyrir jötni þessum. Um morguninn kom mæ-

^a) með öllu aðaltröll, Ab. ²) hér endar læjliga síðan af Ab-brotinu; hin er gjörþnæð og blæsilig.

in aptr með mat, ok færði honum, ok er hann seildist móti diskinum, tók hann með hönd meyarinnar, setti hana á knè sèr, en hún kvað við hátt. Hann bað hana eigi óttast: ok seg mèr, hvar Rólfr konúgr Gautreksson er, ok hvörr honum hefir líf gefit. Hún svarar, ok segir honum allt, sem gengit hafði, um þeirra ferð, ok hvar komit var þá þeirra máli. Hann mælti þá: seg konúgs dóttur, at ek muni þar koma í nótt, at finna hana, vil ek at við tölumst við nokkut; lét hann þá meyna lausa. Hljóp hún þá aptr til skemmunnar, segir konúgs dóttur, at tröllit hafi getat tekit hana, ok kvað hann margt hafa talat við sik: ok hann ætlar at finna þik í nótt. Konúgs dóttir sagði þat vel vera, sagði þann einn vera mundu, hún mundu eigi óttast þurfa. Ok um nóttina kom hann til skemmunnar; er svá sagt at konúgs dóttir brá sèr ekki við, þó hún sæi þetta tröll, tóku síðan tal með sèr, spurði hún, hvat hann ætlaði til bragða at taka. Hann kvaðst ekki heldr annat ætla, enn svelta inni konúginn með allri hirð sinni: en með því at Rólfr konúgr Gautreksson lifir, ok þèr hafid hólpit honum, mun ek fara fram yðrum ráðum. Hún svarar: önnur ráð eru mèr heyriligri til at leggja, enn þat faðir minn sè sveltr inni sem refr í skor, eða melrakki í greni, hefir mik svá dreymt, at hann muni skamt ófridar missa, er þat ætlun mín, at Rólfi konúgi Gaut-

rekssyni komi fleiri dagnaðar menn, ok mun ekki langt at bíða. Þórir mælti: til þess er mér annast, at finna Rólf konúng, fóstura minn. Hún kveðst þat vel mega veita honum, at tala við þá, en sagði þeim ekki mega burtkoma utan með mannfjölda; fara þau síðan til grafarinnar. Ok er Þórir sá helluna, er þeir voru læstir með, þreif hann til hennar með afli, ok kastáði henni marga faðma á völinn; síðan lét hann síga inn festi, ok dró þá alla upp; varð þar fagnaðar fundr mikill, þóttust hvorir aðra or helju heimt hafa; fóru nú allir til skemmunnar, ok drukku þar glaðir ok kátir. Spyrir þá Rólfr konúgr, hvat þá skyldi til ráðs taka. Ásmundr kvað þá hægt til ráða; er þat fyrst, at bera eld at höllinni, at brenna konúnginn inni með liði sínu. Konúngs dóttir gekk þá þar at, ok mælti: þess vil ek biðja yðr, Rólfr konúgr! at þær gefið grið föður mínum, þó þær eigið vald á honum. Konúgr kveðst því gjarna játa vilja henni fyrir hennar hæversku ok dygd, er hún hafði honum veitta, sagði hana verðuga at þiggja sína bæn.

34. Nú er at segja frá ferð konúnganna Ketils, Íngjalds ok Þornbjargar drottningar; þau bjuggu her sinn út, ok höfðu 60 skip, öll stór ok vel skipuð, tókst þeim hit greiðligasta, komu við Írland þá sömu nótt, er Rólfr konúgr var tekinn or dýblissu, þeirri er hanu hafði verit í settr, ok ætlaðr þar hæðiligr dauði

182 SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 34-35 K.

af Rólfi frá konungi. En hann þorði ekki út at ganga fyrir því mikla trölly, ok enginn hans manna. Ok er þeir Ketill komu, sáu þeir skipastól mikinn, ok kendu mörg af þeim, er átt hafði Rólfr konúgr Gautreksson; enginn maðr var á þeim skipum; brá þeim mjök við þetta, þóttust þeir vita, hvör tíðinði þar mundu orðit hafa, fara þeir nú með miklum gný ok ákafa til hallarinnar, sáu skjótt þau merki, er þar höfðu orðit, var þar margr maðr bryggr. Spyr þornbjörg drottning, hvat þá skyldi til ráðs taka. Ketill mælti: nú skal mínum ráðum fram fara, skal nú bera eld at hvörri skemmu, húsi ok þorpi, ok brenna allt upp, þat fyrir verðr. Drottning mælti: ekki eru þetta mín ráð, mun hér þat eitt fjölmenni eptir, at vèr munum hafa nógan liðsafla til við þá at ráða, mun Rólfr konúgr ok hans menn svá hafa við skilit, áðr enn hann hafi látit líf sitt; má ok ske at þeir byggi hér eitthvört herbergi, er vèr viljum eigi meingjöra heldr enn sjálfum oss; sé ek ok at borgin er órudd af dauðum mönnum, þeim er fallit hafa í þessum bardaga. Ketill kvaðst nú ráða skyldu; var nú þegar eldr kveiktr ok borinn at allstaðar.

35. Svá er sagt af þeim Rólfi konungi, at þeir sátu við drykk glaðir ok kátir, heyra þeir út gný mikinn ok vopnabrak, ok þvínæst var borinn eldr at skemmumni þeirri, er þeir sátu inni, tókst svá til at drottning sjálf var fyrir því liðinu, ok Gaut-

rekr, sonr hennar. Rólfr konúgr mælti þá: þat ætla ek, Þórir félagi! at skjöldr þinn hafi litla vörn veitt konungsmönnum; munu þeir nú útkomnir með líði sínu; látum þá nú kenna vopna vorra, áðr enn vèr erum yfir-komnir. Síðan hlaupa þeir upp, ok vopnast. Þá mælti konúgs dóttir: sjáið nú svá fyrir, Rólfr konúgr! í útgöngu yðvarri, at þetta eru ekki íra konúgs menn heldr þínir vinir ok frændr, ok efnið nú vel öll heit við oss! Þeir tóku stökk einn, ok skutu á skemmuhurðina, hraut hún þegar í sundr, gengu þeir þá þegar út. Kendi Rólfr konúgr skjótt Gauta ok Svía; maðr einn stóð fyrir honum með alvæpni, ok var hinn vígligasti, hann tók af hjálminn, ok hnekti af aptr, kendi hann at þat var Þornbjörg drottning. Konúgr mælti: seint er þó at tryggja slíkar konurnar, sem þú ert, ok viltu nú brenna mik inni sem melrakka í greni. Hún svarar: virða mættir þú betr, ef þú vildir, Rólfr konúgr! því vèr gjörðum þetta ekki af illvilja, ok eigum nú öll sigri at hrósa, er þèr eruð allir heilir, er mest eruð verðir, ok tökum nú þat ráð, er öllum er heyriligast! Rólfr konúgr bað slökkva sem skjóttast eldana. Fréttist þetta nú skjótt um herinn, at Rólfr konúgr var heill ok ósakaðr, ok Ásmundr ok Þórir járnskjöldr var þar ok kominn, varð þá feginleiki mikill allra höfðingja ok liðsmanna. Varð litit fyrir at slökkva eldana, er

óvísða höfðu kveiktir verit. Ok er Íra konúgr merkti, at ófriðr var kominn, ok tröllit var ekki í hallardyrnum, hlupu þeir út, ok vörðu höllina hraustliga; var Ketill konúgr þar til at sóknar bæði með eldi ok járnum; varð þó áðr nokkut mannfali, enn Rolfr Gautreksson kom út, ok bað slökkva eldana, en gekk at með kappi ok styrk, ok lét höndum taka Rólf Íra konúgr, en drepa alla þá, er fyrir honum vildu standa. Ok at þeim verkum unnum mælti Rólfr konúgr Gautreksson: nú er svá komit, nafni! fyrir fáum nóttum áttu þér vald á lífi mínu, ok höfðuð ætlat mér heldr harðan dauða, ef eigi hefði betrast vort mál; en nú eru þau umskipti orðin, at ek á vald á yðr ok öllu því yðr varðar, munu þér nú verða at hlýta við vorum dómum; vill þér nú unna Ásmundi, fóstbróður mínum, syni Skotta konúgrs, mægða við yðr, ok vinna þat yðr til lífs ok yðar mönnum til friðar ok frelsis? Rolfr Íra konúgr kveðst því játa mundu. Katli konúngi Gautrekssyni ok öðrum liðsmönnum þótti undarligt, at Rólf Íra konúgr skyldi ekki þegar af lífi taka, svá sem hann hafði liði þeirra at skaða orðit; höfðu þeir látit marga góða drengi ok mikilsháttar menn; en Rólfr konúgr Gautreksson sagðist þat mest gjöra vegna konúgrs dóttur, kvað hana vel hafa gjört sèr ok sínum félögum, sagði Rólf Íra konúgr einskis góðs frá sèr verðan, kvað hann vera illan konúgr ok prett-

vísan, sagði þat mezt hafa hlotizt af þóri járnskildi, fóstbróður sínum, at hann kom öngvu illu fram með fjölkýngi sinni, sem hann var vanr, heldr fengit skömm ok skaða, sem makligt var. Eptir þetta greiddi Íra konúngr dóttur sinni mikit fè í gulli ok silfri ok allskonar dýrgripum, þvíat þeir vildu sem skjótast burt af Írlandi, ok vildu ekki unna Íra konúngi þeirrar sæmdar, at halda brúðkaup dóttur sinnar; gjörðu þeir hann um allt sem hrakligastan, annat enn hann hèlt lífinu, tóku hans góts, ok kunnu honum öngva þökk fyrir; sigldu síðan burt af Írlandi með öll þau skip, er þeir máttu með komast, ok of fjár; var nú mikil gleði í liði þeirra, höfðu náð konúngi sínum ok þeim höfðingjum, er þeir unnu stórliga mikit, fengit konu væna ok vitra, sem Íngibjörg var, ok þá menn er hún fýstist með sèr at hafa; tóku síðan England. Ella konúngr fagnar harðla vel Rólfi konúngi Gautrekssyni, varð ok vel við þat mannalát, er hann hafði fengit. Eptir þat sendu þeir heim allan herinn, ok settu fyrir 3 höfðingja, hèt einn Áki, danskr, annar Björn, ok var gauzkr, þriðl hèt Brynjúlfr, ættaðr or Svíþjóð; þeir voru allir hinir ríkustu menn, skyldu þeir hafa landvörn ok stjórn fyrir ríkjunum, til þess at konúngarnir kæmi heim. Konúngarnir höfðu eptir 12 skip harðla vel skipuð; þeir sátu lengi á Englandi. Grímr Þorkelsson fékk Gyðu, systur Þórðar, er fyrr

var getit, með ráði Rólfs konúngs; vildi hann fara með Rólfi konúngi, ok skiljast ekki við hann. Ella konúngr beiddi Rólf konúng, at Þórir járnskjöldr væri eptir á Englandi til landvarnar, ok styrkja ríki sitt, ok at viljanda Þóri varð þat; ok lét Rólfr konúngr þetta eptir. Ella konúngi. Þórir fékk Sigríðar þeirrar sömu skemmumeyar, er fylgt hafði Íngibjörgu konúngs dóttur, var hún ríks manns dóttir á Írlandi, ok þótti vera hinn beztu kostur; gjörðist Þórir nú hinn ríkasti maðr á Englandi, þótti ætíð hinn mesti kappi ok hreystimaðr; en um ferð hans til Írlands kunnum vèr fátt at segja, ok um heitstrenging hans, hvort hann hefir haldit hana eðr eigi; lifa menn opt lengi við marga þá luti, sem eigi má mat kalla með öllu, sem eru grös mörg ok rætr. Skildu þeir Rólfr konúngr Gautreksson með blíðu ok Þórir, ok er hann or þessi sögu.

36. Eptir þetta býst Rólfr konúngr burt af Englandi, skyldu þeir Rólfr konúngr ok Ella konúngr hinir mestu vinir, siglir Rólfr konúngr til Skotlands; ok er Ólafr konúngr fréttir komu Rólfs konúngs ok Ásmundar, sonar síns, ok þeirra allra fóstbræðra, býr hann ágæta veizlu í móti þeim, býðr Rólfi konúngi með öllu liði sínu; gekk konúngr sjálfr móti þeim, ok fagnar þeim ágæta vel með hinni mestu blíðu. En með ráði Rólfs konúngs hefr Íngjaldr konúngr uppi orð sín, ok biðr dóttur

hans sèr til handa, ok við flutning Ásmundar var þetta mál auðsókt við konúnginn; var þar búin hin ágætasta veizla, drekka þeir brúðkaup sín, Íngjaldr til Margrétar, dóttur Ólafs Skotta konúngs, en Ásmundr til Íngibjargar, dóttur Íra konúngs, ok at lokinni veizlunni vistar Rólfr konúngr lið sitt á Skotlandi, en konúngarnir sátu með sæmd ok prís hjá Ólafi konúngi, ok undu allir sèr stórliga vel. Á þeim vetri andaðist Ólafr Skotta konúngr; var hann mjök gamall, ok hafði verit hinn ágætasti höfðingi. Tók þá Ásmundr konúngdóm á Skotlandi, ok gjörðist góðr höfðingi ok vinæll. Ok at sumarmagni bjuggu konúngarnir skip sín. Sat Ásmundr þar eptir; hann bauð Gautreki, syni Rólfs konúngs, at vera þar eptir, ok þat þektist hann með ráði föður síns, var hann lengi síðan með Ásmundi konúngi, ok fékk hann honum skip, lagðist í hernað, ok varð hinn frægasti maðr; höfum vèr þat ok heyrt, at hann herjaði til Írlands með styrk Ásmundar konúngs, ok fékk þar ríki af Rólfi Íra konúngi; þóttist Ásmundr þar eiga vald á, með því Íngibjörg var einberni Íra konúngs; unni Ásmundr konúngr ok Gautreki þess ríkis vegna vináttu við Rólfr konúng ok þeirra fóstbræðralags. Býst nú Rólfr konúngr burt af Skotlandi, gaf Ásmundr honum ágætar gjafir, ok skildu með hinn mestu blíðu, ok voru ágætir vinir jafnan síðan; kom Rólfr konúngr heim í Svíþjóð, urðu

menn honum storliga fegnir, ok fögnuðu vel sínum herra. Þeir Ketill ok Íngjaldr voru litla stund í Svíþjóð, fór Íngjaldr konúgr heim í Danmörk, en Ketill til Gautlands, létti Rólfr konúgr hinum mesta hernaði, ok sat heima um hríð. Óx þar upp Eirekr, son hans, ok gjörðist hinn mesti afburðarmaðr, bæði á vöxt ok vænleik ok allt atgjörfi; ok er hann röskvaðist, fékk Rólfr konúgr honum skip, tók hann drekann Grímarsnaut ok allan þann herskap, er átt hafði Rólfr konúgr, faðir hans, lagðist hann í hernað með miklum styrk ok harðfengi, gjörðist hann ágætr maðr ok víðfrægr.

37. Sá atburðr gjörðist í Garðaríki, at Hálfðán konúgr andaðist, ok eptir þat tóku þeir ríkit, sem ekki voru tilkomnir; ok er þeir frétu þat, Rólfr konúgr ok Ketill, bróðir hans, fóru þeir þangat, ráku þá burt, er stjórnat höfðu, en drápu suma, friðuðu allt ok frelstu. Ketill gjörðist þar konúgr yfir, var hann meir ágætr at hreysti ok framgirni, ofrkappi ok ákefð, enn vizku eðr forsjó, var hann þó vinsæll, ok hafði hit mesta traust af Rólfi konúngi, bróður sínum. Tók þá Rólfr konúgr Gautland undir sína tign, ok sat þar laungum. Grímr Þorkelsson hélt vináttu sinni við Rólfr konúng. Rólfr konúgr sat í Svíþjóð, þótti hann þá fyrikonúgr allra konúnga sakir atgjörfis ok örlætis,

¹⁾ B, C, V líta Grím hafa verið settan til landvarnar í Garðaríki.

37K. SAGA HRÓLFS GAUTREKSSONAR. 189

hafði hann þat af föður sínum, treystust öngvir konungar á hans ríki at seilast, varð hann hvörjum konungi ríkari, ok vinguðust margir við hann, ok væntu sèr þar í mót friðar ok frelsis af ríki hans, heldr enn ágángs ok ófriðar, sem margir urðu at þola; treystust því öngvir móti honum at stríða. Varð Rólfr konúgr gamall maðr, ok dró¹ sótt hann til bana. Tók Eirekr konúngdóm eptir hann, ok allt þat ríki, er átt hafði Rólfr konúgr, faðir hans, varð hann frægr konúgr ok mjök líkr föður sínum. [Svá segja menn, at saga þessi sè sönn; þó hún hafi ekki í tabúla skrifuð verit, hafa þó fróðir menn hana í minnum haft, ok mörg þau hreystiverk Rólfs konúngs, er eigi standa hér, þrýtr ok fyrr seinan penna, enn hans snildarverk. Man svá um þessa sögu sem um margar aðrar; at eigi segja allir einn veg, en margr er maðrinn, ok ferr víða, ok heyrir þat annar, sem annar heyrir ekki, ok má þó hvorttveggja satt vera, ef hvörgi hefir gjörla atkomizt. Undrist menn eigi, þó menn hafi verit fyrr ágætari at vexti ok afli en nú, hefir þat satt verit, at þeir hafa skamt átt at telja til risanna sinnar ættar; nú jafnast mannfólkit, er blandast ættirnar, er þat trúligt, at margir smámenn felli fyrir höggum stórmennis, þarsem vopn þeirra voru svá þúng, at hinir óstyrkvári menn fengu varla lypt af jörðu; má því marka, at smámenn mundu eigi

¹) þannig leiðrétt, drap, A.

standast, er þeir hjuggu til með miklu affi ok biturligum eggjum, er allt lamdist fyrir, þótt ekki biti vopnit. Þiki mér bezt sóma, at finna eigi til, þeir eigi umbæta; hvort sem satt er eðr eigi, þá hafi sá gaman af, er þat má at verða, en hinir leiti annars þess gamans, er þeim þikir betra. Lúkum vèr hèr sögu Hrólfs konúngs Gautrekssonar¹.

¹) *Frá* [hafa B, C, V þannig : Svá segja fornir (fróðir, B, V) menn, at mörg sé þau hreystiverk Hrólfs konúngs, er eigi sé skrifuð í þessari sögu; kemr þat mest þartil, at menn hafa þar eigi sannar frásagnir af, þvíat þessi saga kemr lítt við aðrar sögur, þvíat þessa sögu segja eigi allir eins, þá kemr þat fram, at þat þikist annar heyra, er annar heyrir ekki í frásögum; ok lýkr hér nú Hrólfs sögu Gautrekssonar.

S A G A

HERRAÚÐS OK BÓSA.



Sagan af Herrauði ok Bósa¹.

Hringr hefir konúngrheitit, er røð fyrir Eystra Gautlandi, hann var son Gauta konúngs, sonar Óðins, er konúngr var í Svíþjóð, ok kominn var utan úr Asíam², ok frægstar konúngaættir eru frákomnar hér í Norðrlöndum. Þessi konúngr Hringr var bróðir Gautreks ens milda at faðerni, en móðerni átti hann göfugt. Hringr³ konúngr átti Sylgju, dóttur Sæfara⁴ jarls af Smálöndum; hún var fríð kona ok vel skapi farin. Bræðr hennar voru þeir Dagfari ok Náttfari; þeir voru hirðmenn Haralds konúngs hilditannar, er þá røð fyrir Danmörk ok mestum hluta Norðrlanda. Þau áttu einn son, sá hét Herrauðr, hann var mikill vexti ok fríðr sýnum, sterkr at afli, vel at íþróttum búinn, svá

¹) þannig D; Saga af Bögu-Bósa, með nýrri hendi A; v. í hin. A, B, D, V bæta þessu við yfirskriftina: Saga þessi hefst eigi af lokleysu þeirri, sem (kátir, b. v. D, V.) menn hafa (skrökkva, B, D, V.) sér til gamans eðr skemtunar með ótrúðligum setningum, heldr sannar hún sik sjálf með réttum ættartölum ok fornum orðskviðum, er menn hafa íðugliga af þeim hlutum, sem í þessu æfintíri, (þessari sögu, B, D.) eru skrifaðir, en skinnbókin C sleppir því. ²) Asia, D. ³) hér endar fyrsta brot af B. ⁴) Sævara, V.

at fáir menn máttu við hann jafnast. Hann var vinsæll af öllum mönnum, en ekki hafði hann mikit ástriki af feðr sínum, ok olli þat því, at konúngr átti son annan frilluborinn, ok unni hann þeim meira; sá er nefndr Sjóðr; konúngr átti hann í æsku sinni, ok var hann fulltíða maðr, þá er [Herrauðr var barn¹. Konúngr fékk honum lèn mikit, ok var hann ráðgjafi konúngsins, ok tók hann saman skatta konúngs, leiðánger ok landskyldur, ok var fyrir öllum útlátum ok inntektum, ok þótti flestum hann frækr í útheimtum, en fastr í úlyktum² ok launum, en hollr var hann konúngi, ok vildi hans jafnan fullastan, ok hófst af því sá málsháttir af hans nafni, [at sá er³ kallaðr öðrum sjóðfeldr, er honum sèr mesta hagsmunni, ok geymir bezt eptir. Sjóðr samdi til þess púnga, þá er síðan voru kallaðir fe-sjóðar, at geyma í silfr þat, er hann tók í skuldir konúngs, en þat sem hann tók meir, enn tilstóð, gjörði hann (at) smápúnga, ok kallaði hann þat slæg⁴, ok umventi hann því til kostnaðar, en landaurum var óbrigt. Ekki var Sjóðr þokkasæll af mönnum, en konúngr unni honum mikit, ok lét hann einn öllu ráða.

2. Maðr er nefndr Þvari, hann bjó ekki lángt í burtu frá konúngsatsetunni, hann var kallaðr Brynþvari; hann hafði verit víkingr

¹) sagan gjötðist, C, D. ²) lyktum, D. ³) þannig C, D; ok þá, A. ⁴) slægþunga, V.

mikill enn fyrra hluta æfi sinnar, en þá hann var í hernaði, mætti hann skjaldmey einni, er Brynildr hét; hún var dóttir Agnars konungs úr Nóagörðum¹; þau börðust, ok bárust sár á Brynildi, þángat til er hún var óvíg, tók þvari hana þá til sín ok mikin fjárlut með henni; hann lét græða hana at heilu, ok var hún síðan öll hnýtt ok baglöð², ok var hún því kölluð Brynildr бага. Þvari gjörði brullhlaup til hennar, ok sat hún á brúðbekk með hjálm ok brynju; þó voru ástir þeirra góðar. Lagði þvari þá af hernað, ok settust þau í bú; þau áttu tvo sonu, ok hét Smiðr enn ellri; hann var ekki mikill maðr vexti, manna fríðastr, slýngr við allar íþróttir, ok svá hagr at hann lagði á allt gjörfa hönd. Bósi hét annar son þeirra, hann var mikill vexti, sterkr at afli, dökklitaðr ok ekki mjök fríðr, líkr móður sinni bæði at skaplyndi ok sköpun, kátr ok keskimáll ok þráfylginn, því sem hann tók upp, ok ekki mjök fyrirleitinn við hvörn, sem hann átti; móðir hans unni honum mikit, ok voru þau um marga hluti mjök skaplík; hann var kendr við móður sína ok kallaðr Bögu-Bósi, hafði hann ok margar tiltekjur til þess, bæði í orðum ok verkum, at honum var þat sannnefni. Busla hét kerling, hún hafði verit frilla þvara karls; hún fóst-

¹) Nóatúnun, C, D, V. ²) bömluð, C, D.

raði sonu karls, þvíat hún kunní mart í töfrum. Smíðr var henni miklu eptirlátari, ok nam hann mart í töfrum. Hún bauð Bósa at kenna honum galdra, en Bósi kveðst ekki vilja, at þat væri skrifat í sögu sinni, at hann ynni nokkurn hlut sleitum¹, þat sem honum skyldi með karlmensku telja. Mjök var nær um aldr þeirra Herrauðar konúngssonar ok karlsona, ok var vinngott með þeim, ok var Bósi jafnan í konúnggarði, lögðu þeir Herrauðr lag sitt saman. Sjóðr vandaði um þat, at Herrauðr gaf Bósa klæði af sér, því hans voru jafnan í sundr rifin, þótti hann ok harðleikinn, ef hann var at leikum, en engi þorði um at vanda fyrir Herrauði, því hann mælti allt eptir honum. Nú beiddi Sjóðr, at hirðmenn konúngs skyldi lemja hann úr leik².

3. Þat var nú eitthvert sinn, at konúngurinn hafði leik þat, er soppleikr heitir; ok var þá leikit af kappi, ok gjörðu þeir nú leik til Bósa, en hann tók hart í móti, ok gekk hönd úr liði á einum konúngs manni; annan dag braut hann lærlegg í manni; en hinn þriðja dag veittust at honum tveir menn, en margir óþægðu honum; sló hann augat úr einum með soppinum, en annan feldi hann, brotnaði hann á háls; hlupu þeir þá til vopna, ok vildu drepa Bósa, en Herrauðr stóð hjá honum með þá

¹) með göldrum, *V.* ²) ok gerðu þeir leik at Bósa, *b. v. D.*; en þeir tóku ekki gull við grjóti, *b. v. V.*

menn, sem hann gat fengit, ok var búit við sjálfst, at þeir mundu berjast, áðr enn konúngr kom til; en við tillögur Sjóðs gjörði konúngr Bósa útlægan, en Herraúðr kom honum undan, svá honum varð ekkínáð. Litlu síðar beiðdi Herraúðr föður sinn at fá sèr herskip ok röskva menn til fylgðar, því hann kveðst vilja úr landi ok afla sèr meiri frægðar, ef þess yrði auðit. Konúngr bar þat mál fyrir Sjóð, en hann kveðst ætla, at sneiðast mundu fehirðslurnar, áðr enn Herraúðr væri svá heíman gjörr, sem honum líkaði. Konúngr segir, at þeir skyldu við þat leita, ok varð svá at vera, sem konúngr vildi; var nú búin ferð Herraúðs með miklum fèkostnaði, ok var hann vandr at öllu; ok kom þeim (bræðrum) lítt saman; hafði hann fimm skip úr landi, ok voru þau flest öll forn; vaska menn hafði hann með sèr ok mikit fè í gulli ok silfri; sigldi hann svá út af Gautlandi, ok suðr til Danmerkr. Einn dag, [er þeir sigldu með landi fram í miklu veðri, þá stóð maðr nokkur á bjargi, ok beiðdi fars. Herraúðr kveðst eigi gjöra sèr króka til hans, en kvað far til reiðu, ef hann næði skipinu. Þessi maðr stökk af björgum, ok kom niðr á sveifinni², ok var þat fimtán álna langt hlaup. Þar þektu þeir Bósa; Herraúðr fagnaði honum vel, ok kvað hann skyldu vera stafnbúa á skipi sína. Síðan sigldu þeir til Saxlands, ok herjuðu, hvar sem þeir fóru. Þeim varð gott til fjár, ok fóru þeir svá fimm vetr.

¹) b. v. C, D, V. ²) fyrir utan stýrit, b. v. C, D, V.

4. Nú er at taka til heima í Gautlandi, þá Herrauðr var í burtu, skoðaði Sjóðr fehirðslur föður síns, voru þá tómar kistur, ok svá töskur allar, ok varð honum opt sama á munni: man ek þat, sagði hann, at öðruvís var í þenna sjóð at líta. Síðan bjóst Sjóðr heiman, at taka saman skatta föður síns ok skyldr, ok var hann þá frekr í flestum úrheimtum. Hann kemr til Þvara, ok kallar þar leiðánger, sem annarstaðar; Þvari kveðst fráeldr herferðum, ok því aunga leiðánger gjöra. Sjóðr kvað hann eiga meira leiðánger at gjöra enn aðrir menn, kvað hann því ollat hafa, at Herrauðr var úr landi (farinn), ok beiddi bóta fyrir þá menn, er Bósi hafði meitt; en Þvari sagði, at maðr ætti sjálfr at ábyrgjast sik, hvort er hann gengi til leiks eða glímu, ok kveðst eigi austroka^r fe sínu fyrir slíkt; stóð þá í deilu með þeim, braut Sjóðr upp útibúr Þvara karls, ok tók í burth tvær gullkistur ok meira fe annat í vopnum ok klæðum, ok skildu þeir við svá búit. Fór Sjóðr heim, ok hafði mikinn fjár afhlut; sagði hann konungi frá ferðum sínum. Konúnger kvað þat illa, er hann hafði rænt Þvara karl, ok kveðst þat ætla, at honum mundi þat illa gegna. Sjóðr kveðst eigi sakast um þat. Nú er at segja frá Herrauði ok Bósa^a, at þeir búast at sigla heim úr hernaði; þá höfðu þeir frètt, at Sjóðr hafði rænt Þvara karl; ætlaði Herrauðr þá at friða fyrir

¹) ausa út, C, D. ²) skrifast nú optast í A: hbe, ip. e. Bögu-Bosi; hér bba.

Bósa, ok sætta þá, ef þess yrði auðit; þeir fengu veðr svá mikil, at skip þeirra skildust; týndust skip þau öll, sem Herrauðr hafði heiman haft, en Herrauðr komst tvö skip í Elfarsker, en Bósa rak til Vinnlands¹ einskipa; þar lá fyrir Sjóðr með tveimr skipum, nýkominn úr Austrveg, ok hafði hann keypt konungi dýrgripi; en er Bósi vissi þat, bað hann sína menn vopnast, lagði hann til fundar við Sjóð, ok spurði, hverju hann vildi bæta, at hann hafði rænt þvara karl, en Sjóðr kvað hann firna djarfan, er hann þorði slíkt at mæla, þar sem hann var áðr útlagi konungs, ok kvað honum vel yfir at láta, ef þer mistuð eigi meira. Bósi bað hann taka vopn sín, sló þá í bardaga með þeim, ok lauk svá, at Bósi varð banamaðr Sjóðs, gaf hann þá grið þeim, sem eptir voru af hans mönnum, en tók at sér skipit ok allt þat á var; en þegar honum gaf byr, sigldi hann undir Gautland, ok fann þar Herrauð, fóstbróður sinn, ok sagði honum tíðindin, en Herrauðr sagði honum, at þat mundi eigi bæta vinsældir við konúng: eða því fórt þú á minn fund, svá nær mér sem þú hafðir höggvit. Ek vissi, segir Bósi, at mér mundi eigi tjá, at forðast þik, ef þú vildir illu til þín snúa², en ek þóttumst þar allt traust eiga, sem þú vart. Kalla má, segir Herrauðr, at litill mannskaði væri at Sjóð, þó mér væri

¹) Vínlands, C; Vindlands, D; Finnlands, F. ²) slá, C, D, F.

skyldr, ok mun ek fara á fund föður míns, ok freista, ef ek gæti sætt ykk. Bósi kveðst eigi vænta mikils létta af konungi, en Herrauðr sagði at eigi dygði ófreistat. Ferr Herrauðr á fund föður síns, ok gekk fyrir hann, ok kvaddi hann virðuliga. Faðir hans tók honum fálíga, því hann hafði frétt áðr sameign þeirra Bósa ok Sjóðs. Herrauðr mælti til föður síns: Þar er til bóta at sjá, sem þér eruð, Bósa, félaga minn, hefir hent slis mikit, hann hefir vegit Sjóð, son þinn, þó at sakir væri nokkrar til, ok viljum vèr bjóða sættir, ok fè svá mikit, sem þú vilt sjálf kjósa, ok þarmeð vort fylgi ok hylli, ok slíka þjónustu, sem þér villð hann krafít hafa. Konúngr segir þá reiðuglīga: mikit kapp leggrr þú á, Herrauðr! at fylgja illmenni þessu, mundi mörgum þikja þér betr standi, at hefna bróður þíns ok vorrar svívirðingar. Herrauðr segir þá: Ítill mannskaði var at Sjóð, veit ek ok eigi, hvort hann var minn bróðir eðr eigi, þóat þú heldir mikit til hans, þikir mèr þú eigi virða mik svá mikils, at þú vilt eigi sættir taka fyrir mínar (bænir); en ek þikjumst þó bjóða betra mann í staðinn í þá þjónustu, sem hann hafði. Þá mælti konúngr reiðr mjök: allt þitt formæli, þat sem þú veitir Bósa, skal mikit spilla til, þegar ek get honum náð, skal hann uppi hánga miklu hærra, enn menn vita dæmi til, at nokkur þjófr hafi svá hátt hángit. Þá segir Herrauðr reiðr: ok þat munu margir

mæla, at (þér) kunnid eigi sóma yðvarn at þiggja, en með því at þú vilt mik einkis virða, þá mátt þú til þess ætla, at eitt skal yfir okkr ganga, Bosa ok mik, ok skal ek svá verja hann sem sjálfan mik, ok mæ endist líf til ok kárlmenska, ok munu þat þó margir mæla, at nógu dýr muni þá keyptr einn ambáttarson, ef þér gefid oss við. Snæri Herraudr þá í búrtu reiðr mjök, ok lætti eigi, fyrr enn hann fann Bosa, ok sagði honum, hversu þeir feðgar höfðu skilit.

5. Hríngr konúgr lætr nú kalla saman líð sitt ok blása herblástr, ok ferr til móts við þá fóstbræðr, ok sló þar þegar í bardaga með þeim; hafði konúgr líð hálfu meira eða þrjú¹⁾ slík. Þeir fóstbræðr gengu vel fram, ok drápu margan mann, en þó voru þeir ofríði bornir, ok voru þeir herteknir ok settir í fjötra, ok kastat í myrkvastofu, en konúgr var svá reiðr, at hann vildi þegar láta drepa þá, en Herraudr var svá vinsæll, at allir mæltu undan, ok var þá fyrst skipt herfáangi, ok grafnir enir dauðu; voru margir menn í dagþíngan við konúnginn, at hann skyldi taka sættir af Herraud, ok var hann leiddr fyrir konúng. Konúgr bauð honum grið, ok lögðu margir þar vel til, en Herraudr kveðst eigi grið vilja þiggja, nema Bósi hefði bæði lífs grið ok lima, en konúgr sagði þess aungva von; Herraudr kveðst

¹⁾ þrenn, D.

[úthverf snúist¹;

nema þú Bósa.

björg um veitir.

ok Herrauði

heipt uppgefir.

Ef þú síglir

slitni reiði,

[ef stýrir²

stökkvi krókar,

rifni reftar,

reki segl ofan,

en aktaumar³

allir slitni;

[nema þú Herrauð

heipt uppgefir

en Bögu-Bósa

biðir⁴ til sætta⁵.

Ef þú riðr,

raskist taumar,

heltist hestar⁶

en hrumist klárar,

en götur allar

ok gagnstigar⁷,

troðist tvefaldar⁸

[í tröllhendr fyrir þér⁹;

nema þú Bósa

¹) út at hverfist, *V.* ²) en af stýri, *C, D, V.* ³) auktaumar, *V.* ⁴) bjóðir, *D.* ⁵) nema þú Bósa bjargir veitir ok honum H. h. u., *V.* ⁶) hestr þinn, *V.* ⁷) geinstigar, *V.* ⁸) allar, *C, D;* á við þér, *V.* ⁹) sva þú tapir vegi, *V.*

björg um veitir,¹
ok Herraudi
heipt uppgefir.

Sè þèr í hvílu,
sem í hálmeldi²,
en í háseti,
sem á hafbáru;
[þó skal þèr síðar
sýnu verra,
ef þú vilt við meyjjar
manns gaman hafa,
[villr ert þú³ vegarins³,
vilt þú þulu lengri.

Þá segir konúngr: þeigi þú, vond vættr! ok
vert í brutu, elligar mun ek láta meiða þik fyrir
forbænir þínar. Svá höfum við ok fundizt, segir
Busla, at við munum eigi skilja, fyrr enn ek
hefi fengit minn vilja. Konúngr vildi þá upp-
standa, ok var hann fastr við sængina, en
smásveinar vöknuðu eigi, lét Busla þá fara ann-
an þriðjúng bænarinna, ok mun ek láta um
líða, at skrifa hann, en þó er þetta upphaf á:

Tröll ok álfar
ok töfra nornir,
búar bergrisar
brenni þínar hallir,
hati⁴ hrímþussar

¹) stráeldi, D. ²) villetu þá, C, D. ³) I stöð þess frá fyrri
[hefir V; en þó skal þèr seinna sýnum vera; vilta mæira mit
gaman hafa eða. ⁴) þik, b, v. C, D.

[hellir þínar¹,
 stráin stáangi þik,
 [stofnar ángri² þik,
 verði þér vei,
 nema þú vilja minn gjörir.

En þá er sú þula var úti, segir konúgr henni:
 fyrr enn þú illmælir meir, þá mun ek gefa
 Herraúði líf, en Bósi fari úr landi, ok sè dræpr
 ok tiltækr, nær sem ek get áhent hann. Þá
 skal taka þér fram betr, segir hún; hóf hún
 þat, er Syrpuvers heitir, ok mestr galdr er í
 fólgin, [ok eigi er lofat at kveða eptir dagsetr,
 ok er þetta þar í nær endanum:

Komi hær seggir sex,
 seg þú mér nöfn þeirra!
 öll óbundin,
 ek skal þér sýna,
 getr þú eigi raðit,
 svá at³ rétt þiki,
 þá skulu þik hundar
 í hel gnaga,
 en sál þín
 sökkva í víti⁴.

R. A. Þ. Υ. Ψ. Π. ΙΙΙΙΙΙ. ∞∞∞∞∞∞: 11111111:
 ΙΙΙΙΙΙ: ∞∞∞∞∞∞:

Ráð nú þessi nöfn, svá at rétt sè, efligar hríni
 þat allt á þér, sem ek hefi þér verst beðit, ok þessir
 karlar kunna þér yerst at biðja, nema þú gjörir
 minn vilja⁵. Konúgr vissi þá varla, hverju

¹) bestar troði þik, D. ²) én þjörnur (storur, D) æri, hin.
³) mér, b. v. C. ⁴) þannig hin; v. í A. ⁵) þat frá: ok eigi
 er lofat, v. í D.

svara skyldi fyrir forbænum kerlingar. Hverr er þinn vill? sagði konúgr; sett þú þá forsending, (segir kerling), svá at tvísýni sè á; hvort þeir haldi lífinu, ok ábyrgist þeir sik sjálfir. Konúgr bað hana þá í burt fara, en hún vildî ekki, fyrr enn konúgr sór henni eið, at hann skyldi halda þat, sem hann losaði, enda skyldi Buslubæn eigi á honum hrína; hvarf kerling þá í burtu.

6. At morni dags er konúgr snemma uppi, ok lét blása til þings, ok voru þeir þáng-at leiddir Herrauðr ok Bósi, spurði konúgr þá ráðgjafa sína, hvat við þá skyldi gjöra; en flestir báðu konúng vægja fyrir Herrauð. Þá mælti konúgr til Herrauðs: lítils vilt þú virða mik, segir konúgr, en nú vil ek gjöra þat fyrir bæna vina minna, at Bósi skal hafa lífs grið ok lima; hann skal fara úr landi, ok eigi aptr koma, fyrr enn hann færir mér þat gammsegg, er skrifat er með gullstöfum utan, ok erum við þá sáttir, en elligar skal hann heita hvers manns nío-íng; en Herrauðr fari hvort sem hann vill, fylgi Bósa eða gjöri sjálfr ráð fyrir sèr, því eigi munu við samvistum saman vera at svá búnu; voru þeir fóstbræðr þá leystir, fóru þeir þá til þvara karls, ok dvaldust hjá honum um vetrinn. En þegar er voraði, bjuggu þeir ferð sína úr landi, ok höfðu eitt skip ok á [fjóra menti ok tuttugu¹]; fóru þeir mjök at tilvísan Buslu;

¹) sextígi ok tveir, V.

sigldu þeir þá í Austrveg, komu undir Bjarmaland, ok lögðu undir einn eyðiskóg.

7. Hárekr hét konúgr, er þá reð fyrir Bjarmalandi; hann var kvongaðr, ok átti tvo sonu, hét annar Hrærekr, en annar Siggeir; þeir voru kappar miklir ok hirðmenn Goðmundar konúgs af Glæsisvöllum, ok landvarnarmenn hans. Dóttir Háreks konúgs hét Edda, hún var fríð sýnum ok flesta luti vel kunnandi. Nú er at segja frá þeim fóstbræðrum, at þeir voru komnir undir Bjarmaland, ok lágu undir skógi þeim, er Vínuskógr heitir; þeir reistu þar tjald á landi, þar var leyni nokkut ok fjarri mannevegum. Um morgininn sagði Bósi mönnum sínum, at þeir Herrauðr mundi gánga á land ok kanna skóginn, ok vita, hvers þeir yrði vísir: en þær skulið bíða okkar hér mánuð, en ef við komum þá eigi aptr, þá skulu þær sigla, hvert sem þær villð, því þá erum við eigi lífs. Mönnum þeirra þótti mikit fyrir þessu, en þó varð svá at vera, sem þeir vildu. Síðan gengu þeir fóstbræðr á skóginn, ok höfðu þat eitt til matar, sem þeir skutu, dýr ok fugla, en stundum höfðu þeir eigi nema ber ok safu. Skógrinn ónýtti mjök klæði þeirra. Einn dag komu þeir at húsabæ nokkrum; þar stóð karl úti, ok klauf skíð; hann heilsaði þeim, ok spurði þá at nafni; þeir sögðu til et sanna, ok spurði, hvat karl hét, en hann kveðst heita

Hóketill; hann kvað þeim til reiðu næstrgreiða, ef þeir vildi, en þeir þökkðu honum, ok sögðust gjarnan vilja; fylgði karl þeim til stofu, ok var þar fáhjúat; húsfreyja var við aldr, dóttur áttu þau væna, ok dró hún klæði af gestum, ok voru þeim fengin þur klæði; síðan voru laugar fram látnar, ok var þeim reist borð, ok gefit gott öl at drekka, en bóndadóttir skeinkti. Bósi leit opt hýrliga til hennar, ok sté fæti sínum á rist henni, ok þetta bragð lék hún honum. Um kveldit var þeim fylgt at sofa með góðum umbúningi; bóndi lá í lokreykju, en bóndadóttir í miðjum skála, en þeim fóstbræðrum var skipat í stafnsæng við dyr utar; en þá fólk var sofnat, stóð Bósi upp, ok gekk til sængr bóndadóttur, ok lypti klæðum af henni; (hún) spyrr, hvat þar væri; Bósi sagði til síu, kveðst vilja undir klæðin hjá henni: því mér er eigi hægt, þar sem um mik var búit, [ok gaf henni gullhring, ok gekk í sængina til hennar, ok fór allt vel með þeim, en þá er af voru blíðu brögð, birti Bósi fyrir henni um ferðir sínar, ok¹ spurði, hvort hún vissi eigi til, hvert at leita skyldi at gammseggi því, sem við bræðr erum eptir sendir, ok gullstöfum var ritat, en hún kveðst eigi minna mundu launa honum gullit

¹) þannig V; í hinum handritum stendr nokkut frekara um fundi þeirra, sem ekki getir til sögunnar.

ok góða nætrskemtan, enn segja honum, þat er hann vildi vita: en hverr var þær svá reiðr, at þik vildi feigan ok senda þik forsending: eigi gengr álit til alls, ok verðr engi frægr af öngvu, eru þeir ok margir hlutir, at opt snúast til gæfu, þóat háskasamliga sé stofnaðir.

8. Hér í skógi þessum stendr hof mikit, þat á Hárekr konúngr, er hér ræðr fyrir Bjarmalandi, þar er göfgat goð, þat er Jómali^r heitir, þar er gull mikit ok gersemar; fyrir því hofi ræðr móðir konúngs, sú er Kolfrosta heitir, hún er mögnöð af blótskap, at henni kemr engi hlutr á óvart; hún veit þat fyrir með kynstrum sínum, at hún á eigi at lifa út allan þenna mánuð, því fór hún hamfari austr á Glæsisvöllu, ok nam í burtu Hleiði, systur Goðmundar konúngs, ok ætlar at hún skuli vera hofgyðja eptir sik; en þat er þó skaði mikill, því hún er allra meyja kurteisust, ok væri betra at þat færist fyrir. Hvat er til vandhæfa í hofinu? (segir Bósi). Gammr er þar, segir hún, svá grimmr ok bölvadr, at hann drepr allt, þat sem fyrir verðr; hann horfir beint í móti dyrum, ok þekkir allt, þat inn kemr, ok er því augu lífs at vænta, er verðr fyrir klóagangi hans eða eitri; þræll einn er í hofinu, hann vaktar mat gyðjunni, tyævetra kvígu þarf hún í mál; undir þessum gammi er egg þat, er þú ert eptir sendr; gríðúngr einn er í hofinu, tryldr ok

^r) þannig hin; Jómanna, A.

blótaðr, hann var bundinn með jarnviðjum, hann skal skjóta kvíguna, blandast þá ólyfjan við hana, ok tryllast þeir allir, sem af eta, hana skal matgjöra fyrir Hleiði konúngs systur, ok verðr hún þá líka tröll, sem hofgyðjan var áðr; nú þikir mér óvænt um, at þú munir sigra óvættir þessar við svá mikina tröllskap, sem um er at eiga. Bósi þakkaði henni sögu sína, sofa þau síðan til dags. En at morni fór hann til Herrauds, ok sagði honum, hvat hann hafði frètt, dvaldust¹⁾ þeir þar þrjár nætr, en síðan fóru þeir í burtu; sagði bóndadóttir þeim til, hvat þeir skyldu stefna til hofsins, ok mælti vel fyrir þeim at skilnaði; fara þeir nú leið sína. Einn morginn snemma sáu þeir, hvar maðr fór, mikill vexti í grám kufli; hann leiddi með sér naut, þeir þóttust vita, at þat mundi þrællinn, stiltu þeir nú at honum; Bósi sló hann kylbuhögg, ok varð þat hans bani; síðan drápu þeir kvíguna, sían flóu þeir af henni belg, ok stoppuðu upp með mosa ok lýng, síðan fór Herraudr í kufi þrælsins, ok leiddi eptir sér kvígubelginn, en Bósi steypti kápu sinni yfir þrællinn, ok bar hann á haki sér, þangat til sem þeir sáu hofit; þá tók Bósi spjót, ok rak í rass þrællinn, ok neðan eptir honum endilaungum, svá at oddrinn tók út um við herðarnar, gengr síðan

¹⁾ daldust, C.

at hofinu, ok gekk Herraudr inn í hofit í búningi þrælsins; hofgyðjan var þá í svefni; Herraudr leiddi kvíguna á básinn, en leysti síðan griðúnginn, en hann hljóp upp á kvíguna, mosa-belgrinn varð veikr fyrir, ok rak griddi höfuðit í múrinn, ok braut af sèr hornin, en Herraudr greip í eyrun ok í granirnar, ok snaraði hann úr háslidinum; þá vaknaði hofgyðjan, ok hljóp á fætr; í þessu kom Bósi inn, ok bar þrælinn upp yfir sèr á spjótsoddinum; gamminn brá við skjótt, ok steypiti sèr ofan úr hreiðinu, ok ætlaði at gleypa þann, sem inn var kominn, [svalg hann nú þrælinn ofan at midti; Bósi þrysti spjótinu, ok gekk þat í gegnum háls gamminum, allt þángat til at stóð í hjartanu; gammrinn festi klærnar í [kryppu þrælsins, en setti vænghnúann við eyra Bósa, svá hann féll í óvit; féll gammrinn ofan á hann, ok voru hans fjörbrot eigi lítil. Herraudr ræð á kerlíngu, ok var þeirra (atgánger) enn harðasti, hafði kerlíng illa skornar negl, ok reif hún hold hans niðr at beini; bærust þau þángat at, sem Bósi var fallinn, þar var blóðugt mjök, varð kerlíngu hált á blóðinu, ok féll á bak aptr, voru þá sviptíngar miklar með þeim, voru ýmsir undir; Bósi raknaði þá við, ok greip höfuð griðúngsins ok rak á nasir kerlíngu, en Herraudr sleit af henni höndina í axlarliðinum⁴, en

¹) gyngrin, C. ²) b. v. C, D. ³) þjóinn á þrælskrokknum, C, D. ⁴) tók henni nú at dofna leikrinn, b. v. C, D.

í fjörbrotum hennar varð landskjálfti mikill; þeir gengu nú um hofit ok rannsökuðu í hreiðri gammsins, fundu þeir eggit, ok var þat allt með gullstöfum ritat; þar fengu þeir gull svá mikit, at þeir höfðu nóg at bera; þeir kvomu at stalli þeim, sem Jómali¹ stóð á; af honum tóku þeir gullkórónu, setta með tólf gimsteinum, ok men þat sem kostaði 3 hundruð marka, ok úr knjám honum tóku þeir silfrbolla svá stóran, at aungvir fjórir menn mundu afdrekka; hann var fullr af rauða gulli, en pell þat, sem tjaldat var um Jómala², var meira vert heldr enn þrír farmar af drómundi þeim, er ríkastr gekk um Grikklandshaf; þetta tóku þeir allt til sín. Þeir fundu afstuku eina í hofinu, ok var hún komin mjök leyniliga; þar var fyrir steinhurð sterkliga læst, ok voru þeir allan dag upp at brjóta, áðr enn þeir kvomust inn. Þeir sáu þar konu sitja á stóli, eigi höfðu þeir aðra vænni sæð; hár hennar var bundit við stólbrúðir; þat var fagurt sem hálmr barinn eða gullteinn nýskafinn; járnfestur var um hana miðja sterkliga læst at henni; hún var grátin mjök; en er hún sá mennina, þá spurði hún, hvat ylli ókyrleika þeim, er verit hefir í morgin: eða því þik-ir ykk lif ykkvart svá illt, at þið fýsitz hingat í trölla hendr, þvíat þeir, sem hér ráða fyrir, munu þegar drepa ykk, at vart verðr við ykk;

¹) þannig C, D, V; Jónanus, A. ²) þannig.

en þeir sögðu, [at mörgu svaraði frestinu¹, ok spurðu þó at, hvat hún hét, eðr því hun væri þar svá harðliga haldin; en hún sagðist Hleiðr heita, ok vera systir Goðmundar konungs af Glæsisvöllum: en tröllkona sú, er hér ræðr fyrir, sótti mik þangat með fjölkýngi, ok ætlar at ek skula gánga fyrir blótum í hofinu², þá hún er dauð, en ek vildi fyrri gánga á loganda bál. Góð mundir þú þeim manni, segir Herrauðr, er þik leysti undan þessu ánauðaroki; hún kveðst vita, at þat mundi engi geta gjört; mundir þú til vilja vinna, at vera mín kona, ef ek kæmi þær hëðan í burtu? Aungvan veit ek þann mænscan mann svá leiðan, at ek mundi eigi heldr vilja eiga, enn vera blótuð hér í hofinu; eða hvert er nafn þitt? Herrauðr heiti ek, segir hann, sonr Hríngs konungs af Eystra-Gautlandi, en eigi þarf þú at óttast hofgyðjuna hëðan af, þvíat við Bósi höfum [sëð ráð fyrir henni³, en til þess mátt þúætla, at ek (muni) sæmda verðr þikjast, ef ek leysi þik hëðan; ek hefí eigi meira í veð at setja, enn sjálfa mik, (segir hún,) ef þat er vill frænda minna; ekki mun ek leita giptínga til frænda þinna, (segir Herrauðr), en augnan vil ek undandrát í þessu máli, en eigi skal nauðoka þik til kaupa nokkra, því ek þikjumst þær eigi varboðinn, ok skal leysa þik sem

¹) frest mundi verða á um hríð á þeirra atgjörðum, *V.*
²) ok vera hér abhásis, *b, v, C, D, V.* ³) súngit yfir hausa mótum bennar, *C, D, V.*

áðr; eigi veit ek þann mann, segir hún, at ek mundi heldr kjósa enn þik af öllum þeim, sem ek hefisæð; eptir þat leysti hann hana, ok kveðst þá vildu gjöra, hvort er hún vildi, at fara heim með sèr, ok gjörði hann brullhlaup til hennar, eðr senda hana austr á Glæsisvöllu, ok sjá hana aldrei síðan; en hún kjöri at fara með honum, ok lofaði hvort öðru sinni trú. Eptir þat báru þeir út gull allt úr hofinu ok gersemar, en síðan lögðu þeir eld í hofit, ok brendu upp allsaman, svá at ekki sá örmul nema öskuna, fóru síðan í burtu með fèð, þat sem þeir höfðu fengit, ok létu eigi fyrr, enn þeir kvomu aptr til Hóketils karls, ok dvöldust þeir þar eigi lengi hjá þeim karli ok kerlingu, gáfu þeir þeim fè mikit, en báru á mörgum hestum gull ok gersemar til skips síns, ok urðu menn þeirra þeim fegnir.

9. Þessunæst sigldu þeir burt af Bjarmalandi, sem byrgaf, ok er þá eigi getit fyrr um ferðir þeirra, enn þeir kvomu heim í Gautland, ok höfðu þeir þá tvo vetr í burtu verit; gengu þeir þá fyrir konúng, ok færði Bósi honum eggit, ok var þá brotin rauf á skurninni, ok voru þar í 10 merkr rauða gulls, hafði konúngur skurnit fyrir borðker síðan. Bósi gaf konúngi kerit, þat sem þeir tóku af Jómala¹⁾, ok voru þeir nú sáttir. Í þenna tíma komu þeir til hirðar Hríngs konúnga, Dagfari ok Náttfari, bræðr drottningar, ok voru þeir sendir af Haraldi Hilditönn í liðs-

¹⁾ þannig hin; Jómanna. A.

bón, þvíat þá skyldi vera bardagi á Brávöllum, er mestr hefir verit á Norðrlöndum, sem segir í sögu Sigurðar Hríngs, föður Ragnars loðbrókar. Hríngtr konúgr bað Herrauð fara fyrir sik, en hann kveðst skyldu geyma brúðar hans á meðan, ok skyldu þeir þá vera sáttir um allt þat, sem þeirra hefir í millum farit. Herrauðr gjörði nú, sem faðir hans beiddi, ok fóru þeir Bósi með þeim bræðrum með fimm hundruð manna til móts við Harald konúgr. Í þessi orrostu féll Haraldr konúgr, ok með honum fimtán konúngar annars hundraðs, sem segir í sögu hans, ok margir kappar þeir sem konúngum voru meiri; þar féllu þeir Dagfari ok Náttfari; en þeir Herrauðr ok Bósi urðu báðir sárir, en þó kvomu þeir báðir aptr úr bardaganum, ok höfðu þá orðit umskipti í Gautlandi, meðan þeir voru burtu.

10. Nú tókum vèr þar til máls, at Goðmundr konúgr frá Glæsisvöllum saknar systur sinnar, ok var hennar leita farit bæði á sjó ok á landi, ok kunní hana eigi upp at frétta. Þeir bræðr Hrærekr ok Siggeir voru þá með Goðmundi konúngi. Konúgr bað Siggeir at bindast fyrir at leita Hleiðrar, ok vinna þat til eiginorðs við hana, en Siggeir kveðst ætla, at eigi mundi auðvelt at finna hana, ef hofgyðjan á Bjarmalandi vissi eigi til hennar. Síðan bjuggust þeir úr landi, ok höfðu fimm skip, ok fara nú þángat til, sem þeir kvomu til Bjarmalands, ok fundu Hárek

konúng, ok sögðu honum sín erendi, en hann sagði, at þeir skyldu fara til hofsins, ok eigi mundi laust fyrir liggja, ef Jómali^r eða gyðjan vissi eigi til. En litlu síðar fóru þeir til hofsins, fundu þeir þar öskudýngju, en eigi sáu þeir örmöl nokkurs þess í hofinu átti at vera; fóru þeir þá um skóginn, ok komu til bygða karls ok kerlingar, ok fréttu eptir, hvort þau vissi eigi til, hverr hofinu hefði grandat, en karl kveðst eigi þar til vita, en sagðist þó vita, at tveir gauzkir menn hefði legit undir Vínuskógi lengi, hét annar Herraudr, en annar Bósi, ok kvað sèr þá þikja líkasta til, at hafa gjört þetta stórvirki, en bóndadóttir sagði, at hún hefði fundit þá í veginum, þá þeir fóru til skips, ok með þeim¹ hefði farit Hleiðr, systir Goðmundar af Glæsisvöllum, ok kvað þá svá hafa sèr sagt, at hennar mætti til þeirra leita, ef nokkur vildi eptir henni leita. Eptir þat stefna þeir bræðr at sèr liði um allt Bjarmaland, ok fengu þeir þrjú skip ok 20; sigldu þeir síðan til Gautlands, ok komu þeir þar í þann tíma, sem þeir fóstbræðr voru í bardaganum á Brávöllum, ok var Hríngr konúngr fámennr heima, buðu þeir konúngi bardaga, elligar gefa upp meyna. Konúngr kjöri heldr at berjast; urðu þar skjót umskipti, féll þá Hríngr konúngr ok mestr hluti liðs hans, en þeir tóku meyna, en ræntu fenu ok miklum gersemum, ok fóru í burtu síðan, ok

¹ Þannig hún; Jómanni, A.

létu eigi fyrr, enn þeir kvomu heim á Glæsisvöllu, ok varð Goðmundr konúngr feginn systur sinni, ok þakkaði þeim fyrir ferðina, ok þótti þeirra ferð orðin en frægasta. Siggeir biðr nú Hleiðrar, en hún var treg til þess, [ok kvað þat makligt, at sá nýti sín, sem hana hafði frelsat úr tröllahöndum¹, en konúngr kvað hann vel til þess hafa unnit: á ek ok at ráða gíptíngu þinni, segir konúngr, skal ok eigi útlendum höfðingjum gagnast at eiga þik, ef þú yilt eigi vorum ráðum hlýta, varð nú svá at vera, sem konúngr vildi; [látum þá nú búast við brullhlaupi sínu, þvíat þeir hyggja gott til sín².

11. Tökum nú þar til, at þeir Herrauðr ok Bósi kvomu heim hálfum mánaði síðar enn þeir Siggeir sigldu í brutu; sakna þeir nú vinar í stað; taka þeir ráðagjörðir sínar, sótti Bósi föður sinn at ráðum, en hann sagði þeim, at þeir mundi ofseinir, ef þeir söfnuðu miklu liði, ok sögðu at þeir mundi heldr ná konúngsdóttur með djúpsettum ráðum ok snörum atburði; varð þetta ráð þeirra, at þeir bjuggu eitt skip, ok völdu þrjátígi manna. Smiðr skyldi fara með þeim, ok hafa forsögn alla ok skipun á siglúng þeirra, lagði hann³ ok mörg ráð til með þeim; sigldu þeir nú, þegar þeir voru búnir. Þá var Smiðr svá byrsæll, at hafði nógan byr ávalt, þegar hann stýrði, ok verðr ferð þeirra með meira

¹) *b. v. hin.* ²) en þat mætti verða, at heina spjöll yrði á höðinu, *b. v. C, D*; frá [*v. í K.* ³) þeim, *ofaukið í A*; Karl ok Busla, *C, D.*

flýti, enn líkindi þætti á vera, kvomu þeir vonu bráðara austr í Glæsisvöllu, ok lögðu skipi sínu undireinn eyðiskóg. Smiðr hafði hulinshjálrn yfir skipi þeirra; þeir gengu á land Bósi ok Herraudr, kvomu þeir at húsabæ litlum ok kyrfligum; þar bjó karl ok kerling; þau áttu dóttur væna ok vel kunnandi; bóndi bauð þeim nætrgreiða; þeir þágu þat; þar voru góð hýbyli; þá var áliðinn dagr, ok var þeim unninn beini, ok voru tekin upp borð fyrir þá, ok gefit munngát at drekka, ok var þar gott öl; bóndi var fálátr ok óspurull, en þó borðaði hann með þeim; bóndadóttir var þar miklu mannúðugust af þeim, skeinkti hún gestum; Bósi var glaðlátr við hana, ok gjörði henni nokkrar glíngur; hún gjörði ok svá í móti. Um kveldit var þeim fylgt at sofa, en þegar at ljós voru slokin, þá kom Bósi þar sem bóndadóttir lá, ok lypti klæðum af henni; hún spurði, hvat þar væri, en Bósi sagði til sín; hvat vilt þú hingat? segir hún; [ek vil skemta þer, sagði hann, ok gaf henni fingrgull, ok gekk í sængina til hennar; ok skemtu þau sér um nóttina; hún spurði hann, hvaða manni hann væri, en hann sagði til et sanna, ok spurði í mót, hvat þar væri títt í landi, en hún sagði at þat væri nú nýast, at þeir bræðr Hrærekr ok Siggeir hefði náð Hleiði, konúngs systur, en drepit Hríng konúng í Gautlandi: ok þeir eru

1) þannig V; í hinum handritunum stendr nokkuð flekara um fundi þeirra.

nú svá frægir orðnir af þeirri ferð, at þeirra líkar skal eigi vera í öllum Austrvegi; ok konúngr hefði gefit Siggeir systur sína, væri þat í móti hennar vilja, ok skyldi nú brullhlaupit vera innan þriggja náttu; en þeir eru svá varir um sik, at þeir hefði njósn á hverri götu ok í hverrihöfn, ok mætti ekki á óvart koma, þvíat þeim þikir aldrei örvænt, nær þeir Herrauðr ok Bósi kynni at vitja meyjari-
 onnar: konúngr hefir látit gjöra sér höll svá mikla, at á henni eru hundrað dyra, ok er jafnlángt í milli allra, hundrað manns má rúm-
 liga í (vera) millum hverja dyra; tveir dyraverðir eru við hverjar dyr, ok skal engi mega inn-
 gánga, nema sá er þektr væri við einshverjar dyrnar, en sá, sem hvergi væri þektr, þann skyldi taka ok hafa í varðhaldi, þángat til er prófaðist, hvat manni er hann væri; sæng-
 stendr á miðju hallargólfi, ok eru þar fimm pallar upp at gánga, þar skal liggja brúðrin ok brúðguminn, en hirðin öll skal vaka, ok má þeim því eigi á óvart koma. Hverir eru menn með konúngi, segir Bósi, þeir er hann heldr mest af? sá heitir Sigurðr, segir hún, hann er ráðgjafi konúngs, ok svá mikill meistari til hljóðfæra, at hans líki er engi, þó all-
 víða leiti, ok mest á hörpu slátt; hann er fariinn til frillu sinnar, hún er ein bóndadóttir hér við skóginn, hann lætr sauma sér klæði

ok semr hljóðfærnisín; eigi er nú getit um skraf þeirra fyrst at sinni, sofa þau af um nóttina.

12. Um morguninn snemma kemr Bósi til Herrauðs, ok segir honum, hvat hann hefir frètt um nóttina; en síðan bjuggust þeir burtu frá karli ok kerlingu¹; fóru þeir at tilvísan bónda-dóttur, þángat til sem þeir sáu bæ þann, er Sigurðar var von; þeir sáu, hvar Sigurðr fór ok einn sveinn með honum, ok stefndu heim til borgarinnar; þeir gengu á veg fyrir Sigurð; Bósi drap Sigurð, en Herrauðr kyrkti sveininn til bana, síðan tók Bósi þá, ok fló belg af þeim báðum, ok fór síðan til skips síns, ok sögðu Smið, hvat þeir höfðu afrekat, gjörðu þeir þá ráð sín. Smiðr færði Bósa í nágrímuna, en hann fór sjálfr í aðra; síðan fór Bósi í klæði Sigurðar, en hann fór sjálfr í þann búning, sem sveinninn hafði átt, ok hafði hans nágrímu fyrir sér; sögðu þeir Herrauði fyrir, hversu hann skyldi bera sik at, fara nú síðan heim til borgarinnar, komu þeir at þeim hallardyrum, sem Goðmundr konúngr var sjálfr fyrir, þóttist hann þar kenna Sigurð, ok fagnaði honum vel, var Sigurðr nú innleiddr, tók hann þegar at sér fêhirzlur konúngs, ölgögn ok kjallara, ok hefir skipun á, hvert öl fyrst skal drekka, ok segir byrlurum fyrir, hversu ákaft þeir skulu skenkja, segir, at þat varðar mestu, at menn verði et fyrsta kveld sem drukk-

¹) ok gaf Bósi dóttur hans fingrgull, ok var eyr í innan, b. v. C.

astir, því þar eymir lengst af. Þessunæst var höfðingjum í sæti skipat ok brúðrin innleidd ok á bekk sett, ok með henni margar meyjar hæverskar. Goðmundr konúgr sat í háseti, ok Siggeir brúðgumi í hjá honum, Hrærekr¹⁾ þjónaði brúðgumanum; eigi er hér greint, hversu höfðingjum var skipat, en þess getr at Sigurðr sló hörpu fyrir brúðunum; ok þá at full voru innborin, töluðu menn, at hans líki mundi engi vera, en hann kvað þar lítit mark at fyrst; en konúgr bað hann eigi afspara. En þá inn kom þat minni, at signat var Þór, þá skipti Sigurðr um slaginn, tók þá at ókyrrast allt, þat sem laust var, bæði knífar ok borðiskar, ok allt þat sem laust var ok engi hélt á, ok fjöldi²⁾ manna stukku upp úr sætum sínum, ok lèku á gólfinu, ok gekk þetta lánga stund; því næst kom inn þat minni, sem helgat var öllum Ásum, skipti Sigurðr þá enn um slagina, ok stillti þá svá hátt, at dvergmáli kvað á öllu; stóðu þá upp allir þeir, sem í höllinni voru, nema brúðrin ok brúðguminn ok konúgrinn, ok var nú allt á ferð ok flaug í höllinni, ok gekk því lánga stund. Konúgr spurði, hvört hann kynni eigi fleiri slagi, en hann segir at eptir væri enn nokkrir slagir, ok bað fólkít hvílast fyrst; settust menn þá niðr fyrst, ok tóku til drykkju; sló hann þá

¹⁾ Hrærekr, hér ok framvegis, C, D.
 tekið úr Aa.

²⁾ hér v. blað í A;

Gýgjarslag ok Draumbút¹ ok Hjarröndahljóð; en því næst kom inn minni, þat var signat Óðni, ok lauk Sigurðr þá upp hörpunni, hún var svá mikil, at maðr mátti standa rêtir í² henni, hún var öll sem á rauða gull sæi; þar tók hann upp hvíta glófa gullsaumaða, ok sló þá þann slag, at Faldafeykir heitir, stukku þá faldarnir af konunum, ok lèku þeir fyrir ofan þvertrèn, stukku konurnar ok allir mennirnir, ok engi hlutr var sá, at kyrr þyldi; en þá þetta minni var afgangit, þá kom inn þat minni, er helgat var Freyju, ok átti þat síðast at drekka, tók Sigurðr þann streng, er lá um alla þvera strengina, hann hafði hann ekki fyrr slegit, ok bað konúnginn búast við ramma slag, en konúngi brá svá við, at hann stökk upp, ok svá brúðrin ok brúðguminn, ok lèku nú öngvir vakrari, ok gekk þessu um lánga stund; tók Sigurðr nú sjálfr hörpuna, en Smiðr tók í hönd brúðinni, ok lèk nú allra vakrast; hann tók borðbúnað af stólnum, ok kastaði upp í sængina, þegar hann sá sèr færi á. En frá Herrauði er þat at segja, at hann lætr menn sína fara með sjónum, ok meiða öll þau skip, sem í nánd voru, svá ekki var sjófært; suma hefir hann heima í borginni, ok báru þeir til sjófar gull ok silfr, er Smiðr hafði lagt honum til hændargagns; var nú mjök húmat, sumir fóru uppá glugginn,

¹) Drambuslag, V. ²) maganum á, b v. C, D, V.

ok skynjuðu, hvat inni var, ok dróu út um glugginn, þat sem upp var kastat í sængina, en sumir færðu til skipa, ok fermdu skip, ok snèru stöfnum frá landi sem skjótast.

13. Þat berr nú næst til tíðinda, at þá þeir léku sem glaðast í konúngs höll, at maðr kemr í höllina, sá var mikill vexti ok fríðr sýnum, hann var í rauðum skarlazkyrtli, ok silfrbelti um sik ok gullhlað um enni, hann var slippr, ok fór leikandi sem aðrir, þángat (til) hann kom fyrir konúnginn; hann reiðir þá upp hnefan, ok drepr um nasir konúngi svá mikit högg, at úr honum stukku þjár tennrnar, en blóð stökk úr nösnum hans ok munni, en hann féll sjálfir í aungvit. Sigurðr sér þat, ok kastar hörpunni upp í sængina, en rak báða knefana milli herða honum; hann snèri undan, en Sigurðr eptir honum ok þeir Siggeir ok allir aðrir, sumir styrmdu yfir konúngi. Smiðr tók í hönd brúðinni, ok leiddi hana upp í sængina, ok læsti hana innan í maga hörpunar, en þeir drógu hana út um gluggin, sem úti voru, ok svá sjálfan hann með, ok flýttu sér til skipsins, gengu síðan út á skipit, var sá þá þar kominn, er konúnginn hafði slegit. Sigurðr gekk út á skipit, þegar hann kom, en Siggeir eptir honum með brugðit sverð. Sigurðr snèrist aptr í móti honum, ok hratt honum á kaf; urðu þá hans menn at draga hann á land verr enn dauðan, en Smiðr

hjó landfestina, settust þeir til ára, ok dróu segl upp, ok gjörðu bæði, at sigla ok róa, ok létu gánga út á haf. Hrærekr hljóp til skips, ok margir menn með honum, en þegar skipum var fram hrundit, féll þar í kolblár sjór, ok var því eigi eptir þeim farit, ok varð því svá búit at vera; voru ok allir drukknir, svá at þeir voru verr enn ráðlausir, snúa nú heim til hallar, ok var þá konúngr viðraknaðr, ok þó lítils máttar; leituðu þá menn við at næra hann, en¹ hann var mjök máttddreginn, en veizlan snérist í sút ok sorg. Þá er konúngr tók at bressast, gjörðu þeir ráð sín, kom þeim þat ásamt, at slíta eigi fjölmenni, ok búast sem skyndiligast at fara eptir þeim fóstbræðrum. Látum þá nú búast, en víkjum nú aptr til þeirra fóstbræðra; þeir sigla þángat til, sem þeir vissu, at vegirnir skildust, ok lá annar til Bjarmlands; það Bósi þá Herrauð sigla heim til Gautlands, en hann kveðst eiga erendi til Bjarmlands, en Herrauðr kveðst eigi við hann skiljast, ok spurði, hvat í erendum væri, en hann sagði, at þau mundi síðar birtast. [Smíðr bauð at bíða þeirra fimm nætr. Bósi sagði, at þeim mundi þat vel endast², tóku þeir bátinn, ok fóru í bruttu, ok kvomu nær bæ Háreks konúngs; þeir földu bátinn undir leyni nokkut, ok gengu til bygða; þar bjó karl ok kerling, þau áttu

¹) hér byrjar aptr A. ²) v. í C; gendast, rángt A.

dóttur væna, þar var vel við þeim tekit; at kveldi voru borð upptekin ok laugar framlátnar, ok var þeim gefit gott vín at drekka. Bósi leit þá hýrliga til bóndadóttur, en hún veitti honum þat í móti, en litlu síðar fóru menn til sængr. Bósi kom til sængr bóndadóttur; hún spurði, hvat hann vildi; [en hann kvaðst mundi gleðja hana gersemi; lèku þau af um nóttina¹. Ok síðan töluðust þau við, ok spurði hún, hvaðan hann væri; hann sagði til et sanua, ok spurði, hvort hún væri nokkut í kærleikum við Eddu konungsdóttur; hún sagðist opt koma í skemmu til hennar, ok vera þar vel tekin: ek mun hafa þik at trúnaðarmanni, segir hann; ok mun ek gefa þér þrjár merkr gulls, en þú skalt koma Eddu konungsdóttur í skóginn til mín. Hann tók úr pungi sínum þrjár valhnotur, þær voru sem á rauðagull sæi, ok fèkk henni, ok bað hana segja konungsdóttur, at hún vissi í leyniligum stað, at slíkar hnetur væri nógar; en bóndadóttir svaraði, ok kvað hana eigi uppörpna fyrir einum, kvað henni fylgja at jafnaði geldíng þann, er Skálkr hèt, ok væri svà sterkr, at hann hefði 12 karla afl, hvat sem prófa þyrfti. Bósi kveðst þat eigi hirða, ef eigi væri við fleirum at sjá. Um morgininn snemma fór hún at fiuna konungsdóttur, en þeir Bósi fóru í skóginn;

¹) þannig V; en í hinum stendr nokkuð frekara um fundi þeirra. Hér byrjar B,

hún sýndi konungsdóttur gullhneturnar, ok sagði, at hún vissi, hvar at slíkar fyndist; fóru þær nú í skóginn, ok þrællinn með þeim. Nú verðr Bósi ok Herrauðr varir við, hvar þau fara, ok snúa til móts við þau; Bósi heilsaði konungsdóttur, ok spurði, því hún færi svá einmana; hún kvað eigi hættligt um þat; hann kvað þat vera, sem takast vildi, ok tók hann þá til konungsdóttur, ok bað hana gjöra annathvort, fara viljuga með sèr, eðr hitt at hann gjörði þar brullhlaup til hennar þar í skóginum. Þrællinn spurði, hverr þessi væri svá firnarjarfr, at slík ódæmi þyrði at tala, en Herrauðr bað hann þegja. Þrællinn hafði klumbu stóra, ok sló til Herrauðar, en hann brá við skildinum, ok var höggit svá þúngt, at skjöldrinn brotnaði í sundr. Herrauðr hljóp undir þrælinn, en hann tók sterkliga í móti, voru þat sviptingar stórar, ok fór þrællinn hvergi á hæl. Þá kom Bósi at, ok tók fætr undan þrælnum, ok lagði hann snöru á háls honum, ok heingðu hann þar á viðinum; en síðan tók Bósi konungsdóttur, ok setti hana á handlegg sèr, ok bar hana svá til skips, létu síðan frá landi, ok létu eigi fyrr, enn þeir fundu Smið. Konungsdóttir barst lítt af, en þegar er Smiðr hafði orð við hana, þá tók af henni allan óhug, ok sigldu þeir síðan heim til Gautlands.

14. Tökum nú þar til máls, sem þeir Goðmundr konúgr ok Siggeir búa lið sitt, ok sigla eptir þeim fóstbræðrum, ok höfðu þeir ógrynni hers; en svá hafði Goðmundi konúngi orðit þúngr pástr Herraudar, at eigi var hann ferðugr at fara þessa ferð, ok skyldi Siggeir ok þeir bræðr hafa veg ok vanda af þessi ferð. Þeir höfðu fjörutigi skipa af Glæsisvöllum, en þeir juku þó mörgum við í ferðinni; fóru þeir nú, til þess er þeir koma til Bjarmalands, ok fundu Hárek konúng, ok höfðu þeir Bósi ok Herraudr fyrir litlu þaðan siglt, ok hafði Hárekr konúgr þá fulla vissu yfir, at þeir hefði tekít í burtu dóttur hans, hafði hann þá búit lið sitt, ok hafði hann fimtán¹ skip öll stórok vel skipuð, slæst hann nú í ferð með þeim bræðrum, höfðu þeir þá alls 60 skipa, sigla nú til Gautlands. Er þat at segja frá þeim Herraudi ok Bósa, at þegar þeir kvomu heim, söfnuðu þeir at sèr múg ok margmenni, ok vildu vera búinir við, ef þeim væri eptirför veitt, en halda þá [brullhlaup sitt, er færi gæfist á². En þvari karl hafði látit smíða spjót ok örvar, á meðan þeir voru í burtu, ok var nú eigi langt at bíða, áðr enn þar kom saman mikít fjölmenni; en þann dag, sem þeir ætluðu sitt brullhlaup at setja, kvomu þeir Hárekr konúgr ok synir hans með liði sínu, ok var

¹) 12, C. ²) brullaupin, er gott tóm gæfist, B, C, D.

nú eigi alþingis þausnalaust¹, lét Herrauðr leggja skipum sínum út í móti þeim, hafði hann lið mikit ok frátt, en þó höfðu þeir miklu meira, sem til voru komnir; Bósi lagði sínu skipi út í móti skipi Háreks, en Herrauðr í móti Siggeiri, þurfti eigi at sökum at spyrja, tókst nú bardagi með þeim, ok voru hvorirtveggju hinir áköfustu. En er bardaginn hafði eigi lengi staðit, ræð Siggeir til uppgaugu á skip Herrauðar, ok varð skjótt mannsbani. Sniðill hét stafnbúi Herrauðar, hann skaut spjóti at Siggeir, en hann tók spjótit á lopti, ok skaut aptr at þeim, er sendi; spjótit fló í gegnum Sniðil, ok svá langt í skipsstafninn, at hann nísti hann þar við. Herrauðr snéri í mót Siggeir, ok lagði til hans með atgeirnnum, hann gekk í gegnum skjöldinn, en Siggeir snaraði svá hart skjöldinn, at Herrauði varð laus skjöldrinn², en hann hjó til Herrauðar, ok kom á hjálminn, ok tók af fjórðunginn, ok fylgði þar et hægra eyrat, en Herrauðr greip upp ruddu stóra, er lá á þilunum, ok sló á nasir Siggeirs, svá at blikit gekk at andlitinu, ok brotnaði í honum nefit, ok úr honum allar tennurnar, stökk hann öfugr aptr á skip sitt; ok féll þá í óvit, ok lá mjök lengi. Sniðr barðist drengiliga. Hárekr konúgr komst uppá skip Sniðs við 12ta

¹) þausnalaust, C; þausulausn, B, D. ²) atgeirinn, B, C, D.

mann, ok ruddist um fast; Smiðr snérist í móti honum, ok hjó til hans með saxi því, sem Busla kerling hafði gefit honum, því hann bitu eigi ákvæðalaus vopn; höggit kom framan um þverartennurnar, ok brotnaðu þær úr honum allar, en gómbeinit brotnaði, varirnar báðar sprúngu, ok hljóp þar úr blóð mikit; en við þetta högg brá honum svá, at hann varð at flugdreka, ok spjó eitri yfir skipit, fengu þar bana margir menn; hann steypiti sér niðr at Smið, ok gleypiti hann upp í kjapta sér, ok svelgði hann niðr í sik, ok varð þat hans bani; þá sáu þeir, hvar fugl fló af landi ofan, sá er skergípr¹ hét, hann hefir höfuð svá mikit ok hræðiligt, at fjandanum er tiljafnat; hann reðst í móti drekanum, ok er þeirra atgánger hræðiligr at sjá, en svá lauk þeirra skiptum, at þeir féllu báðir niðr, ok féll skergíprinn² niðr í sjóinn, en drekinn kom niðr í skipi Siggeirs. Herrauðr var þá kominn uppá skip Siggeirs, ok lét gánga kylfuna á báðar hendr, sló hann þá til Siggeirs. Í öðru sinni kom þat högg undir eyrat, ok brotnaði í Siggeiri allr hausinn, en hann hraut fyrir borð, ok sökk til grunna, ok kom aldrei upp síðan. Hárekr konúnger raknaði nú við, ok varð at einum galti; hann greip til Herrauðar með tönnum, ok reif af honum alla brynjuna³, ok festi tennr í hans brjósti,

¹) skergreppr, *V.* ²) skergygrinn, *C ok A hér.* ³) brínguna, *C.*

ok reif af honum báðar geirvörtturnar niðr af beini, en hann hjó í móti á trýni geltinum, ok tók af fyrir framan augun; var Herrauðr þá svá móðr, at hann féll á bak aptr, en galtinn trað hann undir fótum, en gat þá eigi bitit, er af var trýnit; kom þá glatúngs¹ hundtík mikil upp á skipit, hún hafði stórar vígtennr; hún reif rauf á náranum á geltinum, ok rakti þar úr þarmana, ok hljóp fyrir borð; en Hárekr var þá í mannslíki, ok steypiti sèr fyrir borð eptir, henni, ok sukku þau til grunna, ok kom hvorki upp síðan; þótti mönnum, sem mundi verit hafa Busla kerling, þvíat hún sást aldrei síðan.

15. Bögu-Bósi er nú kominn uppá skip Hræreks, ok berst alldrengiliga; hann sèr, hvar faðir hans flaut með borðinu mjök mátt-dreginn, stökk hann þar fyrir borð, ok hjálpaði honum, ok kom honum upp í skip sitt; en þá var Hrærekr kominn á skipit, ok hafði drepit margan mann; en Bósi kom þá upp á skipit, ok var þá ákafliga móðr, en þó ræði hann í móti Hræreki, ok hjó í skjöldinn, ok klauf hann allan niðr í gegnum, ok af honum fótinn í ristarliðnum, sverðit kom í vindásinn, ok stökk ísundr í miðjunni. Hrærekr hjó í móti; Bósi snérist undan á hæli, sverðit slapp af hjálminum, ok niðr á herðarnar, ok reif af Bósa alla brynjuna, ok fékk hann sár á báðum herð-

¹) glatúngs, B, C, D.

arblöðunum, gekk svá niðr um allt bakit; öll¹ klæði rifnuðu af honum, svá hann var allr nakinn eptir, ok af enum vinstra fæti hælbeinit. Bósi þreif upp vindásdökkuna², en Hrærekr ætlaði þá at hlaupa fyrir borð. Bósi sló hann í sundr við skipborðinu með öllum herklæðunum; var nú fallinn mestr hluti liðs þeirra; buðu þeir þeim þá grið, sem eptir voru, ok urðu þeir glaðir við þat; kanna þeir nú lið sitt, ok var eigi betr enn hundrað manna liðfært af öllum her þeirra fóstbræðra; áttu þeir nú miklum sigri hrósa, skipta þeir síðan herfángi, fóru síðan heim til borgar, voru þá bundin sár manna, ok græddir þeir sem þess varð auðit.

16. Síðan bjuggust þeir við brullhlaupum sínum, ok skorti þá eigi tilfaung bæði góð ok nóg, stóð sú veizla mánuð fullan, ok voru menn virðuligum gjöfum í burt leystir; var Herrauðr þá til konungs tekinn yfir öll þau ríki, er faðir hans hafði átt. En litlu síðar söfnuðu þeir liði, ok fóru til Bjarmalands, ok beiddi Bósi sèr þar viðtöku, ok taldi þat til, at Edda ætti land allt eptir föður sinn, er nú var orðin eiginkona Bósa, kveðst hann svá mega helzt bæta landsmönnum þann skaða, sem þeir hefði af honum fengit, at hann væri konungr þeirra, ok styrkja þá með góðum rættarbótum; en með því at þeir voru höfðingjalausir, þá sáu

¹) hér endar B. ²) vindaspíkuna, C, D.

Þeir eigi væfna, enn taka hann til höfðingja yfir sik; en þeim var Edda áðr kunnig at góðum síðum; tók Bósi síðan undir sik Bjarmaland, ok gjörðist konúngur yfir; en hann átti son við frillu sinni, þeirri sem hann fann í skóginum, sá hét Sviði enn sóknjarfi, er var faðir Vilmundar viðutan; þá gerðist Bósi höfðingi mikill; hann fór austr á Glæsisvöllu, ok sætti þá Goðmund konúng ok Herrauð, fór (Herrauðr síðan) heim í Gautland, ok gerðist mikill höfðingi; þau Hleiðr unnust mikit; þeirra dóttir var Þóra borgarhjörtr, er átti Ragnar loðbrók. Svá segir, at í gammsegginu því, er þeir sóktu til Bjarmalands, fyndist lýngormr¹, sá er gullslitr var á, ok gaf Herrauðr hann dóttur sinni í tannfè, en hún lét leggja undir hann gull, ok óx hann svá mikit, at hann lá í kríngum skemmu hennar, ok varð svá grimmr, at engi maðr þorði at koma í skemmuna, nema jarl ok sá maðr er orminum færði mat, oxa gamlan þurfti hann í mál, ok þótti hann hit mesta meinvætt, ok heitstrengði Herrauðr þess, at hann skyldi þeim einum manni gipta dóttur sína, sem þyrði at gánga í skemmuna til máls við hana, ok afræði orminn, en þat þorði engi, fyrr enn til kom Ragnar, son Sigurðar Hríngs; sá Ragnar var síðan kallaðr loðbrók, ok tók hann þat nafn af klæð-

¹) yrmlíngur, C, D, V.

um þeim, sem hann lét gjöra sér, þá hann vann orminn; [ok lúkum vèr nú hær sögu Bögu-Bósa¹.

¹) sem segir í hans sögu, en frá Bósa er eigi annat sagt, en hann yrði ágætr konúgr, ok stjórnaði vel ok lengi. Ekki segir, hvort hann setti hörn við drottningu sinni eðr eigi, en sonr Herraudar er sagt at hafi verit Rigardr, faðir Konráðs, sem fór í Ormaland, V.

GAUNGU-HRÓLFS SAGA.



Hér hefr Gaungu-Hrólf's sögu¹.

SVÁ byrjar² þessa frásögu, at Hreggviðr er konúngur nefndr; hann átti at ráða fyrir [Hólm-

¹) *C hefir eptirfylgjandi inngang*: Margar frásagnir hafa menn samansett til skemtunar mönnum, sumar eptir fornskræðum eðr fróðum mönnum, ok stundum eptir fornum bókum, er í fyrstu hafa settar verit með stuttu máli, en síðan orðum fylkar, því flest hefir seinna verit, enn sagt er; verða menn jafnan misfróðir, því þat er optlaga annars sýn ok heyrð, er annars er eigi, þó þeir sé við atburð stældir. Er þat ok margra heimakra manna náttúra, at þeir trúa því einu, er þeir sjá sínum augum eðr heyra sínum eyrum, er þeim þikkir fjarlægt sinni náttúru, svá sem orðit hefir um vitra manna ráðagjörðir eðr mikit af eðr frá- hæran létleika fyrirmanna, svá ok eigi síðr um konstir eðr bukl- araskap ok mikla fjölkýngi, þá þeir seiddu at sumum mönnum æfniliga ógæfu eðr aldrtila, en sumum veraldar virðing, fjár ok metnaðar; þeir æstu stundum höfuðskepnur, en stundum kyrðu, svá sem var Oðinn eðr aðrir þeir, er af honum námu gald- listir eðr lækningar; finnst þar ok dæmi til, at sumir líkamir hafa hræring haft af óhreins anda íblæstri, svá sem var Ey- vindr kinnrifa í Olafs sögu Tryggvasonar eðr Kinnar-skarfr eðr Freyr, er Gunnar helmingr drap í Svíaríki. Nú verðr hvorki þetta né annat gjört eptir allra hugþokka, þvíat enginn þarf trúnað á slíkt at leggja, meir enn fallit þikkir, er þat ok best ok fróðligast at hlýða, meðan frá er sagt, ok gera sér heldr gleði at enn ángr, því jafnan er þat, at menn hugsa eigi aðra syndsamliga hluti, á meðan hann gleðist af skemtaninni; stendr þat ok eigi vel þeim, er hjá eru, at lasta, þóat ófróðliga eðr ómjúkliga sé orðum um færit, því fátt verðr full vandliga gert, þat er eigi liggir meira við enn um slíka hluti. ²) ek, b. v. B.

garðaríki, er sumir menn kalla Garðaríki¹; hann var² mikill at vexti, sterkr at afli, manna venstr ok vopndjarfastr, hugarfullr ok bardagamaðr mikill, vitr ok ráðugr, stórgjöfull við vini sína, stríðr ok refsíngasamr við óvini sína; voru honum flestir hlutir vel gefnir³; mikillar ættar drottningu hafði hann átta, ok er hún eigi nefnd, [ok því kemr hún⁴ ekki við þessa sögu; dóttur eina barna átti hann við drottningu sinni, er Íngigerðr hét; allra kvenna var hún fríðust ok kurteisust, er í voru öllu Garðaríki, ok þótt víðara væri leitast; vizku ok málsnild bar hún yfir hvern mann; allar þær listir kunni hún, er kvennmanni sómði, [ok þá plöguðu dýrar konur nær ok fjarri⁵; hún hafði hár svá mikit, at vel mátti hylja allan hennar líkama, ok svá fagrt sem gull eðr hálmr. Mikit unni konúngr dóttur sinni; hafði hún særliga herbergi innan borgar, [var þat ágætt herbergi at stöð ok sterkleika, ok forkunnliga gert með gull ok gimsteina; sat hún dagliga í þessu herbergi með þeim öðrum, er henni þjónuðu⁶. Hreggviðr konúngr var mjök við aldr í þann tíma. Svá er sagt, þá er konúngr var á úngum aldri, lá hann mjök í hernaði, ok hann hafði [undir sik lagt um⁷ ána

¹) Hólmgarði, C; Garðaríki, B, D. ²) ríkr ok vinsæll, b. v. B. ³) at fornum síð, b. v. B. ⁴) þvíat hún kemr, B. ⁵) v. í B. ⁶) ágætliga vel innan húit með gull ok gemsteinum; henni þjónuðu 30 meyrja, B. ⁷) siglt í, B, C.

Dýnu, [er fellr um Garðaríki¹, ok herjaði þaðan í Austrríki á ýmisligar þjóðir, þar með fékk hann fásæna dýrgripi; þessi á er hin þriðja eða fjórða mest í heiminum. [At uppsprettu ár þessarar leitaði Íngvar hinn víðförli, sem segir í sögu hans². Í þessari ferð var Hreggviðr konúgr 7 vetr samfleytt, hugðu menn hann þá dauðan. Eptir þat kom hann í Garðaríki, ok settist um kyrt; hann hafði fengið hest þann, er kunnir manns máli, hann hét Dúlcefal; skjótr var hann sem fugl, fimr sem [leo, mikill sem úlfr, enginn var honum líkr at mikilleika³ ok afli; hann lét eigi takast, ef sá fékk ósigr, er honum reið, en ef honum varð sigrs auðit, þá fór hann [at sínum meistara⁴. Hann átti herklæði þau, er engi voru þvílík; hjálmr allr [gimsteinum settr, ok óvinnanligr fyrir harðleika sakir⁵, brynja hans var öll þreföld af harðasta stáli ok björt sem silfr; skjöldrinn var bæði breiðr ok þykk, svá eigi bitu járn á; burstöng sú, er þar fylgði, var stinn ok seig, ok gaf hljóð af sér, [sem klukka⁶, ef henni var drepit á skjöldinn, en er ósigr var vís, gaf hún ekki hljóð af sér; sverðit nam hvergi í höggi stað, ok beit með atkvæðum stál ok steina svá sem blauta mannsbúka;

¹) v. í B. ²) ár þeirrar o. s. fr., B; þar hafði farit um aðr Eirekr víðförli, C. ³) íkorni, en líkastr leon at grimd, B; íkorni, mikill sem úlfaldi, en líkastr ljóni at grimmeik, C. ⁴) sjálfr at manni, B. ⁵) gulllagðr ok harðr sem fílsbein, svá ekki vopn festi á, B. ⁶) v. í B.

Þat var gert af gerjárn¹; þat fellr í firði þeim, er Ger heitir; þat kann eigi ryðga nè stökkva. Hestrinn Dúlcífal var af [kyni drómedarfór-um², svá vorðnu³ hestakyni. Aldri hafði Hreggviðr konúgr ósigr farit, síðan hann fékk hestinn ok þessi herklæðin. Ríki hans var mjök herskátt, ok átti hann jafnan orrostur stórar ok hans menn. Konúgr hafði með sér marga ráðgjafa ok vildarmenn; einn af þeim hét Sigurðr, ok var kallaðr ullband, hann var sonarson⁴ Hálfðánar rauðfels⁵, sonar Brennu-Kára⁶; hann var ofrhugi mikill, vinsæll [við alþýðu ok gamall at aldri; hann hafði lengi verit með konúgi, ok fylgt honum vel í mörgum mannaunum⁷.

2. Eirekr er konúgr nefndr, hann var [sjákonúgr, ok⁸ ættaðr af Gestrekalandi; þat liggir undir Svía konúg⁹; þar eru menn sterkir¹⁰ ok þussligir, harðir ok illir viðreignar ok fjölkunnigir. Eirekr konúgr var stór maðr ok rammr at afli, svartr ok stórskorinn mjök; hann lá úti vetr ok sumar með fjölda skipa, ok herjaði á ýmiss lönd, var hann hinn mesti hermaðr ok mjök óeirinn; systur átti hann fríða, er Gyða hét, ok var hún jafnan með konúgi. Eirekr hafði marga berserki ok kappi í liði sínu, ok eru 4 nefndir af þeim; þat voru

¹) gresjárn, B. ²) Dremedióre, B. ³) heitnu, B, C. ⁴) son, C. ⁵) rauðs, B; rauðnels, C. ⁶) v. í B. ⁷) ok heilráðr, B. ⁸) v. í B. ⁹) ríki, B. ¹⁰) stórir, B.

bræðr tveir, hét annar Sörkver, en annar Brynjólfr, miklir ok sterkir voru þeir ok ill-ir viðreignar, fjölkunnigir ok svá galdrafullir, at þeir deyfðu eggjar í orrostum; Sörkver var þeirra sterkari ok burtreiðarmaðr mikill; þriðr maðr var frændi konúngs, er Þórðr hét, ok var kallaðr Hlèseyjarskalli, mikill ok sterkr; hann var ættaðr úr Hlèseyju í Danmörku, þar hafði hann uppvoxit; Grímr hét fóst-bróðir hans, ok kallaðr ægir; maðrinn var sterkr ok at öllu illr; ekki vissu menn kynferði hans eðr ætt, því Gróa¹ völva hafði fundit hann í flæðarmáli [í Hlèsey, en hún var móðir Þórðar, ok hafði² Grím³ fóstreat ok uppfæddan, ok kendi honum svá alla fjölkýngi, at enginn á Norðrlöndum var hans líki, þvíat hans eðli var ólíkt allra annarra manna náttúru. Þat er sumra manna ætlun, at móðir Gríms muni sjógýgr⁴ nokkur verit hafa, því hann mátti bæði fara⁵ í sjó ok vatni, ef hann vildi, var hann því ægir kallaðr⁶; hann át hrátt, ok drakk blóð bæði úr mönnum ok fenaði⁷; hann brást ok opt í ýmissa kvikinda líki, ok skipti hömum svá skjótt, at varla festi auga á; hans andi var svá heitr, at

¹) v. í B. ²) ok fóstreati Grím, ok kendi o. s. fr., B. ³) hann, C. ⁴) þannig C; þó gýgr, A; sjógýðja, C. ⁵) lífa, B. ⁶) at, b. v. A, C; v. í B. ⁷) öðrum skepnum, hann grenjaði sem vargr, ok gerði menn bæði blinda ok dauða, B.

menn þóttust brenna, þó herklæddir væri; hann spjó ok ýmist eitri eðr eldi á menn, ok deyddi með því bæði menn ok hesta, ok því stóðu honum aungvir. Eirekr konúngr hafði mikit traust á honum, ok öllum þeim, spörðu þeir ok ekki illt at vinna.

3. Í þann tíma kom Eirekr konúngr með her sinn í ríki Hreggviðar konúngs; þeir drepa menn, brenna byggðir, en ræna fè, ok er landsmenn verða varir við ófrið þenna, fara þeir á fund Hreggviðar konúngs, ok segja honum sem vorðit var; en er hann frètti þessi tíðindi, lætr hann herört uppskera, ok býr öllum vígum mönnum á sinn fund, fèkk hann þó lítit lið, þvíat herinn bar snart at, en flestum segir þúngr hugr, hversu gánga mundi. Þenna sama morginn, áðr bardaginn skyldi vera, herklæddist Hreggviðr konúngr öllum sínum herklæðum; hann spenti gullmen at hálsi sèr, þat var allgóðr gripr; eptir þat girði hann sik sverðinu góða; hann tók burstöngina, ok drap á skjöldinn, ok gaf hún ekki hljóð af sèr. Hestrinn Dúlcefal vildi ok eigi láta takast, var hann eltr af mörgum mönnum, varð honum umsíðir komit inní djúpar traðir, gekk þá konúngr til, ok vildi taka hann; en þegar hestrinn sèr konúng, stökk hann út [yfir grindnar² ok burt á skóg; þótti þetta öllum hin mestu undr, ok hugðu vísan ósigr,

²) hoð, B. ²) á garðinn, B.

ok gerðu eigi eptir honum at (leita). Hreggviðr konúgr lét taka sèr hest annan, skjöld ok burstöng, en fékk dóttur sinni skjöldinn ok burstöngina til varðveizlu; bjóst hann síðan til bardaga, ok allr herinn. Eirékr konúgr heimti saman allan sinn her, ok bað hvern duga, sem drengr væri til, ok spara nú ekki allskyns mátt, er hverr má frammi hafa. Grímr ægir segir: þat er skylt, herra! at hverr dugi sem getr, en ef vèr sigrum Hreggviðr konúgr, þá viljum vèr hèr staðfestast, ok vil ek þiggja einn land til yfirsóknar ok jarlsnafn. Þórðr, frændi þinn, skal með mèr fara, ok skal eitt yfir okkr gánga, en Sörkver ok Brynjólfr skulu með yðr fara, ok verja land fyrir yðr. Konúgr játar þessu, er Grímr mælti, ok sagði svá vera skyldu; fylkja nú hváirtveggju, ok síga saman fylkingar; Eirékr konúgr var í öðrum fylkingararmi sínum, en Grímr í öðrum. Liðsmunr varmikill, svá at 4 voru um einn landsmanna. Hreggviðr konúgr fylkti móti Eireki konúngi, en Sigurðr ullband móti Grími ægi; varð þar hin snarpasta orrosta með höggum ok slögum, skotum ok grjótkasti, gengu hvorir í lið annars með ópi ok eggjan. Berserkir Eireks konúngs gengu fyrir fylkingar fram, ok hjuggu niðr lið Hreggviðar konúngs sem bráviði, ok fellr hverr um þveran annan. Þetta sèr Sigurðr ullband, ok

högg til beggja handa, þar til, er hann mætir Þórði Hlèseyjarskalla, ok högg til hans, en hann atti í mót skallanum, ok beit ekki á. Eptir þat hjó Þórðr Sigurð banahögg; féll hann með góðum orðstýr; þetta sèr Hreggviðr konúngr, ok eirir illa falli Sigurðar, ok keyrir hestinn sporum, ok ríðr hart fram, ok högg ok legg til beggja handa bæði menn ok hesta, svá allt hrökkr undan, beit sverðit sem í vatn brygði; umgerðin var öll gulli búin, þar er bæta þótti, ok í aptra^r hjalti sverðsins voru leystir lífsteinar þeir, er eitr ok sviða drógu úr sárum, ef í voru skafnir, ríðr hann svá styggr fram at merki Eireks konúngs, at hann hefir báðar hendr blóðgar til axla; stundum drap hann tvo eða þrjá í einu höggi, þartil er þeir komu í móti honum Grímr ægir ok Þórðr, ok hjuggu báðir senn til hans, en konúngr varðist svá vel, at hann var ekki sár; í því blès Grímr með svá miklum galdri, at hestrinn viknaði, svá hann reiddi til falls; konúngr hljóp þá af baki, ok hjó þá enn til beggja handa, hlóð hann svá háfan valinn í kríngum sik, at honum tók í belti; hann hjó þá tveim höndum til Gríms ægis, en hann blès ímót, svá at sverðit hraut úr hendi honum; þá tók hann öxi eina, ok laust með hamrinum í skallann á Þórði, svá hann lá lengi í óviti. Síðan hóf hann sik í lopt upp, ok hljóp út yfir valköst-

^{a)} eptre, B.

inn; kom þá móti honum Eirekr konúgr, ok hjó með sverði til Hreggviðar, svá þat gekk í sundr undir hjöltunum, en ekki beit á herklæðin; í því lagði Grímr ægir neðan undir brynjuna, svá í gegnum stóð, með mæki; konúgrinn féll þar með mikilli hreysti ok góðum orðstýr, ok þikir varla verit hafa frægri maðr í Garðaríki enn Hreggviðr konúgr; flýði þat lið allt, er eptir var, en þó var meiri hlutr fallinn. Mart hafði ok fallit af liði Eireks konúngs; var þá haldit upp friðskildi, ok gengu þeir til griða, er líf var gefit, ok þat vildu þiggja, en hinir drepnir, er eigi vildu þjóna Eireki konúngi, ok lýkr nú bardaganum. Eptir þat voru flettir dauðir menn, en konúgr gekk í borgina með sínu föruneyti, ok höfðu allskyns gleði með drykk ok hljóðfærum; líðr svá af nóttin, en um morguninn kallar konúgr á Grím ægi, ok þá félaga; at þeir skyldu hitta konúngsdóttur, ok svá gerðu þeir. En er þeir komu í herbergi hennar, þá heilsaði hún Eireki konúngi, ok var þó mjök grátin ok harmsfull. Eirekr konúgr gladdi hana, ok sagðist skyldu bæta henni mannamissi ok skaða þann, er hún hafði fengit: ok skaltu þiggja af mæð hverja bæn, er þú vilt beðit hafa, en oss samir at veita, ef þú vilt síðan oss samþykkja ok vorn vilja gera. Þá segir Íngigerðr konúngsdóttir: eigi má sá með réttu konúngsnafn bera, er eigi heldr þat, er hann

lofar einni júngrú, mun ek þá yðr samþykkjast ok gera yðvarn vilja, ef þær haldið yður orð, ok veitið mæ bæn þá, er ek biðr yðr, en fyrr enn ek gáangi nauðig með nokkrum manni, þá skal ek fyrr heldr veita mæ bráðan bana; ok nýtr mín þá enginn. Konúnginum rann mikill ástarhugr til hennar, ok mælti: verði sá niðingr, er eigi heldr sín orð við yðr, ok kjós á sömu stundu, en ek skal veita. Þat er fyrst bæn mín, segir konúngsdóttir, at haugr sè orpinn eptir föður minn, mikill ok vel innan gjörr ok hárf skíðgarðr umhverfis hauginn; haugrinn skal standa langt burt í eyðimörk; bera skal gull ok góða gripi í hauginn hjá honum; hann skal vera í öllum sínum herklæðum, ok girðr sverði sínu; hann skal sitja á stóli, ok skipa köppum hans til beggja handa honum þeir er fallit hafa; á hestinum Dúlcefal skal engi taka af yðrum mönnum, ok hann skal sjálfráðr fara; ek vil ráða fyrir fjórðungi ríkisins um þrjá vetr, ok þeir sem ek skipa til með mæ, ok skulu þeir allir í friði ok náðum, sem mæ tilheyra; ek skal á hverju ári fá mann til burtreiðar við yðr eða Sörkvi, kappa yðvarn, en ef ek fæ öngvan svá frægan af mínum mönnum, at Sörkvi ríði af baki á þessum tíma, þá skuluð þær ráða mínum kosti, ok öllu ríkinu; en ef Sörkver verðr unninn, þá skuluð þið burtu verða með öllu yðru föruneyti, ok koma aldri í Garðaríki síðan, en ek taki þá

lönd ok ríki eptir föður minn, sem rætt stendr til. Grímr ægir mælti: varla er þessari bæn neitanda, því hún stendr með djúpri grundan ok lángrí forhugsan; þíki mér yðr eigi standa, herra! at vera svá lengi vonbiðill eptir nokkurri kvinnu, en vel megið þer treysta Sörkvi, svá (ok) ráðum mínum ok vitsmunum, at ekki mun tilsaka. Konúngr svarar: eigi hugði ek þat, konúngsdóttir! at þer munduð þessa beiðast, en þó mun ek efna orð mín við yðr, því ek treysti vel Sörkvi, at eigi fáíð þer honum frægra mann; bundu þau þetta fastmælum, ok skildu nú talit. Grímr ægir mælti: ráð kom mér í hug, þat oss mun duga, vèr skulum seið efla láta, ok seiða til þess, at Sörkvi skal enginn vinna mega, hvárki í burtreið nè einvígi, nema sá er hefir öll herklæði Hreggviðar konúngs, en haugrinn skal vera svá sterkr gjörr með múr ok tigl, at hann skal enginn menskr maðr opna mega; munið þer vilja halda öll yður orð við konúngsdóttur, þer skuluð jafnan senda menn eptir herklæðunum, ok heita Gyðu, systur yðari, þeim er náð getr, ok eru þau þá í yðru valdi, ella munu þeir eigi lífs aptr koma. Þótti konúngi þetta vel ráðit, ok öllum þeim; var nú haugr gerr, ok Hreggviðr konúngr í settr. Íngigerðr gekk síðast úr hauginum; hún lét þángat færa með leynd tvenn herklæði, ok lagði í knè föður sínum, var síðan haugrinn aptrhyrgðr, ok umbúit eptir forsögn Gríms

ægis; síðan (var) ríkinu skipt eptir skildögum, ok allt fullgert, þat er fyrr var sagt; fékk konungsdóttir aungvan þann, er við Sörkvi þyrði at reyna. Konúgr sendi marga menn til haugsins, ok kom enginn aptr. Grímr ægir stýrði Ermlandí¹, þat er eitt konungsetr² í Garðaríki, ok undu þeir allir illa sínum hlut, er undir hann þjónuðu. [Þeir Þórðr Hlèseyjarskalli áttu jafnan mikit stríð við þá ofan úr Jötunheimabyggðinni frá Áluborg, ok er þat margra frásagna vert, er þeir áttust við í göldrum ok fjölkýngi ok stórum orrostum, ok veitti ýmsum verr, en hvárigum betr³; þeir Sörkvir ok Brynjólfr voru í hernaði á sumrum, ok höfðu landvörn fyrir Eirek konung. Íngigerðr konungsdóttir sat í einum friðkastala⁴ í ríki sínu, ok hennar vildismenn, ok var mjök hugsjúk um sinn hag.

4. Í þenna tíma, er þetta var tíðinda, er nú (var) frásagt, reð Sturlaugr hinn starfsami fyrir Hríngaríki í Noregi. Hann átti Ásu enu vænu, dóttur Eireks jarls. Þau áttu marga sonu ok vel mannaða: einn hét Rögnvaldr, annar Fraðmar⁵, þriðr Eirekr, fjórðr hét Hrólf; hann var kallaðr eptir Hrólfí nefju, fóstbróður Sturlaugs; hann dó í hófinu á Írlandi, þá Sturlaugr sótti þángat [úrar hornit⁶. Hrólf Sturlaugsson var manna mestr, bæði at digurð

¹) þannig C; Enulandi; óglögg A. ²) ríki, B. ³) v. í B. ⁴) kastala, B. ⁵) Framar, B. ⁶) þannig B, óglögg í A.

ok hæð, ok svá þúngr, at engi hestr fékk borit hann allan dag, ok var hann því jafnan á gaungu; manna var hann vænstr at yfir lit; ekki var hann siðblendinn við alþýðu, fór lítt með gleði ok skemtan, utan helzt þótti honum gaman at fara í skotbakka, ok vera at burtreiðum; var hann svá þúngr ok sterkr, at enginn kom honum úr söðli, en ófímliga bar hann vopn fyrir sik, ok aldri bar hann vopn; bæði var hann meinlaus ok gagnlaus flestum mönnum. Ekki var Hrólfr líkr bræðrum sínum, var ok jafnan fátt með þeim. Einn dag var þat sem optar, at þeir Sturlaugr ok Hrólfr töluðust við, (Sturlaugr mælti:) svá lízt mér á þik, sem lítil muni þú afdrif verða, heyrir meir konu enn karlmanni, at hafa þvílíkt framferði, sem þú hefir, því þiki mér ráðligt, at þú kvænist, ok setlist í bú, ok gerir þik at kotkarli í afdal nokkurum, þar engi maðr finnr þik, ok al þar þinn aldr¹, svá lengi sem auðit verðr. Hrólfr segir: eigi mun ek búa, ok eigi kvænast, því konur skulu mér ekki, sè ek þat ok gjörla, at þer gengr þat til ámælis þíns, at þú sparir mat við mik, skal ek því burt verða, ok eigi aprt koma, fyrr enn ek hefi fengit jammikit ríki, ok þú átt nú, eða liggja dauðr ella; þiki mér þetta kotúngs eign, er þú hefir meðferðar ok lítil til skiptis með oss bræðrum,

¹) hér er hálfu blað riftu úr B.

skal ok hvárki yðr nè þeim verða gagn at mér heðan frá. Sturlaugr mælti: bæði má ek fá þær skip ok góða fardrengi, ef þú vilt nokkut þat fyrir þik leggja, er þær megi til frægðar verða eðr metnaðar. Hrólfr segir: eigi hirði ek at draga menn eptir mér, til þess at þeir sjái [af sonum yðrum¹, mér mun ok ekki orrosta heyra, því ek þori eigi mannsblóð at sjá, vil ek ok eigi þyrpast útá smábáta með mart sólk, svá þá sökkvi þeir niðr, ok drukknu vèr allir. Sturlaugr mælti: ekki mun ek tilleggja með þær, þvíat ek sè, at þú ert bæði heimskr ok einráðr; skildu þeir at svá mæltu; þótti sinn veg hvorum. Hrólfr gekk þá til Ásu, móður sinnar, ok mælti: þat vilda ek, móðir! at þú sýndir mér kápunar, þær er Vefreyja, fóstura þín, gerði föður mínum endr fyrir laungu. Hún gerði svá, lauk upp kistu einni stórri, ok mælti: hær máttu nú sjá kápunar, ok fýrnast þær enn lítit. Hrólfr tók upp kápunar allar, þær voru svá gerðar: erm-ar voru á, ok höttr uppaf, ok grímur fyrir andliti; bæði voru þær víðar ok síðar, engi járn bitu þær, ok eigi mátti þeim eittr granda. Hrólfr tók þær tvennar, er stærstar² voru, ok mælti: eigi hefi ek ofmikit úr föðurgarði, þótt ek hafi kápunar. Ása mælti: ekki muntu svá skjott fara, frændi! at þú hafir ekki vopn ok föruneyti. Hrólfr gekk íburt þegjandi, en

¹) of sjónum yfir mér, C. ²) þannig B, C; læstar, A.

fám dögum síðar kvað hann í brutt, svá engi maðr vissi, hvat af honum varð; hvorki bað hann vel lifa föður sinn né móður ok öngva sína frændr; vissu menn ok eigi, hvat um hann leið. Ekki er þess getit, at Sturlaugr gæfi sér um burtferð Hrólfs; leið nú svá um tíma, at Sturlaugr sat um kyrt í ríki sínu.

5. Þorgnýr er greindr til sögunnar¹; hann átti at ráða fyrir Jótlandi í Danmörk, ok þar hafði hann atsetu, en tók hann skatta af fleirum ríkjum; hann var höfðingi mikill, ok hafði gott mannval með sér, gamall var hann mjök, er þessi frásögn gerðist. Drottning hans var önduð, en eptir lifðu tvö börn, er þau áttu; Stefnir hét son hans, en Þóra dóttir, þau voru bæði fríð ok vel mönnuð. Stefnir jarlsson var sterkr at aflu, ok hinn mesti sþróttamaðr, ok var dagliga hógvær, ok vel skapi farinn. Þóra var kvenna hógust, ok var henni skemma reist, ok þar sat hún með sínum þjónustukonum. Björn hét maðr, hann var ráðgjafi jarls, ok honum hinn kærasti, vitr ok góðgjarn, ok kunni vel til herskapar; Íngibjörg hét kona hans; hún var kurteis ok vel ment, ok unni Björn henni mikit. Hann átti búgarð skamt frá borginni, en þó sat hann optast með jarlinum. Þorgnýr jarl hafði mikit unnt drottningu sinni, ok var haugr hennar nær borginni, sat jarl þar optliga í góðum verð-

¹) Þorgnýr er jarl nefndr, C.

um, eðr þá hann hafði málstefnur, eðr lét leika fyrir sér. Jarlinn sat optast í kyrseti, ok hafði friðsamt ríki optast.

6. Nú er þar til at taka, er Hrólfr fór úr Hríngaríki, sem fyrr var sagt, ekki hafði hann vopna nema eikikylfu, hann var í kápu-
unni Vefreyjunaut, en bar aðra. Honum voru vegir ókunnigir, fór hann optar um fjöll ok skóga enn byggð, stefnir hann svá austr á Eiða-
skóg, ok ætlaði upp í Svíaríki; aungva hefir hann vegu um skóginn, fór hann villr mjök, ok var lengi úti. Eitt kveld seint hitti hann skála einn sterkan í skóginum; þetta var um vortíma, hurð var hnigin¹ apr; hann setr klumbu sína við vegginn, en gengr inní skálann; þar var eins manns sæng ok sæti utarfrá, skinnavara var þar nokkur, en lítit fè annat. Hrólfr kveikti eld upp, en er at sólarfalli kom, gekk maðr inní skálann, mikill vexti, hann var í svörtum kufli, ok hetta mórauð uppaf, svartr var hann yfirlits, skolbrúnn ok skeggjaðr mjök; hann var girðr sverði, en gekk við spjót; hann mælti: hverr er þessi þjófrinn, eðr hvaðan komtu at? Hrólfr segir: eigi þarftu at vera² svá harðorðr fyrir aungva sök, en eigi hirði ek at leyna nafni mínu; ek heiti Hrólfr, er ek kominn úr Hríngaríki. Skálabúi segir: enginn skyldi sá heill, er þaðan kæmi, en far þú burt frá eldinum, ok sit uppí sætit,

¹) þannig B, C; heingð, A. ²) hér er B apr heil.

ok hvíl þik! Hrólfr gerði svá; en er hann var niðrsettr, mælti skálabúi; nú skale eigileyna þik mínu nafni; ek heiti Atli Ótryggsson, ættaðr úr Hríngarfki, kenni ek þik nú gerla, þú ert son Sturlaugs hins starfsama, skaltu þess nú gjalda, er faðir þinn gerði mik útlægan, þá er ek hafða drepit hirðmann hans; síðan greip hann spjótit tveim höndum, ok lagði fyrir brjóst Hrólfi svá hart, at hann öngvaði saman, en ekki beit á kápuna. Hrólfr vildi þá uppstanda, en þess var engi kost, því hann var fast við sætit. Þá mælti Atli: eigi skal þer nú fjölkýngi tjá, ok skal taka klumbu þína ok lemja þik í hel með henni; hljóp hann þá út úr skálanum. Hrólfr þóttist nú illa kominn, ok brauzt um fast, þar til er losnaði fjölin sú, er hann sat á, var þat jafnsnemma at Atli kom með klumbuna. Hrólfr hljóp undir Atla; hann (kastar) klumbunni, ok tókust þeir fangbrögðum, ok glímdu sterkliga. Hrólfr gekk at ramliga, ok barst Atli fyrir orku sakir, þar til er hann féll á bak apr, lét Hrólfr þá fylgja knè kviði, ok greip báðum höndum um háls honum ok barka, svá hann kom aungu orði upp; Atli brauzt um sterkliga, en Hrólfr hèlt sama taki, þar til at hann var dauðr. I skálanum fann Hrólfr fèsjóð mikinn, ok hafði hann með sér; hann tók sverðit ok spjótit, en lét eptir klumbuna. Hrólfr færði Atla úr kuffinum, því honum þótti hann lættari at gánga í enn kápunar,

ok bar hann þær. Hann brendi Atla, ok lá þar um nóttina, þat er eptir var; en um morgininn fór hann veg sinn, ok gekk þá enn marga daga um skóginn. Einn dag kom hann fram í eitt rjóðr, ok sá þar ellifu menn alvopnaða; einn þeirra var bezt búinn, ok sá þótti honum, sem vera mundi formaðr þeirra, en er þeir sjá Hrólfr, þá mælti þessi maðr: hér er kominn Atli hinn illi, standið nú upp allir ok drepið hann sem skjótast, ok launum honum rán ok manndráp. Kom Hrólfr nú aungum orðum fyrir sik, en þeir sóttu at honum í ákafa bæði með höggum ok lögum. Hrólfr snérist við karlmannliga, gerði ýmist, hann hjó eðr lagði með spjótinu; varð hann þeim stórhöggr, því at spjótit var hit bezta vopn, en fékk Hrólfr sár nokkur á höndum ok fótum; þeir börðust lengi, ok lauk svá, at Hrólfr drap þá alla, var hann þá mjök móðr, hafði hann sár mörg ok smá, batt (hann) þá sár sín, ok kastaði af sér kufinum, því hann vildi eigi slíkt fá af honum optar. Svá þótti honum sem þeir menn mundu verit hafa úr Vermalandi ok farit at jaga dýr, eðr um eptirleit við Atla; fór hann þá leiðar sinnar, er ok ekki sagt frá ferðum hans, fyrr enn hann kom fram í Gautland við Gautelfi; hann sœr, hvar skip eitt flýtr við land, þat var lángskip mikit, skipit var tjaldat allt stafna í millum; bryggja lá á land, en við bryggjusporðinn var eldr, ok menn

at matgerð. Hrólfr hafði síðan kápuhöttinn, ok gekk þar til, ok heilsar á þá, er við eldinn voru; þeir tóku kveðju hans, ok spurðu hann at nafni, eðr hvaðan at hann kæmi. Hann nefndist Stígandi¹, ok kominn at úr Vermalandi. Hrólfr frætti, hverr skipit ætti, eðr hverjum þeir þjónuðu; þeir sögðu at hann hëti Jólgeir, ok varættaðr ofan úr Sylgisdölum í Svíaríki; Hrólfr segir: gott mundi at þjóna slíkum manni. Þeir segja þann verr hafa, er honum þjónaði: því hann er berserkr fjölkunnigr, ok bíta eigi járn, harðr er hann ok hinn verstí viðreignar; vër erum áttatigir á skipi, ok þjónum vër honum allir nauðigir, því hann hefir drepit vorn höfðingja, er skipit átti, ok nauðgaði oss til at sverja sèr trúnaðar-eiða; hefir hann þetta allt unnit með svikum ok fjölkýngi, ætlar hann nú í hernað í Austrveg. Hrólfr segir þá vel skemt hafa, gekk hann síðan útá skip, ok fyrir Jólgeir; ok kvaddi hann, sat hann í lyptíng á skipinu, ok sýndist Hrólfi hann mjök ósvipligr. Jólgeir tók kveðju hans, ok spurði hann at erendum ok nafni; hann segir: Stígandi heiti ek, en þat er erendi mitt, at koma mër í þjónustu með góðum mönnum, er mër óleitt at vinna dyggiliga, þat er þarf, en engi er ek bardagamaðr, hefi ek góða frëtt² af yðr, at þú ert höfðingi mikill ok óspar at gefa manni mat, er þurfu.

¹) Stráingi, hér B. ²) ð. v. B; v. í A, C.

Jólgeir segir: sannspurt hefir þú þat, at mér er matr óspar¹, en illa lízt mér á þik, því ek ætla at þú sèrt illmenni, en fara máttu með oss, ef þèr líkar; Hrólfr þakkar honum, ok skilja með því talit. Þeir herja um sumarit; býtti Hrólfr silfrinu úr sjóðnum á tvær hendr, ok var þeim öllum vel til hans nema Jólgeir, því Hrólfr var bæði latr ok svefnugr, en kunnig eigi í skipi at gera; aldri var hann í bardögum nè nokkurum mannaunum. Jólgeir fór illa með herskap sínum, ok rænti mest búþegna ok kaupmenn, en herjuðu optast um Kúrlönd, ok fengu of fjár. Þat var eitt sinn, at Jólgeir skipaði Stíganda at halda vörð á skipi þeirra, lá skipit við land, ok var ein bryggja uppi, veðr var illt af stormi ok regni. Fóru þeir til svefns á skipinu, en Hrólfr var á landi við bryggjusporðinn; leið svá nóttinn, en er mornaði, tók Hrólfr at höfga, ok vafði hann Vefreyjunaut utan at sér; en er Jólgeir vaknaði, herklæðist hann, ok gengr á land upp, ok hafði sverð í hendi; hann sèr, hvar Hrólfr liggr ok sefr, svá hrýtr um glæðrnar. Jólgeir varð ákæfliga reiðr, hann bregðr sverðinu, ok höggv bádum höndum ofan á Hrólfr miðjan, svá þat hefði hans bani vorðit, ef eigi hefði kápan hlíft honum. Hrólfr vaknar með andfælum, ok sprettr upp, en Jólgeir vildi þá höggva í höfuð honum annat högg; Hrólfr ræð undir hann; Jólgeir tók í móti, ok

¹) ósúr, rángt A.

urðu þar sviptingar harðar, hamaðist hann. Þá á Hrólfr, en hann lét berast undan ok fram at sjónum, þar til er þeir fëllu báðir á kaf ofan fyrir einn hamar, færði þá hvor annan í kaf, ok voru lengi niðri; þeir tóku mörg köf ok stór, en engi vildi skakka með þeim, því öllum hugnaði betr til Hrólfs enn til Jólgeirs; svá lauk þeirra fundi, at þá bar at landi upp, ok kom Hrólfr fótum undir sik, ok þar var [forbrekt, ok þverhögt mjök niðr^r fyrir, tók Hrólfi þá í linda stað, en Jólgeir tók eigi niðri, þreif Hrólfr þá í herðar honum, ok færði hann í kaf, ok hëlt honum niðri, þar til hann drekti honum. Hrólfr gekk þá á land, ok var möðr mjök, en allir menn Jólgeirs þökkðu honum þetta verk, ok sögðu hann frægðarmann, er hann fékk unnit þvílíkan berserk. Hrólfr spurði: þer munuð nú vilja taka mik til höfðingja yfir yðr í stað Jólgeirs, ok skal ek eigi verr til yðar gera, vil ek nú kunngera yðr, hvern ek er, því ek heiti Hrólfr, en Sturlaugr er faðir minn, enn starfsami, er ræðr fyrir Hríngaríki í Noregi. Þeir fögnuðu honum allir, ok sögðu hann eigi kynvana, þó hann væri hinn mesti kappi; gengu þeir þá á málstefnu, ok réðu þeir þat af, at þeir gengu á hönd Hrólfi, ok tóku hann til skipstjórnarmanns; var Hrólfr óspar af fë því, er Jólgeir hafði samandregit, ok

¹⁾ fowberg mikit ok þar höggvit, B.

gaf þeim stórar málagjafir; varð hann skjótt vinsæll af þeim, höfðu þeir margar orrostur, ek hafði Hrólfr jafnan sigr; en er hausta tók, sigldu þeir austan; sagði Hrólfr at þeir mundu halda til Danmerkr; þeir komu síð um haust til Jótlands skamt frá borg Þorgnýs jarls, ok lögðu í einn leynivog, festu skip sitt, ok tjölduðu. Hrólfr segir sínum mönnum, at þeir skyldi bíða þar, til þess er hann kæmi apr: en ek mun gánga einn frá skipi, at sjá, hvat igerist.

7. Svá er sagt einn dag, at þat bar við í Jótlandi, er Þorgnýr sat yfir drykkjuborðum, at upplukust hallardyr, ok maðr gekk inn í hallina; hann var bæði digr ok hár, hann var í loðkápu síðri, ok mikit spjót í hendi. Allir þeir, er inni voru, undruðust mikilleik hans. Hann gekk fyrir jarl, ok kvaddi hann virðuliga; jarl tók kveðju hans, ok spurði, hvat manna hann væri. Hann segir: Hrólfr heiti ek, en Sturlaugr heitir faðir minn, er ræðr fyrir Hringaríki, em ek hær kominn, at ek vil kanna yðra siðu', því mér er sagt, at þú sèrt höfðingi mikill. Jarl segir: gjörla kenni ek ætt þína ok kynferði, ok vil ek gjarna at þú sèrt velkominn í mínu ríki, ok þiggr allt þat, er þú vilt beiða, en oss stendr at veita, eðr hversu marga menn villð þèr yðr láta þjóna dagliga? Hrólfr segir: áttatigir manna eru áskipi mínu, en þeir

*) hiðsiðu, C.

skulu mér fylgja, ok nóg hefi ek skotsilfr at leggja fyrir oss, vil ek fá kastala nokkurn skamt frá yör, at halda þar í mína menn ok hafa landvörn fyrir yör, ef þær vilð. Jarl segir: Þökk er mér á þinni hærkvomu, ok skulu allir hlutir í þínu valdi, er þín sæmd er þá meiri enn áðr. Hrólfr þakkaði jarli orð sín, gekk hann síðan til sinna manna, fékk jarl þeim kastala til forráða; sat Hrólfr í kastalanum um kyrt, ok hélt vel sína menn, en löngum fór hann í hernað, ok varði kappsamliga ríki jarls. Vingott var með þeim Stefni¹ ok Hrólfi; Björn ráðgjafi var ok hinn kærasti við Hrólfr; leið nú svá fram um hrfð, at ekki bar til tíðinda.

8. Tryggvi er maðr nefndr, ok var Úlfkelsson; hann var ættaðr af Búkanssiðu² af Skotlandi; hann var hinn mesti kappi ok berserkr; hann lá úti með fjölda skipa bæði vetr ok sumar; hann átti sér fóstbróður, er Vazi⁴ hét, [hann var ok it mesta tröllumenni, bæði sakir vaxtar ok sterkleika⁶. Þorgnýr hafði drepit föður Tryggva, þá hann var í víkingu. Tryggvi hafði nú fengit 12 skip, ok öll vel búin at mönnum ok vopnum; hann hélt þessum her til Danmerkr, ok vildi hefna föður síns á Þorgný jarli. Vazi var með honum, ok

¹) jarlssyni, b. v. B. C. ²) Búkanssiðu, B; Búkanssiðu, C; v. í D. ³) í, B. ⁴) Vazi, allstaðar B. ⁵) hér vantar blað í C. ⁶) ok var ættaðr af Attandalandi í Svíaríki, B.

mart annarra kappá. Þegar er þeir komu í ríki Þorgnýs jarls, fóru þeir hermannliga, ok rændu byggðir, en drápu menn, ok ræntu fê öllu, er þeir náðu, en er jarl spurði þessi tíðindi, lætr hann herör uppskera, ok stefnir liði at sêr, en sakir at hann var gamall, þá setr hann þá Hrólfr ok Stefni höfðingja fyrir liðinu. Þetta var á öðrum² vetri þeim, er Hrólfr var fyrst í Danmörk. Þeir Hrólfr fara nú mót Tryggva, ok höfðu 10 skip; þeir fundust við ey eina óbyggða, varð þar fátt um kveðjur, ok sló þegar í bardaga. Þeir Tryggvi ok Vazi höfðu dreka stóran, voru þeir mjök ákafir; óhægt var at vega uppá drekanum fyrir borðhæð, báru þeir ofan af drekanum grjót á Hrólfr ok hans menn; fêll mjök lið þeirra Stefnis, en mart varð sárt, ok hallaðist nú bardaginn á þeirra menn. Þeir Stefni ok Hrólfr voru í kápunum Vefreyjunautum, ok festi eigi vopn á þeim; leggja þeir nú skipi sínu at drekanum, ok sækja at kappsamliga. Hrólfr hafði spjótit Atlanaut ok eikikylfu stóra undir beltit; Stefni hafði gott sverð í hendi, ok var hinn mesti hreystimaðr; en þá er sóknin var sem áköfust, hleypr Hrólfr uppí söxinn; hann ruddist um fast, ok leggr með spjótinu svá sterkliga, at annathvort fêllu þeir, er fyrir urðu, eðr gekk í gegnum þá. Stefni hljóp þegar eptir honum, ok hjó til beggja

²) liðnum, B.

handa, ruddu þeir skjótt söxinn; gekk þá svá aptr með sínu bordinu hvorr þeirra, ok allt hrökk undan aptr um siglu; dagr var þá mjök áliðinn. En er þeir Tryggvi ok Vazi sjá þat, sækja þeir hart fram í móti þeim. Vazi hafði atgeir í hendi, en Tryggvi öxi. Hrólfr fór mót Vaza, ok lagði hvorr til annars. Atgeirinn kom í skjöld Hrólfs, ok klofnaði hann allr í sundr, en Hrólfr varð ekki sár; Vazi kom skildi við laginu, ok sleppr útaf, ok kemr í lærið á Vaza, ok var þat mikit sár; Vazi hjó í spjótskaptit. Hrólfr greip þá kylfuna, ok varðist með henni; hann lamdi allan skjöldinn fyrir Vaza; þeir börðust lengi, þar til Hrólfr braut atgeirinn af skapti; í því hljóp Vazi á Hrólfr, svá honum lá við falli, kastar Hrólfr þá kylfunni, ok tekr í móti; var glíma þeirra laung ok hörð; þóttist Hrólfr eigi við sterkara mann hafa átt, þann sem einhama var. Svá lauk með þeim, at Hrólfr færði hann út á vígit, ok braut sundr í honum hrygginn. Þeir Stefnir ok Tryggvi höfðu barizt allan þann tíma; var Stefnir yfirkominn af mæði ok þungum höggum, en ekki var hann sár. Tryggvi var sár mikit. Hrólfr skundaði nú þángat, en er Tryggvi sèr þetta, vill hann eigi bíða hans, ok steypir sèr fyrir borð. Þeir máttu eigi eptir honum leita fyrir myrkri; gafst þá upp orrostan, var þeim öllum gefin grið; er eptir voru; 6 skip voru hroðin af

hvorum; þar tóku þeir mikit fê, ok hêldu heim við svábúit; þakkar jarl Hrólfi vel sína framgöngu; ekki fundu þeir Tryggva í því sinni, ok skildi svá með þeim.

9. Þat bar til tíðinda einn dag sem optar, at tveir menn ókunnir gengu inn í höllina, þeir voru miklir ok þrekligir, en lítt búnir at vopnum ok klæðum; þeir gengu fyrir jarl, ok kvöddu hann; hann tók vel kveðju þeirra, ok spurði þá at nafni; hinn stærri maðrinn sagði: við erum bræðr, ek heiti Hrafn, en bróðir minn Krákr, ok erum við flæmskir at ætt. Íllt var þá til góðra nafna, sagði jarl, er svá rökvir menn skyldu svá heita. Hrafn mælti: hér vildum við þiggja vetrvist í vetr, því okkr er sagt, at þú sèrt vel til þeirra manna, er langt eru atkomnir. Jarl segir þá skyldu vera velkomna, ok skipaði þeim sæti utan frá öndvegismanni á miðjan bekk; þeir voru þar í góðu yfirlæti af jarli; ekki áttu þeir marga gleði eða skemtan við aðra menn; [þar voru knattleikar jafnan, margir menn báðu þá bræðr at fara til leiks¹; þeir sögðust jafnan at leikum verit hafa, [ok þóttust heldr harðleiknir. Jarlsmenn² létust sjálfir mundu ábyrgjast sik, hvat sem umliði. Um morginn eptir gengu þeir bræðr í leikinn, ok höfðu þeir jafnan hnöttinn um daginn; hrundu þeir

¹) en jarl spurði, hvort þeir kynni ekki í leik at vera, en, B. ²) þótt harðleiknir menn væri, B.

mönnum, okfeldu hjarðliga, en slógu suma; at kveldi voru þrír handbrotnir, en margir lamdir eðr meiddir, þóttust jarlsmenn nú hart af fá, gekk svá fram nokkuru daga. Þeir tóku þat ráðs, at þeir báðu Stefni jarlsson fara í leikinn ok rétta nokkut þeirra hluta; hann játar því, ok um morgun eptir fór Stefnir til leikvallar, ok þegar Hrafn sá hann, mælti hann: hvárt ertu svá sterkr, at þú mátt ekki at leikum vera með öðrum mönnum, eðr þikist þú svá stór, at engi skal þora at leika í móti þer. Stefnir sagði, hvárki er ek svá sterkr nè mikillátr, at ek mega eigi at leikum vera. Hrafn mælti: þá býð ek þer til leiks at þriggja náttu fresti, ok þeim manni, sem þú kys til með þer í móti okkr bræðrum, ef þú treystist. Stefnir sagði: víst skaltu vita, at ek skal koma til leiksins. Gekk hann síðan burt, ok lét taka sér hest, ok reið til þess at hann kom til kastala Hrólfs; sá var annar vetr, er Hrólfr var í Danmörku; en þegar Hrólfr vissi, at Stefnir var kominn, gekk Hrólfr móti honum, ok fagnaði honum með allri blíðu; settust þeir þá til drykkju. Stefnir mælti: til þess er ek hér kominn, at ek vildi biðja þik til leiks með mér móti vetrtaismönnum föður míns, er heita Krákr ok Hrafn. Hrólfr sagði: mér er sagt, at þeir hafi marga menn meidda, en suma drepna, ok þeir se menn sterkir; en ek kann ekki at leikum, mun ek

þó fara með yðr, ef þér villð; fóru þeir nú til borgarinnar, tók jarl vel við Hrólfi. Annan dag eptir gengu þeir Hrólfr ok Stefnir til leiksins; voru þeir bræðr ok þar komnir. Hrafn tók knöttinn, en Krákr hnatttrèit, ok léku at vanda þeirra. Jarl sat á stóli, ok horfði á leikinn, en er þeir höfðu leikit um hríð, fær Hrólfr náð hnettinum; hann grípr knatttrèit af Kráki, ok fær Stefni; leika þeir þá svá lengi, at þeir bræðr náðu ekki hnettinum. Þat var eitt sinn, at Hrafn hljóp eptir hnettinum, at maðr einn rètti fyrir hann fót, svá hann féll, úngr maðr ok glettinn við aðra menn, frændi jarls. Hrafn varð reiðr mjök, ok spratt upp skjótt, ok greip þann, er hann feldi, ok færði hann á lopt, ok keirði hann niðr at höfðinu, svá hann gekk úr hálsliðnum. Jarl kallar á menn sína, ok bað taka Hrafn ok drepa. Hrólfr hljóp þá at Hrafn, ok þreif til hans; í annan stað tókust þeir á Krákr ok Stefnir. Hrólfr bannaði, at nokkur skakkaði með þeim; þeir glímdu, ok eigi lengi, áðr Hrólfr vo Hrafn uppá bríngu sér, ok færði niðr, svá hann lá lengi í óviti, en af gekk skinnit af herðarblöðunum, en er Hrafn raknaði við, reis Hrólfr upp at honum, ok mælti: sér ek, at þú hefir tigns manns augu, ok biðr ek yðr, herra! at þér gefið þessum mönnum grið, þvíat ek veit, at þeir eru mikillar

*) hér byrjar aþtr C.

ættar. Stefnir hafði ok borit af Kráki, ok bað föður sinn veita Hrólfi þat, er hann beiddi; var jarl lengi enn reiðasti, en þó gaf hann þeim grið fyrir bæn Hrólfs ok Stefns. Þeir bræðr voru stíðir mjök, ok gengu brutt þegjandi, ok til herbergis síns, komu þeir ekki undir borð á því kveldi, gafst nú upp leikrinn, ok fóru menn til drykkju. Hrólfr mælti við Stefni: nú skaltu taka þér klæði, er við eigum bezt, ok fá Þóru, systur þinni, í hendr, ok skal hún gera þeim bræðrum klæði ok láta vera búin árla í morginn. Stefnir gerði svá, ok gekk til Þóru með klæðit, ok sagði henni, hversu gera skyldi; gekk Stefnir síðan í burt, en hún tók at gera klæðin; leið svá nóttinn, en um morgian snemma sendi Þóra Hrólfi klæðin, ok voru þau fullgerð; tók hann við, ok fór til herbergis þeirra bræðra, ok sá at þeir lágu. Hrólfr mælti: því flýgr Hrafn síð upp, þar sem nóg er ægslað¹⁾, ok eru nú ernir ok önnur hrækvikindi fullorðin. Hrafn segir: varla má vel fljúga, efskerðir eru, eðr fjaðrsárir. Hrólfr tók klæðin, ok kastaði til þeirra, en gekk burtu síðan; en þeir bræðr tóku klæðin, ok fóru í, ok gengu síðan undir borð; leið nú svá vetrinn. Ekki er þat sagt, at þeir Krákr ok Hrafn þakkaði Hrólfi klæðin nè lífgjöfina, ok voru þeir þó vel haldnir. Í móti sumri hurfu þeir burtu, svá engi maðr vissi, hvat af þeim varð, ok þótti

¹⁾ ætlið, B; ægli, C.

mörgum kynligt þeirra athæfi. Hrólfr fór í hernað um sumarit, ok þeir Stefair báðir, ok var gott til fjár ok mannróðs; þeir komu heim at hausti með heilbrigðu, ok er ekki sagt frá stórvirkjum þeirra.

10. Þat sumar var Hrólfr með Þorgný jarli í miklum metorðum. Þat var einn dag um haustit, at Þorgnýr jarl sat á haugi drottningar sinnar, ok var leikit fyrir honum, at svala ein flaug yfir hann, ok feldi niðr einn silkiklút í knè honum, ok flaug burt síðan. Jarl tók, ok leysti til, ok sá þar í eitt mannhár svá langt, at þat var mjök mannhátt, ok gullslitr á. Jarl gekk undir drykkjuborð um kveldit, sýndi hann þá hárit, þat er svalan hafði niðrfelt, þotti flestum, sem konuhár mundi vera. Jarl mælti: þess strengi ek heit, at fá þá konu, er hárit er af, eðr liggja dauðr ella, ef ek veit, at hvers bæjar er at leita, eðr á hverju landi hún er. Öllum þotti mikil heitstrengingin, ok horfði hvorr til annars. Nokkurum nóttum síðar stefndi jarl þing fjölment; hann stóð upp á þinginu, ok birti mönnum heitstrenging sína, ok spurði, ef nokkur kynni deili á þessi konu, ok hvert hennar væri at at leita; var þá ok sýnt hárit, ef nokkur kannaðist við. Björn ráðgjafi mælti: svá feginri vilda ek tala ok gera, herra! at yðr ok yðru ríki væri til heiðrs ok virðingar, heldr enr til nokkurs skaða eðr mínkanar; virðist mér

heitsstrenging þín mikil, ok hygg ek þessari konu eigi auðnat, en neri mun ek geta, hvar hún er, þótt ek hafi ekki fréttum fyrir haldit: Hreggviðr hét konúngur, hann réð fyrir Garðaríki, hann átti dóttur, er Íngigerðr hét, kvenna var hún fríðust ok best at sér gjör um alla hluti; þat hefir ek sannspurt, at engi kona á Norðrlöndum hafi betr verit at sér ger, ok hafi meira hár ok fegra enn hún, ok þat er mitt hugboð, at þetta hár eigi hún, með hverjum klókindum sem þat er til yðar komit; nú munuð þér sannspurt hafa, hver tíðindi þar hafa orðit, í fráfalli Hreggviðar konúngs fyrir Eirek konúngi, með konúngsdóttur; hún skal hafa mann til burtreiðar við Sörkvi, kappa konúngs, ok frelsa sik með því; hygg ek fá verða til þess fúsa, við þvílíkan sem við er at eiga; en þótt Sörkva geti nokkur af baki riðit, þá þiki mér konúngsdóttir eigi auðfengin úr Garðaríki heldr enn áðr; þótti öllum þeim, sem við voru, sem svá mundi vera, sem Björn sagði.

11. Þorgnýr jarl þagði nokkura stund af orðræðu Bjarnar, ok mælti: þeim manni, er fara vill í Garðaríki, ok ríða burt við Sörkvi, ok nár þessari meyju mér til handa, skal ek gefa þóru, dóttur mína, ok þriðjúng alls ríkisins; til farar þessarar skal ek hvárki sparskip nè manna forræði við þann, sem til vill verða. Allir menn þögnuðu við þessa ræðu,

ek svaraði enginn jarli, þar til er Hrólfr stóð upp, ok mælti: illa er þat gert, at svara eigi slíkum höfðingja, sem vör eigum, en sakir þess, herra! at ek hefi með yör verit um (nokkura) tíma í góðu yfirlæti, ok marga góða hluti af yör þegit, þá vil ek fara þessa ferð, ok leita at ná konungsdóttur, ella liggja dauðr; en þóit ek komi aptr úr þessi ferð, þá skulu þer gipta dóttur yðra, hverjum sem þer villð, því hún er vel verð góðs gjafarðs, en mér er eigi hugleikit konur at eiga. Jarl þakkaði Hrólfi mikiliga, ok bað hann hafa svá mikit lið, sem hann vildi, en Hrólfr segist engan mann vildi, því minni vari verðr tekinn einum enn mörgum, hvar sem þeir koma. Stefnir bauðst at fara með honum, en Hrólfr vildi (eigi, ok) var nú slitit þinginu; fór Hrólfr heim í kastala sinn, ok hverr til síns heimilis.

12. Innan lítills tíma hvarf Hrólfr í brutt [úr kastalanum¹, svá engi frétti til hans, en menn hans voru þar eptir; hann var í kápunum Vefreyjunaut, en gekk við spjótið Atlánaut; hann hafði boga ok örvamæli á herðum sér. Ekki er sagt frá, hverja leið Hrólfr fór, en svá sem hann hafði mjök sólt úr Danmörk, var þat einn dag, at hann sá, hvar einn maðr gekk, hann var mikill vexti ok herklæddr til handa ok fóta, hann hafði brugðit sverð í hendi, ok gekk á veginn

¹) af Jólendi, B.

Hrólf; en hann heilsaði þessum manni, ok spurði hann at nafni, hann segir: ek heiti Vilhjálmr, en forellri mitt hirði ek ekki at greina þér, en um tvo hluti skaltu kjósa: sá er annar, at þú segir mér, hvern þú ert, eðr hvert þú vilt fara, eðr hvat í erindum er; hinn annar, at ek drep þik, ok ferr þú þá ekki lengra! Hrólf segir: aungva afarkosti þarftu mér at gera, því mitt er ekki óvænna enn þitt, hvat sem við skulum reyna. Vilhjálmr hjó til Hrólfs með sverðinu, en hann brá fyrir spjótinu, ok beit ekki á. Hrólf kastar spjótinu, ok ræðr á Vilhjálm, en hann tók á móti, ok varð glíma þeirra laung, áðr Vilhjálmr föll. Hrólf mælti: nú á ek alls kosti við þik, muntu segja verða, hvert þitt erindi er, eðr hvar þú ert landvanr. Hann segir: hér er ek ættaðr í Danmörk, er ek bóndason einn, en ætlaða at fara í Garðaríki ok rjúfa haug Hreggviðar konúngs, en ná vopnum hans, vinna svá til Gyðu, systur Eireks konúngs; nú vil ek gjörast þinn þjónustumaðr, er mér mart vel gefit, því ek er bæði vitr ok tölugr, er þér bezt at gefa mér líf; skal ek þér trúliga þjóna, mun þér at mér gagn verða. Hrólf segir: vænn maðr ertu, ok víst hirði ek eigi at drepa þik, ef þú vilt mér fylgja, en eigi hefir þú tryggilig augu; lét Hrólf hann þá uppstanda, ok segir honum allan sinn trúnað ok tilgáng sinna ferða; fóru þeir nú

leiðar sinnar. Hestr Vilhjálms var þaðan skamt í burt frá honum, þoldi hann ekki at gánga með vopnunum, var hann skrautmenni mikit at klæðum ok söðulreiði; segir Vilhjálmr jafnan veg, meðan þeir fóru um Danmörk.

13. Einn dag litu þeir bæ mikin reisiligan fyrir sér. Vilhjálmr mælti: hér fáum við góða gisting í kveld at bæ þessum, því hér á fyrir at ráða frændi minn, er Ölver heitir, ok er góðr bóndi, ok heldr marga sveina; ok er þeir komu heim at bænum, gekk bóndi í móti þeim, ok fagnaði vel Vilhjálmi ok þeim báðum, ok spurði, hvern sá væri enn mikli maðr. Vilhjálmr segir: Hrólfr heitir hann, ok er búsbóndi minn, mikill er hann ok sterkr, vel ættaðr ok mikill kappi. Bóndi bauð þeim til drykkju; þar var mart frelsingja. Vilhjálmr vildi ekki öðrum tilhlíta enu sér, at þjóna Hrólfi, ok lofaði hann í hverju orði. Þar var gott öl, ok gleði mikil. Nú leið svá kveldit, drukku þeir lengi áfram, en er Hrólfr gerðist drukkinn, vildi hann fara at sofa, var honum búin sæng virðulig; kastaði hann klæðum af sér, ok lagðist í sængina, ok sofnaði skjótt; en er liðin var nóttin, vaknaði Hrólfr, ok eigi við góðan draum, því hann var bundinn at höndum ok fótum, ok reyrðr sterkliga við einn ás; hann var klæðlaus ok kominn fram at miklu báli; þar stóð yfir honum Vilhjálmr, sveinn hans, bóndi ok allir heimamenn; Vilhjálmr mælti: nú er svá orðit,

Hrólfr! at ek er orðinn þér yfir sterkari, ok mundir þú eigi þat sætla fyrir stundu, eru nú enn tveir kostir fyrir höndum: er sá annar, at þú skalt verða brendr hér á báli þessu, svá aldri skaltu sól sjá, elligar skaltu fylgja mér í Garðaríki ok þjóna mér í öllum hlutum, ok kalla mik þinn meistara, ok allt þat sanna, er ek segi frá mínum högum; þú skalt allar þrautir vinna, þær sem fyrir mik verða lagðar, þar til er konúngr játar mér Gyðu, systur sinni, til eiginorðs, en síðan skaltu laus vera úr minni þjónustu; aldri skaltu mér þessa vanvirðing hefna ok aungum þeim manni, er hér hefir at verit, ok hér skaltu eið at vinna, at halda þetta allt, er nú hefi ek fyrir skilit, eðr nú í stað í eldinum brenna. Þá sagði Hrólfr: með því at mér er nokkut til undanlausnar, at komast úr þinni áþjá, þá mun ek heldr þessu játa, enn missa lífit, þvíat þat veit ek, at lítt náði ek jarlsins erindi, ef ek dey nú hér; vil ek ok þat tilskilja, at þú segir ekki mína fyrirætlu, eðr hvat manna ek er, ella sè laus allr okkar skilnaðr. Vilhjálmr sagði svá gera skyldu; var Hrólfr nú leyst, ok sór hann eið, eptir því sem þá var siðvenja til; þjónar Hrólfr nú Vilhjálm, ok lét sem honum þætti einkis umvert, fóru þeir frá Ölvi, ok reið Vilhjálmr, en Hrólfr gekk fyrir hesti hans. Þeir fóru um Svíþjóð, ok þaðan til Garðaríkis. Ekki er þat greint, hverja leið þeir

fóru, fyrr enn þeir komu til Aldeigjuborgar; sat Eirekr konúgr í borginni, ok var þetta á öndverðum vetri; fengu þeir sér herbergi, ok gengu síðan fyrir konúng.

14. Þat var um þann tíma, er konúgr sat yfir borðum; þeir kvöddu konúnginn, en þann tók vel kveðju þeirra, ok spurði, hvat manna þeir væri. Vilhjálmr segir: ek heiti Vilhjálmr, en þetta er sveinn minn, er með mér ferr, ok heitir Hrólfr, ek er son jarls eins úr Fríslandi, ok varð ek þaðan landflótti, því ríkit var svíkit undan mér af sjálfum landsmönnum; er ek hér því kominn, at ek hefí spurt til yðvarrar rausnar ok mikilmensku, ok vilda ek hér þiggja vetrvist í vetr. Konúgr segir: eigi spari ek mat við yðr, ok muntu vera íþróttamaðr mikill? Vilhjálmr segir: nógar kann ek íþróttir, ok sú hin fyrsta, at ek er svá sterkr, at mér verðr aldri affátt; önnur er sú, at ek hefí fráleik yfir öll dýr ok fersætt kvikindi. Þjóflig íþrótt, segir konúgr, ok kemr þó opt at gagni. Vilhjálmr mælti: eigi vantar mik skotfimi ok vopnfimi, sund eðr tafl ok burtreiðir, vizku ok málsnild, ok öngva missi ek þá, er karlmann má prýða. Heyri ek, segir konúgr, at eigi vantar þik skörugleik¹; tel nú þínar listir, Hrólfr! því honum treysti ek ekki verr en þer. Hrólfr segir: eigi má ek þær telja, herra! sem aungvar eru til. Mjök er þá misskipt með ykk, segir konúgr, at annar hefír allar, en annar

¹) *úgizlað*; skiolugleich, A.

aungvar, en gáangið til sætis á enn óæðra bekk miðjan. Þú munið ráða, herra! segir Vilhjálmr, en aldri hafði ek jafn óvirðuligan sess fyrri; gengu þeir síðan til sætis. Ekki voru þeir Sörkvir ok Brynjólfr heima í þenna tíma, voru þeir farnir með Grími ægi uppí Jötunheima. Þeir Vilhjálmr ok Hrólfr voru þar í góðu yfirlæti; skjalaði Vilhjálmr í hvern heim, en Hrólfr var jafnan hljóðr ok þögull, ok ekki at leikum með öðrum mönnum; dró Vilhjálmr mjök undan sínar íþróttir; en konúgr var veiðimaðr mikill, ok þótti þat skemtan at jaga dýr með hirð sinni; var hann jafnan í kyrrsæti, síðan hann kom í Garðaríki, því flestir voru ófúsir at herja á hans ríki, sakir kappa þeirra er með honum voru, einkanliga sakir galdra ok fjölkýngi Gríms ægis.

15. Kirekr konúgr fór á skóg einn dag með hirð sína, sem vandi hans var til, at jaga dýr ok skjóta fugla. Þeir sáu hjört einn mikinn ok fríðan; ekki þóttust menn hafa sæð vænna dýr, þótti flestum, sem þat mundi alidýr, þvíat öll hans horn voru grafin ok gulli ísmelt; skurðina, en stíka var sett á milli hornanna með silfri, léku þar á tveir gullhringar; um hálsinn lá ein silfrfesti, ok niðr af henni ein bjalla með silfr, ok gaf hún mikit hljóð af sér, þegar hjörtrin hljóp, ok hrærði sik. Konúgr vildi ná

1) rent í, B.

hirtinum, ok það lausum slá öllum hundum, ok svá var gert; hlupu menn nú, ok riðu, hverr sem mest gat, ok vildu taka hjörtinn, en hann ætist mjök undan hundunum, ok komast þeir hvergi nærri; eltu þeir hann allan daginn, en um kveldit, er dimmaði, vissu þeir eigi, hvat af honum varð; fór svá þrjá daga, at þeir fundu hjörtinn, ok gátu eigi náð honum, en um kveldit, er konúngr kom undir drykkju-borð, ok menn hans voru komnir í sæti, þá mælti hann: lítit þiki mér þú, Vilhjálmr! sýna oss íþróttir þínar, því þú ert at öngri gleði né skemtan með öðrum mönnum, ok eigi ferr þú á skóg með oss. Vilhjálmr segir: litil gleði verðr mér þat, herra! at reyna íþróttir við menn yðra, því ek sá hér aungvan kunna neinar íþróttir; lét ek ok jafnan fá mér villibráð aðra menn, þá ek sat heima í ríki mínu. Konúngr mælti: ver höfum elt hjört einn þrjá daga, ok kunnum ver eigi ná honum, en ef þú náir hirtinum, ok færir oss hann lifanda með öllum sínum búnaði, þá vil ek gefa þér Gyðu, systur mína, ok mikit ríki, með því ek hefi aungan þann hlut seð, at ek vildi gjarnari eiga; máttu þetta vel gera, ef þú ert svá fót-hvatr, sem þú hefir sagt; þó skaltu vinna tvo hluti aðra, þá sem ek legg fyrir yðr, skal ek þinn heiðr þá auka í öllum hlutum, ok vinna ríki þitt aprt með mínum styrk, þat er þú hefir áðr mist; ok er sá nokkur annar af mínum mönn-

um, at þetta fái gert, þá skal hann jafnt verk-
kaup fyrir taka. Þá sagði Vilhjálmr: Þat er
bæði, herra! at þetta fær enginn gert utan ek,
enda hafið þér mér þetta ætlat, skal ek ok til-
vinna, eðr liggja dauðr ella; áttu þeir at þessu
handfestar, sem siðr var til. Hrólfr gaf sik ekki
at þessu, fóru menn síðan til svefns, ok tóku
á sik náðir; þjónaði Hrólfr Vilhjálmi at öllu, sem
fyr var sagt. Snemma um morgin stóðu þeir
upp Vilhjálmr ok Hrólfr, ok bjuggust at leita
eptir hirtinum. Þeir fóru á skóginn, ok sáu
skjótt, hvar hjörtrinn fór. Vilhjálmr hefr sik
nú til hlaups, ok ferr svá hart sem fugl flýgi;
hjörtrinn æsist því meir; Hrólfr þrammar eptir
Vilhjálmi, ok þótti honum Vilhjálmr fráfr í
fyrsta skeiði, hlaupa þeir svá lengi, at Hrólfr
er jafnan á öðru leiti, en Vilhjálmr framar, þar
til er hann kastaði sér niðr, ok mælti: aldri
verði sá heill, er þat vinnr til konu, fjár eðr
ríkis, at sprengja sik á hlaupi. Í þessu kom
Hrólfr at Vilhjálmi, ok spurði, því hann lėti
dýrit undan gánga. Vilhjálmr sagði: vel má
ek hlaupa lengra, ef ek vil, en mér þikir þú
skyldr at taka dýrit, ok vinna allar þrautir fyr-
ir mik eptir skildögum, ef þú ert maðr til.
Hrólfr svaraði aungu, ok hleypr fram eptir dýr-
inu, ok eltir þat lengi, þar til er saman dregr
með þeim, því hjörtrinn gerðist móðr mjök;
þeir komu fram í eitt rjóðr um síðir; var þá

dagr áliðinn; í miðju rjóðrinu stóð hóll einn; hann var bæði víðr ok hár; rjóðrit var fagrt ok mjök grasloðit víða; en er Hrólfr kemr fram hjá hólnum, þá opnast hann, ok gengr hann þar um kríngum hann. Þar kom út kona, ok var í blám týglamötli, ok heldr [á-eldi^r, ok mælti: sllt hefir þú at verki, Hrólfr! er þú ert þræll þrælsins, ok þó til þess at stela annarra manna fè, þvíat ek á dýr þetta, er þú vilt taka, ok náir þú því aldri, nema ek vill; nú skal gera þér kost á, at ná dýrinu, þú skalt ganga inní hólinn með mér, ek á dóttur eina, ok er henni þat skapat, at komast eigi frá eldi sínu, því hún ætti, nema menskr maðr hefði hendr á henni, hefir hún nú legit 19 dægr á gólfi, ok má eigi létтари verða, hefi ek því hjörtinn sent í augsyn við yðr, at ek vissa, at þér mundið vilja ná honum, ok elta hann hingat; treysti ek þér at þú hafir bezt hjarta til at ganga í hólinn með mér, en ekki mun konúngr hjartarins njóta, þó hann sè færðr honum. Hrólfr segir: til mun ek þat vinna, at ganga inní hólinn með þér, ef ek nái hirtinum, at færa konungi, en eigi hirði ek, hvat af honum verðr síðan. Álfkonan varð nú glöð við þetta, ok gengu þau inní hólinn, voru þar væn herbergi, ok fagrt um at litast, ok margir hlutir sýndist honum þar undarligir. Hann kom þar at, er konan lá, ok var hún lítt haldin, en þegar

¹⁾ við aldr B, C.

Hrólfur fór höndum um hana, varð hún skjótt léttari; þökkuðu þær honum með fögrum orðum, ok báðu honum virta. Álfkonan mælti: eigi verður þær launat, sem verðugt er, heilsugjöf við dóttur mína; en hær er síngrgull, er ek vil gefa þær, þess muntu þurfa, þá þú ferr til Hreggviðar haugs; en ef þú hefir þat á hendi þær, þá máttu hvárki villast nótt nè dag, á sjá ok landi, í hverju myrkri sem þú ert, ok yfir muntu vinna þrautir allar þær, er fyrir þik eru lagðar, en ekki skaltu trúa Vilhjálmi, þaðan af þú ert fráskildr honum; því gjarna vill hann þik feigan. Hrólfur þakkaði henni, ok gengu (þau) út úr hólum, tók hún þá hjörtinn, en Hrólfur lagði hann á bak sér, ok þótti mikils um verð fegurð hans; það nú hvert vel fyrir öðru; ferr hann nú heimleidis, þar til hann fann Vilhjálmi, ok fagnaði hann vel Hrólfi, ok það hann bera hjörtinn heim til borgarhlíðs. Hrólfur gerði svá, en ekki segir hann Vilhjálmi, hversu hann hafi dýrinu náð; komu þeir til borgarinnar seint um kveldit, þá konúgr var undir borð kominn. Vilhjálmi mælti: nú skulum við fara inni höllina, en ek skal bera dýrit fyrir konúnginn, en þú skalt sanna sögu mína, svá konúgr trúi því er ek segi; tók Vilhjálmi við dýrinu, ok lét á bak sér, ok viknaði í hnæsbotum, ok þó fékk hann borit dýrit inni höllina fyrir konúnginn, ok kastaði niðr á gólfitt; hann blés mjök mæðiliga, ok mælti: nú þikjumst ek kom-

inn til ráðahagar við systur þína, ok er nú kominn hér hjörtrinn, ok munu þeir ekki mærgir bjóðast yðr til mága, er slíku geta orkat sem ek. Konúngr segir: þat virðist mēr i skapi, at eigi hafir þú hjörtinn unnit, ok vinna skaltu fleiri frægðarverkin, áðr þú fær hennar. Eigi þurfið þer at misgruna mína frægð, þvíat afburð hefi ek flestum mönnum; veit þat Hrólfr, sveinn minn, at fjarlæggr var hann mēr, þá ek tók hjörtinn. Hrólfr sagði: bæði er, at ek var Vilhjálmi gagnlaus, enda tók (hann) sēr í aungu at hlífa. Vilhjálmr segir: því vil ek einn tilvinna, at ek vil einn taka verkkaupit, eðr hvat villð þer fleira fyrir mik leggja, því ek (er) búinn til at vinna. Konúngr segir: nú skaltu fara til Hreggviðar haugs, ok sækja þángat vopn Hreggviðar konúngs, ok er þat lítil mannaun; Vilhjálmr segir: nú villð þer mik feigan, því enginn hefir sá aptrkomit, er þángat hefir farit hér til. Víst vil ek, segir konúngr, at þú komir aptr, en sannindi eru þat, at enginn hefir aptr komit, er ek hefi þángat sent; er mēr mikill aptrmundr at gripum þeim, er í hauginn fóru, skal ok sá einn fá systur minnar, sem frægri er enn aðrir menn. Vilhjálmr segir: gera mun ek þetta; því mēr þikir þetta þrautlaust, at ræna dauða menn ok vinna þat til meyjrar. Gekk Vilhjálmr nú til sætis síns, ok skildu at svá mæltu.

16. Eptir fá daga var þat eina nótt, at Hrólfr tók á fótum Vilhjálms, ok mælti: mál er at vinna til meyjarinnar, ok fara til haugsins. Vilhjálmr stóð upp skjótt, ok var Hrólfr þá klæddr ok kominn í Vefreyjunaut, ok hafði spjótit Atlanaut, en Vilhjálmr alvæpni; hann reið, en Hrólfr gekk fyrir hesti hans; fóru þeir svá, þar til skógr varð fyrir þeim; ok einn forntróðinn götustigr; en er þeir höfðu skamt farit, þá laust veðr móti þeim svá mikit með fjúki ok frosti, at Vilhjálmr fèkk eigi á baki setit, leiddi Hrólfr þá hestinn, en Vilhjálmr gekk eptir um stund, þar til at hríðin tók svá at gerast sterk, at hestrinn fèkk ekki gengit, ok dró Hrólfr hann flatan eptir sèr, en studdi sik við spjótit; varð honum þá litit aptr, ok sá, at Vilhjálmr var horfinn, en hestrinn laungu dauðr; skildi hann þar við hestinn, en gekk fram á leiðina. Hríðin var svá sterk, at eikrnar brotnuðu af stofnunum, ok komu hvar fjarri niðr, fèkk Hrólfr þaraf optliga stór högg, svá þat hefði bana unnit flestum mönnum, þar með eldíngr ok reiðarþrumur, svá hann hugði þat sinn bana orðit hafa, ef eigi hefði kápan hlíft honum; var svá alla nóttina framan til dags. Í móti degi varp mikilli fýlu móti honum, at hann hefði kafnat, ef kápugríman hefði eigi hlíft honum. Þat þóttist Hrólfr skilja, at hríðin mundi hafa drepit sendimenn konúngs, ok þetta mundi gerníngahríð vera; þóttist hann

ok aldri í þvílka raun komit hafa; en er mjök var ljóst af degi, þá tók upp hríðina, ok gerðilogn, hvarf þá burt fylan; sá Hrólfr þá haug mikinn sem fjall, ok hár stauragarðr um kring; hann tók hendinni um einn staurinn, ok varpar sér inn yfir; gekk síðan uppá hauginn, ok sýndist honum hann mjök torvelligr at rjúfa; en er hann litast um, sér hann mann einn norðan undir hauginum stóran vexti með konungs skrudá. Hrólfr gekk til hans, ok kvaddi hann konungs kveðju, ok spyrr hann at nafni. Hann segir: ek er Hreggviðr, ok ek byggi haug þenna með köppum mínum, ok ertu hér velkominn, en þat skaltu vita, Hrólfr! at ek veld eigi hriðum þessum, ok fylum eðr öðrum undrum, ok eigi hefi ek mennu drepit; valda þeir þessu öllu Sörkvir ok Grímr ægir, ok þeir hafa valdit lífláti konungsmanna, en þó brestr þeim stundum vísdómrinn, þá er þeim liggr mest við, ok ef þeir vissi, at þú værir hér, þá vildi þeir þik feigan. Ek fór í svölulíki til Þorgnýs jarls með hár Íngigerðar, dóttur minnar, því ek vissi at þú mundir eptirleita af jarlsmönnum, ok þú einn vart maðr til at frelsa hana, ef lukkan fylgði, ann ek þær bezt hennar at njóta, ef þú vilt ríða burt við Sörkvi, þvíat þik vantar hværki hug nè hreysti, en þat hefir Grímr ægir játat honum, at enginn skyldi hann yfirvinna, nema (sá) er hefði herklæði mín; er því haugrinn óvinnanligr gerr, ok því

eru torfærur til hans, at hann hugði at enginn skyldi herklæðunum ná mega; nú skal ek fá þér alla þá hluti úr haugnum, er þú vilt hafa, ek vil fá þér tvenn herklæði, ok hvorr öðrum lík, utan at kostum eru þau ólík; þau skaltu fá konungi, er verri eru, en önnur skaltu ekki sjá láta, fyrr enn þú þarft við at hafa, ok á sverðinu skaltu mikla vandvirkt hafa, því fásæð er annat slíkt; Íngigerðr, dóttir mín, geymir öll burtreiðarvopn mín ok hestinn Dúlcefal, sem ólíkr er flestum öðrum fyrir margra hluta sakir; honum skaltu ríða, þá þú átt við Sörkvi, ok er þér sigrinn vís, ef hann lætr takast; burstaungin ok skjöldrinn munu ok halda sinni náttúru; Vilhjálmi skaltu ok ekki trúa, þaðan af þú ert úr hans þjónustu, því hatin svíkr þik, ef hann getr; muntu halda vilja eiða þína, en betr (er) hann af dögum ráðinn fyrr enn síðar, því hann mun þik hætta hafa. Eptir þat fékk Hreggviðr Hrólfi gripuna ok vopnin, ok síðast menit af hálsi sèr; þá mælti Hreggviðr: þat hefir mér skapat verit, at ek skal mega fara þrjá tíma úr haugi mínum, ok þarf eigi aptr at byrgjast utan í síðasta sinn; nú mun þér ekki sveigra verða, er þú ferr heim aptr; nú far þú vel, ok gangi þér allt eptir vild ok vilja! en ef þú kemr aptr í Garðaríki, þá vitja mín, ef þú þarft lítils við; hvarf Hreggviðr nú inní hauginn, en Hrólfr tók gripuna, ok varðveitti, fór síðan frá haugnum aptr enu sömu

leið, ok varð nú við engin undr var; ok er hann kom úr skóginum, kom Vilhjálmr þá móti honum, hafði hann skriðit undir viðarrætr, ok legit þar um alla hróðina, fèkk hann varla talat fyrir kulda, flaðraði hann þá mjök át Hrólfi, ok mælti: aldri þiki mér ofsögum mega segja af þinni frægð ok gíptu þeirri, er okkr fylgir, þar sem nú er brotinn haugrinn, ok sótt gull ok dýrgripir, sè ek nú þat at okkr má enginn hlutr fyrir standa, en þó var þetta mikit veðr, svá varla gat ek stýrt mér, þikist ek nú kominn til ráðahags við systur konúngs; skaltu nú fá mér gripuna ok vopnin, því ek vil sjálfr afhenda þá konúngi. Hrólfr mælti: lítit viltu vinna til frægðarinnar, ok illa muntu mér launa, þó ek leggi líf mitt í hættu fyrir þik; tak nú við gripunum, ok fær konúngi, en ek mun halda öll mín orð við þik, ok sanna sögu þína, þóttu sèrt ómakligr. Hrólfr hafði fólgt hin vopnin í skóginum, ok sá Vilhjálmr ekki þau; fóru þeir nú leið sína, til þess er þeir hittu konúnginn; sat hann undir drykkjuborðum at kveldmáltíð. Vilhjálmr kvaddi konúnginn, ok lét mjök mæðiliga; allir menn í höllinni urðu ókveða við þeirra aptrkvomu. Vilhjálmr mælti: víst trúi ek varla, at meiri þraut vera muni með öllu saman, þvíat Hreggviðr¹ er it mesta tröllumenni sakir sinnar fjólkingi, en haugrinn torsóttligr at brjóta; heli

¹) hér endar fyrsta brot af B.

ek átt við Hreggvið konúng í alla nótt, þkom ek þar í mikla mannraun, áðr ek náði herklæðunum, tók hann þá sverðit ok menit, lagði á borð fyrir konúnginn. Þá mælti konúngur: sóttir eru víst gripirnir, ok þiki mér nú allir verri enn fyrr, utan menit, þat er óspilt, en þat hygg ek at Hrólfr hafi sótt, en eigi þú. Hrólfr segir: þat segi ek yðr, at ek fór eigi í hauginn, ok megið þer þat til líkinda ráða, at eigi mundi ek móti mæla, at fá slíkar sæmdir eðr aðrar, ef ek ætti þess kost. Vilhjálmr mælti: undrar mik þat, herra! at þer grunið sögu mína eða frægð ok hreysti minnar karlmensku, má hér skjótt raun til gera, at við Hrólfr reynum með okkr, ok mun hann mér fjarlæggr standa, því þat er fyrst at hann þorir eigi mannsblóð at sjá, ok þá ek fór í Hreggviðar haug, skyldi hann festi haldit hafa, ok þá hann heyrði dunn ok stór högg í hauginn, varð hann svá hræddr, at hann rann frá festinni, var þat eitt þá mín hjálp, at ek hafði borit festarendann um stóran stein, ok las ek mík upp úr hauginum með handafli. Konúngur svarar: vel trúi ek, Hrólfr! orðum hans, en eigi mundi gripirnir hér komnir, ef þeir hefði eigi í hauginn sóttir verit; lætr nú konúngur geyma vopnin mjök vandliga, ok hugði, at eigi skyldi Sörkvi at meini verða. Svá er sagt, at eina nótt hvarf hjörtrinn burt, svá þeir urðu eigi

varir við, er geyma skyldu; þótti konungi þat mestr skaði, var hans leitast nær ok fjarri, faanst hann eigi; þóttist Hrólfr vita, at álfkonan mundi hafa sótt hann. Vilhjálfr lét nú vel yfir sèr, ok gekk jafnan til tals við konúngssystur, ok fóru vel ræður með þeim; sparði hann ekki at skjala mart af sèr um alla hluti, leið nú svá vetrinn fram um jól, at ekki bar til tðinda.

17. Menelaus er konúgr nefndr, hann ræð fyrir Tattararíki; hann var ríkr konúgr, ok mikill fyrir sèr. Tattararíki er eítt kallat mest ok gullauðgast í Austrríki, þar eru menn stórir ok sterkir ok harðir til bardaga. Undir Menelaus konúng lágu margir konúngar ok mikilsháttar menn. Svá er sagt, at milli Garðaríkis ok Tattararíkis liggir ey ein, er Hèðinsey heitir, hún er eítt jarlsríki; þat er fróðra manna sögn, at Hèðin konúgr Hjarandason tæki fyrst land við þá ey, er hann sigldi til Danmerkr af Indíalandi¹, ok þaþan tók eyin af honum nafn síðan. Um þessa ey stríddi jafnan Tattarakonúgr ok Garðakonúgr, ok þó lá hún undir Tattarakrúnu. Eirekr konúgr hafði herjat um ey þessa, áðr hann kom í Garðaríki, ok gert þar mikit hervirki. Menelaus konúgr hafði sett þann mann yfir eyna, er Sóti hèt; hann var þar ættaðr at móðurkyni, en föðurkyni

¹) eptir tilvísan Gúndlar, sem segir í Hèðninga vígum, b. v. C.

í Hólmgarðarfi¹. Sóti var þá eigi í landi, er Eirekr konúgr kom þar; hann var hit mesta tröllmenni fyrir sakir afis ok vaxtar; yfirlitr hans var eptir nafni (hans), hann herjaði víða, ok hafði jafnan sigr. Sóti átti fóstru gamla ok fjölkanniga, hún hafði gert honum laug, þá er hann bitu eigi járn síðan; gekk hann því hlífjarlaus í orrostum; hún hafði ok sagt honum, at á þessu hausti væri honum vænst til hefnda við Eirek konúg, ok nú væri augvir kappar hans heima í landinu. En er Sóti vissi þat, fór hann til Menelauss konúgs, ok fékk mikinn styrk af honum, hêlt síðan til Garðaríkis; hann hafði margar þúsundir hermanna. Sá maðr var með Sóta, er Norðri hét; hann var mikill ok sterkr, ok bar jafnan merki hans, ok var hinn mesti kappi. En er Eirekr konúgr frétti, at Sóti var við land kominn með mikinn her, lætr hann herör uppskera á allavæga frá sér, ok bauð til sín koma hverjum, er mætti, ok safnaðist til hans mikit fjölmenni². Eirekr konúgr kallaði Vilhjálmi til sín, ok mælti: nú hefir þú unnit tvo hluti, er ek hefi fyrir þik lagt, ok veit ek eigi, hvert þú hefir þat gert; nú skaltu vinna hinn þriðja hlut, svá ek sé nær staddr, at drepa Sóta berserk, mun ek þá eigi í móti mæla, at þú eigir systur mína, ef þú vinnr þetta vel af hendi, skal ek þá halda all-

¹) Hólmgarði, C. ²) Hélt hann móti Sóta, þegar herinn var búinn; var honum mikit sagt af Sóta ok hans fjölmenni, b. v. C.

an skildaga við þik, sem við höfum áðr talat. Vilhjálmr segir: þess er ek búinn, at gánga í móti Sóta, þiki mér nú gott, at þér megið nú sjá, hverr afreksmaðr ek er; ok skulið þér velja mér öll hin beztu vopn, ok sterkasta hest, sem þér eigið; þvíat ek mun mjök reyna hans, áðr þessi orrosta lýkst; var svá gert, sem Vilhjálmr hað. Hrólfr fór með honum, ok gekk eptir vanda sínum, fór konúgr með herinn, til þess er hann fann Sóta, voru þar sléttir vellir, ok þykkir skógr öðrum megin; bjuggust nú hváirtveggju til orrostu, ok var þar mikill her samankominn, var þar lúðragánger mikill, ok sigu saman fylkingar, ok æptu hvárttveggi heróp.

18. Eirekr konúgr var þá í miðju brjósti fylkingar sinnar, ok gekk þar vel fram í öndverðri orrostunni. Sóta fylkti ok móti honum, varð þar hin harðasta orrosta, ok gengu hváirtveggju vel fram; en þegar orrostan tókst, reð Vilhjálmr utí skóginn í rjóðr eitt. Hrólfr mælti: nú er þér, Vilhjálmr! at ríða fram, ok vinna til meyjarinnar, ok drepa Sóta. Vilhjálmr segir: verði mér þat til konu ok ríkis, sem auðit verðr, en þat vinn ek¹ til aungra hluta, at voga mínu lífi í slíka orrostu, eðr hvat skal mér júngfrú eðr ríki, ef ek missi lífit; er þér miklu nær at frelsa mik úr ánauð ok þrældómi; tak nú vopn mín ok hest, ríð fram,

¹) hér vantar blað í C.

ok drep Sóta, ella muntu mér þjóna verða um þína daga. Hrólfr tók þá hestinn ok vopnin Vilhjálms, ok reið til bardagans; orrostan var mjök mannskæð, ok hallaðist mjök á Eirek konúng, þvíat þeir Tattararnir gengu hart fram. Sóti ok Norðri ruddust um fast, ok hrökk undan allt; Sóti hafði atger at vega með, ok gerði ýmist, hann hjó eðr lagði. Norðri hafði sverð gott, ok gekk hart fram. Eirekr konúngr hafði sótt með miklu kappi í miðjan her Sóta, þar til er Norðri kom móti honum, ok margir Tattarar. Þeir sóttu fast at konúngi, féll þá mjök lið hans, svá hann var nauðliga staddr milli sinna óvina. Hrólfr reið nú fram með vopnum Vilhjálms svá hart, at fylking Sóta hrökk fyrir honum, hjó ok lagði til beggja handa, ok feldi margan mann, þar til hann kom móti Eireki konúngi. Hrólfr drap þar meir enn 30 manna. En er Sóti sèr þat, eirir honum stórilla, ok snèri þángat, sem Hrólfr var, ok lagði til hans með atgernum, hann kom skildi fyrir sik, ok lagði í móti fyrir brjóst Sóta, ok beit ekki á, en brotnaði spjótit í falnum; Sóti hjó tveim höndum til Hrólfs, höggit kom á miðjan skjöldinn, ok þar í sundr, ok hestinn fyrir framan boguna, svá í jörðu nam staðar; var Hrólfr þá á fæti mjök móðr, þvíat hann hafði ákafliga barizt áðr um daginn. Eirekr konúngr barðist við Norðra, var þeirra atgánger harðr. Hrólfr hjó

Þá höfuð af hesti Sóta; voru þeir þá báðir gángandi. Sóti hjó til Hrólfs, en hann veik sér undan, ok sökk atgerinn í jörðina allt upp at höndum honum. Hrólfr hjó með báðum höndum á öxl Sóta, svá sverðit gekk sundr fyrir framan hjóltinn. Hrólfr varð reiðr mjök, ok hljóp at Sóta, ok setti gaddhjaltit í höfuð honum, svá stóð í heilanum, en við því gat hann eigi gert; fèll Sóti þar til jarðar, ok var þegar dauðr. Eirekr konúngr hafði þá drepit Norðra, brast þá flótti í liði Tattara, ok rann hverr til, sem mest mátti. Eirekr konúngr rak flóttann ok hans menn, ok drápu hvern, er þeir náðu, fengu þeir þar mikit herfáng í gulli ok silfri, vopnum, klæðum ok öðrum dýrgrípum. Hrólfr vildi eigi reka flóttann, tók hann sér hest, ok hljóp á bak, ok reið útí skóginn til Vilhjálms, ok segir honum, hversu farit hafi, bað Hrólfr hann taka hest þenna ok vopn sín: lát nú at öllu hróstliga, ok flýt nú brullaupsgerðinni! Vilhjálmr mælti: vel höfum við framgengit, ok er mikils vert um ráð mín ok vitsmuni, hversu mikit ek get til leiðar komit, ok mun ek frægðarmaðr verða. Hrólfr brosti at orðum hans, ok sagði, at honum þótti hann lítit gott vinna til frægðarinnar. Vilhjálmr stígr nú á hestinn, ok ríðr með öllum sínum herklæðum til Gyðu konúngssystur, ok segir mikit af sinni framgöngu ok hreystiverkum. Eirekr konúngr var þá heim kominn ok genginn til drykkju í

höll sína; Vilhjálmr gekk fyrir konúng, ok kvaddi hann, ok mælti: nærri var yðr nú farit í dag, herra! áðr ek hjálpaði yðr, þurfi þèr nú eigi at geta til, hverr ek er, eðr hvat ek fæ gert, því mèr er ekki ómáttugt. Konúngr segir, þat hygg ek, Vilhjálmr! at þín væri vopnin ok herklæðin, en Hrólfs hendrnar. Hrólfr segir: þat hygg ek, at gjarna vildi ek eiga systur þína, ok mega kenna mèr at réttu hreystiverk Vilhjálms, en þat kemr mèr skamt fram, at ljúga þeim sæmdum á mik, er ek vinn ekki til, ok ek er eigi tilborinn. Vilhjálmr mælti: undarligt mun þat þikja, herra! þeim mönnum, sem til spyrja, at þèr villð mína frægð ok hreystiverk fordjarfa, eðr þikir yðr meiri sæmdarauki, at einn drengr af kotkarlaett hafi unnit þetta ok eignizt systur yðra, slíkr sem Hrólfr er, því ósýniligr mun hann þikja til góðs höfðingja, fólki at ráða eðr fremd at vinna; en ek er jarl at nafnbót ok jarls son, kominn af sjálfri konúngaættinni, frðr ásýndar ok fullhugi hinm mesti, ok at öllum hlutum ágætr, þat er tignum mönnum berr at hafa. Nú ef þèr villð eigi festar eðr brullaupsgerð fram láta eptir skildögum, skal ek í burtu verða ok bera þinn vanheiðr á hvert land, at þèr hafið nðzt á mèr, ok rofit orð yðr ok trú; var þat talat í mínu landi, at hver konúngsdóttir væri fullsæmd af mínu gjaforði. Eirekr konúngr mælti: eigi skal þat

fréttast, at ek nðist á þér, ok mun ek halda allan minn skildaga, en þat undra ek, at Hrólfr gengr aldri úr hug mèr, um meðferð ok athæfi ykkart, þvíat eigi þiki mèr þat at tilskipuðu vera. Skildu þeir nú talit, en konúngr lét nú við brullaupi búast, ok var þar sótt veizla virðulig; at þeirri veizlu gekk Vilhjámur at eiga Gyðu, systur Eireks konúngs, ok hafði hún þar engin mótmæli; fékk Vilhjálmur þá marga menn til þjónustu, ok lét hann nú mikit yfir sér.

19. Þat var einn morgun snemma, at Hrólfr gekk í skemmu þá, er Vilhjálmur svaf í, gekk at sænginni, ok mælti: nú er svá komit, Vilhjálmur! at þú ert orðinn konúngs mágr, en ek hefi þjónat þér allan tíma, segi ek þér nú upp mína þjónustu ok lausan allan okkarn skilmála, máttu nú vel láta líka þér, at við skiljuma svá búnir, virði ek meir til þess drengskap minn, en þína tilgerð; gekk Hrólfr síðan burt, en Vilhjálmur varð mjök hvimsa við. Gyða spyrr, því Hrólfr færi burt svá skjótt, eða fyrir hverja sök hann færi þvílíkum orðum um? Vilhjálmur segir: þat er hans náttúra, at hann vill hvergi vera í sama stað meir enn mánuð eðr tvo, ef hann ræði, en ek hefi lengi haldit honum hræddum; nú er þat til þrautar, at sá hefir verr, er hans þjónustu hefir, því honum er allt illa gefit, er hann bæði þjófr ok^r illmenni, en eigi veit ek, hvært ek nenni at láta drepa hann hær í ókunnu

¹⁾ hær byrjar opt^r C.

landi, en þó mun hann skjótt birta, hvern maðr hann er, ok mun hann þeim illa launa, er bezt gerir til hans; skildu þau nú talit; leið veizlan vel fram. Svá er sagt, at lið þat, er undan komst af her Sóta, sigldi heim í Tattararíki, ok höfðu fengit mikinn mannskaða; þótti Menelaus konungi þeirra ferð ill orðin, ok varð svá búit at vera. Snemma um vorit komu þeir Sörkvir ok Brynjólfr af Jötunheimum, ok færðu Eireki konungi marga fásæna gripi, höfðu þeir Grímr átt margar orrostur ok fengit jafnan sigr. Hrólfr var með konungs hirð, ok var fátt með þeim öllum Sörkvi, Brynjólfi ok Vilhjálmi; en vel kom Hrólfr sér við sessunaut sinn, því hann gaf jafnan silfr á báðar hendr, en aungum gerði hann gott, meðan hann var hjá Vilhjálmi. Sá var nú hinn þriðli vetr, er konungsdóttir átti at fá mann til burtreiðar við Sörkva, ok hugsaði Eirekr konungr nú til sín, ok þótti sem konungsdóttir mundi aungvan mann fá.

20. Litlu síðar komu sendimenn konungsdóttur til Eireks konungs með þeim erindum, at hún beiddi at hann lèti þing stefna fjölmennt mjök, ok á því þingi vildi hún kjósa mann til burtreiðar við Sörkva, en ef hún fengi aungvan þann, er til þess vildi verða, þá vill hún gánga með konungi eptir því, sem fyrir voru skildagar ok sættir þeirra

í milli. Við þeirri orðsending varð konúgr mjök léttrýnn, ok þótti nú júngfrúin sèr í hendi, lèt hann nú þing kveða; ok boða þáng-at múg ok margmenni af borgum ok kastöl-um ok úr nálægum hèrðum, svà ok it sama konúngsdóttir af sínu ríki bauð til sín mann- vali því, er röskvast var innan lands; kom þar ok margr óboðinn, því mörgum var for- vitni á, hversu til mundi gánga, voru allir landsmenn hugsjúkir fyrir hennar hönd. Þing- it var sett skamt frá kastala Íngigerðar kon- úngsdóttur. Eirekr konúgr kom til þingsins með miklu fjölmenni, var þar með honum Sörkvir ok Brynjólfr ok Vilhjálmr, mágr hans, ok létu allir (mikit) yfir sèr; Hrólfr var ok þar í för, ok hafði með sèr vopnin Hreggviðar- naut, ok þótti lítils um hann vert; var þar nú samankomit mikit fjölmenni. Svà var skip- at mönnum á þinginu, at raðir voru settar í hrínga, ok eitt hlið á, er gánga mátti í milli. Vilhjálmr sat it næsta konúnginum, þá Sörkv- ir ok Brynjólfr útífrá, en aðrir vildarmenn sátu sèr. Hrólfr sat utarlíga í yzta hríng- um ok mjök lágt. At svà skipuðu gengr Íngi- gerðr konúngsdóttir á þingit svà fögr ok list- ilig, at eigi mátti ofsögum segja af hennar vænleik, horfðu allir menn á hana, nema Hrólfr, hann leit eigi til hennar, ok dró niðr hött- inn fyrir andlitit. Konúngsdóttir gekk fyrir hvern mann; ok leit í augu þeim, gekk hún

svá annan hríng ofan; en annan fram; at lyktum kom hún þar, er Hrólfr sat, ok þreif í hönd honum, en hann sat sem áðr; hún hnykkir þá upp kápuhettinum, ok mælti: eigi er hér gott val á mönnum, en þennan kýs ek til burtreiðar fyrir mik móti Sörkvi, ok skal sjá maðr með mér fara, ef hann vill. Hrólfr segir: allheimskliga kýs þú, þvíat ek kann eigi at ráða einsaman, svá ek falli eigi ofan, er ek ok hræddr, þegar menn ýglast á mik. Konungsdóttir segir: aldri sá ek þik fyrr, en þó skaltu eigi undan gánga, ef ek má ráða. Eirekr konúgr mælti: þat hugða ek, júngfrú! at þær skylduð mann kjósa innlenzkan, en eigi úr öðrum ríkjum; er Hrólfr sveinn Vilhjálms, ok minn mann, skal hann því frjáls af þessu. Hrólfr segir: einkis manns sveinn er ek hér í landi, skal ek ok at vísu veita konungsdóttur hina fyrstu bæn, er hún biðr, ef hún þikist nokkut frjálsari eptir (enn) áðr; stendr Hrólfr upp síðan, ok gengr með konungsdóttur, ok allir hennar menn, heim í kastalann, setr hún Hrólfr í háseti, ok veitir honum allan þrís ok gleði. Eirekr konúgr fór í annan kastala af þínginu, ok var mjök ókát; flestir menn undruðust, at konungsdóttir kjöri þenna mann, er ósigrstrángligastr var. Iðraðist konúgr mjök, er hann hafði játat þessu konungsdóttur, ok bað Sörkvi nú duga eptir megni, ok spara engin sín konstr,

er hann mætti frammi hafa: hefir mér jafnan sagt þúngt hugr um þenna mann, skaltu nú ok vel geyma herklæðin Hreggviðarnauta, at eigi megi oss þat meina. Hrólfr var nú í kastalanum hjá konungsdóttur í góðum fagnaði, ok segir hann henni sitt erindi, jarlsins vegna, en hún segist þat gjörla áðr vita mundu, ok því ráða: at ek fara með þér burt hëðan, en þú þætti mér makligastr, mín at njóta, ef þú frelsaðir mik af óvina valdi; skildu þau at svá mæltu. Um morgun var Hrólfr snemma á fótum, ok fór í herklæðin Hreggviðarnauta, en girði sik með sverðinu góða. Konungsdóttir fékk honum burstöngina ok skjöldinn, er faðir hennar hafði átt, bað hún hann þá tilganga, ok taka hestinn Dúlcifal, var hann þá rekinn í sterkar grindr með mörgum hrossum, beit hann ok barði, ok drap mörg hrossin; Hrólfr gekk at grindunum, ok drap stönginni á skjöldinn; Dúlcifal gekk at Hrólfi, en svá saung í staunginni ok skildinum, at öllum þótti undr í, er hjá voru. Hrólfr tók nú hestinn, ok lagði á söðulinn, ok hljóp upp fimliga með öllum sínum herklæðum, en Dúlcifal sprang af stað, ok stökk út yfir grindrnar, svá hann kom hvergi nærri, ok síðan fram á völinn. Nú var Sörkvir ok komian til leikvallar, ok konúgr með honum, Vilhjálmr ok Brynjólfr ok mikill múgr manns.

21. Skikkar nú hvorr sinni burstöng (til) lags, ok ríðr hvorr móti öðrum, sem hestarnir kunna harðast; leggjr þá hvorr til annars með miklu afli. Spjót Sörkva kom í skjöld Hrólfs, ok rendi útaf, en Hrólfr stakk hjálm-inum af Sörkvi, átti hann þá þriðjung skeiðs optir, er Hrólfr var af. Dúlcefal vill eigi staðar gefa, ok snýr aptr í móti, ok hefir Sörkvir eigi afriðit fjórðung, áðr enn þeir mættast; leggjr enn hvorr til annars, ok fór sem fyrr, at Sörkvir vann ekki á, en hann misti skjöldinn. Þeir ríða þá at í þriðja sinn, ferr þá Dúlcefal, sem fugl flýgi, þar til þeir mættust; Hrólfr leggjr til Sörkvis, svá festi í brynjunni, ok vegr hann upp úr söðlinum, ok hleypir með hann um völlinn, þar til hann steypir honum at höfðinu í einn fúlan pytt, svá at Sörkvi gekk úr háslíðnum, stóð þá Dúlcefal kyrr, sem hann væri grafinn niðr. Varð nú konungsdóttir mjök fegin, ok allr landslýðr. En er Eirekr konúgr sèr þetta, verðr hann ákaflega reiðr, ok bað alla sína menn slá hring um Hrólfr, ok drepa hann sem skjótast, ok kvað hann síðar verr gera mundu, ef hann yrði nú laus. Var nú svá gert, (sem) konúgrinn mælti, at sótt var at Hrólfi öllum-megin; en er Dúlcefal sèr þat, rís hann upp örðugr, ok lamdi með framfótunum, ok beit með tönnunum marga menn til bana;

1) Vilhjémr sagði þat nauðsyn, b. v. G.

augu hans sýndust sem blóðsegar, en eldr þótti brenna úr nösum honum ok munni, fór hann svá hlaupandi, at hann braut menn undir sik; Hrólfr sat ok eigi kyrr á baki, reyndi hann nú sverðit Hreggviðarnaut; hann hjó ok lagði til beggja handa bæði menn ok hesta, var hverjum vís dauðinn, er fyrir honum varð, stökk nú allt undan; Hrólfr reið þar at, er konúngr var fyrir, en hann hafði á hlaupi undan; drap Hrólfr þá meir enn hundrað manna, áðr hann komst á skóg, ok var móðr, en ekki sár. Þóttist nú Eirekr konúngr hafa fengit mikinn mannskaða, ok fór heim í kastala sinn um kveldit mjök óglaðr. Þetta sama kveld gerði konúngsdóttir sik blíða við menn sína, ok veitti þeim kappsamliga. Hún gerði allar sínar skemmumeyjar svá drukknar, at þær féllu sofnar niðr, en er skamt var af nótt, kom Hrólfr í kastalann, ok hitti konúngsdóttur, ok bað hana búna með sér at fara. Hún segir sér þá ekki at vanbúnu. Hrólfr hafði með sér tvo kistla stóra, ok voru í dýrgripir konúngsdóttur, stíga þau síðan á Dúl-cifal, ok riðu leið sína. Eigi er þat greint, hvar þau fara, eðr hversu lengi þau voru á leiðinni, en meir fóru þau um nætr enn um daga.

22. Nú er at segja frá Eireki konúngi, at hann vaknar um morguninn, ok bað menn herklæðast, ok leita eptir Hrólfi. Var nú svá gert, ok leituðu hans þrjá daga, ok fundu hann

eigi, lét konúgr þá leita til kastalans konúngsdóttur, ok var hún þaðan í burtu, svá engi maðr vissi, hvat af henni var orðit; fékk nú konúnginura mikils ótta^a allt saman, ok var mjök reiðr. Hann mælti til Vilhjálms: þat vær ek, at þú hefir logit allt at mér, bæði frá þér ok Hrólfi, má nú sjá, at hann er allr annar maðr, enn þú hefir sagt; sé ek, at Hrólfr hefir í hauginn farit, en eigi þú, hefir hann fengit hin góðu herklæðin, en ek þau er engu eru nýt; mátti þat á honum sjá, at hann var stórra manna, en þú ert dáðlaus svikari, ragr í hverja taug, hefir þú vitat alla hans fyrirætlan, ok þorat eigi at segja mér, hygg ek þik at heldr eiga ríki eðr aðra góða hluti, at ek ætla þik þrælborinn þorpara í allar ættir; værir þú makligr, at ek lèti hengja þik á gálga fyrir þat fals ok svik, er þú hefir mér gert ok minni systur, ok mun sá dauði fyrir þér liggja; þó hann komi nú eigi fram. Við þessi orð konúngsins varð Vilhjálmr hræddr mjök, ok mælti: ek skal þat enn skjótt birta, hverr maðr ek er, stígr ek á stókk, ok strengi ek þess heit, at ek skal eigi fyrr koma í sæng hjá Gyðu, systur þinni, fyrr enn ek hefi Hrólfr af lífi tekit, ok fært yðr höfuð hans ok júngfrúna, skal ek hér einkis manns styrk til hafa nè fylgi; tók nú Vilhjálmr vopn síu ok hest, reið burt sem hvat-

a) v. í C.

ligast, ok eptir Hrólfi, en Eirekn konúngr sat eptir í Garðaríki, ok þótti nú illa at fara.

23. Nú víkr sögunni apr: í Danmörk til Þorgöys jarls ok hans manna, ok (á) því sama hausti, er Hrólfr fór til Garðaríks, fór jarl um ríki sitt at veizlum, sem siðr hans var til. Einn dag gekk maðr ókunnigr fyrir jarlinn, ok nefndist Mündull Pattason, ok sagðist farit hafa víða um Úplönd¹, ok læzt frá mörgu segja kunna, ok mikla frægð unnit hafa. Hann var lágr á vöxt ok mjök riðvaxinn, friðr at yfirlitum, utaneygr var hann mjök. Jarl tók vel við þessum manni, ok bað hann með sér dveljast. Þat þekktist hann, skemti hann jarlinum optliga, ok sagði frá mörgu fróðliga. Þar kom at jarlinn tók hann í mikla kærleika, at hann kallaði hann at hverju máli, ok var Mündull á tali við hann nætr ok daga, svá at jarl gléymdi þar fyrir sinni ríkisstjórn. Einn tíma, sem optar, er Björn ráðgjafi fyrir Þorgný jarli, ok ávitaði hann fyrir þat, er hann gerði ókunnigan mann sinn tryggamann, ok þat tal tæki svá úr hófi at ganga, at hann gái eigi sína ríkis þar fyrir. Jarlinn reiðist orðum Bjarnar, ok sagðist gera mundu, sem hann hafði þenkt, hvat er Björn sagði. Mündull heyrir orð Bjarnar, ok gaf sér ekki at. Björn talaði hér um enn mörgum orðum sannliga, ok gekk burt síðan. Björn átti hús í borginni nær jarls herbergi, en

¹) útlönd, C.

annan garð utan borgar, sem fyrr var sagt; einn dag kom Möndull svá í herbergi Bjarnar, at hann var eigi heima, ok engi maðr annar nema Íngibjörg, kona hans; hann lék við hana mjök blíðliga, en hún tók því vel; þar kom at hana leitaði við hana samfara, ok fór þar um mörgum sögnum orðum, hann bauð henni af sér at þiggja marga góða gripi, en lastaði Björn í hverju orði, ok kvað hann ekki at manni vera. Íngibjörg reiddist þessu mjök, ok svaraði honum hæðiliga, ok sagðist (aldri) með honum gánga skyldu. Möndull tók þá könnu¹, ok brá undan yfirhöfn sinni, ok bað hana drekka sáttarþikar þeirra, en hún sló hendinni neðan undir kerit, ok uppi andlit honum. Hann reiddist við þetta, ok mælti: eigi skulu vér fyrr skilja, þú ok Björn, bóndi þinn, en ek hefi launat ykkur því, sem þið eruð maklig, fyrir þá svívirðing, er þið hafið mér gert, bæði með orð ok verk. Gekk hann síðan burt, ok fyrir Þorgný jarl, ok mælti: þat vildi ek, herra! at þer sýnduð yðvart lítillæti, ok þægið af mér belti sitt, er ek tók í arf eptir föður minn; hann leggr þat á borð fyrir jarlinn; þat var allt með gulli gert², ok gimsteinum sett; eigi þóttist jarl þetta grip séð hafa. Jarl þakkaði honum, ok sagðist eigi þvílíka gjöf þegit hafa af ótignum manni; var Möndull þar um vetrinn í sömum kærleikum, en fátt var Stefni til hans ok Birni. Jarl

¹) ok ker, b. v. C. ²) grafit, b. v. C.

hafði mikla virt á beltinu, ok sýndi þat vinum sínum jafnan, þá er hann hafði veizlur. Íngibjörg, kona Bjarnar, tók kránkleika nokkurn undarligan um veturinn, hún gerðist öll blá sem hel, en sinnaði um aungvan hlut, sem hún væri vístóla; varð Birni mikil raun at þessu, því hann unni henni mikit. Þat bar til (um) vorit¹ at veizlu einni, at beltit Möndulsnautr hvarf burt frá jarli; var þess víða leitast, ok fannst eigi; þótti jarli þat mikill skaði, ok lét mjök grund at gefa um eptirleitina, ok fannst þat eigi. Jarl spurði Möndul, hvat (hann) hugði af orðit, eðr hversu eptir skyldi leita. Möndull segir: vant er mér at kveða á mann hvern tekit hefir, þótt ek þikist nærri geta munu, en þat er líkara, at sá hafi fleira frá yðr stolit enn þessu einu, er beltit hefir tekit, mun þat ríkr maðr gert hafa, sá er jafnan hefir yðarn heiðr öfundast. Nú er þat mitt ráð, at þær látið ransókn uppi hafa, þá er alla varir minnst, ok lát öngvan undan gánga, þótt framr² sè, en eigi mun sá sjálfkrafi sína hirzlu uppi láta, er tekit hefir, en hvern, sem þat (hefir) gert, má at réttu á gálga (hánga). Jarli þikir þetta gott ráð, ok segir svá vera skyldu, lætr hann nú samankalla alla sína hirð, ok segir þeim, at hann vill ransaka hvers manns hirzlu; fyrst Stefnis, sonar síns, ok Bjarnar ráðgjafa, svá at aðrir menn mætti því betr við una. Þeir

¹) veturinn, C. ²) frámr, C.

létust þess búnr; var nú svá gert, at Stefnir sýndi fyrst sínar fêhirzlor, ok fannst þar ekki; síðan var hjá Birni leitast ok öllum, er í voru borginni, ok kunni þat eigi at finnast. Þá mælti Möndull: eiga mun Björn fleiri hirzlor, en hêr at eins í staðnum, ok hefir þar eigi leitast verit. Stefnir sagði: víst á Björn utan borgar, êk trúi (ok eigi) þángat leita mega. Jarl segir þángat fara skyldu, ok svá gerðu þeir; lét Björn þá uppi ransókn sem fyrr. Möndull gengr at fornri kistu einni, ok spyrr, hvat þar er í? Björn segir, þarí vera fornan skipsaum. Jarl bað upplúka. Björn leitaði at lyklinum, ok fann ekki. Jarl gekk þá at, braut upp, ok bar upp þat er í var, en á neðanverðum botninum lá beltit. Allir menn undruðu þetta, en Björn þó mest, því hann vissi sik saklausan af þessu. Jarl varð nú reiðr mjök, ok bað Björn höndum taka: ek skal, segir hann, heingja þik á hæsta gálga, þegar er morgin kemr, því þetta hefir hann fyrri gert, þó nú at eins sé víst orðit. Var nú Björn tekinn ok bundinn sterklíga, því enginn þorði móti mæla, þó hann þætti ómakligr þessa. Björn bauð skírslur fyrir sik, sem landssiðr er til, en jarl vildi þat ekki heyra. Stefnir fêkk þat af fêður sínum, at hann lifði 7 nætr, ef þat fyndist nækkut í, at honum væri til hjálpar, ok skyldi hann vera í varðhaldi Mönduls, ok eigi í borgina heim koma. Margír hörmuðu

Þetta, því Björn var mjök vinsæll. Fór jarl nú heim í staðinn með mönnum sínum, ok gengu undir drykkjuborð. En þegar hirðinn hafði kent fyrsta rétt, ok drukkit fyrsta bikar, var öllum horfin vinátta við Björn, ok þótti þá öllum, sem hann mundi sannr at sök. Möndu-ull var nú í garði Bjarnar, ok rak í burtu alla hans heimamenn, hann tók Íngibjörgu, ok lagði í sæng hjá sér hverja nótt, Birni ásjáanda, ok hafði hún allt blíðlæti við hann, en mundi ekki til Bjarnar, bónda síns: þótti nú Birni þúngliga at fara, ok líða nú svá þessar 7 nætr, sem frá var sagt. Víkr nú aptr sögunni þángat, er fyrr var frá horfit, því eigi verðr af tveimr hlutum sagt í senn, þótt báðir hafi jafnfram orðit.

24. Nú er frá því at segja, at þau fóru úr Garðaríki, Hrólfr ok konungsdóttir, at einn dag sjá þau, hvar einn maðr ríðr eptir þeim; hann er í línklæðum einum, ok girðr sverði; hann dregr skjótt eptir þeim; kennir Hrólfr, at þar er Vilhjálmr kominn, en þegar hann sér Hrólfr, fellr hann til fóta honum, ok biðr sér líknar á marga vega: hefir ek hart af fengit, síðan við skildum, segir Vilhjálmr, því konungr lét setja mik í myrkvastofu, ok vildi láta drepa mik, komst ek í burt með ráðum¹⁾, bæði frosinn ok húngraðr, er ek nú kominn á þína miskun, Hrólfr minn! hvat sem þú vilt af mér gera; vilda ek aldri gert hafa, er þér mætti

¹⁾ nauðum, C.

mislika, ok alla daga vera þér hollr ok trúr hēðan frá, ef þú lætr mik nú lifa ok fylgja þér aptr til Danmerkr. Hrólfi fékkst hugar við hörmúngarlæti Vilhjálms, ok segist eigi nenna at drepa hann, þó hann væri þess makligr. Konúngsdóttir kvað, því misráðit vera maundu: því hann hefir sltt yfirbragð ok illa mun hann reynast. Vilhjálmr fór nú með þeim, ok gerði sik mjök þjónustumjúkan, en aldri var honum óhætt at koma nærri Dúlci-fal, því hann beit Vilhjálmi, ok barði, ef hann náði, fóru þau til þess, er eim dagleð var eptir til Þorgnýs jarls; höfðu þau tekit sèr náttstað undir skógi einum, ok skutu sèr lauf-skála um kveldit, lágu þau Hrólfr ok konúngsdóttir bæði saman hverja nótt, ok nakit sverð í milli þeirra. Vilhjálmr stakk Hrólfi svefnþorn um nóttina, en um morgin stóð hann upp snemma, ok tók hestinn Dúlci-fal, ok lagði söðul á hann, ok þetta eitt vildi hann at Vilhjálmi þiggja. Hrólfr lá í herklæðum sí-um, ok utan yfir Vefreyjunaut. Íngigerðr stóð upp, hún knúði Hrólfr, ok fékk eigi vakit hann, hvernveg sem hún fór at, gengr hún þá úr skálanum, ok grætr. Vilhjálmr sèr þat, ok spyrr, hvárt henni gætist lítt at hvílbrögð-unum. Hún segir: allt má mér vel við hann líka, en svá sefr hann fast, at ek fæ ekki vakit hann; ek skal þá vekja hann, segir Vilhjálmr, gengr hann þá at, ok ryðr í sundr skálanum,

síðan hjó hann báða fætrna undan Hrólfi; ok stakk þeim milli klæða sér. Hrólfr svaf sem áðr. Konungsdóttir spyr, hvat brysti. Lífstundur Hrólfs, sagði Vilhjálmr. Konungsdóttir segir: njót allra manna verst lífs ok handa, ok var þetta it mesta óhappaverk unnit, muntu illa flls bíða. Vilhjálmr mælti: tveir eru kostir gerfir, taktu hvárn, er þér þikir vildari, ok er sá annar, at þú skalt fara með mér til Þorgnýs jarls ok sanna þat, er ek segi, því ek hygg mér lítit til sæmdar, at fara aptr í Garðaríki; hinn er annar kost, at ek drep þik, sem þú ert kominn; hún hugsar, at kjósa sér eigi dauða, meðan hún á kost at lifa, en þikir fyrir Vilhjálmí einskis flls örvænt, segir hún þá, at hún mun honum fylgja, ok eigi í móti mæla, því er hann segir, ef hann gerði henni öngvan vanheiðr í sínum orðum, varð hún hér eið at vinna. Vilhjálmr vildi taka Dúlcifal, en þess var engi kost, þvíat hann beit ok barði á alla vega, svá hann mátti honum hvergi nærri koma, ok eigi mátti hann at Hrólfi gánga fyrir hestinum, mátti hann ekki með sverðit fara fyrir þúnga sakir; lá Hrólfr nú þar eptir, en þau fóru leiðar sinnar; þótti konungsdóttur nú þúngt atfara, ok mikit við Hrólfr at skilja, svá lítt sem hann var staddr. Er eigi frá þeirra ferð fyrir sagt, en þau komu til Þorgnýs jarls, gengr hann móti konungsdóttur með allri vegsemd ok blíðu;

hann spurði, hvat manna hann væri. Hann svarar: ek er einn bóndason af góðri ætt hér í Danmörku, ok kom ek í ferð með Hrólfi, þá er hann fór til Garðaríkis, höfum við þar unnit margar þrautir, ok at seinustu vann hann Sörkvi, kappa Eireks konúnga, ok drap hann, þat þoldi konúgrinn eigi, ok lét taka Hrólfr ok drepa, eru hér fætr hans, er ek hefi með mér til sýnis; náði ek síðan konúngsdóttur, ok færði ek hana hingat, hefi ek lagt mik í margan lífsháska fyrir yðra skuld, ok háðir við Hrólfr, var ok engi honum hraustari, því at hann gafst aldri upp, fyrr enn hann misti báða fætrna; þikkjumst ek nú kominn til ráðahags við Þóru, dóttur yðra, er yðr smánarlaust at eiga mik fyrir mág fyrir ættar ok mannskapar sakir; þarf því eigi at fresta, at nú sé bæði saman brullaupin. Flestum þótti saga Vilhjálms sannlig, ok hörmuðu allir dauða Hrólfs, mest jarl ok Stefnir, son hans. Ingi-gerðr grét mjök; jarl blíðkaði hana, ok spurði, hvort Vilhjálmr hefði honum satt sagt. Hún sagði: eigi mun Vilhjálmr meira at yðr ljúga enn öðrum, en þess vil ek yðr biðja, at þer frestið mánuð brullaupunum, kann þar mart til at koma, at yðr þikir eigi svá mega vera. Þóru féll ok lítt til Vilhjálms, ok beiddi þess sama. En er Vilhjálmr heyrði þetta, kjaptaði hann: látið þer eigi á brullaupum frest,

hvat sem þær segja, því kvenna skaplyndi er ómerkiligt. Stefnir sagði: vel stendr, at konungsdóttir ráði þessu, ok eru þetta eigi löng frest. Vilhjálmr segir: óhöfðingliga er þat sagt, at láta konur ráða fyrir sér ætlun sinni, eðr son sinn, ef þau ráða þó verr. Stefnir reiddist við orð hans, ok sagði þær skyldi ráða, en eigi Vilhjálmr: ella skal ek missa lífit. Vilhjálmr segir þat skaðalaust, þó hann væri drepinn. Jarl bað þeim þetta eigi at grein verða: en þó mun Stefnir ráða því, er hann vill tilhlutast, en þú, Vilhjálmr! munt ná ráðahag við dóttur mína, því þú hefir vel tilunnit. Stefnir tók í hönd Íngigerðar, ok leiddi hana til skemmu systur sinnar, læsti síðan, ok geymdi sjálfr lykkilinn. Þat er sögn manna, at Íngigerðr konungsdóttir hafi geymt fætrna ok borit hjá þau grös, er ekki mátti deyja; líkaði Vilhjálmi illa við Stefni, ok varð at hafa svá búit.

25. Nú er þar til máls at taka, er Hrólfr er; hann lá til kvelds sem dauðr, því svefnþorninn lá í höfði honum, hafði Vilhjálmr hann ekki burttekit. Dúlcifal stóð með söðli ok beizli þar yfir honum, til þess er hann gekk at Hrólfi, ok velti honum með höfðinu um völlinn, féll þá burtu svefnþorninn. Hrólfr vaknar við þat, at undan voru báðir fætrnir, horlinn skálinn, en Vilhjálmr burt ok konungsdóttir, þar lá sverðit Hreggviðarnautr. Hrólfi þótti nú

mjök harkast um, en þó hreyfir hann sik, ok tekr lífsteinana, ok skefr í stúfana, tók þá skjótt sviða úr sárunum. Hrólfr skreið at hestinum, en hann lagðist niðr, fékk Hrólfr þá velt sér í söðulinn, stóð Dúlcifal þá upp; reið Hrólfr þá til þess, er hann kom til bæjar Bjarnar, vinar síns, því hann vildi eigi ríða til borgarinnar, en þótti langt til kastala síns. Dúlcifal lagðist, þegar hann kom í garðinn, tók Hrólfr þá beizl af honum, en skreið inní húsinn, þótti honum þar auðigt mjök. Hrólfr fór í eldaskála, ok kastar sér niðr í sætit, þar er skuggi bar á, ok lá þar um stund, hann sér þá, hvar kona gengr, ok hefir eld meðferðar; þessi kona var blá at yfirlit sem klæði, ok mjök bólgin; hún kveikti eld. Litlu síðar kemr inn maðr í skarlatsbúnaði ok skarband um enni af gulli gert, hann var lágvaxinn ok miðdigr; hann leiddi mann einn eptir sér, ok var bundinn at höndum ok fótum; þar kennir hann Björn, vin sinn, ok þikir hann harðliga leikinn. Hann leggur Björn niðr, en sezt niðr við eldinn, ok setr konuna hjá sér, ok kysti hana. Björn mælti: illa gerir þú, Möndull! er þú hefir svikit konu mína, en forlogit mik við jarl, svá hann lætr hengja mik á þriggja náttu fresti fyrir aungva sök, mundi eigi svá fara, ef Hrólfr Sturlaugsson væri inuan lands, mun hann ok mín hefna, ef

honum verðr aptrk vomu auðit. Mëndull svarat: aldri mun hann þér hjálpa, nè þín hefna heðanfrá, má ek þat af honum segja þér, at undan honum eru báðir fætrnir, ok ódauðr at eins, mun hann aldri lífs aptrkoma. Hrólfr færir nú á stúfana upp í sætinu, ok tekr báðum höndum um háls Mënduls, ok mælti: þat skaltu vita, at enn lifa hendr Hrólfs, þó fætrnir sè farnir; kippir honum niðr undir sik, svá at kvorar niðr í honum. Hann mælti þá, ger svá vel, Hrólfr! at þú drep mik eigi, skal ek þik þá heilan gera, þvíat ek á þau smyrsl, er engi eru slík á Norðrlöndum, hefi ek svá mikil konstr til læknisdóms, at ek má allt heilt vinna, þat lífs er von, innan þriggja náttu; ek vil þér ok kunngera, at ek er dvergr í jörðu byggjandi, ok dvergsnáttúru hefi ek á kynstrum til lækidóms ok hagleik; fór ek þess erindis hingat, at ek ætlaði at heilla þóru jarlsdóttur eðr Íngibjörgu, ok hafa þær burtu með mér; en fyrir því at Björn sá gjörst, hverr ek var, þá vildi ek svá fyrirkoma honum, at ek tók beltit ok lét ek í kistu hans, en ek tók burt lykkilinn, at hann þætti því líkligri til, at hann hefði stolit, sem hann væri tregari til kistunni upp at lúka, hefir ek snúit allra manna vináttu við Björn. Nú vil ek gjarna allt til lífs mér vinna, þat er þú kant beiða, þvíat minn lífgjafa skal ek aldri svíkja. Þá mælti Hrólfr:

Þat mun ek voga, at gefa þér líf, en fyrst skaltu Íngibjörgu lækna ok leysa Björn; lét hann þá Mëndul uppstanda, ok var hann svartr ok ljótr eptir skapan sinni, leysti hann Björn, en færði Íngibjörgu úr klæðum, ok smurði hörund hennar með góðum smyrslum, ok gaf henni minnisveig at drekka, ok vitkæðist hún þá skjótt, en hvítuæði hörundit, ok tók þá heilsu sína, ok týndi allri ást við dverginn. Þökkuðu þau Björn Hrólfi, sem verðugt var. Eptir þat hvarf Mëndull, ok kom aptr, þegar stund leið, ok fór þar með fætr Hrólfs ok stóran smyrslabuðk. Hann mælti: nú mun ek þat gera verða, sem ek hafði áðr eigi ætlat, at græða þik, Hrólfr! skaltu nú leggjast niðr við eldinn ok baka stúfana. Hrólfr gerði svá; smurði hann þá smyrslunum í sárin, ok setti við fætrna, ok batt við spelkur, ok lét Hrólfr svá liggja þrjár nætr, leysti þá af umbönd, ok bað Hrólfr uppstanda ok reyna sik. Hrólfr gerði svá, voru honum fætrnir þá svá hægir ok mjúkir, sem hann hefði á þeim aldri sár verit. Nú þótt mönnum þiki slíkir hlutir ótrúligir, þá verðr þat þó hverr at segja, er hann hefir séð eðr heyrt. Þar er ok vant móti at mæla, er hinir fyrri fræðimenn hafa samsett¹. Þá

¹) hefði þeir þat vel mátt segja, at á annan veg hefði athorizt, ef þeir vildu; hafa þeir ok sumir spekingar verit, er mjök hafa talat í sígurú um suma hluti, svá sem meistari Galterus í

mælti Hrólfr til Mönduls: nú hefir þú vel gert, er þú hefir mik læknað, skaltu hjá mér hafa nokkura hluti, er þú beiðir; þess vil ek biðja, at þú fylgir mér til Garðaríkis, ef ek fer þángat aptr. Möndull segir, svá vera skyldi, mun ek nú fara til minna heimkynna, hefi ek hart af fengit okkrum viðskiptum, ok þat harðast, at ek skilda við Íngibjörgu, en þó mun nú svá verða vera. Fór Möndull dvergr við svá búit, ok vissi Hrólfr ekki, hvat af honum varð.

26. Um morguninn eptir stendr Hrólfr upp, ok herklæðist. Hann mælti til Bjarnar: nú munu við fara í borgina fyrir jarl. Björn segir: ófús er ek þess, þvíat nú er úti sá tími, er mér var griðum játat, ok er mér vís dauði, ef ek kem þar. Hrólfr mælti: til þess muntu hætta verða. Fóru þeir nú til borgarinnar, ok gánga inni höllina, ok námu staðar útarliga. Jarlinn sat þá yfir drykkjuborðum, ok kendi eigi Hrólfr, ok engi sá, er inni var. En þegar sem jarls menn sáu Björn, mæltu þeir allir til hans: djarfr gerist þjófrinn Björn, er hann gengr fyrir augu jarls, ok illa hefir Möndull gætt hans, er hann er laus orðinn. Einn maðr tók upp öxahnútu stóra, ok snarar

Alexandri sögu eðr Umeris skáld í Trójumanna sögu, ok hafa eptirkomandi meistarar þat heldr til sanninda fært, enn í móti mælt, at svá mætti vera; þarf ok engi meira trúnað á at leggja, en hafa þó gleði af, á meðan hann heyrir, b. v. C.

at Birni, en Hrólfr tók hana á lopti, ok sendi aptr þeim, er kastaði, kom hnútan fyrir brjóst honum, ok í gegnum hann, svá hún stóð föst í timbrveggnum. Allir hljóðnuðu við þetta, ok hræddust hinn mikla mann, er inn var kominn. Hrólfr mælti til Bjarnar: gaktu fyrir sæti Stefnis, ok tala þessum orðum: bjóða mundi Hrólfr Sturlaugsson þér, ef hann væri hér fyrir, en þú kæmir til. Björn þverfatar innar eptir höllinni, því hann var hræddr mjök, þar til hann kom fyrir Stefni, mælti hann þá þessum orðum, er Hrólfr bauð honum. En er Stefnir heyrði orð hans, stökk hann fram yfir borðit, ok gekk utar at Hrólfi, ok létta kápuhettinum frá andliti honum, kendi hann þá Hrólfr, ok fagnaði honum forkunnar vel, ok leiddi hann fyrir föður sinn. Jarl varð feginn komu Hrólfs, ok stóð upp í móti honum með allri blíðu. Vilhjálmr setti nú ekki vel augun, er hann sá Hrólfr; var hann stundum rauðr yfirlits, en stundum bleikr sem bast af hræzlu. Þorgnýr jarl mælti: hér sýnist mér nú Hrólfr, Vilhjálmr! en eigi dauðr. Hrólfr spyrr, ef Vilhjálmr væri þar. Hann segir: hér em ek, Hrólfr minn! ok er allt á þínu valdi, þat mér tilheyrir. Hrólfr segir: ekki skildist þú vinsamliga við mik, Vilhjálmr! ok mun þér lengi illt innan brjósts búit hafa, þó nú sè framkomit, ok er þat nú vildast, at þú segir æfisögu þína, þótt eigi sè góð, þvíat

Ítill heiðr mun þér at þínu lífi verða hëðan frá. Svá skal gera, sem þú vilt, Hrólfr minn! Því þat mun bezt gegna, segir Vilhjálmr.

27. Þat er upphaf at sögu minni, at faðir minn bjó við skóg einn hër í Danmörk, er Úlfr hét, hann átti sér konu ok átta börn, ok var ek eitt af þeim, et elzta at aldri. Faðir minn átti geitr margar ok mjök óspakar, var ek til þess fenginn, at geyma þeirra, ok allt gerða ek, þat er tilfell, ok ek komst höndum undir, en viðgerníngur var léttr, ok illa var ek klæddr; en þegar ek kom eigi geitunum heim, þá var ek flengör, tók ek þetta illa at þola, þar til at ek kom heim eina nótt, bar ek eld at húsunum, ok brendi ek þau inni; bjó ek þá búinu um lánnga stund, tók ek þá mikinn þroska. Eina nótt dreymdi mik, at maðr kom at mér mikill vexti, ok nefndist Grímr, hann kvað mik vera gott mannsfni ok mikla giptu lagna verða, ef ek kynni eptir at leita, ok mælti til kaupa við mik; ek spurði, hvernín kaup þat væri. Hann segir: ek skal gefa þér enn meira afl^r, enn þú hefir áðr, þar með vopn ok góð klæði, ok fleiri hluti aðra; en þú skalt fara á fund Hrólfs Sturlaugssonar, ok svíkja hann, ef þú getr, því hann er nú á ferð kominn, ok ætlar hann nú til Garðaríkis, ok ná burt konungsdóttur, mun hann mörgu illu af stað koma, ef hann er eigi af dögum ráðinn; má svá gera giptumuninn, at þú

^r) áhalds, C.

verðir mágr Eireks konúngs, en hann fái bana. Ek. játaði þessu. Síðan tók hann horn undan skikkju sinni, ok gaf mēr einn drykk; þótti mēr þá hlaupa afl í mik; síðan skildu við at svá mæltu, ok er ek vaknaði, lágu þar bæði vopnin ok klæðin; fór ek síðan, þar til er við fundum Ölvi, frænda minn, voru þat allt mín ráð, er þar fór fram, því ek þóttist vita, at þú mundir halda eiða þína, ok ek mundi kosti eiga at drepa þik, þá er ek vilda, ok þú hefir unnit mēr þat til framkvæmdar; þikist ek nú vita, at þetta hefir Grímr ægir verit, er mēr hefir vitrazt, ok því fór ek úr Garðaríki eptir þer, at ek hræddumst, at hann mundi mēr grimliga hefna, ef ek gerði þat eigi, er hann hafði mælt. Nú hafði ek ætlat, at fá þóru til eiginkonu, ok því færði ek Íngigerði¹⁾ hín gat, en eigi í Garðaríki, hefði ek þar aldri óttalaus verit, ef it sanna væri uppi um hági mína, ok hefi ek ætlat at drepa Stefni, ok svá jarleptir, ok taka Íngigerði ok ráða einn fyrir ríkinu þaðan af; mundi ek hafa gengit milli bols ok höfuðs á þer, Hrólfr minn! í skóginum, ef ek hefði eigi óttast Dúl-cífal. Er nú æfisaga mín úti. Væntir mik nú, Hrólfr minn! at þú munir gefa mēr líf, þótt ek sé ómakligr, því mēr hefir nokkur vorkun á verit, at vinna til þvílíks heiðrs, sem í boði var, ok slíks kvonfángs ok mikils ríkis. Eptir þat þagnar Vilhjálmr, en öllum þeim, er heyrðu

¹⁾ mik, C.

Þessa sögu, þótti hann vera hinn mesti svikari. Eptir þat hefir Hrólfr upp sína sögu, ok segir frá því, er hann fór heiman úr Danmörku, ok til þess, er þá var komit, ok þótti mönnum mikils vert um hans frægð ok hreystiverk, ok þótti dverggrinn honum sendr verit hafa til happa. Tók nú Björn aptr þvílík metorð ok heidr, sem hann hafði áðr haft, en Vilhjálmr var nú fánginn, ok er stefnt til hans fjölment þing; var þá um leitat, hvern dauðadag hann skyldi helzt hafa; urðu allir á þat sáttir, at hann fengi hit hræðiligasta líflát, ok var síðan sett ginkefli í kjapt honum, ok hængör á hæsta gálga, lét Vilhjálmr evá sitt líf, sem fyrr var sagt, ok var þess von, at illa mundi illum lúka, þarsem þvílíkr svikari ok morðingi var. Íngigerðr konungsdóttir varð fegin aprkomu Hrólfs, ok því at hann var heill orðinn, átti jarl þá tal við hana, ok segir, at nú mundi ekki brullaupinu lengr fresta þurfa. Hún segir; þat skuluð þér vita, herra! at eigi er hefnt Hreggviðar konungs, föður míns, ok þat með, at ek skal í enskis manns sæng koma, fyrr enn þat er gert, at Eirekr konúgr er drepinn, ok Grámr ægir, ok allir þeir er þar gerðu mest at; vil ek ok eigi, at Garðaríkis menn þjóni undir annan höfðingja enn þann, er ek skal eiga. Hrólfr segir: meðr því ek færði konungsdóttur burt úr Garðaríki, ok hún vildi mér lostig fylgja, þá skal hún ok ó-

nauðug af hverjum manni, ef ek má ráða; en bjóða vil ek yðr, herra! at fara í Garðaríki með styrk yðrum, ok vinna þar þvflíkt; er ek má orka. Jarl segir: þakka vil ek yðr, Hrólfr! fyrir þann góðvilja, er þær hafid mæð tæð í þessu ok í allri þinni þjónustu. Nú vil ek gjarna þat þiggja, at þið, Stefnir! seud formenn þessar ferðar, skal ek ykk svá búa í þessa ferð at skipum ok liði, sem ek hefi framast efni á, þvlat ek vildi, at þið kæmuð svá hefndum fram, at konungsdóttur líki, skal ok brullaupit eigi fyrr vera, enn þið komid aptr, ef þess verðr auðit. Konungsdóttir segir sèr þetta vel líka, ok var þetta með þeim staðráðit. Menn Hrólfs höfðu beðit hans í kastalanum, meðan hann var í burtu, ok urðu þeir glaðir við hans heimkomu.

28. Lætr nú Þorgnýr jarl hafa skipa búnað ok vopna um sumarit, svá vítt sem hans ríki var; kom honum ok mikit lið af Svíþjóð ok Fríslandi, er frændr hans ok vinir sendu honum, ok enn fékk hann mikinn styrk af Vindlandi¹⁾, var nú mikill viðbúnaðr í Jótlandi í þessari herferð, en svá sem herinn var allr saman kominn, var þat frítt lið ok vel búit. Þeir höfðu hundrað skipa, ok flest stór, voru þeir Hrólfr ok Stefnir formenn þessa liðs. Þeir biðu byrjar nokkura daga; einn dag gekk maðr fram at borði á skipi

¹⁾ Þunnig C; Vinnlandi, A.

Hrólfs; hann var lágr ok digr, hafði stóran bagga á herðum sér; henn gengr bryggjuna á skipit; Hrólfr kennir þenna mann; þar er kominn Möndull dvergr; Hrólfr fagnar honum vel; Möndull lagði baggann af sér, ok mælti: nú er ek hér kominn, sem þú beiddir, Hrólfr! ok mun ek fara með þér, ef þú vilt, með því móti at ek ráði öllu því, er ek vil tilleggja, ok engi bregði af mínum ráðum, þó mun alls við þurfa, at vel takist. Hrólfr svarar, ok segir, at allir skyldi hans ráð hafa, ok hann vildi gjarna hans föruneysi þiggja. Þá mælti dvergr: þat er fyrst mín skipan, at þú, Hrólfr! skalt vera á því skipi, sem fyrir skal fara alla leið, þvíat þú hefir gullit álfkonunaut; máttu eigi vilt fara; vèr skulum tengja saman öll skip vor, hvert af stafni annars, ek skal vera á því skipi, er seinast ferr. Vèr skulum eigi fyrr leysa, enn undit er segl á öllum skipunum, ok þótt nokkur leysist úr flotanum, þá skal enginn hjá fram sigla, skuluð þér þessu framhalda, ok eigi af bregða, hvat er ányr¹, eðr yðr kann sýnast, ok mun þá vel duga; aldri skulu vèr at landi leggja, nè nokkura dvöl hafa, fyrr enn vèr komum til Garðaríkis; skulum vèr nú segl vinda, þvíat byr mun eigi skorta. Var nú svà gert, sem Möndull hafði fyrir sagt, bað Þorgnýr jarl vel fyrir þeim ok Íngigerðr. Björn ráðgjafi var eptir

¹) ágnýr, C.

með (jarlinum), ríkinu til gæzlu. Rann nú byr á, ok sigla þeir Hrólfr í haf; þeim byrjaði hægliga, en svá sýndist þeim, sem annat mundi veðr í lopti, sjór var úthverfr kríngum þá, ok miklar dunr voru í loptit at heyra. Mönðull sat við stjórn á síðasta skipi. Hann tók eitt stórt kefli, ok batt þar um blám þræði, ok dró þat eptir skipinu í vörina. Eina nótt sýndist þeim, sem herskip færi í móti Hrólfi, ok veitti honum harða atsókn. Mönðull kallaði, ok bað öngvan gefa sik at því, en þeir sögðu hann svá hræddan, at hann þyrði eigi verja lið Hrólfs. Þeir leystu skip eitt úr flot-anum, ok vildu fara framfyrir önnur skipin, en þess var eigi kostur, þvíat vindr kom í móti þeim, ok rak þá aþr um öll skipin, ok þat sá hann til þeirra síðast, at einn stór hrosshvalr kom at þeim, ok steypiti skipinu um koll, týndist þar hvert mannsbarn. Mörg undr bar fyrir þá önnur ok brugðu menn sér misjafnt við; þeir týndu alls tuttugu skipum, áðr þeir komu í Garðaríki; lögðu þeir uppí ána Dýnu, ok herjuðu þar á bæði borð, brendu bygðir, en ræntu fê, því er þeir náðu; mart fólk gekk til handa þeim, ok fengu þeir með því fjölda liðs, spurðu þeir brátt til Eireks konúngs, hvar hann var með fjölmenni; lögðu þeir þá skipunum í eitt lægi. Mönðull tók bát einn, ok reri kríngum um öll skipin. Síðan gekk hann á land, ok bað menn tjalda við einn hamar, er þar var nær þeim: skal hvert tjald standa af annars

enda upp; var nú svá gert. Eptir þat leysti hann bagga sinn, ok tók þar úr svört silki-tjöld; hann tjaldaði þeim utan yfir öll önnur tjöldin svá breitt ok sterkliga, at hvergi fannst smuga á. Þetta var fyrir vetrnætr, er þeir komu í Garðaríki. Mëndull dvergr mælti: nú skal bera kost af skipunum í tjöldin, svá endast megi um 3 nætr, síðan skulið þér í tjöldin gánga, ok enginn utsjá, fyrr enn ek segi yðr til; var nú allt gert eptir hans boði; gekk Mëndull síðast inn, ok fór þó áðr umhverfis tjöldin. Litlu eptir þetta heyrðu þeir, at veðr at hvessa, ok gnúði fast á tjöldin, þótti þeim þat undrum gegna. Maðr einn var svá forvitinn, at hann spretti tjaldinu, ok sá út, en er hann kom inn aþtr, var hann bæði vitlaus ok mállaus, ok innan lítils tíma dauðr. Þessu gekk þrjár nætr, at veðrit stóð. Mëndull mælti: eigi komum vèr allir aþtr til Danmerkr, ef Grímr ægir má ráða, því hann var sá hrosshvalr, er týndi skipum vorum, ok hefði hann svá með öll farit, ef ek hefði eigi farit síðast, því hann mátti aldri lengra fara, enn at kefli því, er ek dró eptir mèr. Nú hefir hann hríð at yðr gert með frosti, at allir þèr hefðuð bana fengit, ef eigi hefðu tjöldin hlíft yðr, en nú á þetta ofan eru komnir 12 menn í skóginn skamt hæðan, er Grímr hefir sendt Eireki konúngi; þeir eru ofan af Ormalandi¹⁾, ok eru nú at efla seið, ok

¹⁾ Esmland, C.

skulu seið ætlat ykk Hrólfi ok Stefni, svá þið skulið sjálfir drepa ykk. Nú skulum vèr fara 7 saman móti þeim, ok sjá, hvat ígerist. Gerðu þeir nú svá, unst þeir komu í skóginn, sáu þeir hús eitt, var þángat at heyra ill læti, er þeir frömdu seiðit¹. Gengu þeir síðan inní húsit, ok sjá þar hjall háfan, ok undir fjóra stólpa. Mōadull fór inn undir hjallinn, ok reist þeim seiðvillur með þeim atkvæðum, at þeim hrifi sjálfum seiðmönnum; gengu þeir síðan úti skóginn, ok námu (staðar) um hríð, en seiðmönnum brá svá við, at þeir brútu ofan seiðhjallinn, ok hlupu beljandi útaf húsinu á sinn veg hverr þeirra, sumir hlupu í fen eða sjó, en sumir fyrir björg ok hamra, ok drápu sik allir með þessum hætti. Fóru þeir síðan aptr til skipa sinna, ok voru þau heilbrigð; sáu þeir at hríðin hafði ekki víðara tekit enn um krúg skipin ok tjöldin. Þá mælti Mōndull: nú er svá orðit, Hrólfr! at ek mun ekki í orrostu gánga, því ek er engi at hreysti eðr framgöngu, en þó mundir þú liðfár hafa orðit, ef þú heffir einn um sæð með; ykk Stefni var þessi dauði ætlaðr, sem nú sáuð þer, at seiðmennirnir fengu. Þökkuðu (þeir) honum fyrir sínu konstr, ok bjuggu sik til landgöngu síðan.

29. Litlu síðar enn þeir Hrólfr fóru or Jótlandi ok í Garðaríki, kom við land Tryggvi berserkr, sá er fyrr var getit í sögunni; hann

¹) seiðalur sínar, C.

hafði óvígán her fyrir fjölda sakir, hafði hann optast verit í Skotlandi ok Englandi, síðan hann flýði undan þeim Hrólfi ok Stefni, en nú hafði hann spurt, at þeir voru úr landi farnir, ok nú mundi lítit viðtaka, en þegar Þorgnýr jarl spurði hersöguna, lét hann safna liði, ok með því at Tryggvi hafði mjök á óvart komit, ok þat annat at burt var allt mannval úr landinu, þá fèkk jarl lítit lið móti svá miklum her. Fundr þeirra var skamt frá borginni, sló þar þegar í enn harðasta bardaga, gengu hváirtveggju vel fram. Þorgnýr jarl lét röskliga frambera merki sitt, ok fylgði sjálfr, ok bardist alljarfliga, ok drap margan mann. Björn ráðgjafi fylgði honum karlmannliga, ok feldi marga menn, því þeir voru vanir til herskapar ok fullhugar til framgöngu. Tryggvi gekk ok hart fram, ok óð í gegnum lið jarls, svá ekki stóð við honum, ok hallaðist mjök orrostan á hans menn, jarlsins. Bardaginn stóð allan dag, ok lyktaðist með því, at Þorgnýr jarl féll með góðan orðstýr, ok Tryggvi varð hans bana-maðr. Flýði þá Björn ráðgjafi, ok þat lið er eptir var, til borgar, ok hældu sik þar, en Tryggvi settist um borgina. Síð um kveld sáu menn, at 3^r skip sigldu at landi, voru öll stór ok svört fyrir borði. Þeir lögðu í lægi ok tjölduðu; voru nú borgarmenn hugsjúkir um sinn hag; en þegar morgun kom, gánga skipamenn

1) 12, C.

heim til borgar með fylktu liði; 12 gengu fremstir, ok höfðu tveir af þeim grímur fyrir andliti. Tryggvi fylkti ok liði sínu, en er þeir fundust, varð þar fátt um kveðjur, því grímunenn reðu þegar til bardaga, ok sóttu hart fram; ok er borgarmenn sjá þat, gengu þeir út af borginni, ok komu í opna skjöldu, varð Tryggvi mjök í kvínni¹, ok féll mjök lið hans; menn sóttu fast at Tryggva, ok lauk svá, at hann féll, ok mestr hluti liðs hans, tóku þeir þá mikit herfáng. Fóru grímunenn þegar til skipa sinna, ok áttu ekki tal við aðra menn, undruðust landsmenn mjök, hvat mönnum þetta mundi vera, ok kunní þat enginn at segja; var nú eptir um kyrt, ok var Þorgnýr jarl haugsettr. Þóru fèkk mikit fráfall föður² síns ok mörgum öðrum landsmönnum, því hann hafði verit góðr höfðingi ok stjórnsamr ok ráðit lengi ríkinu, ok átt mjök fríðsamt; var hann því öllum mönnum harmdauði.

30. Frá því er nú at segja, sem fyrr var fráhorfit, at Hrólfr stefnir öllum sínum her móti Eireki konúngi. Þeir fundust skamt frá Aldeiborg, hafði konúngr mikit lið ok harðsnúit; margir voru miklir höfðingjar með Eireki konúngi; einu af þeim var jarl, er Ími³ hét; hann var mikill ok sterkr ok vel vígr, settaðr úr Garðaríki; með þeim var hálfbróðir hans, er

¹) óljóst. ²) bróður, C. ³) Sóni, allataðar C.

Röndólfr hét, hann mátti vel tröll kallast fyrir vaxtar sakir ok afls; móðurætt hans var frá Áluborg í Jötunheimum, ok þar hafði hann uppvaxit; hann hafði kylfu fyrir vopn 6 álna lánga ok mjök digra í annan enda; eigi bitu flest járn á ólpu þá, er hann var í; Röndólfr var hamaðr, ok grenjaði sem tröll, þegar hann reiddist. Brynjólfr var með konungi, en þeir Þórðr ok Grímr voru eigi komnir, þvíat þeir söfnuðu liði et efra um landit. Hvorirtveggju reistu sínar herbúðir, ok sváfu af þá nótt. Þar var sléttlent, ok skamt til sjófar, en um morgin snemma bjuggust þeir til orrostu, en konúngr skipaði fylkíngar tvær, ok var sjálfr í annarri, en Brynjólfr bar merki konúngs. Fyrir fráman merkit setti hann Röndólfr, ok alla þá er mestir kappar voru; en í annan fylkíngararm var Ími jarl ok fleiri tignarmenn, þó þeir sè eigi nefndir; hans merki bar sá maðr, er Arnoddr hét, ok var mikill kappi. Hrólfr setti ok tvær fylkíngar, skipaði hann sèr móti Eireki konungi, ok undir sitt merki Svíum ok Frísum. Stefnir var í annan arm ok Jótar; sá maðr bar merki fyrir honum, er Áli hét, hinn mesti hreystimaðr. Hrólfr var í herklæðunum Hreggviðarnaut, hann reið Dúlcifal. Mart riddaralið var í hvárumtveggja hernum. Stefnir var í annarri kápu Hrólfs. Mëndull var ekki í orrostu, því hann var ekki við vopn vanr. At svá

skipuðu æptu hváirtveggju heróp, ok eptir þat sigu saman fylkingar; var þegar hörð orr-osta ok mikit mannfall af hvárumtveggjum; var fyrst atreið með riddörum, en síðan ákafr bardagi með höggum ok lögum. Röndólfr gekk þegar hart fram, ok lamdi á tvær hendr með kylfunni, ok drap svá bæði menn ok hesta. Engi var svá sterkr riddari, at þyldi eitt hans högg, hrökk því allt undan, þat er fyrir varð. Brynjólfr bar merkit fram kappsamliga, ok gerðist nú illr kurr í liði Hrólfs; hann riðr nú fram á Dúlcefal, ok var enginn svá hraustr, at í söðli sæti fyrir honum ok hans höggum; hann hjó með sverðinu Hreggviðarnaut bæði menn ok hesta, ok drap margan mann, því sverðit beit, sem í vatn brýgði, ok nam hvergi í höggi stað; var nú orrostan mjök skæð, svá hverr fèll um þveran annan. Nú er frá því at segja, (at Stefnir) riðr hart fram í lið Íma jarls, ok veitir mörgum riddara skaða, þar til at Ími jarl kemr í móti honum, riðr þá hvorr at öðrum með miklu kappi, ok leggr hvorr til annars í skjöldinn; en er þeir mættust, brotnaði spjót-skapt Íma sundr í miðju, en Stefnir hjó jarl aprt úr söðlinum, svá hann kom fjarri niðr hestinum, spratt hann skjótt á fætr, ok brá sverðinu. Stefnir hljóp þá af baki, ok hjó til Íma, en hann hjó á móti, ok kom sverð Stefn-

is á gaddhjaltit, ok tók af höndina með; eptir þat lagði Stefnir jarl í gegnum með sverðinu, ok lét hann svá sitt líf, gekk hann síðan hart fram. Þeir fundust í annan stað Áli ok Arnoddr, ok sóttust með mikilli hreysti; þeir hjuggust, svá af þeim voru allar hlífarnar. Báðir höfðu þeir kastat merkjunum, en svá lauk þeirra viðreign, at Arnoddr lagði með sverðinu í kvið Ála, ok út um baki, en hann óð upp á lagit, ok hjó með báðum höndum í höfuð Arnoddi, svá í tönnunum nam staðar, fellu þeir nú báðir dauðir til jarðar. Nú sèr Hrólfr skaða þann, er Röndólfr gerir á liði hans, ok sèr, at eigi muní svá búit hlýða; hann hleypr af baki Dúlcifal, ok veðr á móti Röndólfi, en er þeir mætast, þá lýstr Röndólfr til Hrólfs með járnkylfunni, en hann veik sèr undan, ok treysti eigi at standa undir svá þúngu höggi. Kyllan kom á tvo menn, er staðit höfðu á baki Hrólfs, ok lamdist hvært þein í þeim. Hrólfr slæmdi sverðinu á hönd Röndólfs, ok tók af í úfliðnum, ok allar tær af öðrum fæti. Röndólfr reiddi upp stöngina með annarri hendi, ok laust til Hrólfs af öllum afli; kyllan kom í jörðina, ok sökk til miðs, en Hrólfr sakaði ekki. Hjó Hrólfr þá af Röndólfi aðra höndina, svá hún féll niðr, snèri hann þá undan; hann veifaði stúfunum, ok öskraði sem griðúngr, í því höggr Hrólfr undan honum báða þjóhnappana, svá þeir loddu við í

knæsbotum, dró hann þá slóðann eptir sér, ok hljóp beljandi upp í fylking Eireks konúngs, svá allt hrökk undan; drap hann með því margan mann. Hrólfr ok Stefnir neyttu þessa, ok þeirra menn, höggva nú ok leggja hvern mann, er fyrir varð; fèll nú undvörpum lið Eireks konúngs. Röndólfr gáði ekki, hvat fyrir var, ok hljóp á Brynjólf, svá at hann fèll á bak aptr með merkit, ok komst með nauðum á fætr, ok flýði síðan. En er menn Eireks konúngs sjá merkit fallit, þá flýði hverr einn. En er Eirekr sér þat, flýr hann sem aðrir til borgarinnar, en þeir Hrólfr ok Stefnir ráku flóttann, ok drápu hvern, er þeir náðu; varð þar svá mikit mannfall, at varla má tölu á koma. Röndólfr hljóp út á ána, ok drekti sér; en Eirekr konúngr ok þeirra lið, er undan komst, byrgðu sik inni í borginni, ok lauk með því orrostu; var þá komit at kveldi. Hrólfr fór þá til herbúða sinna, ok lét binda sár manna sinna, hafði ok mart fallit af liði hans; en er áleið kveldit, saú menn Hrólfs þrjú herskip fara at landi; þeir lögðu í lægi, ok bjuggust um; eptir þat gengu frá skipum 3 húndruð manna, þat var allt vaskligt lið ok velbúit. Einn maðr var þar stærstr fyrir liði. Þessir menn gengu til herbúða Hrólfs, ok er þeir finnast, kennir Hrólfr, at þar er kominn faðir hans Sturlaugr ok Eirekr, bróðir hans; verðr þar mikill fagnafundur

með þeim öllum saman. Spurði Hrólfr föður sinn tíðinda, ok af ferðum sínum. Sturlaugr var þá gamall mjök, ok hafði lengi aflagt herferðir; sagðist hann hafa spurt til ferða Hrólfs, ok hann hefði því farit af Noregi til Garðaríkis, at veita Hrólfi lið. Drukku þeir um kveldit, ok höfðu mikla gleði. Sturlaugr hafði herklæði sín, ok saxit Vefreyjunaut; með honum voru margir kappar ok hreystimenn úr Hringaríki, einn af þeim hét Tjörfi¹ hinn sterki, annar Bárðr, þriðl Garði, fjórði Atli, fimti Birgir, sjötti Sölvi, sjöundi Loðinn², áttundi Knútr kveisa; allir voru þessir hinir mestu hreystimenn; þótti þeir Tjörfi ok Knútr bera langt af þeim, tóku þeir nú náðir á sik um nóttina, ok höfðu vörðu sterka.

31. At Eireki konungi dreif mart lið um nóttina; þeir úr hæröðum söfnuðust til hans, en þeir Grímr ægir ok Þórðr Hlès-eyjarskalli komu um kveldit með ótöluligan her, voru með þeim margir kappar ok berserkir, ok eru 12 nefndir: einn er Örn enn ermski, [Ulfr, Hárr ok³ Gellir, Sörli⁴ síðnefr ok Tjörfi, Tjösni, Loðmundr⁵, Haki⁶, Lífólfr ok Styrr sterki, Brúsi beinserkr; allir voru þessir illir viðreignar, ok líkari tröllum enn mönnum, þótt fjórir væri verstir, en þat var

¹) Torfi, *allstaðar C.* ²) digri, *b. v. C.* ³) *leidrött; Illr, Hallr ok, hær A;* annar Ulli, þriðl Hárr,-fjórði, *C.* ⁴) Sælli, *C.* ⁵) Luðmundr, *C.* ⁶) Herkir, *C.*

Tjösuir ok Gellir ok þeir bræðr Styrr ok Brúsi. Varð nú Eirekr konúgr feginn þeirra komu, ok sagði þeim, hann hefði fengit mikinn mannskaða, ok Hrólfr væri ólíkr flestum mönnum fyrir hreysti sakir ok herklæða, er hann hafði: var oss þat mikit óhapp, at Hrólfr náði sverðinu Hreggviðarnaut. Grímr segir: vel mun duga, skulum vér þann mannskaða aptr bæta á morgin, er þér fenguð í dag. Leið náttin, en dagr kom, bjuggust nú hváirtveggju til orrostu. Eirekr konúgr fór út af borginni með allt sitt lið, ok skipaði sínar fylkingar. Brynjólfur bar enn merki hans, en undir merkinu stóðu 8 berserkir: Örn ermski, [Úlfr, Haki¹, Sörli, Lífólfur, Loðmundr², Herkir, Tjörfi ok Grímr segir; stóð hann fyrir framan fylkingarmerkit. Í annan arminn var Þórðr Hlèseyyjar-skalli, ok var borit fyrir honum merki. Þar voru þeir Tjösuir ok Gellir, Styrr ok Brúsi ok mart annat lið. Í mót Eireki konúgi fylkti Hrólfr ok Stefnir, ok með þeim Knútr kveisa ok Torfi hinn sterki. Á mót Þórði fylkti Sturlaugr ok Eirekr, son hans, ok þeir 6 kapparnir: Haddr, Garði, Atli, Birgir, Sölvi ok Loðinn. Eigi er þess getit, hverir merki báru fleiri enn Brynjólfur. Liðsmunr var mikill, svá at konúgr hafði þrjá um einn. Síðan var í lúðra blásit, ok eptir þat sigu saman fylkingar með ópi ok eggjan, ok miklu vopnabraki; var

¹) Ulli, Hárr, C. ²) v. í C. ³) þannig C; ok Kesja, A.

fyrst hörð skothrífð, en síðan höggorrosta, ok gengu hvárir sterkliga á aðra, voru margir þeir hlutir ok atburðir, at jafnfram báru við, ok verðr þó fram í einu senn at segja. Mönðull dvergr var eigi í orrostu, ok stóð á hæð nokkurri; hann skaut af handboga, ok var mjök mannskæðr; gengu nú hváirtveggi hart fram, svá eigi þurfti sóknar at frýja. Í móti Grími ægi komu þeir Knútr kveisa ok Torfi hinn sterki, báðir voru þeir sterkir¹ ok fjölkunnigir; þeir sóttu hann báðir senn lengi dags, var þeirra atgánger (svá) harðr, at menn urðu forða sér nærri at vera. Berserkirnir konúnga gerðu mikit af sér, ok gengu í gegnum lið Hrólfs, svá allt hrökk undan, varð þar margr góðr drengr ríki sitt at missa; engi var svá góðr hjálmr, eðr þykk skjöldr, at eigi yrði at gánga fyrir þeirra höggum, var lið Hrólfs búit til flótta. Hrólfr hafði gengit í fylking Eireks konúnga ok Stefnir, ok gerðu þar mikinn skaða, áðr þeir sáu, hversu berserkirnir gengu hart fram, snæru þeir þá í móti þeim, ok er þeir fundust, var þar ekki stórra höggva at frýja, er hvárir greiddu öðrum. Hrólfr hjó til Arnar, en hann kom skildi við, ok tók hann sundr, en blöðrefillinn reist allan kviðinn, svá út féllu iðrin. Eptir þat lagði hann Herki í gegnum, ok (hjó) báða fætr undan Lifólfi. Stefnir lagði með spjóti til Ulfs², en hann kom skildi fyrir

¹) hamramir, C. ²) Ulla, *allstaðar* C.

lagit, ok gekk í gegnum, ok svá í lærit, var þat mikit sár. Úlfr hjó spjótit af skaptinu. Hárr hljóp ok fram at Hrólfi¹, ok laust með gaddakylfu utan á hjálminn, svá honum hélt við ómegin, ok hrapaði at Úlfi, ok stakk við honum sverðinu, en brynjan dugði eigi, ok gekk í gegnum hann. Loðmundr lagði til Stefnis, [þar er kálfann tók², ok í gegnum kálfann. Hrólfr kom at því, ok höggr báðum höndunum í höfuðLoðni³, ok klauf hann allan niðr í gegnum, (svá) at í jörðu nam staðar. Í því lögðu þeir Sörli ok Tjörfi at Hrólfi. Hárr laust með kylfunni um hrygg Hrólfs, hefði þat orðit hans bani, ef eigi hefði kápan hlíft honum ok herklæðin, en hann féll á bæði knè. Hann spratt upp skjótt, ok hjó á fót Hárs, svá aftók í hnjáliðunum. Hrólfr slæmdi ok sverðinu utan á síðu Tjörfa, svá hann tók sundr í miðju. Sörli leit aði þá undan, ok hnykti⁴ á annan fótinn, ok laðdi með kylfunni, hvat er fyrir varð. Hann drap 11 menn, áðr Stefni hjó hann banahögg, lét hann líf sitt með góðan orðstýr, var nú hörð orrosta. Eirekr konúgr ok Brynjólfr drápu margan mann, Möndull skaut Eirek konúg [með pflu' gegnum handlegginn. Þeir Hrólfr ok Stefni sækja nú hart fram á nýrra leik, því mjök hallaðist á þá bardáginn. Þeir komu þar at, er þeir höfðu við ázt, Grímr ok Torfi

1) Sturlaugi, C. 2) fyrir neðan kápuna, C. 3) Lauðmundi, C. 4) Hárr hnekti, C. 5) v. í C.

ok Knútr, ok var þar jörðu umsnúit; lyktaði svá þeirra viðreign, at Knútr var dauðr, en Torfi ófær fyrir sára sakir. Grímr var móðr mjök, en þó hafði hann drepit þá enn margan mann. Hrólfr ok Stefnir höggva til hans báðir senn, en hann fór niðr í jörðina undan, því líkt sem á vatni væri. Frá því er nú at segja, er jafnfram bar við, at þeir Sturlaugr sækjast í annan fylkingararm, gengu þar hvárir í lið annarra með stórum höggum ok sterkum spjótalögum, var þar mikit mannfall. Sturlaugr hjó, ok lagði til beggja handa með saxinu Vefreyjunaut, þurfti sá engi um sár at binda, er skeinu fékk af því. Eirekr, son hans, fylgði honum vel, ok feldi margan mann. Þórðr Hléseyjar-skalli gekk með miklu kappi mót Sturlaugi, hann atti fram berum skallanum, en, þó á hann væri höggvit með sverðum eðr öxum, þá beit ekki, því mátti hann öruggfr framganga. Þeir Norðmennirnir, 40 af mönnum Sturlaugis, komu móti honum, ok sóttu allir at honum, en hann varðist með miklu kappi. Í öðrum stað mættust þeir Styrr sterki ok Brúsi beinserkr, en í móti þeim kom Haddr ok Garðr, Birgir ok Sölfi, gengu þeir þrír at hinum tveimr, ok þurftu þeir allra handa við, var þeirra sókn bæði hörð ok áköf, ok eru þeirra högg ok lög eigi með atvikum greind; en svá lauk þeirra fundi, at þeir Styrr ok Brúsi sprúngu af mæði,

höfðu þeir þá drepit [Hadd ok Garð, ok höggvit báðar hendr af Sölva, en Birgir var mjök sár. Sölvi hljóp at einum manni, ok setti hausinn¹ fyrir brjóst honum, svá inn gengu bríngspalirnar, var þat hans bani. Eptir þat feldi hann annan, ok beit sundr barkann í þeim, var hann þá lagðr spjóti í gegnum, ok lét hann líf sitt með mikilli hreysti. Loðinn ok Atli sóttu tveir Gelli, ok var þeirra fundr harðr, því hann var it mesta illmenni, særðu þeir hann mörgum sárum. Gellir hjó Atla með bryntröllsbroddi, en hann kom í hjálminn, ok klauf hann, svá í heila nam staðar. Loðinn vildi hefna hans, ok lagði með sverði til Gellis í gegnum brynjuna, ok í lærit, varð þat mikit sár. Gellir hjó þá til Loðins, ok kom á viðbeinit, ok tók þat sundr, ok sneið hjartat; féll hann dauðr niðr. Þá kom at Eirekr Sturlaugsson, ok höggv Gellibanahögg. Nú finnast þeir Tjösni ok Sturlaugr, höggv hvárr til annars, ok varð hvárgi sár. Hann hjó af Tjösni allan skjöldinn, en þó hörfði Sturlaugr fyrir stórum höggum Tjösna; Möndull sèr þetta, hann leggur ör á streng, ok skýtr einni krókör í augat á Tjösna, svá langt sökk uppá skaptit. Tjösni grípr í örvarskaptit, ok slítr burt örina, ok var þar á augat. Þessu sætir Sturlaugr, ok höggv í því Tjösna sundr í miðju, svá sèr féll hvorr hlutr

1) v. í C. 2) hjálminn, C.

inn. Sturlaugr sèr nú, hversu mikinn skaða Þórðr gerir honum, svá nálíga var líð hans komit á flótta, en sumt drepit; sækir hann nú þángat til, er Þórðr er, en hann snýst í móti, ok varð þeirra einvígi bæði hart ok langt, þar til er Sturlaugr kom staðhöggi á Þórð, þat kom í skalla honum, ok bilaði eigi heldr enn vant var. Þat högg varð svá mikit, at hann klauf höfuð Þórðar ok allan búkinn niðr í gegnum, svá hann féll í tveim hlutum til jarðar. Sturlaugi vannst at með ýkjum, ok varð honum saxit laust, ok smaug niðr í jörðina, ok fannst aldri síðan. Um þenna atburð greinast mjök bækr, at því svá segir í Sturlaugs sögu ok fleirum öðrum sögum, at hann hafir orðit sótt dauðr heima í Hringaríki, ok væri þar heygðr, en hær segir svá, at þeptir fall Þórðar kom Grímr ægir upp úr jörðunni á baki Sturlaugi, ok hjó með mæki um hrygg honum, svá tæki sundr í miðju; vitum vér eigi, hvært sannara er. Eirekr, son hans, sèr þetta, því hann var nær staddr; hann hjó til Gríms með sverði af mikilli reiði, ok kom á öxl honum, ok gnast við, sem í stein kæmi, ok beit ekki á. Grímr snérist í móti Eireki, ok spjó eitri í andlit honum svá heitu, at hann féll þegar dauðr niðr. Allir menn skelfðust við þessa sýn, en þó var enn hörð orrøsta ok mikit mannfall. Ok er Hrólfr vissi þessi tíðindi, varð hann reiðr mjök, ok sparði hann þá

ekki Hreggviðarnaut, ok hjó bæði hart ok títt, svá allt hrökk undan, þat er fyrir var, drap hann stundum tvo eðr þrjá í einu höggi, ok óð þvílíkt fram, sem hann væði þúngan árstraum. Orrosta þessi stóð allan daginn, til þess at svá var myrkt, at eigi var vígljóst, lét þá Eirekr konúngr halda upp friðskildi, ok gafst upp orrostan. Fór konúngr í borgina með sitt lið, en Hrólfr til herbúða sinna, ok voru bundin sár manna þeirra, er lífvænir voru; en svá hafði fallit lið Hrólfs ok Stefnis, at eigi voru meir eptir enn tvær¹ þúsundir manna af öllum þeirra her, ok flest allt mjök sárt; var nú illr kurr í liðinu²; tóku menn þá á sik náðir, ok sofnuðu skjótt eptir mikla mæðu.

32. En þegar menn voru í svefni, stóð Hrólfr upp mjök hljóðliga. Hann gekk þángat, sem Dúlcifal var, ok stè á bak honum, ok rejð til þess er hann kom til Hreggviðar haugs; túnglsljós var bjart; Hrólfr stè af hestinum, ok gekk uppá hauginn; hann sèr, hvar Hreggviðr konúngr sitr utan undir hauginum ok horfir mót túnglinu, ok kvað:

Gleðst Hreggviðr
af góðri³ för
Hrólfs hins hugdjarfa
híngat til landa;

¹) 3, C. ²) ok eggjuðu flestir at flyja, b. v. C. ³) þannig C; frægri, A.

mun rekr sá
 ræsis hefna
 á Eireki
 ok öllum þeim.

Gleðst Hreggviðr
 af Gríms dauða
 Þórðar ok þar með
 þrjóta lífstundir;
 mun flokkur sjá
 fjanda minna
 fyrir Hrólfi
 hníga verða.

Gleðst Hreggviðr,
 þá Hrólfr fær
 úngrar meyjar
 Íngigerðar;
 mun Hólmgarði
 hilmir stýra
 Sturlaugsson^r,
 standi kvæði.

Gekk þá fram Hrólfr, ok kvaddi hann virðuliga. Konúngr tók vel kveðju hans, ok spurði, hversu honum gengi til. Hrólfr segir: gjörla munuð þér þat vita þikjast, þótt ek segi þar eigi af, en þúngt hefir oss orrostan veitt hér til sakir þess mikla mannskaða, er vèr höfum fengit, ok er yðr nú til, at leggja nokkur góð ráð, at oss verði liðsemd at. Hreggviðr mælti: nú þiki mèr góð efni í, at þú munir geta hefnat mín, ok mun

^r) ok, b. v. C.

Þér sigrs auðit verða, þó ólíkligt þiki. Hér eru tvær byttur, er þú skalt við taka ok skeinkja öllum þínum mönnum¹ af annarri, þegar þeir vakna í morgin, en af hinni minni byttunni skulið þið Stefnir drekka, ok mun ykk þaðan af enginn hlutr at áskilnaði verða; kann ek þér þat at segja, at Stefnir ætlar sér Íngigerði, dóttur mína, þegar hann sá fegurð hennar, en eigi Þorgný, föður sínum, eðr þér. Nú ann ek þér at njóta hennar, enda mun Stefni þat vel líka, er þú vilt vera láta, þegar þið hafið af byttunni drukkit. Hér er ok knífr ok belti, er ek vil gefa þér, ok munu eigi þvílíkir gripir á Norðrlöndum finnast, skaltu þeim einum manni gefa þat, er þú þikist mikit gott eiga upp at unna, en nú munum við hér skilja at sinni, ok aldri síðan sjást; skaltu nú hauginn aptrbyrgja, sem ek hefi þér áðr fyrir sagt; berr þú kveðju mína Íngigerði, dóttur minni, vildi ek til þín hyrfi öll sú hreysti ok hamíngja, er mér hefir áðr fylgt; far nú heill ok vel; gáangi þér allir hlutir eptir óskum! Síðan (fór) Hreggviðr öfugr inni hauginh, en Hrólfr byrgði aptr hauginn, sem honum var boðit, ok stè síðan á Dúlcefal, ok snèri heimleiðis. En er hann var mjök kominn at herbúðum, fór Stefnir þar í móti honum með alvæpni mjök reiðiligr, ok mælti; illa hefir þú gert, Hrólfr! er þú hefir gengit í Hreggviðarhaug, ok vilt þér einum frægða, ok

¹) hér v. blað i C.

hyggst þar með at fá Íngigerðar konungsdóttur, en þat er þó eigi þess vissara. Hrólfr segir: enga frægð hefi ek í þessu unnit, þótt ek hafi við-
 ara farit náttlengis heldr enn þú, hefi ek aung-
 an hug á þat lagt, at ek mundi konungsdótt-
 ur fá, mun sá hennar njóta, er lagit verðr, hvat
 er hvergi hugsar. Segir Hrólfr þá Stefni af
 sinni ferð til haugsins, ok sýndi honum bytt-
 urnar, settust þeir þá niðr, ok drukku af bytt-
 unni, ok þóttust þeir við þann drykk mikit
 styrkna, gerðist Stefni þá blíðr við Hrólfr, ok
 segir honum makligast at njóta Íngigerðar: ok
 er þat sannligra at þú fái hennar, heldr enn
 faðir minn, svá gamall sem hann er. Gengu
 þeir síðan til herbúða sinna, ok svófu þat, er
 nætr var eptir. Árla um morgin vakti Hrólfr
 lið sitt, ok skenktí öllum af byttunni, en þegar
 hverr hafði afdrukkit, kendi enginn sinna
 sára, þótt áðr væri ófærir, þegar sezt hafði
 með þeim; eggjuðu þeir mest, at berjast skyldi,
 er áðr vildu harðast flýja. Möndull sá í bytt-
 una, ok segir slíka hluti vinsamliga: en þó vil ek
 ekki þetta öl drekka, mega því allir ógrliga
 framganga, at oss kemr góð dagveizla, áðr
 enn sjá dagr er úti, en þó munu þeir tíðindi
 segja kunna. Herklæddust nú allir, ok bjuggu
 sik til orrostu. Möndull mælti þá: nú mun
 sá dagr kominn, Hrólfr! er þú munt þurfa kápu
 þinnar, er hér ein brún silkiblaka, er þú skalt
 setja innan undir kápugrímuna, ok aldri henni

frá andlitinu létta, þó þær kunni heitt at verða. Hrólfr tók við blökunni, ok bjó svá um, sem dvergr sagði fyrir. Fóru þeir nú til vígvallar, ok fylktu liði sínu, ok sýndu sik búna at berjast; tóku þeir sèr annan orrostustað, því sá hinn sami mátti eigi vera fyrir valfalli. Möndull gengr tysvar rángsælis kríngum valinn; hann blès ok blístraði í allar ættir, ok þuldi þar forn fræði yfir, ok sagði þann val þeim eigi at meini verða mundu.

33. Eirekr konúgr hafði farit í borgina um kveldit eptir orrostuna, at binda sár sinna manna; hafði hann mikinn mannskaða, ok látit alla kappa sína, svá at Sörli síðnefr lifði einn eptir af öllum þeim, er Grími ok Þórði hafði þangat fylgt, dreif til konúngs mikit lið úr hèruðum bæði nætr ok daga. Þóttust þeir Eirekr konúgr ok Grímr hafa ráð þeirra Hrólfs í hendi sèr fyrir liðsmunar sakir, bjóst nú Grímr við mörgum brögðum um nóttina, ok þeir Brynjólfr. Sár þat, er Eirekr konúgr fékk í handlegginn af þslu þeirri, er Möndull sendi honum, tók mjök at þrútna, ok var honum höndin óvlg. Um morgin árla reið Eirekr konúgr út af borginni með allan sinn her; skikkaði hann fylkingum sínum, ok var skotit skjaldborg um hann. Brynjólfr skyldi verja skjaldborgina, en sá maðr bar merki, er Snákr hèt; Grímr ægir í annan arm ok Sörli síðnefr.

Liðsmunr var svá mikill, at 6 voru um einn Hrólfs manna. En er hann sèr þat, segir hann sínum mönnum, at þeir skulu ekki fylkja: ok munum vèr renna at riðlum 30 eða 40 í flokki, at eigi verði hríngur um oss sleginn af þeirra fjölmenni; mun ek skipa mér móti Grími ægi, en Stefni móti Eireki konúngi, ok með honum Torfa, en þèr, Mëndull dvergr! ætla ek at sjá við göldrum Gríms, at eigi geri hann vorum mönnum líftjón með sinni fjölkýngi. Mëndull gekk þá fram, ok var kominn í kúfl svartan, ok var hvergi bert á honum. Undir annarri hendi hafði hann belg stóran, ok var innan með dýrskinn, en utan með gult klæði; boga ok örva-mæli hafði hann í annarri hendi; öllum þótti búnaðr hans undarligr. Grímr gengr þángat, er valrinn lá, ok velti þeim, er dauðir voru, ok vildi uppreisa, en gat eigi; gerist hann nú svá hræðiligr at í sinni ásjónu, at flestir menn þorðu eigi í móti honum at sjá, því augu hans voru sem eldr, en svartr reykr úr nösnum ok munni með hinnu sterkusta fýlu. Skjótt eptir þat æptu hvortveggju heróp, ok gánga hvárir móti öðrum. Grímr öskraði svá hátt, at hans hljóð barst yfir allt herópit. Hann hljóp fram fyrir fylkíng sína, ok hristi einn poka, en þar úr fýkr ein dumba svört, ok at mönnum Hrólfs; en er Mëndull sá þat, gengr hann fram, ok hristi belg sinn, ok blès þar úr vindi miklum í móti dumbunni, svá hún fauk æptr í augu á

Gríms mönnum, svá þeir urðu þegar blindir, ok féllu áfram, ok voru fóttroðnir til bana af sínum mönnum. Grímr varð nú reiðr mjök; hann leggr örina á streng, ok skaut til Mönðuls, en hann skýtr í móti, ok mættust örvarnar í oddana, ok féllu niðr báðar, fór svá þrjá tíma. Þessu jafnfram tókst harðr bardagi með braki ok kalli, er hverr eggjar annan, því svá voru menn Hrólfs ákafir, at þeir eirðu aungu, létu sem þeim væri viss sigrinn. Stefnir gekk hart fram móti Eireki konúngi, ok með honum Torfi ok Birgir. Þeir ruddust um fast, ok er seint at telja högg ok lög þeirra, er þeir drápu margan mann, svá varla mátti tölu á koma. Brynjólfr gengr nú ok hart fram ok Snákr merkismaðr, svá þeir feldu í fyrstu hröð 40 riddara. Hrólfr kemr mót Grími ægi, ok högggr til hans, en hann barst undan í lopt upp í flugdreka, ok spjó eitri yfir Hrólfr. Mönðull var nær staddr, ok brá undir belgnum, svá hann fylði af eitrinu; hann hljóp með belginn at Sörla síðnef, ok steypiti í andlit honum, svá hann féll dauðr. Grímr varð þá at manni, en þó hafði hann drepit 9 menn með eitrinu. Grímr hljóp þá at dvergnum, ok vildi taka hann; en Mönðull vildi þess eigi bíða, ok fór í jörð niðr, þar sem hann var kominn. Grímr fór ok niðr eptir honum, svá saman lauk jörðina fyrir ofan höfuð þeim. Hrólfr gengr nú fram hart,

ok höggr til beggja handa, urðu þeir lættir fyrir honum, féll nú hverr um þveran annan; aungum þurfti hann at gefa meir enn eitt högg; gaf sá hverr dauðann fyrir lífit, er hann náði sverðinu til, ok báðar hans hendr voru blóðgáðar til axlar upp, bauð nú flestum hans framganga ótta, var orrostan mjök mannskæð í báða armana. Þvínæst sáu nokkurir menn frá orrostanni, at 15 skip¹ róa at landi, sem mest geta. Þau lögðu í lægi, gekk mart lið frá skipunum ok mjök vígligt; tveir menn voru hér mestir vexti, ok höfðu grímur fyrir andliti. Þeir gengu þegar til orrostu með Hrólfi, ok kvomu mjök í opna skjöldu Eireki konungi, ok gerðist mikit flótta roð í liði hans, voru grímumenn ákafastir, ok hjuggu bæði ótt ok títt; var nú svá aköf orrostan, at hún var aldri fyrr þvílik. Þar mátti sjá margan skjöld klofinn ok sterkan hjálm brotinn ok brynjur slitnar ok margan mikilsháttar mann lágt liggja. Engi lét sér þar annars víti at varnaði verða. Þar var skotit spjótum, gáflokum², flettiskeptum, handsöxum ok mörgum öðrum skotvopnum. Hrólfr sækir nú fram at skjaldborginni, ok varð þar hörð viðtaka. Grímr ægir kemr þá aptr til orrostunnar, ok var mjök ófrýnligr, drap hann þá hvern, er fyrir honum varð; í móti honum komu þeir Birgir ok Torfi ok báðir grímumenn, ok sóttu at honum allir með miklu kappi, ok

¹) hér byrjar C aptr. ²) gáflokum, C.

komu þeir aungu sári á hann, greiddi hann þeim mörg högg ok stór, urðu þeir bæði sárir ok móðir. Þetta var allt jafnsnemma, at Stefnir mætti Svala, ok hjó til hans með sverði; þat högg kom í skjöldinn, ok tók af þat, er nam, ok í sundr merkisstaungina. Svalr¹ hjó í móti, ok klauf í sundr allan skjöldinn, en Stefnir varð ekki sár; hann hjó til Svals, ok kom utan á hjálminn, ok rendi af barðit, ok niðr á öxlina, ok tók í sundr axlarbeinit ok inn í búkinn, ok fèkk hann bana; var nú merki Eireks konúngs í gras fallit. Þetta sèr Brynjólfr, ok sækir nú í móti Stefni mjök illiligr ásýndar; hann var tennt sem villigöltr; hann höggr til Stefnis, ok hvorr til annars, ok beit ekki á Vefreyjunaut, beit ok ekki sverð Stefnis á Brynjólf. Þeir hjuggust lengi, ok varð Stefnir mjök móðr, þar til er sverðit gekk sundr undir hjöltunum. Þá rann Stefnir undir Brynjólf, en hann tok í móti mjök sterkliga. Brynjólfr beit í öxl Stefnis, ok klypti holdit burt af beininu svá mikit, sem hann fèkk yfir ginit, þvíat eigi tóku tennt hans í gegnum kápuna. Stefnir varð við karlmannliga, ok þreif hendi í munn Brynjólfs, ok reif allt út at eyra, var hann þá mjök ókyssiligr, glímdu þeir svá lengi, at ýmsir hörfuðu, þar til at Brynjólfr féll á bak aptr um Sval; spenti hann þá báðum höndum hrygg Stefnis svá fast, at

1) Svalr, Svala, *allstaðar C.*

hann mátti sér hvergi víkja, varð hann andlitinu at forða, sem hann mátti, at Brynjólfr biti hann eigi. Nú er frá Hrólfi at segja, hann sækir at skjaldborginni með miklum grimmeik, fékk hann þar mörg högg ok lög ok mikla atsókn, því þar var allt it hraustasta mannaval Eireks konúnga, hefði hann þar fengið mörg sár ok mikinn skaða, ef eigi hefði kápan hlíft honum ok herklæðin. Þá drap Hrólfr einn sjötígi riddara; Hrólfr rauf þá alla skjaldborgina; Eirekr konúngur varðist vel ok kænliga, hann kallar hárra röddu á Grím ægi, ok bað hann duga sér ok hlífa nú aungu. En er Grímur heyrði þat, skundar hann þangat. Hann hafði þá drepit Torfa ok Birgi, ok særða grímumennina, en annan til ólffis, hafði hann verit stundum flugdreki, en stundum ormr, gölfr ok griðúngur eðr önnur skaðsamlig skrípi, þau er mönnum eru meinsamligust; ok er Hrólfr sér hann, þá mælti hann: enn muntu sökkva þér í jörð niðr, sem í gær, er við fundust, nú far þú hingat, Ægir! ok berst við mik! ef þú þorir, þar til er annarhvor okkar fellr. Grímur sagði: þat skaltu finna, at ek er hér kominn, ok hjó til Hrólfs, en Hrólfr í móti; þar mátti sjá stór högg ok ákafa sókn, er hvorr veitti öðrum, en aldri hjuggu þeir svá stórt, at nokkut biti. Þeirra atgánger var svá harðr, at allir stukku frá,

Þeir er í nánd voru, en svá hrökk eldrinn úr vopnunum, er þau mættust, at alla vega sundraði af. Enn mikli grímumaðr mætti Eireki konúngi, ok var þeirra atgánger mjök harðr; Eirekr konúnger hafði skjöldinn á þeirri hendi, er sár var, en hjó með hinni bæði mart ok stórt, því hann var hinn mesti kappi. Svá endaði þeirra viðskipti, at grímumaðr klauf af konúngi allan skjöldinn; eptir þat hjó hann báða fætr undan Eireki konúngi, ok drap hann; síðan lét hann líf sitt með mikilli hreysti; brast þá flótti í liðinu, ok flýði hverr, sem mátti, tókst nú mannfallit á nýan leik, ervíkingar ráku flóttann drengiliga. Þeir Hrólfr ok Grímr hörfuðu úr fylkingunni, ok börðust með miklu kappi, þar til er Hrólfr skoraði sundr mæki Gríms í miðju með Hreggviðar-naut. Grímr hljóp þá á Hrólfr sterkliga; varð Hrólfr þá at kasta sverðinu, ok tók á móti. Grímr hamaðist þá, svá hann óð jörðina til knjá, en Hrólfr barst undan, ok varð at forða sér við föllum. Grímr spjó stundum eitri, stundum eldi á Hrólfr, svá þat hefði hans bani orðit, ef eigi hefði kápan fyrir verit, eða blaka sú, er Möndull gaf honum, var hans andi svá heitr, at hann þóttist nálíga brenna í gegnum Vefreyjunaut ok herklæðin; kramdi Grímr hold af beinum, þar sem hann tók til; aldri þóttist Hrólfr í meiri mannaun komit hafa; þat sá hann at hann mundi springa af

mæði, ef þeir settist tveir við lengi, ok svá spyrndu þeir sterkliga til, at afgekk gras ok svörðr af jörðinni, þar er þeir gengu. Hann sér, hvar Möndull kemr hlaupandi; hann þrífir eitt sverð, er lá á vellinum, ok höggr báðum höndum á fót Gríms, en ekki beit heldr enn í stein kæmi. Möndull hleypr aptr til valsins, ok finnr Hreggviðarnaut; hann bregðr hráka sínum á eggina, ok dregr sverðit þangat, er þeir glímdu, því hann fékk þat eigi borit nè reitt fyrir þúnga sakir; getr hann þá dregit sverðit aptan at kálfunum á Grími, svá sundr tóku sinarnar á fótunum, þá féll Grímr. Dvergr mælti: haltu, Hrólfr! svá hann verði ekki laus. Grímr brauzt um fast, ok sótti í jörð niðr, en Hrólfr hélt honum eptir megni; þá mælti hann: mikil lukka fylgir þér, Hrólfr! ok muntu frægr verða af drápi mínu ok stórvirkjum þeim, er þú hefir unnit í Garðaríki; haugr mun orþinn eptir mik, ok settr við sjó fram, ok mun þeim öllum vís dauði, er þar taka fyrst land, þeir af hafi koma til. Margar gíldrur hefi ek sett þér til dauða, því mér sagði laungum hugr um þat, er nú er framkomit. Ek sendi Vilhjálmi til þín, at svikja þik; en þér var lengra líf lagit. Nú hefðir þú mik ekki yfirunnit, ef eigi hefði sjá óhappadvergr þar í tilstilli um verit. Möndull hljóp þá upp, ok stakk digru kefli í munn Gríms, svá at fast stóð. Möndull mælti þá: ef Grímr

hefði nú mátt mæla lengra, þá hefði hann svá fyrir-mælt þær ok fleirum öðrum, at þú hefðir morknat sundr, ok orðit. at öngu nema dupti, ok skaltu drepa hann skjótt ok leggja sverðit fyrir brjóst honum, en aflima eigi, því þat verðr allt at eitroimum, er af honum er höggvit, skal ok enginn fyrir hans sjónum verða, meðan hann deyr, því þat er þess bani. Hrólfr tók nú Hreggviðarnaut, ok lagði fyrir brjóst Grími, svá út gekk um bakit, en dvergr tók skjöld einn, ok lagði fyrir ásjónu, en þótt þat megi ólíkligt þikja, þá segir svá, at hann drafnaði¹ í sundr sem snjó í eldi, ok varð at dupti einu; lét Grímr svá líf sitt með hræðiligum fjörbrotum ok hörðu handakasti², en Hrólfr lá ofan á honum, þar til hann er dauðr; hélt Hrólfi þá mjök við ómegi af umfangi því, er hann hafði haft við Grím ægi. Sá hinn mikli grímunnaðr snæri aptr til valsins, þegar hann hafði litla stund rekit flóttann, kom hann þar at, er þeir Stefnir ok Brynjólfr lágu, svá sem fyrr var frá sagt, vill hann þá duga Stefni, ok leysti hendr Brynjólfs af honum, en þat fèkk hann eigi gert fyrr, enn hann braut af honum sérhvern fingrinn, lömdu þeir hann síðan með keppum í hel; var Stefnir svá stirðr orðinn af hans handagangi, at varla mátti hann einsaman ganga með öðrum mönnum. Var þessi nú hin mikla orrosta enduð, ok hafði þar orðit svá mikit mannsfall,

¹) bráðnaði, C. ²) andakasti, C.

at menn vissu varla þvílíkt, ok lágu dauðir mannaþúkar um alla völlu, svá þykt at eigi mátti um jörðina gánga, fyrir því mikla valfalli; hafði þó fleira fallit af Eireki konungi. Hrólfr ok Stefnir höfðu látit allt lið sitt fyrir utan átta hundruð manna, er eptir lifðu, ok var þat flest sárt; skorti þar nú ekki vopn nè væna gripi, er dauðir menn höfðu átt; gekk Hrólfr ok Stefnir nú til herbúða sinna, ok batt Möndull dvergr sár manna, ok lofuðu allir hans kunnáttu ok dugnað; sagði Möndull, at þat hefði verit hans bani, ef Grímr hefði náð honum, þá hann steypiti sèr niðr í jörðina: naut ek þá þess, segir hann, at fleiri voru mínir vinir enn hans þar fyrir. Grímumaðr fór til skipa sinna um kveldit með sínu liði, ok tjölduðu þeir sèr herbúðir; tóku nú hváirtveggju á sik náðir, ok þótti flestum mál hvíldar. Lið þat, er undan komst, ok Eireki konungi hafði fylgt, flýðu til borgarinnar, ok hældu sik þar.

34. Um nóttina, er menn voru sofnaðir, gengu þeir Hrólfr ok Stefnir til herbúða skipamanna, ok svófu þeir allir með herklæðum sínum; tók Hrólfr þá knífinn ok beltit, þat er Hreggviðr gaf honum, ok batt við spjót-skapt grímumanns, ok mælti: þenna grip gef ek formanni liðs þessa, ok þar með þakkar ek honum sína drengiliga þjónustu ok liðveizlu, þikist ek skyldugr at gera honum allan þann góða, sem ek má veita honum, ok hann vill

af mér þiggja; enginn svaraði þeim, gengu þeir nú til búða sinna, ok svófu af nóttina. Um morgun árla gekk Hrólfr til borgarinnar með lið sitt; kom þar ok grímumaðr með sitt lið¹; þíngaði Hrólfr þá við borgarmenn, ok játaði þeim griðum, ef þeir vildi borgina uppgefa; taka þeir nú þann kost, gengu þeir Hrólfr í borgina með öllu liði sínu, ok skutu á húsþingi, ok kvað Hrólfr upp á þínginu, at þeir voru þar komnir af hendi Íngigerðar konungs dóttur, at vinna hennar ríki aptr af hennar óvinum, ok hún væri nú í Danmörk heil ok vel til reiða; urðu landsmenn við þessi tíðindi mjök glaðir, ok þóttust undir hennar vald þjóna vildu, gengu þeir Hrólfr nú til halla, ok settust til drykkju með mikilli gleði; tók hinn ókenni maðr þá af sèr grímuna; kendi Hrólfr ok Stefnir þá, at þar var kominn Hrafn, er fyrr var í Jótlandi, ok Hrólfr gaf klæðin; segir hann þeim tíðindi þau, er gerzt höfðu í Danmörk, fall Þorgnýs jarls, ok þat at hann hefði þar atborit. Urðu þeir Hrólfr ok Stefnir hljóðir við þessi tíðindi, ok þökkðu honum mikiliga fyrir sína liðveizlu. Hrafn segist hafa ætlat, at þeir mundi hafa orðit seinir til þeirra enn fyrra dag: voru þær góðs frá mér makligir fyrir lífgjöfina ok klæðin endr fyrir löngu, er þið gáfuð mér, en Krákr, bróðir minn, féll ígær fyrir Grím ægi, ok þiki mér þat enn mesti skaði,

¹) ok hafði hann beltit góða yzt yfir klæðum sínum, b. v. C.

Þótt ek verði svá búit at hafa. Skildu þeir nú talit, voru þeir þar þá nótt í góðum fagnaði. Um morgun eptir létu þeir Hrólfr [hreinsa völlu¹, ok skiptu herfángi með sínum mönnum; voru þar reistir þrír haugar mjök stórir: setti Hrólfr Sturlaug, föður sinn, í einn ok Krák, bróður Hrafns, ok alla þá vildustu kappa, er fallit höfðu af þeirra liði; var í þann haug borit gull, ok silfr ok góð vopn, ok vel um búit; í annan haug var settr Eirekr konúgr, Brynjólfr ok Þórðr ok þeirra vildarmenn; í þriðja var settr Grímr ægir við sjó fram, þar sízt þótti von at skip mundi koma at, en almúgi var þar dysjaðr, er fallit hafði. Setti Hrólfr nú stjórnarmenn yfir allt ríkit, til þess er konungsdóttir kæmi til, en dvergr tók orlof af Hrólfi, ok þakkaði hann honum sína fylgd, ok gaf honum þá hluti, er hann vildi hafa. Gyða, systir Eireks konúgs, hvarf burt úr Garðaríki, ok var þat geta sumra manna, at Möndull mundi hafa haft hana burt með sér. Eptir þat bjuggust þeir Hrólfr til heimferðar, ok höldu burt úr Garðaríki, ok létu eigi fyrr, enn þeir komu til Danmerkr í Arós. [Þann stað hafði Þorgnýr mest eftir²; gekk Björn móti þeim með miklum fagnaði, ok allr landslýðr. Júngfrúrnar urðu fegnar þeirra aptrkomu; þakkaði Íngigerðr þeim sína framgöngu. Björn hafði geymt þær í einu

¹) reyfa valinn, C. ²) þar sem Þorgnýr jarl hafði haft atsetu, C.

jarðhúsi, síðan jarlinn féll; sagði Íngigerðr nú einarðliga, at hún vildi öngvan mann eiga nema Hrólf Sturlaugsson, því hann hefði mestu um kostat, föður síns at hefna; hefir hann nú mist föðursinn ok bróður ok aðra vini ok frændr, en komit sjálfr í mestan háska; mæltu þessu öngvir í móti; gjörði Björn þeim nú sæmiliga veizlu, ok drukku erfi þorgnýs jarls.

35. Einn dag at veizlunni stóð Hrafn upp, ok beiddi sér hljóðs, ok mælti: þakkir vil ek gera yðr, Hrólfr ok Stefnir! fyrir þann heiðr ok velgerning, er þið hafið til mín-gert, bæði nú ok fyrri, er ek var hér, vil ek nú kunngera yðr mitt nafn ok ætterni: Konúngur einn hét Játgerr, ok ræð fyrir einu konúngsríki í Englandi, ok hafði atsetu í borg þeirri, er Víncestr heitir; hann átti tvo sonu ok eina dóttur; hét hinn ellri son hans Haraldr, en annar Sigurðr; Álfhildr hét dóttir hans. Ek er sá sami Haraldr, en Sigurðr, bróðir minn, féll í Garðarski, sem þér vissuð, ok er móðurkyn okkart hér í Danmörk. En þá er ek var 15 ára, en bróðir minn 13, var faðir minn svikinn af frænda sínum, er Heinrekr hét, ok er hann mikill kappi ok óeirumaðr; lét hann síðan taka sik til konúngs, ok heldr síðan ríkinu, en við bræðr komumst með nauðum undan; ok fengum komit Álfhildi til geymslu í borg þá, er Brandifurða heitir, ok hefir hún þar verit síðan, en við bræðr höf-

um farit huldu höfði um ýmsi lönd, ok nefnt okkr Krák ok Hrafn, höfum við fengit lið þetta ok skip hjá ýmsum höfðingjum með styrk frænda okkara; hefir Heinrekr mikinn styrk af Skotlandi, því hann á dóttur Melans jarls úr Móraði, ok mikill vin höfuðkonúngsins, er Dúngall heitir; við hann er kennt Dúngalsbær, því hann hefir þann stað byggja látit. Nú vil ek þess biðja yör, Hrólfr ok Stefnir! at þið veitið mér lið ok styrk, at ek mætti föður míns hefna ok mína föðurleifð aptr vinna. Hrólfr sagði: allan þann styrk ok fylgi skal ek þér veita, er ek má, ok eigi fyrr við skilja, en þú hefir þitt ríki aptr unnit ok þína harma rekit, eör at öðrum kosti skal ek láta lífit. Stefnir talaði ok slíkt hit sama. Haraldr þakkaði þeim orð ok góðvilja. Þegar eptir veizluna bjuggust þeir til ferðar, ok völdu með sér allt hit fræknasta lið, er fá kunni. Þeir settu Björn ráðgjafa eptir til landsgæzlu, ok fleiri ríkismenn með honum, en áðr þeir fóru, hafði Haraldr upp orð sín, ok bað Þóru, systur Stefnis; var Hrólfr þetta flytjandi ok fleiri tignarmenn aðrir; fór þat fram at Haraldr fèkk hennar, ok skyldi hún í festum sitja, til þess þeir kæmi aptr. Eptir þat sigldu þeir af Jótlandi, ok höfðu 30 skipa ok öll vel búin. Þeir létu sinni ferð eigi fyrr, enn þeir kvomu vestr til Englands við ey þá, er Lindisey heitir; þar lögðu þeir í

lægi, ok lágu þar nokkura daga, ok biðu byrjar, því þeir vildu eigi þar herja.

36. Svá er sagt, at með Heinreki konúingi var sá maðr, er Annis hét; hann var gamall at aldri, en nýr ok forn at ilsku ok fjölkýngi; hann hafði fóstrat Heinrek ok verit jafnan hans ráðuneyti. Annis hafði sagt konúingi fyrir mánuði, at Haraldr ok Hrólfr mundi þar koma með mikit lið, ok hvat þeir ætluðust fyrir; sagði Annis þá kappa mikla Hrólfr ok Stefni, ok nú mundi ráða við þurfa: er þat mitt ráð, at senda til Skotlands til Melans jarls, mágs þíns, ok hann komi til liðs við þik; þú skalt ok gera boð til Dúngals konúngs, at hann sendi þér lið; ok þegar Hrólfr kemr við land, skaltu senda þeim mann, at hasla þeim völl, ok bjóða þeim til orrostu, mega þeir þá ok herja at réttum víkingalögum; orrostustaðinn skal setja við Ásatún norðr frá Kanaskógum, þar er landslæg mest, ok verst flótta við at koma, en í skóginum skaltu vera láta helmíng liðs vors, til þess at þeir veiti þeim baksluttur, ok koma þeim í opna skjöldu; skulum vér þá kríngja um þá, ok láta öngvan með lífi burtkomast. Sýndist konúingi þetta gott ráð, ok lét svá meðfara, sem Annis sagði fyrir. Kom Melans jarl af Skotlandi með mikit lið, var þat ok frítt lið, er Dúngall konúngur hafði sent Heinreki konúingi, voru þar fyrir liði berserkir tveir, hét einn Ámon, en annar Hjálmr;

voru þeir miklir fyrir sér at afli ok harðfengi; hafði Heinrekr nú óflýjanda hér. Komu nú sendimenn hans til Lindiseyjar, ok sögðu þeim Hrólf, at þeim var haslaðr völlr, ok til orrostu búit við Ásatún. Sýndist þat sumum óráðligt at fara með jafnlítit lið upp í megin landsins, svá sem þar var mikit fjölmenni fyrir; hældu þeir til þess staðar, er í Skorsteinini heitir, ok létu þar eptir skip sín, ok bjuggu sik þá til landgöngu, ok létu eigi fyrr, enn þeir kvomu við Ásatún. Var Heinrekr konúgr þar fyrir ok Melans jarl með óflýjanda hér, en í skóginum voru þeir Ámon ok Hjálmar með mikit lið, ok vissu þeir Hrólf ekki til þess. Voru nú skipaðar fylkingar: Heinrekr konúgr setti þrjár fylkingar, var hann sjálf í miðri fylkingu, en Melans jarl í annarri; í þriðju fylking var greifi sá, er Engilbert hét, ok var hinn mesti kappi; með honum var sá maðr, er Rauðam hét, ok var bæði mikill ok sterkr ok fullhugi hinn mesti; voru merki borin fyrir þeim öllum. Annis var ekki í orrostu. Haraldr vildi fylkja í móti Heinrek konúngi, en Stefnir mót Melans jarl; Hrólf fylkti mót Rauðam ok Engilbert; var eptir þat í lúðra blásit, ok knúðust hváirtveggju til framgöngu með ópi ok eggjan. Tókst þar fyrst skothróð, en síðan in harðasta höggorrosta, ok gengu hváirtveggju vel fram; Skotar ok Englimenn voru fyrst mjök ákafir, en Danir tóku vel við ok

snarpliga. Þeir Engilbert ok Rauðam mættu Hrólfi þegar í fyrstu, þá orrostan festist, ok sóttu at honum báðir senn, en hann varðist vel ok drengiliga; var hann í herklæðum sínum ok utan yfir í Vefreyjunaut. Þeir voru bæðir fimir ok sterkir, Rauðam ok Engilbert, ok kom Hrólfr aldri staðhöggi á þá, en klauf hann af þeim allar hlífar. Varð Hrólfr mjök móðr, en ekki festi vopn á honum fyrir hlífar sakir; hann var nú ákaflega reiðr; honum varð þat fyrir, at hann kastaði sverðinu, en rann undir Engilbert greifa með svá miklu skjótræði, at hann hóf greifann upp yfir höfuð sèr, ok færði hann á höfðinu niðr, svá hálsbeinit gekk í sundr. Í því hjó Rauðam báðum höndum á hrygg Hrólfi, svá sverðit gekk sundr undir hjöltunum, vildi hann þá hafa gripit Hreggviðarnaut; Hrólfr¹ hljóp á hann, ok lét hann kenna afslunrar, ok hnepti hann undir sik, ok setti kné fyrir brjóst honum, svá hart at inngengu bringspalirnar, létu Rauðam ok Engilbert svá líf sitt, ok þóttu þeir verit hafa enir mestu breystimenn. Hrólfr tekr nú Hreggviðarnaut, ok höggv til beggja handa, þótti þeim Skotum hann mjök sárbeittr, ok hopuðu heldr undan. Hrólfr mat eigi muninn, eptir þeim at fara, ok drap hvern, er fyrir honum varð. Danir urðu þess brátt varir, at þeim bitu eigi vopn-

¹) hér byrjar annat brot af B.

in, þótt þeir hjuggu þrátt til, sem eigi voru hlífir fyrir, ok var líka sem þeir bæði með lurkum, utan Hreggviðarnautr beit, sem í vatn brygði, hafði þat ok enginn deytt getat utan Grímr segir, svá at menn vissi til þess dæmi; fëllu nú meir Danir enn Englismenn. Þessunæst heyrðu þeir lúðrablástr ok heróp, hlupu þá berserkirnir fram úr skóginum með miklu liði, ok komu þeim Hrólfi í opna skjöldu, gerðu þeir harða atgöngu, ok fëllu nú Danir undvörpum. Hrólfr bað sína menn snúast á móti ok horfast at böfum; fór hann ok með merki sínu í móti berserkjunum, varð nú allhörð orrosta. Stefnir átti vopnaskipti við Melans jarl, ok var þat harðr samgánger, því hann var mikill kappi, en sverð Stefnis beit ekki. Þeir Ámon ok Hjálmar kvomu nú í móti Hrólfi; þeir hjuggu til hans báðir, en hann hafði fyrir sér skjöldinn, ok bar af sér drengiliga. Hrólfr sveipaði sverðinu til Hjálmars, ok kom á lærit fyrir ofan mjöðmina, ok þar undan fótinn, ok dó hann eptir lítinn tíma. Annis kom þá fram, hann hafði skjöld fyrir sér stóran sem hurð, en lítit sax í annarri hendi; hann lagði saxinu á miðjum merkismanni Hrólfs, svá þegar gekk í gegnum, fëll þá merkit á jörð. Dönnum bitu nú vopnin, þegar Annis var framkominn; dugði nú hverr, sem mátti, fëll nú mart af hvárum-veggjum, en þó fleira af Dönnum. Hrólfr vildi

nú hefna merkismanns síns, ok hjó til Annis¹, höggit kom í miðjan skjöldinn, ok klofnaði hann niðr at mundriða, stóð þá sverðit fast, en Annis hélt svásterkliga, at hvergi bifaðist skjöldrinn; en Hrólfr vildi þá sleppa sverðinu, var þess eigi kostur, því báðar hans hendr voru fastar við meðalkaflann. Annis bað þá Skotana at skripta Hrólfi, því nú hefir vargrinn í stilli gengit, gerðu þeir nú svá, at þeir þyrptust at Hrólfi mjök margir, aðrir hjuggu eðr börðu hann, bæði var hann grjóti grýttir ok öxum höggvinn ok kylfum lamdr, grettist Hrólfr ekki nú hagliga, ok brauzt um fast með hörðum fóta-spyrningum, varð hann þó eigi laus. Nú er frá Stefni at segja, at hann barðist við Melant² jarl, tók nú at bíta sverðit; hann hjó til jarleins af öllu afli ofan í hjálminn. Þat högg varð svá mikit, at hann klauf hjálminn ok höfuðit ok búkinn allan brynjaðan niðr í gegnum, svá í jörðu nam staðar; höfðu þeir nú lengi barizt. Stefnir undraðist nú, at hann sèr ekki merki Hrólfs nè sjalfan hann, ok leitar eptir honum, þar til hann sá, hversu hann var staddr, at þeir sóttu at höggva undan honum fætrnar; skundar hann nú at duga honum, ok kemr at Annis óvörum, ok höggr með sverðinu framan á hjálmbarðit, ok þat í sundr, ok þar með alla ásjónuna, ok báðar hendrnar í ölbogabótunum;

¹) Amans, B. ²) Melans, B.

sníddi Annis nú ófímliga, varð Hrólfr nú laus, ok var eigi gott fyrir honum at verða, ok snèri þá at Ámon, ok hjó til hans með báðum höndum; sverðit kom í skjöldinn, ok tók í sundr, en blóðreðillinn reist brjóstit ok kviðinn, svá út fèllu iðrinn, ok fèll Ámon dauðr til jarðar. Hrólfr var þá svá reiðr, at hann eirði aungu; hann hjó ákafliga sem hendrnar fengu tðkast reitt sverðit, en 3 eðr fjórir fèllu fyrir hverju hans höggi. Því var líkast til at jafna um mannfallit, sem þá er ákafligast þrýtr [kurfl af stofni, er menn gera til kola. Stefnir gerði ok slíkt hitt sama, fèllu nú svá skjótt Englismenn, at mörgum hundruðum gegndi. Þeir Heinrekr konúngr ok Haraldr höfðu fundizt öndverðliga í orrostunni, ok höfðu barizt allan daginn, voru þeir bæði sárir ok móðir, en Haraldr þó meir. Hrólfr sèr nú þeirra viðreign; hann hafði þá fjórum* sinnum gengit aptr ok fram í gegnum fylkíngar Heinreks konúngs, hann veðr þá at konúngi, ok höggr á hrygg honum, svá hann fèll í tvo hluti dauðr til jarðar. En er Skotar ok Englismenn sjá konúng sinn fallinn, flýði hverr, sem fær hafði, ok því kom við, en hinir ráku flóttann, ok drápu hvern, er þeir náðu, ok eigi gekk til griða. Hrólfr rak langt flóttann, þurfti sá enginn griða, er hann náði sverði til, ok fèll mikill fjöldi í flóttanum. Snèru Danir þá

*) kurl af knakki, C. 2) 5, B; sjö, C.

aptr, ok flettu valinn, ok tóku þarmikit herfáng. Annis var fangaðr í orrostunni, ok lét Hrólfr eykr spretta honum í sundr, ok lauk svá hans æfi. Hrólfr var sár mikit, bæði á höndum ok fótum, [en víða um búkinn blár ok lerkaðr² af stórum höggum, þótt eigi hefði bitit. Fóru þeir Haraldr nú til Vincestuborgar², ok var hún uppgefin fyrir þeim, ok gekk allt landsfólk glaðliga til handa Harald; var hann nú til konúngs tekinn yfir allt þat ríki, sem faðir hans hafði átt, þakkaði hann þeim Hrólfi ok Stefni, sem vert var, sína fylgð ok framgöngu³. Skotar þeir, er undan komust, fóru á fund Dúngals⁴, ok sögðu honum sínar ófarir, ok mannskaða, ok at Hrólfr var líkari tröflum enn mönnum fyrir afis sakir ok vaxtar. Líkaði Dúngal' mjök illa mannskaði sá, hann hafði fengit, ok varð þó svábúiit at hafa.

37. Þeir Hrólfr ok Stefnir sátu nú um kyrt með Harald, þat er eptir var vetrarins; lét Haraldr sækja Álfhildi, systur sína, [til Brandfurðaborgar, ok fór hún⁵ með góðu för-neyti ok sæmiligri fylgð; varð Haraldr feginn systur sinni, ok svá hvárt þeirra öðru, var hún en fríðasta júngfrú; ok vel at atburðum, sem konúngsbarni byrjaði. Stefni rann skjótt ástarhugr til hennar, ok gekk á tal við hana, ok virtist hún honum bæði vitr ok hæversk-

¹) hamlaðr, C. ²) Vinkestr, C. ³) frá [v. í B. ⁴) Dúngaðar konúngs, B. ⁵) honum, B. ⁶) v. í B.

lig; hafði Stefnir þá uppi bónorð til hennar, en hún svarar því vel, ok veik því mjök til bróður síns; var þat auðsött við Harald, því honum var Stefnir kunnigr at góðum drengskap ok mikilli hreysti; fór þat fram, at Stefnir fastnaði Álfhildi, ok greiddi Haraldr út mund hennar í gulli ok góðum gripum. Þjuggust þeir nú allir, þegar voraði aptr til Danmerkr, ok hlóðu skipin með malt, mjöð ok vín ok dýrum klæðum ok öllum þeim varningi, er dýrmætastr¹ var í Danmörk, ok fá kunni í í Englandi, hældu síðan aptr til Danmerkr, ok var Álfhildr með þeim; varð allt fólk í Jótlandi fegit þeirra aptrkvomu, tóku júngfrúrnar vel við þeim ok Björn ráðgjafi. Fór Álfhildr til þeirra Íngigerðar ok þóru, ok var nú mikill fagnaðr með þeim öllum saman, létu þeir nú ryðja skip sín, ok efna til ágætrar veizlu með öllum sínum bestum tilföngum, er í Danmörk mátti fá eðr nálægum löndum; var þar enginn hlutr tilsparaðr um hallir ok húsbúning [ok alla hluti, þá er mátti fá á Norðrlöndum²; voru til þessarar veizlu boðnir burgeysar ok hirðmenn, greifar ok jarlar, með hertugum ok konúngum ok öllum öðrum mikilsháttarmönnum; voru flestir tignarmenn at þessi veizlu, er í voru Danmörk; ok at öllum samanskipuðum ok þángat komnum, var mönnum í sæti skipat, ok þentu þar kurteisir júnkerar.

¹) torigætistr, B. ²) öltól eðr aðra hluti, er at Norðrlöndum voru at fá eðr með peningum at kaupast, C.

[ok hæverskir höfmenn¹. Þar voru frambornir alskonar réttir með hinum dýrustum jurtum, [allra handa dýra hold ok fugla af hreinum ok hjörtum ok vænum villisvínunum, gæs ok rjúpr² með pipruðum páfuglum; eigi vantaði þar hinn dýrasta drykk, ál³ ok enskan mjöð með vildasta víni, píment ok klaret; ok at brullaupinu settu ok veizlunni svá skipaðri⁴, mátti heyra alskonar strengleika, hörpur ok gigjur, simphón ok salteríum; þar voru bumbur barðar⁵ ok pípur blásnar, með alskyns listilígum leikum, er líkaminn mátti við gleðjast. Eptir þat voru júngrúrnar innleiddar með sínum skrautlígum skara ok skemtilígum kvenna fjölda. Leiddu tveir tignarmenn hverja þeirra, er brúðgumarmir áttu at eiga; var yfir þeim borit [á steindum stöngum⁶ klæði⁷, hvat er skyggja skyldi þeirra bjarta búnað ok fögru ferð, til þess er þær voru í sæti komnar; var þá klæðit burttekit, bar þá eigi lit af lit, hörund ok hár skínanda ok gull glóanda með gimsteinum beranda. Sýndust þá öllum Álfhildr ok Þóra fölvar á lit hjá Íngigerði. Var nú veizla hin virðuligasta, ok at þessari veizlu gekk Hrólfr at eiga Íngigerði, en Stefnir Álfhildi, Haraldr Þóru. Þessi veizla var 7 nætr standandi með samia sætt ok skipan verandi,

¹) v. í B. ²) trödur, C. ³) kal, C. ⁴) þat undanfarna frí [v. í B. ⁵) ok trumbur, b. v. C. ⁶) v. í B. ⁷) þat er siklaði heitir, b. v. C.

sem ek er nú greinandi með heiðr ok þris endandi; brúðgumar með góðum gjöfum alla tignarmenn reifandi ok þeim sína þarkvemu þakkandi, en hverr til sinna heimkynna farandi, þeirra ráð sem ok mikilmensku lofandi, ok allir með vináttu skiljandi. Tókust nú með þeim góðar ástir. Var Haraldr konungr ekki lengi í Danmörk, áðr hann bjóst heim til Englands. Skildi hann við Stefnir, mág sinn, ok Hrólf með vináttu, ok fór síðan í ríki sitt, var Þóra drottning með honum, ok settust um kyrt; áttu þau börn saman, þótt þau sé eigi nefnd. England er kallað gagnauðigast² land af Vestrlöndum, því þar er blásinn allr³ málmr, [ok þar fellr hveiti ok vín⁴, ok allskonar sæði má þar hafa; [eru þar ok klæði gerð ok margháttaðir vefir meir enn í öðrum stöðum⁵. Lundúnaborg er þar⁶ höfuðstaðr ok Kantaraberg⁶, þar er Skarðaborg⁷ ok [Helsingjaborg, Vincestr⁸ ok margir aðrir staðir ok borgir, er hér eru eigi nefndir. Stefnir var gefit jarlsnafn yfir allt Jótland, ok sat hann optast í Rípum. [Danmörk er⁹ mjök sundrlaus, ok¹⁰ er [þar Jótland mestr hluti ríkis¹¹. Þat liggr et syðra með hafinu; Jótlandssíða er

²) þannig B, C; gagnauðigt, A. ³) v. í B. ⁴) u. í B. ⁵) mestr, b. u. B. ⁶) Kantarabyrgi, B; Krutaborg, C. ⁷) Skannaborg, C. ⁸) Brandfurða, York ok Vincestr, B; Homíngaborg, Brandfurðuborg, Jork ok Vincestr, C. ⁹) mikit ríki ok, b. u. C. ¹⁰) v. í B. ¹¹) þannig C; Jótland ... st ríki, B; þat við Jótland mestr hluti, A.

köllað {vestan frá hafinu¹ Vandilskaga ok suðr til Rípa. I Jótlandi eru margir höfuðstaðir; syðst² í Heiðabæ, annar í Rípum, Þriði í Árósi, fjórði í Vebjörgum; þar taka Danirkonungsinn. Limafjörðr er á Jótlandi; hann gengr af norðri til suðrs, en í innanverðum firðinum gengr Haraldseið vestr til hafsins; þar lét Haraldr konungr Sigurðarson draga yfir skip sín, þá hann fór undan ófriði Sveins konungs³. Fyrir vestan Limafjörðr liggir Vandilsskagi; honum víkr til norðrættar, í Jörúngi er þar höfuðstaðr. Milli Jótlands ok Fjóna⁴ gengr inn Álfasund⁵. A Fjóni er höfuðstaðr í Öðins-ey. Milli Fjóna ok Sjálands gengr Beltisund. I Sjálandi er höfuðstaðr í Róiskeldu⁶. Fyrir norðan Sjáland gengr inn Eyrarsund, ok þar fyrir norðan Skáney; þar er höfuðstaðr [í Lundum⁷. Milli Jótlands ok Skáneyjar liggja mörg stór eylönd, þar er Sámsey, Álsey, Láländ⁸, Lángaland⁹; Borgundarhólmr liggir austr í hafit¹⁰. Höfðu Skjöldungar í þenna tíma þetta ríki, en þó höfðu aðrir konungar ok jarlar ekki minna ríki at ráða enn þeir í Danmörk, þótt Skjöldungar bæri hærri tign fyrir sakir nafns ok ættar¹¹.

¹) í vestr frá, B. ²) enn fyrsti er, B; hinn synnsti, C. ³) Ulfasonar, b. v. B, C. ⁴) Fjóna, hin. ⁵) Meðalfararsund, C. ⁶) þannig C; Rinskeldu, A. ⁷) v. í C; Lundi, eitthvert. ⁸) er í Þórslund, b. v. C. ⁹) Mun, Falstr, b. v. C. ¹⁰) frá Skáney, b. v. C. ¹¹) það undanfarna frá, í Jörúngi, v. í B.

38. Svá er hér sagt, at Stefnir jarl muni ekki lánglifr verit hafa, ok ætti ekki barn, svá úr barnæsku kæmist. Þeir Hrólfr ok Stefnir skildust með mikilli vináttu, ok höldu sínum félagskap, meðan þeir lifðu báðir. Ekki er þess getit, at Hrólfr kæmi til Hringaríkis síðan. En þat er sagt, at þat sumar fór Haraldr vestr til Englands. Sigldi Hrólfr af Danmörk austr til Hólmgarða með 40 skipum, ok Íngigerðr með honum; var Hrólfr þar til konúngs tekinn yfir allt Garðaríki með ráði konúngsdóttur ok annarra ríkismanna. Þriðjúngr Garðaríkis er kallaðr Kænugarðar¹, þat liggir með fjallgarði þeim, er skilr Jötunheima ok Hólmgarðaríki, [þar er ok Ermland² ok fleiri önnur³ smáríki⁴. Hrólfr stýrði nú ríki sínu með mikilli virðing; var hann bæði vitr ok stjórnsamr, þorðu þungvir höfðingjar á hann at herja, sakir hans frægðar ok hreysti. Unnust þau mikit Hrólfr ok Íngigerðr, ok áttu þau mörg börn. Hreggviðr hæt son þeirra, ok var mikill⁵ fyrir sér, hann fór í hernað í Austrveg, ok ekki apr síðan. Þat er fróðra manna sögn, at annar sonr Hrólfs hafi verit Ólafr konúngr í Danmörk, er Helgi enn frækni herjaði á, en Hrólfr

¹) Kænugarðr, B. ²) ok Lifland, b. v. C. ³) þat eru mörg, B. ⁴) í Hólmgarðaborg er mest atsetr Garðakonúngs, þat er nú (allt C.) kallað Nógarðar (ok Rúðzaland, C.) b. v. B, C. ⁵) hér endar B öldingis.

mundr Greipsson veitti Ólafi, sem segir í sögu hans, ok drap Helga; ok þær Dagný ok Dagbjört væri dætr Hrólfs, er græddu Hrómund, en þat er eigi ritat, hvárt þær voru börn Ingigerðar eðr eigi. Þriðr son Hrólfs hét Hörðr, faðir Kára, föður Hörða-Knúts. Þat er sagt, at Hrólfr yrði gamall maðr, en eigi er þat greint, hvárt hann var sótt dauðr eðr með vopnum veginn. Nú þótt þessi saga þiki eigi samhljóða verða öðrum sögum, þeim er atganga þessu máli um manna nöfn ok atburði, hvat er hverr vann eða gerði með frægð eðr vizku², fjólkýngi eðr svikum, eðr hvar höfðingjarnir ríktu, þá er þat líkligast, at þeir, er skrifat hafa ok samsett þessi tíðindi, muni eitthvert hafa fyrir sér haft, annathvært forn kvæði eðr fróðra manna sögn. Munu þær ok fár eðr aungvar fornra manna sögur, at merka vill með eiðum sanna, at svá hafi verit, sem sagðar eru, því at flestar verða orðum auknar, verða ok eigi öll orð ok atvik greind í sumum stöðum, því flest er seinna enn segir. Stendr því bezt at lasta eigi eðr kalla lygð fróðra manna sagnir, nema hann kunni með meirum líkindum at segja eðr orðfæriligar fram at bera, hafa ok forn kvæði ok frásagnir meir verit framsett til stundligrar gleði enn ævinligs átrúnaðar, verðr ok fátt svá ólíkliga sagt, at eigi finnist sönn

¹) b. v. C. ²) hér endar C.

dæmi til, at annat hafi svá orðit, þat er ok sannliga ritat, at guð hefir lánat heiðnum mönnum, einn veg sem kristnum, vit ok skilning um jarðliga hluti, þar með frábæriligan frækleik, auðæfi ok ágæta skapan. Nú verðr hér endir á þessu máli frá Hrólfi Sturlaugssyni ok hans afreksverkum; hafi hverr þökk, er hlýðir, ok sér gerir skemtan af, en hinir ógleði, er ángrast við, ok ekki verðr at gamni. Amen.

Sagan af Eigli einhenda ok Asmundi berserkjabana¹.

HERTRYGGR hefir konúgr heitit, hann ræð fyrir austr í Rússla; þat er mikit land ok fjölbyggt, ok liggr milli Húnalands ok Garðaríkis. Hann var kvongaðr; hann átti 2 dætr, hêt hvortveggi Hildir; þær voru vænar ok vel skapi farnar, ok voru sæmiliga uppfæddar; konúgr unni mikit dætrum² sínum. Einn tíma bar þat til tíðinda, at konúgr fór á dýraveiðar, en hin eldri Hildir á hnotskóg, ok konur heimar; hún var kölluð Brynhildir, kom þat til þess, at hún vandist við riddara íspróttir. Nú sem þær búast heim úr skóginum, kemr eitt mikit dýr, þat hjassi² heitir, fram at þeim. Þat var mikit vexti ok grimt; þat á lengstan aldr af dýrum, ok er þat forn-mæli, at sá, sem gamall er, sè aldraðr sem einn hjassi; þat er skapt sem glatúns hundr, ok eyru svá stór, at þau nema jörð. En er þær sáu dýrit, hljóp síns vegar hver, en dýrit greip konúngsdóttur; ok hljóp í skógin;

¹) Þannig afskriftirnir; hér byrjar sögu af Eigli ok Asmundi fóstbræðrum, S; v. í hin. ²) Þannig hin; hjasi *alltaðar*, A.

en konurnar sögðu heim þessi tíðindi; varð konúngr mjök hryggr, ok lætr leita, ok finnst hún hvergi, kemr engi sá, at honum kunni þar til at segja; dofnar hér yfir sem annat, ok líör til jóla.

2. Á jólum hêlt konúngr veizlu dýrliga. Hildir hin ýngri nam hannyrðir, ok sat í skemmu, ok var hún Bekkhildir kölluð; hún var vitr; hinn fyrsta dag jóla sendir konúngr eptir dóttur sinni, ok nú býr hún sik ok sínar skemmumeyjar, ok gánga út á strætít, ok fylgðu þeim sæmiligir hofmenn. En er þær voru komnar fyrir grasgarð mikinn, heyrðu þær gný mikinn, ok sáu fljúga einn ógrligan gamm. Sýndust þeim hans vængir breiðast út yfir borgina, ok kemr mikit myrkr, en þessi gammr tók konúngsdóttur, ok flýgr burt með hana, en laust til bana tvo hennar þjónustumenn, en allir urðu ógrliga hræddir; kvomu þessi tíðindi nú í höllina, ok varð konúngr dapr mjök. Hann mælti: seint vill frá hefja um þann mannskaða, sem vèr fáum, kann ek eigi at skilja, hverjar óvættir á munu liggja, því skal þau mín orð mega bera, at hverr, sem þat vill vinna til minna dætra, at leita eptir þeim, þá skal sá, sem þær finnr, eiga þær ok þriðjúng míns ríkis, en ef þær finnast dauðar, skal sá hafa hinn bezta jarlsdóm í mínu ríki ok þá giptíng, sem hann vill; en margir sögðu, at mikit væri útgefit,

enda væri til mikils at vinna. Líða nú jólin, ok ferr hverr heim til síns heimilis, ok þikir mörgum mikils verð þessi tíðindi. Líðr nú vetrinn ok sumarit eptir, ok áliðnu hausti bar þat til tíðinda, at þar kom skip eitt lítit vexti, en allt gulli búit fyrir ofan sjó; þar voru á 30 manna ok þjónustumenn at auki. Konúgr var fyrir í höfninni; þeir gengu fyrir konúng, ok kvöddu hann; hann tók vel kveðju þeirra, ok spurði, hverir þeir væri, en sá kveðst Ásmundr heita, ok kallaðr berserkjabani, er fyrir þeim var. Hversu gamall maðr ertu? sagði konúgr. Sextán vetra, sagði Ásmundr, þik hefi ek gildastan sèð, sagði konúgr, á þeim aldri, eðr livaðan ertu atkominn? Úr hernaði, sagði Ásmundr, en nú er komit at vetri, ok viljum vèr hafa hèr friðland í vetri, skortir oss eigi fè at leggja fyrir vora menn; konúgr segir þat til reiðu. Lætr Ásmundr færa faung sín af skipi, ok var þeim fengit sæmiligt herbergi at geyma sitt góts, en optast drakk Ásmundr í konúngs höll; hugnaðist Ásmundi þar vel ok hans mönnum.

3. Þá er Ásmundr hafði verit þar mánuð, var þat einn dag, at konúgr sat yfir drykkju, at menn kvomu í höllina átján saman allir mjök sárir. Sá hét Rögnvaldr, er fyrir þeim var, landvarnarmaðr konúngs. Hann kvaddi konúng; konúgr tók vel kveðju hans, ok spurði, hverr hann hefir svá harðliga leikit. Maðr er einn kom-

inn í land yðvart, sagði Rögnvaldr, sá heitir Egill, hann er illr viðreignar; hann rænti land yðvart, ok fór ek til móts við hann, ok hafði ek 5 skip velskipuð, en Egill hafði eitt skip, ok á 30 manna; þottumst ek hafa ráð hans í hendi mæ, en svá skildu við, at ek kom á flótta, ok voru drepnir menn mínir allir utan þessir; en Egill þessi hefir aðra hönd, ok er kallaðr Egill einhendi, ok vinnr hann meira sigr með þeirri, sem af er; er þar búit um eitt sverð, ok er þat dverga smíði, ok er því læst at fyrir ofan úlflið, en hans högg standast augvir menn. Gekk Rögnvaldr þá til sætis, ok datt dauðr niðr. Konúngr mælti: eigi má ek þat þola, at þín sè óhefnt. Ásmundr svarar: svá mættu ek helzt launa yðr gott yfirlæti, at finna Egil þenna. Þat vil ek gjarna, sagði konúngr, ok hafði svá mikit lið, sem þer villð. Ekki er ek vanr at auka liði við jafnmarga menn, sagði Ásmundr, en ef Egill hefir meira lið, þá munu landsmenn¹ veita oss.

4. Ásmundr fór nú til móts við Egil, ok bað sína menn róa vopnaða at þeim; Egill var ekki varbúinn, ok spurði, hvern þar gerði svá gildan atróðr; Ásmundr segir til sín: ok á ek við þik erindi. Lát heyra þau, sagði Egill. Ek vil skipta við þik vopnum, sagði Ásmundr, ok gefa sverð mót öxum. Ei viljum vér þess synja, sagði Egill, eðr er mikit fè á skipum

¹) yðrir menn, C.

yðrum. Ásmundr sagði eigi vera; viljum vér afla þar nokkurs, sem þér eruð, eðr hverju vill þér bæta konúngi fyrir rán. Ekki erum vér vanir, sagði Egill, at leggja penínga fyrir, þótt sveinar taki sér slátrsauði. Þá munu vér eptirleita, sagði Ásmundr, þvíat konúngr sendi mik eptir höfði þínu. Hann vill þik þá feigan, sagði Egill, ok gjörumst heldr fóstbræðr, ok drepum konúng, ok gaungum at eiga dætr hans. Eigi eru þær lausar fyrir, sagði Ásmundr, þvíat þær hafa verit stolnar frá honum. Þat er skaði, ef menn okkrir drepast niðr, sagði Egill, ok berjumst tveir heldr. Ásmundr kveðst þess albuínn; þeir gánga nú á land, ok reyndu sínar íþróttir, ok var nær um með liðsmönnum þeirra, ok um kveldit settust þeir í samdrykkju, ok svófu af um nóttina. En um morgunina tóku þeir Ásmundr ok Egill vopn sín, ok börðust sterkliga, ok þrimr skjöldum spilti hvorr fyrir öðrum; var þá sól í fullu suðri. Egill mælti þá: viltu eiga leik þenna lengr? Eigi er enn mikít umþreytt, sagði Ásmundr, ok eigi mun konúngi þikkja rekit sitt erindi, ef við hættum svá búit. Þú munt ráða, sagði Egill. Hversu gamall maðr ertu, sagði Ásmundr; átján vetra, sagði Egill. Nú tak vopn þín, ef þú vilt lengr lifa, sagði Ásmundr; berjast þeir nú öðru sinni, ok sýnist nú sem þeim sé dauðinn vís, sem til er höggit; ok sem sól er komin í útsuðr, mælti Egill: betra ætla ek okkr at

hætta þessum leik. Hræðsla gengr þér til þess, sagði Ásmundr; hann hafði þá fengit eitt sár. Ver þik nú þá, sagði Egill; sóttust þeir þá í þriðja sinn, átti Ásmundr þá ekki annat at gjöra enn hlífa sér, ok fengit hafði hann nú þrjú sár; sér hann nú, at eigi mun svá búit duga, kastar nú sverðinu, ok hleypr á Egil, verðr honum nú bág höndin, ok berast þeir víða um völliinn, en svá kemr, at Egill fellr, hafði hvorr slitit hjálminn af öðrum. Eigi nenni ek, sagði Ásmundr, at bita sundr í þér barkann, er sverð mitt er fjarri. Sá er þér nú beztr, sagði Egill. Þat mun nú voga verða, sagði Ásmundr; hljóp hann þá eptir sverði sínu, ok hljóp at Egli, en hann lá svá kyrr, sem hár hans værf skorit. Ásmundr mælti: aungum manni ertu líkr, Egill! stattu nú upp, ok vil ek nú boð þat, er þú hefir áðr boðit mér, at vera þinn fóstbróðir. Mikít þiki mér fyrir því, sagði Egill, á ek þá að launa þér lífgjöf. Eigi mun ek drepa þik, sagði Ásmundr, en þat vil ek, at þú farir með mér til konúngs; kvomu þá menn þeirra beggja, ok báðu þá sættast, takast þeir nú í hendr, ok sverjast í fóstbræðralag eptir fornum sið.

5. Þeir búa nú ferð sína, ok koma til Tryggva¹ konúngs. Ásmundr kvaddi konúng, en hann tók honum vel, ok spurði, hvort hann hefði fundit Egil hinn einhenda; Ásmundr kvæðst hann fundit hafa: ok hefi ek ei séð

¹) Hertrygg, G.

vaskara mann, ok vill hann nú gánga í stað Rögnvalds, ok við báðir, at verja land þitt. Ef þú villt selja mér trú þína, sagði konúgr, at þið gángið í hans stað, þá mun ek taka sætt af yðr. Ásmundr kveðst þat gjöra vilja, var Egill þá tilkallaðr, ok gjörðust þeir Ásmundr landvarnarmenn konúngs, ok sátu þar um veturinn. At jólum hafði konúgr vinaboð, ok jóladag hinn fyrsta spurði konúgr eptir, hvort nokkur væri sá þar kominn, at honum kynni at segja, hvat orðit mundi af dæstrum hans, en þat kunni enginn at segja; lýsti konúgr þá þeim skilmála, sem hann hafði ágiört. Egill sagði: þat væri röskum mönnum gott til fjár at vinna. Eptir jólin fór hverr til síns heimilis. Þegar hávetri var liðit, settu þeir Egill ok Ásmundr skip sitt á sjó, ok völdu á fjóra menn ok tuttugu, en sá hét Víglog¹⁾, sem þeir settu fyrir þá, sem eptir voru, en þeir sögðust mundu leita konúngsdætranna, ok eigi aptr koma, fyrr enn þær fynðist annathvort lífs eðr dauðar. Sigldu þeir nú í haf, ok vissu aldri, hvørt þeir skyldu fara, könnuðu þeir eyjar ok útaker ok fjallbyggðir, ok fór svá allt sumarit; en at vetri voru þeir komnir norðr at Jötunheimum, ok lögðu þeir þar undir skóg einn, ok bjuggust þar um, ok settu upp skip sitt; sögðu þeir sínum mönnum, at þeir skyldu þar dveljast um vetrinn: skulu við Egill, sagði Ásmundr,

¹⁾ Víglogi, C.

kanna land þetta, en ef við komum eigi aptr at sumri, þá skulu þér fara, hvert sem yðr lystir. Ganga þeir nú á mörkina, ok skjóta dýr ok fugla til matar sér, voru þeir á mörkum; svá at mánuðum skipti, ok fengu stundum aungvan mat. Eitt sinn kvomu þeir í dal einn; á ein var þar, ok eyrar slëttar, en upp yfir skógr ok hamrar; þar sáu þeir mart geitfè ok feita hafra, ráku þeir saman fèit, ok tóku einn feitan hafr, ok sögðust skyldu skera hann, ok þvínæst heyra þeir kvæklat upp yfir sik; stukku þá burt allar geiturnar, ok varð þeim laus hafrinn. Þeir sáu kvikindi uppi í hömrunum, þat var meira á þverveginn enn hæðina; þat var svá hvelt sem bjalla, ok spurði, hverlr svá djarfir væri, at stela vildu hafri drottningarinnar. Ásmundr mælti: hver ertu hin fagra [ok hin bólfimliga¹, eðr hvar ræðr drottning þín? Skinnnefja heiti ek, sagði hún, en móðir mín Arinnefja; hún er drottning hér í Jötunheimum, ok býr skamt burt hëðan, mættu þið finna hana heldrenn stela. Sat segir þú þat, sagði Ásmundr, tók hann þá fingrgull, ok gaf Skinnnefju. Eigi þori ek at þiggja, sagði hún, at þér, [því ek veit, at móðir mín segði, at þat sé hvílutollr minn². Eigi er ek vanr at taka aptr þat, sem ek gef, sagði Ásmundr, en þiggja munu við, at þú umgágir okkr greiða.

1) v. í C. 2) v. í C.

Síðan fór hún heim undan, ok finnr móður sína. Kerling spurði, því hún væri svá sein? Hún kveðst hafa fundit tvo menn beinaþurfa: ok gaf annar þeirra mér gull, ok bað mik vísa þeim til gistingar. Því þáttu gull, sagði hún? Ek ætlaða hjá þér til launa, sagði Skinnnefja. Því bað þú þá ekki hingat fara, sagði kerling? Ek víska eigi, hversu þér var um þat gefit, sagði hún. Þjóð þeim hingat! sagði kerling. Skinnnefja hljóp þegar, ok mælti: móðir mín bað ykk koma til sín, skulu þið vera léttir af tíðindum, mun hún á flestu kunna grein at gjöra. Nú finna þeir kerlingu. Hún spurði þá at nafni; þeir sögðu et sanna til. Kerling var starsýn á Egil. Þeir sögðust ei hafa etit mat á 7 dögum. Kerling var at at renna mjólk; hún átti 50 geita, ok mjólkudu sem kýr. Hún átti ketil stóran, ok tók hann alla mjólkina. Hún átti hveitiakr stóran, tók hún þar svá mikit mjöl, at hún gjörði hvern dag graut í katlinum, ok höfðu þær þat til viðlífis. Þú, Skinnnefja! sagði hún, tak hrís, ok gjör eld brenniligan, [mun eigi of vel plagat¹, þótt þeir eti grautinn, Skinnnefja! hér í flýti; en kerling bað þá [herða á þat fyrst², sem til væri³; kom þar fram dýra hold ok fugla. Kerling mælti: verum eigi hljóð, þóat eigi verði svá vel plagat, sem vera skyldi, mun

¹) munu eigi of vel gestiznir, C. ²) hrifa á því, C. ³) kerling dukaði borð, ok bjó til lagliga, b. v. S.

lángt, áðr enn grautrinn er búinn, ok seg þú æfisögu þína, Ásmundr! en þá skal Egill viðtaka, en þá mun ek skemta til borðprýði af því, sem yfir mik hefir borit, og forvitnar mik at vita, hverrær ættar þið eruð, eðr hvat undir ferðum ykkrum býr.

6. Ásmundr tók þá til orða: Óttar hét konúgr, hann ræð fyrir Hálogalandt; Sigríðr hét drottning hans, dóttir Óttars jarls af Jótlandi í Danmörk. Þau áttu einn son, sá hét Ásmundr; hann var mikill vexti, vandist hann við íþróttir, ok þá hann var 12 vetra, þótti hann afbera öllum þeim, sem þar voru; hæld hann marga leiksveina. Eitt sinn, er þeir voru á skóg riðnir, fann Ásmundr einn héra; hann slepti hundum sínum til hans; hærinn hljóp undan, ok gátu hundarnir ekki fráit hann. Ásmundr gaf ekki fyrr upp, enn hestrinn féll af mæði, hljóp hann þá, ok elti dýrit með hundunum; lauk svá at hærinn steypiti sér ofan fyrir sjófarhamra. Ásmundr snæri þá til hestsins, ok fann hann eigi, var þá komit kveld; svaf Ásmundr af um nóttina, en at morgni var komin þoka svá myrk, at hann vissi eigi, hvar hann var kominn, 3 daga viltist hann á skóginum. Þá sá hann mann gánga á móti sér mikinn ok frðan í skarlats kyrtli, en hárit gult sem silki. Eigi þóttist Ásmundr vænna mann sæð hafa; heilsar nú hvorr öðrum; Ásmundr

spurði hann af nafni. Hann kveðst Aran¹ heita, sonr Roðians konungs af Tattaría²: hefi ek verit í hernaði. Hversu gamall ertu? sagði Ásmundr; 12 vetra, sagði Aran; þar munu ekki fleiri þínir líkar, sagði Ásmundr. Engum var ek þar líkr, sagði Aran, ok því strengða ek þess heit, at koma eigi aptr, fyrr enn ek hefða fundit annan minn líka at aldri ok íþróttum. Nú hefi ek frétt til eits manns, er Ásmundr heitir, son konungs af Hálogalandi, eðr kanntu nokkut at segja mér til hans, því mér er sagt, at þar muni skamt vera á milli. Þann mann þekki ek gjörla, sagði Ásmundr, ok talar hann nú við þik. Þá gengr at óskum, sagði Aran, ok megun við nu prófa okkra fimleika. Ásmundr kveðst þess búinn. Síðan frömdu þeir allar íþróttir, þær úngum mönnum voru tíðar í þær mundir, ok voru þeir svá jafnir, at ekki mátti á millum sjá. Síðast tóku þeir fáng, ok voru harðar sviptíngar með þeim, ok mátti eigi mun gjöra, hvorr sterkari var, ok skildu svá, at þeir voru báðir móðir. Þá talaði Aran til Ásmundar: ekki skulu við vopnaskipti prófa, því þat verðr skaði okkar beggja, vil ek at við sverjumst í fóstbræðralag, at hvorr skal annars hefna, ok eiga fè saman, fengit ok ófengit; þat fylgir ok svardaga þeirra, at hvorr, sem lengr lifir, skyldi láta verpa haug eptir annan, ok láta þar í svá mikit

¹) Azan, *alstaðar* C.; Aron, S. ²) Tartaría, S.

fè, sem þeim þætti sóma; síðan skal sá, sem lengr lifir, sitja hjá hinum dauða 3 næstr í haugi, ok fara síðan burt, ef hann vildi; vökva sèr síðan blóð, ok létu renna saman, hèldu menn þat þá eiða. Aran bauð honum nú at fara til skipa með sèr, ok sjá sinn fararblóma; en með því at Ásmundr var þá í Bretlandi með Óttari jarli, móðurföður sínum, þá lét hann Aran ráða.

7. Þeir fara nú til skipa Arans, ok voru þau 10 lánngskip með góðum drengjum skipuð. Aran gaf Ásmundi helmíng liðs ok skipa; Ásmundr bað at þeir mundu sigla til Hálogalands, ok vildi hann hafa þaðan sitt lið ok skip. Aran sagðist fyrst vilja sigla til síns lands, ok koma svá til Hálogalands, ok at landsmenn mætti sjá, at þeir væri ekki stafkarlar. Ásmundr bað hann ráða; sigldu þeir síðan í haf, ok gaf þeim vel byri. Ásmundr spurði, hvort Róðían konúngr ætti fleira barna; Aran sagði, at hann ætti son, er Herrauðr hét, við dóttur konúngs af Húnalandi: er hann bæði vaskr maðr ok vinsæll, ok stendr hann til ríkis í Húnalandi. Faðir minn á bræðr 2, heitir annar Hrærekr, en annar Siggeir, þeir eru berserkir ok illir viðreignar, ok ekki þokkasælir af landsmönnum; konúngr hefir mikit traust á þeim, þvíat þeir gjöra þat, er hann vill; þeir liggja í hernaði ok færa konúngi gersimar. Er nú eigi getit um þeirra

ferð, fyrr enn þeir koma við hafnir Róðíans konunga, þar sáu þeir fljóta 12 herskip ok 2 dreka, svá væna at aungva sáu þeir slíka. Þar voru komnir bræðr tveir utan af Blöku-mannalandi, hét annar Bolabjörn, en annar Vísinn¹; Gormr² jarl hét faðir þeirra; þeir höfðu drepit Róðían konung, ok eytt víða landit, ok gjört mikit hervirki. En er þeir fóst-bræðr verða þessa varir, þá létu þeir kveða við lúðra; en þegar landsmenn vorðu varir, at Aran var kominn, dreif at honum múgr ok margmenni. Víkingar drifu til skipa, ok tókst bæði harðr bardagi ok mannskæðr, ok var þat lánga stund, at eigi mátti millum sjá. Aran hljóp á skip til Bolabjarnar, ok ruddist um fast, ok hrökk allt undan honum. Bolabjörn ræðst mót honum. Aran hjó til hans í beran skallann, ok stökk sverðit sundr undir hjöltunum. Bolabjörn hjó í mót í skjöldinn Arans, ok klauf hann at endilaungu, ok fékk Aran sár mikit á brínguna. Stokk-laust atkeri lá á þilfarinu, ok greip Aran þat upp, ok rak í höfuð Bolabirni, svá fljót³ sökk, ok kipti Aran honum út af borðinu, ok sökk hann til grunna. Vísinn hljóp á skip til Arans, ok skaut at honum 2 kesjum í senn. Aran skaut skildi fyrir aðra, ok hljóp hún í gegnum skjöldinn, ok í handlegg Arans fyrir framman olbogann, svá at í beini stóð; aðra kesj-

¹) Vísingramaðr, *alstaðar*, S. ²) Gormr, C. ³) Hýt, A.

una tók Aran á lopti, ok skaut apr á Vísinn, ok hæfði í ginit á honum, svá út gekk um hnakkann, ok upp á mitt skaptát. Spjótit hljóp í siglutrèð, svá langt gekk uppá fjöðrina, ok hëkk Vísinn þar dauðr. Eptir þat gáfust víkingar upp, en Aran lét höggva alla fyrir borð; gengu síðan í borgina, ok fögnuðu landsmenn Aran, ok voru bundin sár þeirra; en síðan er Aran gefit konungsnafn; lýsti hann þá skildaga þeirra Ásmundar, ok gaf honum allt hálfvæð við sik. En er þeir höfðu eigi fullan mánuð heima verit, þá varð Aran bráðdauðr einn dag, er hann gekk í höll sína, var þá búit um lík hans eptir þeirra sið. Ásmundr lét verpa haug eptir hann, ok setti hjá honum hest hans með söðli ok beizli, merki ok öll herklæði, hauk ok hund; Aran sat á stóli í öllum herklæðum. Ásmundr lét færa stól sinn í hauginn, ok settist þar á; haugrinn var þá byrgðr. En hinu fyrstu nótt reis Aran af stólinum, ok drap haukinn ok hundinn, ok át hvorttveggja. Aðra nótt stóð Aran upp, ok drap hestinn, ok sunðræði, ok tók á tannagangi miklum, ok át hestinn, svá blóð féll um kjapta honum; bauð hann Ásmundi til matar með sér. Hinu þriðju nótt tók Ásmund at syfja, varð hann þá eigi fyrr var við, enn Aran greip í eyrun á honum, ok sleit þau af honum bæði. Ásmundr brá þá saxi, ok hjó höfuð af Aran, tok hann síðan eld, ok brendi Aran at ösku, ok gekk síðan til festar;

var hann þá uppdreginn, en haugrinn byrgðr, ok hafði Ásmundr með sér þat fê, sem lagt var í hauginn.

8. Litlu síðar hafði Ásmundr þing við landsmenn, ok spurði, hvat þeir vildu halda af því, sem þeir Arans höfðu samanbundit; en menn lögðu þar misjafnt til; þeir menn, er Arans hafði gefit Ásmundi, vildu honum atfylgja. Þessu næst varð þeim litit til hafs, ok sáu menn þá sigla skip at landi, ok voru þar komnir (þeir) bræðr, berserkirnir Hrærekr ok Siggeir, ok hugðu allir íllt til þess. Ásmundr bauð þeim sína forstöðu, en aungvir voru til at rísa á mót þeim. Fór Ásmundr til skipa sinna við sína menn. En er berserkirnir vissu þau tíðindi, sem þar voru orðin, kölluðu þeir sér land allt. Ásmundr sagði þeim einkamál þeirra Arans, ok kallaði sér hálf land; berserkirnir báðu hann burtverða, ef hann vildi halda lífinu; Ásmundr bauð einvígi hvorum, sem vildi, ok lægi þar land undir, en þeir grenjuðu í móti, ok báðu menn sína vopnast, ok (tókst) þá bardagi með þeim, hafði Ásmundr lið minna, en landsmenn þorðu honum eigi lið at veita; féllu menn Ásmundar allir, ok varð hann handtókinn, var þá komit at kveldi; urðu þeir á þat sáttir, at um morguninn skyldi höggva hann á haug Arans, ok gefa hann Óðni til sigrs sér; var hann þá bundinn við vindásinn, en menn fóru allir til

lands, ok svófu af um nóttina í herbúðum, ok bundu sár sín. Þeir bræðr láu í litlu tjaldi skamt frá herbúðunum, ok fátt manna með þeim. Nu er at segja frá Ásmundi, at hann sat upp við vindásinn; hann sá járnloku eina, er framstóð úr vindásnum, þar hafði komit í högg mikit, ok reis á röndinni úfr hvass, þar gæri Asmundr við strengnum, ok skarst hann í sundr, því járnit var hvast; var Ásmundr þá laus; braut hann nú fjöturinn af fótum sér. Vindr stóð á land; Ásmundr hjó strenginn, ok rak skipit upp at skóginum, ok því næst var Ásmundrálandi; kom honum nú í hug, at glettast nokkut við berserkina, áðr hann færi í skógin, ferr hann nú til tjalds þess, sem þeir svófu inni, ok fellir á þá tjaldit; þeir spruttu upp, sem inni voru, ok varð þeim ógreið útgangan, þvíat tjaldit flæktist fyrir þeim. Ásmundr hjó í höfuð Hræreki, ok klauf niðr í jaxla; Siggeir komst ut, ok vildi hlaupa í skógin; Ásmundr hljóp eptir honum; Siggeir drap fæti, en Ásmundr hjó eptir honum á hrygginn, fyrir neðan þat, sem hann var mjóstr, ok tók hann þar sundr. Síðan fór Ásmundr í skógin; drepit hafði hann 10 menn með berserkjunum. Menn leituðu hans, ok fundu hann eigi, en áðr enn (dagrinn) var úti, kom Herrauðr konungsson með 20 skipum, ok urðu honum allir fegnir. Spurt hafði hann öll þau tíðindi, sem þar höfðu orðit, en síðan átti hann þing við landsmenn, ok lýsti sinni eigu á landinu, ok

beiddist viðtöku, en enginn mælti á mót, ok var hann til konungs tekinn yfir allt landit; en menn þeir, sem fylgt höfðu berserkjunum, voru burtreknir, en Herrauðr tók fê þeirra. Þá kom Ásmundr á fund Herrauðs, hann kvaddi konung; Herrauðr spurði, hvat manna hann væri; hann sagði til hitt sanna; hann spurði, hvort hann hefði drepit berserkina; hann kvað þat satt vera; því fórtu þá á minn fund? sagði hann; ek sá mæraungan betra, sagði Ásmundr, en ek þóttumst þá drepa fleski í kál þitt; fór ek því á þinn fund, at ek vissa, at mér mundi eigi tjá, at forðast þik, ok vil ek nú vita minn hlut, hvern vera skal; mun ek varja mik, meðan ek get, ef ek á lífi at forða, en þiggja betri kosti, ef boðnir eru. Frétt hef ek ummæli ykkur Arans, sagði Herrauðr, ok ætla ek vel fallit, at taka þik í bróður stað, þvíat miklar meinvettir þótti mér afráðnar, er berserkirnir voru drepnir. Síðan var Ásmundr með Herrauð, ok kom þeim vel saman; þvínæst bað Ásmundr hann fá sér skip, ok vill fara í hernað, ok Herrauðr bað hann velja bæði skip ok menn, svá marga sem ek vilda, ok bað hann sitja hjá sér þeim stundum, sem hann vildi. Ásmundr valdi 30 manna af líði hans, ok hafði eitt skip; skildu þeir með vináttu, ok lofuðu, at þeir skyldu bræðr hittast, hvar sem þeir fyndust; kölluðu þeir hann nú Ásmund berserkjabana, ok endast þar nú mín saga, at ek er þessi sami Ásmundr. Mikil þiki met saga þín, sagði kerling, eðr

hvat lífr nú grautnum, genta? Nú er komin á vella, sagði Skinnnefja; langt mun þá, áðr enn búinu er, sagði drottning, eðr hvat segir þú til, Egill!

9. Þat er upphaf minnar sögu, sagði Egill; at Hríngr hét konúgr; hann ræð fyrir Smálöndum; Íngibjörg hét kona hans; hún var dóttir Bjarkmars¹ jarls af Gautlandi; þau áttu 2 börn; Egill hét son þeirra, en Æsa dóttir; Egill ógs upp-með hirð föður síns, þar til at hann var 12 vetra gamall; hann var mikill fyrir sér, ok óstýrilátr, kappsamr ok ódæll; hann lagði lag sitt við drengi, ok lagðist út á skóga, at skjóta dýr ok fugla. Vatn mikit var í skóginum, ok voru þar eyjar margar. Þar fóru þeir Egill á sund jafnan, þvíat þeir vöndu sik mjök við íþróttir; eitt sinn ræddi Egill um við þá, hverr lengst mundi geta legizt í vatnit, þvíat svá var lángr vegrinn í þá ey, sem first var landi, at hana sá eigi, utan þeir gengi upp í há trè til. Nú leggjast þeir á vatnit, ok voru saman 30, skyldi þar hverr eptir vera, sem hann treysti sér eigi lengra at fara, leggjast þeir nú um vatnit, ok voru sum sundin breið mjök. Egill var fljótastr á sundinu, ok gat engi fylgt honum, ok er þeir voru lángr frá landi komnir, þá kom þoka svá myrk, at engi sá annan, ok gjörði þá vind kaldan; viltust þeir nú á sundinu, ok eigi vissi Egill,

¹) Bjarkmars *alettar* C; Bjarkmars, S.

hvat af sínum mönnum varð, hvarflaði hann nú um vatnit tvö dægr, kom hann þá at landi, ok var svá máttddreginn, at hann varð at skríða á land, ok reitti hann á sik mosa, ok lá þar um nóttina; en at morgni var honum nokkut hitnat, kom þá úr mörkinni risi einn mikill; hann tók Egill upp undir hönd sér, ok mælti: þat er vel, Egill, at við höfum hér fundizt, eru 2 kostir við þik af minni hendi, annathvort, at ek drep þik, elligar hitt, at þú geymir geita minna, svá lengi sem ek lifi, ok sverir mér þarat eið. Egill dvaldi þat eigi, því þá var úr vöndu at ráða; fóru þeir nú margar dagleiðir, ok þar til er þeir kvomu til hellis, er jötuninn átti fyrir at ráða. Jötuninn átti hundrað hafra ok margt geitfè annat, lét hann þat standa á niðrlögum sínum, at þeir skyldu aldri sætri vera. Egill tók við fjárgeymslu, ok voru geitrnar óspakar, fór svá fram lengi. En er Egill hafði þar verit 12 mánaði, þá hljóp hann burt eitt sinn, en er jötuninn var varr þess, fór hann eptir honum, þvíat hann var svá margvís, at hann rakti spor líka svá sem á fönnu. Jötuninn fann hann í helli einum, hafði hann nú fjóra daga á burt verit. Jötun sagði, at hann hafði verr gjört, enn hann átti skilit: skáltu nú, sagði hann, hafa þat, - sem þer er verra. Síðan tok hann 2 steina, ok vógu hálfvætt báðir, þar voru fastar við járnhespur; hann læsti þær at fótum

Egils, ok sagði at hann skyldi þetta draga. Þetta erfði átti Egill 7 vetr, en jötuninn var svá varr um sik, at hann sá aldri færi sitt á, at drepa hann.

10, Þat var eitt sinn, at Egill fór at leita geita sinna; hann fann einn kött í skóginum; Egill gat náð kettinum, ok hafði heim með sér, kom hann nú seint heim um kveldit. Þá var fallinn fölski á eldinn. Jötun spurði, því hann hefði svá seint heim komit, en Egill sagðist eigi vera lætt búinn til gángsins, en kvað geitrnar víða rasa. Mik undrar, sagði jötun, at þú finnr þat, sem þú leitar at í myrkrinu. Því valda gullaugu mín, sagði Egill. Áttu önnur augu, enn þau sem ek hefi séð? sagði jötun. Á ek víst, sagði Egill. Sýn mér, sagði jötun, gersimar þessar. Ræntu mik þeim þá eigi, sagði Egill. Mér mun eigi gagn at þeim, sagði jötun. Aungum gagnast þau, sagði Egill, nema ek búi um. Síðan fletti Egill upp staknum, sá jötuninn þá í glyrnur kettinum innar yfir eldinn, ok var sem stjórnur skini. Þetta eru fagrir gripir, sagði jötun, eðr viltu selja mér augun? Þá er ek verr birgr eptir, sagði Egill, en ef þu vilt gefa mér frelsi ok leysa af mér fjótrana, þá mun ek selja þér augun. Muntu koma þeim svá til lags, sagði jötun, at mér verði gagn at? Við þat mun ek leita, sagði Egill, en sinasárt mun þér þikja, sagði Egill, at þola atgjörðirnar,

Þvíat spretta verðr til hatt hörmunum, ok búa þar um, sem þau skulu liggja; skaltu þau ávalt burt taka, þá er lýsir, ok eigi innsetja, fyrr enn dimmt er, ok mun ek binda þik hér við súluna. Þá muntu drepa mik, sagði jötun, ok er þat niðingsverk. Þat skal ek eigi gjöra, sagði Egill. Þessu kaupa þeir; tekr jötun nú af honum hespurnar. Nú hefir þú vel gjört, sagði Egill, enda vil ek nú því heita þér, at ek skal þér þjóna, meðan þú lifir. Síðan bindr Egill jötuninn, ok tók einn tvíangaðan flein, ok rekr í bæði augun á jötuninum, svá þau liggja útá kinnarbeinunum. Við þat varð jötun svá illt, at hann brá svá hart við, at hann sleit af sér öll böndin, ok fálmaði til Egils, ok reif af sér alla yfirhöfnina. Nú ertu gæfulaus, sagði Egill, þar fèllu gullaugun ofan í eldinn, ok nýtr þeirra nú hvorgi okkar. Illa hefir þú mik dárat, sagði jötun, skaltu hér nú inni svelta, ok aldri út komast. Hljóp jötun þá í dyrnar, ok lætr þær aptr sterkliga. Þikist Egill nú illa staddr, er hann nú svá nærtr í hellinum, at hann fær aungan mat, þvíat jötuninn geymir at hellinum. Þat verðr nú hans ráð, at hann drepr hinn stærsta hafrinn, ok flær af honum belg, ok ferr í sjálfr, ok saumar at sér sem þraungvast. Hinn fjórða morgin rekr hann hafrana til dyranna; jötuninn hafði spennt

²⁷ horum, C.

Þumalfingrinum upp undir bergit, ok tók þá hinn minnsti ofaná þressköldinn, ok áttu hafrarnir at renna í greiþr honum, ok [hlammaði mjök við á hellis gólfum¹. Jötun mælti: vind veit nú á, at brakar í klaufum á kjappa mínum; renna nú hafrarnir út milli handa honum. Egill fór seinast, ok heyrði ekki klaufagáng hans. Hægt hokrar þú nú, Hornskeggi! sagði jötun, ok heldr þykk um bógana; tók hann þá í lagðana tveim höndum, en Egill brá við svá hart, at rifnaði hafrstakan, ok varð hann laus. Nauztu nú þess, at ek var blindr, sagði jötun, ok er þat illa, at við skulum svá skilja, at þú hafir þessa aungar menjar, svá lengi sem þú hefir þjónat, ok þigg hér nú gullhring. Þat var mikil gersemi. Eigli sýndist fagr hríngrinn, ok seiddist í móti, en er jötun fann, at hann tók í hrínginn, þá kipti hann at sèr, ok hjó til Egils, ok af honum eyrat hit hægra, naut Egill þess, at jötun var blindr. Egill hjó af jötun hendina hægri, ok náði hríngnum. Nú skal ek halda orð mín, sagði Egill, ok drepa þik ekki, skaltu lifa við harmkvæli, ok se sá þinn dagr verstr, er síðast kemur yfir þik; skildi þar með þeim, ok fór Egill í burtu, lá hann úti á skógum. En er hann kom fram úr skóginum, voru fyrir honum víkingaskip nokkur, hét sá Borgar, er fyrir þeim røð. Egill gekk í lið með þeim, ok reyndist hinn vaskasti maðr; voru

¹) slettusa stjarnar um hellingólfi, C.

Þeir í hernaði um sumarit. Þeir börðust í Svíaskerjum við berserk þann, er Glammaðr hét, hann átti kjörvopn einn brunþvara¹, ok mátti kjósa mann fyrir, þegar hann vissi nafn hans; en þegar í öndverðum bardaganum hljóp Glammaðr á skip til Borgars, ok lagði brynþvaranum í gegnum hann. Egill var nær staddr, ok hafði brotit spjót sitt af skapti. Hann reiddi upp spjótskaptsbrotit, ok rak við eyra Glammað, svá hann fauk útbyrðis, ok sökk Glammaðr ok brynþvarinn, ok kom eigi upp síðan. Víkingar gáfust nú upp; gjöra þeir nú Egil höfðingja sinn, ok valdi hann af þeim tólf (menn ok 20); herjaði hann síðan í Austrveg, ok bar margt til tíðinda í hans hernaði.

11. Eina nótt lá Egill í höfn nokkurri, ok gaf honum ekki at sigla; hann gekk á land einnsaman; hann kom í eitt rjóðr í skóginum; hann sá þar á hól einum jötun mikinn ok eina flagðkonu, þau drógust um einn gullhring, ok varð hún orkuvana fyrir honum, ok fór hann hrakliga með hana, ok mátti þar sjá viðrlita mikil sköp, því hún var stuttkledd; hún loddí á hringinum eptir magni. Egill hjó til jötunsins, ok kom á öxlina; jötuninn snarast þá við, ok rendi sverðit ofan eptir handleggnum, ok tók or aflvöðvann, ok var þat svá mikit stykki, at einn maðr mundi eigi meira lypta. Jötun

¹ Þ. brynþvara, C.

hjó til Egils, ok kom á höndina við úlfliðinn, ok tók af, féll á jörð bæði höndin ok sverðit; jötun bjóst til at veita högg annat, sá Egill þá ekki annan sinn kost enn at flýja; elti jötun hann at skóginum, ok skildi þar með þeim, ok komst Egill undan í skóginn, kom hann nú svá til sinna manna, at eptir var hönd hans; sigldu þeir þá í burt þaðan. Egill fékk mikinn verk í höndina, en er 2 nætr voru liðnar, kom hann í þöfn eina, ok lágu þar um nóttina, gat Egill þá ekki borit af sèr verkinn, stóð hann þá upp úr sænginni, ok gekk Egill uppá skóginn, kom hann þá at læk einum, þótti honum þat helzt frói, at hafa höndina niðri í læknum, ok láta strauminn leika um sárit. Því næst sá Egill út úr einum steini hvar kom eitt dvergsbarn, þat sótti vatn í skjólu; Egill tók fingurgull af hendi sèr með tönnunum, ok lét reka í skjóluna fyrir barnit, en þat hljóp inn í steininn. Litlu síðar kom dvergrinn út, ok spurði, hvar maðr væri, er glatt hefði barn sitt; Egill sagði til sín, ok sagði sèr (lítt skulu) gull, meðan hann væri þannin farandi. Þat er illt at vita, (sagði) dvergrinn, ok far með mèr inní steininn! Egill gjörði svá, tók dvergrinn þá at binda um stúfinn, ok tók úr verk allan, ok var gróinn um morguninn, tók dvergrinn þá at smíða honum eitt sverð, en uppfrá hjöltunum gjörði hann fal svá lángan¹, at upp tók yfir

¹) þannig C; digran, A.

olboganum, mátti þar spenna at, ok var svá hægt at höggva með því sverði, sem heil væri höndin. Dvergrinn gaf honum marga góða gripi, ok skildu þeir með vináttu; fór Egill þá til sinna manna; ok er nú saga (mín úti svá), sagði Egill, at ek er þessi hinn sami Egill, sem nú hefi ek frá sagt um stund. Í miklar þrautir þiki mér þú komit hafa, sagði drottning¹, eðr hvat líðr nú grautnum genta? Ek ætla, at hann sè full velgðr, sagði hún, en þó er hann svá heitr, at hann er aungum manni ætr, meðan hann er slíkr. Þat mun nærri fara, sagði drottning, at hann sè kólnaðr, er ek hafi sagt mín æfintýri, þvát ekki hefir margt yfir mik drifit.

12. Öskrauðr hét jötun, sagði hún, hann var kominn úr Jötunheimum; Kúla hét drottning hans; bræðr hans voru þeir Gautr ok Hildir; faðir minn Öskrauðr ok móðir mín áttu 18 dætr, ok var ek yngst af þeim, ok var þat allra manna mál, at ek væri vænst af þeim. Faðir minn ok móðir tóku sótt saman bæði, ok voru þau tyrfð² ok tröllum gefin, en við systr tókum allt silfr ok gull, en þeir Gautr ok Hildir áttu landit, ok urðu þeir lítt ásáttir. Faðir minn hafði átt 3 kostgripi; þat var horn, tafl ok gullhringr; þeir bræðr tóku hornit ok taflit af oss systurum, en hringnum gátum við haldit, ok (var) þat góðr gripr. Systr mínar vildu

1) kerling, C. 2) trylld, C.

bjóða yfir mik, ok varð ek ein at þjóna allt, ok ef ek mælti á móti, þá börðu þær á mér, þóttumst ek þá eigi mega við vera; hét ek þá á Þór, at gefa honum hafr þann, er hann vildi velja, en hann skyldi jafna með oss systurum. Þór kom til vor, hann lagðist með systur minni hinn elztu, ok lá hjá henni um nóttina, en þær systur öfunduðu hana, ok drápu hana um morguninn. Svá gjörði Þór við allar systur mínar, at hann lá þær allar, ok voru allar drepnar, en þat kunni hver þeirra at mæla við aðra, ef nokkurri yrði þess auðit at eiga barn við Þór, at þat skyldi hvorki vaxa nè vel dafna. Síðan lá Þór hjá mér, ok gjörði mér stúlku þessa, sem nú megið þið hér sjá, ok hefir þat hrint á henni, sem þær báðu henni, þvíat hún er nú alin minni, enn þá er hún kom til. Þór gaf mér allan arfinn eptir (þær) systur, hefir hann ávalt verit mér í liðsinni síðan; tók ek þá undir mik alla peningana; sótti mik nú svá mikil ergi, at ek þóttumst eigi mannlous lifa mega. Hríngur hét son konungs af Smá-löndum; hann einn sá ek svá af mönnum, at mér leizt vel á, gjörða ek þá ferð mína til móts við hann, en hann var þá farinn til Gautlands at biðja Íngibjargar, dóttur Bjarkmars jarls, flytta ek þá ferðinni, ok kom ek til Gautlands, var Hríngur konungsson at drekka þá sitt brullaup, ok kom ek, þá er brúðina skyldi innleiða, lögðumst ek þá niðr [á stræt-

it¹, ok ætlaða ek gjöra henni nokkur vélindi, en hún sá mik fyrr, ok spyrndi sínum fótum við mèt, ok braut í mèt báða lærleggina; var hún síðan leidd í höll ok sett í sæti sitt. Ek kom inní höllina, ok varð ek at einni flugu, ok fór ek upp undir hennar klæði, ok ætlaða ek at rífa hana á hol á náránum; hún þekti mik þegar, ok keyrir knífskapt sitt á síðu mèt, ok braut í mèt 3 rifin, ok var mèt til þess annast at fara í burtu. Lífur nú á daginn, ok var brúðrin til sængr leidd, en þvínæst var brúðguminn útleiddr, tók ek hann þá í fáng mèt, ok þóttumst ek hlaupa fram á sjófarhamra, ok ætlaða ek at drekkja honum, svá engi skyldi mega njóta hans; en þá er ek þóttumst sleppa honum ofan fyrir hamrana, þá varð eigi betr enn svá, at ek kastaði honum þá upp yfir fortjaldit, ok kom hann niðr í sængina hjá brúðinni, en ek var fángin gríðalaus, ok máttu ek þá hvergi undan komast, skylda ek þá leysa líf mitt, ok skylda ek fara í undirheimu, ok sækja 3 kostgripi: skikkju þá, sem eigi mætti í eldi brenna, ok horn þat, er aldregi yrði allt af drúkkit, ok tafl þat, sem sjálft lèki sér, þegar nokkur lèki annars vegar.

13. Nú fór ek í undirheimu, ok fann ek Snía² konúng, ok gaf ek honum 60 hafra ok pund gulls, ok keypta ek svá hornit; en

¹) fyrir fætr henni, C. ²) þannig eðr Svía, A; þat, C; myrkranna, S.

drottningu hans var búinn eitrdrykkur í [tölf-
 tunna bikar¹, ok drakk ek þat fyrir hennar
 skuld, ok hefi ek síðan haft nokkurn lítinn
 brjóstsviða. Þaðan fór ek í Lúkanus fjall,
 þar fann ek 3 konur, ef svá skyldi kalla, því-
 at ek var barn hjá þeim at vexti, þær höfðu
 tafli at geyma; ek gat náð því hálfu frá þeim,
 en þær söknuðu, ok fundu mik, ok báðu mik
 leggja aptr tafli, en ek sagðist þat eigi gjöra,
 ok bað ek eina þeirra af mæri taka, ok leggja
 þar undir tafli, en ek byrði mína af gulli,
 þótti þeim þat ekki ofrefli; hljóp þá ein á mik,
 ok greip í mitt hár, ok reif af mæri öðrumeg-
 in reikar², ok þar með alla vágafylluna ok
 eyrat hit vinstra, varð hún mæri harðtæk; ek
 stóð eigi fyrir, ok rak ek fingrna í augun á
 henni, ok krækti ek þau bæði úr henni, snæra
 ek henni þá til sveiflu, ok festi hún fótinn í
 bjargrifu, ok sleit ek hana úr augaköllunum,
 ok skildi svá með okkr. Önnur hljóp nú at mæri,
 ok rak hnefann á nasir mæri, ok braut í mæri
 nefit, ok þikir þat nokkur lítil lýti á mæri síðan,
 ok þar fylgðu með 3 tenrnar, en ek greip í
 brjóstin á henni, ok reif ek þau bæði af henni
 niðr at bringuteinum, þar fylgði ok með mag-
 állinn. Síðan hljóp at mæri hin þriðja, ok var
 sú minnst fyrir sèr, ætlaða ek at stínga úr henni
 augun, sem hinni fyrri, en hún beit af mæri
 2 fingrna, lèk ek henni þá hælkrók³, ok feldi

¹) merkstaupi, C. ²) reika, C. ³) þannig C; hælkrók, A.

hana bak aptr; hún bað mik þá miskunnar, en ek sagða at hún fengi ekki líf, utan hún fengi mér allt taflið, en hún dvaldi þess ekki, lét ek hana þá upp standa, ok gaf hún mér at skilnaði eitt gler, ok þat með þeirri náttúru, at hverr, sem í þat lítr, má vera þeim líkr, sem ek vil, en ef mik lystir, þá má ek þann verða láta blindan, sem í lítr. Fór ek nú niðr í undirdjúp, at sækja skikkjuna, fann ek þá höfðingja myrkranna, en er hann sá mik, mælti hann til samfara við mik, þótti mér sem þat mundi Óðinn vera, þvíat hann var einsýnn; bað hann mik eiga skikkjuna, ef ek vilda þat tilvinna, at sækja hana þangat, sem hún væri, var þangat at hlaupa yfir eitt mikit bál; lá ek fyrst hjá Óðin, ok hljóp ek síðan yfir bálit, ok fèkk ek skikkjuna, ok er ek síðan skinnlaus um allan kroppinn. Fór ek við svá búit heim aptr; fann ek þau Hríng ok Íngibjörgu, ok færða ek þeim gripina, ok skildu vèr eigi fyrr, enn ek svór at hefna þessa aldri; fór ek þá heim eigi erindi feginn, ok skal ek muna þá hina gauzku menn, meðan ek má lifa; en frá smáleikum þeim, sem ek hefi átt við bræðr mína, mun ek síðar segja; eðr hvat líör nú grautnum genta? Ek ætla, at hann sè nú hófliga heitr, sagði hún; ber hann hingat þá, sagði kerling. Síðan luku þau máltíð sinni, ok var þeim fóstbræðrum fengin sæng, ok svófu af um nóttina.

²⁾ þannig G; gænge, A.

14. Um morguninni vöknudú þeir bræðr snemma, kom kerling þá til þeirra, ok spurðu þeir, hversu framorðit væri, er hún sagði, at þeir mættu þar dveljast um daginn. Stóðu þeir þá upp, ok klæddu sik, ok var kerling hin beinasta í öllu; fóru þeir þá til borða, hafði kerling nú mungát ok góða matgjörð; spurði kerling nú, hvert þeir ætluðu at fara, eðr hvert erindi þeir ætti; þeir sögðu henni nú öll sin erindi, ok spurðu hana, hvort hún kynni aungva grein á at gjöra, hvat orðit væri af dætrum Tryggva konúngs. Eigi veit ek, sagði hún, hvert ykk verðr um auðit at ná þeim, en þat mun ek fyrst segja ykk, at eptir andlát Óskrauds jötuns, þá urðu þeir bræðr ekki ásáttir, hverr konúngr skyldi vera; þóttust báðir tilkomnir, kom þeim ásamt með, at sá skyldi konúngr verða, sem ágætari konúngsdóttur gæti fengit ok hagari, ok fór Gautr heiman fyrri, ok tók Hildi hina eldri, dóttur Hertryggva konúngs, en Hildir fór seinna, ok tók Bekkhildi, ok eru þær nú báðar hér í Jötunheimum, en eigi veit ek nú, hvort þær liggja lausar fyrir, en nú í vetr á jólum á at vera brullaup þeirra, ok eiga þá öll tröll saman at koma, ok dæma, hvor þeirra systra hagari er. Mikit batnar nú um, sagði Ásmundr, þegar við vitum, hvar þær eru niðrkomnar, ok væri mikit undir um; ef þú værir í liðsinni með okkr. Svá at eins er frændsemi vor góð,

sagði hún, at ek á þeim lítit gott upp at unna, ef eigi nyti meir manndygðar minnar enn tilverknaðar þeirra, en hér munu þið hvílast í dag, ok mun ek sýna ykkar fêhirðslur mínar. Þeir létu vel yfir því; en þá börð voru ofan tekin, leiddi kerling þá í afhelli mikinn, voru þar miklar fjárhirðslur, ok lauk hún þeim upp, ok voru þar í margir góðir gripir ok fásenir; þótti þeim þat gott á at líta. Þvínast tók kerling upp eitt eski; hún lauk því upp, ok kendi þar góðan ilm at. Þar þekti Egill hönd sína, ok þat gull, sem á henni átti at vera, sýndist honum höndin heit, ok rauk af, ok þófta æðarnar. Kerling mælti: þikist þú nokkut, Egill! þekkja höndina; at vísu, sagði Egill, ok kenni ek gull þetta, er móðir mín gaf mér, eðr hversu komstu at hendinni. Segja má ek þér þat, sagði kerling; Gautr, bróðir mín, kom til mín, ok faláði at (mér) gullhrínginn hinn góða, sem ek vilda eigi selja honum, en nokkuru síðar, er dóttir mín fór til geita, kom hann at henni, ok gaf henni þann drykk, at hún æpti einatt, ok skyldi aldri huggast mega, fyrr enn ek færða henni hrínginn þángat á hólina, sem hún lá, en þá ek kom með hrínginn, kom Gautr þar, ok vildi taka af mér hrínginn, en ek spornaða við, ok urðu með okkr sviptingar miklar, en er viðlá, at ek munda missa hríng-

1) þauða, A; þofta, C.

inn, kom maðr úr skóginum, ok sýndist mér þær líkr, Egill! ok hjó jötun mikit högg, en jötun hjó af honum höndina, en síðan hlupu þeir til skógar, en ek tók upp höndina, ok hef ek geymt hana síðan; ok lagða ek hjá lífsgrös, svá hún mátti ekki deyja, þíki mér bera saman með okkr, Egill! at þú munir þessi maðr verit hafa; eðr muntu voga, at ek vekja upp undina, ok ber ek mik at græða við höndina? Mér þíkir litlu til tína, sagði Egill. Síðan tók hún falinn af Eigli, ok deyrir höndina, ok varð Eigli ekki sárt við, at hún skar af framan. Síðan lagði hún yfir lífsgrös, ok sveipaði um silki, ok hèlt at allan daginn, fann Egill þá, at líf færðist í. Síðan lagði kerling hann í seng, ok sagði at þeir skyldu þar dveljast, þar at hann væri gróinn; en at liðnum þremr nóttum var Egill gróinn, ok var honum eigi ómjúkari höndin, enn þá hún var heil, en svá var, sem rauðr þráðr lægi um; spurðu þeir þá kerling, hver ráð hún leggi til með þeim, en hún segir, at þeir skyldu þar bíða brullaups: er hëðan skamt fylgjumaðr minn, er Skröggr heitir, ok ef vèr ynnum nokkut á við þá bræðr, þætti mér vel tilstanda, at við nytum þess; líðr nú til jóla.

15. Þar er nú til at taka, at þeir bræðr, Gautr ok Hildir, láta þíng stefna, kom þar til fólk um alla Jötunheima, þar var ok Skröggr, þvíat hann var lögmaðr tröllanna, ok voru

nú þángat leiddar konungsdætrnar, ok gersimar þær, sem þær höfðu gjörfar. Brynhildr hafði gjört eitt klæði; þat var með þeirri náttúru, at þat mátti líða í lopti, ok þar niðr koma sem vildi; mátti þær færa á mikla byrði. Bekkhildr hafði gjört eina skyrtu, ok festi ekki vopn á, ok eigi mátti sá á sundi mæðast, er í henni var. Nú er í orð lagt, hvor þeirra systra hagari væri, var þá lagit í dóm allra trölla, en þau urðu eigi ásátt, ok dæmdu undir Skröggr lögmann, en hann lagði sinn úrskurð á, at Brynhildr væri fríðari, ok á klæðinu væri meiri hagleikr: ok því skal Gautr konúngr vera, ok eiga Brynhildi, en hálfu landi skyldi stýra hvorr; sleit nú með því þínginu. Buðu þeir bræðr þá höfðingjunum í brullaup sín, ok þeim sem mest mark var at. Kemr Skröggr nú heim, ok sagði kerling, hvat dæmt hafði verit á þínginu, ok nær brullaupin eiga at vera. Síðan voru þau lengi á tali, ok sagði hún honum, at hún vill veita þeim bræðrum; biðr hann svá búast við um fjölmenni ok aðra hluti; en Skröggr kvað svá vera skyldu. En móti því brullaupin skyldu vera, býst kerling heiman, ok þeir fóstbræðr með henni; skal annar heita Fjalar, en annar Frosti. Kerling lét þá líta í glerit, ok sýndust þeir þá svá stórir, at þeir voru tröllum líkir, en miklu voru þeir fríðari enn aðrir menn. Hún fékk þeim sæmilig klæði, ok fara þau nú, ok

koma þar sem þeir bræðr réðu fyrir; þat hét á Gjallandibrú, sátu þeir þá við drykkju. Kerling gekk í hellinn, en leit til annars; hún gekk fyrir Gaut, ok kvaddi hann vel; hann tók kveðju hennar, ok mælti: hér er nýtt at komit, at þú gengr hingat á vorar náðir; hún svarar: þat stendr eigi svá af sèr, sem vant er; með oss hefir verit fæð nokkur hér til, ok dyl ek eigi, at ek sè þess valdandi, sè ek nú, Gautr frændi! at gæfan styðr þik, ok hefir þú nú fengit ágætt kvonfáng, ok nú vil ek tilleggja af mínum mun, þat sem vor hefir áðr í millum farit; vil ek nú gefa þer hringinn góða, sómir hann vel konu þinni í bekkjargjöf, ok með vináttu mína, heyrir þat okkrar frændsemi, at við skiptumst góðu við. Gautr sagðist þess þakkir kunna: eðr hvar hefir þú fengit menn þessa hinu vænu; hún sagði, at þeir væru synir Dumbst konunge úr Dumbshafi²: ok munu slíkir menn varla finnast í Jötunheimum, ef hæversku þarf at reyna, hef ek ætlat þá til at þjóna í brullaupi þínu. Tekr hún nú hringinn, ok fèkk Gaut, en hann þakkaði henni, ok skal hún þjóna í brullaupinu, ok öllu skyldi svá haga, sem þeir Fjalar ok Frosti vildi vera láta, ok voru þeim fengnir lykklar at öllum fèhirðslum. Þvínæst koma boðsmenn, ok verðr þar fjölmenni mikit, skipaði kerling fyrir, ok varð þat at standa, sem hún talaði. Skröggr lögmaðr var þar fremstr

²) Soll, C; Dugans, S. 2) Ditaslandi, S.

viðfingamanna. Kerling sagði þeim systurum í hljóði, hverir þeir menn voru, er með henni fóru: megi þið vera glaðar. Urðu þær nú kátar, því þær hugðu illt til ráðahagsins, en jötun þótti mikit batna, þegar þær voru kátar, ok þökkuðu þat frændkonu sinni ok sinn umgáug. En er fólki var¹⁾ niðrskipt, ok brúðgumarnir niðrsettir, þá voru brúðirnar innleiddar, skorti þá eigi skjarkala ok galaskap²⁾, er flögðin höfðu. Skröggr lögmaðr sat á annan bekk ok bændasveitin með honum, en Gautr ok Hildir á annan ok þeirra menn. Arinnesja sat hjá brúðum, ok hafði allan ætning á þeirra háttum, ok margar aðrar stórskornar konur. Fjalat ok Frosti skenktu brúðunum, ok skorti eigi áfengan drykk; líðr nú á kveldit, ok gjörast menn drukknir. Þá stendr Arinnesja upp, ok kallar til sín lögmanninn ok þá fóstbræðr, ok segir, at þeir skulu hera inn bekkjargjafir. Voru þá innberin klæðit ok skyrtnan, tafl þat hit góða, er bræðr höfðu átt, ok hríngirn hion góði, er kerling hafði átt, ok margar gersimar aðrar. Skröggr lögmaðr afhenti bekkjargjafirnar, en kerling tók við, ok geymdi. Tók hún þá klæðit, ok breiddi niðr á völlinn, ok lét þar uppá góðgripina, setti hún þar til Skinnnesju, dóttur sína, at bera þángat gull ok silfr, en hún gekk í hellion, ok biðr Frosta gánga með sér; koma þau

¹⁾ hér byrjar R. ²⁾ galasæmliq læti, B.

nú þar, sem þau skyldu liggja, Gautr ok Brynhildir; segir hún honum, at þar með hans sængrstokki skal hann finna sverð þat hit góða, er Gautr átti, segir at ekki vopn bití á hann annat; en Fjalar¹ ok Hildir munu fara í annan stað, ok sagði, at þeir munu svá við mega búast, sem þeir komi í mannaun mikla. Síðan ferr kerling inn í hellinn, ok kallar, at brúðunum væri mál til sængr. Taka þeir Fjalar ok Frosti í hendr brúðunum, ok leiða þær út, ok setja þær niðr á klæðit; síðan les kerling upp klæðit, en fær dóttur sinni glerit, ok biðr hana ganga til hellisdýra, ok bera glerit yfir hvern mann, sem útgengr, en þær líða upp í lopt með klæðit, ok allt þat sem á var. Nú kemr mikill dansleikr í hellinn, er brúðgumana skal útleiða.

16. Þrjár² voru dyr á hellinum, ok var Skröggr lögmaðr fyrir einum með sína sveit, en Skinnnefja var fyrir þeim dyrum, sem almúginn skyldi útganga; brúðgumarnir voru leiddir um hinar þriðju; þar úti fyrir var sinn afhellir til hvorrar handar, ok skyldu þeir þar hvíla; voru þeir vel tjaldaðir. Nú er þeir skyldu útganga, fór í sinn helli hvorr, ganga þeir Egill ok Hildir í annan; Egill gekk fyrir; en er Hildir gekk inn, snérist Egill aptr ímót honum, ok greip í háir honum, ok reiddi upp saxit, er hann hafði við sik, ok ætlar at höggva á hálsinn, en

¹) Jökull, C. ²) þannig B, C: þriðr, A.

Hildir kippir honum svá snart, at hann hrapar á hellisbergit, ok sprakk á honum ennitt, ok var þat sár mikit, ok blæddi mjök. Saxit kom á nef jötuns, ok tók af nefit, ok var þat svá mikit stykki, ok þat var nóg klyf, komst Hildir nú út, ok sagðist vera svikinn; heyra þetta tröllin, þau sem í hellinum voru, ok hlaupa út, ok varð þeim eigi greiðfært um þær dyr, sem Skröggr lögmaðr var fyrir, því hann drap hvern, sem út vildi, en Skinnnefja var fyrir öðrum dyrunum með glerit, ok setti hvern blindan, sem þat leit, hvarfla þeir aptr ok fram, [ok fátu hvergi¹, ok var þá at heyra óp mikit ok gný. Heyrir Gautr nú þat, ok þikist vita, hvat um er, en er hann kemr í sitt hús, sèr hann, at brúðrin er eigi þar, hleypr hann þá at sænginni, ok vill taka sverð sitt, ok misti hann þess. Ásmundr reiðir upp sverðit, ok hjó til Gauts, ok gáði eigi at hellirinn var-lágr, ok kom sverðit í hellisbergit, ok beit þat bjargit, en blóðrefillinn kom á brún Gauts, reist niðr í augat, ok niðr allt kinnheinit ok viðbeinit, ok reist niðr alla brínguna, ok tók sundr rifin. Gautr komst út, ok fékk einn stein stóran, ok kastaði til Ásmundar, ok kom fyrir brjóst honum, svá hann féll. Gautr vildi hlaupa at honum, en iðrin flæktist um fætr honum, ok féll hann dauðr niðr. Ásmundr

¹) þannig A, C; máske sátu.

stóð upp, ok leitar at Eigli, kom hann þar, sem þeir gengust at; blóð rann í augu Eigli af sári því, sem hann hafði fengit, ok varð hann þó sýnt orkuvana. Ásmundr greip undan Hildi báða fætrna, en Egill hélt í höfuðit, ok brutu þeir hann úr hálshliðunum; ok urðu þat hans æfilok. En síðan fara þeir þángat, sem Skröggr lögmaðr var, hafði hann drepit nítugí trölla, en þau báðu griða, sem eptir voru, en þau, sem eptir voru, ok þar vildu útganga, sem Skinnnefja var fyrir, gengu fyrir hamra, ok drápu sik. Voru þeir þar um nóttina, ok kom Arinnefja til þeirra. Um morguninn tóku þeir fê úr hellinum, ok rentu öllu, ok fóru síðan heim með kerlingu, ok voru þær systir þar fyrir, ok urðu þær fegnar þeim. Sátu þeir þar um vetrinn í góðu yfirlæti; en um vorit bjuggust þeir í burt, at finna menn sína, en at skilnaði gáfu þeir Arinnefju ok Skröggr lögmanni Jötunheima; ok skildu þau með vináttu; höfðu þeir í burtu þær gersimar allar, sem áðr voru greindar. Síðan fóru þeir móts við menn sína, ok kvomu til þeirra í síðustu viku vetrar, ok urðu með þeim fagnafundir miklir, en þegar byr gaf, sigldu þeir í haf, ok létu eigi fyrr, enn þeir fundu Tryggva konúng.

16. Tryggvi konúngur fagnaði þeim vel ok dætrum sínum. Þeir færðu konúngi margar gersimar, ok sögðu honum allt hitt sannasta af ferðum sínum. Þakkaði konúngur þeim margfalliga sína ferð. Litlu síðar lét konúngur

stefna þíng, ok á því þíngi lýsti konúngr fyrir mönnum þeim einkamálum, sem hann hafði lofat þeim, sem fyndi dætr hans, nema þeir vildu annat heldr, þá vill hann launa þeim í gulli ok silfri, en þeir svöruðu báðir senn, at þeir vildu þær eiga, ef þat væri þeirra vill, en þær þóttust þeim lífgjöf launa eiga, ok sögðu at eigi mundu þær aðra menn kjósa, ef þeirra væri kost, ok urðu þær endalyktir, at Egill fèkk Bekkhildi, en Ásmundr Brynhildi; lét konúngr nú búast við brullaupi, en Egill kveðst fyrst vilja finna föður sinn, ef hann lifði, ok vita, til hvers hann mátti ætla um ríki þat, sem hann þóttist eiga, en Ásmundr sagðist vilja fara austr í Tattaría; at bjóða Herrauð, fostbróður sínum, í sitt brullaup. Var nú ákveðin brullaupsstefna, ok nær þeir skulu aptr koma; er eigi annars getit, enn þeim tæki þessi ferð vel. En er Egill kom til Gautlands, fór hann á fund föður síns, ok brást hann ókunnigr við, því hann hugði hann laungu dauðan. Sagði hann nú föður sínum allt, hve farit hafði, ok áðr hefir sagt verit, ok sýndi honum örit á hendi sinni, þar sem hún hafði verit afhöggin, ok svá sverð þat, sem dverggrinn hafði gjört honum, ok falrinn var á; létu þeir Regin dverg gjöra nú á þat meðalkafla, ok var þat góðr gripr. Egill bauð nú föður sínum til brullaupsins, ok fóru þeir ok móðir Egils ok systir.

En er þau komu á fund Tryggva konúnga, voru þeir Herrauðr ok Ásmundr þar komnir. Konúngr fagnar þeim nú öllum vel, ok var eigi langt at bíða, áðr þar reis upp sæmilig veizla; mátti þar heyra margskonar hljóðfæri, ok sjá margan hofmann, var þar ok engi hlutr sparadr af þeim þeztum faungum, sem fást máttu í þeim löndum. At þessari veizlu höfðu menn þat til skemtunar, at þeir Egill ok Ásmundr sögðu frá ferðum sínum, ok til sanninda um sögu þeirra segir svá, at þær voru þar báðar Skinnnefja ok Arinnefja, ok sönnuðu sögu þeirra, ok þekti Íngibjörg drottning Arinnefju, ok sættust þær þá heilum sáttum; stóð veizlan yfir fullan mánuð. En at liðinni veizlunni fór hverr til síns heimelis, ok voru mönnum valdar sæmiligar gjafir. Egill gaf Herrauð skyrtna, þá sem Bekkhildr hafði gjört, en Ásmundr gaf honum hringinn kerlingarnaut, ok sverð þat sem Gautr hafði átt. Tryggvi konúngr var þá maðr gamall, ok bað hann Egil þar sitja, kveðst hann ekki lengi mundu lifa þaðan af. Egill kveðst fyrst verða at fara heim til Gautlands, en koma aptr innan 12 mánaða, lofaði konúngr honum þat. Ásmundr bað Herrauð fara með sér til Hálogalands, ok veitti Herrauðr honum þat. Arinnefja fór heim aptr í Jötunheima, ok gaf Íngibjörg drottning henni smjörtrog svá mikit, sem hún gat lypt,

ok sagði hún, at sá gripur mundi torgætr þikkja í Jötunheimum, en Ásmundur gaf henni 2 galtarflíkki, ok voru þau svá þúng, at þau vögu skipbund. Þótti kerling þessir gripir betri, enn þótt þeir hefði gefit henni byrði sína af gulli; skildu þau með vináttu.

17. Því næst fóru þeir Ásmundur ok Herrauðr á skip, ok höfðu þeir dreka þá hina góðu, sem þeir höfðu átt, Vísinn ok Bolabjörn; er eigi getit at um þeirra ferð, fyrr enn þeir komu norðr á Hálogaland, ok er landsmenn sá dreka þessa, þá sagðist Óttar konúgr vita, at þessir menn mundu langt at komnir; en þegar þeir voru landfastir, slógu þeir tjöldum. Ásmundur gekk á fund föður síns við tólfta mann; hann kvaddi konúg virðuliga; konúgr þekti hann eigi, en móðir hans þekti hann, þegar hún sá hann, ok hvarf til hans. Óttar spurði, hvern sá maðr væri, er hún lét svá líkliga¹ við, en Ásmundur sagði til hitt sanna; reis þar nu upp ágæt veizla, ok sátu þar mánuð í miklum fagnaði, ok sögðu konúgi frá ferðum sínum, ok þótti konúgi þeim vel hafa tiltekizt ok gæfusamliga. Sagði Herrauðr þá Ásmundi, at hann vildi, at þeir sigldi austr til Gautlands, at biðja Æsu², dóttur Hríngs konúgs; Ásmundi þótti þat vel stofnat. En þegar þeim gaf byr, sigldu þeir austr í Gautland, ok fagnar Egill þeim vel; ok þeir Hríngur konúgr; hafði Herrauðr þá uppi orð

¹) kunnliga, B, C. ²) Æsu, B, C, S.

ein, ok bað Æsu, ok var þeim málum vel svarat, ok var hún honum gipt með sæmiligri heimanfylgju, var þegar drukkit brullaup þeirra, ok fór þat vel fram. En at þeirri veizlu liðinni, þá sigldu þeir Egill ok Herrauðr í Austrveg, en Ásmundr skyldi hafa vald yfir Gautlandi, þegar Hríngs konúngs misti við. En þá þeir komu í Tattaría, þá var Tryggvi konúngur andaðr, ok var Egill þar til konúngs tekinn, ok bjuggu þau Bekkhildr þar síðan, en Herrauðr settist at ríki sínu síðan, ok kvomu þeir ekki norðr hingat síðan. Ásmundr fór heim til Hálogalands, ok stýrir hann þar lengi. Ármóðr¹ hét son hans; hann átti Eðnyju², dóttur Hákonar³ konúngs Hámundarsonar úr Danmörk⁴, ok er þaðan mikil ætt komin. Þenna Ármóð drap Starkaðr hinn gamli í laugu, ok var þat hitt síðasta óskapaverk hans. Brynhildr lifði ekki lengi, ok giptist Ásmundr síðan, ok fékk dóttur Soðdás⁵ konúngs af Serklandi, ok átti at sækja brullaup sitt á einu skipi, þvíat þeir vildu svíkja hann, ok lét Ásmundr þá gjöra skip þat, er Gnoð hét, ok hefir þat skip stærst gjört verit, svá menn viti fyrir norðan Grikklandshaf. Af því skipi tók Ásmundr nafn, ok var kallaðr Gnoðar-Ásmundr, ok þikir hann hafa verit mestr af fornkonúngum þeim, sem ekki stýrðu þjóðlöndum. Hann tapaðist við Hlæssey, ok

¹) Aulmóðr, B; Ögmundr. C. ²) Oddnyju, B, C. ³) Haka, B, S. ⁴) Sviþjóð, S. ⁵) Soldás, C, S.

með honum meir enn þrjár þusundir manna, ok segja menn, at Óðinn legði hann með geiri í gegnum, þá hann hljóp fyrir borð, en Gnoð sökk til grunna með öllum farmi sínum, ok hefir síðan engi hlutr fundizt af henni, ok aungu því, sem þar var á, ok lúkum vèr þar þessi sögu'.

1) fyrir því at bókfellit mínkar, en blikkit þykkar, augun þýngjast, túngan tréar, höndin mæðist, penninn sljófgast, ok hila öll ritfæria; hafi þeir þökk, er skrifat hafa, ok svá sá er las, ok þeir, er tilhlýddu, ok sá, er þessa sögu hefir fyrst samansett, amen! b. v. C.

Sörla saga sterka.

I þann tíma sem Hálfván konúgr Brönufóstri stýrði Svíþjóð [hinna köldu, er hann vann af Agnari hinum auðga¹, en setti Astro², mág sinn, yfir England, ok gjörði hann hertoga þar yfir, ræði sá konúgr Upplöndum³, er Erlíngur hét⁴; hann stýrði þriðjúngi Noregs, en Haraldur konúgr Valdimarsson tveim hlutum ríkis. Erlíngur konúgr þótti höfðingi mikill ok stóruauðigr, því hann hafði lengi verit með Knúti konúngi hinum ríka, ok hafði öðlazzt af honum mikin auð, fè ok góða gripi. Drottning konúngs hét Dagný, komin af Æsum⁵; með henni átti hann tvo sonu, ok eina dóttur, er Íngibjörg hét. Konúgr lét gjöra henni eina höll meðsterkum steinmúr, ok vel vönduðum skógarði. Þar settist konúngsdóttir með mikin skara hinna fríðustu meyja ok herligrá hofþenara. Sá eldri son konúngs hét Sigvaldi, en hinn yngri Sörli; þeir voru báðir hinir gjörfugligustu menn ok vel at íþróttum búnir; en þó hëlt konúgr meir

¹) v. í B. ²) Kasto, *alstaðar*, B; Astu, D. ³) í Noregi, b. v. D. ⁴) hann var kominn af Óðin konúngi, b. v. D. ⁵) miklum ættum, B.

til Sörla enn Sigvalda, því hann var maðr fríðari sýnum, en svá rammr at afli, at honum komst enginn til jafns um allan Noreg, ok þótt enn lengra væri leitast. Konúngr fékk honum einn [mann, sem hann menta skyldi¹, hann hét Karmon; hann kendi Sörla konúngssyni allar listir, þær sem einn karlmann mátti framast þrýða; ok er Sörli var 15^a ára gamall, var hann í flestum listum vel lærðr, ok svá rammr at afli, at sá var enginn maðr í Noreg, at hann þyrfti við nema aðra hönd sína í senn, bæði til vopnaviðskipta, ok allra annarra íþróttar; en svá var hann þúngr fyrir vaxtar² sakir, at enginn hestr bar hann nema hálfan dag, svá at eigi spríngi þeir af mæði; var hann því Sörli hinn sterki kallaðr.

2. Einn dag mælti konúngsson við föður sinn: svá lízt mér, sagði hann, at lítill framí munni þat fyrir mér, at liggja heima hér hjá yðr sem múnkr í klaustri [eðr mæst til kosta³; því sè yðr kunnigt, at þegar í stað vil ek úr landi halda með 5 skip ok margt vaskra manna, skal ok Karmon, fóstri minn, fylgja mér með svá mikin farargreiða, sem þörf gjörist. Ok er konúngsson endaði sína ræðu, mælti konúngr: þetta allt, sem þær umbíðð, skal gjarnan yðr veitt vera. Fékk hann nú syni sínum 5 skip, ok margan velvaskan dreng. Karmon, fóstri Sörla, var í ferð með honum;

¹) meistara, B. ²) 14, B. ³) afli, B, C. ⁴) v. í B.

kvaddi Sörli föður sinn ok alla borgarmenn, áðr hann færi í burt; hélt síðan úr landi, ok hafði sigr í hverri orrostu, er hann til ætlaði. Ok er mjök var á sumar liðit, hafði konúngsson fengit 8 skip, öll vel hlaðin með gull ok dýrmæta gripi, ok allt hvat er kjósa mundi, hafði hann ok fengit fjölda rökra manna; vill nú konúngsson því aptrsnúa til Noregs, tóku þeir sér stefnu rétta leið til austrs, ok undu upp hvert segl við húna, er á var skipunum. Ok er þeir höfðu svá siglt í nokkur dægr, laust á fyrir þeim svá mikilli þoku, at enginn sá neitt til rætrrar leiðar; gekk þetta svá nú í nokkra daga, at enginn vissi, hvat þeir halda mundu, ok um síðir þóttust þeir vita, at þeir væru at landi nokkru komnir; spurði þá konúngsson, hvort nokkur sinna manna vissi skil á, hvar þeir væru atkomnir, en enginn var sá, sem frá kunni greina; bað konúngsson þá kasta atkeri ok búa um skipin, kveðst þar dvelja vilja, þar til þeir sæu sér færi burtferðar. Var nú svá gert, sem konúngsson sagði fyrir; ok er þat var albuít, kvaðst Sörli á land gánga vilja, ok vita, ef þeir kynni at líta mannabygðir; gekk konúngsson nú á land við 12ta mann; veðr var allblítt, sáu þeir, at landit var mjök skógi

¹⁾ ok er nú konúngsson kominn með sinn her allt út í Afríka, b. v. B.

vaxt; þeir gengu áfram, þá gat til þeir komu í nánd fjallshlíð einni, nam konúngsson þar staðar í einu rjóðri, ok menn hans, ok hafði eigi nema sverð sitt. Í þessu bili sjá þeir 12 menn stefna á móti sér, forkunnar stóra, ok ólíka öðrum menskum mönnum; svartir voru þeir ok illgir ásýndum, ekkert hár á höfði, brýrnar hengu allt á nef niðr, augun gul sem í ketti, en tennnar sem kalt járn; þeir höfðu allir járnrenda skildi ok stórar steingur, stáli spengðar. Ok er þeir litu konúngsson ok hans menn, tóku þeir allir at hræna mjök grimmiliga, ok eggjandi hvorrannan; en konúngsson bað menn sína eigi bligðast við þetta, heldr verða við vaskliga; ok gengur nú hvorir ímót öðrum. En sem konúngsson mætti þessum miklu Blámönnum, eló í hinn sterkasta bardaga með stórrí atsókn, svá at allt þótti sundrbresta, nam hvert þeirra högg staðar í jörðu, ok eigi leið langt, áðr konúngssonar menn voru allir fallnir, en hann sjálfr svá ákaflega móðr, at honum hélt við spreng; sóttu þá Blámenn at honum með mikilli eggjan ok ólmiligum hljóðum ok öskri, en hann varðist vel ok drengiliga, ok hljóp í lopt upp yfir þeirra stóru högg; þar með skipti hann í höggum sverði ok skildi, ok greip þat ymsum höndum, er honum sýndist, ok sáu þeir lítt við því, stýfði hann nú af þeim

1) slégnar, B. 2) skildi, B, C, D.

hendr ok fætr, þrymjur ok búka, svá at engin þeirra hlíf dugði þeim meir enn brunnit hálmstrá, ok svá læk hann við þá, sem león við sauði; ok eigi létti hann fyrr, enn hann hafði alla þá af dögum ráðit, var hann þá orðinn ákaflega móðr, en lítt sár; ok er þetta var afstaðit, sem nú var sagt, settist konungsson niðr í rjóðrinu, ok lét sér renna mæði um stundarsakir, hyggr nú til skipa at ganga.

3. Þessu næst heyrir hann dunr ok dýnki stóra mjök nærri sér, ok fýsir nú at vita, hverju slíkt gegnir; gengr hann nú nokkut lengra fram á skóginn með fjallshléinni, þartil er hann kemr at helli stórum; hann lítr nú um gluggann, er var á hellinum, ok sér um hann allan; lítr hann einn hræðiligan jötun liggja í sinni rekkju. Aldrei hafði konungsson séð stærri mann; hans búkr tók beggja veggja á milli með svá herfiligri ásýnd ok óskapligri, at konungsson undraðist þat stórliga; hann sá þar ok eina kerlingu heldr stórmannliga, hún stóð við þverpall einn, ok var at brytja þar niðr mannakjöt ok hrossa, ok var harla stórvirk at þessu. Síðan heyrði konungsson, at kerling mælti við karl sinn, ok nefndi hann Skrímnir, á þessa leið: nú eru eigi, sagði hún, matvæli meiri í helli okkrum, en nú hefi ek búit til máltíðar. Skrímnir kvað slíkt eigi ólíkligt, ok sagði þat vel endzt hafa; ok þat skaltu vita, sagði hann, at, þó ek liggi nú lágt, skal enn

Þá nokkut fyrirverða, nær piltar okkar koma heim í kveld, þvíat nú eru hér skip at landi komin, eigi færri enn 8, ok er þat at mínum vilja, þvíat ek gjörði þeim megnan vind með þoku, svá at þeir skyldu hingat villast, ok skulu þeir allir helju gista, áðr enn þessi dagr er á enda. Kerling gladdist mjök við þetta, ok gekk síðan í einn afhelli. Nú sprettr konungsson upp af hellisglugganum; ok gengr í hellirinn; berr hann nú sitt spjót í hægri hendi, en sverðit í vinstri, ok leggr síðan spjótinu báðum höndum í kvið risans, svá at útgekk oddrinn um bakit; í öðru lagi eðr sinni leggr konungsson báðum höndum sverði sínu í kjapt risans; en risinn, er hann fèkk lagit, brauzt um með öskri ok ólmligum hljóðum, þartil er sængin brotnaði, en risinn steyptist á gólf niðr með stórum umbrotum; ok í þessu bili kemr kerling aptr í hellirinn, ok sèr nú, hvat um er, grípr hún þá eina bitrliga skálm, bregðr henni síðan, ok höggr framan at konungssyni, svá at hún klauf allan hans skjöld at endilaungu, ok nam oddrinn brjóstit, svá at í beini stóð, höggr hún þá hvort högg at öðru, svá at konungsson hopaði á hæl við sérhvert, ella hefði hann dauða beðit, ok svá ákaflega fast fylgði hún sèr, at því ólmari var hún, er hún sótti lengr; var hún með bell ok háum hljóðum, svá eldr þótti brenna úr augum hennar ok kjapti; ok svá mikil ógn stóð konungssyni af óvin þessum,

at eigi þorði hann í móti at sjá þeim eldliga anda, er af hennar kjapti gaus, ok eigi gat hann staðizt þau ógnarligu hljóð, sem hún hafði; sèr nú konúngsson eina gjá í hellisgólfinu, svá djúpa, at hann hyggr þeim dauða búinn, er þar í fellr, er hann nú svá sem kominn á gjárbarminn, ok hyggr, at skessan muni vilja bægia sèr í gjána, snarar hann nú sínu sverði, ok hleypr undir tröllkonuna; en hún þreif í mót allgrimmliga, ok rak klærnar allt inn at beini, komu nú í með þeim harðar sviptingar, ok hrakti hún konúngsson um hellirinn; en þóat hún væri mjök tryld at afli, þá gat hún þó aldrei komit honum af fótunum, hafði konúngsson náð hryggspennu á henni, ok sá nú eigi annat vísara fyrir, enn bæði skyldu þau í gjána falla, stè þá tröllkonan í gólfrit allt til knjána, ok togaði konúngsson at sèr, svá at hann kom nú öngri hreysti²⁾ við, numu þá hælur hennar við gjárbarminn, ok hljóp Sörli nú í fáng henni, svá hart, at bæði duttu þau í gjána, svá þau komu djúpt niðr, ok numu staðar við stall einn, er í var gjánni, varð Sörli nú efri. Kerlíngr hafði læst sína aðra hönd í hári konúngssonar, en aðra í hans brjósti, ok með því henni varð ósvipt við biltuna, þá slepti hún þeirri höndinni, er hún hèlt í hárit með, tók Sörli þá báðum höndum fyrir kverk-

²⁾ vörn, B.

ar henni, ok dró eigi af, lét hann nú knè fylgja kviði, dró þá allt megn úr henni, svá hún tók til at biðja sèr gríða, ok mælti: gef mèr gríð, konúngsson! ok skal ek allt tilvinna, þat er þú vilt at ek gjöri, uppá þat ek haldi lífinu; en konúngsson kvað þat fjærri fara, at hann lèti hana lifa, ok sagði hana í þessari gjá skyldi deyja án allrar dvalar hitt snarasta, en hún bað sèr á marga vega lífsins, sem hún kunni. En um síðir mælti Sörli: á þat mun ek hætta, at þú haldir lífi þínu með slíkum skilmála, at þú sækir mèr herklæði svá góð, at aldrei kunni neitt sverð á þeim festa, ok sverð þat er eins bíti stál sem stein, ok þat skaltu gjört hafa innan mánaðar, fylgja skal hèr með ok liðsemd þín, nær sem ek vil ok með kann þurfa. Kerlíng mælti: allt skal þetta gjört, sem þèr biðlð, ok öllu tilkosta, at endt verði. Lét konúngsson hana þá uppstanda, ok gengu nú bæði um hellirinn; beiddi hún þá, at hann liðsinnti sèr at koma karlinum dauða í gjána, ok þat veitti hann henni, ok er því starfi var lokit, lét kerlíng einn hlemm yfir gjáarmunnann. Síðan leiddi hún konúngsson til sængr, ok þótti honum sú sæng svá vel tilreidd, sem einum konúngssyni mundi vel hæfa at sofa. Tók nú kerlíng eitt horn, ok bað hann af því drekka, ok svá gjörði hann, þóttist hann þá lítt kenna meina, ok sofnaði skjótt.

4. En at morgni, er konúngsson vaknar,

litast hann innar um hellirinn, ok þikist nú sjá þar nægð auðsafa, hugsar nú með sér, at eigi muni meiri ríkdómr í Arabíaríki í einum stað samankomit, enn nú sá hann; kom þá kerling at sænginni, ok mælti: hversu hefir yðr, konungsson! sofnast í helli mínum þessa nótt? Hann svarar: ærna vel; spyr hann þá kerling at, hvert land þetta sè, er hann er á kominn; en hún segir honum: þetta sè Bláland, ok því stjórn sá konúngr, er heitir Estroval hinn mikli, einn hinn mildasti¹ herra í þessum parti heimsins; en mitt nafn er Mána, sagði hún, höfum við Skrimbir minn haldit helli þessan í 40² ár, ok æ nokkut til matfanga orðit, þvíat á hverju ári höfum við seitt hingat 3 skip með mönnum, höfum við ok einnin byggðir rændar hestum, úlföldum ok ösnum allra mest, þar með höfum við ok töfrat hingat marga góða gripí frá ymsum herrum, ok get ek nú, sagði hún, sýnt yðr hér til nokkur merki. Sörli kvað hana kunna sér margt at greina, klæddist hann síðan skjótt; en er hann var klæddr, settist hann undir borð, ok bar kerling fram dýrliga fæðu með allskonar ilmandi drykk; dúkar voru þar af pelli ok purpura, en ker ok skálir af gulli með gimsteinum sett. Ok er Sörli hafði etit ok drukkit, sem hann lysti, leiddi kerling hann í afhelli einn, ok sýndi honum þar stóra nægð gullis ok gimsteina,

¹) voldgasti, B. ²) 80, B.

ok þar af gaf hún honum eitt tafl af gulli gjört; ok þóttist hann aldrei þvílíkt sæð hafa annat; skikkju gaf hún honum hlaðbúna í skaut niðr, ok gullhring einn, sem at var samanskrúfaðr í 9 stöðum, ok mælti: berir þú þennán hring á þinni hendi, munt þú hvorki á sjó nè landi villast mega. Þá mælti Sörli: aldrei þáði ek slíka gjöf fyrr af nokkrum manni; ok þakkði henni nú gripina með fögrum orðum ok mörgum. Síðan bjóst hann til burtferðar, ok fylgði hún honum langt á leið. Þá mælti kerling: far þú nú vel! ok gjör annathvort, at þú bíð hér við land, þar tál ek hefi gripina útvegat, ella at þú halt heim til Noregs, ok vitja svá hingat aptr, nær þær sýnist. Konúngsson kveðst svá gjöra mundi; hélt nú konúngsson aptr til sinna manna, ok urðu honum allir fegnir, en kerling fór heim til hellis síns; innti þá Sörli mönnum sínum allt af sinni ferð, ok spyr Karmon, íðstra sinn, hvat honum þikir ráðligast þarum, at hann héldi þegar heim til Noregs, eðr bíði þar við land, til þess kerling hefði gripina útvegat; en honum þótti bezt fallit, at hann dvaldist þar um mánuð næstan, til þess er kerling hefði gripina útvegat, ok leið nú svá þessi tími, fram til þess at konúngsson hugði at vitja gripanna.

5. Einn dag í allblíðu veðri kvaddi

Sörli konúngsson með sér 12 menn, ok hugði nú at finna kerlingu at máli; gengu þeir allir ásamt, til þess at þeir fundu hellirinn, gekk konúngsson þá inn fyrstr; ok er hann kemr inn um dyrnar, heyrir hann brak mikit í hellinum ok skarkala, svá honum þótti sem allt lækir á þræði, þat er var í nánd; ok þvínæst sær hann, hvar tvær flagðkonur eru at glíma með stórum atgáangi, ok reif hvor af annarri háir ok klæði, svá báðar voru þær alblóðigar; þikist hann nú kenna, at önnur þeirra er Mána flagðit, vinkona hans, ok þat þóttist hann sjá fyrir víst, at hún mundi hinn lægra hlut úr bítum þera, ok at hún væri nærri því at þrotum komin af mæði, var ok víða klipit hold hennar frá beinum, bregðr Sörli þá sverði sínu hitt skjótasta, ok býðr sínum mönnum at veita lið Mánu; höggr hann framan at skessunni á brjóstit, svá at í beini stóð; við þetta ólmaðist hún svá mjök, at hún setti sínar klær fyrir brjóst Mánu, ok við þat fellr Mána í óvit niðr, greip tröllkonan þá einn ás; ok lamdi með honum alla menn konúngssonar til dauðs í einu höggi; en konúngsson höggr tveim höndum á vanga skessunnar, svá aftók alla vangaþylluna, ok hljóp þar útaf sverðit, svá at þat tók sundr í miðju ás þann, er hún varðist með; við þetta ólmað hún, ok setr sínar klær fyrir brjóst Sörla, svá hann fellr við í óvit, ok í því kom Mána á fætr aptr, ok ræðst í móti skessunni, raknar

þá Sörli við, ok lagði sínu sverði í kvið skessunnar, svá útgekk oddrinn um bakit, ok varð þat hennar bani, varð nú Máha harðla fegin, ok þakkaði konungssyni mörgum fögrum orðum líbveízluna¹, bað kerling hann þá með sér gánga, ok kvað honum mál þikja mundi at sjá gripina.

6. Síðan tók kerling upp herklæði ok sverð bíttrligt. Þessi herklæði, sagði hún, sótti ek út á Serkland til MaskaBERTS keisara, ok þau bar forðum hinn mikli kappi Pantáparus², sem eptir Agamemnoni keisara³ stýrði Grikklandi, eru þau svá góð, at aldrei mun nokkut sverð á þeim festa, hvar sem þú framkémr undir menskra manna eör trölla höndum, ok enginn vætta mun svá heitt eitri spýa eör eldi, at þeim granda kunni; en sverðit bítr allt eins stál sem strá. Konungsson tók nú við gripunum, ok þakkaði henni með mörgum orðum þessa útvegu, leiddi

¹) ok dróu síðan kerlingu í gjána, var konungsson mjök stírðr; gekk hann nú til sængr, ok svaf af um nóttina. 6 kap. At morni spyr konungsson Mánu, hver sú hafi verit, sem við hana hafi leik átt, en hún kvað þat hafa verit systur sína af Tróllakjöf úr Mundiafjöllum; er þat efni til deilu okkar, at við erfðum einn gullhring eptir föður okkar, en fyrir þat at ek var eldri, náði ek hringnum fyrr, ok hefi ek honum síðan haldit með styrk Skrímmis, karls míns; þó hefir hún mik jafnan áklagat, en hefir þó aldri alvarlīga sik í frammi haft, fyrr enn Skrímmis var dauðr, en nú hefir þú með frægð þinni ok hraysti leyst mik úr þessum vanda. b. v. B. ²) Pandarus, B. ³) konung, B.

kerling hann út með samiligum gjöfum, ok skildu þau með vináttu, stö konungsson þegar á skip, ok sigldi hitt beinasta, sem byr gaf, heim til Noregs, hitti hann þar föður sinn heilan á hófi, ok alla vini sína; sagði þá Sörli allt hitt sanna af sínum ferðum, ok þeim frægðum er hann vann á Blálandi. Sat konungsson nú heima hjá föður sínum um veteinn, ok bar eigi neitt til frétta.

7. Nú vkr sögunni til Haralds konungs Valdimarssonar, er stýrði tveim hlutum Noregs, á móts við Erling konung, sem fyrr er umgetit, at einn dag, sem hann sat við drykkjuborð, gengu 12 menn í höllina, ok kvöddu konung snjöllu máli, svá mælandi: tveir bræðr eru hér komnir við land þitt, utan allt af Morlandi, með 12 þúsundir manna vaskra til stríðs, annar þeirra bræðra heitir Garðar, en annar Tófi; vill nú Garðar festa dóttur þína Steinvöru, ok er þat allra manna mál, at aldrei fái hún vaskara mann; gef nú, herra konúgr! skjótt svar til ræðu minnar! sagði sá, sem frambar erindin. Konúgr svarar: fyrr skal hverr maðr hér í Noregi dauðr at velli hníga, enn ek gefi svá leiðu trölli ok mögnuðum berserk dóttur mína, ok seg þú þeim bræðrum, at ek muni koma til móts við þá strax at morgni með allan minn stríðs afla. Sendimenn gengu nú til tjalda, ok kunngjörðu þeim bræðrum sín erindislok. En Haraldr

konúgr lét herboð uppskera, ok bað hvern mann koma til móts við sik, er skildi kynni at valda; fékk konúgr vel 4 þúsundir¹ stríðsmanna, hélt konúgr nú útaf borginni með allan þennan her móti þeim bræðrum. En er þeir urðu slíks varir, hældu þeir þegar á móti með allan sinn her, ok slóu nú saman fylkingarnar; urðu þar skjót umskipti, ok er þat fljóttast af at segja, at þeir bræðr eyddu svá fljótt liði konúgs, at fátt stóð eptir lífs af hans hermönnum; en sem konúgr sèr þetta, blöð hann sínum mönnum, sem eptir eru, at snúa heim til borgarinnar, hafði hann þá eigi meira enn 3 þúsundir², ok hleypti konúgr undan með þetta lið í borgina, en þeir bræðr eltu flóttann allt at borgarportum, ok lauk svá stríðinu.

8. Haraldr konúgr hélt nú ráðstefnu við lið sitt, hvat til bragðs skyldi taka í þeim vanda ok nauðsynjum, er þeim voru nú at höndum komnar, en þat gjörðist á þeirra stefnu, at öllum þótti ráðligast vera, at sendt væri til Upplandaríkis; ok gjörð orð [með skrifligum boðskap³ Erlíngi konúngi ok sonum hans, svá þeir kæmi þeim til hjálpar, með svámiklum her er þeir kynni til at fá hitt snarasta; ok var nú þetta staðfest. Sendi konúgr nú 12 menn til Upplandaríkis; tókst þeim vel ferðin, ok báru

¹) 12 þ., B, 40 þ., C, D. ²) 3 hundruð ok 30, B. ³) v. í B, D.

þeim feðgum bréfin¹, en þeir brugðu við skjótt, er þeir fengu þennan boðskap, ok höldu af stað frá Upplöndum², ok létu eigi fyrr, enn þeir fundu Harald konúng; urðu nú fyrir þeim blíðar kveðjur, ok bjuggust þegar ásamt allir til bardaga, riðu síðan útaf borginni í móti þeim bræðrum³, en þeir bræðr komu senn í móti þeim frá herbúðum sínum með Blámann ok hansettar hetjur. Einn maðr í liði þeirra bræðra hét Loðinn, hann bar merki þeirra, hann var af Polen⁴, stór var hann sem risi, ok ólíkr öllum mönnum fyrir sakirafis ok illiligrar ásýndar; hans spjót var sex' álna á lengð, en þriggja spanna á digurð; hann reið eignum fíl, ok lamdi með sinni staung bæði menn ok hesta, svá öllum stóð af þessum óvin mikill ótti; gagnaði hann langt undan hernum, ok var orðinn 15 manna þani, áðr enn fylkingar komu saman. En er Sörli sá þetta, reið hann þángat at, sem Loðinn var fyrir, ok lagði til hans með sinni staung, vegr hann síðan Loðin upp, ok snarar honum úr söðlinum meir enn 15 fet, svá brotnaði í honum hvert bein; en sem þeir bræðr líta, at Loðinn fellr, tóku þeir til ákafliga at ólmast með því æði,

¹) boð, B. ²) með 18 hundruð manna, b. v. B. ³) í annan fylkingar arm gekk fram Erlíngr konúng, son hins mikla Astro-menus hertuga; hann var úr Naumudal austan úr Noregi, þar næst Sigvaldi, son hans; en í annan fylkingar arm var Haraldr konúng, en Sörli hinn sterki gekk fram undir merki, allr stáli klæddr til handa ok fóta, b. v. B. ⁴) Falster, B. ⁵) 12, B; 5, C; 15, D.

at megn hugðu eigi annat, enn þeir ólmir væri orðnir¹, ok ríðr Tófi þá þar at, sem Sigvaldi konungsson var fyrir, ok hyggr, at haná skyldi sitt líf láta; en í þessari svipan kemr at Sörli hinn sterki, ok höggr til Tófa, en þetta var sem ógjört, því eigi beit á hans bansettan bók meir enn á stein kæmi, ok nú stíga þeir báðir af sláum hestum, ok gangast at knálíga, svá at hvorgi sparði annan, hafði Tófi brögð í frammi á ymsa vega, ok óð nú jörðina allt til knjánna sem blautan snjó, en Sörli stóð öll brögð hans af sér hreystilíga; þá mælti Sörli: þat hugði ek at sögnum, at öngvir í heiminum mundi meiri menn enn þeir af Afríka, en nú lízt mér þat lygar, ok hitt mesta drafl, of þú hefir eigi meira þrótt, enn nú hefir þú í frammi látit, svá mikill garpr sem þú þikist vera; ok við þetta hamaðist Tófi, sem mest hann kunni. Þá mælti Sörli: þú, hitt blauða fól ok hin fordæmda fýla! skalt nú þat reyna, hvæt vèr norskir veitum slíkum gestum, sem þú ert, svá þá þurfi síðr at lánga til fundar við oss; þreif Sörli þá í eyra á Tófa, ok reif í burt af honum alla vängafylluna ok skeggit

¹) *B b. auk meira þessu við*: Ríðr nú Garðar at, þar seru Haraldr konungr er fyrir. — Nú kemr at Tjörfi hinn finnski, hann var konungsins rentumeistari, ok höggr til Garðars á väng-ann, ok af eyrat með vängafyllinni ok skegginu, ok á öxlinu, svá at í beini stóð, skein nú bera jaxla hans sem eina hamargjú. Nú snérist Garðar við Tjörfa, ok klýfr hann sundr í niðju, í þessu kemr at Siggeir, svenskr maðr at ætt, hann var konungsins kanselar, hann hjó til Garðars þvert um herðurnar, en Garðar snérist við, ok klauf Siggeir at endilaungu.

allt niðr at bríngu, varð Tófi þá mjök ófriðr. Ésýndar, brást hann þá í dreka líking, af því hann var mjök hamramaðr, ok blés nú framan at Sörla svá miklu eitri, at undrum gegndi með svartri svælu, en Sörli hjó í þessu drekann sundr, ok lét Tófi þar líf sitt; féll Sörli þá í óvit fyrir hans umbrotum ok eitrsblæstri; en er Garðar sár sinn bróður at velli hníga, varð hann ofmáta tryltr, ok reið nu þar at, sem Erlíngr konúngur var fyrir, leggur hann þá til konúngs sínu spjóti, ok snarar honum úr söðlinum meir enn 20 fet¹, svá at 3 rifin brotnuðu í annarri síðu konúngs. Í þessu raknar Sörli við, ok er hann sár föður sinn feldan, reið hann þangat at, sem Garðar var fyrir, ok höggr til hans sínu sverði, svá at hann klauf höfuðit ok búkinn allt at söðli niðr, ok féll Garðar þá dauðr af hestinum; ráku þeir nú þegar flóttann bræðr, Sörli ok Sigvaldi, ok drápu hvern, er þeir náðu, svá at fátt eitt komst með lífi á burt.

9. Síðan hvurfu þeir aptr til valsins, ok létu kanna valinn; voru þá heim færðir til borgarinnar konúngarnir Haraldr ok Erlíngr, ok þatsárna manna, er græðandi var, ok var þeim öllum græðsla fengin, urðu þeir brátt heilir sárna sinna konúngarnir Haraldr ok Erlíngr, ok var þá þegar tilbúin ágæt veizla öllu stórmenni; þakkaði konúngur þeim feðgum frægligt fylgi, þó einna mest Sörla hinum sterka, þótti þá eigi á Norðrlöndum vera frægri maðr

¹) hér v. blað í C.

enn Sörli. Haraldr konúgr mætti til Sörla: hver laun villö þér nú af oss kjósa fyrir yðra liðveizlu, sem þér hafið oss sýnt, því ef vèr hefðum eigi yðar vaskleiks atnotit, mundi Norvegr allr úr hendi oss; skal nú yðr þat kunnngjöra, at öngvan hlut veit ek þann í minni eigu, er yðr skal ofgóðr vera, hvers sem óska vilduð; var þat allra manna mál, at konúgr mundi vilja gipta Sörla dóttur sína, ef hann vildi hana kjósa, en Sörli svaraði máli konúngs á þessa leið: herra konúgr! sagði hann, eigi em ek svá naumlátr, sem þræll þurfandi, at ek vill mútur taka á afli mínu, [þætti oss heldr meiri sómi, at vor frægð mætti sem víðast útborin verða, heldr enn þiggja gjafir af yðr hér fyrir, þat (er) í fjarlægær álfr færast mætti¹. Eptir þetta var lokit veizlunni, ok héldu allir höfðingjar á burt, hvern til sína heimkynnis; fór Erlíngr ok synir hans til Upplandaríkis, ok voru áðr með sæmiligum gjöfum útleiddir af Haraldri konúngi; ok sat nú Sörli um kyrt þenna vetr.

10. En er vora tók, lét Sörli búa til skip síu, ok lýsti því yfir, at hann vildi í hernað halda um sumarit²; sigldi hann síðan burt af Noregi, var Karmon, fóstri hans, með honum sem fyrr; herjaði Sörli nú um vestrátt³ [veraldar, ok⁴ helzt um Afríkam allt út

¹) heldr þætti oss þat meiri list, at frægð vor aukist, svá margir mætti þat fragna, heldr enn þiggja fégjafir af yðr, *B, D.* ²) hafði hann 4 skip úr landi ok 60 manna, *b. v. B.* ³) þannig *B;* Eystrasalt, *A, D.* ⁴) *v. í D:* fyrst um Fríslanð ok

at Raubahafi; fenuðust honum margir góðir gripir á sjó ok landi, hafði hann nú fengit tólf¹ skip, öll hlaðin með gull ok dýrmæta gripum, ok vaðit fólk hitt vaskasta. En er mjök var áliðit sumarit, vildi konúngsson heim aptr snúa til Noregs. Þat var eitt kveld mjök seint, at þeir komu við Morland hitt eystra, þar tók Sörli² strandhögg mikit, herjaði á borgir og kaupún, ok rænti slíku, er fyrir varð, en hjó til bana hvern, er fyrir stóð; þar tók Sörli konúngsson tólf³ menn ok tvo bræðr, er hétu Börkr ok Bölverkr, þeir voru hin mestu illmenni ok einnin hamramir mjök. Þaðan hélt Sörli konúngsson til Danmerkr ok allt at Eyrarsundi; köstuðu þeir þá atkerum, ok láu af um nóttina.

11. En at morgni, er menn vakna á skipum konúngssonar, sjá þeir inn á sundinu lengra liggja sjö⁴ skip, ok þar í er svá listiliga skrautligr dreki, at hans líka þóttust þeir aldrei fyrr séð hafa, hvorki at stærð né búnaði; allr var hann stáli sleginn, ok gulli laugaðr⁵ fyrir ofan sjómál, þarmeð stafnar⁶ hans útskornir með miklum meistaraðóm, ok þryðdir hinu skærasta gulli, ok víða svá í skurðion silfri smelt, hann var ok fagrliga steindr ok málaðr með allskonar ýmsligum litarhætti, grænum ok hvítum, gulum ok

¹) 7, B. ²) hér byrjar aptr C. ³) 4 hundruð, B. ⁴) 8, C. ⁵) lagðr, B, D; rendr, C. ⁶) ok veðrvitar, b. u. B.

bláum, bleikum ok svörtum. Á þessum fríða knör stóð maðr við siglu, mikill at vexti ok aldraðr at líta; hann var í kápu þeirri, er öll var hlöðum búin, sverð hafði hann í hendi þjart ok hitrligt; ok er Sörli nálgadist drekan, heilsar hann uppá þenna mikla mann, ok spyr: hverr er þessi hinn stolti maðr, er fyrir þessum stóra dreka ræðr, er svá fram brunar með mikilli prýði ok pragt, at öngva an hefi ek slíkan fyrir séð? Hinn mikli maðr, er á drekanum stóð, mælti: þessi mun einn sé vera, at eigi mun þik óttast, né hræddr vera fyrir þér eða þrælum þínum, er þér fylgja, ok mun ek yðr lítit fleira segja. Sörli mælti: þat þikjumst ek heyra, at þér þikizt ofgóðir til at mæla við oss, en hverr sem þú ert, munum vér þora at sjá yðr, áðr enn úti er, en þat er helzt minn grunnr, at þetta muni vera Hálfðán konúngr Brönufóstri Hríngsson af Svíþjóð hinni köldu, hverja þú vannst af Ágnari hinum auðga, föðurbróður mínum, en gjörðir hann at slá¹⁾, ætti mér því eigi at þikja kosta vant við þik, vil ek nú bjóða yðr þann kost, at gefa á mitt vald þennan góða dreka, ok þér farið svá, hvert þér villð. Hálfðán konúngr mælti: lengi höfum vér þessum dreka stýrt, ok hefir hann ætíð happsamr verit, hefir mér ok opt meira fyrir hann boðizt, enn gefa hann á burt fyrir öngva muni,

¹⁾ þannig A, C; sé, B, D.

ok þótt ek hafi land unnit af föðurfrænda þínum, muntu svábúit hafa verða. Var þá konúngr æfareiðr vorðinn, ok gekk hann þá aprtr ok fram um drekann, bauð hann mönnum sínum, at þeir hitt snarasta byggist til orrostu móti þessum þrjótum, ok dræpi þá hitt fyrsta, var þá mikit hark á drekanum, ok var skotit fyrst [stórum ásum¹ ok grjóti, flettiskeptum ok örvum, gafflokum ok öxum, [kesjum ok pálstöfum² ok allrahandu vopnum; varð nú mikit mannfali, ok leið eigi lengi, áðr öll skip Sörla voru eydd ok í sundr brotin, utan þat eitt er hann sjálf stýrði, en Hálfðán konúngr hafði mist 3. Einn var sá maðr með Hálfðáni konúngi, er Þórir hét hinn sterki, hann var sonr Þorviðs jarls, ok var 15 vetra at aldri, en þó hitt mesta mannaval ok fullhugi, svá at enginn var hans jafningi at hreysti ok drengskap um allt Svíaveldi. Nú er at segja frá Sörla, at þegar hann sér at eigi mátti svábúit standa, þá hleypr hann uppá drekann, er minnst varði, ok þeir Börkr ok Bölverkr með honum, komust upp í öðrum stað enn Sörli, ok börðust þar nú allir drengiliga, eptir því sem hverr hafði þrek til ok karlmensku, hjó Sörli ok lagði hvern sem fyrirstóð, ok þyrmdi öngvum, en þeir Börkr ok Bölverkr gengu með öðru borði, þar sem Þórir var fyrir. Hálfðán konúngr Brónufóstri

¹) stórhyssum, einasta í B. ²) kastmö, B.

sér nú þetta, at þeir eru uppkomnir á drekann, æðir hann nú frá mótí Sörla, ok höggvast þeir í ákafa, mátti þar sjá bæði möng högg ok stór, gekk þat svá langan tíma, at hvergi þeirra hópaði á hæl hitt minnsta fyrir öðrum, en þó kom heldr svá um stöir, at Hálfðán konúgr tók at mæðast, þvíat hann var mæðr mjök mikiliga gamall, en Sörli var því listugri til höggvorrstunnar, sem hann sóttist lengr; tók nú at herast föll á Hálfðán konúgr, svá hann hörfaði aptr at lyptíngunni, ok var nær því sem at þrotum kominn af mæði. Þá mælti Sörli: þigg nú grið, Hálfðán konúgr! ok sættumst við, vil ek þat eiga undir drengskap yðrum, hverja sæmd þér villð mér gjöra. Konúgr mælti: nú finn ek með þér gjörla bleyðuhug, ok mun þik nú hræðsla standa sem fleiri norška frændr þína, ok skaltu svá viðbúast, at þar ek hefði aldrei gèð mitt lægt við nokkurn mann, þá mun svá enn vera við þik. Sörli mælti: þú munt, konúgr! ráða verða, en þó segi ek þér griðin vís. Síðan tóku þeir enn aptr at berjast í annat sinn svá ákalliga, at hvergi sparði annan, ok var þat langa hríð; en svá fór sem fyrr at konúgr hópaði, ok var því nær sem kominn at aptara stafni drekans, ok sigraði hann þá svá mikilliga mæði, at valla mátti hann halda sverðinu. Þá mælti Sörli: enn býð ek þér grið, konúgr! ok sætt-

²) þannig A, C; sár. B.

unnst við, vil ek þar eiga undir drengskap yfir-
 trun, hvetja samd þér villð við mik auka.
 Hálfðán konungi mælti: fordæmð verði sá,
 sem þigge nokkur þín boð, ok fyrt skal ek lífit
 láta með hreytti ok drengskap, enn ek ganga
 at þessum þínum boðum. Þá mælti Sörli, ok
 kvað hann öngvar eru verðan af sér upp frá
 þessu, hjó hann þá svá hart ok títt, at kon-
 ungr kom öngri vörn við fyrir mæði sakir, til
 þess at sverðit kraus úr hendi hans, henti Sörli
 þat þegar á lopti, ok lagði því fgegnum kon-
 ungr; hafði Hálfðán konungr aldrei fengit sár
 né knesig af nokkrum manni. Lét konungr
 þar líf skit með góðan orðstyr.

12. Nú er at greina frá Þóri sterka, at
 hann hjó niðr menn Sörla, sem hrátt líris væri,
 svá at öllum var dauðinn víf, er eigi hopaði á
 heil fyrir honum; nú sér Börkr þetta, ríðst nú
 fram, (ok höggr til) Þóris, sem mest hann kann;
 en er Þórir sér vísan dauða sinn, hleypr hann
 í lopt upp aptr á bak yfir slána, ok kom þar
 niðr í sverðit, ok varð þar fast; varð Berki
 seint um, at ná aptr sverðinu; en er Þórir sér
 þat, greip hann upp mikit tré, er hjá honum
 var, ok laust því í höfuð á Berki, svá hausinn
 brotnaði; laut nú Þórir við höggit, ok í því hjó
 Bölverkr um þverar herðar honum, svá Þórir
 var nær sem fallinn, en eigi beit á hans brynju.
 Nú snérist Þórir við Bölverki, greip sinni
 hendi um hvorn fót á honum, ok sleingði hon-

man niðr, svá hausinn brotnaði í smá mola; var þá svá margt lið Sörla komit á drekann, at Þórir sá sitt évænna, ok at hann mundi brátt ofrliði borinn verða, ok þar með sér hann Hálf-dán konúng fallinn, tók hann þá þat ráð, at hann hljóp fyrir borð á drekanum, ok syndti þitt þainasta til lands, [þess er ræð fyrir Sigurðr, es er lengi hafði fylgt Hálfdáni konúngi Brönu-fóstru, ok tók hann við honum allvel¹. En eftir bardagan tók Sörli drekann á sitt vald, ok alla þá gripi er Hálfdán konúgr hafði átta, sigldi hann nú heim til Noregs, ok hitti brátt föður sinn, frændr ok vini heila á hófi, ok varð þar fagnaðarfundr; innir þá Sörli konúngs-son allt þitt ljósasta af sínum ferðum, ok þótti mörgum honum mikil frægð aukizt hafa í þess-arri ferð, girntust þá sem flestir at sjá drekann Skrauta, var þat allra manna mál, at eigi mundi finnast betra eðr vegligra skip, hvorki at stærð nè búnaði.

13. Eitt sinn var þat at þeir gengu á tal feðg-ar, Erlúgr konúgr ok Sörli; þá mælti Erlúgr konúgr, at svá mætti Sörlil við búast, sem at brátt mundi honum ófriðar von af þeim bræðr-um Hálfdánarsonum, er fregnuðu líflát föður síns. Var nú skjótt viðbrugðit, ok söfnuðu þeir feðgar liði um allan Noreg, gjörðu þeir ok Haraldi konúngi orð, at hann sendi þeim nokkurn liðsafla. Ok er þessu var öllu ráðit,

¹) v. í B.

höfðu þeir sterkan vara á sér dag ok nótt, ok væntu á hverri stundu ófriðar.

14. Hins er nú at geta þessu næst, at Þórir stærki komst til lands, [sem fyrr var frásagt¹, hittí Sigurð konúng; ok inti honum allt hitt samna um fráfali Hálfðánar konúngs; þótti þeim öllum stíðar fréttir, ok þó einna mest Sigurði konúngi. Dvaldist Þórir þar eigi lengi, áðr konúngr fékk honum skíp ok menn til Svíaríkis; sigldi Þórir þá hitt beinasta til Svíþjóðar, ok tók höfn nærri borginni Litidorum², er þá var höfuðstaðr ríkisins. Hálfðán konúngr átti þar tvo syni; hét annar Högni, en annar Sigmundur; dóttur átti hann, sem Marsibil hét sem móðir hennar. En er Þórir hitti menn at máli, fregnar hann at Högni er sigldr úr landi til Astro, hertogans af Englandi; gengr nú Þórir heim til hallarinnar, ok síðan inn fyrir Sigmund konúngsson, þaræð hann sat með höfðingjum öllum ok vildislýð, kveðr þá Þórir konúngsson, en hann spyr þegar frétta, ok hvort at Hálfðán konúngr væri með heilu ok höldnu aptrkominn, en Þórir svarar máli hans svá: mikil ok ill tíðindi er nú at greina af vorum ferðum; fráfali Hálfðánar konúngs, föður

¹) á Eyrastrandí hitt beinasta til lands, létu hann eigi, fyrr enn hann kom til Danmerkr; en því ríki styrði Sigurðr, er lengi hafði áðr fylgt Hálfðáni konúngi; þat ríki var erfðaland Hálfðánar konúngs, ok hafði hann sett Sigurð, fóstbróður sinn, þar yfir, ok gjört hann þar at konúngi; þórir létu eigi sinni ferð, fyrr en hann hitti, B. ²) þannig A, C, D; v. í B.

yðvars, rán ok missir drekans Skrauta ok allra konúngsins dýrgripa. Innir nú þórir allt hitt sanna frá, hversu at Hálfðán konúgr var feldr af Sörla hinum sterka, ok allir hans menn deyddir; brá öllum mjök lítt við þessi tíðindi, ok allrahelzt drottningu, þvíat hún fèkk hvort ómegin eptir annat, til þess at hún sprakk af harmi; varð nú enn meiri sorg enn áðr; var hún heygð at fornum sið virðugliga, ok erfi drukkit eptir þau, bæði konúgr ok drottningu, var þar mörgum innanlands höfðingjum tilboðit. Ok at afrunninni hinni mestu ókætinni ok harminum eptir þau konúgr ok drottningu, þá hèlt Sigmundr konúgrsson ráðstefnu um þat, hvat tækiligast væri í slíku tilfelli, sem nú var þeim á höndum; en öllum þótti ráðligast, at sendt væri bréf með boðskap á fund Högna ok hertugans Astro til Englands sem skjótast. Var nú svá gjört, fóru sendimenn sína leið, ok sigldu til Englands, tókst þeim vel ferðin, ok báru bréfin þeim Högna ok hertuganum. En er Högni fèkk tíðindin, lét hann sitt skip hitt snarasta tilbúa, ok bað hertugann eptirkoma með svá mikinn her, sem mest hann kynni til at fá. Játaði hertuginn því brátt, at svá vera skyldi.

15. En áðr enn Högni skyldi til skipsganga, fór hann at hitta drottningu Marsibil, er átti Astro hertuga, ok innir henni allt um

fráfall Hálfðánar konungs, föður þeirra; en er hún heyrði þat, varð hún svá reið ok sorgbitin, at hún féll í óvit hvort at öðru; en er hún vitkæðist ok raknaði við, bað hún þángat kalla hertugann, ok kom hann jafnsnart á hennar fund, tók hún þá til máls, ok sagði: glögg þikjumst ek þat sjá, at hvorugum ykkar Högna finnst mikit til um fráfall föður míns, ok er þat auðsæð, at allr dugr mun úr ykkv vera, at vekja hefndir eptir hann, ok sú skömm mun uppi vera, á meðan Norðrlönd byggjast, ok í allra minnum höfð at aldatali, at Hálfðán konungr hafi eptir sik látit svá dygðarlausar liddur, ok leiðar geitur, sem þer eruð, er allt kunnit hræðast sem hinn blauðasti héri, ok væri þat nær mínu skapi, at þer fengjuð mér vopn ok herklæði, ok mundi þá aldrei kunna miðr at fara, enn yðr ferr nú öllum hans vandabundnum, mætti þat svá verða, at öllum yðr mundi þat til óendanligrar skammrar ok svívirðu snúast, svá lengi sem lifðuð, ok sem meira, þó um er vert, eptir dauðann, ok væri þá betra með sæmd at vera fallinn fyrir vopnum óvina sinna. Ok er henni var runnin hin mesta reiði, stóð hún upp, tók hertugann í fang sér, ok lagði hendrnar um háls honum grátandi, ok mælti: virð þú til elsku mína ok manndóm sjálfs þíns, at þú hefir föður míns á þeim ljóta ok leiða þýarsyni, sem hann hefir af dögum ráðit. Þá mælti Högni:

vertu dæl, systir! Þvíat svá skulum vér hefndir vekja eptir föður vorn, at þér skal vel líka. Hún mælti: helzt treysti ek þér, bróðir! hær til, at þér muni bezt fara hær um af náþngum vorum. Eptir þetta kvæddi Högni hertugann ok systur sína, ok sigldi heim til Svíaríkis; dró hann nú saman múg ok margmenni, ok sáðaa mælti Högni: ek mun á burt verða hëðan¹, ok vita, hvat ek kann finna til Sörla hins sterka, því eigi mun hann vísari vera í Norgegi enn annarstaðar, en Sigmundr, bróðir minn, skal hafa hær landstjórn, ok halda stríð við hann, kunni hann hín gat vitja, með styrk Þóris sterka, ok annarra höfðingja, ok vera við honum búnir nótt sem dag, ef hann kann hær at atbera, en ek mun hitt snarasta aptrkoma, er færi gefst. Öllum þótti þetta bezt fallit vera, sem Högni mælti fyrir, sigldi hann nú burt af Svíþjóð, ok hëldu hitt beinasta undir Noreg.

16. Hins er nú at geta, at Sörli konungsson sat heima hjá föðursínum í Upplandarríki, ok höfðu þeir feðgar samandregit ógrynni hers. Einn dag mælti Sörli konungsson við föður sinn: nú vil ek, sagði hann, hëðan burtsigla til Svíþjóðar, ok leita um sættir við þá bræðr, ef kostr er á, en þér skuluð hær eptir vera með helmíng liðsins, ásamt

¹) með þriðjung liðsins, b. v. B.

Haraldi konungi ok Sigvalda, mínum bróður, en drekinn Skrauti skal útskipaðr liggja til varnar hér fyrir staðnum; öllum þótti þetta ráðligt. Eptir svá talat sigldi Sörli konungsson hinn sterki burt af Noregi austr fyrir land, ok allt at eyinni Mostur¹; sú ey er lukt hömrum stórum, ok skógi vaxin, sigldi millum landsins ok eyjarinnar. En í þeim sama púnkt² sigldi Högni konungsson framanvert við eyna, ok fórust svá hjá, at hvorugir hittu aðra; sigldi Sörli beint at Svíaríki, ok tók höfn nærri borginni³, ok lét hann þar reisa herbúðir sínar. Nú er hins at geta, at Högni konungsson sigldi beint undir Noreg, gaf þeim vel byri, ok komu við land at höfnum þeim, er láu í nánd Upplandaríki, ok er þeir nálguðust, litu þeir þar fyrir sèr liggja 40 skip, ok sáu þeir þar ok kendu drekann Skrauta; kom þá reiði ok grimd í hjarta á Högna, ok mælti hann síðan: auðsèð er þat nú, at heima mun vera Sörli hinn sterki, þvíat hér kenni ek drekann Skrauta, bað Högni [þá skjótt⁴ leggja at skipunum; ok svá var gjört. Sá maðr, er yfir var settr drekann, hèt Ívar, [hann var af Finmörk austans, einn góðr riddari. Þá mælti Högni: þèr, hinir leiðu þrælar! skuluð þat vita, at ek býð tvo kosti,

¹) Monstr, *rángt*, D. ²) þat s. sinn, B. ³) höfuðborginni, B. ⁴) festa rauða skjöldu við rá hverja, lagði nú skjótt til hafnar, ok hauð sínum mönnum at, B. ⁵) v. í B.

annar er sá, at þer gefið á mitt vald þennan góða-dreka, en sa annar, ef þer villð eigi þennan, at þer verið þá fæ ok fjör, meðan þrek tilvinnst fyrir oss. Ívar¹ svaraði hans máli, ok sagði þat öngva von at hann uppgæfi drekann. Við þetta varð Högni æfareiðr, tókst nú at skömmum fresti með þeim hinn snarpasti bardagi, ok var þá eigi at sökum at spyrja; eggjaði þá Högni sína menn til atsóknar, ok mælti við einn sinna manna, er Svalr hét²: þat hugða ek, at þú mundir vera góðr riddari, en nú vill mér eigi þat reynast. Svalr mælti: ef enginn þinna manna, konúngsson! gengr tæpiligar fram enn ek, þá má ek makliga sneipu líða; ok í þessu hljóp Högni fyrstr uppá drekann, ok með honum Svalr, hjó Högni þá ok lagði hvern sem fyrir stóð, ok þyrmdi aungvum, en Svalr gekk með öðru borði, kom Ívar þá ímóti Sval, ok höggv til hans, svá at Svalr féll flatr niðr, ok blóð rann ákaft af munnni hans ok vitum. Þá mælti Ívar: segðu heim til Svíþjóðar, þá þú kemr þar, at þú hafir hitt oss Norska fyrir, ok vil ek nú þó bæta þer, ef þer þikir eigi duga. Þá mælti Svalr: lítt veiztu þat, löðr-menni!³ hvort við erum skildir at sváþúnu eðr eigi; spratt nú Svalr fimliga⁴ á fætr, greip sinni hendi um hvorn fót Ívari, ok

¹) norski, *b. v. B.* ²) hann var hallenzkr ok góðr riddari, *b. v. B.* ³) loddari, *B.* ⁴) hér *v. blað í C.*

[slengði honum niðr¹, svá hausinn brotnaði í smátt. Þá mælti Svalr: svá plögum vör Svensk-ir at gjöra refunum, nær þeir ganga í gildruna, ok hlægir mik þat, at eigi munir þú fréttir heimsegja Erlíngi konungi. En er Ívar var fallinn, hafði Högni gagnrudt drekann, ok var þetta allt jafnsnart í senn, gengu nú allir á hönd Högna, sem eptir voru, tók Högni þá drekann á sitt vald, sigldi síðan heim til hafnar, ok lét nú þegar reisa herbúðir sínar skamt frá borginni Erlíngs konungs.

17. En at morgni komanda, er lítt var ljóst, sendi Högni 12 menn til hallarinnar, ok var Svalr fyrir liði þeirra, bað Högni at þeir segðu þeim Sörla hinum sterka ok Erlíngi konungi, föður hans, at hann biði þeim bardaga þegar samstundis; fóru nú sendimenn, ok létta eigi fyrr, enn þeir koma í höllina, þareð Erlíngr konúgr inni sat með öllum sínum höfðingjum ok lendum lýð; heilsar Svalr uppá konúng, ok mælti svá: Högni, sonr Hálfðánar konungs, hefir oss hingat sendt, ok lætr kunngjöra þér, konúgr! at hann býðr Sörla hinum sterka bardaga, ef hann er hér innanlands, ella sjálfum þér, ef hann er eigi heima, ok vill nú Högni hefna á ykk feðgum makligra svívirðinga, uggir mik eigi muni ykk betr fara, enn þeim leiðu þrælum, er verja skyldu land þitt ok drekann Skrauta, hverir fljótt fellu fyrir oss, sem ragar

¹) sló við farstokkinn, *D.*

abógargeitr; lífast mér þínir menn, konúgr! heldr huglausir verð, ok heldr hendtir til at þjóna hér í höll þinni, heldr ena bardaga halda við vaska stríðsmenn, þá af Kúrlandi¹⁾ ok Köldu-Svíþjóð, því er þat mitt hitt bezta ráð, at þú gefir þik fánginn ok allt þitt ríki á vald Högna undir þá miskun, sem honum þikir þú makligr til vera at þiggja. Þá mælti Erlíngr konúgr: eigi var lukkan fráhorfin Högna, er hann náði einum þvílíkum, sem þú ert, þvíat mörgum mundi miðr fara at flytja erindi herra síns enn þér, skrafar þú eigi hug úr oss Norskum með stóryrdum þínum ok drengbilæti, væri þat makligast, ek lèti heingja þik á gálga fyrir djörfung þína, ok kendi þér svá, at leika eigi þvílíkt við fleiri. Svalr mælti: eigi er ek hræddr um þat, eðr fyrir því, þóat framkomi, mundi þín þá at illu meir ok framar getit verða, enn annarra höfðingja allra, sem þú síðr grið gæfir sendimönnum. Erlíngr konúgr mælti: gakk burt, ok seg Högna, at vèr munum koma til móts við hann. Gekk Svalr þá úr borginni; ok hitti Högna at máli, greindi hann honum þá innviliga frá viðræðum þeirra Erlíngs konúnga; en eptir þat at Svalr var í burt úr höllinni, árnúðu honum allir ílls, þeir er eptir voru.

18. Nú sem Högná hafði þesta heyr, sem nú var frásagt, klæddist hann skyrtu einni, er engin járn kunnu á at bíta, ok spenti sik sverði því, er Sigrljómi hét, ok forðum átti Hrólfr

¹⁾ Kúrlandi, B.

konúgr kraki. Síðan kvaddi Högni allan sian her til orrostu, ok stóð nú fremst sinna manna; kom nú Erlíngr konúgr úr borginni með allan sinn her, ásamt Haraldi konúgi ok Sigvalda, syni sínum. Maðr sá, er merkit bar fyrir Erlíngi konúgi, hét Sverrir¹, hann var af Finn-mörk austan, góðr riddari. Högni reið nú fram í fylkingar Noregs manna, hjó ok lagði hvern er fyrir varð, ok þyrmdi öngvum; ok í þessari svipan mætti hann Sverri, merkismanni Erlíngs konúgs, ok hjó til hans með sínu sverði, en Sverrir brást í jörð niðr, ríðr nú Högni um þverar fylkingar, ok fellir hvorn um annan. En sem hann er ákafastr at höggva niðr liðit, kemr svá mikit león upp úr jörðunni, at öllum stóð felmtur af ógn þeirri, snérist leónit þá brátt í móti Högna, ok laust sínum hala á hest hans, svá hart at Högni hraut langt í burt ok í einn skógarrunna. Nú spratt Högni fljótt ok fimliga á fætr, ok höggr í móti dýrinu, en þat var sem ógjört, því eigi beit hitt minnsta á leónit, ok tók þat við hverju hans lagi². Nú snarar Högni sínu sverði, ræðr í móti dýrinu, ok sviptast nú harðliga, svá at allt gekk úr lagi, þat sem fyrir varð, jafnvel eikrnar af stofnunum; stóð þessi glíma um heilar 3 stundir, neytti þá konúngsson orku ok ills kraptar, tók dýrit upp á bríngu sèr, ok sleingði því niðr við einn eikar-

¹) Sviphald, *alstaðar B*; Svaur, *D*. ²) með kjaptinum, *b. v. B, D*.

stofn, svá at í sundr fóu í því hrygggrinn, en við þetta spýr dýrit eitri með ógrligum frýsingum ok dimmri svælu, en skyrturnar dugnaðr hlífði konúngssyni, at hann sakaði ekki, en þó leið hann í ómegin ofan á leónit. Erlíngr konúngur sér nú þetta, ok ríðr þángat, sem Högni lá, ok hjó þvert um herðar hans þrjú högg, en eigi at heldr beit á hann sverðit. Nú sem konúngur verðr þessa vís, at eigi bita hann vopn, þá kallar hann á einn sinna manna, er Gellir¹ hét, ok bað hann ljósta Högna til dauðs með kylfu sinni²; en er Svalr sér Erlíng konúng standa yfir Högna með nöktu sverði, þá setti hann hest sinn á skeið, sem mest mátti hann, reið at Erlíngi konúngi, lagði til hans sínu spjóti, er minnst varði, ok snaraði konúngi úr söðlinum meir en 40 fet, svá at brotnaði í honum hvert bein. Nú snérist Gellir í móti Sval, hefir upp kylfuna, ok vildi ljósta hann til dauðs; sér Svalr þá vísan bana sinn, ef ákæmi, hljóp hann því úr söðlinum aptr á bak, ok kom kylfan á hestinn, svá at í sundr gekk hrygggrinn. Nú ræðr Svalr á Gelli, ok sviptast þeir hartliga, þartil er Gellir féll til jarðar. Þá mælti Gellir: nú vildi ek fóstura mín kæmi. Því næst fann Svalr, at kipt var í herðar honum heldr óþyrmiliga á bak aptr, svá nú varð Svalr undir,

¹) hinn færiaki, b. v. B. ²) óð nú Gellir fram með gadda-
kylfu slegna, ok hugði nú þetta at gera, b. v. B.

en Gellir ofan; ok hugði nú Gellir, at Svalr skyldi lífit láta. Í þessu raknar Högni við, grípr sverð sitt, ok höggv Gelli sundr í miðju, komst Svalr á fætr við þetta, þótt hann leik stárót væri; en er Högni laut við höggit, hjó Haraldr konúgr þvert um herðar á honum, svá Högni var nær sem fallinn. Nú sværist Högni við, reiðir upp sverðit, ok höggv til Haralds konúngs, svá at hann klauf hann allt at sölli niðr. Síðan reið Högni þángat at, sem Sigvaldi var fyrir, ok setti sverðit á háls honum, svá aftók höfuðit, var nú fátt eptir orðit af þeim Norsku*, en þeir, sem eptir stóðu, flýðu allir í borgina, ok intu drottningu allt um fráfall konúnganna ok Sigvalda; var nú svá mikil sorg í borginni, at enginn gáði hvorki svefne né matar at neyta.

19. At morgni eptir orrostana, sem lítt var ljóst, bjóst Högni í borgina með öllu lífi sínu, gekk hann fyrst í höll konúngsins, ok fann þar öngvan mann inni, utan tilkomulause þræla, frétti Högni þá at, hvar drottning væri, en þeir sögðu hana gangna í höll dóttur sinnar. En er þeir Högni hugðu þángat at vitja, ok þeir voru komnir at þeim skógarði, er var í kringl skemmuna, laust á svá mikilli þoku, at enginn sá annan, ok fundu þeir hvorgi skógarðinn né skemmuna, fetuðu þeir þá hvergi;

*) Valdimar Haraldsson heð sér gríða, hann var þá 14 vetta, hvat hann ok fékk, b. u. B.

en um síðir varð svá mikil móða fyrir hernum, at margir dattu þar ofaní á kaf, ok svömluðar þar svá innanum þá nótt alla með stórum erfiðismunum; varð þeim torsótt at klyfrast neðan þá hamra, er tveimmegin voru móðunnar, gekk þetta allt til dags. En sem dagði, sjá menn öngva móðu, ok höfðu þeir verið at klórest neðan skógarðinn allt um kring, þar þeir hugðu hamra vera, dattu svá þar ofaní fyrir, ok gátu eigi atgjört. Ok er þeir sáu slíkt óefni í hafa orðit, bauð Högni at brjóta portin, ok ná hurðinni af hjörunum; en er þat var gjört, ganga þeir Högni í skemmuna, ok er þeir komu þar, sáu þeir öngvan mann, tók þá flesta at stansa af slíku. Let Högni þá uppbrjóta allar fèhirðslur, ok taka þaðan gull ok silfr ok dýrlic klæði, fór hann síðan á² burt með öllu liði sínu; ok er þeir voru skamt komnir mjök, verðr Högna aptrlitit, ok sér á múrnunum standa konu ófríða ok mjök aldráða ásýndum, ok hjá henni eina jórnru, svá fagra ok dægiliga ásýndum, at Högna féll vel til geðs hennar þryði. Þá mælti Högni til Svals: hvor grunar þik at þessi sé hin fagra, sem þar stendr hjá þeirri ljótu kerlingu á múrnunum? Svalr mælti: þat mun vera dóttir Erlings konungs Ingibjörg; ok dóstra hennar, ok munu um brögð búa við þik, ok vilja oss feiga. Högni mælti: aptr skulum vèr hverfa, ok ná þeirri

¹) hét byrjar B aptr.

þinni fögru mey. Svalr mælti: eigi má svá vera, herra! þvíat í nótt fengum vér hrakning með stórum erfðismunum, en nú munum vér fá dauðann vísan, ef við aptrsnúum. Högni bað þá, at Svalr ráða skyldi. Riðu þeir nú til tjalda, ok skipta öllum sínum herbúðum. Síðan stigu þeir á skip, létu frá landi, ok sigldu burt af Noregi sínum skipaflota, voru þau 50² at tölu með drekanum Skrauta. Sigldu þeir nú beinleiðis hægan byr, allt til þess þeir komu til Svíaveldis.

20. Hins er nú at geta, er áðr var frá horfit, at Sörli konúngsson kom í Svíaríki, tók hann höfn nærri borginni, ok lét reisa þar sínar herbúðir. Hann hafði í sínu liði margt vaskra manna. Tveir bræðr voru með honum finnskir, hét annar þeirra Falr, en annar Fróðel; þeir voru báðir vel mentir í kýngikröptum öllum ok forneskju, svá at, nær þeim sýndist, voru þeir aðra stund í jörðu; en svá þótti mönnum, sem ör flýgi af hverjum þeirra fingri, ok fyrir hverri ör maðr til dauða kjörinn. Með Sörla voru þeir þrír bræðr aðrir, sem aldrei höfðu mæðzt nè sigrazt í neinni orrostu; þeir hétu Amundi³, Austmundr⁴ ok Arnljótr gauzki⁴; en er þeir höfðu sínar herbúðir sett, konúngsson, ok hans menn, sendir hann 12 menn til hallarinnar, ok var Sverrir formaðr ferðarinn-

¹) 31, B. ²) Ofðas hinn noriski, Amundi austmaðr; B. ³) Austmaðr, D, v. í B. ⁴) Alljótr gusti, D; Ljótr gauzki, B.

ar. Ok er sendimenn innkomu í höllina, þar er Sigmundur sat með sínum höfðingjum, þá mælti Sverrir: Sörli hinn sterki, son konungsins af Noregi, hefir oss hingat sendt, ok lætr þér kunngjöra, at hann bíðr þér sátt ok sæmd fyrir konúnginn Hálfðán, föður þinn, ok þat allt fè er konúgr átti, þar með vináttu sína, ok fóstbræðralag, ok alla þá sæmd er hann kann frekast at veita ykk bræðrum. Ok er Sigmundur heyrði þessi orð ok boð, þá varð hann óðr ok ær, með ákafri grimd ok forsugu hjarta, ok mælti svá: þakkið yðr skjótt hëðan, ok innið þat þessum niðingi, er þér eruð frá sendir, at hann skal höggvinn verða fyrir hund ok hrafn, ok síðan á eldi brennast, bæði hann ok allr hans her. Sverrir mælti: eigi mun Sörli hræðast þessar hótanir. Sigmundur mælti: verið skjótt burt frá augum mínum, þér leiðu þrælar! ok innið slíkt Sörla, at hann á öngrar vægðar von af oss, ok skal hann fordæmðr fá makklig laun sinna skammarligra hryðjuverka, þau sem fæsta skal eptirlánga. Gekk Sverrir nú burt, ok innir Sörla allt af viðræðu þeirra Sigmundar, svá sem tilbar, ok kveðr öngra sátta framar von vera meðal þeirra. Eptir þetta svá talat býr Sörli hinn sterki allan sinn her til orrostu; en þeir Sigmundur ok þórir sterki þeystu sitt lið allt útaf borginni, ok var nú hitt mesta heróp gjört af hvorutveggjum, með miklum lúðraþyt ok trumbuhljóðum. Ok

er fylkingar komu saman, hjó Sörli ok lagði hvern, sem fyrir stóð, ok rauf hann fylkingu Sigmundar mörgum sinnum bæði um þvert ok at endilaungu. En er Sigmundr konungsson sá þat, hugði hann at rétta við fylkingararminn, ok reið nú fram ákaflega, mætti þá í hernum þeim bræðrum Fal ok Fróðel, ok sá hann þeir drápu svá liðit niðr, at undrum gegndi; vildi nú Sigmundr hefna sinna manna, reiddi upp sverðit, ok hjó til Fróðels, en hann brast í jörð niðr við höggit, náði Sigmundr þá til hans í því, ok vildi hann upptoga, kom þá Falr at í þessu, neðan úr jörðunni, á bak til við Sigmund, ok lagði hann neðan í kviðin undir brynjuna, svá at þat varð hans bani; féll nú Sigvaldi dauðr niðr, ok fór þar allr hans ofsi. En er Þórir hinn sterki leit þetta, ok sá at eigi mundi tjá at berjast lengr við Sörla, þá flýði hann aptr í borgina, með þat fátt liðs, er eptir var orðit.

21. En er Sörli sá þat, færði hann sínar herbúðir nær borginni, ok gengu nú at með oddi ok egg, at brjóta múrinn, en Þórir ok hans menn báru út á þá af múrnum wellanda bik ok brennistein, svá at Sörli fékk þar af mikit mannsþell, lét hann þá aptr upptaka sínar herbúðir, ok færa þær lengra í burt frá borginni, þangat er fyrst höfðu þær staðit.

22. Nú sem þetta var tíðinda, kemr her-

toginn Ástro af Englandi með öflýandi her á mörgum skipum, ok tókot nú af nýju hin snarpasta orrosta með þeim Sörla konungssyni, féll þá svá líðit niðr af hvorutveggjum, sem hrátt hrís, nær þat er í skógi kvistat. Reið nú Sörli hinn sterki fram ákafliða, ok feldi lið á báðar hendr, ok slíkt hitt sama herbegian Ástro aptr í mót, stóð sú orrosta í næstju tvo daga, svá ósýnt þótti, hvorir sigra myndu.

23. Ok er hinn þriðji dagr kom, sáu menn mörg skip af hafinu sigla, ok þángat at landi stefna; þau voru öll velbúin, en þó bar eitt langt af öllum öðrum, þar þóttust menn kenna drekann Skrauta, ok gátu menn þá til, at þetta mundi (vera) ferð Högni Hálf-dánar sonar Brönufóstra. En er Sörli vissi þetta, brá honum svá nokkut við, ok mælti: nú munu þau umskipti nokkur vera orðin í Noregi, er oss munu enn eigi opinber, því ek kenndi hér drekann Skrauta, ok mun þá enn eigi enduð deila vor á meðal; skulum vér fyrr falla með hreysti, enn vér ragir reynumst. Allir hétu konungssyni hér um góðu, at honum fylgja skyldu, ok eigi við hann skilja, fyrr enn dauðinn skildi þá; þar nú þessi skip þrátt at landi, ok lagði Högni drekannum á góða höfn sem næst borginni, ok svá gjörðu allir skipstjórnarmenn. Lét nú Högni atkerum hafa í grunni safar, ok eptir þat lét

hann tjalda sínu gullofau silkitjaldi, ok gekk þar inn síðan með öllum sínum vildustu mönnum; drukku þeir þar, ok voru glaðir. Nú er þeir sjá þetta, hertoginn Astro ok Þórir sterki, at Högni er við land kominn, ok þeir þektu þat gjörla, at drekinn Skrauti var fyrir landi, þá urðu þeir mjök glaðir við komu hans. Riðu nú til herbúða Höгна, ok varð þar mikill fagnaðarfundr meðal þeirra allra; innir nú Þórir Höгна allt frá viðskiptum þeirra Sörla ok Sigmundar, bróður hans, ok svá um boð þau, er Sörli bauð Sigmundi. Högni hlýddi á þetta, ok lagði fátt til. Eptir þat gengu þeir allir með liðit heim til borgarinnar, ok drukku listiliga í þrjá daga hina næstu í höllinni, ok voru glaðir ok kátir.

24. En þá hinn fjórði dagr kom, sendi Högni 12 menn til herbúða Sörla, ok bað hann viðbúinn vera, at mæta sèr, ok hetja enn á nýju orrostu, kvað nú þennan dag enda skyldi verða á þeirra máli. En er Sörli heyrði þetta, kvaðst hann í stað til reiðu vera, ok eigi dvelja skyldi. Fylktu þá þegar hvorutveggju sínu liði, ok varð nú hörð orrosta ok grimmilig; ok með því at flest var manna fallit af liði Sörla, þá hallaðist brátt á hann bardaginn, en fátt var lið hans á fæti eptir. Þórir sterki reið þá þar at, sem fyrir var Karmon, fóstri Sörla, ok veitti honum bana; en er Sörli sá þat, varð hann æfarreiðr, ok hleypti sínum hesti eptir Þóri, ok

hugði hann skyldi bana hljóta, eðr sjálfr sitt. Hf láta, ok er þat sèr Högni, mælti hann: þat mun nú ráð, Sörli! at við reynum með okkr, þvíat eigi mun seinna betra. Sörli læt þess albúinn vera.

25. Reið nú hvorr þeirra svá hart í móti öðrum, at hestarnir beggja voru nær sem fallnir, ok hjuggu þeir nú sundr hvor annars hest í bógunum, en hvorgi kom sári á annan, þvíat herklæðin hlífðu þeim svá ágæta vel, ok var þat lengi at þeir hjuggust þannin, ok hvorúgan var at áfrýja um vörn ok sókn. Nú sèr Sörli, at eigi muni tjá, at skipta lengr höggum við Högna, snarar hann þá sverðinu langt frá sèr í burt, ok ræðr þegar á Högna, en hann grípr í mót af öllu afli, ok sviptast þeir nú harðliga, þurfti þá eigi at sóknum at spyrja, hirti þá hvorgi friðar nè griða annan biðja, ok var þeirra atgánger hinn grimmiligasti, svá at öngvir þóttust slíkar sviptingar sèð hafa fyrr millum tveggja menskra manna. Nú lítr Sörli einn lækjarfarveg mjök djúpan þar skamt frá sèr, ok hyggir at Högni skuli þar í falli, kippir nú Högna at sèr sem harðfengiligast, er þeir nálgudust skurðinn. En er Högni sèr, hvat hann muni áformast hafa, þá hleypr hann sem harðast í fang honum, er hann mátti, varð nú meira kastit á Sörla, enn hann átti til von, ok fellr hann þá öfugr á bak aftur, ok hleypr nú Högni á hann ofan,

 á hallargólfi,
 seg mér til sætis!
 sonr er ek grams Ynga.

Konúngr mælti: frétta mun ek fleira þurfa
 áðr, ok kvað vísu:

Hverr er sá hoski
 er hjálm ok gjörð stýrir,
 sterkr ok stórmannligr
 stendr þer á hlið aðra?
 glöggra máttu greina mér
 frá görpum þínum
 þá veit ek gjör,
 hvar gestum skal skipa.

Hjálmter kvað:

Ölver hann heitir,
 er aldrei hræðist
 eld nè eggjar
 eðr hergengi;
 borinn sem buðlúngr
 þeir beztir eru,
 mætri enn mildúngar²,
 minn er fóstbróðir.

Vél er frá manni sagt, segir konúngr, ok kvað
 vísu:

Hverr er sá gaur,
 sem í gáttum stendr,

¹) vil, C. ²) mildúngr, B, C.

ok rís röskliga
við rótakylfu;
gnapir með hettu,
ok hyggir at gumna mengi,
lítt er skúmr sá
at skapi mínu.

Hjálmter kvað vísu:

Hörðr hann heitir
hefir fátt þrýði,
velr um vopn sjaldan,
vill ei skart þiggja;
öldunga einnin
ekki hræðist
maðr mjök snarligr,
met ek hann mikils.

Konúngr kvað vísu:

Lítt honum sæmir
hjá seggja liði,
þeim er í guðvefum,
glóa allir;
sitl hann yzt
af seggjum mínum,
skal honum veita vel
með vorum þegnum.

Eigi munu þér því ráða, segir Hjalmtér, ok munum vér annathvort sitja allir, eða enginn vor. Slíkt eru mikil undr, segir konúngr. Hjalmtér bað konúng yeturvistar. Konúngr segir þeim til reiðu drykk ok víst: en til muntu vinna lítt þrekverk; horn tvö skaltu sækja á kálf

14K. HJALMTERS OK ÖLVERS SAGA. 495

minn, vil ek af þeim drekka átta dag jóla, ella muntu missa lífit. Þetta á mikils at kosta, segir Hjálmtèr, eða hvert á þessa kálfs at leita? Segðu þèr þat sjálfr, segir konúngr. Hjálmtèr mælti: herra! skipa oss fyrst sæti. Konúngr segir svà skyldi vera, ok kvað vísu:

Harðr muntu heima,
þú hyggst öllu ráða
oss í hjá
í höllum vorum;
hefir þú brand hvassan,
brynju ok hjálm vænan
ok fofnisbýngi aðra,
en set þik aprt af því.

Hjálmtèr kvað:

Úngr var ek heima,
ok öllu skipaði
skatna liði
at skapi mínu;
gegndi þat fullvel
fylkis sveinum,
brögnum vel bornum,
ok buðlungsliði.

Konúngr leit til Hástiga, ok kvað vísu:

Statt upp, Hástigi!
ok gef rúm gestum,
furðu farmóðum
ok frekum í ræðu;
mik hafa ei öðlingar
áðr heim sóttan,

þeir mér sýnzt hafa
með svinnra bragði.

Hástigi leit til konungs mjök óhýrliga, ok
kvað vísu:

Hefir þú fyrr úr sæti
mér eigi boðit
upp at standa
fyrir ókunnum;
en feigð mun vondslig
vísir granda,
hánga skyldu hinir
á hinn hæsta gálga;
þeir munu þik svíkja,
þat segi ek fyrir gjörla.

Konúngr leit til hans reiðugliga, ok kvað vísu:

Ertu¹ illr gestum?
opt hefir þú hölda,
þá mik heimsóttu
til heljar færða;
gakk á bekk annan,
garpr meinhugaðr,
hnýttir hinn harðleiti!
hraðr² á borð annat.

Hástigi stóð upp, ok gekk um þvera höllina,
ok settist niðr. Hjalmtèr gekk til sætis, ok þurfti
tveggja manna rúm, en Ölver þriggja; Hörðr
var jafnmikill, sem þeir báðir fóstbræðr; var
þeim þó sætit nóg, sem Hástigi hafði áðr ísetit.
Litlu síðar tekr Hörðr sjóð fullan með gull, ok

¹) Ei ertu, C. ²) er, b. v. C.

gefr til beggja handa; ok er hann hafði öllum gefit í höllinni nema Hástiga, var gullhríngur einn eptir. Hann gaut augum til hringsins. Hörðr sá þat, ok rétti at honum, en hann seildist í móti. Hörðr stakk trè í hrínginn, ok þat sama kefli setti Hörðr fram-an á tennr Hástiga, en hann sá óglöggt til, því sólin skein á glúggana, en keflit kemr á tennr Hástiga, svá hann dettr þegar á bak aptr með allmiklum hljóðum, ok hnúskar óhægliga¹ höfðinu, en sessunautar hans hlóu at honum, [en hann² rumdi fast; um síðir raknar hann við³, skýtr hann augunum⁴, ok mælti: sleginn var ek, sveinar! þeir báðu hann þegja. Í því réttir Hörðr at honum hrínginn í annat sinn, en hann tók þá við hríngnum, ok geymdi. Hörðr mælti: opt hefir hundr, þat hafna sessunautar. Þeir sögðu um Hástiga: makliga var nú leikin mannfýlan. Konúngr skipar þeim eitt lopthús vænt, at sofa í. Konúngr spyr Hjálmtér margs, en hann leysti vel úr öllu, því Hörðr hafði frætt hann á mörgum hlutum, því hann kunni af öllum löndum at segja. Jafnan var Hjálmtér í skemmu konungsdóttur, ok tefldi við hana; hún var öllum kvennmannligum listum prýdd, hún kunni ok allar stjörnulistir ok steinaþróttir.

¹) óhagliga, C, P. ²) er hann skar allólagliga höfðinu ok, C. ³) er vort var, b. v. C. ⁴) en sker grefurnar, b. v. C.

15. Þat var einn dag, at Hjalmtèr sat nær konungsdóttur, ok tefldi við hana. Hervör spurði Hjalmtèr, hvat hann ætti til vetrvistar, at vinna. Hann kvaðst eiga at sækja kálf einn. Hvort áttir þú þann at sækja? segir hún. Konúgr vildi mèr þar aungva grein á gjöra, segir hann. Enginn kálfr er þetta, segir hún, heldr er þat gamall uxi, nfræðr at aldri, hann etr fènað, en drepr menn ok hesta, því hann er hverju dýri grimmari; hann hefir drepit alla þá menn, sem eptir honum hafa farit, ok föður minn hafa beðit vetrvistar. Þat er hitt mesta blótnaut, ok fæðist mest á mannaholdi; hljóð hefir hann hveltt ok digurt, svá enginn maðr stenztr; þat er í einum garði, háum ok sterkum, midt hèr á landinu; hann má eigi laus vera, því þá brýtr hann niðr borgir ok kastala, ok vinnr mikinn skaða á mönnum ok fènaði; öll kvikindi eru hrædd við þetta arma naut. Þau lintu talinu, ok gekk Hjalmtèr heim í lopt sitt, ok sagði þeim kompanum sínum, hvat konungsdóttir hafði honum sagt; leið svá vetrinn fram til jóla. En tveim nóttum fyrir hinn fyrsta jóladag stóð Hörðr upp úr sæng sinni, svá at þeir fóstbræðr vissu ekki til. Hann tók sax Ölvers, ok gekk út síðan, ok til skógar, þarsem stórar brautir lágú; gekk hann svá lengi um nóttina, þar til at brautirnar kvísluðust. Hann hugsar mjök um sinn hag,

hvernin gánga mundi; reikar hann forntroðinn götustig í þykkva mörk, ok eigi fyrr lættandi, eun hann kemr fram á annes eitt fagurt yfirlits; hann sèr þar garð háan, gjörðan með múrsteina; þángat gengr hann, ok hefir kylfu 12 álna lánga með stórum göddum ok laungum ok fleinn fram úr; hann seildist upp jafnhátt garðinum með henni; hann gengr með garðinum nokkra stund, ok berr allstaðar jafnhátt. Hann sèr, at eigi muni svá búit standa mega, því tekr hann kaðal, ok bindr um einn stein stóran, ok kastar inn yfir garðinn, ok les sik svá upp á garðinn; en uxinn lá á vellinum fyrir innan, ok hafði snúit um allri jörðinni, hann hrýtr ok sefr ok sníðir² illa, svá Hörðr þóttist eigi vita, nær enn hann mundi hrjóta inn at garðinum fyrir nasalátum gradda³, ok sá, at þat mundi margan háfa til bana leitt; því leysir hann steininn úr festinni, ok fleygir honum á stað, ok kom hann á síðu nautsins. Hann vaknar við með æslátum, spríngandi þegar á stað, ok skundar alla vega, ok dregr veðrit af mannum, ok hleypr at garðinum, þar sem Hörðr var fyrir; hann vill eigi lengr bíða, ok reiðir upp gaddakylfuna, ok rekr í hausinn á bola, svá at allir sukku gaddarnir, en hann hristist við, ok skekr höfuðit, ok lét ómliga, svá at Hörðr misti

¹) vítt ok, C. ²) stríðir, C. ³) gridda, C.

kylfuna, ok hraut hún langt á völinn, en uxinn skopar nú skeið at garðinum, ok flensar túngunni eptir Hörði, ok dró hann at sér; hann fær eigi annat ráð, enn hann kastar sér flötum ofan á milli hornanna á uxanum, ok spenti höndunum niðr um hálsinn, en boli brauzt um fast, heimskliga hlaupandi aptr ok fram um garðinn með hræðiligum hljóðum, berjandi fótunum, ok hristandi hausinn; vissi Hörðr at þat mundi sinn bani, ef hann ditti ofan; verðr þat um síðir, at boli mæddist af miklu umfangi ok blóðrás; hann hleypr at garðinum með illum látum; ok kemr upp framfótunum á garðinn. Í því leggur Hörðr með saxinu undir bóginn, svá at í hjartanu stóð; brauzt uxinn um, þar til hann dó, ok hafði hann þá brotit mikit hlið á garðinn í sínum fjörbrotum. Hörðr fló uxann með öllum leðrum, ok fylgðu hornin húðinni. Hörðr leggur hana á bak sér, ok bar heim, ok fleygir henni niðr fyrir loptsdyrnar. Hjálmtèr vaknar við dýnkinn, ok sprettr á fætr; í því kom Hörðr inn, ok varð Hjálmtèr honum allshugar feginn. Hörðr var heldr skapstyggr, ok bað Hjálmtèr útganga. Hann gjörir svá, ok sér húðina. Hörðr mælti: taktu upp húðina, því þú þikkist vera sterkr nóg. Hjálmtèr tók til húðarinnar af öllu sínu afli, ok gat hvergi hrært hana úr stað. Hörðr segir, at hann mundi í fram króka leggja þurfa, ef duga skyldi. Hjálmtèr segir, fram vera komin sín mesta

aflraun. Þat mæli ek nú um, segir Hörðr, at þú takir við afli okkar Ölvers beggja, nema úr minnstum fíngurum okkrum, þá þú gengr fyrir konúnginn í dag, ok hann sitr yfir sínum borðum, ok berr inn húðina á lófa þínum. Þetta verðr svá, sem Hörðr mælti: gengr Hjálmtèr fyrir konúnginn; ok voru allir í höllinni við hann hræddir; hann kastar húðinni uppá borðit fyrir konúng svá hart, at þat brotnar í sundr í tvá hluti, ok gekk í burt síðan. Tóku þeir aptr afl sitt, Hörðr ok Ölver. Konúngr bað Hástiga bera á burt húðina, en hann tók sjálfr af hornin. Hástiga gjörði svá, ok veitti honum hitt versta, ok gekk mjök hokinn í knjálíðum; var tekit borð annat. Þeir fóstbræðr gengu báðir í höllina, ok var veizla hin bezta, ok drukku allir af hornunum um jólin.

16. Einn dag spyr konúngr Hjálmtèr, hvort hann vill aungva skemtan hafa; hann bað konúng ráða. Þá muntu glíma við pilt minn á morgun, segir konúngr. Hjálmtèr bað hann gjöra, sem hann vildi. En at morgnī dags standa þeir upp kompánar, ok ganga fyrir konúng. Þá var fram leiddr Blámaðr furðuliga stór, svartr ok digr^r sem naut; at öllu var hann ámatligr. Konúngr mælti: hær er nú kominn piltrinn, Hjálmtèr! Hörðr sá gól: við þenna svein skal ek glíma, þvíat vær höf-

^r) þunnig C; drjúgr, hin.

um eina nafnbót báðir, at við erum þrælur. Ekki fór Hörðr af loðkápu sinni. Síðan ráðast þeir á með stórum fangbrögðum ok hörðum hnykkíngum, er hvorr veitti öðrum með hnefahöggum ok kinnskotum, klóri ok kreistíngum; gekk þetta lengi dags. Þóttist konúgr ok þeir sem í höllinni voru aungvan atgáng slíkan séð hafa. Stólpi einn lágr stóð í höllinni; þángat bar Blámaðrinn Hörð, en hann snérist við glímumannliga, ok fær neðritökin. Við þessu sá Blámaðrinn ekki, hann þreif hann upp á bringu sína, ok brá honum magabragð, ok rak hann niðr á stólpann^r, svá hart at hryggurinn brotnaði, en Blámaðrinn öskraði ekki vel, lét Hörðr fylgja knè kviði með fúlmannligum kverkatökum, ok kreisti hann til dauðs. Við þetta varð konúgr mjök reiðr, en allir aðrir þökkuðu Herði. Var hinn dauði útdreginn. Konúgr segir: mikinn skaða hefir þú mér gjört ok mínu ríki í drápi þessa manns, því skulum við toga geitstöku^a um eld hér í höllinni á morgun, ella sá sem ek skipa til. Þer munuð ráða vilja, herra! segir Hörðr, því mér líkar hverr sem er.

17. Um morguninn eptir árla gengu þeir til hallar; þar var gjört bál mikit. Litlu síðar kemr konúgr ok mælti: Hástiga fæ ek til, at stíma við þik, Hörðr! Vel er þat, segir hann, at við skulum reyna skinndráttinn, ok

^a) stobbanum, C. ²) geiti, C.

bú þik til, Hástigi! segir Hörðr. Hann fór af öllum sínum klæðum, en ekki fór Hörðr af loðkápu sinni. Þeim var fenginn í hendr svörðr allateckr; koma þá í áök stór ok miklar sviptingar, ok voru uppi á þeim ýmsir endar, kiptu þeir snart í sundr sverðinum á milli sín, bað konúgr at sækja uxahúðina ok fá þeim. Tóku þeir þá á með öllu afli ok voru hnykkingar ramligar, svá ýmsum var búit at hrjóta fram á bálit; var Hástigi sterkari, en Hörðr heppnari ok mjúkari. Konúgr mælti: lítt er átekit, Hástigi, er þú lætr barn þetta svá lengi streitast á móti þer¹. Þat mun eigi lengi vera, segir Hástigi, ef ek herði mik til fulls. En á meðan þeir töludust við, konúgr ok Hástigi, tók Hjálmtør sverðit ok saxit, ok stakk niðr fyrir fætr Herði, ok sá þat enginn, því loðkápan skútti fram yfir. Hástigi tók þá í svá fast, at Herði var eigi annat búit, enn hann mundi tumba fram á eldinn; þóttist Hörðr aldrei í því líkar hnippingar komit hafa, var svá átekit af báðum, at öllum í höllinni þóttá mikil undr gegna, at þeir voru eigi af meðði sprúnguir, ok hvat þeir þola af sínum mikla atgáangi ok sterkum átökum. Hörðr segir þá til Hástiga: bústu nú við, því ek mun nú herða mik, ok skaltu eigi lengi lifa. Svá mun ek gjöra, segir Hástigi. Hörðr tók þá til með öllu afli, ok kipti Hástiga fram á bálit, ok

¹) ok eigi hærra enn uppris, b. v. C.

fleigði húðinni ofaná hann, ok hljóp sjálf ofan á baki á honum, ok gekk síðan til bekkjar. Konúngr bað taka manninn af eldinum. Hástigi var mjök brunninn. Konúngr var reiðr mjök, en þótti sér þó mikit at kenna.

18. Um kveldit gekk konúngr næmma til sængr, ok voru slökt ljós öll ok eldr í borginni. Hjálmtèr kveðst til sængr vilja; Hörðr brá Snarvendli, ok lýsti af honum sem ljósi. Gengu þeir í loptit, ok sáu umbúning nýkominn í sængina. Þat var stokkr ok sverðsegg bitrilig, einn mjór strengr var í endanum stoksins. Hörðr mælti: ekki skulum vér niðrleggjast, því sá hefir ætlat oss bráðan bana, sem hér hefir umbúit. Þeir lögðust niðr á gólfit, ok sofnuðu þeir skjótt, en Hörðr hraut fast, ok lét sem hann svæfi. Litlu síðar heyrði hann at maðr gekk úti hjá loptinu, ok þreif í strenginn, ok kipti niðr stokknum, ok tók sverðsegginn í sundr öll sængrklæðin. Þeir brutust uð mikiliga. Þar næst var fjölum úrkipt, ok koninn höfuð mjök stórskorit, sá þrífir í sængina. Þá höggur Hörðr þann í sundr í miðju, ok dettr út hvorutveggju hlutrinn, leggjast þeir niðr. En um morguninn var konungi sagt, at Hástigi var dauðr fyrir svik þau, sem hann hafði gjört við Hjálmtèr, gaf konúngr sér fátt um leið svá vetrinn.

19. En er þrjár nætr voru til sumars, þá

¹⁾ yfir, C.

fann Hjálmtér Hervöru. Hún mælti: muntu nokkut vera lengr hjá föður mínum? nei, segir Hjálmtér. Hún sagði: í kveld skaltu ganga fyrir hann, ok þakka honum vetrvistina, þvfat hann sefr 6 dægr fyrir sumar, ok verðr þá alls vís í jörðu ok á, ok ekki má honum þá neitt óvart koma; vil ek at þú siglir á hurt á morgun sæmna, því honum er ekki vel til þín. Hann þakkar henni sín góð orð ok ráð, ok skildu þau talit. En um kveldit gekk Hjálmtér fyrir konúnginn, ok þakkar honum vetrvistina: skal ek þína frægð ok rausn bera á öll lönd. Konúngr mælti: þetta eru ráð Hervarar, dóttur minnar, verðum við nú svá búit at skilja, get ek ekki at sinni atgjört. Sváfu menn af um nóttina; en um morguninn árla, bað Hjálmtér alla menn vel lifa; hann bað Hervöru með sér fara, en hún kvaðst þat eigi vilja: því þat er bani yðar, vil ek heldr láta mitt líf, því faðir minn vægir augum manni², hvorki vinum né frændum. Hjálmtér bað hana vel lifa, en hún bað hann vel fara, ok allan heiðr njóta ok æru, ok féll hún í óvit við þeirra skilnað. En er Hjálmtér ok Ölver komu til skips, segir Hörðr: ekki hef ek heilsat Hervöru. Hann tók svarðreip mikit, ok gekk heim, ok kastar því um turninn Hervarar, ok berr svá allt ofan til skipa, ok á sitt skip. Þeir fóstbræðr voru á öðru skipi. Hjálmtér spyr Hörð, hvat hann

2) fyrst er hann vaknar, b. v. C.

þæri? hér fer ek með Hervöru, segir hann, fyrir utan vilja föður hennar, frænda ok vina, mun hún nú með mér fara; vill hún skjótt hafa þinn fund. Slíkt er vitrliga farið, segir Hjálmtèr, ok röskliga hefir þú af fyrri mönnum gjörning þennan. Hjálmtèr fór á skip til Hervarar; hún stóð upp í móti honum, ok talar til hans blíföliga, ok mælti: ertu enn eigi á stað kominn, vinr? segir hún. Ekki enn, kæra jómafrú! segir hann, ok vil ek at þèr gangið á mitt skip. Gjarnan, segir hún, en mikinn skaða hafi þèr gjört föður mínum, at þið takið mik í burt utan hans vilja, en þó vil ek heldr með yðr fara enn vera eptir. Þá kom snart blásandibyr, sigla þeir í haf; en sem þeir sáu ekki til landa, tók af byrinn, ok rak þá um hafit með straumum í 4 dægr, en hitt fimta dægrit stóðu skipin kyrr. Hervör mælti: faðir minn ræðr veðráttu þessa arri, ok svá því at skipin standa kyrr, mun hann nú vaknaðr, ok eigi allfátt dreymt hafa, veit hann nú allar yðar fyrirætlanir, ok at þèr hafið mik í burt tekit, ok munu þèr hafa nógar raunir, hversu þèr hafið gjört.

20. Líttu síðar sáu þeir, hvar einn stór hrosshvalr lagðist með miklum boðaföllum¹⁾, ok ógrligum látum at þeim. Hörðr mælti: þar er sú skepna, at mér er minnst um, ok ek má eigi sjá; verði þið nú, fóstbræðr! nokkursstyrks

¹⁾ fossafullum, C.

við at njóta, ok eigi mægi þið nefna mik, á meðan hann er hér, því þá dey ek. Síðan leggst hann niðr í kel. Þeir þöktu hann klæðum. Síðan sáu þeir skeljúng renna undan skipi þeirra, ok at hvalnum mjök snarliga, ok ræðr þegar á hann, komu þar í kafferðir stórar. Litlu áðar sáu þeir renna undan skipi Hervarar vögaut eina væna ok fagra, hún ræð þegar á hvalinn, voru þá sviptingar miklar, ok harðar árásir, er hvorir veittu öðrum, varð skeljúngurinn ok vagnan skjótt móð, því hvalrinn var þúngr ok sterkr, en kastaði þeim af sér, svá at þau komu fjærri niðr á sjónum. Hjálmtèr þóttist þá sjá fyrir, at þessi illa skepna muni þau skjótt yfirvinna; þá mælti hann: hvat mun mér í annat sinn meiri þörf Skinnhúfu ok Vargeysu enn nú, at þær komi oss at hjálpa. En er hann hafði þetta mælt, sá hann fljúga tvo gamma, þeir höfðu járnnef ok klær; þeir settust á hrosshvalinn, ok kroppuðu eigi miskunsamliga, því at stórar þjósir tóku þeir af hans vöndum kroppis; hann veitti miklar árásir í móti. Þeir rifu ok slitu hvalinn, sem þeir gátu. Þá bar þá at skipunum, ok fengu þau áföll stór. Hjálmtèr sá, at allar þessar skepnur létu undan illhvelinu, hann tók brandinn, ok mælti: fyrr skal ek missa þik, enn ek hjálpi eigi þessum skepnum; skaut þegar brandinum niðr í gegnum hausinn á hvalnum. Ölver sá þetta, ok skaut

1) vegnu, P.

saxinu, ok kom þat í annat augat á hvalnum¹. Við þetta dapraðist heldr hvalrinn, ok vissi varla, hvernin hann skyldi láta, ok velti sér á ýmsar síður, ok beit ok reif, hvat sem hann kom við, en blóðit rann sem lækir niðr af gömmunum, því þeir flöktu allir sundr af sár-um, ok svá skeljúngrinn ok vagnan; varð þat um síðir, at hvalnum dapraðist sundit², ok sökk hann til gruns, en gammarnir flugu í burtu mjök yfirkomnir, svá blóð rann undan hverri þeirra fjöðr; þeir flugu seint ok lágt. Hjálmtèr gekk þar til, sem Hörðr lá, ok sá at hann var votr. Hörðr mælti: er dauðr hvalrinn? Hjálmtèr segir hann horfinn: hef ek þar mist brand minn, en Ölver saxit. Hér er hvorttveggja, segir Hörðr, ok er mikit atgjört, at Hundíngja konúngr er af dögum ráðinn. Þeir þakka hon-um lífgjöf, at hann hafði þeim bjargat úr slík-um háska, sem þeir voru íkomnir. Hörðr mælti: kom til Hervarar, því nú mun þurfa þíns dugnaðar. Hjálmtèr stökk á skip til henn-er, hún lá þá í óviti, ok mjök til reika. Hjálmtèr dreypiti á hana víni, ok raknaði hún skjótt við. Síðan rann á byr, ok vinda þeir upp segl; ok voru skipin þá laus, ok sigldu um allt sumarit.

21. Nú er leið at hausti, komu þeir at einu stóru landi ok ágætu, þat var með stórum

¹) ok þat fór sem hitt fyrra, b. u. C. ²) ok síðan rífa þau hann til dauða, b. u. C.

borgum ok fögrum ökrum, miklum ok fögrum skógi, ok með allrahanda dýrum ok fuglum; ekkert land þóttust þeir fóstbræðr þvílíkt sèð hafa, nè spurn af hafa haft. Þeir spurðu Hörð, hvat land þat væri. Hann kveðst þat eigi vita: en hær munum vèr á land gánga. Hjálmtèr kveðst þat eigi vilja, en Hörðr segist ráða mundi. Skutu þeir bryggjum á land, ok gánga svá á þat. Hörðr mælti: kannia skulum vèr land þetta. Hjálmtèr sagði: Hervör skal með oss fara, því hana vil ek eigi eptir skilja. Hörðr kvað þat eigi vera skyldu: vil ek ráða, því vèr munum ekki langt fara. Þeir gánga allan þann dag, en at kveldi koma þeir at húsi einu litlu ok vænu. Hörðr lýkr upp húsinu, var þar sæng ein ok kostr nógr ok öl. Um kveldit talar Hörðr þá fleira, enn hann var vanr, ok mælti: undarliga brá mér við, er ek kom í hús þetta; leggjast þeir niðr ok sofa fast, en um morguninn sem Hjálmtèr vaknar, lá Hörðr, en því var ekki vant. Hjálmtèr segir við Ölver, at hann skyldi sofa í náðum; liðr svá á daginn. Þá gekk Hjálmtèr at Herði, ok tók á honum, ok bað hann vakna. Hjálmtèr fann, at hann var dauðr, ok fèll hann á bak aptr í sængina, ok spratt honum blóð undan hverjum nagli, ok úr nösnum. Ölver spyrr, hvat honum væri. Hjálmtèr gat lengi aungvu svarat, en um síðir sagði hann, at Hörðr sè dauðr. Ölver mælti: þat veit trú mín, ef þú værir ekki minn fóst-

bróðir, skyldir þú skjótt deyja. Hjálmtèr kvað
vísu :

Berum við á baki
brodda fram keyri,
launum svá líf honum,
látum hann eigi' eptir;
heygjum Hörð hvergi,
fyr enn heim komum,
gröfum hann heima
hallarveggjum undir.

Kjóstu nú, Ölver! hvort þú vilt bera kylfu hans ok kápu, eðr hann sjálfan. Ölver kveðst kylfuna bera vilja. Hjálmtèr flettir hann loðkápunni, en hann var undir í rauðum skallats kyrtli, ok hafði silfrbælti um sik, en gullhlað um enni. Hjálmtèr mælti: sjá þú nú, Ölver! at þetta er konúngsson framar enn hvorr okkar, en eigi þræll sem við höfum lengi ætlat; leggr hann þá Hörð á bak sér, honum þótti hann lætr. Ganga þeir þann dag til kvelds, ok komu at öðru húsi, ok fengu þar góðar náðir; fór svá tvo daga. Hinn þriðja dag tók Ölver til orða: ekki ber ek lengr kápuna né kylfuna, því full lúinn er ek af þessarri byrði, en þat þó meira at þú berr svá lengi dauðan mann eptir þér; mun þetta verk uppi vera, á meðan heimrinn stendr. Þú talar mikil æðruorð, segir Hjálmtèr, ok fá mér hvorttveggja. Ölver gjörir svá; ganga þeir til kvelds, ok koma at húsi hinu þriðja. Hjálmtèr lét Hörð

21 K. HJALMTERS OK ÖLVERS SAGA. 511

í rekkjugólf sitt um kveldit. Ekki hafði Hjálmtèr sofit, síðan Hörðr dó. Hann vakir, sem hann var vanr; utan í móti morgunsári¹ raun á hann svefnhöfgi. En er Hjálmtèr vaknar, var Hörðr í burt, varð honum þá eigi betra við, enn í fyrra sinni, ok þá mælti Hjálmtèr: aldrei verð ek glaðr upp frá þessum degi, fyrr enn ek finn Hörð. Þeir stóðu upp, ok gánga leið sína, þángat til þeir koma fram á völlu eina fagra ok væna. Þeir sáu borg stóra ok harla væna, alla gagnskorna ok rent gulli ok silfri í skurðina; hún var fagrliga múruð með rauðum steinum, blám, gulum, grænum, hvítum ok svartum; hennar turnar voru háir ok þaktir með gulli. Þeir gengu til hallar, ok inn í höllina, ok fyrir konúnginn. Ölver heilsar honum, en Hjálmtèr þagði. Konúngr tók vel kveðju hans, ok bað at taka stól ok setja frammi fyrir sér; þeir settust niðr; þat sáu þeir, at höllin var öll skipuð af sæmiligu fólki. Konúngr bað þá at vera káta ok glaða eptir mikla mæði. Hjálmtèr át hvorki nè drakk, hann var stundum bleikr, stundum rauðr sem blóð. Litlu síðar lukust upp hurðir hallarinnar, ok þegar gengu þar inn 30 meyjar, tvær báru þó langt af öðrum, var önnur þó miklu vænni, þóttist Ölver aungva slíka séð hafa at allri sköpun ok fegurð. Fyrir þeim var básúmat með allrahanda hljóðfærum;

¹) þannig; morguns árit,

var þá miki gleði í þeirri höll. Jomfrúrnar gánga fyrir konúnginn, ok kalla hann bróður sinn, ok settust niðr. Ölver sá, at Hjálmtér roðnaði mjök, ok dró Snarvendil úr sliðrum, ok lagði niðr undir stólinn. Konúngr leit til Hjálmters, ok kvað vísu:

Hvað er þér, Hjálmtér!
 hefir þú lit brugðit,
 stórt er þér í hug,
 þú starir á mik laungum.

Hjálmtér tók undir, ok kvað hálfá vísuna:

Hvarf hinn hugprúði
 Hörðr úr för minni,
 greitt ertu líkr honum
 gái ek ei því drekka.

Konúngr reiddist, ok kvað vísu:

Lægast mun sæmd þín,
 ef líkr skal ek vera
 aumum illþræli,
 er ekki prýðir;
 ragr í hverja taug,
 nema reiða mat svínunum,
 halr hinn hrafnsvarti
 í hræfar skruði.

Hjálmtér vill þá þreifa til sverðsins, ok var þat í burtu. Hjálmtér kvað:

Burt er Snarvendill
 úr sliðrum horfinn,
 má ek eigi víg vekja,
 veldr því Ölver;

hefna mundi ek Harðar,
 ef hann hér væri,
 ok rjóða minn mæki
 í manna blóði.

Eptir þat gekk önnur mærin at Ölver, ok
 kvað vísu:

Sax hefir þú, Ölver!
 slík eru vápn færri
 bana veitti bendli
 barst þat úr helli;
 brá ek hilmis sonum
 í hana líki,
 forðaði ykkar fjörvi
 fegri er ek nú hótí.

Ölver mælti: satt segir þú, júngfrú! Hann tók
 meyjuna, ok setti í knè sér. Litlu síðar gekk
 önnur júngfrúin at Hjalmtèr, ok kvað:

Keyptir þu Snarvendil
 með kossi einum,
 var þat verð lítit
 vel frá ek mèt kæmi;
 ör mundir þú af auði,
 ef optar svá fengir
 jöfur hinn ógndjarfi
 ok einka heppni.

Hjalmtèr lét sem hann heyrði ekki, ok þagði.
 Hún gekk aptr til sætis síns. En er konúngr
 sér þetta, gekk hann undan borðum, ok tók

*) beðn, C.

horn eitt, ok rendi á víni, ok gekk at Hjálmtèr,
ok kvað vísu:

Tak hèr við horni,
er þèr Hörðr færir,
gef nú ró reiði,
ok ræðum þá síðan!
þú hefir oss hjálpat,
en vèr yðr bjargat,
öllum úr ánauðum,
yndis vèr njótum.

Hjálmtèr stóð þá upp í móti Hörði, ok mynt-
ist hvorr við annan; var þar fagnaðarfundr,
var þá drukkit fagnaðaröl, ok hin bezta
veizla.

22. Þat var einn dag veizlunnar, at kon-
úngr sat í sínu háseti, ok þeir fóstbræðr næst
honum, en júngrurnar á stóli framan fyrir
honum; voru þá allir glaðir með orðum fögr-
um, ölværð ok gleði, gamni ok allskonar
skemtan. Hjálmtèr spurði hina fríðari júngr-
frúna at heiti, eða hvert hennar faðerni væri.
Hún kveðst Álsól¹⁾ heita: er minn faðir látinn,
er hèr stýrði landi, en bróðir minn tók ríki
eptir hann, sem Hörðr hefir nefnzt, en hann
heitir Hríng; Hildisif heitir systir mín, en
land þetta heitir Arabía; kann bróðir minn
at segja yðr slíkt frá vorum forlögum, sett ok
uppvexti. Skildu þau svá talit. Biðr þá
Hjálmtèr Hríng at greina sèr gjörr þat, sem

¹⁾ Álsól, C.

hún hafði honum sagt. Hríngur konungur kveðst þat gjarnan gjöra vilja¹. Konungur hefr svá sitt mál: þat vil ek yðr kunngjóra, at minn faðir hét Ptólómeus², ok stýrði hér ríki; hann átti drottningu harla væna, ok við henni átti konungur oss þrjú syskin; liðu svá lángr tímar, þar til móðir vor tók sótt ok andaðist, var haugr orpinn yfir hana; þráði konungur mjök eptir drottningu sína. Konungur átti sér ráðgjafa trúan ok dyggvan, hann gekk einn dag fyrir konung, ok kveðst vilja leita honum at kvánfangi, ok því játar konungur. Ráðgjafinn ferr, ok kemr aptr at hausti, er þá drottningarefnit í för með honum, hún hét Lúða; er þegar brúðkaup gjört; leizt öllum vel á þessa konu; ekki vildu vèr syskin sitja brúðkaupit; gekk veizlan vel fram. Leið eigi lángr, áðr enn þeim þótti drottning ill, bæði í skapmunum ok orðum, en í gjörningum verst; reð hún skjótt föður mínum bana, því henni þótti hann gamall, en hún úng ok lystug; vildi hún síðan mik átt hafa, en ek vildi ekki hennar ljótum vilja samþykkja. Lagði hún síðan á mik, at ek skyldi þræll sýnast, svartr ok illúðligr, ok aldrei skylda ek mat mega eta, nema á miðju gólfi, ok aldrei úr þessum álögum komast, nema nokkur konungsson vinni þat til mín, at láta mik öllu ráða, ok

¹) er nú á hljótt ok tvíst í höllinni, b. v. C. ²) Tolomeus, C.

bera mik á baki sér þrjá daga dauðan; nú hefir þú þetta hvortveggja gjört. Þat eitt lagði hún á mik til líknar, at ek mætti gjöra, hvat sem ek vildi orkat hafa, ok aldrei skyldi mér aflafátt verða, ok alla hluti yfirvinna, þat sem fyrir mik væri lagt. Á Álsólu, systur mína, lagði hún, at hún skyldi verða at fingálpi¹⁾, ok aldrei úr sínum álögum komast, nema nokkur konúngsson vildi kyssa hana. Þá fékk fóstura mín henni Snarvendil, var hún hann at henda ýmist með munni eðr höndum. En Hildisif skyldi sýnast at öllum yfirlitum sem tröllkona; ok vera nær bróður hennar. Hann átti bygd í einum helli stórum, ok skyldi hann ekkert grand mega gjöra henni. Hún átti ekki fyrr at komast úr sínum álögum, enn hann væri drepinn með því sama sverði, sem hekk yfir sæng hans; var þat svá margt, segir hann, bæði fleira ok verra af henni. En eptir þetta fór hún í burt með mik, ok er þessi hin sama þin stjúpmodir; er nú enduð mín æfisaga. Hjálmter þakkaði honum þá góða skemtun; varð þá allt fólk gladt. Eptir þetta hóf Hjálmter upp orð sín, ok biðr Álsólar sér til handa; fýsti konúngur þess mjök. Ölver bað ok svá Hildisifar, ok var þetta afráðit. Hér eptir vilja þeir Hjálmter ok Ölver heim halda, fékk konúngur þeim 20 skip, ok létu eigi fyrr, enn þeir komu at Mannheimum. En er Hjálmter leit stjúpu

¹⁾ fingálknai, C.

sína, féll hún niðr í eldinn; en faðir hans varð honum allshugar feginn; sat Hjalmtèr þar nokkra stund. Hann bauð föður sínum til brúðkaups síns, ok þá konúngr þat. Sigldu þeir á hundrað skipum til Arabía; en at þeim þar komnum gekk Hríngr í móti þeim, ok leiddi þá til hallar með miklum prís ok skemtan. Gekk hann þá at eiga Hervöru, ok voru þessi þrjú brúðkaup setin með miklum mannfagnaði; ok at þeim enduðum voru allir með ágætum gjöfum útleiddir; ok fór svá hverr til síns heimilis. En þeir Hríngr konúngr, Hjalmtèr ok Ölver mæltu til stöðugar vináttu með sèr, ok gefr hvorr öðrum góðar gjafir, ok skilja með því. Siglir Hjalmtèr þá heim til Mannheima, stýrði hann því ríki eptir föður sinn. Ölver sezt ok at þeim ríkjum, sem faðir hans hafði at stýra. Hjalmtèr matti hann til alls, ok þótti vera hinn mesti afreksmaðr. Hjalmtèr átti tvo sonu við drottningu sinni, hét hinn eldri Íngi, en hinn yngri Hlöðver; hafði konúngr síðan margar orrostur, ok hafði í öllum sigr, stóð honum enginn á sporði. Ölver styrkti hann í öllum mannraunum. En eptir Hjalmtèr tók Íngi, sonr hans, ríkit, en Hlöðver var hernaðarmaðr mikill; hann bar Snarvendil eptir föður sinn. Ölver átti ok son, hverr eð Rauðr¹⁾ hét; hann lagðist í hernað

¹⁾ Herraúðr, C, P.

518 HJALMTERS OK ÖLVERS SAGA. 22 K.

með Hlöðver; urðu þeir miklir kappar, ok er margt fólk komit frá þeim; unnu þeir undir sik mörg konungaríki; ok lúkum vèr hær sögu Hjalmters, Ölvers, Hríngs ok Hervarar².

2) ok samdi sá, er vel kunnr ok vel vildi, b. v. C.

Hér hefst sagan af Hálfðáni Eysteinssyni.

1. ÞRANDR hefir konúgr heitit; við hann er kendr Þrándheimr í Noregi; hann var sonr Semíngs konúgs, sonar Óðins, er ræð fyrir Hálogalandi. Semíngr átti Naumu, er Naumudalr er viðkendr. Þrándr var mikill höfðingi; hans kona hèt Dagmær, systir Svanhvítar, er Hrómundr Gripsson átti; þeirra son hèt Eysteinn, en annar Eirekr hinn víðförli, er fann Ódáinsakr; hans móðir er ekki nefnd. Eysteinn giptist, ok fékk dóttur Sigurðar hjartar, er Ása hèt; hennar móðir var Áslaus, dóttir Sigurðar orms-í-auga; Eysteinn fékk með henni Finnmörk ok Valdres, Þotn ok Haðaland; hann var ríkr ok stjórnsamr; þau áttu son, er Hálfðán hèt; hann var ok stjórnsamr ok stiltr vel, ok fríðr sýnum, ok vandist snemma við allar íþróttir, þær sem karlmann mátti fríða, ok betra var at hafa enn missa; hann var vinfastr ok trúlyndr ok vinvandr, gleðimaðr mikill, svá at alla gleði mátti við hann eiga; en ef honum mislíkaði,

Þá var hann þunglyndr ok lángrækr, en eigi mjök bráðskapaðr. Hann óx upp með föður sínum, þar til hann var 15 vetra gamall, þá tók móðir hans sótt, ok andaðist; þótti konungi þat mikill skaði, ok öllum öðrum, ok var hennar útferð sæmiliga búin; konungr undi lítt í ríki sínu þaðan í frá, ok fór hann í hernað hvert sumar. Maðr er nefndr Svipr; hann var ríkr bóndi ok meðallagi vinsæll; hann átti þrjá sonu: einn hét Úlfkell, ok var kallaðr Snillíngr; hann var mikill ójafnaðarmaðr, ok eigi mjök vitr; hann var í hernaði með Eysteini konungi, ok hafði 5 skip sinna vegna; konungr hêlt mikit af honum. Annar son Svips hét Úlfar, hann var ráðgjafi konungs; hann var vinsæll maðr ok trúlyndr, ok þótti hann allstaðar bæta til bæði fyrir konungi ok öðrum. Úlfr hét hinn yngsti son Svips; hann var kallaðr Úlfr hinn illi; hann herjaði um Eystrasalt ok um Bjarmaland; hann hafði mikla ræningjasveit, ok var allóvinsæll. Eitt sumar herjaði Eysteinn konungr í Austrvegin; Úlfkell snillíngr var þá með honum, ok Hálfðán, son konungs; þeir höfðu 30 skipa vel skipuð, en Úlfar, bróðir Úlfkels, hafði vald yfir ríki Eysteins konungs, meðan hann var í hernaðinum.

2. Í þenna tíma ræð fyrir Aldeigjuborg konungr sá, sem Hérgeir hét; hann var víð aldr; Ísgerðr hét kona hans; hún var dóttir

2-3 K. HALFDANAR SAGA EYSTEINSSONAR. 521

Hlökkvers konúngs af Gautlandi. Bræðr hennar voru þeir Sigmundur, er var stafnbúi Haralds konúngs hins hárfagra, ok Oddr skrauti, faðir Gull-Þóris, er getr í Landnámabók á Íslandi. Þau áttu eina dóttur, er Íngigerðr hét; hún var allra meyja fríðust, ok svá stór vexti, sem karlmaðr; flestir hlutir voru henni vel gefnir; hún var at fóstri með jarli þeim, er Skúli hét, hann ræð fyrir Álaborg ok jarlsríki því, sem þar lá til; hann var sagðr bróðir Heimess, fóstura Brynhildar Buðladóttur, er getr í sögu Ragnars konúngs loðbrókar. Skúli var kappi mikill ok manna vitrastr. Kolr hét maðr, hann var þræll Skúla; hann var mikill maðr, ok svá sterkr at hann hafði 12 karla afl til hvers, sem hann gekk. Þat mátti kalla, at hann hefði mest ráð með jarlinum; hann var honum dyggr. Dóttur átti hann sèr, sú hét Íngigerðr, ok var allra meyja fríðust ok mjök lík Íngigerði konúngsdóttur, bæði á vöxt ok yfirlit, en eigi var náttúra þeirra lík, þvíat Íngigerðr konúngsdóttir var vel siðuð, en nafna hennar var hin mesta fála, en þó var hún vel mennt, þvíat konúngsdóttir hafði kennt henni hannyrðir, ok var hún iðuliga í skemmu hennar. Skúli jarl unni mikit fósturu sinni; eigi var Skúli kvongaðr; íþróttamaðr var hann svá mikill, at engi maðr komst til jafns við hann.

3.: Eysteinn konúngr er nú kominn fyrir Aldeigjuborg með her sinn; Hergeir konúngr

var faliðaðr fyrir; Eysteinn konúgr gekk at borginni með liði sínu; Hergeir konúgr varði vel ok drengiliga, en þó var hann eigi við bardaga búinn, ok urðu þær málalyktir, at Hergeir konúgr fèll ok mestr hluti liðs hans. En þegar konúgr var fallinn, bauð Eysteinn konúgr grið öllum þeim, sem eptir voru; gafst þá upp bardaginn, ok gengu þeir til griða, sem eptir voru; lét konúgr þá hreinsa borgina. Síðan lét hann leiða drottníngu fyrir sik; en hún var í hörðu skapi. Konúgr horfði á hana um stund, ok mælti síðan: vorkunn er þat, sagði hann, at þér liggi í miklu rúmi þau tíföndi, sem hér hafa orðit öll saman, en bætr liggja til alls, ok vil ek nú vera þér í bónda stað, ok er eigi vanfenginn maðr á mót honum, því hann var gamall. Engi lýti voru honum at elli sinni; sagði drottníng, en þat, uggir mik, hvort ek verð þeim trú, sem hann hefir drepit. Nú er um tvo kosti, sagði konúgr, sá annar at ek mun taka þik frillutaki, ok heldst þat slíka stund, sem auðit verðr, hinn annar at þú giptist mér, ok gef ríkit allt í mitt vald, ok skal ek gjöra þinn sóma mikinn, ok óttumst ek eigi, at syik þín muni mér at bana verða, [þá ek skal deyja¹. Drottníng segir: þat mun sannast hitt fornkveðna, at hörð verða óyndisúrræðin, ok mun ek þann kjósa, at eiga þik; konúgr segir sér þat nær

¹) v. í B.

3-5K. HALFDANAR SAGA EYSTEINSSONAR. 523

skapi; síðan var þetta mál til lykta snúit, ok tókust þessi ráð, ok er allt seinna enn segir.

4. En þessu næst kallar konúgr saman alla sína menn; hann mælti þá til Úlfkels snillings ok Hálfðánar, sonar síns: svá er mál með vexti, sagði hann, at Skúli jarl ræðr fyrir norðr í Álaborg; þar er á fóstri með honum Íngigerðr, dóttir Hergeirs konúgs; Skúli er kappi mikill, ok er oss von at hann muni koma á hendr oss með her, því skulu þið fara austr ámót honum, ok leggja landit undir ykk, en færa mér konúgsdóttur, ok ef þið getið unnit landit, þá skal Úlfkell vera þar jarl fyrir drengiliga fylgð, er hann hefir mér (veitt), ok skal ek fá honum sæmiligt kvonfáng; en Hálfðán skal eiga Íngigerði, ef honum hugnast þat ráð. Þeir bjuggu nú her sinn, Úlfkell ok Hálfðán, ok létta eigi fyrr, enn þeir koma til Álaborgar.

5. Skúli jarl hafði nú frétt þau tíðindi, sem gjörzt höfðu í Aldeigjuborg, ok því safnar hann at sér liði miklu; ok er liðit var samankomit, tók Skúli sótt mikla; hafði hann þá sanna frétt af her þeirra Úlfkels ok Hálfðánar. Hann mælti þá við Kol: þat vil ek, sagði Skúli, at þú gjörist höfðingi fyrir liðinu, tak þú upp merki mitt ok klæði, ok skal ek fá þér jarldóm, ok skal ek gipta þér Íngigerði, fóstur mína, ef þú fær sigr; Kolr kveðst þess albúinn. Sagði Skúli nú fyrir mönn-

um, hversu breyta skyldu; hugðu liðsmenn¹⁾ eigi annat, enn Skúli mundi þat vera, sem Kolr var. Hann ferr nú með liðit á móti þeim Hálfðán ok Úlkel. Skúli jarl lá í þorpi einu, ok var honum nú heldr í aþtr-
báta. Íngigerðr konungsdóttir kallar nöfnu sína Íngigerði Kolsdóttur til sín, ok mælti til hennar: ek vil at þú takir við trúnaði mínum, sagði hún, ok látir aungan vita, meðan þú lifir; þú skalt taka við klæðum mínum, því við erum mjök líkar, skaltu kallast dóttir Hergeirs konungs, en ek taka við þínum klæðum, ok fara á flótta með öðrum ambáttum, ok skaltu þenna trúnað aldri láta uppi, á meðan við lifum báðar, en ef þeir sigrast, sem til eru komnir, þá mun Hálfðán konungsson biðja þín, ok ertu þá fullgipt, en elligar Úlkel, ok er þá góðr, hvorr sem upp kemr; hún kveðst þetta gjarna vilja, ok fór þetta fram. Nú koma þeir Hálfðán ok Úlkel at með sinn her; Kolr lætr lúka upp borginni, ok gengr út með allan sinn her, tekst þar bardagi, ok stendr hann með mikilli marðhættu; Kolr var bæði sterkr ok stórhöggr, ok hugðu allir þar Skúla jarl vera, ok gekk hann í gegnum fylkingar þeirra. Herbjörn hét frændi Skúla jarls, hann hafði fylking ímót Hálfðáni, ok voru þeirra skipti all hraustlig; en svá lauk með þeim, at Herbjörn féll, brast þá flótti í liði þeirra.

¹⁾ landsmenn, C.

Hálf dán rak flóttann allt til skógar. Nú er at segja frá viðskiptum þeirra Úlfkels ok Kols; hafði Kolr þá drepit margan mántí; Snæúlfr hét merkismaðr Úlfkels; hann barð djarfliga fram merkit, ok barðist drengiliga; þeir mættust nú, Kolr ok Úlfkell, ok voru þeirra viðskipti all hraustlig, ok börðust þeir svá lengi, at engi skakkaði með þeim, ok hjuggust af þeim allar hlífar; Kolr hjó þá mikit högg til Úlfkels, þat kom á hjálminn utarliga, ok tók af, þat er nam, ok var þat fjórðungrinn, ok þar með eyrat hitt vinstra, ok var höggit svá mikit, at Úlfkell féll, en Snæúlfr kom þá at, ok hjó til Kols, ok kom á andlitit, ok tók af nefit ok báðar varirnar ok hökuna, ok féllu tennrnar niðr í gras. Kolr stóð eigi kyrr, þó at hann hefði fengit sárit, hjó hann til Snæúlfs á hálsinn, svá af tók höfuðit; Úlfkell var þá á fætr kominn, ok lagði til Kols fyrir brjósiit, svá út gekk um herðarnar, féll hann þá dauðr niðr; brast þá flótti í liði þeirra, Úlfkell rak flóttann, en Hálf dán snéri aptr; hann sér, hvar 2 menn gengu, þat var karl ok kerling, mælti hann mál af þeim, ok spurðu þau, hversu bardáginn hefði gengit, en þeir sögðu af hitt ljósasta, ok síðan skildu þeir; karl var svá stírr, at hann lá á herðum kerlingu, ok drögnuðu þau svá til skógar. Hálf dán spurði menn sína, við hvern þeir hefði talat, en þeir kvoðu þat stafkarl veslugan.

At fá verðr of vanliga hugat, sagði hann, þar er sá karl, er mér er aptrsjá at, ok betr væri drepinn; en þeir kvoðu þat niðings verk; var hann þá kominn í skóginn, ok tjáði þá eigi eptir þeim at leita¹. Ríðr Hálfðán nú heim til borgarinnar, var Úlfskell þá kominn í borgina, ok gekk at skemmu þeirri, er Íngigerðr var í, var hún þá leidd fyrir hann. Hún mælti þá til Úlfskels: þú hefir nú unnit mikinn sigr, sagði hún, drepit höfðingja borgarinnar. Nú ef þèr eruð rættir hermenn, þá munu þèr eigi niðast á mér, eðr þeim mönnum öðrum er hèr eru höfðingjalausir, ok láta mik ná at finna mína móður. Úlfskell sagði: þat skal satt vera, en þat sem vèr höfum afgjört, skulum vèr góðu bæta, bæði þèr ok þinni móður, ef þú vilt vera oss trú, holl, hlýðin ok eptirlát, ok þú varðist eigi við oss. Svá er nú komit mínu máli, sagði hún, at ek ætla metnaðrinn hafi lítit at gjöra. Þeir hētu henni góðu þar um, ok voru þá loknar upp fjárhirðslur; tóku þeir gull ok silfr, ok þat annat er þá lysti, en gáfu grið mönnum öllum; síðan var veittr umbúningr þeim dauðu, ok var búit virðugliga um leiði Skúla jarls, er Kolr var reyndar; lögðu þeir síðan land allt undir sik, ok bjuggust síðan móts við Eystein konúng, ok var Íngigerðr í ferð með þeim.

¹) hær vantar blað í A, og er uppfyllingin tekin úr D.

6. Nú fréttir konúgr heimkomu þeirra, ok hversu mikinn sigr þeir höfðu fengit, fagnar hann þeim sæmiliga, ok skemtu þeir honum frá ferðum sínum; þakkar konúgr þeim vel, ok spyr Hálfdán eptir, hversu honum lízt á konúngsdóttur, en hann kvæst eigi mjök kvennskygn, en segir þó, at hún væri væn kona. Íngigerðr var nú komin í höll til drottningar, ok fagnar hún henni vel, en þó með minni blíðu, enn margr ætlaði. Þá lét konúgr senda eptir þeim mæðgum; en er þær komu fyrir hann, mælti hún til Ísgerðar drottningar: nú er hér komin dóttir þín, sagði hún, ok vil ek nú með yðru ráði allan sóma gjöra bæði þér ok henni, vill Hálfdán mínum ráðum fara fram, þá vil ek at hann fái hennar, ef hennar vill fellr þar til ok þín, drottning! Svá er hún viti borin, sagði drottning, at hún má sjálf hafa ráð fyrir sér ok svör um slík mál. Þá mælti Hálfdán: ekki hefi ek mjök huglagt at kvænast svábúit, hefik ok ekki margar konúngadætr sæð, ok vel þiki mér sá giptr, sem Íngigerði á, ok eggjandi vil ek þess vera, at þér sjáið gott ráð fyrir henni. Þá mælti Úlfkell: lengi hefi ek yðr, herra! þjónat, ok vænti ek af yðr góðs, ok þætti mér mikill sómi, ef þér vilduð gipta mér þessa mey, hefi ek ok nokkut talat við hana áðr, ok hefir hún engi fjærtæki haft um þessi mál. Konúgr spyr nú Íngigerði, hversu

henni væri um þat gefit, ep hún kvað hann mestu umráða, ef móðir hennar vildi, ok legði eigi móti: ok síðan vill þær, konúngr! auka nokkra nafnbót við Úlfkel. En konúngr spurði drottningu, hversu henni væri umgefit. Hún kvað sèr þat bezt líka, at hann sæi fyrir, sem honum líkar. Eptir þetta gipti konúngr Úlfkeli Íngigerði, ok gaf honum jarlsnafn ok Álaborg til forráða, ok þat ríki sem þar lá til, ok var þá drukkit brullaup þeirra; ok síðan fór Úlfkell til Álaborgar, ok tók undir sik rík-it, ok gjörðist þar höfðingi yfir, ok galt kon-úngi skatt, ok fór svá lengi fram, ok tókust upp ástir með þeim Íngigerði.

7. Eysteinn konúngr sitr í sínu ríki; hann unni mikit Ísgerði dróttningu. Hún lét sèr alla hluti kvennmannliga verða til hans, ok liða nú svá þrír vetrar. Þat bar til eitt sinn, at kaupskip mikit sigldi austan fyrir Bálagarðs síðu í stóru veðri; þat skip hvarf, ok fannst ekki mannsbarn af, ok ætluðu menn at stórviðri mundi hafa brotit þetta sama skip. En eptir um haustit var þat einn dag, at tveir menn komu til hirðar, þeir voru miklir vexti, en eigi vel klæddir; ekki sáu menn gjörla í andlit þeim, þvát þeir höfðu síða höttu. Þeir gengu fyrir konúng, ok kvöddu hann virðugliga, þvát hann var optast blfór í máli. Hann spurði, hvat manna þeir væri. Þeir sögðust báðir Grímar heita, ok vera ættaðir utan af

Rússía ok hafa mist peninga sína í skipreika. Þeir báðu konúng vetrvistar. Konúngr spurði drottningu, hvat henni þætti ráð um, en hún sagði hann mundi sjálf ráða slíku, en kvað þó marga vetrtaksmenn misjafnt gefast: er mér þá ekki af at kenna, ef ek legg ekki til. Konúngr kvað hana jafnan litlu skipta sér um ráðagjörðirnar: nenni ek ekki at vísa þeim frá mat, þar þeir voru svá langt atkomnir; var þeim nú skipat sæti þarsem mætast gestir ok hirðmenn. Þeir voru fáskiptnir við menn, en komu sér við alla vel. Grímr hinn eldri var stór maðr vexti, at fáir voru hans líkar, hann var sterkr ok fimr við alla leika, ok var opt at leikum með konúngsmönnum í skotbakka ok at knattleiki; hann fór vel með aflu sínu, ok læk á aungvan, en var eigi aflvana, ef leitast var á hann. Grímr hinn yngri var mjúkr í leikum öllum, fimr við skot, en prófaði lítt aflrauhir, en skaut allra manna bezt af handboga eðr lásboga, en tefdi svá vel, at engi komst til jafns við hann. Hálfðán konúngsson lagði opt leik sinn við hann, bæði tafi ok skotfimi, en svá mikla vörð hélt hann á þeim Grímunum, at aungva nótt sváfu þeir svá, at hann veki eigi, ok hefði eigi vitund af þeim, ok leið svá fram vetrinn at jólum.

8: Þá var einn dag í jólum, at menn

1. 1) Átr endar C.

FORNÁLDAK BÖGUR NORDMÁLDA. 8 BINDI. L. 1. 1. 1.

læku knattleik fyrir konúnginum; hann sat á stóli, en drottningin á öðrum. Grímarnir voru at leiknum, ok gat enginn leikit til jafns við hinn stærra Grím nema Hálf dán konúngsson. Aldrei höfðu Grímar talat orð við drottningu á þeim vetri. Einusinni sló Grímr hinn eldri út knöttinn, ok átti Grímr ýngri at sækja. Knöttrinn rann allt upp at stól drottningar. Grímr grufar eptir knöttinum, en þá hann réttist upp, talaði hann nokkur orð í eyra drottningunni, en hún brá nokkut lit við. Á móti dagverðardrykkju gafst upp leikrinn, tóku menn þá til drykkju. Konúngr veitti kapp-samliga um daginn, ok fèll hverr maðr sofinn í sínu sæti niðr, sá sem eigi færði sik sjálfir til sængr. Konúngr drækk lengi um kveldit; drottning sat hjá honum; konúngr spurði, hvat Grímr hefði talat við hana, en hún kveðst eigi hafa hent reiður á því. Konúngr sagði, at hún vildi flestar sagnir hjá sér geyma, ok um fátt sér vísbending gjöra. Drottning bað hann vera sem varastan um sik, gekk hún þá burt. Grímar voru þá sofnaðir; gekk þá konúngr at sofa ok Hálf dán, son hans, með honum; en er þeir komu til skemmunnar, var drottning eigi þar. Konúngr lagðist í sængina í klæðum sínum, ok lagði sverð sitt fyrir framan sik. Herbergissveinarnir dróu upp kerljósin, en Hálf dán gekk inn í höll, ok láu Grímar þar ok sváfu. Hálf dán sá, at Grímar hún minni hafði dregit

8-9 K. HALFDANARSAGA EYSTEINSSONAR. 531

af sér glófann, ok var höndin ber; aungva mannhönd þóttist hann slíka sèð hafa fyrir fegurðar sakir, þar fylgði gull, ok svá vænt at eigi þóttist hann slíkt sèð hafa fyrr, mest fyrir sakir steins þess sem í því var, ok hann skildi eigi, hvorrar náttúru hann var. Hann lokkar nú gullit af fingrinum, ok lét í glófann, en síðan bað hann draga upp ljósin, ok settist hann niðr hjá Grímum, var þá myrkt hitt neðra í höllunni; hann hèlt á glófanum í hendi sér, skjótt fèll svefn á hann, en vaknaði við þat, at ljósin voru slokin, en Grímr hinn minni vatt upp ljós fyrir augu honum svá björtu, at hann þoldi eigi í móti at sjá, en greip af honum glófann, ok mælti síðan: eptir þessari hendi, gulli ok glófa skaltu leita ok þreyja, ok aldrei náðir fá, fyrr enn sá leggr jafnviljugr aptr í þinn lófa, sem nú tók á burtu, en síðan snarar hann ljósinu til þeirra dyranna, sem skemra var til, en hleypr til hinna sjálfr, sem lengra var til, ok þar út.

9. Hálf dán sprettr nú á fætr, ok hleypr til þeirra dyranna, sem ljósinu var til snarat, ok voru þær læstar, snýr hann þá til hinna dyranna, tok hèt á menn þá, sem inni voru, at þeir skuli vakna. Dyrnar voru læstar, ok varð at brjóta þær upp, áðr þeir komust út. Hálf dán vitjar þá skemmubúrsins, ok var konúgr þá dauðr ok laginn sverði í gegnum, ok þrír

smásveinar, en sá fjórði komst á þvertrèð, ok sagði at Grímr hinn meiri hefði þar komit ok drepit konúnginn, ok þá alla sem dauðir voru, ok kallaði síðan: segið Hálfðáni svá, at Vigfús ok Ófeigr hafi hefnt Hergeirs konúngs, ok gekk út síðan. Í þessu kom drottning í skemmuna, ok fengu henni þessi tíðindi svá mikils, at hún fèll í ómegin, ok þótti við dauða búit; var nú ys mikill í höllinni ok borginni, ok fóru menn at leita Grímanna á sjó ok landi, ok fundust þeir hvergi, ok stóð þessi leit mánuð, ok var víða getfè tildreift; þó dyrglaðist yfir þetta um síðir, var þat þá flestra manna vill, at Hálfðán væri til konúngs tekinn.

10. Litlu síðar lætr Hálfðán kveðja þíngs, en er höfðingjarnir voru samankomnir, lögðu menn bænarað til, at Hálfðán væri konúngur þeirra, en hann svaraði svá; þau tíðindi hafa hér gjörzt fyrir stuttu, at mér sómir eigi konúngsnafn at bera, meðan svá stendr, þvíat ek er ekki óðalborinn til þessa ríkis, mun mörgum þikkja mér betr sóma at hefna föður míns, ok leita at þeim, sem hann hafa drepit; þiki mér ráð, at drottning sendi eptir Sigmundi, bróður sínum, at hann komi hingat, ok stýri þau landi, þángat til ek kem aptr, hvernin sem þá breitungum vör; en ek mun burt fara, ok eigi aptrkoma, fyrr enn ek hefi fundit mian föðurbana, hversu sem mér verðr um hefndina auðit. Drottning sagði, at henni þætti sitt ríki hvergi

betr komit, enn hjá honum; en hvat þar er umtalat, þá er þat af. Hálfán býst úr landi með 5 skip, ok valdi með sér góða drengi, sigldi hann fyrst í Austrveginn, ok varð honum bæði gott til fjár ok mannorðs, en aldrei lá hann svá vakandi, at væri eigi¹ honum fyrir augum sú fagra hönd ok þat væna gull, sem hann misti í Aldejuborg; látum hann nú sigla alla 5 vetr, sem hann vill.

11. Þar tókum vèr nú til, sem Úlfkell sitr norðr í Álaborg, ok kona Íngigerðr; þau fréttu nú lát Eysteins konúngs, ok svá með hverjum hætti þat hafði orðit, talar Íngigerðr þá við Úlfkel, hvort hann vill ekki kalla til ríkis eptir Hergeir konúng, föður hennar. Hann kveðst þess albúinn. Síðan bjuggu þau ferð sína, ok létu eigi, fyrr enn þau kvomu til Aldeigjuborgar. Sigmundr var þar fyrir með drottníngu. Úlfkell kallar til ríkis í hönd þeim drottníngu, en hún segir at þau hefði nóg ríki, þó þau ágirntust eigi meira enn þau hefði áðr, ok láta þó vel yfir, ef þau hældi því, sló þá í heitíngar með þeim. Fór Úlfkell þá heim ok safnar liði. Sigmundr fór þegar norðr eptir honum, ok fundust þeir þar sem heitir Krákunes, ok sló þegar í bardaga með þeim, ok lauk svá at Úlfkell flýði einskipa með konu sína, sigldi hann þá fyrst norðr í Norig, ok fann þar Úlfar, bróður sinn, ok segir honum, hversu þeir Sigmundr höfðu

¹) hér byrjar apter A.

skilit, ok öll þau tíðindi sem gjörzt höfðu í Austrveginum, ok það nú at hann skyldi gefa upp ríkit í hans vald, ok sagði at hann hafi þó meira hans ríki í Austrveginum. Úlfar það hann (eigi) tala svá mikinn ódrengskap við sik, at hann muni gjörast drottinssviki, ok það hann heldr eflast at liði ok sækja með stríði þat ríki, sem hann þættist eiga í Austrveginum, ok kveðst vildu styrkja hann til þess. Úlfkell lét sér þat ekki nægja, ok sló þá í kappmæli með þeim, ok lauk svá deilu þeirra, at Úlfkell drap Úlfar, bróður sinn, en lagði landit allt undir sik, ok gjörðist hann þar höfðingi ufir¹, ok þótti öllum þetta hitt mesta illvirki, ok varð hann af þessu óþokkasæll öllu saman.

12. Ok sem Úlfkell hefir at sér tekit ríkit, safnar hann at sér liði ok skipum, ok hélt hann þeim í Austrveginn. Hann hafði 30 lángskipa, ok dreka einn sjötugan at rúmatali; hann hafði með sér víkinga ok útilegumenn ok hvert illmenni sem hann kunni at fá. Ívar böggull hét sá, er stýrði drekanum, hann var berserkr ok hitt mesta illmenni. Bróðir hans hét Hrafnkell, hann var merkismaðr Úlfkels, ok var manna sterkastr. Marga hafði hann aðra stóra menn ok sterka með sér. Þeir fóru óspakliga, ok herjuðu á hvert land, þar sem þeir komu, ok tóku ósparliga strandhögg. Þeir voru nú komnir austr fyrir Hlynskóga, þar sem heitir Klyf-

¹) þannig.

andaneo; þaðan er ekki langt til Bjarmalands. Þar sigldu á móti þeim 10 skip, þau voru öll skipuð hraustum drengjum; ok var þar kominn Hálfván, sonr Eysteins konúnga, ok hafði hann frétt allt um ferðir þeirra Úlfkels; en þegar þeir þektust, spurði (hann), því Úlfkell hefði njózt á bróður sínum, eðr tekit ríki sitt. Úlfkell segir, at þeir hefði meira sitt ríki í Austrveginum, þat sem hann setti. Hálfván sagðist aunga von vita þess, at hann stæði til nokkurs góðs ríkis. Síðan brutu þeir upp vopn sín, ok sló þar þegar í bardaga; en með því at liðsmunr var mikill, þá varð skjótt mannfall mikitt í liði Hálfvána. Sviði hét sá maðr, er mest ráð hafði með Hálfváni; hann var sterkr maðr; hann sagði fyrir, hversu tengja skyldi skipin, ok lagði hann þeim svá kænliga saman, at Úlfkell kom ekki öllum sínum skípum við, ok lágu sum í skotmáli; tókst nú harðr bardagi, ryðst Hálfván um fast; sèr hann at þeim mun eigi duga at berjast til mæði; því ræðr hann til uppgaungu á drekann til Úlfkels, ok þeir Sviði báðir. Þá kom fyrstr á moti þeim Ívar böggull, ok áttust þeir við hart vopnaskipti. Ívar hjó til Hálfvána, ok kom á hjálminn utanverðan, ok tók af þat er nam, en þat var kopprinn fyrir ofan höfuðit, ok rakaði um höfuðit á Hálfváni. Hann hjó á móti til Ívars, ok af honum höndina við öxl uppi ok sundr merkisstaungina. Sviði drap stafnbúa Úlfkels, er Egill hét. Þá lagði Úlfkell

536 HALFDANAR SAGA EYSTEINSSONAR. 12-13 K.

til Hálfðánar, ok kom á hann óvaran í gegnum skjöldinn ok brynjuna, ok rendi út undir höndina; fékk hann sár á stönni, ok brotnuðu í honum 3 rifin. Sviði lagði til Ívars bögguls, ok kom í augat, ok var þat hans bani. Hálfðán hjó til Úlfkels, en hann snérist undan á hæli, en sverðit kom í þiljurnar, ok tók af Úlfkeli hina stærstu tána á hinum hægra fæti. Úlfkell lagði þá með kesju til Hálfðánar; hann stökk upp yfir vindásinn. Kesjan kom í lokugatit. Hálfðán hljóp á skaptit, ok braut í sundr. Sviði hjó þá til Úlfkels um þverar herðarnar, ok var þat högg svá mikit, at Úlfkell féll á bæði knè. Þá kom steinshögg fyrir brjóst Sviða, svá hann hraut útaf drekanum, ok kom í bát, er flaut með skipinu. Í þessu sló Hrafnkell til Hálfðánar með kylfu svá mikit högg, at hann fauk útbyrðis. Sviði var þar nær staddr, ok greip bátshakann, ok krækir Hálfðán upp úr kafinu, hafði Hálfðán þá fengit sex sár, ok var þá óvigr ok í óviti.

13. Nu urðu mörg tíðindi senn. Þá sáu menn, at rendu fram fyrir nesit hálftr þriðl tugar skipa; þau voru öll stór, ok herklæddir menn á öllum. Maðr stóð við siglu, mikill vexti, á einu skipinu, ok silkitreyju ermalausri vel brynjaðr. Hann spurði, hverlr hér ætti svá ójafnan leik. Sviði sagði til hitt sanna, ok svá hvar þá var komit. Mun Hálfðán vilja þiggja lið (af) oss? Sviði spyrr, hvat manna hann væri.

Hinn kvað hann þat aungu varða. Sviði kveðst gjarna lið vilja þiggja af þeim; tókst þá bardagi í annat sinn, ok er nú ákafari enn fyrr. Menn Úlfkels voru mjök sárir. Hinn mikli maðr á drekanum lagði at drekanum Úlfkels, en Sviði lagði at hinum smærrum skipunum, ok hruðust þau snart; snéri nú mannfallinu í lið Úlfkela. Hinn mikli maðr ræð til uppgaungu á drekanum. Úlfkell kom fyrst á móti honum, ok voru þeirra viðskipti hörð ok laung. Hinn mikli maðr hjó mikit högg til hans, ok klauf fyrir honum allan skjöldinn, ok kom sverðit á fótinn, ok tók af 3 tærnar utanfótar. Úlfkell hjó á móti, ok kom í hjálminn, ok stökk sverðit í sundr undir hjöltunum, sá Úlfkell þá aungvan sinn kost annan, enn forða lífinu, stökk hann þá í þat skip, sem næst honum var, ok flýði. Hrafnkell skaut tveimr kesjum senn at hinum mikla manni, en hann tók báðar á lopti, ok skaut aptr, ok hafði mann fyrir hvorri. Síðan lagði hann með atgeir til Hrafnkels í gegnum skjöldinn ok báða handleggina, ok vo hann upp, ok kastaði honum út á sjóinn. Síðan gánga þeir (svá) hart at mönnum Úlfkels, at þeir urðu því fegnastir, at biðja griða. Þeim var þat veitt, sem báðu, en eigi vildi hinn mikli maðr hafa þeirra þjónustu, ok var þeim slept fatlausum á land upp. Úlfkell flýði undan einskipa, ok kona hans með honum, en hinar tóku skip öll ok herfáng, en þeir, sem

optir lifðu áf mönnum Hálfðánar, gengu á vald hins mikla manns.

14. Hinn mikli maðr kom þar at; sem Hálfðán lá, ok flakti í sundr af sárum. Hann mælti til Sviða: svá lízt mér á sár Hálfðánar, at þau mætti græða, ef þau tekr góðr læknir, en eigi ætla ek honum henta hræringar eða sjóferðir, ok því mun ek senda hann á land upp til vinar míns, er Hriflíngr heitir; kona hans heitir Arghyrna, þau eru læknar góðir, en eiga ómegð mikla, ok lifa við handbjörg sína, ok er slíkt kölluð hriflíngr björg, sem þau hafa; nú mun Hálfðáni ekki lífs auðit, ef þau geta ekki atgjört, ok mun hann þá koma til okkar. Hann fékk nú til trúnaðarmenn sína, at flytja Hálfðán á land upp, ok fékk þeim hundrat merkr silfrs, ok bað segja þeim karli, at þau legði slíkan hug á at græða hann sem sjálfan sik, ef hann kæmi til þeirra, ok þau skulu segja honum fulla vissu, hvert hann ætti þess at vitja, sem hann hafði látit græða. Fara þeir nú, ok finna karl ok kerlíngu, ok segja þeim þat, þeim var boðit, ok færðu þeim feit, en þau sögðu bæði at þetta væri þeim full skylda; fóru sendimenn í burtu, en þau hjón tóku til at græða Hálfðán, ok var þat torsótt, þvíat sár hans voru mjök sollin, ok lá hann átján vikur í sárum, ok varð þó græddr at heilu, en 12 mánaði varð hann þar at vera, áðr enn hann fékk aptr sinn styrk, ok þótti honum sá tími langr,

Því at honum kom þafnan í hug sú hin sagta hönd, ok þat gull ok glófi sem hann hafði mist.

15. Föllum vör mi þar til, sem Úlfkell snillingr flýði úr bardaganum; hann komst til lands við fimtánda mann, en misti allt sitt lið annat; þáhn hœlt nú spurnir til, hvar Úlf, bróðir hans, mundi vera, ok spyrst honum svá til, at hann sê á Bjarmalandi; fór hann nú á hans fund. Hárekr hét sá konúgr, er þat rœðfyrir; dóttir hans hét Eðný. Úlf hafði beðit hennar, en konúgr vildi eigi gipta hana. Þá herjaði Úlf á land hans. Sem at þeir bræðr fundust, bera þeir ráð sín saman, at þeir skuli fara á fund Háreks konúngs; þeir höfðu 60 skipa. En er þeir kvæmu í hafnir þær, er lágu fyrir konúngs hallinni, þá fór Úlfkell snillingr á fund konúngs, ok kveðr hann semiliga. Konúgr spyr, hvat manna hann væri. Hann sagði til hitt sanna. Konúgr spyr, hvær stýrði þeim hinum mikla her, sem þar var kominn; en Úlfkell sagði, at honum stýrði Úlfr hinn illi: en við erum bræðr, fór ek því á yðvarn fund, at við viljum bjóðast til at vera yðrir menn; ef þú vilt gipta Úlfu dóttur þína, þá vil ek leggja til með Álaborg ok Aldeigjuborg, ok öll þau ríki sem þar fylgjá, því þat er mín eign; væntir mik at yðr verði mikill styrkr at okkr bræðrum, en mörgum mun þikja þraungt fyrir dyrum, ef vör skulum illt þreyta. Konúgr bað hann fresta til umráða.

við menn sína. Úlfkell veitti þat. Konúgr spyr dóttur sína, hvat hún leggur til, en hún sagði, at henni þætti mikill vandi um hernað þeirra bræðra: en ef víst væri ríkt, þá þætti mér ásja vert, en kveðst einskis fíls synja fyrir þá, ef þeim væri synjat; ok urðu þær endalyktir at Úlfr fékk Eðnýjar, ok tóku þeir bræðr landvörn fyrir Bjarmalandi. Úlfkell hélt spurníngum til, hverr sá mundi vera, at barizt hefði við hann, þá þeir Hálfván áttust við, en Hárekr konúgr sagði honum, at sá hét Grímr, ok ræðr fyrir austr í Kirjálabotnum, ok hefir brotizt þar til ríkis, ok vita menn eigi, hvaðan hann er ættaðr. Honum fylgir fóstrodóttir hans, svá fögur mey, at menn hafa eigi spurn af annarri jafnvænni. Þar er sá maðr, sagði Úlfkell, at ek vildi á hefnileið róa, ef kostur væri, ok vilda ek þar til hafa hjálp ok styrk af yðr. Konúgr mælti: þat má ose vel samankoma, því þar er sú mæðr, at ek ætla mér at biðja. Þeir sögðu báðir, at þeir vildu honum þar til standa, ok sögðu at þeim þótti þat vel stofnat, ok saðfesta með sér, at þeir skulu þángat fara, þegar sumar kemr, ok eigi fyrr í burtu, enn Grímr væri í helju, en konúgr hefði fengit júngfrúna; sátu þeir nú um kyrt. En er voraði, bjuggu þeir skip sín. Þeir höfðu ógrynni hers; með þeim voru 2 konúngar finskir, hét annar Fiðr, en annar Flóki; þeir voru galdramenn. Fara

Þeir nú þángat til, at þeir koma austr í Kirjálabotna, ok fundu Grím; þurfti þar eigi at sökum at spyrja; buðu þeir Grími þegar bardaga, eðr hitt at hann gæfist upp í þeirra vald, ok gæfi konúngi ríkit allt ok fóstrdóttur sína. Grímr sagði, at þeim skyldi meira fyrir verða: á konúngr þessi aungvar sakir við oss, en þú, Úlfkell! munt fara verri för enn fyrr. Sofa þeir í náðum um nóttina, en um morguninn gekk Grímr út af kastalanum með öllu sínu liði, ok tókst þar en snarpasta orrosta, ok hélzt sá bardagi til kvelds, hafði Grímr mist þá margan mann, fór hann þá aptr í kastalan; en at morni dags tóku þeir til bardaga, ok var þá engi vopnfær maðr í kastalanum.

16. Nú er þar til máls at taka, sem Hálfðán konúngsson er, at hann er nú gróinn sára sinna, ok hefir fengit allan sinn styrk; kemr hann nú at máli við þau karl ok kerlíngu, ok sagði, at sik lysti í burtu þaðan, ok spurr eptir, hvat manna þat mundi vera, er hann hafði þángat sendt til lækningar, eðr hverjum hann mundi lífgjöf eiga at launa. Hríflíngr svarar: með því at ek treysti þér til drengskapar, þá má ek gjöra þér avisun um, hvar hann er; Grímr heitir maðr, er ræðr fyrir austr í Kirjálabotnum; hann er kappi mikill, hann sendi þik hingat til mín, mættir þú nú launa honum lífgjöfina, því honum er nú þörf góðra drengja; þar er nú kominn Hárekr konúngr af Bjarma-

landi, Úlfr hinn illi ok Úlfkell snillfngur, ok vill hefna þeirrar svívirðingar, er hann fékk í yðrum viðskiptum; eru þeir nú á veg komnir með hær sinn, ok er mér sagt, at Hárekr konungur vill fá fóstrdóttur Gríms, er Íngigerðr heitir, ok er allra meýja fríðust. Vel segir þú, fóstri minn! sagði Hálfván, en þó er þat annat at mér þikir eigi minna áliggja, at þú segðir mér, hverr drepit hefir föður minn. Glögt má ek þér þat segja, sagði karl, sá maðr hét Skúli, ok ef ek skal þér satt segja, ok eigi ljúga at þér, þá er þetta sá hinn sami Grímr, sem þér hefir líf gefit, ok er nú mikit undir drengskap þínum, er þið finnist; en svá mikill kappi er Skúli, at fullskipat er hverjum manni, sem einvígi á við hann. Kanntu nokkut at segja mér veg þann skemstr er, sagði Hálfván, því þángat vildik koma sem skjótast. Torsóttir eru hær flestir vegir, sagði Hríflingur, en á skipum má ekki fara skemr enn 5 vikur, ok er þat hin mesta mannhætta fyrir sakir víkinga ok hermanna. Annar vegr liggur hitt eystra, ok er þar þó at fara fjöll ok eyðimerkr, ok er þat lángr vegr, ok torsóttur, ok óvíst at framkomist. Hin þriðja leið er skemst, ef hún tækist vel; því hana má fara á 3 vikum, en margt er þar til tálmanar; fyrst er skógr 20 rasta lángr, er heitir Kolskógr; þar liggur spillvirki sá, er Kolr heitir, ok dóttir hans er Gullkúla heitir; stungum er þeim lífs at vænta, er þau finnr. Annar skógr er

Þaðan skamt, er heitir Klifskógr fjöggra rasta ok 20; þar er spëllvirki sá, er Hallgeir heitir; með honum er einn villigöltr, verri viðreignar enn 12 karlar. Þarnæst kemr á þann skóg, er kallaðr er Kálfárskógr sextán rastir ok 20; þar fæst eigi til matar utan ber ok safi, er þar sá spillvirki, er Selr heitir, ok með honum einn hundr stór sem naut; hann hefir manns vit, ok er betri til vígs enn 12 karlar; en er þú kemr af skóginum, fellr lögr austan af kjölnum; engi veit hvar hann sprettr upp, þat er þeirra einna manna sund, sem bezt eru syndir, at leggjast yfir lögin, en þaðan er eigi langt til kastala þess, sem Skúli ræðr fyrir; bæri þer ekki til döla, þá væri þat nær hæfi, at þú kæmir þar, þá bardaginn sætti at vera. Hálfðán bað hann þúa ferð sína. At morni dags býr Hálfðán ferð sína, gekk hann til kerlingar, ok bað hana vel lifa. Kerling mælti mörgum fögrum orðum yfir honum, tók hún þá undan höfðalagi sínu tötrabagga; þar tók hún úr sax, þat var fint sem spegill, ok sýndist honum eittr drjúpa úr eggjum þess. Hún sagði honum, at sá mundi jafnan sigr hafa, sem þat bæri, ok þat mundi eigi í höggi staðar nema, ef vel er til höggit; hún tók eitt steinasverfi, ok batt um háls honum, ok bað hann þess, at þat skyldi eigi úr stað hrærast. Síðan kysti hann kerlingu. Karl gekk á veg með honum, ok segir honum, hvat hann skyldi stefna;

hann gaf honum skikkjurakka sinn, ok bað hann þar eptir fara, sem hann færi undan, ok fara aldri þá götu, sem hann vildi eigi fara, ok kvað hann kunna at forðast bygðir þeirra illvirkjanna. Hálfván kvað ekki spillvirkja verða sér at bana: en ef þær verðr fêfátt, þá vitja þú til skálanna, því ek mun ekki með mér bera, þó ek gæta kleimt einnhvern þeirra. Síðan skildu þeir karl, ok bað hvorr. vel fyrir öðrum.

17. Hálfván snýr nú á skógin, ok er hann hafði gengit tvo daga, þá sá hann einn leynstig. Hundrinn vildi stiginn, en Hálfván gekk fram brautina, þángat til at hann fann skála. Þar var hnigin hurð á klofa; Hálfván hratt henni upp, en í því hann gekk inn, þá var Gullkúla þar fyrir, dóttir Kols, ok hjó á háls honum með bitrigrri skálm, en þar var undir steina- sverfi kerlingar, ok brast við hátt, en skálmir stökk í sundr. Hálfván greip hana upp, ok rak hana niðr fall mikit, ok greip síðan í annan fótinn á henni, ok reif hana sundr at endilaungu, ok kastar henni síðan út fyrir dyr. Kolr kom heim á móti dagsetri, ok er hann laut í dyrnar, þá setti Hálfván saxit á hálsinn, ok var þat hans bani. En um nóttina, þá er Hálfván var í svefni, kvomu þau inn bæði Kolr ok dóttir hans, ok sóttu þau bæði at Hálfváni. Hundrinn hljóp upp, ok reif Gullkúlu á naranum, ok rakti úr henni þarmana. Hálfván hljóp undir skálabúann, ok glámdu þeir

lengi, en svá lauk, at Hálfðán feldi hann, ok braut hann á háls; síðan tók hann eld, ok brendi þau upp bæði. Þar var hann tvær nætr. Síðan fór hann á burtu, ok létti eigi fyrr enn hann kom á Klifskóg; þar fann hann skála stóran, ok var hurðin svá þung, at hann varð alls máttar at kosta, áðr hún gekk upp. Hann sá þar rúm eitt, þat hafði 2 álnir yfir haús lengð. Ból sá hann þar svá mikit, sem bás væri. Þá var sýnt húmat. Hann heyrði út gnú mikinn, ok heyrði hann at göltrinn grenjaði, ok lét ófrýnliga, gekk Hálfðán þá út úr skálanum. Hundrinn hljóp gvellraði at geltinum, ok göltrinn snérist undan. Hálfðán hjó eptir honum, ok úr honum rófunu. Göltrinn snérist aptr, ok stakk trýnina á millum fóta Hálfðáni, ok vatt honum á lopt, svá at honum varð laust saxit, en þó kom hann standandi niðr. Skálabúi kom þá at, ok sló til Hálfðánar með gaddakylfu, en hann snérist undan högginu, ok gat eigi náð saxinu. Hann greip í fótinn á geltinum, ok kipti honum at sèr; höggit kom á millum hlusta geltinum, ok brotnaði hausinn í honum. Hálfðán reif fótinn undan geltinum, ok rak hann við eyra spellvirkjanum, svá hann féll á knè. Hálfðán hljóp þá at honum, ok hratt honum um koll. Hann greip þá til Hálfðánar, ok sviptust þeir fast, ok urðu ýmsir undir. Þá hljóp

at rakkinn karlsnautr; ok beit í nefit á skálabúa, ok reif af honum nasirnar. Þá gat Hálf-dán náð saxinu, ok hjó af skálabúa höfuðit, ok brendi hann síðan upp at báli; var hann þá stirðr ok móðr. Þar dvelst hann um nóttina. Síðan kom hann á Klifskóg, ok kemr at skála Sels; hurð var hnigin á miðjan klofa; hann hljóp á hurðina þrisvar, áðr enn uppgekk. Hann settist í rúm skálabúa; hann hafði eikarkefli í hendi, ok tálgaði hvast í báða endana, ok sveið í eldinum, hann sá út um dyrnar, hvar skálabúi ferr, ok hljóp hundrinn fram undan. Hundr Hálf-dánar brá við þegar, ok hljóp uppá þvertrèð, Hálf-dán gekk út á móti bóndanum; en þegar hundrinn sá hann, hljóp hann á mót honum með gapanda ginit, ok lætr allólmiga. Hálf-dán rak höndina inn í kjaptinn á honum, ok snýr keflinu, svá at annar endirinn horfir upp í góminn, en annar niðr, ok kom hann ekki saman kjaptinum. Selr kom at í þessu, ok hafði bjarndýr á herðunum, en hvalkálf í fyrir.

18. Selr kastar niðr byrðinni, en lagði bjarnsviðu til Hálf-dánar. Hann hjó á móti með saxinu, ok sundr sviðuskaptit, ok af honum alla fingrna á annarri hendinni. Selr greip upp stein, ok snarar at Hálf-dáni; hann skauzt undan, ok varð svá nær Sel, at hann greip í tönnina, er fram stóð úr múlastykkinu á honum. Hann brá svá hart við, at úr honum gekk

tönnin. Hálfðán laust henni á nasir Sel, ok braut í honum nefit, ok allan taungarðinn, ok var þussinn þá aungum líkr nema sjálfum sér; greip hann þá til Hálfðánar, ok kreisti svá fast at síðum hans, at blóð féll út um eyru hans ok nasir. Hálfðán læk þá Sel hækkrók, ok féll hann á bak aptr; tönn hans kom á steina-sverfit, ok brotnaði einn steinninn. Hálfðán gat nú hvergi hrært sik. Rakkin karlsnautr hljóp þá framan í nasirnar á Sel, ok klóraði úr honum bæði augun. Þá varð Hálfðán laus, ok hjó hann höfuð af Sel, ok kastar honum svá útá móðuna, er þar féll nær. Hann gekk nú at hundinum, ok mælti til hans: aldri skal þetta kefli úr þínum kjapti gánga, nema þú sirt mér jafn hollr, sem þú vart áðr Sel. Hundrinn skreið at honum, ok snèri upp á sér maganum. Hálfðán tók þá keflit úr kjapti honum, en hundrinn varð svá feginn, et vatn rann ofan eptir trýninu á honum. Hálfðán fékk sér mat, ok fór síðan at sofa; en um morguninn bjóst hann í burtu, ok fór þángat til, at hann kom at leginum. Hundrinn Selsnautr rann fram með vatninu, þar til at hann fann eina mosa-hrúgu; hann krefsar sundr hrúguna, ok var þar í báttr; Hálfðán tók hann, ok fór yfir lauginn, ok gekk eptir þat þann dag til kvelds.

19. At morni dags sá Hálfðán kastalann, þann sem honum var tilvísat. Þenna morgun var

Skúli jarl farinn til bardaga á móti Háreki konungi ok þeim bræðrum, ok var þat langt í burt frá kastalanum. Hann hafði lið miklu minna. Kastalinn var eyddr af úngum mönnum, en konur stóðu í vígskörðum, þá Hálf-dán kom þar. Hann sá þar eina júngfrú, þá sem honum fannst mikit um. Hún gekk ofan at portinu, ok heilsaði Hálfdáni með nafni. Hann tók vél kveðju hennar. Hún mælti þá til hans: mál mun þer þikja at sjá glófan, ok gullit þat sem þú mistir í Aldeigjuborg. Muntu mega því valda, sagði Hálfdán. Miklu muntu mega um þat ráða, (sagði) hún; fóstri minn er nú í bardaga, ok væri honum nú liðs þörf ok góðrar hjástöðu, ok mundi ek flest til þess vinna, at hann fengi sigr. Ekki á ek gott at launa fóstra þínum, sagði Hálfdán, en ef þú vilt handsala mér trú þína, þá mun ek fara til bardagans með fóstra þínum. Hún kastar þá út til hans glófanum, ok bað hann hafa þat í festapeninginn: en gullit mun blíða hjá mér, þángat til við finnumst næst, en aldri verðr kastalinn af mönnum unninn, þóat ekki sé til varnar í honum nema konur.

20. Hálfdán fór nú til bardagans, ok var þá mikit mannfall. Sviði bar merki Skúla jarls, ok gekk fram svá hraustliga, at hann drap merkismann Háreks konungs, er Krabbi hét. Hálfdán var eigi ístöðulaus; hann ræð þar fyrst at, sem fyrir var Flóki Finnakonúgr. Kon-

úngrinn skaut af boga þrim örum senn, ok var maðr fyrir hverri. Hálfván ræðst á móti honum, ok hjó með saxinu á bogann, svá hann brotnaði ok tók höndina af Flóka, ok flaug hún í lopt upp. Konúngr rætti stúfinn upp á móti, ok kom höndin þar niðr á, ok var þá heil. Þetta sá Fiðr¹ Finnakonúngr, ok varð hann at hrosshval, ok hljóp uppá þá, sem börðust á móti honum, ok urðu undir honum fimtán menn, ok fengu allir bana. Hundrinn Selsnautr hljóp at honum, ok reif hann í sundr með tönnunum, en hvalrinn sló í sundr kjaptinum. Hundrinn karlsnautr hljóp inní kjaptinn, ok alla götu niðr í kviðinn ok reif hann innan, ok sleit úr honum hjartat, hljóp út síðan, ok fèll þegar dauðr niðr. Hálfván reiðir nú saxit, ok hjó til Flóka í öðru sinni, en hann blès á móti, svá at saxit (hraut) úr hendi Hálfváni, ok kom fjarri niðr. Flóki hjó til Hálfvánar, ok kom í steinasverfit, ok brotnaði skálmin, en Hálfván fèkk sár á hálsinum, þar sem steinninn var úr brotnaðr, en mist hefði hann höfuðit, ef eigi hefði steinasverfit borgit honum. Hálfván greip til Flóka, ok rak hann niðr fall mikit. Í því kom at Úlfkell snillingr, ok átti Hálfván þá við mörgu at sjá. Hundrinn kom þá at, ok reif allt andlitit af Flóka, en Flóki hryggspenti hundinn, ok braut í honum hvert bein, ok lágu þeir þá báðir dauðir. Hálfván sá þá ekki sitt

¹) þunnig leiðrætt; Falr, A.

færi annat, enn hljóp á Úlfkel, ok greip af honum sverðit, ok sló því flötu um nasir honum, ok bað hann verja sik, ok þá gat Halfdán náð saxinu, gengu þeir þá saman, ok börðust, ok lauk svá með þeim, at Úlfkell snillingr. fékk bana. Skúli jarl hafði þá drepit Úlf hinn illa. Þá kom at Hárekr Bjarmakonúgr, ok sótti at honum, ok áttust þeir við hart vopnaskipti. Hárekr hjó til Skúla, ok af honum allan skjöldinn, ok fékk hann sár á fingrna, ok ekki mikit. Skúli hjó í móti, ok af konúngi eyrat ok vanga-fylluna, svá at berir skinu við því jaxlarnir. Þá varð Hárekr at flugdreka, ok sló Skúla með sporðinum, svá hann lá í óviti. Þá kom at sá kappi, er Grubs hét, ok hjó fótinn undan drek-anum, en drekinn krækir annarri klónni til Grubs, ok reif hann á holá náranum. Þá kom at Halfdán, ok hjó til drekans á hálsinn, ok var þat hans bani; brast þá flótti í liðinu, ok flýðu víkingar til skipa, ok komust undan á þremr skipum. Þat skip, sem Íngigerðr Kolsdóttir var á, hljóp á sker, ok druknaði hvert mannsbarn sem á var. Halfdán snýr nú þáng-at, sem bardaginn hafði verit, ok var þar miklu herfáangi at skipta. Ekki fundu þeir Skúla jarl, ok fara svá heim til kastalans. Voru nú bundin sár manna, ok fluttr heim fjáraflinn. Íngigerðr fagnar þeim vel, ok er 3 nætr voru liðnar, kvaddi hún þings, ok komu þar allir þeir, sem í kastalanum voru. Íngigerðr kom ok á þingit.

Hún settist á knè Hálfðánar, ok gaf sík ok alla sína eigu honum í vald, ok fékk honum gullit, þat sem fyrr var frásagt. Sátt eru við nú, Íngigerðr! sagði Hálfðán, ef þú segir mér, hvat þú mæltir við móður þína, áðr enn faðir minn var drepinn. Ek bað at hún skyldi láta opna skemmuna um nóttina, ok vil ek þat nú allt bæta, sem þér þikkir at um þetta ok allt annat, en þó munu hér í heldrum lögum hvorirtveggju hafa nokkut til síns máls.

21. Þessu næst sáu þeir, hvar maðr gekk, ok kendu menn þar Skúla jarl; hann var herklæddr vel. Hann gekk fyrir Hálfðán, ok tók af sér hjálminn, ok mælti: nú er svá komit, Hálfðán! at ek bjóða þér sættir ok sjálfðæmi fyrir þá hluti, sem ek hefi afbrotit við þik; hér með vil ek bjóða þér fóstbræðralag ok gefa þér þarmeð Íngigerði, fósturu mína; en ef þú vilt ekki þenna kost, þá mun ek ekki hætta til fleiri funda við þik, ok mun þá hvorr fara með sínu máli sem kann. Ekki mun þat duga, sagði Hálfðán, renna ok aptr at sjá, mund ek ekki frá mörgum tíðindum sagt hafa, þá vèr Úlfkell snillingr áttumst við, ef þú hefðir þá eigi sýnt mér drengskap. Aptr hefir þú nú hann launat, sagði Skúli. Þá lagði Íngigerðr til, at þeir væri sáttir, ok var þat þá auðsótt, ok þótti flestum mönnum þar hvorumtveggja fara drengiliga, ok urðu menn fegnir sætt þeirra. Var nú síðan skipt herfangi, ok var þat svá mikit fè, at nú

var sá margr fullríkr, sem fyrr hafði verið fá-
tækr. Hálfván lét þá búast við brullaupi sínu,
ok á meðan þat var gjört, lét Hálfván sækja fè
sitt, þat sem spèllvirkjarnir höfðu átt, ok var
þat svá mikit fè, at 15 stórskip voru hlaðin af
allra handa gersemum. Hann lét ok sækja
Hrífíng karl ok allt hans hyski, ok gjörði hann
fullríkan. Hálfván hèlt nú brullaupit sitt, ok
bauð til öllum höfðíngjum; hafði Skúli jarl for-
sögn hér fyrir, ok fór veizlan sèmiliga fram;
voru allir menn með sèmiligum gjöfum útleyst-
ir, ok varð Hálfván af þessu vinsæll, svá at
allir vildu honum þjóna.

22. Þessu næst hafði Hálfván þíng við
landsmenn, ok lýsti því, at herför skyldi vera
til Bjarmalands innan mánaðar. Menn tóku
vel undir þat, ok bjuggust allir af skyndíngi,
ok komu til Bjarmalands, ok var Skúli jarl
þar í ferð. Var þar ekki mikil móttaka, lögðu
þeir land allt undir sik. Hildigunni, dóttur
Háreks konúngs, tók Hálfván á sitt vald.
Grundr hét son Háreks konúngs, hann var
þá þrèvetr, hann var á fóstri með Bjarkmari
jarli, syni Raknars konúngs, er gjöra lét
Raknarsslóðann. Hann gjörðist Hálfváni hand-
genginn. Eptir þetta bjóst Hálfván á burt
þaðan, ok heim til Aldeigjuborgar, hafði hann
þá í burt verið 5 vetr; urðu menn honum
þar fegnir. Drottning tók vel við dóttur sinni,

ok þakkadi bæði Hálfðáni ok Skúla jarli, hversu vel þeir höfðu til hennar gjört.

28. Sigmundr Hlöðversson hafði þá landvörn fyrir Garðaríki, bróðir Ísgerðar drottningar; hann kom til móts við Hálfðán með miklu fjölmenni, ok var honum vel fagnat. Þá lét Hálfðán þings kveðja, hann tók svá til máls: nú hefi ek hér verit í Austrveginum 16 vetr, ok var þat hvorttveggja, at vèr komum hér harðliga inn, enda fengum vèr hér mikinn mannskaða, ok hafa hér ýmsir aðra af baki riðit, ok munu vèr þat nú at létta leggja, ef vèr skulum vinskap saman eiga. Nu viti þèr, at sá orðrómr hefir hér áleikit, at Úlfkell snillíngur hafi átt Íngigerði, dóttur Hergeirs konúngs, en þau eru nú dauð, Úlfkell ok hans kona, því vil ek nu vita sannindi þessa máls af Ísgerði drottningu ok Sigmundi, bróður hennar, ok Skúla jarli, fóstbróður mínum, hvort þat sè Íngigerðr, er ek hefi híngat flutt, eðr dóttir Kols eðr Hergeirs konúngs, því ek hefða ætlat mér betra kvonfang, ef kostur hefði verit, enn eiga dóttur Kols. Þá svarar Ísgerðr drottning: þóat vèr höfum lengi harðliga saman keypt, þá vil ek þik í augu þretta, Hálfðán! þvíat þú hefir valit þèr hinn bezta hlut af vorum viðskiptum, því segi ek þèr, at þessi Íngigerðr er mín dóttir ok Hergeirs konúngs, sem þú hefir híngat fært, ok hún ein er erfíngi rættir til þessa lands, ok því lýsi ek

hér, at ek gef mik ok mína dóttur ok þetta ríki Hálfadáni til fullrar eignar, ok þæti svá hvorir sinn skaða, en gjarna vilda ek vita, at Skúli jarl hefði sæmiliga kosti, þá sem honnum vel líkaði.

24. Skúli jarl hefr nú upp sína sögu, ok sagði frá því, at hann setti Kol höfðingja fyrir liðit, ok hvernig þær nöfnur breittu, ok at þau Íngigerðr höfðu verit sá karl ok kerling, sem flýðu undan Hálfadáni við Álaborg, ok hann vildi náð hafa; segir nú sik ok sitt ríki í valdi Hálfáðnar. Hálfáðn mælti þá: nú er svá komit, at lönd þessi öll lúta undir mik, því vil ek nú birta yðr, hversu ek vil vera láta; ek vil gefa Skúla jarli Ísgerði drottning, ok þat ríki sem hún á hér í Garðaríki. Ek hefi nú í mínu valdi Bjarmaland ok Hildigunni, dóttur Háreks konúngs; þat ríki vil ek gefa Sigmundi ok megna þar með, ef þat er þeim báðum viljugt. Sigmundr lét sér þetta vel líka, ef meyjan vill því samþykjast, en Hildigunn læzt eigi framar bónorðs sér vænta: ok mun mér þetta vel líka. Hálfáðn sagðist mundu vitja þess ríkis, sem (hann) átti í Norgi: ok mun þat hverjum hepnast, sem hann tilborinn er. Fór þetta nú fram, at þessi brulllaup voru drukkin með mjök miklum prís, ok at þeim enduðum fóru höfðingjarnir hverr til síns heima; en Hálfáðn sat þar um vetrinn, ok voru góðar ástir með þeim Íngigerði. Sviða

hinn sóknjarfa sendu þeir austr í Kirjálabotna, ok skyldi hann vera þar höfðingi yfir, ok hafa þat ríki af Skúla jarli. En um vorit, þegar ísa leysti, safnar Hálfván at sér bæði skipum ok mönnum, ok bjuggust þeir Sigmundur til Bjarmalands ok Skúli jarl, ok tókst þeim sú ferð vel, ok lá landit laust í þeirra valdi, ok gjörðist Sigmundur þar höfðingi yfir, en var þó með Hálfváni. Skúli jarl fór heim í Álaborg, ok unnust þau Ísgerðr drottning mikit. Þeirra son var Hreggviðr, faðir Íngigerðar, er Gaungu-Hrólfir átti.

25. Þat er nú at segja af Hálfváni, at hann býst til Noregs, ok fór Sigmundur með honum ok Oddr skrauti, bróðir hans. Þeir höfðu frítt lið, ok er Hálfván kom í Norig, fögnuðu frændr hans honum vel, ok var hann til konúngs tekinn yfir Þrándheim, ok öll þau ríki er Eysteinn konúngr, faðir hans hafði átt, ok var hann mikill vinsældamaðr af sínum undirmönnum. Þau Íngigerðr áttu 2 sonu, hét annar Þórir hjörtr¹, en annar Eysteinn glumra². Oddr skrauti gjörðist landvarnarmaðr Hálfvánar, ok var hinn mesti hreystimaðr; hann fór til Íslands í elli sinni, ok er þar mikil ætt frá honum komin. Þessu næst kvomu aust-

¹) hann stýrði Hálogalandi, b. v B.

²) B endar hér þannig: hann tók ríki ok konúngdóm eptir föður sinn Hálfván. En dóttir Hálfvánar hét Ingibjörg, hverja síðan átti Agrippa konúngr, sem var faðir Fertrams ok Plato.

an af Bjarmalandi menn Sigmundar, ok sögðu at víkingar herjuðu á Bjarmaland ok Nógarða; þeir höfðu drepit Sviða hinn sókndjarfa, ok lagt undir sik Kirjálabotna ok mikit af Rússalandi; en er þeir frétu þetta, Hálfán ok Skúli, söfnuðu þeir liði, ok fóru austr til Bjarmalands.

26. Í þenna tíma ræð sá konúngr fyrir Gestrekalandi ok öllum ríkjum fyrir austan Kjöl, er Agnar hét. Hann átti Eðnýju, systur Háreks heitins Bjarmakonúngs. Þau áttu tvo sonu, hét annar Raknar, en annar Valr; þeir voru víkingar, ok lágu úti í Dumbshafi, ok herjuðu á jötna. Raknar átti skip þat, sem Raknarsslóði var kallaðr, þat var tírætt at rúma tali; þat hefir verit mest lángskip gjört í Norgegi annat enn Ormr hinn lángi; þat var skipat allra handa illmönnum; þar voru 15 skækjusynir í hverju hálfjúmi. Raknar lagði undir sik Hellulands óbygðir, ok eyddi þar öllum jötnum. Valr, bróðir hans, lá í Dumbshafi, ok er mikil saga af honum. Þeir bræðr þóttust rétt komnir til Bjarmalands eptir Hárek, afa sinn. Valr átti 2 sonu, hét annar Köttr, en annar Kisi; þeir voru stórir menn ok sterkir. Valr hafði drepit Sviða, ok lagt undir sik Kirjálabotna. Hann hafði fengit svá mikit gull, at þess kunni engi markatal, ok tók hann þat af Svaða jötni, er bjó í fjalli því, sem Blesanergr heitir; þat er fyrir norðan Dumbshaf. Svaði var son Ásaþórs. Valr átti sverð þat, sem Hornhjalti hét,

þat var mjök gulli búit, ok nam aldri í höggi stað. Þeir Hálfðán ok Sigmundr koma nú austr til Bjarmalands, ok halda fréttum til, hvar Valr er, ok fundu hann fyrir norðan Gandvík, ok sló þar þegar í bardaga. Tveir menn eru nefndir með Sigmundi, hét annar Haukr, en annar Gaukr; þeir voru stafnbúar á skipi hans. Agnar, son Raknars, lagði skipi sínu á mót Hálfðáni, ok voru þeirra viðskipti allhraustlig. Þeir Haukr ok Gaukr lèku lausir við, ok lögðu at þeim skipum, sem yzt voru, ok hruðu þau öll. Valr hljóp upp á skip til Sigmundar, ok þeir Köttr ok Kisi með honum, ok ruddust um fast. Valr hjó til Sigmundar, ok klauf fyrir honum allan skjöldinn; sverðit kom á fótinn utarlíga, ok tók af 2 tærnar. Sigmundr hjó á móti; Valr hafði guldan hjálm, ok kom sverðit í hann, ok stökk í sundr undir hjöltunum. Valr var þá búinn til höggs, ok stóð keikr. Sigmundr hljóp á hann, ok hratt honum á bak aprt út yfir borðit, ok fór hann niðr til grunna. En er hann kom upp úr kafinu, drógu menn hans hann uppí eitt skip. Þeir hrukku nú ofan af skipinu, Köttr ok Kisi; en er þeir kvomu í sitt skip, þá lagði at þeim Oddr skrauti, ok Gaukr ok Haukr, ok varð þar hörð sókn með þeim; en með því at Valr var uppgefinn, þá flúðu þeir einskipa, en Oddr lagði eptir þeim, ok elti þá til lands, þar sem á mikil féll af björgum ofan, ok fram í sjó. Valr var í ferð með

þeim; hann greip upp gullkistur tvær; þær voru svá þúngar, at tveir menn höfðu nóg at bera þær. Oddr hljóp eptir honum, en er þeir kvomu at fossinum, steypti Valr sér ofan í hann, ok skildi svá með þeim; þá kvomu þeir at, Köttr ok Kisi, Gaukr ok Haukr, ok sem þeir komu at fossinum, þá greip Köttr Hauk, en Kisi Gauk, ok steyptust með þá ofan í fossinn, ok drápu þá báða. Hellir stór var undir fossinum, ok köfðu þeir fegðar þángat, ok lögðust á gullit, ok urðu at flugdrekum; ok höfðu hjálma á höfðum, en sverð undir bæxlum, ok lágu þeir þar, til þess at Gullþórir vann fossinn. Snæri Oddr þá aþtr einnsaman. Þeir Hálfván ok Sigmundr höfðu þá drepit alla víkingana, en Agnar flýði einskipa; hann kom til Hálogalands, ok var hinn mesti spëllvirki; hann dró saman fê mikit, ok at síðustu gjörði hann sér haug mikinn, ok gekk þar í kvikr, sem faðir hans hafði gjört, með alla skipshöfn sína, ok tryldist á fênu.

27. Þeir Hálfván ok Sigmundr fóru nú heim til Bjarmalands, ok settist Sigmundr þar at ríki sínu, en Hálfván fór til Noregs, ok er mikil saga frá honum. Hann varð ellidauðr, ok svá Íngigerðr drottning, ok er margt stórmenni frá þeim komit í Noregi ok Orkneyjum; ok lúkum vèr þar þessi frásögu, ok sitð í frið!

Hálfðánar saga Brönufóstra.

1. **H**RÍNGR er konúgr nefndr, er røð fyrir Danmörku, hann var vitr ok vinsæll; hann átti drottningu, er Signý hèt, hún var dóttir Úlfhèðins¹ konúgs af Reiðgotalandi; hún var allra kvenna vænst ok vitrust. Hríngr konúgr ól bráðliga við henni þrjú börn, sonu tvo, ok eina dóttur, er Íngibjörg hèt, hún var þrýdd öllum kvennligum listum; svá var ok skær hennar ásjóna sem skínanda gull, ok at öllu var hún svá sköpuð, sem hverr mundi sik kíosa vilja. Synir Hríngs konúgs hèt Hálfðán ok Ásmundr; þeir voru fríðir sýnum, þó var Hálfðán fyrir þeim um alla hluti. Ásmundr var þá tíu vetra, en Hálfðán níu², er hær var komit sögunni. [Konúgr lét dóttur sinni skemmu reisa, þat hús var gjört með miklum hagleik; konúgsdóttur þjónuðu tólf skemmumeyjar, ok voru þær jarla dætr ok hertuga; konúgr unni harla mikit dóttur sinni, stendr nu hennar líf með þvflíkum

¹) Vilhjálms, B, D; Ulfhams, C. ²) 11, B, D.

blóma, sem fyrr var sagt¹, var konúgr mjök gamlaðr². Jarl er nefndr Þorviðr, hann var í ríki konúgs, ok einn hans mesti vin, ok höllum hollr ok trúr í öllum ráðum; jarl var manna vitrastr, ok því lét konúgr hann jafnan með hirðinni vera; hann fóstraði konúgs börnin, ok unni þeim harðla mikit. Jarl var einn með konúgi, er Þórir hét, hann var kallaðr hinn sterki, hann var svá sterkr, at enginn var sterkari í ríkinu, jarl var landvarnarmaðr konúgs. Þat hafði ein flögðkona lagt á Þóri jarl, at hann mátti eigi mannsblóð sjá; [þó var hann mikils metinn af konúgi³; hann sat þar optast, er [á Fjóni⁴ hét. Eina nótt bar svá til, þá er Íngibjörg lá í sæng í skemmu sinni, ok svaf, at hún lét illa í svefni, ok eptirláangan tíma liðinn vaknaði hún; skemmumeyjar hennar spurðu, hvat hana hafði dreymt, en hún vildi eigi segja þeim. Annan dag eptir kom Þorviðr jarl í skemmuna, ok settist niðr hjá konúgsdóttur, þau taka tal sín á milli; Íngibjörg mælti: ek vil segja þér draum minn, fóstri! hversu er hann? segir jarl! hún svarar: þat er upphaf í draumi mínum, at ek þóttumst úti stödd, ok varð mér litit til hafs; þar sá ek dökkva nokkurn, ok var fyrst fjarri mér, en þó færðist mér hann nærr ok nærr; um síðir sá ek at þetta voru skip mörg, ok

¹) v. í B, D. ²) hnígandi af æsku skeiði, C, aldraðr, B, D. ³) v. í B, D. ⁴) Fjóra, D.

1 K. HALFDANARSAGA BRÜNUFOSTRA. 561

urðu hér landsföst, ok af þeim runnu ótal varga, ok stefndu hingat til borgarinnar; tveir melrakkar runnu fyrir vörgunum, ok voru báðir óþokkaligir, öll voru þessi kvikindi grimmalig, þau létu ekki ógjört, ok rifu bæði menn ok hesta, ok allt þat er þeir náðu; ok þar kom at síðustu, at þeir sóttu at þer, fóstri minn! ok at föður mínum, ok í því vaknaði ek, ok ráð nú drauminn, fóstri minn! segir Íngibjörg. Jarl tók til máls: þessi draumr er auðráðinn, segir hann: oss mun skjótt koma hersaga, en þá vil ek eigi ráða hann lengr; féll þar niðr tal þeirra; gekk jarl í burt. Eitt kveld bar svá til, at konúngr sat yfir drykkjuborðum, at upplukust hallar dyr, gengu þar inn tíu menn, kendi konúngr þar þóri jarl ok hans kumpána; konúngr spurði tíðinda; jarl segir, at víkingar voru við land komnir, þeir er ekki létu ógjört. Konúngr spurði, hvat þeir hétu; jarl segir, at annar þeirra hét Sóti, en annar Snækollr. Sóti ferr þess erindis, at hann vill biðja dóttur þinnar¹. Konúngr spurði, hversu Sóti væri at sjá. Jarl svarar: Sóti er bölvaðr berserkr, hann er hálfitr, er hann öðrumegin blár, en öðrumegin rauðr; hann hefir [ekki klæði² á búkn-um, hann er sköllóttur um allt höfuðið, nema eitt hár stendr uppúr miðjum hausi hans.

¹) eða ella mun hann hóta (muntu þola, D) honum her, b, v. C, D. ²) klæða, C.

fram í fyrstu, því næst hjó Snækollr til fylgðarmanns Þóris jarls, hann fékk þegar bana; en þegar jarl sá blóðit, hljóp jarl úr borgarhliðinu ok inní borgina. Snækollr gekk þegarinní hliðit með sína menn, ok svá í borgina, ok drepr þar Þóri jarl. Þetta sèr Þorfiðr jarl, ok snýr þegar í móti Snækolli [með nökkra menn¹, en Hálfðán varði ámeðan þat hlið, er jarl hafði áðr varit. Nú var bardagi hinn harðasti; jarl sèr þá, at Sóti sótti fast at konúngi, ok víkr þángat til, ok í því hjó Sóti til konúnga, jarl brá við skildi, ok klauf Sóti hann allan at endilaungu, ok kom sverðit á fót² konúngi, svá at aftók. Þá féll konúngr; jarl var bæði sár ok móðr, ok fellr í valnum um síðir; þá var svá myrkt af nótt, at hvergi sá frá sèr; enginn stóð uppi af konúngsmönnum. Vísíngar gengu til skipa, bæði móðir ok sárir; [drekka þeir lengi á fram um kveldit³, en fóru síðan at sofa, ok tóku á sik náðir.

3. Nú er at segja frá Þorfiði jarli, at hann rís upp í valnum, hann tók fyrir brjóst konúngi, ok fann at hann var dauðr, hann gekk þá þángat, er þeir Hálfðán ok Ásmundr lágu; hann sèr, at Ásmundr var dauðr, hann spýrr, hvort Hálfðán mætti nökkut mæla⁴; hann kvað [eigi trauða til þess¹. Jarl spýrr, hvort hann væri eigi sár; Hálfðán kveðst eigi sár vera: en

¹) ok rekr hann tvöfaldan (þrefaldan, B) B, D. ²) þannig hin; hönd A; fyrir ofan kné, b. v. B, D. ³) v. í B, D. ⁴) uppstanda, D. ⁵) þat væri, D.

fáll ek af mæði, sagði hann, eðr hvat kantu at segja mér til Ásmundar, bróður míns. Jarl svarar: hann er nú dauðr. Vissa ek þat, segir Hálf-dán, at hann var ekki at manni. Jarl bær Hálf-dán úr valnum, þvíat hann var mjök stirðr, svá hann mátti eigi gánga. Jarl gekk til skemmu Íngibjargar, en er hún sá jarl, fagnaði hún honum vel, ok spurði tíðinda. Jarl segir kon-úng ok Ásmund, bróður hennar, dauðan, ok allir borgarmenn. Íngibjörg varð mjök hrygg við, ok grét. Jarl segir annat betra enn at gráta; jarl kvað nú skemmumeyjar hennar verða at skilja við hana. Jarl tók þá Íngibjörgu, ok bær hana á hendi sér, ok Hálf-dán öðrumegin; gengu síðan tilskógar, ok finnr fyrir sér lítlan bæ, ok klappar á dyrum; kona gekk þar út, ok heilsar jarli; hann tekr vel kveðju hennar; sjá kona hæt Gríma. Jarl mælti þá: þat vilda ek, Gríma! segir hann, at þú takir við börnunum þessum, ok geymir, þar til er ek kem eptir þeim; því ek veit, at þau eru hér geymd fyrir víkingunum; eru hér þrjár merkr silfrs, er ek vil gefa þér; hún tók við hvorttveggja; fengu ok börnunum; en Jarl fór heim til borgar, ok lagðist niðr í valinn; engi maðr varð var við hans ferð. Sóti ok hans menn vakna snemma um morguninn, ok hugðu gott til konungsdóttur, gengr hann þegar frá skipunum ok hans menn, allir til borgarinnar; ok er þeir koma þar, ransaka þeir valinn, ok finna

um; fór hann síðan til skipa, ok¹ Ingibjörg, systir hans, með honum. Þá var Hálfván tólf vetra, er hann lét frá landi, ok í haf; hélt hann víða um sumarit; en er haustaði, vildi hann halda aptr til Bjarmalands, kvomu þá á fyrir honum þokur ok hafvillur, ok rakst hann um haf innan², þá gjörði at þeim stórvíðri svá mikit, at skipin öll týndust, nema dreki Hálfvagnar³, ok [lét hann reka at honum marga snarvölu; ok er þetta var gjört⁴, rekr drekann at björgum stórum, ok upp á sand sléttan. Hálfván segir, at þeir munu þar umbúast, en þeir báðu hann fyrir sjá; þeir setja þá upp drekann. Víðr var þar rekin mikill á sandinn, ok taka þeir þar til skálasmiðar, ok var skjótt algjör. Hálfván gengr á jökla jafnan, ok nökkrir menn með honum, en sumir voru eptir hjá Ingibjörgu við skála. Menn Hálfvagnar spurðu, hvat land þetta væri. Hálfván kvað þá mundu vera komna at Hellulands óbygðum. Einn dag gekk Hálfván einn á jökla, at afla fanga; hann fór þann dag allan; um síðir kom hann at einstigi nökkru, hann hafði öxi eina í hendi, er Óttar jarl hafði gefit

¹) en áðr hann fór, spurði jarl, hvort Ingibjörg, systir hans, skyldi fara með honum eðr vera eptir. Hálfván kvað þat undir henni vera skyldi. Þetta var þegar sagt Ingibjörgu, en hún vildi ekki annat, em at fara með bróður sínum. Hálfván kvað hana ráða skyldu, ok fór, C. ²) víða, B. ³) á honum voru hundrað manna mjök valdir, s. v. B. C. ⁴) deif nú at drekanum marga ísmola, B.

honum. Hálfán gekk í einstigit; spor voru klöppuð í berginu, en í milli sporanna var eigi skemra enn fjögur¹ álna. Hálfán krækti axarhyrnummi upp í spórin, ok las sik avá upp eptir skaptinu, þar til er hann komat uppá bjargit; þar sá hann helli stóran, ok í bjartan eld, hann gengr at hellisdyrum, ok sèr at tvö tröll sátu við eldinn, annat kvennsvipt, en annat karlsvipt; ok höfðu soðketil í milli sín, þar var í bæði hrossaslátr ok manna, karl hafði krók í nefinu, en kerling hríng, þat var gaman þeirra, at hann krækti króknum í hrínginn, ok var þá upp á þeim ýmsir endarnir; en þá krókrinn slapp úr hríngnum, fækk kerling bakfall; hún mælti þá: eigi vil ek þetta gaman hafa, Járnefr minn sæll! svá skal vera, Sleggja mín! segir hann, ok höfðu þá lokit úr katlinum. Járnefr tekr þá til orða: er nökkut eptir, Sleggja! segir hann, af þeim hálfum þriðja tigi manna, er ek seidda hingat í fyrra vetr²; hún segir alllítit um þat; hún gekk þá innar eptir hellinum, ok kom svá aptr, at hún hafði sinn mann undir hvorri hendi sèr, ok leggri niðr hjá eldinum, ok segir at eigi voru fleiri eptir. Hálfán sèr nú, at þetta voru röskligir menn, ok svá líkir, at hvornigan mátti þekkja frá öðrum, ok ætlaði Hálfán at þeir væri tviburar. Hálfán snarar þá inní hellinn, ok at tröllkarlinum, ok

¹) sjö, B. ²) sumar, B.

hjó á háls honum með öxinni, svá at eftók höfuðit, en hann sitr sem dör. Kerling sprettr þá upp, ok mælti: þat er vel, Hálfván! segir hún, at við höfum fundist; hann hefir sik nú undan, en hún sækir eftir, þartil er hún náði saki sínu; hún sókti at honum fast, en hann varðist vel. Sleggja kastar saxinu, ok hleypir undir Hálfván; þeirra glíma var hörð ok laung, ok rak Sleggja hann um allan hellinn; en svá var hann mjúkr, at hún kom honum aldrei af fótunum; þartil rekst hann, at þau kvomu at gjá einni; hún var bæði djúp ok breið, þá varð Sleggja framar á gjábakk-anum, í því var kipt undan henni fótunum, ok datt hún ofaní gjána. Hálfván hæld þá í hárit á henni, hann sá eitt sax gulli búit liggja hjá sér, hann brá því skjótt, ok hjó af Sleggju höfuðit. Hálfván spurði, hverr honum hefði dagnað veitt, eðr saxit gefit, en enginn svaraði honum þá um sinn.

5. Þá er Hálfván hafði þetta unnit, gekk hann innar eftir hellinum, þat til er hann kom at afhelli einum, þar sá hann konu sitja á stóli; hár hennar var bundit við stólbrúðirnar, fætr hennar voru í köldu jöklavatni; hún mælti, er hún sèr manninn? skjótt drepr Járnefr þik, maðr! ef hann veit, at þú ert hér. Hálfván mælti: ek hefi drepit hann ok svá Sleggju, eðr hvat heitir þú? Hún kveðst Hildir heita, ok vera dóttir Ángantýrs jarls

af Skotlandi bræðir mínir hétu Sigmundur ok Sigurðr; þeir voru velburar; vér höldum fyrir land fram í fyrri sundar; seiddi Jarðnefr mik hingat; ok öll oss; ok ólaði hann sér at eiga mik; en drepa herfingu sína; en ek vilda þá eigi. Hálfdán leysti hana þá; ok gengu þau fram í hélium; ok vötu þeir bræðr mjök at komning; þeir vötu svá inagrin; at skinn var skorpit niðr við beinin. Hún settist undir herbar Sigurði; en Hálfdán undir herbar Sigmundi; ok dreypir ýni á varir þeim; ok nærðust þeir skjótt; svá at þeir máttu mæla: Þess spurðu; hverir þeim höfðu þí gefit? Hídr segir; at hann hét Hálfdán; ok væri sonr Hlðings konungs úr Danmörku; þeir urðu því hárdla fegnar; er þeir sáu systir sína heila; ok þakka þau öll Hálfdáni; ok voru þau þar sínu nætr. En í annan stað er at segja frá mönum Hálfdánar; at þeir voru mjök hóg-sjúkir um hann; en Ingibjörg; systir hans; vakti bæði nótt ok dag; ok neytti hvorkt svefnu né matan. At sínum nóttum liðnum bjuggust þau öll á burt úr hélium; ok hafði Hálfdán þaðan gull ok silfr ok margar gersimar; ok kom þeill til sinna manna; urðu þeir hönum fegnar; ok þó mest systir hans; segir hanni þeim allt um ferðin sína. Kærleikar miklir

¹⁰⁷) ok því pindi hann mik svá, en ek trúi bræðr mína bæða

woru með þeim Hildi ok Ingibjörgu; þat sat Hálfdán þann vetr, ok var nú allt kyrt.

6. At vordögum lét Hálfdán búa dreka sinn ok framsetja, ok hæld hann á þyrst at alifnu sunni, þá kom stórvöðri ok mikill fyrir Hálfdáni, ok varð hann at haldan at þeim björgunum, er öðrumegin voru fjarbarins. Hálfdán segir, at þeir muni þar umboast, ok voru þeir þar vetr atnan; fóru þeir á jökla hvorn dag; Hálfdán, Sigmundr ok Sigurðr, at alla matfanga; skorti þá ekki vatna í skálanum. Einn dag, þá er þeir fóstbræðr fóru á jökla, heyrðu þeir skellihlátra mikla um kveldit, því næst sjá þeir þrjár slagkonur, ok var sú í rauðum kyrtli, ok fyrst gekk, þat ad Hálfdán, at hún var með menngu móti, en eigi hinar; en þegar er þau fundust; mælti Raubkyrtla: hér er vel til yndis skipat, ok ætla ek mér við konungsson; Hálfdán spýrr þær at nafni: ek heitir Brana; segir Raubkyrtla, en systir mínar Molda ok Mána. Skammt hafi þínar systir! segir Hálfdán. Brana ræðr þegar á Hálfdán, ok glíma þau lengi. Mána hleypr á Sigurð, en Molda á Sigmund, þær vesja þeim utan um sik, en gátu eigi felt þá, þau Hálfdán ok Brana áttu langan atgánga. Brana mælti: ertu gamall maðr, Hálfdán? Sextán vetra, segir hann, ok ertu þó enn eigi kvennstykr, segir hún. Því skal þat eigi prófa nú?

1) veifa, C.

segir Hálfðán; hann bregðir henni þá á mjóðm, svá hún fellr. Hálfðán spyrr, hvern hún mundi hans gjöra, ef hann væri svá kominn sem þú? Brana svarar: hvorki er ek blóð-drekkur, né mannæta, ok eigi munda ek drepa þik, er ek gaf þér líf í hellinum Sléggju, ok kipta ek undan henni fótunum, ok gaf ek þér sax þat, er þú hjótt hana með. Því sagðir þú mér þetta svá seint? segir Hálfðán, ok skaltu at vísu upp standa; tóku þau þá tal sín á milli. Brana mælti: þat skaltu vita, Hálfðán, at mensk er ek í aðra ætt, þvíat móðir mín var dóttir Vilhjálms konungs¹ úr Vallandi. Járnhau, faðir minn, nam hana í burt², átti hann mik við henni, ok bregðir mér meir til hennar, en þó nokkut til hans; áttu ek at þjóna hundrað flagða. Hálfðán mælti: illa þiki mér þú stöðd vera, en nú skaltu horfa á grúfu, meðan ek leik við systur þínar; hún kvað svá vera skyldu. Hálfðán ferr þángat, er þau Sigurðr ok Mána glímdu, hann hriðir henni fyrir björg ofan heldr hráparliga, ok svá gjörir hann við Moldu, [ok sá heiðarliga í gashlaðit á henni³. Brana lítr þá upp, ok spyrr, hvar systur sínar sè. Ek hratt þeim ofan fyrir björg, segir Hálfðán; þat var þér lítil fremd, segir hún, þvíat önnur þeirra var fimma vetra, en önnur sex, ok mun ek gott af þér hljóta, ok svá þú af

¹) jarls, B. ²) þvíat hann fór jafnan yfir haf (hamförum, C) b. v. B, C. ³) v. í B, C.

mær; en æt þex ættum liðnum vil ek þér fö-
lagar komið til hellis míns, er þana heðan
skæmt í burt. Hálfán mælti, at svá skyldi
vera; fór Brana þá til hellis síns, en þeir félag-
ar hóira til skála síns.

7. Þá er liðnir voru þex¹ dagar; þjuggust
þeir fóstbræðr heimán frá skálanum, ok voru
vel vopnaðir, ok létta eigi fyrr enn þeir koma
til Brönu. Þá kom Brana í móti þeim, ok
kvaddi þá glaðliga; hún mælti: nú vil ek, Hálf-
án! at þú veitir mér lið, ok dreputu við flögð-
in öll, þvíat ek hefi nú dræpit nökkur með því
móti, at ek hefi gjört þau drukkin öll, svá
þau drápuet niðr sjálf, en faðir minn liggir í
einni kerru, hann hefir þrjú höfuð, ok öll
ósýnilig. Hún stendr á miðju hellisgólfinu,
hún er stór, en honum kemr ekki á óvart;
en þó attu getir dræpit hann, þá vil ek ekki
sjá þat, en ek mun verða at fara til með þér,
ef vel skól fara, ok þiki mér þat erfitt, en
ekki vopn má hann bíta, nema sax þitt, ok
vil ek þat hafa. Hálfán kvað svá vera skyldu,
ok fékk henni saxit; en hún fékk hverjum
þeirra bræðra kylfur stórar, þær voru allar
með jarni slegnar; þau gengu innar í hellinn.
Brana fór fyrst, hún slökkvir ljósit; þeir félag-
ar slá þá flögðin bæði hart ok tíðum; þar
féll margr tvíhöfðaær jötun. Hálfán sér þá,
hvar Járnhaus lá í kerrunni, hann hörglaðist²
þegar á fætr; Hálfán sló, sem honum var

¹) átta B. ²) örglast, B, C.

hægast, við vágann á honum með kylfunni, en hann brá sér hvergi við, ok mælti: svikit hefir þú mik nú, Brana dóttir! veit ek, at hér er kominn Hálf dán Hríngason, Sigmundur ok Sigurðr. Þeir bræðr slógu þá báðir senn til hans með kylfunum, en hann stóð semí áðr, þá voru drepin öll önnur flögöin. Járnhauk tók til Sigurðar, ok brá honum á lopt; í því slær Hálf dán í knébætr honum, svá hann féllr, ok verðr Sigurðr undir honum. Hálf dán veit þá eigi, hvat hann skal til gjöra. Þá kom Brana at, ok mælti: ek mun sjálf verða at drepa föður minn, þvíat ek sé, at þær getið eigi banat honum, ok mun þat illa fyrir mælast, ef ek verð honum at bana; en þó skal þat nú vera. Brana hleypr nú at, ok höggr á háls honum með saxinu, ok lét hann svá sitt líf; Hálf dán velti honum þá ofan af Sigurði; [í því kom dagr yfir helligluggann; ekki brá Brana sér við þat; hún kippir upp einum hlemm úr helliggólfinu; þar var undir sjávardjúp, þar riðr hún niðr í flögðum. Þá er þau höfðu þetta gjört, þakkar hún þeim þetta verk, ok bað þá vera hjá sér um vetrinn. Hálf dán segir svá vera skyldu; Brana var þá allkát; þær Hilldr ok Íngibjörg féru ok í hellinn. Hálf dán lá hjá Brönu hverja nótt, en þeir fóstbræðr tefldu um dag.

8. Brana hvarf í burtu hvern morgun; en

kom ekki fyrr heim enn at dagsetri. [Einn tíma¹ spýrr Brana Hálfán, hversu langt væri til sumars; sex vikur, segir hann. Þá er vel, segir hún, at þér hefir eigi lengra þótt í hellinum, enn er, því nú er sumardagr hinn fyrsti á morgun, ok muntu hêðan vilja burt halda, ok skal þat vera, þótt mér þiki annat betra; en ek fer eigi kona einsaman, ok er ek með barni, ok ertu faðir at því. Hálfán kveðst þess eigi þræta: ok vil ek, at þú sendir mér, segir hann, ef þat er sveinn, en gjör sem þér líkar, ef þat er mey. Hún kvað svá vera skyldu: ok muntu sigla hêðan til Englands, þar ræðr fyrir sá konúngr, er Ólafr heitir, hann á sér dóttur, er Massibil² heitir, hún er nú vænust kölluð allra meyja í heiminum, hún kann allar kvennligar íþróttir, ok þat vilda ek, at þú fengir hennar, þú skalt þar nefnast einn kaupmaðr, ok hêr eru grös þau, er ek vil gefa þér, þau skaltu gefa konúngs dóttur, ok muntu þá fá hennar ást, þau hafa þá náttúru, ef hún leggr þau undir höfuð sér, ok sefr á þeim, þá ann hún þér sem lífi sínu; ok hêr eru klæði, er ek vil gefa þér; á þau bita engi járn, nema sax þitt; aldri muntu á sundi mæðast, ef þú ert í þeim, ok eigi eldr granda; hríngr er hinn þriðl grípr, er þú skalt eiga, hann heitir Huituðr, hann er sundr tekinn í þrem hlutum; ef óvin þinn er hjá þér, ok hafir þú hríng-

¹) eina nótt, er þau voru í rekkju, B. ²) Massibil, B.

inn, þá máttu vita, hvern dauðdaga hann ætlar þér; ef hann vill þik með vopnum vega, þá er hringrinn rauðr sem blóð; en ef hann vill þik í eitri svíkja, þá er hann svartr sem bik. Gengu þau nú til sjóvar, þar stóð skip á sandi; Brana mælti: hér er skip, er ek vil gefa þér, Hálf-dán! þat hefi ek smíðat í vetr, hefir þat byr, hvert sem þú vilt sigla, drekinn heitir Skrauti; Hálf-dán þakkar Brönu gjafirnar; hún mælti: hëðan af muntu kallaðr Hálf-dán Brönu-fóstri; Áki heitir landvarnarmaðr Ólafs kon-úngs, hann er illr maðr ok ótrúr; hann er kallaðr Áki hinn illi, íþróttamaðr mikill; láttu hann ekki svíkja þik. Hálf-dán hët góðu um þat, þau gengu þá heim til hellis, ok sofa af þá nótt.

9. Um morguninn stendr Hálf-dán upp snemma, ok klæðist. Þá hafði Brana búit skip hans at öllu, ok tilkomnir menn hans; hann bauð Brönu at fara með sèr, en hún [kvaðst þar vera verða¹, en bað þá fóstbræðr at bera byrðar sínar af gulli til skips; ok svá gera þeir. Brana tók sèr byrði, ok var sú meiri enn þeirra allar, ok fara þau nú með þat ofan til skips. Hálf-dán stígr nú á skip, ok [varð skilnaðr þeirra Brönu bæði harðr ok lángr², ok Brana ýtti drekanum frá landi. Hálf-dán sigldi

¹) kvað þat forlög hanna, B. ²) skilst Brana þar við Hálf-dán mjök harmþrúngin, B.

í haf, ok rann þegar á byr. Brana hafði eptir hjá sér dreka Hálfðánar; hann sigldi, þar til hann kom at eyjum þeim, er Hlaðeyjar heita; þar ræð fyrir sú kona, er Hlaðgerðr heitir; þar dvaldist Hálfðán um hríð, ok gaf henni mikit fè; en hún bað hann sín vitja, ef hann þyrfti lítils við. Hann játar því, ok heldr síðan burt frá eyjunum, ok léttr eigi fyrr, enn hann kemr í England fyrir borg Ólafs konúngs. Hálfðán gengr fyrir konúnginn, ok kveðr hann, konúngr tekr hönnum vel, ok spyrr, hvern hann sè. Hann kveðst Hálfðán heita, ok vera einn kaupmaðr: ok vil ek biðja yðr vetrvistar. Konúngr veitti honum þat. Hálfðán fèkk eina skemmu at láta í fè sitt, ok skipaði þar mönnum sínum at geyma; þeir Sigurðr ok Sigmundr gengu með honum, hvert er hann fór. Einn dag gengu þeir allir saman, ok kvomu at skíðgarði einum, í garðinum sáu þeir skemmu eina mjök ágæta, garðrinn var svá hár, at öngvir þarlenzkir menn kvomust inn yfir; í garðinum var einn lundr mjök fagur; Hálfðán spurði þá bræðr, hvert þeir mundu upp geta runnit garðinn. Sigurðr bar sik at, ok rann upp til þriðjungs, en Sigmundr til miðs; en Hálfðán (rann upp á garðinn, ok) gengr til lundarins; þar sèr hann eina júngrú, hún lèk sér at gulli, ok kastaði hún því upp, ok henti síðan, eitt sinn misti hún þat, þá er hún vildi henda, ok féll þat niðr í garðinn; hún leit-

ar at gullinu, Hálf dán gengr at henni, ok gefr henni annat gull, ok var þat stærra; hún þakkar honum vel, ok mælti: öngan mann hefi ek sæð vænna enn þik, ok þat vilda ek, at þið Massibil, frændkona mín, ættizt, þvíat þið eruð alllík.

10. Eptir þetta gengr hún inn í skemmu, en Hálf dán ferr aptr til þeirra bræðra; sjá mey hæt Alfífa, er Hálf dán gaf gullit, hún var dóttir Sigurðar konúngs af Skörðuborg, þat var föðurbróðir Ólafs konúngs. Alfífa afhendir Massibil gullit; hún segir þetta eigi þat gull, er hún hefði fengit henni: en þó er þetta betra, eðr hverr hefir gefit þér? hún kvaðst fundit hafa einn mann úti í garðinum, ok hann gaf mér gullit, ok engan hefi ek sæð vænna mann ok kurteisara utan þik eina, ok þætti mér þið mega vera hjón. Massibil varð svá reið við hana, at hún sló hana þústr, svá hún græt, ok féll svá þeirra tal. Einn dag gekk Hálf dán til skemmu konúngsdóttur einsaman, þá var opinn skíðgarðrinn; hann gekk inn í garðinn, ok at þeim lundi, er fyrr sá hann; þar sat Massibil konúngsdóttir, enga mey þóttist hann hafa sæð vænna, hún kembdi sér með gullkambi; en er hún sá Hálf dán, mælti hún: far brutt, maðr! ef þú vilt ekki verða drepinn, ok ertu furðu djarfr, er þú gengr inn orlófslaus. Hálf dán lét eigi sem hann heyrði, ok settist niðr

hjá henni, ok leysti til hnýtilsskauta eins; þar voru í grös þau, er Brana hafði fengit honum, ok bað konungsdóttur eiga, en hún vill eigi; hann leggur á knè henni, ok gengur í burt síðan; en hún tekur upp grösina, ok gengur í skemmu sína, ok leggur knýtut undir höfuð sér, ok sefir af þá nótt. Um morguninn kallar hún Alffu til máls við sik, ok segir: þú, frændkona! skalt ganga til þess kaupmanns, er þú fannst í garðinum, ok seg, at hann komi sem snarast á minn fund, ok gjör þetta leyniliga! Alffa mælti: mun nú svá, at þér hafi ekki verr á hann litizt enn mér; en nú skal ek fara. Hún skundar nú mjök sinni ferð, ok finnr Hálfán, ok sagði honum, ok biðr hann flýta sér; hann gerir svá, ferr með henni, ok finnr Massibil konungsdóttur. Hún mælti: mikil náttúra fylgir grösun þeim, er þú lagðir í knè mér ígær, þvíat ek ann þér svá mikit, at ek má eigi af þér sjá; ok í stað vil ek, at hvort okkar játi öðru (sína trú). Hálfán kvað svá vera skyldu, ok fór þat fram; konungsdóttir bað hann opt þar koma, ok eiga tal við sik; hann játar því, ok gekk í burt síðan. Liðu nú svá tímar, þartil sem Áki, landvarnarmaðr konungs, kom heim. Hálfán var svá mikils metinn af konungi, at hann sat honum it næsta. Áki færði konungi margar gersemar, ok var hann vanr at sitja honum it næsta, ok öfundaði hann mjök Hálfán, ok vildi hann gjarna feigan, ok setr

menn til höfuðs honum, ok varð þat þó aldrei fram gengt; opt rægði Áki hann við konúng, ok vildi hann þat eigi heyra.

11. Á einu kveldi var þat, er þeir Áki ok Hálfván drukku í hölliinni, en konúngur var farinn at sofa; Áki mælti: ertu mikill íþrótta-maðr, Hálfván! eigi er þat, sagði hann, viltu reyna sund við mik? sagði Áki; má þat, sagði hann. Áki varð glaðr við þetta, því hann var sundmaðr mikill; síðan fóru menn at sofa. Um morguninn stendr Áki snemma upp, ok hyggr gott til at reyna sundit við Hálfván, gengr fyrir konúng, ok sagði honum viðtal þeirra Hálfvánar, ok biðr hann til fara, ok sjá þenna leik með alla hirð sína, konúngur játar því, ok er nú útblásit allri hirðinni, ok ferr nú konúngur sjálfr at sjá þenna leik. Vatn eitt var skamt frá borginni, þar ætla þeir at reyna sundit, ok svá gera þeir, ok kasta sér til sunds. Hálfván var í brynjunni Brönnunaut; leggst Áki nú at honum, ok færir (Hálfván) hann í kaf, ok hêlt honum niðri meir en eykt dags; síðan kom Áki upp, ok marði (þar á vatni) at kalla; fylgðarmenn hans færðu hann at landi, ok fylgðu honum í sitt herbergi, ok var honum svá kalt, at hann gat eigi mælt. Hálfván læk þá enn marga leika á sundi, ok fór síðan at landi, ok gekk heim með konúngi til hallar, ok virti hann Hálfván meir enn áðr. Um morguninn eptir ferr Hálfván til skemmu kon-

úngsdóttur, ok segir henni frá sundinu; en hún lét vel yfir, ok bað hann þó varast Áka, segir at hann muni svíkja hann; en Hálfván sagði svá vera skyldu, ok gengr í brútt síðan. Áki þóttist nú verr enn skemdr, ok vildi nú gjarna svíkja Hálfván með einhverju móti; ok einu sinni býðr Áki honum burtreið, en Hálfván játar því skjótt, Áki varð nú harðla glaðr, ok segir konungi svá búit. Áki átti ess svá gott, at ekki var betra í Englandi, nema ess konungsdóttur; ess Áka hét Lóngant¹, en ess konungsdóttur hét Spóliant². Hálfván gengr nú (til) skemmu konungsdóttur, ok segir henni frá viðtali þeirra Áka, hún lætr lítt yfir þessu, hann bað hana at ljá sér ess sitt, hún kveðst þat gera vilja, ok bað hann [hylja þat, svá þat væri hvergi bert, hann játar því, ok gekk í burt síðan. En konungsdóttir kom at máli við Alfífu, ok mælti: ek vil senda þik til karls þess, er hëðan er skamt í burt, hann heitir Úlfr, en geymir ess mitt, þat skaltu sækja leyniliga, ok fá í hendr Hálfváni. Alfífa flýtti ferðinni, ok kom til Úlfs, ok bar honum erindi sinnar frúr; hann fékk henni essit, en hún færði Hálfváni³.

12. Nú kemr sá dagr, er þeir Áki ok Hálfván skulu á burt ríða; tók Áki ess sitt, ok ríðr [á skóg⁴, en Hálfván á móti. Þeir

¹) hér byrjar *D* apt. ²) Spolent, *C*. ³) í stað þess frá í hæfir *B*, *D*: sjá við svikum Áka. ⁴) út af borginni, *B*, *D*.

riðu at einu diki; Hálfván leggir til Áka burstöng sinni, ok hefir hann burt úr söðlinum, ok kastar honum niðr í dikit, svá hann stendr fastr í leirnum, [ok kemst hvergi í brutt; fylgðarmenn hans hlupu at, ok drógu hann upp¹, ok undi hann nú verr sínum hlut enn áðr, en Hálfván fékk af þessu frama mikinn. Áki hugsar um þat nótt ok dag, at svíkja Hálfván. Áki hafði frétt at Hálfván átti systur eina, ok ætlaði hann hennar vilja at fá til óvirðingar við Hálfván, ok stendr upp eina nótt úr sæng sinni, ok gengr til skemmu þeirrar, er Íngibjörg ok Hildir lágu í; hann var í skyrtu ok línbrókum, eigi voru fleiri menn í skemmuni; en er Áki klappaði lófa sínum á hurðina, ok mælti hljótt, at þær skyldi upp lúka, ok kvað Hálfván þar vera; bað hún Hildi at fara til dyranna, Hildir fór til dyranna, ok lýkr upp hurðunni, ok sèr at þetta er Áki, verða þær nú svá hræddar, at þær vita eigi, hvát þær skulu hafa sik, en Áka varð bilt inn at gánga, ok studdust fram á dyrastafinn. Íngibjörg mælti: þat vilda ek, at Brana, fóstura Hálfvánar, hjálpaði mér; en er hún hafði þetta mælt, var Áki fastr við hurðina², svá hann mátti hvergi þaðan fara, en veðrit tók at hvesa ok frysta, ok tók Áka at kólna, svá hann

¹) ok allr varð hann þrekkugr (þrekk, D), ok var hann dreginn úr dikinni ódauðr at eins, B, D. ²) hjörurnar, B; jörðina, C, D.

skalf af kulda; þar varð hann at standa alla nóttina; ok um morguninn, er menn Hálfðánar kvomu til skemmunnar, sáu þeir Áka, þar er hann stóð, ok sögðu Hálfðáni; en þegar hann kom til, varð Áki þegar laus, ok mátti hann eigi mæla. Hálfðán lét flytja hann til hærbergis sjálfs hans; en þegar er Áki mátti mæla, ásakaði hann sik mjök, ok þóttist mikla sneipu fengit hafa, hann hugsaði nú at svíkja Hálfðán sem mest.

13. Einn tíma býðr Áki konúngi til veizlu, konúngr fór við margan mann, ok var þar Hálfðán í ferð, Sigurðr ok Sigmundur, ok veitti Áki vel, ok var kátr við Hálfðán; einn dag veizlunnar var þat, er þeir Hálfðán ok hans fèlagar drukku í einum kastala, ok Áki hjá þeim, en konúngr ok hans menn voru í öðrum stað, Áki var allkátr, ok bar þeim ákaft drykkinn; ok með því at drykkurrinn var áfengr, duttu þeir skjótt niðr sofandi. Áki kallar þá at sèr sína menn, ok lætr bera eld at kastalanum, ok sætlar at brenna þá inni; eigi vissi konúngr þetta; kastalinn tekr nú at loga, ok svá klaði þeirra fóstbræðra; í því bili kom kona ein fram úr skóginum, hún var stór vexti, ok veðr þegar eldinn, ok tekr þá fóstbræðr alla í fáng sèr, ok berr þá útúr eldinum fram á skóginn. Þar vaknar Hálfðán, ok sèr at Brana er þar kominn; hún mælti: þat er forn orðskviðr, ok er sannr,

seint er [afglapa at snotra¹, þar sem þú átt hlut at; ek varaða þik, at þú skyldir eigi láta Áka svikja þik; hefir ek nú gengit frá meyj- unni, viku gamalli, ok trúi ek at hún sè orðin fífl, ok má ek eigi hér vera lengr; skildu þau þá at sýn, en eigi at vináttu. Þá vakna þeir bræðr, ok fara heim með Hálfðáni, ok sögðu konungi, hvat Áki hafði gjört, en kon- úngr gaf sèr fátt at, því hann var vin Áka. Nú skal segja frá Áka ok hans mönnum, at þegar þeir sjá konuna, hlaupa þeir í skóginn mjök hræddir, ok er Áki nú fyrst úr sög- unni; konúngr kom heim eptir tíðindin.

14. Þat er nú því næst at segja, at kon- úngr efnar jólaveizlu mikla, þar kom Sig- urðr konúngr af Skörðuborg, ok mart annat stórmenni; ok et fyrsta kveld, er menn voru komnir í sæti, gengr innar Marsibil konúngs- dóttir með sinn skara, þær Hildir ok Íngibjörg voru þar í för með henni, ok sat á sína hönd henni, hvor þeirra; en þar útí frá sátu skemmu- meyar hennar. Alíífa lèk sèr á gólfinu. Sigurðr konúngr, faðir hennar, kallar hana til sín, ok setr hana í knè sèr, ok mælti: seg mér, hvat konu þat er sem sitr á hægri hönd frændkonu þinni?" Hún heitir Íngibjörg, segir Alíífa, ok er systir kaup- manns þess, er hér kom í sumar. Konúngr mælti: þú skalt fara til Marsibil konúngsdótt-

¹) hafglapa at snytra, C.

ur, ok seg at hún láti þat fram gengt verða, at ek eiga þá konu. Alíffa ferr, ok fram kemr til sinnar frúr, ok berr henni boðskap síns föður. Konungsdóttir [bað hana¹ við Hálfán þetta ræða. Líför nú af nóttin, ok at morni dags gánga þau á málstefnu, konungsdóttir ok Hálfán, ok Sigurör konúgr; hann biðr þá systur Hálfánar; konungsdóttir flytr þetta mál með honum; Hálfán mælti: fullkosta þiki mér konúgi, þó hann eigi Hildi. Konúgr byrjaði þá at nýju bóndót²; Hálfán tók því vel; ok með samþykki bræðra hennar var þessu ráðit, ok var þá jólaveizlunni snúit uppí brullaup, ok var at setit hálfán mánuð. Ok eptir veizluna gaf Sigurör konúgr mörgum góðar gjafir, ok fóru heim til Skörðuborgar með drottningu sína. Sigurör for með þeim, en Sigmundur var eptir hjá Hálfáni³.

15. At sumri komnu býst Hálfán í burt af Englandi, ok einhvorn dag gengr hann til skemmu konungsdóttur, ok segir henni at hann ætlar í burt, ok hefna föður síns. Konungsdóttir mælti: tuttugu skip eru hér í höfninni, er ek vil gefa þér. Hálfán þakkar henni, ok kvað systur sína⁴ skyldu hjá henni eptir ver a; hún játar því, tekr hann þá orlof af henni ok systur sinni, ok gengr burt síð-

¹) sagðist, C. ²) boðorð, C. ³) þenna Kap. v. í B, D.
⁴) ok Hildi, b. v. B, D.

en, ok fyrir konúng, ok þakkar honum vetr-
vistina, ok tekr af honum orlof, ok gánga
þeir Sigmundr síðan til skipa¹. En er Hálf-
dán var í burt farinn, kemr Áki at máli við
konúng, ok mælti: vitið þer, herra! at Hálf-
dán hefir barnat dóttur yðra; eigi veit ek þat,
segir konúngr, ok bað Áka í stað fara eptir
honum við marga menn². Hann var þessarar
ferðar fús, ok fór eptir Hálfdáni með tíu³
menn. Nú er frá þeim Hálfdáni at segja, at
þeir gánga eptir einni skógarbraut; Hálfdán
gat þá at líta ferð Áka, hann var þá í herklæð-
unum Brönunaut. Áka berr bráðan at, ok stíga
þegar af baki, ok sækja þegar at Hálfdáni; en
þeir Hálfdán ok Sigmundr snúast at bökum, ok
verjast allkarlmannliga; ok þó kemr þar, at
Áki drap Sigmund með þeim hætti, at hann
högr undan honum báða fætr, ok eptir fall
Sigmundar reiðist Hálfdán ákafliga, svá hann
drepr alla menn af Áka, en handtekr hann
sjálfan, ok sker af honum nefit, ok (stakk) bæði
augun úr honum, ok sker af honum bæði eyr-
un, ok geldir hann; síðan brýtr hann í honum
báða fótleggina, ok snýr aptr tánum, en fram
hælunum, ok setr hann síðan á bak, ok snýr
essi hans heimleiðis til konúngshallar. Hálf-
dán var [hvorki móðr nè⁴ sár, hann heygir þá

¹) en Sigurðr var eptir hjá Ingihjörgu (júngfrúnun, D), b. v. B, D. ²) ok drepa hann, b. v. D. ³) 30, B, D. ⁴) móðr en ekki, B, D.

Sigmund, ok ferr síðan til skips, ok segir mönnum, hvat í hafi gjörzt með þeim Áka, en þeir létu vel yfir. Hálf dán siglir nú með tuttugu skip af Englandi, ok dreka sinn um fram, hann kemr til Hlaðeyja; ok fagnar Hlaðgerðr honum vel, ok gaf honum tuttugu skip með mönnum ok fè. Hálf dán þakkar henni þessa gjöf. Nú skal segja frá Áka, at hann kemr heim, [ok rembist ekki allstítt¹, ok sjá konungsmenn hann, ok segja konungi, at hann er heim kominn; konúgr sèr nú Áka, hversu hann er útleikinn; rekr konúgr hann í burt, ok kemr Áki ekki síðan við þessa sögu.

16. Nú skal víkja aptr til Hálf dánar, at hann siglir í burt frá Hlaðeyjum með fjórtíu skipa, ok heim til Danmerkr; ok er víkingar vita, at úfriðr er kominn, skunda þeir til bardaga; aungvir landsmenn vilðu berjast með þeim; fóru þeir til Hálf dánar, [ok finnast þeir á slèttum völlum², ok tókst þar bardagi harðr; gengu víkingar³ hart fram, verðr skjótt mikit mannfali í her Hálf dánar; hann mælti þá við menn sína, at þeir skyldu hlífa sèr, en sæta eigi mjök áverkum við víkinga; liðit Hálf dánar gengr þá hart fram, ok finnast þeir Snækollr ok Hálf dán í bardaganum, ok lýkr svá þeirra viðskiptum, at Snækollr fellr dauðr til jarðar; en er Sóti sèr fall bróður

¹) v. í hin. ²) Þorviðr jarl kom til hans með miklu liði, B, D. ³) hér sleppr D at fullu.

síns, veðr hann fram at Hálfðáni, ok höggr til hans, Hálfðán hlióp í lopt upp, ok misti Sóti hans, en mækir Sóta hljóp niðr í völlinn, ok laut hann eptir högginu; í því slæmir Hálfðán undan honum báða fæturna í knjálidunum, hann féll þá, ok var þegar litlu dauðr, ok mælti: mikinn sigr hefir þú nú unnit, Hálfðán! segir hann, er þú hefir mik at velli lagt, þat mæli ek um, at þú munir ekki til Massibil konungsdóttur, heitkonu þinnar. Eptir þetta dó Sóti, en Hálfðán drap hvert mannbarn, er Sóta hafði fylgt; en Hálfðán gerðist konúgr yfir Danmörku, ok mundi ekki til Massibil konungsdóttur.

17. Eina nátt, þá er Hálfðán lá í sæng sinni, vaknaði hann við þat, at þar var komin Brana, fóstra hans, at honum, svá mælandi: stattu upp, Hálfðán! segir hún, ef þú vilt eiga Massibil konungsdóttur, þviat Eirekr konúgr úr Miklagarði er kominn í England, ok biðr hennar, en hún læsir sik í skemmu sinni, ok nær konúgr hennar máli aldrei, ok far þú á Skrauta, dreka þínum! Hálfðán stendr þá upp, ok man allt, sem hann vakni af svefni; hann ferr til skips einnsaman, ok hrindir fram drekanum, kemr þegar á blásandi byr, léttr Hálfðán eigi ferð sinni, fyrr enn hann kemr til Englands í þá höfn, er fyrr hafði hann útlagt, ok var þá komit at kveldi! Hann

1) þó eigi, B, C.

gengr upp frá skipi, ok kemr at skógarði konungsdóttur, hann rennr þegar upp garðinn, ok klappar á hurðina, þær Massibil ok Íngibjörg heyra höggit. Íngibjörg mælti: við þetta högg varð mér gott, ok vilda ek uppláta; Massibil bað hana ráða; hún lýkr nú upp hurðinni, ok sá þar kominn Hálfván, bróðir sinn. Verða þær honum harða fagnar. Þegar um morguninn gengr Hálfván fyrir Ólaf konung, ok biðr Massibil sér til handa, en konungi brá svá við þessi orð, at hann gipti honum dóttur sína, en hafði áðr ætlat at drepa hann. Eirekr konúgr bað nú Íngibjargar. Hálfván gipti honum hana. Þá var þar kominn Sigurðr konúgr af Skörðuborg, [ok með honum Sigurðr, fóstbróðir Hálfvánar, hann bað Alffu til handa honum, ok var hún honum gefin, ok voru þessi brullaup öll í einu¹, stóðu þau hálfan mánuð með mikinn prís. En eptir veizluna afliðna gaf hvorr konúgr öðrum gjafir góðar, fór Eirekr konúgr ok hans drottning heim í sitt ríki², ok ríktu þau þar til elli, ok er mart manna frá þeim komit. Þau Sigurðr ok Alffu fóru heim til Skotlands, [ok stýrði

¹) ok bað Hildar; Hálfván sagði þat skyldi vera, ef hann vildi gipta Alffu, dóttur sína, Sigurði, fóstbróður sínum, en konúgr játar því. Var nú búit við brúðlaupum, ok skyldu þau vera öll í einum stað; kom til þessarar veizlu fjölmenni mikit. Þar kom Þorviðr jarl, fóstri Hálfvánar, þar kom ok Brana með dóttur sína; þótti hún vera hin vænsta kona, þó henni væri ei fisat saman. Þorviðr bað hennar sér til handa, ok veitti Hálfván honum þat, B. ²) Grikkland, B.

Því ríki til dauðadags¹. Var þá andaðr Ángantýr, faðir hans. Hann átti sèr þann son, er Ángantýr hèt, sá tók ríki eptir hann, ok varð frægr maðr². Þau Hálfðán ok Massibil³ fóru til Danmerkr⁴, ok ríktu þar, til er Ólafr konúngr andaðist, en þá fóru þau til Englands, ok ríktu þar til elli. Þau áttu þann son, er Ríkarðr hèt; hann varð konúngr í Englandi eptir föður sinn; þat segja sumir menn, at sá Ríkarðr væri faðir Álaflekks⁵, ok lýkst hér nú saga Hálfðánar Brönufóstra.

¹) ok var hann þar til konúngs tekinn, því, B. ²) þau Sigurðr konúngr ok Híldr dróttning fóru heim til Skörðuborgar en, b. v. B. ³) *hæ; sleppr C.* ⁴) Þorviðr jarl ok Brana fóru með þeim, fékk Hálfðán þeim berta jarlsdæmi í Danmörk, ok voru þau hans ráðaneyti, meðan þau lifðu, B. ⁵) en sá sem fékk dóttur Brönu varð konúngr Danmörk b. v. B.

Sagan af Sturlaugi starfsama Ingólfssyni.

ALLIR menn, þeir sem sannfróðir eru [at um¹ tíðindi, vita, at Tyrkir² ok Asíamenn bygðu Norðrlönd³; hófst þá tunga sú, er síðan dreifðist um öll lönd. Formaðr þess fólks hét Óðinn, er menn reka ætt til. Í þann tíma ræði sá konungr fyrir Þrándheimi í Noregi, er Haraldr gullmuðr⁴ hét; hann átti drottningu; ekki er getit barna þeirra. Jarl einn var í ríki hans, er Hríngr hét, hann sat [fram við sjó í Kaupáangi⁵; hann átti dóttur eina, er kölluð var Ása en fagra, því hún bar af öllum jómfurum henni samtíða sem rauða gull af eyri blöckku, eðr sem sól af himintúnglum öðrum. Ingólfr hét ríkr maðr⁶, er ræð fyrir Naumudælafylki; hann átti þann son, er Sturlaugr hét, hann var snimma mjök mikill á vöxt⁷, ljós á hár ok hörund, kurteisligr í öll-

¹) þannig B, G; ok þau, A. ²) Grikkir, B; Grikklands, G. ³) í fyrstu Norðrálfa, G. ⁴) gullmunnr, G; gullkambr 337 í 4 blf. ⁵) inn í héraði Kaupánga, B; á Hamri í Kaupáangi, G. ⁶) hann var hersir ágætr, b. v. G. ⁷) sterktr at aðli b. v. B, G.

um háttum, ok allr var hans líkami vel skapaðr, blíðr í máli við sína menn, hægr í skapi, ok ör af peningum; því var hann stórum vinsæll. Hann vandi sik við skot ok sund ok allskyns íþróttir. Íngólfr, faðir hans, hafði atsetr á þeim bæ, er heita Skartastaðir¹; hann var hinn mesti rausnarmaðr, ok hafði fjölda fólks með sér. Annat bú átti hann sér í ey þeirri, er Njarðey² heitir, var þar ok fjölmenni mikit, ok enn átti hann önnur fjögur³ bú. Maðr hét Ásgauti⁴, hann bjó á bæ þeim, er Túnglaheimr heitir, hann var mikilsháttar maðr, hann átti þá konu, er Gríma hét; þau áttu tvo sonu, hét annar Jökull, en annar Guttormr, þeir voru gildir menn ok vel mentir sem faðir þeirra. Maðr hét Þórgautr, hann bjó á eyju þeirri, er Loka heitir; kona hans hét Helga; þau áttu tvo sonu; hét annar son þeirra Sóti, en annar Hrólfr nefja; þeir voru miklir menn ok sterkir. Hrafn⁵ hét maðr, hann var bóndi, hann bjó í eyju þeirri, er Urga⁶ heitir; kona hans hét Helga, þau áttu einn son, er Sigvaðr hét; hann var sterkr at afli ok mennt vel. Járngerðr hét kona; hún bjó á þeim bæ, er á Bergi⁷ heitir, skamt frá Íngólfi; hún⁸ átti sér þann son, er Áki hét, hann var mikill maðr at afli, hann gekk næst

¹) Skælastaðir, G. ²) Marðey, D; Mærsey, G. ³) hitt þriðja, G. ⁴) Ásgautr, B. ⁵) Hemíngr, B. ⁶) Varga, G. ⁷) Mói, B; Bjargi, G. ⁸) var ekkja, ok, þ. v. B.

Sturlaugi um allar íþróttir af þeim mönnum, sem honum voru samtíða; þeir lækust við barnleikum, Áki ok Sturlaugr, þessir menn lækust allir barnleikum, er nú voru taldir, ok námu allskyns íþróttir, þær sem mönnum voru þá tíðar at kenna sonum sínum, ok sórust þeir í fóstbræðralag, voru þó allir saman með feðrum sínum í góðu meðlæti.

2. Vefreyja hét kona [mikilhæf ok auðig, ok hafði búit á þeim bæ Vè¹; sonu átti hún tvo, hét annar Rauðr, en annar Hrafn²; báðir voru þeir miklir ok sterkir menn ok vel búnir at [vopnum ok klæðum³. Fóstri Vefreyju hét Svipuðr; þau voru bæði margvís ok fróð í flestu; hún átti bæ góðan, ok voru tvennar dyr á, [sat hún þar hvern dag⁴, ok horfði sinn dag í hverjar dyr, kom henni fátt óvart; jafnan spann hún lín; hún sat á stóli, hún gerðist mjök rauðeygð af elli, en þó sá hún, er nokkut fór at garði, hvat sem atfór, því fátt kom henni óvart. Ása hin fagra var þar á fóstri, meðan hún var úng, ok nam þar kunnáttu. Vefreyja unni henni mikit, ok hvor annarri þeirra.

3. Einn tíma talar Íngólfr við þá Sturlaug ok fóstbræðr: hversu lengi skal svá framfara, (sagði hann), at þið fóstbræðr leikizt barnleikum við, sem meyjar til manna? væri þat

¹) Vie, A; hún bjó við fjöll uppi á þeim bæ, er í Dal heitir, B, G. ²) Hrafn, B. ³) Íþróttum, B, G. ⁴) ó. v. B.

heldr röskra drengja siðr, at fremja^r nokkut til frama, eðr biðja sèr kvenna at minnsta kosti, ok setjast í bú ok stýra ríki ok fè með föður sínum. Sturlaugr sagði: hvert skal ek mèr konu biðja, er þú eggjar þess svá mjök. Íngólfr mælti: Hríngr jarl á sèr dóttur, er heitir Ása hin fagra, hún er væn kona ok vel viti þorin. Sturlaugr segir: ek em enn eigi mjök gamall til konbæna, ok lítt ráðinn í skapi, en þó mun ek þessa leita, ok ætla ek þó til lítils koma muni. Nú búa þeir ferð sína, ok eru samán 60 manna velbúnir at vápnum ok klæðum ok hestum; ríða nú leið sína, ok koma at kveldi dags til Hríngs jarls, ok fá þar viðtökur góðar; gerði jarl veizlu góða ok merkiliga í móti þeim, sátu þeir þar 3 nætr. Ok einn dag gengu þeir með jarli til skemmu. Ásu, ok hefir Sturlaugr frammi erindi sín, ok biðr Ásu sèr til handa. Jarl víkr til sjálfrar hennar. Nú segir jarl dóttur sinni til þeirra, ok mælti svá: biðli áttu hèr at svara, dóttir! Ása mælti: hvat heitir sá? hann heitir Sturlaugr, segir jarl. Ása segir: fyrir hví munda ek eiga þann mann, er jafnan vinnr heima búverk með móður sinni, ok gerir ekkert til frama? Við þessi orð varð Sturlaugr reiðr mjök, ok ríðr í brott ok heim.

4. Um vorit búa þeir fóstbræðr 10 skip

¹⁾ vinna, B.

or landi, ok herja um Austrlönd, ok hafa jafnan sigr, hvar et þeir koma; þeir létu fara í friði kaupmenn, en brutu undir sik spellvirkja¹, ok voru úti á sumrum í víking, en heima um vetrum með feðrum sínum. Nú fýsir þá² frá þessari iðju, ok skipta nú öllum herföngum; taka þeir fóstbræðr lausafè³, ok fara með til feðra sinna, en þeir láta liðit⁴ liggja í hernaði með skip sín, sitja þeir Sturlaugr ok fóstbræðr nú um kyrt.

5. Þat er nú hér næst at segja, at drottning Haralds konúngs tók sótt ok andaðist; þat þótti konúngi mikill skaði, því hann gerðist nú svá mjök gamall, ok varð hann hryggr við líflát hennar. Ráðaneyti ok hirðmenn konúngs segja honum ráð, at biðja sér kvennu til drottningar: ok megi þær þá afhyggja afgangi frúinnar, en þrá hana eigi lengr. Konúngr segir: hvar skal ek mér konu biðja? Þeir segja: Hríngr jarl á sér dóttur, er Ása heitir, hana máttu fá, ef þú vilt, þegar þær lízt. Konúngr segir svá vera skyldi; búa nú ferð sína, ok hafa hundrað manna. Nú riða þeir þar til er þeir koma á fund Hríngs jarls; hann var úti, ok voru menn á leiki fyrir honum. Konúngr reið at svá snart, at menn stukku frá tveggja vegna. Konúngr gerði tvo kosti, at festa honum dóttur sína, elligar

¹) ránsmenn ok illvirkja, G. ²) Sturlaug, at hætta, B, G.
³) hverr síná hlut af fénu, G. ⁴) hér byrjar C.

mundi hann þar drepinn í stað. Jarl segir: förum vèr til skemmu Ásu, ok tölum við hana, svà vèr vitum, hver svör hennar eru. Nei! segir konúngr, eigi vil ek vera vonbiðill dóttur þinnar, ok kjös skjótt annathvort! Jarl fhugar nú, ok þikkist vita, at hann muni ofrliði borinn, rætti fram höndina, ok festi konúngi dóttur sína; skyldi hún sitja í festum 3 vetr; snýr konúngr þegar í brott, ok ríðr heim, unandi vel við sína ferð. Jarl er eptir, ok unir heldr lítt við sinn hlut, stendr upp, ok gengr til skemmu Ásu, settist niðr, ok blès mæðiliga. Ása mælti þá: hvat er þer at meini, faðir minn! er þú ert svà fálátr¹, eða hefir þú nokkur nýttíðindi oss at segja. Tíðindi þikkja mér, segir jarl, at ek hefi þik nauðigr manni festa. Hverr er sá? segir hún: Haraldr konúngr, segir hann, hefir fest þik, ok skaltu sitja í festum 3 vetr. Hún svarar þá: eigi valdist sá hinn minnsti² til, en eigi má vita, hvat þá er tíðinda, kann vera öðrum sè ætlat, ok skipast³ má á skemmri stundu, ok ver kátr, faðir! Jarl mælti: betr þætti mér þú gefin Sturlaugi. Hún svarar: eigi veit ek, hvat fyrir beztu má verða; nú líða stundir, ok er nú kyrt um hrið.

6. Einn dag er þess getit, at Hríngr jarl var úti á leikvelli, ok hirðmenn hans með honum; þeir sáu koma ríðandi mann af mörk-

1) lakatr, B, C, G. 2) skenitiligasti, C, G. 3) breytast, C.

inni fram, mikinn vexti, hestr hans var allr brynjaðr, ok svá sjálfr hann, svartr skjölðr á hlið, höggspjót í hendi; hann reið svá snart, at menn stukku undan tveggja vegna; hann reið svá fram, ok sat á hesti sínum, ok lagði spjótit fram á milli eyrna á hestinum, ok mælti: heill herra! Jarl tók kveðju hans, ok spyrr, hverr hann væri. Hann segir: ek heiti Kolr krappi, en þat er erindi mitt hín gat, at biðja Ásu, dóttur þinnar, mēr til handa. Jarl mælti: veiztu þat eigi, at hún er festarkona Haralds konúnga. Kolr segir: eigi þikki mēr verr at eiga hana, ok gjör nú annathvort, at þú gef fram festarnar, elligar rek ek spjót-it í gegnum þik. Jarl íhugar nú þetta, ok þikkist nú vita, at eigi muni kostrinn göðr¹, kýs þat af at lifa, þótti [einskis utan ílls það-an af von², þótti honum eigi undir, hverau íllt þeir ætti til samans Haraldr konúgr ok Kolr, ok selr nú fram festarnar. Kolr mælti: seg Haraldi konúngi, at ek skora honum hólmgöngu austr við Gautelfi, þá er líðr hávetrinn; hafi sá meyna, er sigr fær, [en komi hann eigi, nè vogi at berjast, þá³ beri hann niðings-orð fyrir hverjum (manni), svá lengi sem hann lifir; sitlð heilir, herra! Síðan snýr Kolr hesti sínum, ok reið brott, ok þóttist vel hafa fram-

¹) at leggja hana á vald hans, b. v. G. ²) einskis ílls ör-vænt fyrir þenna óvin. er hvervetna (allt) íllt gjörði, B, C; v. í G. ³) ella, B, C, G.

gengit. Jarl unir illa við sinn lut, ok sitr eptir nokkura stund, stendr síðan upp, ok gengr til skemmu dóttur sinnar, ok settist niðr hjá henni, ok má valla mæla. Ása mælti: ertu sjúkr, faðir minn? Jarl mælti: betr væri sótt ok bráðr dauði, enn fá slíka skömm, at gefa nauðigr dóttur sína. Ása mælti: hverjum er ek nú gipt? Jarl mælti: hann heitir Kolr krappi. Hún segir: bregðast má til betra, enn eiga hinn versta mann, ok verða mun betri vor hagr, enn svá sem nú er ætlat; ok einn mun hljóta þenna kost, en eigi tveir, má ok svá verða, at hvergi þeirra hljóti, ef vel vill, ok ver kátr, faðir! segir hún. Jarl mælti: væri vel ef enn¹ væri, sem þú mælir, en þat uggir mik, at eigi [hljótist þat af², ef þeir drepast sjálfir, en þá yrði, sem ek vildi. Nú skilja þau at sinni.

7. Haraldr konúngr fregnar nú þessi tíðindi, ok þótti eigi betr enn áðr fyrri, leitaði nú ráðs hér um við sína vini. Þat kemr upp, at konúngr sendi menn sína á fund Hemíngs, at bjóða honum til jólaveizlu, ok þat með at hann mundi eigi gjafalaus³ í brott fara. Hann fékk þann mann, er Kolli⁴ hét, at fara þessa sendiför. Nú fara þeir norðr í Naumudal⁵ á fund Hemíngs, ok kvöddu hann, ok bera fram eyrindi

¹) einn, G; svá, B, C. ²) þannig hin; hljóti þeir, A. ³) þannig hin; gjafalaus, A. ⁴) Kolr, C; Kollr, G. ⁵) Raumsdal, B.

konúngs. Hemíngr hafði verit hinn mesti hólmgangumaðr, en gerist nú hniginn við aldr, ok hafði verit í missætti nokkura stund við Harald¹ konúng. Nú segir sendimaðrinn fram eyrindi sín. Þá svarar Hemíngr: eigi man ek at konúngr hafi mér fyrr heimboðit; nú eru tveir kostir fyrir hendi, at sitja heima ok vanrækja konúngs boð, eða hætta á, hvat undir býr, ok þvítat nú er eigi í hættu um gamlan mann, þá fari sem má; er eigi enginn eptir, meðan Sigvatr sonr minn lifir. Nú býr Hemíngr ferð sína á hans fund við 12ta mann, ok koma þeir jóla aptan hinn fyrsta, ok gengu í höll fyrir konúng, ok kvöddu hann vel. Konúngr tók vel kveðju þeirra, ok ruddi² öndvegi, ok setti Hemíng hitt næsta sér, ok drukku glaðliga af jólin í góðu yfirlæti. En afgöngudag³ jólanna gekk konúngr á málstefnu, ok Hemíngr. Konúngr mælti: hólmostefna er á hendi mér, ok sé ek þar til at þú munir leysa mik undan við Kól krappa. Hemíngr segir: eigi veit ek þat, at þú hafir veitt mér svá mikit, at ek muni leggja líf mitt í hættu fyrir þik, þikki mér eigi [örvænt (sé) við hraustan mann⁴, at eiga heldr við tröll. Konúngr mælti; því leitaði ek þess við þik, at mér þikkir þú mesta kempa verit hafa nær allra hér í landi; þikki mér þess von, at engi verði til, ef þik brestr, sem þú ert;

¹) Olaf, C. ²) rýmd, B; v. í C, G. ³) áffaradag, B, C, G. ⁴) sem við h. m. se, B, C, G.

en ef þú kemr aptr or þessari ferð, þá skal ek þér vel launa með gulli eðr silfri. Hemíngr segir: þat er sannast, at hær er lítit í hættu um gamlan mann, er falls von at fornu trè, ok mun ek fara sendiför þessa. Konúngr segir: (mæl) allra drengja hráustastr á sjó ok landi! var þess von, at þér mundi vel fara. Nú býr Hemíngr ferð sína, ok ríðr í burtu leiðar sinnar, ok léttr eigi fyrr, enn hann kemr til Gautelfar austr; var þar Kolr fyrir. En er þeir fundust, spurði Kolr, hvat Hemíngr skyldi. Hemíngr segir: ek sætla at gánga á hólmi við þik. Kolr mælti: lítit leggst þá fyrir mik, ef þú leggr mik at velli, felda hefi ek þá, sem sterkari eru, ok hafa verit líkari til frama; enn þú ert, ok far heim aptr, en fá mér vâpn þín, ok segst yfirstigian, ok þat at þú þorir eigi at berjast við mik. Hemíngr segir: heldr vil ek deyja, enn bera niðingsorð fyrir hverjum^a manni. Kolr mælti: eigi skal ek þinn hund spara at drepa, er þú vilt þat eina. Um kveldit tjölduðu þeir sèr búðir, ok sofa af um nóttina. Um morgininn stendr Hemíngr upp, ok sèr at Kolr er kominn til hólmsins, ferr hann nú til hólmsins með sína menn; nú kasta þeir feldi undir fætr sèr, ok segir Kolr upp hólmgöngulög; síðan gánga þeir saman, ok börðust, en svâ lauk, at þar fèll Hemíngr fyrir Koli. Kolr mælti við menn Hemíngs: nú skulu þér

^a) hinum versta, B, C.

aptr fara á konungs fund, ok segja honum, at hann geri annathvort, komi sjálf til bardaga við mik, eða fái þann mann fyrir sik, at nokkur þróttir sé í, ef hann ætlar sér konuna, eða mun hann af henni sitja. Mennt þeir, sem höfðu heiman farit, snèru aptr hvatliga, ok fóru norðr í Naumudal á fund Haralds konungs, ok segja honum þessi tíðindi öll, ok ummæli Kolskrappa.

8. Þótti konungi þetta ill tíðindi, ok leitar sér enu ráðs, ok þat tekr hann enn til ráðs, hann sendir Kolla sendimann til Sturlaugs ok föður hans, ok bjóða þeim til hálfsmánaðar veizlu til sín, með svá margan mann sem þeir vildu með sér hafa. Þessi orð [fara á millum² þeirra feðga. Þá spyr Sturlaugr feðr sinn, hvert þeir skulu þiggja veizluna. Faðir hans segir: þat vilda ek at við sætim heima ok færim hvergi. Sturlaugr segir: eigi nenni ek at vanrækja konungsboðit, en veit ek at nokkut muni undirbúa, en þó vil ek fara; mun lítil saga frá oss verða, ef vèr skulum eigi koma til annarra manna, þá við erum boðnir, má þat eigi vita, [hvat verðr í vorri ferð, þat at oss verði til sæmdar³. Íngólfr segir: þèr munuð ráða vilja ferðum yðrum, hvert sem ferst vel eðr illa. Eptir þat búa þeir ferð sína, ok eru saman 60 manna vel búnir allir at vopnum ok klæðum.

¹) þannig úgizkað; Svá ok Petir, A. ²) koma til, B, C.

³) þannig B; hver verðr vor ferð, þó sé sé eigi sæmdarmaðr, A.

Þeir ríða nú á fund Haralds konungs, ok koma þar jólaaftan hinn fyrsta. Konúgr tók blíðliga við þeim, ok setti þá í háseti hjá sér, ok var þá búin hin fegrsta veizla. En at liðnum jólum gekk konúgr á málstefnu, ok þeir feðgar Íngólfr ok Sturlaugr. Sturlaugr mælti við menn sína: búi þér hesta vora, meðan við tölum; þeir gerðu svá. Konúgr mælti: hólmostefna er á hendi mér, ok sè (ek) þar til, Sturlaugr! sem þú ert, at þú munir leysa mik undan, þvíat ek em gamall maðr at ganga á hólmi við Kol hinn krappa. Sturlaugr mælti: sel mér í hendr festar þær, er þú tókst af Hríngi jarli, því þat mun eigi kauplaust, segir Sturlaugr. Mikit þikki mér til kaups mælt, segir konúgr. Þá mun ek tilhætta, segir Sturlaugr, hversu sem ferr með okkr Kol. Konúgr segir: eigi varði mik, at þú mundir þetta tilmæla, er mér er mæsta svívirðing í at játa¹. Sturlaugr segir: hér er um at kjósa, hvert yðr þikkir betra. Konúgr mælti: þat mun ek þó kjósa, at þú gangir á hólmi við Kol, þat ferr með okkr sem auðnar. Sturlaugr svarar: sel fram festarnar áðr; konúgr gerði nú svá, þó nauðigr væri, því honum sýndist óauðligr² flokkur þeirra fóstbræðra. Ríða þeir á burt, ok á fund Hríngs jarls; hann tekr vel við þeim, ok býðr þeim þiggja þar veizlu; þeir segja, hvar nú var

¹) líta, B, C. ²) ekki eyðiligr, B, C; allóblíðr, G.

komit þeirra máli, ok hversu farit hafði með þeim Haraldi konungi. Jarl varð nú glaðr við þetta, biðr þá ganga til skemmu Ásu, ok svá gera þeir; en er þeir koma þar, þá fagnar Ása þeim vel. Hríngr mælti: biðli áttu hær at fagna ok svara, dóttir! Hverr er sá maðr? segir hún. Hann heitir Sturlaugr. Ása mælti: eigi mun mær nú manna skortr, segir hún. Sturlaugr mælti: svá hefir nú verit tilætlat, at ek mundi eigi vera vonbiðill þinn lengr. Ása segir svá vera skyldi, sem þeir vildu. Nú er búizt við ágætri veizlu, ok eigi tilsparat þat hafa þurfti; gengr Sturlaugr at eiga Ásu hina fögru, ok er þegar leidd í sömu sæng; veizlan fór vel fram, ok voru menn með góðum gjöfum útlestir¹; ríða þeir Íngólfr heim, en þau Ása ok Sturlaugr eru eptir, ok undu allvel sínu ráði.

9. Einn morgin, er þau Ása lágu í sæng sinni, mælti Ása við Sturlaug: er hólmstefna á hendi þær, Sturlaugr? Satt er þat, segir hann; við hvern? segir hún; við Kol krappa, segir hann, eða hvat kantu þar til leggja? Hún svarar: far þú, ok finn Vefreyju, fósturu mína, haf hennar ráð, ok mun þær vel duga; hær er fingrgull, er þú skalt henni færa til jarteikna, ok seg at mær þikkir mikit undir, at hún taki vel við þær. Sturlaugr ferr nú, ok þeir 12 saman fóstbræðr, ríða nú til þess, er þeir koma at bæ kerlingar. Sturlaugr hleypr

¹) útleiddir, C, G.

af baki, ok inní dyrnar at kellu, ok leggr hendrnar um háls henni, ok kysti hana, svá mælandi: heil ok sæl, kerlíng mín! hún snarast við honum fast¹, ok røkr upp á hann augun; hverr er þessi hundsins² sonrinn, er mik leikr svá háðugliga, ok engi hefir slíkt þorot at gera fyrri, ok skal ek þetta grimmiga gjalda. Sturlaugr mælti: vertu eigi svá reið, kerlíng mín! þvíat Ása sendi mik hingat til þín. Hvat er þèr at Ásu? segir kerlíng; hún er kona mín, segir hann. Hún mælti: er lokit boðinu? svá er þat, segir hann; nú eru brögð í, segir kerlíng, er mèr var eigi boðit til boðsins; þó skal gera sem Ása biðr; far þú af klæðum, ok vil ek sjá bolvöxt þinn; hann gerir svá; hún strýkr hann allan, ok þíkkist hann mikit styrkna við; síðan gefr hún honum ker at drekka or, gánga síðan til stofu. Kerlíng var hin bezta til beina um kveldit; hún spyrr, hvert Sturlaugr vill liggja einn um náttina, eða hjá sèr: en eigi skal ek at heldr svíkja Ásu mína. Sturlaugr segir: þess betr þíkki mèr, kerlíng! sem ek er nær þèr. Þá lét kerlíng einn stökk á milli þeirra, en þau lágu á einu hægindi bæði saman, ok áttu tal saman um nóttina. Sturlaugr mælti: hvat leggr þú mèr til ráðs, því hölmstefna er á hendi mèr við Kol hinn krappa. Óvænliga

1) Því hún horfði átr baki við honum, b. v. B, C. 2) hundsemia, B, C; hundíngja, G.

Þikki mér þat horfa, segir kerling, því á hann bita engi járn, ok kann ek hér varla ráð til at leggja. Um morgininn bjöggust þeir fóstbræðr til ferðar, ok er þeir voru búnir, þá mælti kerling við Sturlaug: tak hér við loðkápu¹ einni, er lángefðgar minir hafa átt, [ok saxi², ok hefir jafnan gæfa fylgt, ok reyn, hvert nokkur þróttr er í þér³. Sturlaugr tók við, ok hjó í einn stein, er stóð í hlaðinu, ok tók af steininum hyrnuna; rið fèll af sverðinu, ok var bjart eptir sem silfr. Þá mælti kerling: þetta sverð skaltu bera á hólm við Kol krappa, [en eigi máttu sýna honum þetta sverð⁴, ef hann biðst at sjá þat, er þú átt at höggva með. Þá mælti kerling: far þú nú vel, Sturlaugr minn, ok gáangi þér allt til sigrs ok tíma, á meðan þú lifir, ok alla gæfu þá er vorir frændr hafa haft, þá legg ek til þín, sem ek má framast; þó er ek hrædd, hvernin ferr með ykk Kol krappa; en tvo sonu á ek, er ek vildi, þú tækir í fóstbræðralag. Svá skal vera, segir Sturlaugr. Nú sverjast þeir í fóstbræðralag. Síðan snúa þeir í brott; en er þeir voru skamt farnir, kallar kerling eptir þeim, ok mælti: viltu, Sturlaugr minn, at Svipuðr, fóstri minn, fari með þér, hann er frár áfæti. Þat vil ek, segir Sturlaugr.

1) ryðskálm, B, C. 2) v. í B, C. 3) v. í B, C, G. 4) en ek vil sjá þat sverð, er þá berr áðr; hann sýnir henni, en hún mælti: eigi skaltu þetta sverð bera á hólm við Kol krappa, en þó máttu sýna honum þat, b. v. B, C.

Kerling seldi Svipuði í hendr þung lítinn, hann stakk honum næst sér, ok síðan ljóp hann fyrir hestum þeirra; ríða nú leiðar sinnar, ok létta eigi fyrr, enn þeir koma austr til Gautelfar, ok er Kolr eigi kominn. Sturlaugr tjaldar búð, þá er Kolr var vanr at tjalda.

10. Litlu síðar kom Kolr. Sturlaugr gekk í móti honum, ok heilsar á hann. Kolr mælti: hverr er þessi hinn vondi bykkjusunrinn, er þorir at tjalda búð þá, er ek er vanr at tjalda, ok hann er svá djarfr. Sturlaugr mælti: þú munt vita glöggvast, hverr bykkjusunrinn er, því hann var hér engi, áðr þú komt hér, en ef þú spyr at nafni mínu, þá heiti ek Sturlaugr. Kolr mælti: hvat ætlar þú þér, er þú ert hér kominn. Sturlaugr mælti: ek ætla at berjast við þik. Kolr mælti: nú eru brögð í taffi, ok ofdjarfr ertu, at þú ætlar þér þann mikla dul, þar sem ek hefi svá margan dreng feldan, er við mik hefir barizt, eðr hvat dregr þik til þess? Sturlaugr segir: þat helzt, at Ása hin fagra er eiginkona mín, skaltu þar eigi við meyju taka, þóat ek falli fyrir þér. Kolr mælti: heyr hér á fádæmi, hvat þínum herjans syni hefir í hug komit at gera, ok fyrir þetta hitt sama, skal ek þér eigi þyrma, ok skjótt skaltu þitt líf láta, ok er þó ofseint; en þó er þat skaði um slíkan mann sem þú ert. Sturlaugr segir: hvergi skal ek á hæl fyrir þér hopa. Nú tjaldar Kolr sér aðra búð um kveldit, en er

Kolr var kominn til matar, kemr Svipuðr í búð hans, ok tekr þúnginn kerlingar or skikkju sér, ok skekr í búðinni, ok varð af þessu reykr mikill. Kolr rekr upp augun, ok mælti: far í burt, hinn vondi hundr! ok kom hér eigi sáan, því þú munt nokkut illt gera. Svipuðr snýr í burt, svá at engi vissi, hvat af honum varð, sofa þeir af um nóttina. Um morgininn stendr Sturlaugr upp snimma, ok þeir fóstbræðr, fara til eyjarinnar, setjast niðr, ok bláa Kols. Hrólfr nefja stendr upp, ok gengr í skóginn, ok höggr sér kylfueina stóra ok mikla, ok hefir í hendi sér, ok gengr til félaga sinna aptr. Kolr stendr upp um morgininn, ok skein þá sól um alla völlu. Hann mælti þá: þat ætla ek sá hinn vondi þræll, er hér kom í gær kveld, hafi nokkura töfra haft, þá er oss hafa lítill fögnuðr at verit, ok þetta má sannliga heita dauðasvefn, er vèr höfum sofit, ok förum til hólmsins! Þeir fara til hólmsins, ok kasta feldi undir fætr sér. Kolr segir upp hólmgöngulög í millum þeirra, ok skyldi hvern við leggja 20 merkr silfrs, skyldi þetta hvern eiga, sem sigr fengi. En er þeir voru búnir, tekr Kolr til orða: Sturlaugr sveinn! sýn mèr sverð þitt, þat er þú hefir; hann gerir svá. Kolr lítr í eggina, ok rak við augun, ok mælti: eigi muntu mik með þessu sverði sigra, far þú heldr heim, segst yfirkominn, en fá mèr vopn þín, ok send mèr Ásu hina fögru, ok seg henni, at

Þú þorir eigi at berjast við mik, eðr halda henni fyrir mér. Sturlaugr segir: [eigi sigrar þú mik með^r orðum einum, þvíat þú ert yfirkominn af hræðslu, ok mun þér skamt til fíls dauða. Kolr varð reiðr við orð hans, ok mælti: þat skaltu finna, hinn vondi hundr! at ek skal þér eigi þyrma; þá kastar Sturlaugr því sverði, er hann hafði Kol sýnt, en tók Vefreyjunaut undan feldi sínum, ok brá. Kolr mælti: hvaðan kom þér Vefreyjunautr, ok eigi munda ek á hólmi við þik hafa gengit, hefða ek þat vitat. Sturlaugr svarar, þat skiptir þik engu, ok er þér illa farit, at þú hræðist fyrr enn þörf gerist. Þá hjó Sturlaugr til Kols, ok klauf skjöldinn allan. Kolr hjó í mót, ok klauf hans skjöld í sama máta; þá hjó Sturlaugr í annat sinn til Kols utan á hjálminn, klauf hann allan, ok af vängafylluna, ok svá á öxlina, at í herðarblaðinu nam staðar. Kolr stóð rétt, ok gaf sik eigi at, þá ljóp at Hrólfr nefja með kylfuna, ok rak á blóðrefilinn, svá at sverðit gekk niðr í búkinn, ok féll þar Kolr, en Sturlaugr fékk sigr, ok varð frægr af þessu verki. Reið Sturlaugr til Vefreyju, ok var kerling úti, ok fagnaði vel Sturlaugi. Þar var þá fyrir Svipuðr; þar voru þeir um nóttina, ok lét kerling vel yfir þessu verki: ok er þat satt, segir kerling.

*) feigum munní fleiprar þú nú, er þú þikist nú (hafa sigr) mik í, B, C.

at sæl er Ása mín, at hún á slíkan mann, sem þú ert, ok mun þér hédan af hefjast allhyggiligt ráð, ef þú kant til at gæta, en þar er ek hrædd um, hversu ferr, en vilda ek at þér gengi vel, en eigi skal þér kerling þessi verri enn engin. Nú ríðr Sturlaugr burt til móts við Hríng jarl; tók hann blóðliga við þeim öllum, ok varð Ása fegin bónda sínum. Þessi tíðindi koma fyrir Harald konúng. Konúngur varð svipligr við þenna atburð, sem síðar berr raunir á, en allir frændr Sturlaugs þóttust hann or helju heimtan hafa.

11. Einn dag sem Hríng jarl var á leiki með menn sína, er lèku fyrir þeim Hríng ok Sturlaugi, þá sáu þeir ríða mann af mörkinni á rauðum hesti at þeim, brynjaðr allr, hann var mikill vexti, hjálm á höfði, en girðr sverði, gullsmeltan skjöld á hlið, ok spjót¹ í hendi. Hann reið fyrir jarl, ok kvaddi hann vel; hann tók ok honum í sama máta, spurði, hvern hann væri; hann segir: óvant er nafn mitt, ek heiti Framar², en við erum hálfbræðr³, Kolr enn krappi ok ek, en þat er mitt eyrindi hingat, at ek vil bjóða þér hólmgöngu, Sturlaugr! því ek vil eigi bera bróður minn í sjóði. Sturlaugr segir: til hólmgöngu em ek albúinn, þegar þú vilt, ok eptir illan áttu at mæla, þar sem Kolr var. Svá var þat, segir Framar, en þó var

¹) höggspjót, B, C, G. ²) Framar, B, C, G. ³) bræðr, B, C.

hann mér skyldr, ok vil ek því berjast við þik, þar et Kolr féll austr við Gautelfi, þegar líðr hávetrinn. Svá skal vera, segir Sturlaugr. Nú ferr Framar leiðar sinnar, en þeir eru eptir, ok leið af sumarit. Eina nótt, er þau lágu bæði í hvílu sinni; Sturlaugr ok Ása, mælti Ása: er hólmganga á hendi þer, Sturlaugr? segir hún; svá er víst, segir hann: eðr hvert ráð leggr þú á með mér um þetta? Ása segir: far þú ok finn Vefreyju, fóstur mína, ok haf hennar ráð um þetta! Svá skal vera, segir Sturlaugr. Hann ferr nú á fund Vefreyju, var kerling úti, ok fagnaði þeim vel, ok eru þeir þar um nóttina. Um morgininn spyr Sturlaugr kerlingu ráðs um þetta. Kerling mælti: við hvern skaltu nú á hólmganga? Framar heitir hann, segir Sturlaugr, bróðir Kols krappa. Kerling segir: ólíkir menn, sagði hún, ok er þat illt, at þið skuluð bera banaspjót, hvort á móti öðrum, þvíat Framar er hinn vaskasti maðr, ok af hinum beztu ættum, en Kolr var hinn versti maðr, ok þræla ættar, ok sæll væri sá, er því kæmi til leiðar, at þið væruð heldr vinir en fjandmenn, ok kann ek eigi til at leggja, ok mun fara at auðnu með ykk, en fara skal Svipuðr, fóstur minn, með þer. Nú fara þeir leiðar sinnar, ok létta eigi fyrr, enn þeir koma austr til Elfar, ok reið Framar þá at öðrum megin, hittast þeir, ok fréttast almæltra tíðinda,

stíga af baki, tjalda hvorir búð með öðrum, ok sofa af nóttina.

12. En um morgininn standa þeir upp snimma, ok fara til hólmsins, ok setjast niðr á lág eina. Framar mælti; hvert viltu at við reynum með okkru fyrr enn menn okkar? Sturlaugr mælti: gott þikki mér at hafa gaman af mönnum mínum. Hrólfr nefja stóð upp¹, ok mælti: ek skal þér í mót, Blámaðr! Hrólfr bjó sik til glímu alllettliga²; síðan ráðast þeir á, ok takast fangbrögðum allsterkliga, ok var þeirra atganga bæði hörð ok löng; mikill var aflsmunr með þeim, þvíat Blámaðrinn mátti bera Hrólfr í fangi sér, hvert er hann vildi. Berserkrinn vildi færa Hrólfr þá niðr, hann kom þó jafnan fótum undir sik; þessi Blámaðr var mikill sem risi, en digr sem naut, blár sem hel; klær hafði hann svá miklar, at þær voru líkari gammsklóm³ enn manna nöglum; nú bar hann Hrólfr at láginni, ok vildi Blámaðrinn færa hann niðr á kylfuna, en Hrólfr stakk fótum við svá fast, at þeir hrukku frá í burt báðir, ok féll Blámaðrinn á bak aptr, ok varð undir honum steinn, ok brotnaði hryggr hans, en Hrólfr ljóp skjótt á fætr, ok þreif kylfuna, ok lamdi Blámanninn skjótt til heljar, en Hrólfr var allr blár ok blóðugr, ok rifit hold af beinum

¹) ok mælti: hvær skal mér ímóti? Blámaðr einn stóð upp, b. v. B, C. ²) hann lagði niðr kylfuna á eina lág, b. v. B, C. ³) járnkömbum, B, C; arnarklóm, G.

hans. Sturlaugr þakkaði honum vel sína framgöngu. Síðan var sá maðr með Framari austan af Svíþjóð, er Þórðr hét, mikill maðr ok sterkr; honum í mót gekk Hrafn hinn háfi, ok hófu þeir sitt einvígi með stórum höggum, en svá lauk, at Hrafn féll fyrir Þórði. Nú gekk fram Jökull, ok mælti: hverr skal mér í móti? Maðr stóð upp, er Frosti hét, ok mælti: mun eigi þat makligast, at ek gangi þér í móti, þvíat frostit herðir jökulinn. Þeir berjast lengi, þar til at Jökull féll fyrir Frosta, ok þótti Sturlaugi mikill skaði at um íóstbræðr sína; en þat var tilskilit, at engi skyldi öðrum lið veita. Finnur einn var með Framari, ok var honum skipat í mót Svipuð; þeir gánga nú á móti, ok berjast hart ok títt, svá at eigi fékk auga áfest, ok hvergi kom sári á annan; en er þeir litu þar til í annat sinn, þá voru þeir þegar horfnir; en þar voru komnir hundar tveir, ok bitust ákaflega; ok er minnst varði, voru hundarnir horfnir, en menn heyrðu í loptit upp ólæti nokkur, ok líta menn við, ok sáu at ernir tveir flugust á í loptinu; ok [rifu af hvorr annars fjaðrir með klóm ok nefjum, svá at blóðit féll á jörð; en svá lauk með þeim, at annar féll dauðr niðr á jörð, en annar fló í braut; ok vissu menn eigi, hvorr sá var.

13. Framar mælti: nú er ráð, at við reynim með okkur; þúinn em ek þess, segir

1) rifust af höndina með, B, C.

Sturlaugr. Nú kasta þeir feldi undir fætr sér. Sturlaugr bregðr þá Vefreyjunaut, en er Framar sá þetta, mælti hann: hvaðan kom þér Vefreyjunautr? Sturlaugr segir; hirðtu áldri, hvaðan hann kom. Framar mælti: eigi munda ek hafa gengit á hólmi við þik, ef ek hefði þetta vitat, en þó fékk (ek) eigi fyrir æðru í mitt brjóst. Framar segir upp holmgöngulög, ok á Sturlaugr at höggva fyrri; hann hjó til Framars, ok í hjálm hans, ok af hjálmnum, þat er nam, ok svá í skjöldinn, ok klauf hann allan niðr í sporð, svá at í jörðu nam staðar, en blóðröfillinn nam brínguna í gegnum brynjuna, ok í brúnina, ok hljóp í beinit, ok rann þegar blóð í augun, svá at hann sá eigi, ok þar með blástr mikill. Framar hjó þá til Sturlaugs, ok klauf skjöld hans allan. Sturlaugr hjó þá til Framars í annat sinn, ok fór á sömu leið, ok var Framar þá óvigr. Hann setr sik þá niðr, ok mælti: þú hefir í helzta lægi óvin í hendi þér, þvísat sverð þitt er fullt af eitri ok illsku, ok högg af mér höfuðjt sem fyrst, þvísat ek vil eigi lifa við harmkvæli. Sturlaugr mælti: viltu þiggja líf af mér? Framar segir: gott þikki mér at þiggja líf af þér, en fyrirkomit gerist nú líf mitt. Þeir flytja hann utan or eyjunni, ok inn í háð sína, ok er þá minni von manns; ok er svá var komit, þá heyrir út dunr miklar, en er út var komit, þá var þar komin Vefreyja í

vagni, ok spurði, hversu þeim færi at; þeir svara, at Framar var kominn at dauða. Kerling segir: berið hann út hingat! eigi er undir því, hvar hann deyr; svá var gert, sem hún bað. Sturlaugr mælti: viltu láta fara með þér fleiri menn. Eigi vil ek þat, segir kerling, ek er vel fær ein, segir hún; ekr kerling Framari af stað, en þeir sitja eptir, liör nóttin; en um morgininn býr Sturlaugr ferð sína. Frosti gengr at Sturlaugi, ok mælti: gjarna vilda ek vera í ferð með þér ok þínum fóstbræðrum. Sturlaugr mælti: ek ætla vel goldit fyrir Jökul, þar þú kemr í staðinn. Nú gjörist hann fóstbróðir Sturlaugis; ríða síðan í burtu, ok létu eigi fyrr, enn þeir komu til Vefreyju; ok er þeir koma þar, eru þeir Svipuðr ok Framar alheilir báðir, voru þeir þar um nóttina í góðu yfirlæti. Um morgininn tók Vefreyja til orða: þat vilda ek, Sturlaugr minn! at þið Framar sværust í fóstbræðralag, því hann er hinn fræknasti maðr fyrir allra luta sakir. Sturlaugr svarar: þú skalt ráða, kerling! þat mun mér beztu gegna. Nú sverjast þeir í fóstbræðralag, Sturlaugr ok Framar, ok skal hvorr hefna annars, sem þeir sèu skilbornir bræðr.

14. Eptir þat ríða þeir í burt, til þess er þeir koma nær bygðum Hríngs jarls; þíkkir þeim kynliga viðvinda; höllin er öll þakin mönnum; þar var þá kominn Haraldr konúgr

við 4 hundruð manna, ok ætlaði at brenna inni Hríng jarl, ok Ásu hina fögru, dóttur hans; sjá nú at logi leikr um allt, ok brennir Haraldr konúngr bæinn allan. Þá sáu þeir Sturlaugr, hvar menn gánga neðan or jörðu í rjóðri einu, ok þungat snúa þeir, kenna at þar er kominn Hríng jarl með alla sína hirð, ok þar var Ása hin fagra með honum; varð þar fagnaðarfundur með þeim öllum; ok eptir þetta ríða þeir allir á fund konúngs, þar er hann var at brenn-
 unni; þeir voru alvopnaðir, ok hestar þeirra brynjaðir. Sturlaugr segir þá: heldr finnumst við nú hér, konúngr! enn í hafinu! en illa ferr þér, þvíat þú ert bæði huglaus ok lymskr¹. Konúngr svarar: eigi hirði ek um illmæli þín, en þat er þér at segja, Sturlaugr! at þú skalt aldri óhræddr vera hér í landi, nema þú færir mér Úrarhorn þat, er ek týnda forðum, en nafn mun ek gefa þér með sendiförinni, skaltu heita Sturlaugr hinn starfsami, þat mun við þik festast, því [hér ofaná² mun yðr [starfs auðit³ fóstbræðrum verða, á meðan þér lifið, ef þér komið aptur or þessari för, sem eigi skyldi vera. Sturlaugr segir: hvert, skal ek eptir því leita? Konúngr segir: hygg þú sjálf fyrir því! Sturlaugr segir: ófallit er, at ek fari sendiför þína, segir hann, en allt hvat þú þikkist þungt⁴ fyrir mik leggja, þá skal ek lífinu voga.

¹) svikull ok hægblauðr, B, C; heimskr, G. ²) jafnan, B, C, G. ³) starfsami, B, C, G. ⁴) þungt, B, C, G.

Ræð konúgr eigi því til bardaga við þá; at honum þótti flokkur þeirra fóstbræðra harðsnúinn bæði í afli ok herklæðum; báðu hvorigir aðra vel lifa, ok skildu við svá búit. Sturlaugr ok þau öll saman riðu norðr til Naumudala, ok sátu þar um vetrinn.

15. Ok einn dag kom Ása at máli við Sturlaug, ok mælti: er sendiför á hendi þér? satt er þat, segir hann, eðr hvert ráð leggr þú á með mér, hvert ek skal leita at þessu horni. Ása segir: finn Vefreyju, fósturu mína, ok haf hennar ráð! Ok þegar eptir annan dag bjöggust þeir heiman, ok riðu til Vefreyju, ok er hún úti, ok fagnar þeim vel, ok eru þeir þar um nóttina, en um morginina mælti Sturlaugr til Vefreyju: hvat kantu at segja mér af horni því, er Úrarhorn heitir. Kerling mælti: þat er bæði ek kann þar eigi frá segja, enda vil ek eigi. Sturlaugr mælti: veiztu nokkurn þann, er þar kunni frá at segja, þvíat ek vildi þat gjarnan vita. Vefreyja segir: Járngerðr heitir kona, ok er systir mín, far til hennar, ok vit, hvat hún hefir at segja! Þeir ríða nú á brott, ok létta eigi fyrr sinni ferð, enn þeir koma þar sem Járngerðr á fyrir at ráða, eru þar um nóttina. Sturlaugr spurði Járngerði, hvert hún kynni at segja frá Úrarhorni. Hún segir: þar kann ek eigi frá at segja, en veit ek konu þá, er vita mun. Sturlaugr spurði: hver sú væri. Snælaug heitir systir mín, hana á Hrólfr

618 STURLAUGSSAGA STARFSAMA. 15-16K.

konúngr á Hundíngjalandi, en yör er eigi fært at fara þángat, því til mikils mun verða sú ferð um þat er þær komið aptr; ríða þeir fóstbræðr heim at svá fregnuðu.

16. Þat er þessu næst at segja, at Sturlaugr býr ferð sína litlu síðar, ok þeir allir fóstbræðr, ok hafa hundrað manna, ok eitt skip. Sturlaugr mælti við Hríng jarl, ok svá söður sinn, hiðr þá sjá fyrir ráði Ásu, meðan hann er burt, ok gózi¹ hans öllu því sem eptir var. Nú sigla þeir norðr fyrir Hálogaland ok Finn-mörk ok Vaznes, ok inn á Austrvík², ok kasta atkerum, ok liggja þar um nóttina, ok bjöggest um; eptir þat hlutá þeir um vöku, ok hlaut Áki at vaka hinn fyrsta þriðjung nætr, en Framar annan, en Sturlaugr hinn síðsta. Ok er menn voru sofnaðir á skipinu allir, nema Áki, tók hann bát, ok rær með landi fram út með nesinu; hann heyrir at gengit er uppi í grjóti; Áki tók þá til orða ok mælti: hvert skal ek hér heilsa karlmanni eðr konu? þá var honum svarat: víst er þetta kona. Hvat heitir þú, drós? segir Áki. Ek heiti Torfa³, segir hún, eða hvern er á bátnum? segir hún. Áki heitir sá, segir hann. Eigi mun Áki Járngerðarson hér komian, segir hún? sá er maðriinn sami, segir hann. Viltu eiga kaup við mik, Áki minn? segir hún? hvert er kaup þat? segir hann. Þat at þú flytir mik til eyjar

¹) líði, B, C. ²) víkina Vastuvík, B; Vazvík, C; Olsavík, G. ³) þannig B, C; Torþja, A, G.

Þeirrar, er hær er skamt frá landi; þar hefir látizt faðir minn frá miklu fê, en vèr erum 3 systr, ok eigum arfi at skipta með oss; vildi ek fyrri koma enn þær, mun ek gefa þér tveggja dægra byr, þá er bezt kemr við. Svá skal vera, segir Áki. Nú stígr hún útá bátinn, en hann reri út á sundit, ok er hann hefir skamt róit, tók hún til orða: nú má ek vel vaða til lands, en þú far heill ok happadrjúgr¹, ok skal ek vel efna við þik. Nú stytir hún upp skinnkyrtlinn, ok stígr fyrir borð. Áki reri eptir þat til skips, ok vekr upp Framar, en leggst niðr sjálf, ok sofnar skjott. Framar stígr í bátinn, ok rær út með nesinu. Hann heyrir í grjótinu, at gengit er í fjörinni. Framar mælti: hvert er karlmaðr eðr kona á landi? þá var svarat: efflaust er þetta kona. Hvat heitir þú hin fagra ok fêsæla? segir hann! Hildir heiti ek, segir hún, ok hvat heitir þú, piltir minn? kvað hún. Framar heiti ek, segir hann. Eigi mun hær kominn Framar, bróðir Kols ens krappa, segir hún. Sá er maðrinn, segir hann. Ólíkir tveir, segir hún; ek vilda eiga kaup við þik, segir hún. Hvernin er kaupi þvi háttat? segir Framar. Hún segir: þú skalt flytja mik til eyjarinnar hær er næst landi, þar hefir andazt faðir minn frá miklu fê, en vèr erum systr 3 at taka arf, en ek mun afskipt, ef ek kem síðar, segir hún. Framar segir: viltu þá gefa

¹), happauðigr, B, C.

mèr tvæggja dægra byr? Þat skal vera, segir hún. Nú ferr hún í bátinn, ok þótti honum sœri mjök síga bátinn, er hún kom útá. Hún mælti: viltu at ek róí með þèr? Eigi eru þau efni í, segir Framar; en er eptir var þriðjúngr sunds, þá tók hún til orða: eigi þarftu nú lengra út at flytja mik, eru nú þeir einir álar til lands, at ek get vel vaðit; hún stè þá fyrir borð, ok óð svá til eyjarinnar. En Framar fór aptr til skips, ok vegr upp Sturlaug. Hann sprettr skjótt á fætr, en Framar leggst til svefns. Sturlaug stígr á bátinn, ok rær fram með nesinu; ok er hann kemr norðr um nesit, heyrir hann, at gengit er uppi í grjótinu, ok sèr at eldr hrýtr or grjótinu undan þessu kvikindi; þat hefir í hendi atgeir¹ einn; þat þótti honum sem þat mundi eigi alþýðu² vopn vera, er þetta skrípi berr. Sturlaugr spyrr: hvert á ek hér at heilsa, konu eða karlmanni? Hún segir: [veiztu eigi, hvat þú sèr; kona er þetta, segir hún, eða hvat heitir þú? Sturlaugr heiti ek, segir hann. Hvaðan ertu kominn, eðr hvert ætlar þú, Sturlaugr hinn starfsami? segir hún, en³ Hornnesja⁴ heiti ek, segir hún. Hvát er manna með þèr? kvað hún, eðr er Hrdlfr nesja nokkut með þèr? svá er mèr sagt,

¹) áddgeir, B; arngeir, G. ²) alþýðligt, B, C, G. ³) all-heimskr glópr (óglöggþekkin, G) er þú; segir hún; er þú veizt eigi, hvort þú sèr úngar meyjar eða karlmenn. Sturlaugr mælti: hvat heitir þú ljúfan? B, C. ⁴) Hrónesja, (Hrónesja), G.

sagði hún, at hann sè: [mikit manna], ok hverju kvikindi fljótarí. Mikit er til þess hæft, segir hann. Þá eru brögð í, segir hún; viltu eiga kaup við mik? hverju viltu kaupa? segir hann. Ek vil at þú komir Hrólfi nefju til mín, svá at ek megi sjá þelváxt hans ok yfirli, þvlat mér er mikit sagt af hans andlits fegurð, mun ek gefa þér til grip þenna, er ek hef í hendi mér, en þat er einn atgeir. Sturlaugr segir: hvat þrýðir grip þenna, er þú býr mér? Hún mælti: hann bítr allt þat honum er höggvit til, hann má vera svá lítill, at þú mátt mista honum í klæði þínu sem dragnál, þar muntu hvergi komu, at þér mun eigi hægt veita at vinna með honum, hvat þik gírnir, ok þörf gerist. Sturlaugr segir: þá muntum við kaupast við. Sturlaugr fór nú til fóstbræðra sinna, ok vekr upp Hrólfi nefju, ok biðr hann fara með sèr. Þeir fara nú burt á bergit, þar sem kella var undir niðri. Hrólfr sezt á framauvert bergit, ok lætr síga fætr fram. Hann var svá búinn, at hann var í geitbjálfa loðnum, ok digr kálfsbelgr á höfði honum, ok stóð upp rófan or miðju höfði, en ketil hrím var núit¹ um andlit hans allt², ok skotit kefli í munninn, svá at stórar kúlur voru útaf kinnunum; uxahorn eitt hafði hann í [hendi sinni],

¹) hverjum manni nefljótari (nefstærri, G); B, C, G. ²) þannig hin; digrum al, A. ³) þannig B, C; mikit, A, G. ⁴) en núit um hvörmunum, b. v. B, C. ⁵) í enni sitt, B, C.

svínsbelg¹ hafði hann á hvorum fæti, ok er hann var svá búinn, þá þótti hann eigi at öllu sjáligr, þar er hann sat á berginu, ok gæpti við túngliðu, þvíat þat skein glatt. Eptir þetta fór Sturlaugr til fundar við Hornnesju, hún fagnar honum vel, ok mælti: hvar er Hrólfr nefja? Sturlaugr mælti: líttu hér uppá bergit, ok sjá, hvar hann sitr! hún snarast við fast, ok sèr, hvar hann er kominn. Hún heldr þá hendi fyrir augat, ok hyggr at vandliga, ok mælti: þat er þó satt at segja, segir hún, at allgerfíligr er maðrinn, ok hefir eigi ofsögum verit frásagt þessum manni, er svá er tíguligr². [Nú þrútnar hún í vexti mjök³. Síðan teigir kella sik upp í bergit, ok þóttist aldri geta hann fullkomliga sèð, þar er hann var. Eigi kann ek hér önnur tummæli at hafa, enn mér þætti sú kona sæl, er þenna mann hlyti. Þá sèr Sturlaugr, at hún munni fá þrifit í fætr honum, ok vill eigi þess bítta, ok hleypr or bátinum utan, ok á einn stein, ok leggtr at henni með atgeirnum, svá stóð í gegnum hana. Hún lét þá fallast á hann ofan, ok fór hann þegar í kaf, ok kafaði út undan henni, en bátinum hvolfði. Hún lét þar líf sitt, en hann réttir bátinn; fara þeir aptr við svá búit til félaga sinna, ok segja þeim, hversu farit hefir. Þeir láta vel yfir.

¹) sinn kálfbelg, (belg, B), B, C. ²) starligr, B, C. ³) þannig B, C; mér er hann við vöxt mjök til, A.

17. Eptir þetta rennr á blásandi byr fyrir þeim, ok sigla þá þar til er þeir sjá land. Þat var mjök skógi vaxit; þar var einn leynifjörðr, er þeir komu at, ok sigldu þeir inn eptir firðinum, ok lögðu í einn leynivog, ok kasta atkerum. Þá var sól í suðri, ok gengu þeir á land. Sturlaugr spurði: hvert land ætli þer þetta, er vèr erum við komnir? Framar segir: Hundingjaland at frásögn Kols, bróður míns, ok munum vèr á land gánga þrír, Sturlaugr, Áki, ok ek, en þer skuluð bíða vor hér, þar til er þriðja sól er af himni; en ef vèr komum þá eigi aptr, þá hljóti þer at sjá ráð fyrir yðr. Þeir gánga nú á land, ok í einn skóg þykkvan, ok merkja á eikum, hvar þeir fara, ok um síðir koma þeir fram or skóginum, ok sjá mörg ok stór hëruð, borgir ok kastala. Þeir sjá eina borg ok höll miklu meiri entu aðra; þángat fóru þeir, ok stóðu menn í dyrum, ok var haka þeirra gróin í brínguna. Þeir gjöllu sem hundar, þóttust þeir nú vita, hvar þeir voru komnir. Þeir bönnuðu þeim inngöngu. Sturlaugr brá Hornnefjunaut, ok höggr duravörðinn í tvent, en fóstbræðr hans drepa annan. Eptir þat gengu þeir í höllina, ok standa á utanverðu hallargólfi. Áki sèr, hvar konur sitja á palli; ein af þeim var auðkend, því hún var miklu fegri enn aðrar. Áki kennir þessa konu, at frásögn móður sinnar, gengr at pallinum, ok uppá skörina, ok leggr báðar hendr um háls

henni, ok mælti: sæl, frændkona! segir hann. Hún tók kveðju hans, ok hvarf til hans. Hundólfr konungr sèr þetta, ok bregðr eigi vel við, þvíat hann mátti eigi sjá, at menn horfðu¹ á drottningu hans; nú má ætla, hversu grimt honum mundi í hug, er einn útlendr maðr hljóp á háls henni, ok kysti hana fyrir augum honum, ok gjörði slíkt ódæmi, hratt hann nú fram borðum, ok kallar út hirðsveina, ok kváðu við lúðrar um öll stræti. Áki mælti: hèr er ek kominn á þinn fund, frændkona! vilda ek at þú sègðir mèr af Úrarhorni, eðr hvert þat er at sækja. Hún mælti: hverir eru þessir menn, þeir sègðu nö'n sín. Hún mælti: illa er þat, at þèr eruð hèr komnir, þvíat öllum yðr er ætlaðr dauði, ok þarf því eigi at segja yðr frá Úrarhorni. Áki mælti: þó at vèr sèim þegar drepnir, þá þikkir oss betr at vita it sanna, hvat þú kant at segja oss frá horninu. Hún segir: þat er til máls at taka, at hofeitt stendr á Bjarmalandi, þat er helgat Þór ok Óðni, Frigg ok Freyju, gert með hagleik af dýrstum viði; dyr eru aðrar á hofinu or útnorðri, en aðrar or útsuðri, þar inni er [Þór einn, þar er Úrarhorn á þorði fyrir honum² fagurt at sjá sem gull; en Sturlaugr einn skal í hofit gánga, þvíat honum einum mun gæfa tilendast, ok skal hann þó eigi berum höndum á horninu taka, þvíat

¹) hýrfði, B, C, G. ²) Óðinn, G, Þór ok Óðinn, B, C.
³) þeim, B, C.

Þat er fullt af eitri ok fjölkýngi; en til lítils mun yðr koma, af því þér eruð allir réðnir til dauða, ok er mikill skaði at um slíka menn, svá vaskir sem þér eruð, fóstbræðr! Sturlaugr mælti: þat skulu þeir finna Hundíngjar, um þat er vèr erum allir fallnir, þótt vèr sèum fáir, at þeir skulu nokkurir rauðu snýta. Ok í því drífa þeir inn í höllina Hundíngjar allir alvopnæðir, ok sækja at þeim karskliga, en þeir verjast vel ok drengiliga, ok drepa 30 manna, óðr þeir voru handteknir, ok voru þeir flettir klæðum öllum nema línbrókum einum, ok reknir út af höllinni með svipum, ok stangaðir með spjótsoddum, ok keyrðir út til skógar. Þeir komu í rjóðr eitt, þar voru tveir steinar holir innan; þeir voru látinir í hinn minna steinina, en hvelft yfir enum meira, ok vár þeim ætlat at svelta þar til bana. Steinar þeir, er þar voru, stóðu á hól²⁾ einum. Nú gánga Hundíngjar í burtu, ok þóttust vel hafa hefnt sinnar svívirðingar. Nú er þar til máls at taka, at þeir Sturlaugr voru í steininum. Sturlaugr mælti: hversu þikkir yðr nú komit vera. Þeir létu vel yfir, á meðan þeir væri allir heilir vel. Sturlaugr mælti: á hverju stakst ek áðan þar aptan í kálfann, þá vèr vorum flettir klæðum. Hann tók til hendi sínni, ok finnr þar járn lítit, sem dragnál væri,

²⁾ holkní, B; haultní, C.

ok var þetta atgeir hans. Hann mælti þá, at hann skyldi verða svá mikill, at honum væri hægt at vinna með, þat er hann þurfti, ok brátt varð hann svá mikill, at hann höggr steininn, þar til er hann komst út, ok þeir allir, ok hlupu nú til félaga sinna, ok varð þá fagnaðarfundr með þeim.

18. Búast þeir nú í burt, ok flytjast út eptir firðinum. Áki mælti: þat ætla ek at mér væri eigi meiri þörf byrjar enn nú. Þá rennr þegar á blásandi byr, ok sigla þeir þar til er þeir koma við Bjarmaland, ok framan at ánni Vínu. Þeir sjá á landit upp fyrir vestan ána, at þar voru sléttir vellir, ok þar var hof allglæsiligt, svá at ljóma þótti um alla völlum, þvíat þat var með gulli búit ok steinum. Sturlaugr mælti: nú skulum vér snúa skipinu, ok skal skutstafn horfa at landi, ok einn strengr á landi, ef vér þurfum skjótt til at taka, ok hafa forka úti, ok verum búnir at öllu; en vér skulum gánga á land, Framar ok ek. Nú gánga þeir á land upp, ok Hrólfr nefja, ok fóru til hofsins; ok er þeir komu at hofinu, var þar svá háttat dyrum, sem þeim var sagt; gánga þeir at dyrum þeim, sem or útnorðri á hofinu voru, því þær einar voru opnar; þá sáu þeir, at fyrir innan þröskuldinn var gröf full af eitri, ok þarnæst ein slá stór, ok feld [ofan fyrir inngáinginn¹, en í dyrunum var

¹) í ofan sverðsegg, B, C; í hana sniðilegg at ofan, G.

múrat umhverfis gröfina, svá eigi skyldi spillast umbúnaðr af ofgáangi eitrsins; ok svá sem þeir voru komnir at dyrum hofsins, þá keimr Hrólfr nefja þar. Sturlaugr spurði, því hann væri þar kominn; (hann sagði): ek vilda eigi fyrirmuna mér frægð, at gánga í hofit með þér. Þess er eigi von, segir Sturlaugr, einn skal ek í hofit gánga. Fyrirmuna viltu mér frægðina, segir Hrólfr. Eigi gengr mér þat til, segir Sturlaugr. Hann lítr nú inn í hofit, ok sér, hvar þór sitr allvöxtuligr¹ í öndvegi; frammi fyrir honum var eitt frábært borð með silfri laug- at, þar sér hann at stendr Úrarhornit frammi fyrir þór á borðinu, þat var svá fagurt, sem á gull sæi, ok fullt at eitri. Tafborð ok tafi² sá hann þar standa³ hvorttveggja af lýsi gulli gert, skínandi klæði ok gullhringar voru festir uppá steingr. 60⁴ kvenna voru inn í hofinu, ok var sú ein, er afbar öllum, hún var svá stór sem risi, ok blá sem Hel, en digr sem meri⁵, svarteygð⁶ ok svipuð illa, þó var sú kona vel búin; hún þjónaði fyrir borði. Þá kvöðu þær kveðling þenna, er þær sáu Sturlaug:

Kominn er hér Sturlaugr
hinn starfsami,
horn at sækja

¹) allvegligr, B, C. ²) b. v. B, C. ³) hánga, B, C, G.
⁴) 30, B, C, G. ⁵) naut, B, C, G; viðrlita mikil, b. v. B, C. ⁶) svört til syndar, G; munnvið, b. v. B, C.

ok hringa fjölda;
 hér er í [horni
 ok at hofblóti¹
 gull ok gersimar,
 grimt er oss í hug.

Þá svaraði hofgyðjan, ok sagði: hann skal
 aldri með lífi á brott komast, ef ek má [ráða,
 eðr minni trú eðr fyrirbónum fyrir koma²,
 (ok kvað):

Hann skal í helju³
 hvíldar njóta
 ok [margskonar
 meina bláa⁴;
 Þá mun Sturlaugr
 hinn starfsami
 með góma knífum⁵
 [grafinn í stykki⁶.

Eptir þetta býr Sturlaugr sik til inngöngu,
 fyrirbjóðandi sínum fóstbræðrum sér at fylgja;
 en í hofinu stóðu hellur þrjár, svá háfar at
 tóku undir bríngspalir, ok djúpar grafir fyrir
 innan í milli, fullar af eitri, ok þar var at
 hlaupa inn yfir, áðr enn hann komst þángat,

¹) húsi at höfublóti (höfuðblót mikit, C). B, C, G. ²)
 minni áru fyrir borð koma, B, C. ³) hömlu, G. ⁴) m. m.
 kenna, B, C; með konuarmi knýttir um verða, G. ⁵) kvern, B,
 C, G. ⁶) gripinn í stokk, G. Ok ætlar hann sér ofdul, ve-
 sæll karl, ok nógu hátt taka slíkir at geysast, ef hann hyggir
 brúði baugum ræna, eða hann krepji (krefji) vængrinu, Hrólfr
 nefja, er þar hænist hjá honum, ok er eigi þýngri enn halm-
 visk, ok hann ætla ek í dag fyrir víst at snæða, b. v. B, C.

sem Úrarhorn stóð. Nú hefr Sturlaugr sik upp, ok stökk inn yfir allar hellurnar vel ok frækiliga, grípandi hornit af borðinu með skyndi, án nokkurs tálma, hafði sik í burt aprt í veginn; hofgyðjan stendr hjá¹ bólgin, ok heldr á saxi tvíeggjuðu, honum þikkir eldr brenna úr eggjum þess; hún grenjar illa á hann, ok nystir tennum á hann allgrimmliga, en verðr þó bilt til hans at ráða; ok er Sturlaugt kemr at hellunum, sèr hann at Hrólfr nefja hleypr inn yfir hellurnar, snýr hann þá þángat at, er þeir Þór ok Óðinn voru fyrir, greip taflit ok steypir í kjöltu sèr, ok hleypr fram eptir hofinu; ok sèr hann nú, hvar hofgyðjan hleypr eptir sèr gnístandi; hann hleypr nú á hellurnar, ok ætlar út yfir, en hofgyðjan þrífir í kyrtil hans, ok bregðr honum á lopt, ok rekr niðr við hellurnar, svá at þegar brotnar í honum hrygggrinn, lét Hrólfr nefja þar líf sitt með mikilli hreysti. Eptir þetta hleypr hofgyðjan út, ok æpir með svá miklum órum ok æslum ok ógn, at dverg-mála kvað í hverjum hamri ok þúfu² er í nánd var. Hún sèr nú, hvar Sturlaugr ferr, ok sækir eptir honum, ok leggr at honum; hann verst vel með [stórri hreysti³ ok kænsku; ok þarnæst sèr Sturlaugr, hvar maðr ferr or skóginum, annar ok hinn þriði, ok þvínæst

¹) blá ok, B, C. ²) holtum ok hæðum, C; holtum ok létuðum, B, G. ³) kurteisí, B, C, G.

koma menn or öllum áttum. Sturlaugr hópar undan, en hún sækir at með því meiri illsku, sem hún sèr mennina fleiri atdrífa. Hann hleypr nú at henni með Hornnefjunaut, ok rekr á hana miðja, svá at oddrinn stóð út um herðarnar; hún bregðr við svá fast, at hann lætr lausan atgeirinn, ok dvelst hann þar eptir, en hún fær þegar bana; Sturlaugrhleypr nú á skip út, ok höggr þegar strengin¹, en Bjarnar leggja at með magni á skipum at skipi Sturlaug's. Framar mælti þá: þat mæli ek um, at nú komi byr sá, er Grímhildr² hét mér; ok þegar rann á blásandi byr, svá at stóð á hverjum streng, ok sigla á burt, en Bjarnar héldu eptir, á meðan þeir máttu, svá at sumarak undan fyrir ofveðri, en sumir létust fyrir vopnum, þóttust þeir góðu bættir, er apr komust.

19. En þeir Sturlaugr sigla nú í haf. Ekki er nú getit um ferðir þeirra, fyrr enn þeir koma við Vermaland, lögðu at landi, ok spurðu tíðinda. Þeim var sagt at Hríngr jarl var farinn or landi til Svíþjóðar. Söðan fara þeir á fund Haralds konúngs, komu í höll, ok gengu fyrir konúng, ok kvöddu hann. Sturlaugr stóð fyrir konúngi, ok hélt á Úrarhorni. Konúngr sat í háseti sínu, bólgin af reiði, svá hann mátti eigi orð mæla. Sturlaugr segir: nú em ek apr kominn, konúngr!

¹) en aðrir forka út, B, C. ²) Hrímhildr, B, C, Hildr, G.

or þessari sendiför¹, þó þú ætlaðir eigi, ok skaltu þat sannna, ok tak hér við horni því, er ok fer með. Konúngr svarar engu, ok hœlt at sér höndum. Sturlaugr kastar þá horninu á nasir konúngi, svá at þegar stökk blóð or næsum hans, ok brotnuðu fjórar tennr or höfði honum. Eptir þetta fór Sturlaugr austr til Svíþjóðar, ok fann þar Hríng, mág sinn, ok Ásu, konu sína, ok föður sinn. Í þann tíð var sá konúngr í Svíaríki, er Íngifreyr² hét. Sturlaugr tók landvörn fyrir ríki hans, ok þeir fóstbræðr allir, ok herjuðu víða um lönd, ok fengu jafnan sigr, hvar þeir komu, ok gekk þetta 12 vetr. Þá gaf Íngifreyr konúngr Sturlaugi konúngs nafn ok mikit ríki þar með sér, en þeir fóstbræðr höfðu landvörn.

20. Á einu sinni lýsir Sturlaugr því yfir, at hann vill til Bjarmalands, ok safnar hann at sér liði miklu, ok komu þá til hans fóstbræðr hans. Ok frá þeirra ferð er eigi sagt, fyrr enn þeir koma til Bjarmalands, ok brenna þar allt ok bræla³, sem þeir mega; þeir gerðu hvert illvirki at öðru. Röndólfr⁴, konúngr Bjarmalands, varð varr við þetta, ok safnar þegar liði, ok verðr heldr liðfár; ok þegar þeir fundust, slær þar þegar í harðasta bardaga; þar mátti sjá marga þykkva skildi klofna, en

¹) forseuding. B, C. ²) Yngvifreyr, G; Ingifer, C. ³) bæla, B; C. ⁴) þunnig hin; Röðólfr, A.

brynjur höggvar, höggspjót af höptum brötin,
 ok sundr sverðin, en matgan höfuðlausum til
 jarðar hníga; en svá lauk þestari orrostu, at
 þar féll Röndólfr konúgr, ok mátt lið með
 honum. En eftir þetta verk it miklar legg
 Sturlaugr undir sik allt Bjarmaland, fekk hann
 ok náð aptr atgeirnum Hornnefjunaut ok
 mörgum öðrum góðum gripum; ok er þessum
 hinum miklu stórvirkjum var lokit; þá stl-
 áði hann at hafa her sinn til Hundíngjaland
 á hendr Hundíngja konúgi. Eftir þetta
 býr Sturlaugr ferð sína at nýju með her sinn,
 ok er eigi afsagt, fyrr enn hann kom á Hund-
 íngjaland. Þeir drepa menn, en taka fé,
 (brenna) bæi ok bygð alla, þar sem þeir
 koma. Þetta spyr Hundólfr konúgr, ok
 safnar liði, ok ferr þegar í móti Sturlaugi;
 en þegar þeir finnast, slær þegar í bardaga
 með þeim með hörðum atgáangi ok stórum högg-
 um. Sturlaugr gengr opt í gegnum fylkingar
 þeirra, hann hefir báðar hendr blóðugar til
 axla, greiddandi þeim stórlig högg, svipandi²
 mörgum höfuðlausum til jarðar; ok (tóku)
 fjandr við þeim. Þat er sagt, at Hundólfr kon-
 úngr gengi vel fram. Sturlaugr sér at konúgr
 högg merki hans niðr, þetta eyrir honum illa,
 ok veðr fram með brugðit saxit Vefreyjunaut
 ok at Hundólfi konúgi, ok högg til hans
 með sverðinu í hjálminn, ok klauf hann all-

¹) Hundólfi, B, C, G. ²) steypandi, B, C, G.

an oki hauginn ok bükinn ok brynjuna ok hestinn sundr í miðjunni, sterðit nam á jörðu staðan; ok féldi Sturlaugr ok hans fóstbræðr ótal Hundþingja, ok fékk Sturlaugr konánger fagrau sigri snèru. Þeir síðan laptr, ok fór Snælaug þá með þeim, er nú eigi sagt frá ferð þeirra, fyrr enn þeir komu heim í Svíþjóð.

24. En þum vetrinn eftir hafði Sturlaugr fjólaveizlu, ok bauð lík mörgu stórmenni; ok er menn voru komnir í eptir hinn fyrsta fjóla áptan; etóð Sturlaugr upp ok mælti; þat er vani allra manna, at ella nýja gleði nokkurum þeim til skemtunar, sem kómunir eru; nú skal hefja heitstrenging; ok er hún með því móti, at ek skal vísa þér á af hverjum rökum Úrathorni en upprunni fyrir hin þriðju jóli, eðr deyja ella. Þá stendr Framar upp; ok segist því heita, at hann skal kominn í rekkju Íngibjargar, dóttur Íngvars konungs; Görðum austr, ok hana kyst hafa fyrir hin þriðju jóli, eðr deyja ella. Sigvatr hinn mikli strengir þess heit, at fylgja þeim fóstbræðrum, hvert er þeir vilja fara, eðr hefja farir. Nú er eigi getit fleiri manna heitstrenginga; líða nú jólin, ok berr eigi til tíðinda, en eptir veizluna fór hverr heim með góðum gjöfum. Þess er getit at Sturlaugr fór til Vefreyju, ok tók hún vel við honum. Hann segir henni heitstrenging sína; hún lagði þá holl ráð til, þau sem síðar munu birtast; ferr Sturlaugr heim

þaðan, ok unni vel við sína ferð; líka nú stundir, ok er allt kyrt.

22. Þat var sagt, at einhvern dag kallar Sturlaugr til sín Frosta, ok talar við hann: sendisör hefi ok þér ætlat. Hann spurði at, hver sú væri. Þú skalt fara norð á Finnmörk, ok koma kefli þessu í kné [dóttur Snæs konúngs¹]. Hann játar ferðinni. Eptir þetta býst Frosti á burt, ok [ferr nú í haf²]. Hann kemir á Finnmörk, ok fyrir Snæ konúng, ok heisar á hann. Konúngr tók vel kveðju hans, ok spyr hann at nafni. Hann kveðst Gestr heitir ok biðja verð ek yðr, at þér takið við mér. Konúngr kveðst svá gera skyldir, hann var fáskiptinn ok óhlutsemr um þat seín viðbar; var hann þar um vetrinn, ok var konúngi vel til hans. Skammt frá höllinni var skemma ein, ok 2 skíðgarðar svá háfir, at eigi komst yfir utan fugl fljúgandi; jafnan sitr Frosti um skíðgarðinn, ok vildi sjá Mjöll konúngsdóttur, ok gat þat aldri leikit; líör vetrinn, ok gerist eigi til tíðinda. Ok einn dag, er menn voru á leiki með konúngi, gengr Frosti til skíðgarðsins, ok sér at opinn er skíðgarðrinn, ok svá skemman. Hann gengr inn, ok sér at þar sitr kona á stóli, ok kembir sér með gullkambi, hárit lá á dýnunni hjá henni fagurt sem silki³.

¹) Mjallar, dóttur Finnakonúngs, C; dóttur konúngsins, er Snækolbr heitir, G. ²) tekr sér kaupmanns gefi, C. ³) eðr hjalmr nykarinn, b. v. C.

Hann sèr nú yfirlit hennar, ok þóttist hann eigi hafá sèð fegri konu enn þessa. Hann mátti eigi kyrr vera, er hann mátti eigi fram koma því er hann vildi, tekr nú keflit, ok kastar í knè hennar. Hún sópar frá sèr hárinu, ok tekr keflit, ok lítr á; ok er hún hafði álitit ok lesit, lítr hún út til skfögarðsins, ok brosti, ok þótti allvænliga um þat, sem á var ristit keflinu; komu nú þjónustumejjar hennar í skemmuna, en Gestr gekk í burt, ok heim til hallar, ok mátti hverki njóta svefns nè matar fyrir áhyggju þeirri, er hann hafði á ferð sinni. Ok er allir menn voru í svefni, var tekit á brjósti Frosta; hann fylgir upp hendinni. Gullhringr féll fram af handleggnum, hana stendr upp, ok gengr út. Þar er þá Mjöll konungsdóttir, ok mælti: er þat satt, er ritat er á keflit? segir hún; satt er þat, segir hann. Hún mælti: saman kemr þat með okkr Sturlaugi, þvíat sá er engi maðr undir heims sólunni, at mèr finnist meira til, vilda ek gjarnan vera hans friðla, ef hann vildi svá, munda ek eigi spara alla blíðu honum at veita með faðmlögum ok hæverskligum blíðubrögðum, kossum ok kærleikum. Þetta vill hann allt blíðliga þiggja, segir hann, ef þú kemr til hans. Ertu þá búinn, Frosti! segir hún. Fyrir löngu em ek alþúinn, segir hann. Hún gengr þá at hallardyrum, ok hefir þar nokkurn förmála, áðr hún fari í burt. Eptir þat fara þau, ok

gat Frosti valla fylgt henni. Hún mælti: harða seinfær ertu, Frosti minn! ok taktu undir belti mér; hann þóttist vindfullr verða, svá fór hún hart; ok er eigi sagt frá ferð þeirra, fyrr enn þau komu í Svíþjóð; tóku konur þá Mjöll konungsdóttur til sín í skemmu, en Frosti fann Sturlaug, ok segir honum frá ferðum sínum, ok svá sem þá er komit. Sturlaugr mælti: nú er genginn refr [or skórum¹], skaltu nú drekka brullaup til hennar, ok fara í skrúða minn hinn bezt; mun hún hyggja ek sè, því við erum menn mjök líkir at öllu áliti. Frosti mælti: þínum ráðum öllum vil ek fram fara. Þá segir Sturlaugr: þat vil ek, Frosti! þá þú kemr í sæng hjá Mjöll konungsdóttur, at þú spyrir hana at, af hverjum rökum Úrarhorn sè komit, þvíat hún ein veit þat, en ek mun standa undir tjaldinu, meðan þið talið þetta. Hann kveðst svá gera skyldi. Nú gengr hann inn í höllina með fjölda manns í fögrum skrúða, ok sezt í háseti, ok ætla allir Sturlaug. Mjöll lét allhýrliga til brúðgumans, ok hyggr allgott til ráðanna; líör á kveldit, þar til er þau koma í eina sæng. Þá snýst brúðrin at bónda sínum, ok talar allblíðliga við hann. Frosti segir til hennar: hversu þikkir þér snúit ráði þínu? Nú þikki mér at óskum gánga, Sturlaugr minn! segir hún, eða þikki þér eigi svá. Svá er mér ok einninn umgefit, segir hann, en einn er sá

¹) í skor, B, C; í krú, G.

Intr, er ek vilda at þú segðir mér; hverr er sá? segir hún; þat er með því móti, segir hann, at heitstrenging er á hendi mér, at ek skylda vita, af hverjum rökum Úrarhorn er komit. Þat kann ek at segja þér, segir hún; er þar þá fyrst frá at segja, at Haraldr konúgr herjaði víða um lönd, ok fékk jafnan sigr, þar sem hann kom, en jafnan kom hallæri mikit víða um lönd, ok mest á Bjarmaland, svá at bæði eyddi fé ok mönnum. Þá tóku þeir dýr eitt, ok blótuðu, ok kölluðu þat Úr, þat gapti á þá kjaptinum, ok köstuðu þeir ofan í þat gulli ok silfri, ok svá mögnuðu þeir þat, at þat varð hverju dýri meinna ok verra, þat tók þá bæði at eta menn ok fænað, ok allt braut þat undir sik, ok eyddi allt fyrir vestan óna Vínu, svá at ekkert kvikindi komst undan. Engi var sá kappi, at þyrði at ganga á móti þessu dýri, þar til at Haraldr konúgr frétti þessi tíðindi, ok þat at þar var fævon mikil, ok heldr þángat með 3 hundruð skipa, ok komu at Bjarmalandi. Þar bar svá til, at Haraldr konúgr sofnaði, kom at honum kona, ok lét heldr ríkuliga; hún mælti við konúnginn: hér ligg þú, ok ætlar at sigra dýr vort, er Úr heitir. Konúgr mælti: hvert er heiti þitt? Goðrör, segir hún, ok er ek skamt á land upp, en ef þú vilt mín ráð hafa, þá skaltu fara á land upp á morgin með helmíng liðs þíns, þá muntu sjá dýrit; þat mun óttast mann-

fjöldann, ok taka undan til sjófar, þá skaltu athleypta öllum hinum hernum, ok bera at stórtre, ok lemja þat með; dýrit mun hlaupa undan útá sjóinu, þá mun Goðríðr¹ renna sér fyrir þat, en þat mun hneppa mik á kaf undir sik, ok halda niðri; þat mun eptir þat (dautt) uppkoma, þá skaltu taka þat, en ek skal eiga kjörgrip af dýrinu, en þat er horn er stendr fram or höfðinu. Svá skal vera, segir konúngr; leið af nóttin, ok allt fór á sömu leið, sem hún sagði, at þeir gátu unnit dýrit; þá kom þar þessi kona, ok tók horn þetta, þat hitt sama sóttir þú, Sturlaugr minn! til Bjarmalands í hófit. Nú hef ek sagt þér, af hverjum rökum Úrarhorn er upprunnit. Hann segir: vel hefir þú nú gert, segir hann, ok eptir þat gengr Sturlaugr í burt, ok er nú eldr lagör í skemmuna, ok brend at köldum kolum Frosti ok Mjöll; létu þau þar svá líf sitt; voru þetta allt ráð Vefreyju, þvíat Mjöll var svá fjölkunnig, at hún mundi þegar kastat hafa fjölkýngi einhverju á þau Sturlaug ok Vefreyju, ef hún hefði þetta fyrir vitat.

23. Þat er þessu næst at segja, at Sturlaugr konúngr ok Áki senda Sigvat hinn mikla [austr til Garðaríkis², at biðja Íngibjargar kon-

¹) Geirreiðr, B, C, G. ²) vestr til Garðaríkis, B; vestr til Gautlands, C; vestr til Gautlands á fund Dags Gautakonúngs, G.

úngsdóttur¹. Hana hefir 10 skip, [ok eptir þat siglir hann til Gautlands². Honum ferr vel ok drengiliga, unst hann kemr til Garðaríkis³, ok ferr á konungs fund, ok kveðr hann vel ok virðuliga. Konúgr tók vel kveðju hans, ok spyrr hverr hann væri. Hann svarar: ek heiti Sigvatr, ok er þat eyrindi mitt, at biðja Íngibjargar, dóttur yðar, til handa Áka, fóstbróður mínum. Bæði er þat, segir konúgr, at þér eruð miklir fyrir yðr, fóstbræðr, enda þikkizt þér konungum meiri, ok þér ætlið at ek muni kasta svá út fè ok konunni, löndum ok þegnum, at gefa þrælum Sturlaugs konungs dóttur mína, ok takið þá höndum, ok skulu þeir spenna⁴ hinn hæsta gálga. Sigvatr snaraðist út or höllinni, komst undan til skips, biðr sína menn ferðast skjótt, unst þeir koma heim, ok segja Sturlaugi, hvat tilbar á reisunni; býst Sturlaugr nú skjótt, ok þeir fóstbræðr fylgja honum, ok fara vestr til Gautlands. Sturlaugr konúgr tók Dag konung höndum, því hann hafði eigi lífsafla á móti þeim, ok gerði honum 2 kosti, at hann skyldi gipta Áka dóttur sína, eða deyja ella; en með því at konúgr sèr sik yfirkominn, þá kaus hann at gipta Áka dóttur sína. Áki festir sèr Íngibjörgu, ok því næst var búit til veizlu, ok gekk Áki at eigi Íngibjörgu konungs dóttur, ok dvelst hann þar

¹) til handa Áka, ð. v. G. ²) v. í B. ³) Gautlands C. ⁴) prófa, B, C; gista, G.

eftir, ok er hant or þessari sögu. Síðan fór Sturlaugr heim í ríki sitt, ok sat um kyrt.

24. Nú er þar til máls at taka, at Framar vill efna heitstrenging sína, býr hann nú ferð sína or landi, ok hefir 60 skipa, ok halda í Austrveg, ok herjuðu um sumarit, ok héldu herliði sínu til Aldeigjuborgar. Þar ræði fyrir Íngvar konúgr; hann var vitr maðr, ok höfðingi mikill. Íngigerðr hét dóttir hans, hún var hverri konu fríðari at sjá, en spök at viti, læknir góðr, sóktu ok margir menn til hennar, þegar þeir þurftu við græðslu. Svá er frásagt, at hún sjálf skyldi kjósa sér mann til eignar. Margir höfðingjar höfðu beðit hennar, ok hafði hún þeim öllum með hæverskligum svörum frávísat. Framar sendi menn sína til Aldeigjuborgar á fund Íngvars konúgs, at biðja dóttur hans honum til handa. Konúgr segir þeim orðum í móti, at hann mun þing stefna, ok biðr hann þar koma: ok skal hún sér sjálf mann kjósa. Framar dvelst nú þar, til at kemr sá dagr, er þingit skyldi vera, býr Framar sik með öllum konúngsskrúða, ok sækir á þingit með mörgu liði. Hann lét setja stól undir sik. Íngvar konúgr kemr þar með mörgu stórmenni. Konúgr spyr: hver er sá maðr, er svá lætr ríkugliga? ek heiti Snækollr, segir hann, kominn þess eyrindis hingat til yðar, at biðja dóttur yðar. Konungr segir: hvar eru

1) Ingibjörg, B, C, G.

lönd þín ok þegnar, miklir fjárhlutir ok fremdir. Ek ætla bæði frama ok fjárhluti til þín sækja, ef ek mægjumst við þik, segir Framar. Konúngr segir: hefir þú eigi þat spurt, at hún skal sjálf kjósa sér mann? Heyrt hef ek þat, segir hann. Þá er sendt eptir Íngigerði, ok er hún kom á þíngit, kvaddi hún föður sinn; hann tók henni vel ok virðuliga; biðli áttu hær at heilsa, dóttir, segir hann; hverr er sá? segir hún. Snækollr heitir hann, segir konúngr. Svá má jafnt vera, segir hún, ok gengr fyrir þenna mann hinn mikla, ok horfir á hann um hrfð, ok mætti síðan brosandí: alldrengiligr maðr ertu, segir hún, enda þikkir yðr þat fóstbræðrum, at þær þikkizt konúngum meiri at metorðum; kenni ek þik gjörla, Framar! segir hún, ok þarftu eigi at dyljast fyrir mèr. Eptir þat var slitit þínginu.

25. Fór Framar til skips, ok halda út undir eyjar, þær er lágu næst landi. Þar lét Framar tjalda yfir skipum sínum. Síðan tók Framar sér kaupmanna gjörð¹⁾, ok gengr til hallar, ok biðr sér vetrvistar. Konúngr veitir honum þat, ok er hann nefndr Gestr. Opt sat hann um at komast í skemmu konúngsdóttur, en þat gat hann aldri leikit. Svá bar til einn dag, at hann gekk í burt frá höllinni, ok eptir braut einni; hann heyrði manna

¹⁾) gerfi, B, C; skriðfa, G.

mál niðri í jörðinni hjá sér; hann sér jarðhúss munna, ok gengr niðr, ok sér at þar eru seiðmenn þrír. Hann mælti: þat er vel, at vèr höfum hér fundizt, ek skal segja eptir yðr. Þeir segja: gjör eigi þat, Framar! ok munum við tilvinna, þat er þú vilt, ok með hverju móti sem þat er. Þá svarar Framar: þú skalt kasta manna líkþrá á mík, en ek skal þó þegar heill, er ek vil. Svá skal vera, segja þeir, ok er oss eigi fyrir því at vinna þetta til. Þá snèru þeir um holdi hans öllu, svá hann var eigi nema hrufur ok þrymlar einar á millum hæls ok hnakka, ok hverfr hann í burt, ok til skemmu konúngsdóttur, ok settist undir skíðgarðinn. Íngigerðr konúngsdóttir sendir skemmumey sína eina til hallar, ok er hún sér þenna hinn auma mann, snèri hún aptr, segjandi konúngsdóttur þetta um þenna mann: ok mun hann þurfa þinnar miskunnar. Þær gánga til garðsins, ok horfði konúngsdóttir á hann lengi, þenna mann hinn vesæla, er þær höfðu engan hans líka sèð, sökum síns kránkdæmis. Konúngsdóttir sagði: aumligr er sá maðr, ok sóttligr mjök, en þó muntu meira þurfa við at hafa at vinna mík, áðr enn þú fær mík svikit, þvíat kenna mun ek þik, Framar! meðan heil eru í þèr augun bæði, hverjum fyrnum sem þú slær á þik; gengr hún til skemmu sinnar aptr, en Framar ferr á burt til seiðmanna, ok taka þeir

af honum mein þat it illa, ferr hann í burt, ok hirðir aldri hvat umlíðr.

26. Hann gengr til skógar, ok fram á brautina; hann sér hvar maðr gengr á moti sér, mikill vexti, ok heldr báðum höndum at kviðnum, hann var í brynju, ok hjálm á höfði, en sverðfetillinn hekk við brjóstit fram-an. Þar var kominn Guttormr, fóstbróðir hans; varð þar fagnafundr með þeim. Framar spyr, hvaðan hann var atkominn; hann læt hafa barizt við Snækoll víking, kveðst hafa látit þar bæði menn ok fè, en komizt sjálfr með sundi í burt, ok spyr hversu langt nú er til skemmu konúngsdóttur. Framar segir: Þángat er nú daggánga¹. Þat er harðla langt, segir Guttormr. Framar segir: hversu lengi hefir þú svá gengit. Guttormr segir: tvo daga, áðr við fundumst. Framar mælti: mikill er munr hreysti okkar, ek syrgi eina jómfú, ok fæ hana eigi, ok hef ek ekki í nokkurn bardaga ratat, en þú gengr, sem sjá má, at úti eru í þér iðrin, en ek vilda, at þú kæmir mér í skemmu hennar, ef hún taki við þér. Svá skal vera, ef ek má, segir Guttormr. Fara þeir nú þann sama veg, sem Framar hafði áðr farit, unst þeir koma til skógarðsins, ok er þá minni von manns, þar et Guttormr var; ok sem þeir eru þar komnir, ferr Framar í burt. Í þenna

¹) dægrgánga, B, C.

tíma var einni skemmumeyjunni gengit út í garðinn sinna eyrinda, ok leit þenna mann, er úti lágu iðrin, ok gengr inn aptr í skemmuna, ok segir konungsdóttur, hversu sá maðr var kominn. Konungsdóttir bregðr við skjótt, ok þær 12 saman, koma at hurðinni, sèr nú konungsdóttir þenna mann hinn aumliga, ok hversu sárliga hann var útleikinn, at iðrin lágu úti. Hún spyr hann at nafni. Hann kveðst Guttormr heita. Ertu fóstbróðir Sturlaugskonungs? segir hún. Sá er maðr hinn sami, segir hann, ok vilda ek vera biðjandi, at þú veittir mér nokkura hjálp: Hún segir: hvat mun ek nær mega komast Sturlaugi, enn græða fóstbróður hans, en svík þú mik eigi! Eptir þat bera þær hann inn í skemmuna. Konungsdóttir átti sèr læknishús lítit, ok var þar harðla ununarsamt inni fyrir sjúkar mannskepnur, at vera hjá mjúktæku kvennfólki ok meðaumkunarsömu at lifa. Guttormr var í læknishúsi konungsdóttur nokkura hríð, harðla vel haldinn, var konungsdóttir þar sjálf lönguð með sínum skemmumeyjum, ok læknaði Guttorm með þeirri list ok kænsku, sem hún nógliga tilhafði, ok hafði margan ríkan ok fátækan, konur sem karla læknað ok heilbrygða gert. Þat var einn dag, at konungr sendi boð dóttur sinni, fór hún þegar með skemmumeyjar sínar heim til hallarinnar, ok verðr opin skemman eptirlátin, en aptr skíðgarðrinn, en hliðit var eigi

læst. Framar sætir þessu, ok kemr þar Guttormr, ok leiðir hann inn í skemmuna, ok í læknishúsit, ok stendr þar undir tjaldinu; lífr á daginn, þar til konungsdóttir kemr í skemmuna, ok þegar gengr hún til Guttorms, ok leysir til sáranna, ok voru þá mjök gróin: úti hefir þú verit í dag, segir konungsdóttir, ok muntu nú hafa svikit mik; en er þau talast svá við, hleypr Framar fram undan tjaldinu, ok tekr annarri hendi undir höku henni, ok annarri undir hnakka, ok kysti hana einn koss. Hún varð við illa, ok biðr þá í burtu vera skjótt; vil ek eigi at þið seud hér drepnir fyrir augum mæ, sem makligt væri; Guttormr hefir hér verit um hríð, ok nýtr hann Sturlaug at því, en ærit hafi þær unnið til líftjóns með þessu ykkar tiltæki, en mæ er vel í þokka við Sturlaug sökum hans atgertis. Þeir gánga nú svá sem hún mælti; fór Framar þegar í burtu, ok út til skipa sinna, ok halda nú til Svíþjóðar, ok segja Sturlaugi konungi svábúit sitt mál, biðja hann nú liðsemdar.

27. Hann verðr vel við, ok lét safna liði um allt sitt ríki, ok húa skipaflota mikinn, svá hann fær 3 hundruð skipa vel búin at öllum kostum; halda síðan til Gardaríkis með mikilli gleði ok prýði; ok er þeir koma við land, hlaupa þeir upp með herinn, drepa ok deyða, brenna ok bræla menn ok fænað. En

er svá hafði framfarit um hríð, verða þeir varir við liðsamnað, ok er þeir Snækollr ok [Íngvar konúngr¹ verða varir við þetta, þá búast hvorir á móts við aðra; ok sem þeir fundust, varð þar hinn harðasti bardagi ok snörp atganga, at hvorir veittu öðrum. Sturlaugr gekk fram hlífjarlaus, sem hann var vanr. Þeir fóstbræðr börðust af mikilli dád ok drengskap; orrosta sú stóð yfir 3 daga með miklu mannfalli; þarmeð féll í þessi orrostu fyrir Sturlaugi Íngvar konúngr ok Snækollr; Hvitserkr komst undan á flóttu, ok mart manna með honum. Sturlaugr lét þá bregða upp friðskildi, ok fór til Aldeigjuborgar með allan sinn her, var þar mikill glaumr ok gleði ok sigróps háreysti í liði þeirra Sturlaugs, ok borgin öll var í þeirra valdi; gekk fólk allt til griða ok handa Sturlaugi, þat er í var borginni.

28. Síðan gipti Sturlaugr Framari Íngigerði konungsdóttur, var sú veizla virðulig fyrir allra luta sakir, er til þurfti at hafa, en eptir veizluna voru þeir fyrirmennirnir burtleystir með góðum gjöfum, skildust svá, ok fór hverr heim til síns heimilis. Sturlaugr gaf þá borgina Aldeigju með öllu fé á vald Framars, er Íngvar konúngr hafði átt, ok þarmeð konungs nafn; sezt Framar nú at löndum ok lausum aurum, ok stýrir ríki sínu með beztu manna ráði í því landi, ok er frá þeim Framari ok Íngi-

¹) Hvitserkr, B, C, G.

